



Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2013

Formannafundur ASÍ • 30. október 2013
41. þing ASÍ • 22.-24. október 2014



SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2013

Skýrsla forseta ASÍ 2013

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalyðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm

Skýrslan er lögð fyrir formannafund ASÍ 30. október 2013 og 41. þing ASÍ 22.–24. október 2014.

Reykjavík, október 2013 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	7
40. þing ASÍ 2012	10
Setning þingsins	10
Ávarp forseta	10
Ávarp velferðarráðherra	22
Ávarp varaforseta LO Danmark	30
Ávarp formanns BSRB	32
Framsögur um lífeyrismál	35
Framsaga um nýsköpun	38
Framsaga um húsnæðismál	39
Umræður	41
Kjör forseta ASÍ	66
Kjör varaforseta ASÍ	70
Kosningar	71
Þingfulltrúar á 40. þingi ASÍ 2012	82
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	95
Ályktanir miðstjórnar	107
Efnahagsmál	111
Staða heimilanna viðkvæm	112
Dekkri hagvaxtarhorfur	113
Minni verðbólga en verri verðbólguhorfur	114
Miklar áskoranir framundan	116
Verðlagsefirlit ASÍ	117
Vörugarfa ASÍ	118
Vertu á verði – átak gegn verðhækkunum	120
Kjaramál	121
Endurskoðun kjarasamninga	121
Deilur um efndir ríkisstjórnarinnar	127
Bætt umgjörð kjarasamninga	134
Atvinnumál	141
Velferðarmál	145
Kaup og kjör	145
Kaupmáttur	145
Ráðstöfunartekjur	147
Velferðarkerfið	150
Húsnæðismál	155
Helstu atriði í tillögum ASÍ að nýju húsnæðislánakerfi	156

Velferðarnefnd ASÍ	161
Lífeyrismál	162
Jöfnun lífeyrisréttinda – samræmt lífeyriskerfi	163
Endurskoðun almannatrygginga	165
Kynjakvóti í stjórnnum lífeyrissjóða	167
Hæfismat FME á stjórnarmönnum lífeyrissjóða	169
Málaferli gegn ríkinu vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina	170
Umhverfismál	173
Félags- og vinnumarkaðsmál	174
Fæðingar- og foreldraorlof	178
Mótun vinnumarkaðsstefnu	180
Vinnuvernd	180
Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir ..	182
Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.	190
Þjónustumiðstöðvar STARFs	193
Nám er vinnandi vegur	196
Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit	198
Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfssemi	199
Framkvæmd útboðsmála	203
Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan	206
Tilskipun um skriflega staðfestingu ráðningar	207
Breytingar á lögum um starfsmannaleigur	207
Innleiðing tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunun ..	208
Aðild Króatíu að EES og frjáls för launafólks	209
Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði	211
Málshöfðun ASÍ f.h. aðildarfélaga gegn SA v/LÍÚ	214
Fríverslunarsamningur Íslands og Kólumbíu	215
Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	215
Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina	216
Stofnun „guls stéttarfélags“ – Félags lykilmanna	216
Fræðslu- og menntamál	218
Félagsleg fræðsla	220
Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu	221
Genfarskólinn	224
Handbók trúnaðarmannsins	225
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	226
Fræðslusjóður	229
Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga	230
Þróun aðferða í framhaldsfræðslu	233

Raunfærnimat	234
Náms- og starfsráðgjöf	235
Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum	237
Námsefnisgerð	240
Nýir hópar í framhaldsfræðslu	241
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)	242
Viðburðir á Íslandi	243
IPA-verkefni	244
Upplýsinga- og ráðgjafakerfi um nám og störf	246
Fjármögnun Fræðslusjóðs á framhaldsfræðslu	246
Náms- og starfsráðgjöf	250
Raunfærnimat í löggiltum iðngreinum	253
Mímir – Símenntun	255
Nám í boði er hjá Mími-símenntun	257
Þróunarverkefni	262
Erlend samstarfsverkefni	263
Raunfærnimat	265
Almennt um rekstur Mímis-símenntunar	266
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	267
Umsókn um aðild að Evrópusambandinu	268
Staðan í aðildarviðræðunum og afstaða ASÍ	268
Stefna Alþýðusambands Íslands í Evrópumálum	270
Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands	271
Erlend samskipti	273
Norræna verkalýðssambandið – NFS	273
SAMAK	275
Evrópusambandið	277
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC	279
EFTA – EES	280
NETLEX – Network of legal experts	281
Heimsókn til alþjóðlegra dómstóla og stofnana	283
Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO	284
Lagabreytingar og skipulagsmál	288
Laganefnd	288
Skipulags- og starfsháttanefnd	288
ASÍ-UNG	289
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	294
Listasafn ASÍ	296
VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður	301

Starfsmenn og ráðgjafar VIRK	305
Fjöldi einstaklinga í þjónustu	307
Hvert fara einstaklingarnir?	314
Samstarf við lífeyrissjóði	317
Árangur og mælikvarðar	317
Til framtíðar	318
Umsagnir um þingmál	320
Sumarþing 2013	358
Fulltrúar ASÍ í nefndum, ráðum og á fundum	363
Fastanefndir miðstjórnar ASÍ – málefnanefndir	377
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	380
Fjöldi félagsmanna í ASÍ	382
Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda	383
Reikningar ASÍ og stofnana	415

Inngangur


Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2013 er huguð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins á þeim tíma sem liðinn er frá þinginu, sem haldið var í október 2012, til september 2013.

Eftirfylgni með kjarasamningunum, sem gerðir voru 2011, var sem fyrir áberandi í starfi Alþýðusambandsins undanfarið ár. Framhald varð á samstarfi ASÍ, SA og Ríkisskattstjóra í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og öðrum skattsvikum og náðist góður árangur af því starfi.

Haustið 2012 var tilraunaverkefni um bættu þjónustu við atvinnuleitendur ýtt úr vör þar sem stéttarfélögin verða þungamiðja ráðgjafar og vinnumiðlunar þeirra félagsmanna sem misst hafa vinnuna. Að verkefninu standa ASÍ og SA og stofnuðu þau STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. til þess að halda utan um framkvæmd verkefnisins. Að verkefninu koma félögin á Austurlandi, VR, iðnaðarmannafélögin í Borgartúni vegna félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu og félögin á Suðurnesjum að Verslunarmannafélaginu undanskildu. Skemmt er frá því að segja að verkefnið fór vel af stað og mikil ánægja er meðal félagsmanna með þessa nýbreytni í þjónustu.

ASÍ er einn fjölmargra þátttakenda í metnaðarfullu verkefni sem kallast Liðsstyrkur og hleypt var af stokkunum í janúar 2013 til að hjálpa þeim sem hafa verið lengi án atvinnu til að fóta sig á vinnumarkaði að nýju. Markmið verkefnisins er að virkja atvinnuleitendur, sem hafa fullnýtt eða munu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2013, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði. Stefnt er að því að öllum atvinnuleitendum, sem fullnýttu eða fullnýta rétt sinn á tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013, samtals 3.700 manns, verði boðin vinna eða starfsendurhæfing á árinu 2013 enda skrái þeir sig til þátttöku í átakið.

Við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2013 kom í ljós að forsendur gildandi kjarasamninga voru brostnar, bæði hvað varðar verðbólguviðmiðun gagnvart atvinnurekendum og einkum og sér í lagi þau fyrirheit sem stjórnvöld höfðu gefið. Eftir mikla umræðu í hreyfingunni um þá valkosti sem við



stæðum frammi fyrir var það niðurstaða að framlengja kjarasamningana og tryggja þannig að umsamdar hækkningar 1. febrúar kæmu til framkvæmda. Jafnframt var samkomulag um átak til að berjast gegn verðbólgu sem er einn versti óvinur launafólks. Aðildarfélög ASÍ ákváðu í lok febrúar að hrinda verkefninu Vertu á verði af stað með opnun vefsíðu þar sem almenningur gat tilkynnt óeðlilegar verðhækkningar á vörum og þjónustu. Samfara opnun vefsíðunnar hófst mikil auglýsingaherferð með aðkomu allra stéttarfélaganna innan ASÍ. Á hálfu ári bárust um 400 ábendingar um verðhækkningar og heimsóknir á síðuna voru tæplega 50 þúsund.

Mikla athygli vakti þegar ASÍ kynnti hugmyndir sínar að nýju húsnæðislánakerfi á Íslandi. Kerfið byggir á danskri fyrirmynd en húsnæðislánakerfið þar í landi var sett á fót fyrir rúmum 200 árum og hefur á þeim tíma staðið af sér kreppur, styrjaldir og önnur áföll. Meðal kosta nýja kerfisins er að sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lánsins verða afnumin og áhættunni af lántökunni er deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú er. ASÍ kynnti einnig hugmyndir að nýju félagslegu íbúðakerfi að danskri fyrirmynd en báðar þessar hugmyndir hlutu góðan hljómgrunn og voru m.a. umræðuefnið á fundi með oddvitum stærstu stjórnálflokkanna sem ASÍ bauð til í aðdraganda Alþingiskosninga.

Þann 26. febrúar hófst fundarferð Alþýðusambands Íslands um landið undir yfirskriftinni Kaupmáttur, atvinna, velferð. Alls voru haldnir 10 opnir fundir með stjórnnum og trúnaðarráðum stéttarfélaganna og sóttu nokkur hundruð manns þessa fundi. Eftirfarandi staðir voru heimsóttir: Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Reykjanesbær, Reykjavík (3), Borgarnes, Ísafjörður og Saudárkrókur. Fundafyrirkomulagið var þannig að þrír forystumenn úr Alþýðusambandinu héldu stutt erindi þar sem lagt var út af yfirskrift fundaherferðarinnar en auk þeirra fór einn heimamaður yfir stöðu og horfur í atvinnumálum í héraði. Í þeim framsögum kom glögglega fram að víða eru græðlingar sem hlúa verður að en jafnframt ljóst að víða er staðan grafalvarleg. Farið var yfir áherslur ASÍ í atvinnu- og menntamálum þar sem þunginn var á skapandi greinar og nýsköpun auk þess sem rætt var um eflingu verk- og tæknináms og möguleika fólks á vinnumarkaði að efla menntun sína. Þá kom fram að græn atvinnustarfsemi bíður upp á mikla möguleika með betri og verðmætari nýtingu náttúruauðlinda. Þessi grein atvinnulífsins kallar hins vegar á greiðari aðgang að erlendum mörkuðum.

Á 97 ára afmælisdegi Alþýðusambands Íslands 12. mars 2013 kom langþráð saga sambandsins fyrir augu almennings í fyrsta skipti í veglegu útgáfuhófi sem haldið var í Íðnó að viðstöddum forseta Íslands, nokkrum ráðherrum, alþingismönnum og forystu verkálýðshreyfingarinnar. Verkið, sem er í tveimur bindum og afar veglegt, hefur verið í smíðum undanfarin ár en höfundur

Þess er Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur. Ritun sögu ASÍ átti sér langan aðdraganda og mikil og vönduð undirbúningsvinna skilaði sér í metnaðarfullu og glæsilegu riti um íslenskt samfélag og sögu. Fyrri bindið ber undirtitilinn *Í samtök* og nær yfir tímabilið 1916–1960 og hið síðara kallast *Til velferðar* og nær frá 1960–2010.

Frá því á vormánuðum hefur verkalýðshreyfingin verið að ná vopnum sínum vegna komandi kjaraviðræðna sem gætu orðið þær erfiðustu um langt árabil. Ný ríkisstjórn hefur á stuttum starfstíma sínum sent launafólki sérkennileg skilaboð. Með afnámi sérstaks veiðileyfagjalds og yfirlýsingum um afnám auðlegðarskatts hefur ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks skert tekjur ríkissjóðs um tæpa 20 milljarða til heilla fyrir þá sem best standa í okkar samfélagi. Þessi forgangsroðun er ekki í neinu samræmi við getu ríkissjóðs eða væntingar almennings um aðgerðir til að koma efnahagslífinu á rexpöl en mikill og þrálátur hallarekstur hins opinbera kemur í veg fyrir að hægt verði að koma á stöðugleika.

Ljóst er að hækkun einstakra hópa innan heilbrigðisgeirans hafa mikil áhrif á gerð kjarasamninga og þá liggur fyrir að laun starfsmanna í fjármálageiranum hafa hækkað langt umfram aðra á síðustu árum. Því er ljóst að ef takast á að tryggja breiða samstöðu um leiðir til að komast út úr þessari fimm ára kreppu þarf að tryggja meiri jöfnuð í þróun launa. Hvort það tekst er að nokkru leyti í höndum ríkisstjórnarinnar en óljóst er með hvaða hætti hún hyggt standa við eigin yfirlýsingar um náð samráð og samstarf.



40. þing ASÍ 2012

Setning þingsins

40. þing Alþýðusambands Íslands 2012 var haldið á Hilton Reykjavík Nordica, 17.–19. október.

Þingið hófst kl. 10:00 miðvikudaginn 17. október.

Við upphaf þingsins lék hljómsveitin 1860 nokkur lög.

Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, þakkaði hljómsveitinni fyrir leikinn og bauð Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, að setja þingið. Gylfi Arnbjörnsson flutti eftirfarandi ávarp:

Ávarp forseta

„Velferðarráðherra, ágætu þingfulltrúar og gestir, – velkomin til 40. þings ASÍ.

Nú eru liðin fjögur ár frá hruni og ljósti að íslenskt launafólk hefur mátt þola erfiðan samdrátt í atvinnu og tekjum að ógleymdum niðurskurði í velferðarþjónustunni. Á næstu dögum ætlum við að fara yfir málflutning okkar og endurskoða baráttumálin. Þingið er æðsta vald Alþýðusambands Íslands og það er í okkar höndum að móta stefnu til næstu ára. Við sem hér sitjum höfum

verid kjörin affélögum okkar sem fulltrúar stéttarfélaganna og landssambanda til þess að leggja okkar af mörkum í þeirri stefnumótun og baráttu fyrir fullri atvinnu, jöfnuði og velferð fyrir alla, undir yfirskriftinni: „Atvinnu og velferð í öndvegi“.

Hér eru það þið sem ráðið niðurstöðunni og það sem þið hafið til málanna að leggja er mikilvægt. Við höfum reynt að skipuleggja þetta þing með þeim hætti að gera ykkur öllum kleift að hafa áhrif á þá stefnu sem mótuð verður. Þess vegna er mikilvægt að góð þátttaka verði í umræðum og nefndastörfum. Samfélagið allt gerir kröfu um að þið hefjið upp raust ykkar fyrir hönd þeirra félaga ykkar sem misstu vinnuna, þeirra sem eru á lágum launum, þeirra sem eru beittir órétti og þeirra sem sviptir hafa verið réttindum sínum. Deilið með okkur áhyggjum ykkar og reiði yfir úrræða- og aðgerðaleysi í atvinnuááttum, hárr verðbólgu, háum vöxtum, erfiðri stöðu atvinnuleitenda og skerðingum á atvinnuleysisbótum. Saman skulum við setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig við teljum að störfum verði fjölgað, hvernig komið verði á stöðugleika, hvernig best verði stutt við bakið á þeim sem hafa verið án atvinnu, hvernig tryggja megi ungu fólki öryggi í húsnæðismálum og hvernig komið verði á meiri jöfnuði í lífeyrismálum.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég er þeirrar skoðunar að íslensk verkalyðshreyfing hafi við erfiðar aðstæður allt frá hrúni axlað mikla ábyrgð og sýnt í verki þann árangur sem samstaða okkar getur áorkað. Það er engin launung á því að við völdum að fara aðrar leiðir en margir félagar okkar í Evrópu. Við mótudum okkur skýra sýn á hvað þyrfti að gera, forgangsröðuðum áherslum okkar og ákváðum að hafa frumkvæði að því að ná breiðri samfélagslegri sátt ólíkra afla um þá erfiðu aðlögun sem var óhjákvæmileg í kjölfar hrunsins. Um leið geri ég mér fulla grein fyrir því að þetta hefur verið umdeilt og við gagnrýnd fyrir að hafa ekki valið leið átaka og deilna.

Höfum það hugfast, að þegar við skilgreinum hagsmuni launafólks, tökum afstöðu í umdeildum málum, mótum okkur sýn um hvert halda skuli, um hvaða málefni við viljum hafa í forgangi og tökum síðan frumkvæði að því að ná þeim í gegn, þá er óhjákvæmilegt að þeir sem vilja fara aðrar leiðir gagnrýni okkur. Við eigum ekki að bera okkur illa undan þeirri gagnrýni heldur taka á móti henni, ræða hana og rýna og bregðast við ef við teljum hana réttmæta en láta samt ekki hrekja okkur af leið ef við erum ósammála. Hlutverk okkar á þessu þingi er að leggja sameiginlega mat á það hvort sú leið sem við völdum hefur skilað árangri, hvort og í hve ríkum mæli okkur tókst að hafa áhrif á kjör og aðstæður félaga okkar og leggja sameiginlega mat á það hvort eitthvað hefði mátt betur fara og hvort þörf sé breyttrar stefnumótunar.

Stærsta og erfiðasta verkefnið í kjölfar hrunsins var að vinna úr þeirri stöðu að ríkið missti ríflega þriðjung tekna sinna og að ríkissjóður var rekinn með yfir 200 milljarða króna halla, halla sem að óbreyttu hefði leitt til þvílíkrar skuldasofnunar að framtíð okkar sem sjálfstæðrar þjóðar stóð ógn af. Því var ljóst að við þessu yrði að bregðast, við gætum ekki lagt þessar byrðar á börnin okkar og íslensk verkalyðshreyfing krafðist aðkomu að mótun áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Í viðræðum okkar við stjórnvöld og fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins settum við fram kröfu um skýra forgangsöröðun og tókst að verja betur en ætla hefði mátt mikilvæga og viðkvæma þætti velferðarkerfisins – einkum í heilbrigðis-, trygginga- og menntakerfinu.

Í hruninu settum við okkur m.a. það markmið að verja stöðu þeirra tekjulægstu og leggja grunn að endurreisn kaupmáttar almennra launa. Með kjarasamningunum 2009 og 2011 tókst okkur ekki bara að verja stöðu þeirra tekjulægstu heldur einnig að sækja fram þannig að nú er kaupmáttur taxtalauna hærrí en hann var fyrir hrun. Ég leyfi mér að fullyrða að engin önnur verkalyðshreyfing í allri Evrópu hefur náð viðlíka árangri. Ljóst er þó að almenn laun, þ.e. laun þeirra fjölmörgu sem eru á meðallaunum, héldust engan veginn í hendur við hækkandi verðlag og því féll kaupmáttur mikið árin 2008 og 2009. Engu að síður hefur okkur tekist með kjarasamningum að snúa þessari þróun við og nú hefur kaupmáttur meðallauna vaxið þrjú ár í röð.

Staðan í dag er því sú að við höfum endurheimt kaupmáttinn að hluta en eigum samt ennþá langt í land. Það er að mínu mati mikilvægt að halda áfram á þessari braut þar sem saman fer samstaða með þeim tekjulægstu og uppbygging kaupmáttar almennra launa.

Ágætu félagar.

Endurskipulagning á greiðslu- og skuldavanda heimilanna hefur verið fyrirferðarmikil í starfi okkar og málflutningi undanfarin misseri. Við töldum aðgerðir stjórnvalda ófullnægjandi og að of lítið kæmi of seint. Við lögðum mikla áherslu á að fá fram breytingar þannig að hægt yrði að takast með trúverðugum og sanngjörnum hætti á við mikinn greiðslu- og skuldavanda heimilanna, ekki síst þeirra fjölskyldna sem hætta var á að misstu heimili sín á uppboðum. Krafa okkar var að þetta yrði gert með aðlögun á greiðslubyrði með hagstæðari greiðslu- og lánaskilmálum og beinni afskrift eða lækkun skulda ef með þyrfti. Við kröfðumst þess að gerðar yrðu breytingar á lögum til þess að koma í veg fyrir að rúkkarar gætu lagt svimandi háar fjárhæðir á heimili í vanskilum. Krafa okkar er og hefur verið að treysta rétt fólksins – ekki rúkkaranna!

Í skýrslu Seðlabankans um greiðslu- og skuldavanda heimilanna kom í ljós að þau úrræði, sem hjálpuðu venjulegu launafólki með miðlungstekjur eða

lágur tekjur mest, voru einmitt þau úrræði sem Alþýðusambandið hafði frumkvæði að. Jafnframt sýndi Seðlabankinn fram á að ef farið yrði í svokallaða almenna skuldaniðurfærslu hefði langstærstur hluti þeirra fjármuna farið til tekju- og eignameiri hluta þjóðarinnar á kostnað almennings.

Ekki verður heldur horft fram hjá því, að húsnæðismál og húsnæðisöryggi félaga okkar eru í öngstræti. Á mörgum áratugum tókst verkalýðshreyfingunni að byggja hér upp bæði almennt húsnæðiskerfi og félagslegar lausnir sem gerðu það að verkum að flestum stóð til boða húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína sem almenn laun gátu staðið undir. Svo fór hins vegar að stjórnvöld ýttu fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar út úr þessu kerfi og við tók endalaus hringlandaháttur og sífelldar breytingar þar sem hver ráðherra á fætur öðrum vildi setja sitt mark á húsnæðiskerfið.

Í dag, þegar við erum að glíma við afleiðingar efnahagshrunsins, blasir við okkur alvarlegt hrún þessa kerfis. Mikil og þrálát verðbólga hefur keyrt vextina upp í rjáfur og í raun má segja að venjuleg meðalfjölskylda hafi ekki lengur ráð á því að búa í venjulegri meðalíbúð – og þá skiptir engu máli hvort hún leigir hana eða kaupir. Íbúðalánasjóður er í miklum fjárhagsvanda og hefur skákað sig út af húsnæðismarkaðinum með kröfu um meira en 30% álag á þá vexti sem hann fær á markaði – sem þýðir ekkert annað en álag á ungar fjölskyldur sem eru að reyna að koma yfir sig þaki. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við þessu þurfi að bregðast, bæði til skemmri og lengri tíma lítið.

Margir hafa einblínt á það að með því að afnema verðtryggingu muni hagsmunir venjulegs meðaltekjufólks verða tryggðir. Ég er ekki sammála því, málið er miklu flóknara en svo að það verði leyst á einfaldan hátt en ég geri mér jafnframt ljósa grein fyrir því að það hefur vakið mikla reiði og gremju í minn garð og okkar hreyfingar. Það er auðvitað miður og við því verðum við að bregðast með raunhæfum tillögum um nýtt fyrirkomulag húsnæðislána sem tryggir okkar fólki bæði lægri vexti og meiri stöðugleika varðandi greiðslubyrði en nú er. Staðreyndin er að vandinn liggur í mikilli verðbólgu og háum vöxtum en ekki verðtryggingunni sem slíkri. Því hlýtur það að vera eitt af forgangsverkefnum okkar að móta skýra sýn og kröfur um hvernig íslenskt samfélag geti losað sig út úr vítahring verðbólgu og hárra vaxta þannig að íslenskt launafólk fái notið sambærilegra kjara og launafólk í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Alþýðusambandið lagði mikla vinnu í það sl. vetur að greina þennan vanda, hvers vegna vextir á Íslandi eru svo háir að við erum 20 árum lengur að endurgreiða venjulegt húsnæði en félagar okkar í nágrannalöndunum. Við fengum danskan sérfræðing til að koma hingað og kynna fyrir okkur hvernig Danir hafa staðið að fjármögnun íbúðarhúsnæðis með langtíma óverðtryggðum skuldabréfum. Þótt mestu muni um stöðugleika þeirra gjaldmiðils er ljóst að

hægt er að ná vöxtum hér á landi verulega niður með meiri festu í stjórn gengis- og peningamála og breyttu fyrirkomulagi almennra húsnæðislána. Það er okkar hlutverk að berjast fyrir slíkum lausnum – lausnum sem lækka vexti okkar féлага í raun og veru!

Ágætu þingfulltrúar.

Við höfum á undanförnum árum náð að gjörbylta allri hugsun og nálgun varðandi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustu við atvinnuleitendur. Okkur hefur tekist að ná fram stórauknum framlögum til slíkra aðgerða. Þannig hefur ekkert annað land í Evrópu á tímum aukins atvinnuleysis lengt tímabil atvinnuleysisbóta úr þremur árum í fjögur eins og við náðum fram á meðan versta holskeflan eftir hrunið gekk yfir. Nýverið settum við í gang tilraunaverkefni um aukna þjónustu við atvinnuleitendur í samstarfi við Samtök atvinnulífsins með stofnun Starfs – vinnumiðlunar og ráðgjafar, þar sem stéttarfélögin verða þungamiðja samskipta og þjónustu við atvinnuleitendur. Við höfum þegar fundið fyrir jákvæðum viðbrögðum félagsmanna vegna aukinnar þjónustu og athygli sem þeir finna fyrir.

Ég vil einnig nefna stofnun og uppbyggingu Virk, starfsendurhæfingarsjóðs og þeirrar þjónustu sem hann veitir. Á sama tíma og þjóðfélagið fór í gegnum tímabil erfiðrar aðlögunar ríkisfjármála og niðurskurð á flestum sviðum tókst okkur með kjarasamningi við atvinnurekendur að leggja grunn að nýju og heilsteyptu kerfi starfsendurhæfingar. Í þessu kerfi eru stéttarfélögin einnig þungamiðjan í því að aðstoða og auðvelda félagsmönnum okkar að ná aukinni starfsgetu eftir áföll. Framan af máttum við sitja undir mikilli gagnrýni og ásökunum um einkavæðingu en með samstöðu og staðfestu héldum við ótraud áfram og létum ekki slá okkur út af laginu. Af því tilefni vil ég áréttta að við erum oghöfumeinlæglega verið á móti því að markaðsvæðavelferðarþjónustuna.

Ég vil einnig minna á að stéttarfélögin eru samfélagslegt afl sem starfar á forsendum fólksins okkar en ekki fjármagnsins og þjónusta þeirra á því ekkert skylt við einkavæðingu velferðarþjónustunnar í landinu. Árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa og við erum þegar farin að sjá afrakstur þessarar uppbyggingar þar sem ýmist er komið í veg fyrir að félagsmenn okkar falli af vinnumarkaði eða þeim komið að nýju til starfa.

Í dag ríkir að mínu mati meiri sáttt um þetta kerfi en gerði í upphafi. Staða þess hefur verið lögfest og aðrar þjóðir farnar að fylgjast með þessari uppbyggingu af miklum áhuga, sérstaklega hlutverki aðila vinnumarkaðarins.

Það er líka ljóst að á tímum þrenginga á vinnumarkaði reynir meira á réttindi og réttarstöðu launafólks. Því höfum við bæði hér á landi og í samstarfi við féлага okkar á Nordurlöndum og í Evrópu lagt mikla áherslu á að berjast gegn hvers kyns félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfssemi. Krafan okkar er: Einn réttur – ekkert svindl! Í tengslum við kjarasamninga

okkar í júní 2009 og aftur í maí 2011 tókst okkur að þoka áfram ýmsum réttindamálum, bæði í gegnum kjarasamningana sjálfa en einnig með lagabreytingum þar sem við hefur átt. Við höfum þróað íslenska vinnumarkaðsmódelið með samblandi kjarasamningsbundinna réttinda og lagasetningar á þann hátt að okkur hefur að sumu leyti tekist betur en víðast hvar í Evrópu að standa vörð um réttindi útsendra starfsmanna og starfsmanna starfsmannaleigna. Með nýlegu lagafrumvarpi velferðarráðherra verða þeim tryggð sömu kjör og gilda í þeim fyrirtækjum sem þeir í reynd starfa fyrir.

Við höfum síðan haldið ótraud áfram að glíma við það mikla óréttlæti sem felst í kynbundnum launamun og lýst óánægju okkar með hversu hægt gengur að ná fram baráttumálum okkar um aukinn launajöfnuð kynjanna. Við höfðum frumkvæði að því í kjarasamningunum í febrúar 2008 með samkomulagi við atvinnurekendur að stefnt skyldi að gerð sérstaks jafnlaunastaðals þar sem lagðar yrðu fram vottadar leiðir um það með hvaða hætti fyrirtæki og stofnanir gætu grundvallað launaákvæðanir sínar á meira jafnrétti. Á ársfundi okkar þann 24. október sama ár – á baráttudegi kvenna – undirritaði Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi forseti, samkomulag við Samtök atvinnulífsins og félagsmálaráðherra um gerð slíks staðals. Nú hefur þessi staðall séð dagsins ljós en hann var kynntur í júní sl. og er nú til umsagnar. Ljóst er að hér höfum við tekið mikilvægt frumkvæði og miklar væntingar eru bundnar við innleiðingu þessa staðals. Við munum í samstarfi við atvinnurekendur vinna að sérstöku kynningarefni til þess að tryggja víðtæka notkun hans og freista þess að ná meiri árangri í glímunni við kynbundið launamisrétti.

En ágætu þingfulltrúar.

Þó vel hafi tekist á ýmsum sviðum er ljóst að margt hefur farið úrskeiðis miðað við þær forsendur og væntingar sem við lögðum til grundvallar, einkum á sviði efnahags- og atvinnumála. Langþráð markmið okkar um stöðugleika, lága verðbólgu og lága vexti hafa ekki náðst. Þvert á móti er veik staða krónunnar aftur orðin örlagavaldur um afkomu okkar og öryggi. Í nýlegri skýrslu Sedlabanka Íslands eru valkostir okkar um fyrirkomulag gengis- og peningamála reifaðir. Ljóst er að af þeim kostum, sem til umræðu hafa verið, koma í rauninni aðeins tveir til greina: þátttaka í breiðara myntsamstarfi við aðrar þjóðir, og er samstarfið við Evrópuþjóðir en upptaka evru þar nærtækast, eða áframhaldandi sjálfstæð peningastefna með eigin mynt. Hinni síðari fylgir að líklegt er að við verðum að takmarka verulega frelsi til fjármagnsflutninga og halda vöxtum nokkuð hærri en í helstu nágrannaríkjunum.

Okkar krafa varðandi gengis- og peningastefnuna er að hún leggi grunn að stöðugleika, lágri verðbólgu og lágum vöxtum. Niðurstæða Sedlabankans er sú að því verði vart náð með litlum fljótandi gjaldmiðli. Vandinn er að það er of snemmt að segja til um hvora þessara leiða við eigum að fara eða getum

farið því að við vitum einfaldlega ekki hvaða kostum við stöndum frammi fyrir. Að mínu viti er mikilvægt að ljúka viðræðunum um aðild okkar að ESB og freista þess að ná sem bestum samningi fyrir þjóðina. Þegar slíkur samningur liggur fyrir getum við lagt mat á kosti hans og galla út frá hagsmunum launafólks en á endanum er það þjóðin sem mun eiga síðasta orðið í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég hef haldið því fram að á tímum óvissu og samdráttar er ekki skynsamlegt að takmarka valkostina en að sama skapi er alveg ljóst að þjóðin þarf að finna lausn á vanda gengis- og peningamála okkar á allra næstu mánuðum – lausn sem er hvort tveggja í senn raunhæf og til þess fallin að auðvelda okkur að ná markmiðum okkar um aukna atvinnu og velferð en getur jafnframt verið mikilvægt veganesti á þeirri leið að móta framtíðarskipan þessara mála.

Núna stöndum við frammi fyrir því að reyna mun á gengis- og verðlagsforsendur kjarasamninga en slíkt hefur ekki gerst síðan 2001 og þar áður 1992. Ég hef verulegar áhyggjur af því að ýmsir embættis- og stjórnámálamenn halda því fram að halda verði gengi íslensku krónunnar veiku næstu árin til að auka afganginn af viðskiptunum við útlönd. Ég hef sagt það áður að ég hef enga trú á því að þessi stefna geti verið grunnur að einhverri sátt í þessu samfélagi því að með henni verður kaupmætti okkar haldið niðri til að gera eigendum aflandskróna, sem hér sitja í höftum, kleift að fara heim með aurana sína. Þá fyrst værum við farin að greiða skuldir óreiðumanna ef kaupmætti þjóðarinnar verður haldið niðri með þessum hætti.

Hér verður því að finna einhvern annan grundvöll – einhverja aðra lausn – sem hægt verður að sameinast um á breiðum grundvelli. Veik staða krónunnar og gengissveiflur hafa leitt til mikillar verðbólgu sem ógnar forsendum kjarasamninga.

Munum að þegar ekki er samstaða um gengisfestu og lága verðbólgu og fyrirtæki og opinberir aðilar freistast til þess að leysa úr sínum vanda með því að velta hækkunum yfir á launafólk er alveg ljóst að það er okkar hlutverk að spyrna á móti og krefjast réttmætra leiðréttinga – jafnvel svo að til átaka á vinnumarkaði kunni að koma!

Höfum það hugfast að fljótandi gengi krónunnar hefur frá því að hún var tekin upp árið 2001 verið orsök hagsveiflna en ekki jöfnun þeirra og mótvægi. Þrátt fyrir gjaldeyrishöftin hefur fljótandi króna í höftum sveiflast svo mikið að verðbólgan og umfram allt verðbólguvæntingarnar eru nú á bilinu 5–6% til næstu 5 eða 10 ára.

Ég er þeirrar skoðunar að við þessar aðstæður eigum við að freista þess að taka aftur upp fastgengisstefnu líkt og við gerðum við gerð þjóðarsáttar-samninganna 1990. Sú fastgengisstefna gerði okkur mögulegt að ná tökum á

áralöngu tímabili óstöðugleika og ójafnvægis í efnahags- og atvinnulífi okkar. Frá þessari stefnu urðum við hins vegar að hverfa um aldamótin þegar óábyrg hagstjórn lagði grunn að spákaupmennsku með krónuna. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að ekki verður hægt að afnema gjaldeyrishöftin í bráð því áhættan, sem slíkum tilraunum fylgir gagnvart íslensku launafólki, er svo alvarleg að ég trúi því ekki upp á neinn stjórn málaflökk að reyna slíkt við ríkjandi aðstæður.

Tillögur Seðlabankans að þjóðhagsvarúðartækjum munu auðvelda okkur núna að halda genginu föstu og það er mín sannfæring að slík gengisfesta mun gera okkur betur kleift að koma á stöðugleika í efnahags- og atvinnulífi okkar með lægri verðbólgu og lægri vöxtum.

Ég tel að það sé mikill stuðningur við það innan okkar raða að við höfum frumkvæði að því að finna leiðir sem leitt geti til þess að íslenskt launafólk búi við stöðugleika, stöðugleika þar sem við getum verið viss um að það sem við semjum um skili sér þegar upp er staðið. Að sama skapi er ljóst að við förum ekki ein eftir því einstigi því atvinnurekendur og stjórnvöld verða að feta það með okkur. Gleymum því ekki að ef ekki tekst að vinna bug á verðbólgunni munu vextir áfram verða í hæstu hæðum. Það ýtir undir ójöfnuð og misskiptingu og mun koma í veg fyrir að ungt fólk og fólk með lágar tekjur eða miðlungstekjur geti fengið öruggt húskjól fyrir sig og sína fjölskyldu og mun einnig hindra eðlilegan vöxt í atvinnulífinu.

Góðir þingfulltrúar.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist og mörgu hafi verið hrundið af stað af því sem stjórnvöld lofðu liggur ljóst fyrir að ríkisstjórn og Alþingi hafa ekki og ætla ekki að standa við öll sín fyrirheit sem félagsmönnum okkar voru gefin við gerð kjarasamninga. Þar á ég m.a. við hækkun bóta til framfærslu þeirra sem sannarlega bera hvað minnst úr bitum í þessu landi en einkum og sér í lagi á ég við framtaks- og aðgerðaleyfi í atvinnumálum. Þetta hefur hamlað því að við næðum mikilvægum markmiðum okkar um meiri atvinnu og auknar tekjur félagsmanna okkar og hamlað gegn því að leggja megí grunn að auknum gjaldeyrstekjum til að geta tekist á við skuldavanda þjóðarinnar. Þetta hefur valdið mikilli reiði í garð ríkisstjórnarinnar –reiði sem vafalaust mun hafa mikil áhrif við endurskoðun kjarasamninga og í komandi Alþingiskosningum í vor.

Það er með öllu óþolandi að í stað þess að sameinast um þessi mikilvægu verkefni verðum við vitni að sefjun meðal stjórnmalamanna þegar kemur að umræðu og afstöðu til atvinnuástandsins. Reynt er kerfisbundið að gera lítið úr vandanum, einblína á tölur um fjölda þeirra sem eiga bótarétt fremur en raunverulegan fjölda þeirra sem eru að leita að vinnu eða þeirra sem hafa

þurft að flytja frá fjölskyldum sínum til annarra landa til að sjá þeim farborða. Það er staðreynd að við misstum næstum 20 þúsund störf í hruninu og lítið hefur gengið að vinna það tap til baka. Á meðan þúsundir félaga okkar eru án atvinnu og á meðan einstaka aðildarfélög okkar berjast við þá stöðu að allt að fimmtungur félagsmanna er án atvinnu, eins og í mínu gamla félagi, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, megum við hvergi hnika frá kröfu okkar um öfluga atvinnusköpun og fulla atvinnu.

En af hverju leggjum við svona mikla áherslu á að standa saman í baráttunni við atvinnuleysið, góðir félagar? Svarið liggur í því að atvinnuleysi er óásættanlegt fyrir persónulega, félagslega og fjölskyldulega stöðu félaga okkar og fátt er mikilvægara en að við stöndum með þeim í þessari baráttu með því m.a. að berjast fyrir aukinni atvinnu og sanngjörnum bótarétti. Síðan er einnig ljóst að þegar atvinnuleysið eykst, þegar atvinnuleysisbætur eru skertar og þegar ráðningarformið verður ótraust þá aukast völd atvinnurekenda. Það er því okkar sameiginlega hlutverk að vinna gegn atvinnuleysinu, þannig treystum við stöðu launafólks og þannig eflum við verkalýðshreyfinguna til þess að vera edlilegt mótvægi við atvinnurekendur og ríkisvald.

Eitt mikilvægasta úrlausnarefni sem við stöndum frammi fyrir, bæði sem samtök og sem þjóð, er að efla og treysta íslenskt atvinnulíf. Við verðum að auka skilning á því að öflug og framsækin atvinnustarfsemi er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að skapa atvinnu fyrir alla og góð störf. Það er aðeins með þróttmiklum og framsæknum fyrirtækjum, sem fá að starfa á traustum grunni, sem við getum lagt traustan grunn undir velferðarsamfélag með öflugu menntakerfi, góðri heilbrigðis- og velferðarþjónustu og afkomuöryggi fyrir alla. Við eigum því að hafa frumkvæði að því að slíkur grunnur verði til og sameina ólík öfl í þessu samfélagi um slíka sýn.

Það hefur verið skoðun Alþýðusambandsins að við eigum að nýta þá miklu framtíðarmöguleika, sem þessi þjóð hefur, til að byggja upp öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni – á grænni ímynd. Við höfum lengi lagt áherslu á að nýta beri hreinar orkulindir okkar í glímunni við þá miklu vá sem heimurinn stendur frammi fyrir í loftslagsmálum. Við höfum lengi bent á möguleika okkar í fullvinnslu umhverfisvænna og hreinna matvæla frá okkar dýrmæta sjávarútvegi og landbúnaði. Vannýtt tækifæri í heilsársferðarþjónustu, þar sem saga okkar og náttúra fléttast saman, blasa við. En til þess að nýta þessi tækifæri verðum við að tryggja okkur betri aðgang að mörkuðum fyrir fullunnar afurðir og við verðum að fjárfesta í innviðum okkar samfélags. Með því að grípa þessi tækifæri getum við mætt þörfum samtímans um aukna atvinnu og tekjur án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða.

Til þess að svo megi verða þurfum við öflugt menntakerfi sem styður við þessa stefnu og sem tryggir jafnframt öllum góða grunnmenntun og tækifæri

til að viðhalda henni til þess að geta tekist á við ný og breytt verkefni. Þetta kallar á auknar áherslur á skapandi greinar og nýsköpun, eflingu verk- og tæknináms á fjölmörgum sviðum og á öllum stigum. Jafnframt er nauðsynlegt að jafna stöðu verk- og tæknináms gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og þá sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Öflugt og framsækið atvinnulíf þarf einstaklinga með menntun og færni til að takast á við þau verk sem þarf að vinna. Á sama tíma er meira en þriðjungur vinnumarkaðarins án viðurkenndrar framhaldsmenntunar. Með samningum okkar við atvinnurekendur og með samskiptum við stjórnvöld hefur okkur tekist að auka verulega framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Fræðslusjóðirnir okkar hafa verið festir í sessi með kjarasamningum og hlutverk þeirra og svigrím aukið. Samstaða hefur náðst um þá kröfu okkar og markmið að ekki verði meira en 10% af launafólki á vinnumarkaði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar.

Ég hef lengi haldið því fram að þetta sé bæði brýnasta og stærsta menntaátak sem þjóðin hefur stadið frammi fyrir. Nú eru liðin fjögur ár síðan við settum þessi markmið og okkur miðar allt of hægt því það er ljóst að það þarf að bjóða tugþúsundum félaga okkar menntunarræði við hæfi. Slíkt kallar á mikla fjármuni og það er okkar að hafa frumkvæði að því hvernig þetta verði gert og tryggja jafnframt örugga aðkomu fræðslustofnana okkar. Við verðum að gera því fólki, sem hætti námi af einhverjum ástæðum, kleift að sækja sér menntun – og höfum það í huga að þetta er að langstærstum hluta okkar félagsmenn og því er verkefnið okkar. Þetta er ekki bara mikilvægt út frá þröngum hagsmunum atvinnulífsins heldur er þetta jafnframt mikilvægt framlag til aukins lýðræðis, jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu – að allir geti tekið þátt í okkar þjóðlífi!

Góðir þingfulltrúar.

Á þessu þingi leggjum við fram endurskoðaða stefnu okkar í lífeyrismálum en að þeirri endurskoðun hefur verið unnið um nokkurra ára skeið, m.a. með fjölmennu málþingi á Selfossi og víðtæku samráði við aðildarsamtök okkar. Jafnframt liggur nú fyrir útarleg skýrsla þeirrar óháðu rannsóknarnefndar um stöðu lífeyrissjóðanna í kjölfar efnahagshrunsins sem ríkissáttasemjari skipaði. Ársfundur Alþýðusambands Íslands hafði frumkvæði að þessari úttekt og samþykkti stjórn Landssambands lífeyrissjóða að hrinda þessu í framkvæmd. Meginniðurstöður nefndarinnar voru að þrátt fyrir mikið áfall stæði lífeyrskerfið á traustum stöðum en nefndin setti jafnframt fram tillögur um úrbætur. Ég er þeirrar skoðunar að afar mikilvægt sé fyrir okkur að draga lærdóm af þeirri reynslu sem efnahagshrunið 2008 færði okkur. Ábyrgð okkar liggur í því að viðhalda því sem vel hefur verið gert og gera nauðsynlegar endurbætur og

umbætur á þeim sviðum þar sem þess er þörf. Markmiðið hlýtur að vera hér eftir sem hingað til að tryggja sem best lífeyrisréttindi fyrir launafólk þessa lands í nútíð og framtíð. Í þeirri viðleitni okkar – alveg eins og í öðrum baráttumálum fyrir bættum kjörum – er það grundvallarhugsjón okkar að sameinað afl tryggi félögum okkar ætíð betri árangur.

Alþýðusambandið hefur um langa hríð lagt áherslu á að lífeyrisréttindi almenns launafólks verði jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna. Að þessu verkefni hafa öll heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði nú unnið í samstarfi við gagnadila okkar og er það mitt mat að við höfum sameiginlega náð lengra með þessar áherslur en nokkurn tímann áður. Verulegur árangur náðist í kjarasamningunum okkar í maí á síðasta ári þar sem okkur tókst að fá atvinnurekendur til að fallast á að jöfnun lífeyrisréttinda verði upp á við, m.a. með samkomulagi um hækkun framlaga atvinnurekenda í áföngum frá 2014–2021 í 11,5%. Hingað til hafa atvinnurekendur lagt áherslu á að þessi jöfnun eigi að miðast við þau réttindi sem gilda fyrir almennt launafólk en ekki opinbera starfsmenn.

Samkomulag þetta er háð þeim fyrirvara af hálfu Samtaka atvinnulífsins að samkomulag náist milli samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda um sjálfbærni opinbera lífeyriskerfisins en slíkt samkomulag liggur ekki fyrir. Á núverandi stundu ríkir því nokkur óvissa um hvort okkur tekst þetta. Ég hef haldið því fram að það sé mikilvægt innlegg í þær erfiðu viðræður að samstaða sé um mikilvægi þess að standa vörð um áunnin réttindi í lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Af hálfu Alþýðusambandsins er lögð áhersla á mikilvægi þess að öll verkalýðshreyfingin standi saman um kröfuna um jöfnun lífeyrisréttinda og að hreyfingin beiti sér sameiginlega fyrir breytingum á almannatryggingum sem verulega komi til móts við þá einstaklinga sem byggt hafa upp réttindi í lífeyrissjóðum.

Kæru félagar.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að margar af þeim ákvörðunum og útfærslum, sem ákveðnar hafa verið á síðustu árum á Alþingi og í stjórnvísunni, hafa verið umdeildar en að sama skapi er ég þess einnig fullviss að ef við hefðum ekki beitt okkur hefði niðurstaðan orðið önnur og félagsmönnum okkar erfiðari. Ég tel því að verkalýðshreyfingin hafi í öllum aðalatriðum staðist þolraunir síðustu ára og unnið launafólki mikið gagn. Það er reyndar svo að víða er eftir því tekið hversu vel okkur hefur tekist að verja bæði stöðu launafólks og þess velferðarkerfis sem við höfum með samstöðu okkar átt svo ríkan þátt í að búa til. Nú, þegar við sjáum fyrir endann á erfiðri aðlögun ríkisfjármála er það krafa okkar að hafin verði vinna við endurreisn velferðarkerfisins til þess horfs sem það var í fyrir hrun og helst gera enn betur. Um það ætlum við að fjalla á þessu þingi og setja fram skýra sýn á forgangsverkefnin.

Ég tel mikilvægt að umræðurnar á þinginu einkennist af framtíðarsýn og lausnum þegar við ræðum okkar mál. Við erum hér saman komin til að gera það sem við getum til að hreyfa við hlutunum, að móta framtíðina eftir okkar hugmyndum og hagsmunum, til að ná því sem við öll höfum trú á – sjálfbæru atvinnulífi og fullri atvinnu, samfélagi þar sem jafnrétti og jöfnuður ríkir, samfélagi þar sem virðing er borin fyrir öllum og allir hafa tækifæri til þess að njóta sín. Til þess þurfum við sterka verkalýðshreyfingu!

Við þurfum verkalýðshreyfingu sem er bein í baki og stendur saman sem ein heild. Höfum það hugfast að það er í samstöðunni sem afl okkar verður að veruleika og það er með samstöðunni sem við getum breytt þessu samfélagi til heilla fyrir vinnandi fólk.

Með þessum orðum segi ég 40. þing Alþýðusambands Íslands sett og óska okkur öllum velfarnaðar í störfum þess.“



Ávarp velferðarráðherra

Signý Jóhannesdóttir bauð velferðarráðherra, Guðbjart Hannesson, velkominn til þingsins. Hann flutti eftirfarandi ræðu:

„Forsetar – ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.

Ég þakka það tækifæri að fá að vera með ykkur við setningu 40. þings Alþýðusambands Íslands og að fá tækifæri til að segja hér nokkur orð.

Ég er alinn upp við það að barátta verkafólks, og raunar alls launafólks, fyrir réttindum sínum og kjörum hefur skipt og mun ávallt skipta miklu máli. Áratugabarátta launþegahreyfingarinnar hefur skipt sköpum fyrir hag almennings í landinu.

Alþýðusambandið hefur allt frá stofnun þess 1916 verið sterkt afl í íslensku samfélagi. Það var stofnað í þeim tilgangi að auðvelda baráttu verkamanna fyrir bættum kjörum – og óhætt er að segja að upp frá því hafi félagssjólk ASÍ ekki aðeins haft mikil áhrif á eigin kjör og réttindi heldur og á samfélagið í heild.

Miklar samfélagsbreytingar hafa orðið á langri starfsævi ASÍ og margir sigrar hafa náðst í baráttu sambandsins fyrir bættum kjörum almennings. En það hafa líka átt sér stað miklar sviptingar og átök í gegnum tíðina þar sem tekist hefur verið á um hugmyndafræði og pólitískar stefnur sem varða grundvallaráherslur í skipan samfélagsins og hvernig búið er að almenningi og

einstaklingum. Þeir sem eldri eru muna áhrif heimskreppunnar miklu hér á landi, stórfelldanflutning fólks úr sveitunum samfara mjög örri þéttbýlismyndun – og margvísleg áhrif síðari heimsstyrjaldarinnar á íslenskt samfélag. Íslenskt samfélag hefur einnig þurft að glíma við ýmsar minni kreppur en alvarlegar þó. Og loks er skemmst að minnast þess taumlausa neyslufyllerís sem átti sér stað undir merkjum frjálshyggjunnar, þegar til stóð að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð, þegar þenslan var taumlaus og vöxtur hagkerfisins var gríðarlegur en reyndist þegar allt kom til alls byggður á sandi.

Ég hef áður á þessum vettvangi vakið athygli á að norræna velferðarkerfið hefur sýnt sig að fleyta Norðurlöndunum betur í gegnum kreppur liðinna ára en öðrum löndum. Ísland er þar engin undantekning eins og ítrekað hefur verið sýnt fram á í alls kyns samanburði milli landa, viðhorfskönnunum og mælingum.

Norræna velferðarkerfið byggir á nokkrum stöðum sem vert er að muna. Grundvallarhugmyndin er jöfnuður og réttlæti, gott menntakerfi, öflug heilbrigðisþjónusta og öryggi borgaranna, velferðarkerfi sem tryggir öllum þegnum sínum viðunandi lífsviðurværi. Forsenda þess að það sé hægt er að fólk greiði til samneyslunnar, greiði sína skatta og skyldur. Þannig eru skattar á Norðurlöndum háir og það skattfé er nýtt til þess að færa verðmæti til í samfélaginu, jafna kjörin og tryggja afkomu allra. Norræna velferðarkerfið byggir á frjálsum hagkerfi með skýru regluverki, hagkerfi sem lýtur þeim lögum og reglum sem hafa hagsmuni neytenda, hagsmuni almennings, að leiðarljósi.

Enn ein forsenda norræna velferðarkerfisins er traust og gott samstarf milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og traust samfélagsins til stofn-
anasamfélagsins og stjórnvalda.

Gott velferðarkerfi er forsenda öflugs atvinnulífs, atvinnulífs sem um leið er lífgjafi velferðarinnar. Yfirskrift þingsins hér er einkar víðeigandi – atvinna og velferð í öndvegi.

En vinnum við í anda norrænnar velferðar? Vilja allir norrænt velferðarkerfi? Leggja allir sig fram um að endurvinna traust í þessu samfélagi? Er orðræðan ætluð til að leita lausna, afla og miðla upplýsingum og leita nýrra leiða? Eða freistast menn til að reyna að bjarga sínu eigin skinni í örvæntingarfullri tilraun til að bæta úmynd sína eða sinna hagsmunasamtaka með alls kyns yfirlýsingum og fullyrðingum sem grafa undan trausti í samfélaginu?

Ég er ráðherra í ríkisstjórn sem í orðum sumra einkennist af „úrræðaleyssi og aðgerðaleyssi“, „svíkur öll gefin loford“ og „hunsar vilja verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda“.

Ég ætla ekki að taka þátt í umræðu af þessum toga, að reyna að koma sök á einhverja aðra en þá ríkisstjórn sem ber ábyrgð á stjórn landsins, þó að ég verði að biðja alla um að rifja upp í huganum við hvernig búi ríkisstjórnin tók vorið 2009.

Ég tel að styrkleiki ríkisstjórnarinnar hafi verið að leita leiða, leita lausna, með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Markmiðin voru skýr, að ná tökum á ríkisrekstrinum, ná þar jöfnuði. Markmiðið var að búa þannig í haginn að við gætum endurreist nýtt og betra samfélag, breytt vöxtum í velferð, þar sem almannahagsmunir yrðu teknir fram yfir sérhagsmuni, þar sem ört vaxandi ójöfnuður er stöðvaður og jafnrétti og jöfnuður í samfélaginu aukinn, nokkuð sem á að vera og er sameiginlegt hagsmunamál stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar og almennt með góðu samstarfi við stéttarfélag. Margt hefur ekki gengið eftir og auðvelt að segja eftir á: „Við hefðum átt að gera þetta eða hitt öðruvísi.“ Annað hefur tekist vel og í heildina er ég mjög stoltur af árangrinum sem íslenskt samfélag hefur náð á núverandi kjörtímabili á fjölmörgum sviðum.

En ef ég á að vera hreinskilinn þá er sá árangur, sem náðst hefur, hvorki mér né ríkisstjórninni einni að þakka. Þjóðin í heild á hér stærstan þátt með sínu æðruleysi og þátttöku í endurreisn íslensks samfélags en það eiga líka aðilar vinnumarkaðarins, bæði almennir og opinberir starfsmenn, sem hafa lagt mjög margt gott til mállanna og tekið þátt í ótal lausnum, hugmyndasmíð og framkvæmdum og lagt á sig ómælda vinnu svo halda megi uppi góðri þjónustu.

Ég tel mikilvægt að draga þetta fram, sem og allt það jákvæða sem náðst hefur fram, hvernig hlutirnir eru nú fjórum árum eftir hrún miklu betri en nokkur einasti þingmaður, verkamaður, verkalýðsfélag eða atvinnurekandi, hvað þá ráðherra („Guð blessi Ísland“), spáði haustið 2008 eftir hrún.

Góðir fundarmenn.

Eins og fram hefur komið velti ég því stöðugt fyrir mér hvernig við Íslendingar höfum það sem þjóð, hvernig líður fólki almennt og metur aðstæður sínar og ekki síður hvað viljum við og hvert stefnum við? Mér finnst oft – þegar ég fylgist með fréttum og opinberri umræðu – að hér hljóti allt að vera á heljarþróm og lífskjör almennings afleit og versnandi. Þannig er umræðan – því miður – og hún er oft víðs fjarri því að vera málefnaleg.

Skiljanlega braust út mikil reiði í samfélaginu við hrúnið og traust fólks á stjórnvöldum beið hnekki. Lífskjör versnuðu, eignamissir varð, atvinnumissir, stórhækkadar skuldir, minni kaupmáttur, glatað sparifé, allt eru þetta dæmi um raunveruleika sem fjölmargir þurftu að horfast í augu við eftir hrún. Þetta eru þær staðreyndir sem stjórnvöld hafa unnið með síðan með það að markmiði að koma okkur aftur á réttan kjöl og ekki síst að jafna kjör og aðstæður fólks í landinu. Á hinum fölsku velmektarárum hafði nefnilega steinglymst að huga að þeim efnaminni og ójöfnuður og misskipting var ört vaxandi vandamál. Fátækt var bannorð, aðeins vandi þess sem við hana mátti búa.

Munum að á árunum 1995–2007 jókst ójöfnuður á Íslandi stöðugt og eins og fram hefur komið í nýlegri skýrslu Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands eru

engin fordæmi fyrir því að tekjujöfnuður hafi aukist jafn ört og mikið annars staðar á Vesturlöndum allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. – Það var einfaldlega vitlaust gefið.

Ákveðin öfl í samfélaginu vilja ekki horfast í augu við þessar staðreyndir, vilja ekki viðurkenna þær ógöngur sem íslenskt samfélag var komið í löngu fyrir hrún og fyrir þeirra tilstilli. Þau vilja alls ekki kannast við hve uppbyggingarstarfið eftir hrún hefur gengið vel og afneita staðreyndum sem sýna að við erum á réttri leið. Þessi sömu öfl reyna markvisst að ala á reidi og óánægju í samfélaginu, afvegaleiða málefnalega umræðu og halda því blákalt fram að hvítt sé svart ef svo ber undir. Verkalýðshreyfingin má ekki vera í þessum kór.

Góðir gestir.

Ég ætla nú að fara yfir nokkrar staðreyndir um þau verkefni sem stjórnvöld hafa unnið að á síðustu árum og mikilvægar breytingar og úrbætur sem hafa skipt sköpum fyrir almennung í landinu, ekki síst þá sem áður báru skarðan hlut frá borði, meðan fáir útvaldir mökuðu krókinn.

Áður en lengra er haldið vil ég undirstrika að sá árangur, sem náðst hefur, helgast að verulegu leyti af því mikla samstarfi sem verið hefur milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þótt vissulega hafi komið upp ýmis ágreiningsefni á langri leið hefur tekist að leysa úr þeim flestum. Verkalýðshreyfingunni vil ég þakka alveg sérstaklega fyrir góða og árangursríka samvinnu.

Velferðarkerfið varið og jöfnuður aukinn

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að hlífa lægri tekjuhópum, jafna kjör fólks, sporna við atvinnuleysi og verja velferðarkerfið. Aðgerðir, sem helst hafa varið kjör tekjulægri hópa, hafa einkum falist í hækkun lágmarksframfærslutryggingar almannatrygginga og hækkun vaxtabóta og atvinnuleysisbóta, jafnframt því sem skattbyrði fólks í millitekju- og lágtekjuhópum var lækkuð en hækkuð hjá fólki í hærri tekjuhópum.

Vaxtabætur hafa verið stórauknar. Árið 2010 greiddi ríkið að jafnaði um 31% af vaxtakostnaði húsnæðislána með vaxtabótum. Hjá lægstu tekjuhópunum var niðurgreiðsla vaxtabóta mun meiri, eða allt að 45%. Um áramótin 2011–2012 var búið að afskrifa hátt í 15% af heildarskuldum heimilanna og hátt í 5% til viðbótar voru komin í afskriftaferli. Alvarlegur greiðsluvandi heimilanna hefur minnkað um nærri fjórðung eftir að hann náði hámarki árið 2009 vegna úrræða og verulegrar hækkunar vaxtabóta sem beindust einkum að hinum tekjulægstu.

Persónuafsláttur hefur verið verðtryggður og neðri mörk hans hækkuð umfram verðlag. Þessi breyting var gerð í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí í fyrra.

Frá kjarasamningum í fyrra hefur kaupmáttur launa vaxið um 6% og kaupmáttur lágmarkslauna enn meira, eða um 11%.

Ráðstöfunartekjur fara vaxandi. Ráðstöfunartekjur heimilanna jukust um 9,6% milli áranna 2010 og 2011 og kaupmáttur ráðstöfunartekna um 5,1% samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Það hefur skipt geysilega miklu máli hve vel hefur tekist að halda atvinnuleysi í skefjum, það varð geysimikið fyrst eftir hrun á íslenskan mælikvarða en dregið hefur verulega úr því með margþættum aðgerðum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Fyrir það er ég þakklátur.

Parna þurfum við þó og eigum að gera betur.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka fjölbreytni vinnumarkaðsúræða og skapa raunhæf tækifæri fyrir atvinnuleitendur til náms. Starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgaði um allt að 1.500 árið 2011. Stofnaður hefur verið þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir. Umfangsmikil átaksverkefni á borð við „Vinnandi veg“ og „Nám er vinnandi vegur“ hafa gefist afar vel og skapað fjölda atvinnuleitenda tækifæri til að efla sig og mennta til þátttöku á vinnumarkaði til framtíðar.

Þá hafa verið sett á stofn „Atvinnutorg“ til að hlúa að ungum atvinnuleitendum og ungu fólki utan vinnumarkaðar og skóla.

Ég nefni hér einnig tilraunaverkefni um vinnumiðlun samkvæmt samkomulagi velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem var undirritað snemma á þessu ári og er nú komið á skrið. Markmiðið er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum sem auka líkur atvinnuleitenda á því að fá störf á vinnumarkaði að nýju. Árangur af þessu verkefni verður metinn reglulega.

Framlög ríkis og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar hafa verið lögbundin og raunar má segja að tímamót hafi orðið þegar Alþingi samþykkti í vor lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Lögin endurspeglu ákveðna vitundarvakningu sem orðið hefur í þessum málaflökki og eru afdráttarlaus viðurkenning á mikilvægi starfsendurhæfingar. Eitt það mikilvægasta í lögnum er að þar er tryggður réttur allra til starfsendurhæfingar, óháð atvinnuþátttöku.

Góðir gestir.

Ég hef aðeins tæpt á nokkrum atriðum sem miklu hafa skipt við endurreisnina og átt þátt í þeim viðsnúningi sem orðið hefur til hins betra á síðustu misserum. Árangurinn lýsir sér meðal annars í nýrri hagspá Alþýðusambands Íslands til ársins 2015 um að hagvöxtur muni aukast, fjárfestingar og kaupmáttur sömuleiðis og atvinnuleysi minnka, hagur heimilanna vænkast og fjárhagsstaða hins opinbera batna. Í spánni er réttilega bent á að efnahagsbatinn

sé brothættur og auðvitað eru stjórnvöld meðvituð um áhrif þess hér á landi ef efnahagsvandinn í heiminum þróast á verri veg.

Ég tek heils hugar undir með Alþýðusambandi Íslands að við verðum að draga úr gengissveiflum og styrkja gengi krónunnar til að koma í veg fyrir háa verðbólgu sem skerðir hag heimilanna og sömuleiðis – til lengri tíma litið – verðum við að taka upp annan og traustari gjaldmiðil. Það er hins vegar mjög ánægjulegt að í spá ASÍ er gert ráð fyrir að úr verðbólgu dragi á næstu árum.

Verkefni framundan eru ærin og margt í deigluinni sem verið hefur í undirbúningi og stendur nú til að hrinda í framkvæmd. Eins og þið titið flest hefur verið unnið að stefnumörkun í húsnæðismálum landsmanna með áherslu á að tryggja fjölbreyttari kosti í húsnæðismálum og efla jafnframt leigumarkaðinn. Meðal annars hefur Íbúðalánasjóði verið fengin heimild til að stofna og reka leigufélög. Einnig verða húsaleigubætur lagðar að nýju húsnæðisbótakerfi á næsta ári og er um einn milljarður króna ætlaður í þetta verkefni í fjárlagafrumvarpinu.

Íbúðalánasjóði hefur sömuleiðis verið heimilað að bjóða óverðtryggð húsnæðislán og eykst þannig fjölbreytinn á lánamarkaði.

Verulegar breytingar verða gerðar á almannatryggingakerfinu til einföldunar og aukins réttlætis. Þar er ekki síst lögð áhersla á að draga úr víxlverkunum og að lækka skerðingarhlutföll lífeyrisgreiðslna, meðal annars vegna lífeyristekna. Frumvarp um endurskoðað almannatryggingakerfi verður lagt fram á Alþingi á næstu vikum.

Bent hefur verið á að betur þurfi að gera til að styðja við barnafjölskyldur (einhleypinga) og hafa stjórnvöld tekið þær ábendingar alvarlega. Í fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að bæta um 2,5 milljörðum króna inn í barnabótakerfið og nemur aukningin um 30%.

Lög um jöfnun lyfjakostnaðar hafa verið samþykkt og koma til framkvæmda á næsta ári. Með sama hætti þarf að skoða allan sjúkrakostnað.

Framlög til Fæðingarorlofssjóðs verða aukin um 800 milljónir króna en markmiðið er að færa réttindi fólks í kerfinu til sama horfs og það var fyrir hrún og verður það gert í áföngum. Þá er stefnt að því að lengja orlofið í áföngum í tólf mánuði á næstu árum. Frumvarp um þetta verður lagt fram á þessu þingi.

Réttur til atvinnuleysisbóta og fjórða árið

Mikið hefur verið rætt um stöðu þeirra sem munu tæma rétt sinn innan atvinnutryggingakerfisins til greiðslu atvinnuleysisbóta, sérstaklega þar sem ekki er gert ráð fyrir að framlengja bráðabirgðaákvæði laga um rétt til bóta í fjögur ár. Þetta ákvæði var sett inn vegna sérstakra og tímabundinna aðstæðna. Skiljanlega jók þetta útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs en á móti var horft

til þess að atvinnuleitendur þyrftu síður á fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna að halda.

Að óbreyttu mun töluverður fjöldi atvinnuleitenda tæma bótarétt sinn um næstu áramót og á næsta ári. Atvinnuleysi minnkar ekki við það eitt að fólk tæmi rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta, það ætti öllum að vera ljóst. Meginviðfangsefni stjórnvalda er eftir sem áður að mæta stöðu þess hóps sem að hluta til hefur verið án atvinnu svo árum skiptir. Það er brýna verkefnið og reynslan hefur kennt okkur að mestur árangur næst á þessu sviði með samhentu átaki og í náinni samvinnu ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Átaksverkefnið „Vinnandi vegur“ hlýtur að verða okkur fyrirmynd en skilyrðið fyrir því að það takist er að sveitarfélögin taki á sig ríka ábyrgð í þeim efnum og komi af fullum hug að verkefninu. Þá þarf að nýta önnur úrræði eins og starfsendurhæfingu og atvinnu með stuðningi á markvissan hátt í þeim tilfellum sem það á við. Með því tryggjum við að einstaklingarnir haldi tengslum við samfélagið en tynist ekki áfram á atvinnuleysisbótum eða með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Til lengri tíma litið ætti ávinningurinn af slíku átaki að vera öllum ljós. Að sama skapi ætti flestum að vera ljóst að óbreytt ástand er ekki valkostur. Lausnin er ekki að hafa fólk ári lengur aðgerðalaust heima heldur að skapa fólki aðstæður og tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Þess vegna kalla ég eftir aukinni samstöðu meðal þeirra sem koma að málefnum atvinnuleitenda, ekki síst þeirra sveitarfélaga þar sem atvinnuleysið er umfangsmest og brýnast er að allir þeir sem koma að þessum málum vinni saman.

Atvinnuleysistryggingar og hráefnisskortur

Í frumvarpi til fjárlaga koma fram áform um að hætta styrkgreiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslunnar vegna hráefnisskorts. Þær reglur, sem um slíkt gilda, eru barn síns tíma og tóku mið af allt annarri stöðu innan sjávarútvegs og fiskvinnslu en nú er uppi í þeirri öfluglu grein. Aðgengi að hráefni hefur orðið allt annað og betra með tilkomu fiskmarkaða og atvinnugreinin, sem áður þyrfti á stuðningi stjórnvalda að halda, er nú öflug, sterk og skilar góðum hagnaði.

Því skýtur það skökku við að verja árlega hundruðum milljóna af almannafé til að greiða niður launakostnað í fiskvinnslufyrirtækjum sem sum hver stunda bæði útgerð og vinnslu og skila milljarðahagnaði til eigenda sinna. Þessu verður að breyta. Í því ferli er hins vegar mikilvægt að virða ramma gildandi kjarasamninga og gæta að réttarstöðu fiskvinnslufólks. Eðlilegt er að lög, reglur og kjarasamningar innan fiskvinnslunnar lúti sömu lögmálum og almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Viðræður milli stjórnvalda, Starfsgreinasambandsins og Samtaka fiskvinnslustöðva eru í gangi og vonast ég eftir niðurstöðu í þeim fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Launajafnrétti kynja

Ég hef talað lengi og ekki minnst orði á launajafnrétti kynja og þá brýnu þörf fyrir að ná tókum á því óþolandi misrétti sem felst í því að konum skuli greidd lægri laun en körlum af þeirri ástæðu einni að þær eru konur. Unnið er að sérstakri aðgerðaáætlun sem kunngerð verður á næstunni en lykilatridi er að skapa forsendur fyrir öflugum samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynjanna.

Ég bind vonir við lagasetningu til að auka hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja (og lífeyrissjóða) en í september 2013 taka gildi lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns megi aldrei vera lægra en 40% í stjórnnum stærri fyrirtækja. Alls falla 285 fyrirtæki undir löggjöfina en af þeim uppfylla 45% ákvæði laganna nú þegar og hefur staðan batnað töluvert í aðdraganda gildistöku laganna.

Gerð jafnlaunastaðals hefur staðið yfir í nokkur ár í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Gerð hans er á lokastigi og er hann til umsagnar hjá Staðlaráði Íslands. Jafnlaunastadallinn á að vera hagnýtt tæki fyrir atvinnurekendur sem nýtiast þeim við endurskoðun launastefnu þannig að þeir sjálfir og starfsmenn þeirra geti treyst því að réttur kvenna og karla til launajafnréttis sé virtur.

Góðir þinggestir.

Það er mikil vinna framundan hjá ykkur á 40. þingi Alþýðusambands Íslands. Þetta er ykkar vettvangur til að stilla saman strengi, skerpa stefnuna, móta kröfur ykkar og brýna vopnin. Ég biðst ekki undan málefnalegri og skarpri gagnrýni en höfum heildarhagsmunina, almannahagsmunina, að leiðarljósi, veltum fyrir okkur hvernig við viljum sjá Ísland og stöðu launafólks á næstu árum og áratugum. Sameinumst um að byggja upp öflugt norrænt velferðarkerfi á Íslandi.

Ég óska ykkur góðs þings og vonast jafnframt eftir áframhaldandi góðu samstarfi við ykkur í þeim verkefnum sem framundan eru.“

Signý Jóhannesdóttir þakkaði ráðherra fyrir ræðuna. Því næst bauð hún erlenda gesti þingsins velkomna.



Ávarp varaforseta LO Danmark

Lizette Risgaard, varaforseti danska Alþýðusambandsins, flutti eftirfarandi ræðu fyrir hönd erlendu gestanna. Ræðan var þýdd af dönsku yfir á íslensku.

„Ágætu þingfulltrúar.

Það er mér sannur heiður að ávarpa þing Alþýðusambandsins og færa kveðju frá erlendum gestum. Allir vinir ASÍ vilja senda þinginu okkar bestu baráttukveðjur.

Öll vitum við, að Ísland hefur gengið í gegnum erfiða tíma og djúpa efnahagskreppu á afstöðnu kjörtímabili. Allir hafa fundið fyrir afleiðingum kreppunnar í vinnu og daglegu lífi. Íslendingar hafa þó verið heppnari en íbúar Suður-Evrópu. Í ykkar tilfalli viðurkenndi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að það væri engin lausn fólginn í því að skerða lífsskjör hinna verst settu, því sem hagfræðingar kalla að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Ég tel að það sé von okkar allra að fljótt takist að yfirstíga afleiðingar kreppunnar svo snúa megi aftur að sköpun hagvaxtar og aukningar lífsskjara á Íslandi.

Því miður finna Íslendingar áfram fyrir kreppunni sem nú geisar á meginlandi Evrópu. Þaðan fáum við dapra mynd af hnignandi efnahag og atvinnuleysi sem eykst með hverjum mánuði. Þetta á sérstaklega við um atvinnuleysi ungmenna sem ætti að vera okkur mikið áhyggjuefni – og það er svo sannarlega. Ef unga fólkíð nær hvorki að sækja sér menntun né fá atvinnu eru miklar líkur að það muni aldrei fóta sig almennilega á vinnumarkaði.

Ég vona að formennska Svía í Norrænu ráðherranefndinni árið 2013 verði til þess að barist verði gegn atvinnuleysi á Norðurlöndum og í Evrópu. Væntanleg þríhliða ráðstefna um atvinnumál ætti að geta lagt grundvöll að sameiginlegu átaki Norðurlandanna í þeim efnum.

Norðurlöndin hafa ávallt sýnt að aðgerðir til að auka hagvöxt efla lífsskjör og velmegun. Aðhald og niðurskurður munu hins vegar koma illa við félagsmenn okkar. Þetta verður þeim í framkvæmdastjórninni í Brussel brátt ljóst. Það hefur þó orðið nokkur hugarfarsbreyting innan Evrópusambandsins í kjölfar forsetakosninga í Frakklandi og kosninganna í Northrhein-Westfallen í Þýskalandi. Nú er hins vegar þörf á enn sterkari viðbrögðum og verðum við öll að þrýsta á að aðgerðir, sem auka hagvöxt, hafi forgang.

Snúum okkur aftur að Íslandi, aftur að ykkur. Brátt þurfa Íslendingar að ákveða framtíðarsýn sína í Evrópumálum. Við fylgjumst með ákvörðun ykkar af miklum áhuga en þetta er spurning sem einungis íslenska þjóðin getur svarað, án ytri afskipta.

ASÍ nýtur í dag virðingar sem samstarfsaðili innan norrænnar og evrópskrar verkalýðshreyfingar. Ég vil orða það á sama hátt og Barak Obama gerði, við bæði danska forsætisráðherrann og Jens Stoltenberg, þegar hann sagði: „You hit above your weight.“

Ég og kollegar mínir hlakka til frekara góðs samstarfs við ASÍ, bæði innan NFS, ETUC og annarra fjölþjóðlegra hreyfinga. Við metum mikils samstarfið og vinskáp ykkar. Ég vona að þingið leggi góðan grunn að áframhaldandi starfi á næstu misserum. Með þessum orðum vil ég enn og aftur óska ykkur góðs og árangursríks þings.“



Ávarp formanns BSRB

Signý Jóhannesdóttir þakkaði varaforseta danska Alþýðusambandsins fyrir og bauð Elínu Björgu Jónsdóttur, formann BSRB, velkomna.

Elín Björg Jónsdóttir flutti eftirfarandi ræðu.

„Ráðherra, forseti ASÍ, góðir áheyrendur.

Undanfarin ár hafa verið íslensku þjóðinni afar erfið – tímar hafa einkennst af óvissu, óöryggi og samdrætti á öllum sviðum. Mjög hefur því reynt á launafólk og heimilin. Hlutverk samtaka launafólks hefur sjaldan verið jafn mikilvægt og það er í dag. Þær miklu þrengingar, sem samfélagið hefur staðið frammi fyrir, krefst ríkrar hagsmunagæslu.

Sú hagsmunagæsla endurspeglast í sameiginlegri baráttu okkar á undanförunum árum, samhent höfum við staðið vörð um þá sem lægstu launin hafa, staðið vörð um þá sem minnst mega sín og varið störfin eftir bestu getu. Þótt ástandið hafi vissulega verið slæmt – og sé enn langt frá því að vera viðunandi – tel ég að launafólk og verkalýðshreyfingin hafi með sameiginlegu átaki náð að milda áhrif efnahagslæggðarinnar. Áhersla var skiljanlega lögð á að hlífa velferðarkerfinu eftir fremsta megni – á þeim miklu niðurskurðartímum sem í hönd fóru. Og án samstöðu verkalýðshreyfingarinnar hefði okkur aldrei verið fært að ná þeim árangri sem þó náðist í að verja velferðarkerfi landsins.

Vitanlega hefðum við viljað sjá velferðarkerfið enn sterkara og öflugra á þessum erfiðu tímum – en það er eitt af verkefnum morgundagsins að styrkja heilbrigðis-, mennta- og tryggingakerfi landsins á ný og sjá til þess að velferðarkerfið verði sannarlega það öryggisnet sem það á að vera. Fram undan eru spennandi tímar, uppbygging samfélagsins og tækifæri sem við verðum að nýta vel. Velferðarsamfélag, sem byggir á jöfnuði, réttlæti og jafnrétti, er það samfélag sem við viljum byggja. En til að svo geti orðið verður atvinnulífið að fara í gang og það af fullum krafti. Ekki verður lengur haldið áfram á braut uppsagna, niðurskurðar, samdráttar og atvinnuleysis enda er mikilvægasta velferðarmálið að allir hafi atvinnu.

Þá þarf að tryggja heimilum landsins betri afkomu með öryggi í húsnæðismálum og aukinn kaupmátt. Allt helst þetta í hendur – því með herra atvinnustigi aukast tekjurnar sem leiða af sér betra velferðakerfi, landsmönnum öllum til góða. Og í þessum verkefnum mun reyna á samstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Ábyrgð okkar er því mikil. Það er okkur öllum mikilvægt að jafnvægi sé á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins og samhent vinnum við að markmiðum okkar með hagsmunum heildarinnar í huga. BSRB og ASÍ hafa aukið samstarf sitt á undanförmum árum með því meðal annars að setja á fót sameiginlegt metnaðarfullt forystufræðslunám fyrir stjórnir og starfsmenn aðildarfélaga.

Eitt af markmiðunum er að efla þekkingu og fagmennsku starfsmanna og stjórna aðildarfélaganna. Trúnaðarmannaskólinn hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og hafa fjölmargir trúnaðarmenn útskrifast þar með 10 einingar á framhaldsskólastigi. Einnig hefur tekist að styrkja tengsl félagsmanna við stéttarfélag sín og efla tengslin á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Og er það vel. Samstaða er mikilvæg til að ná árangri, það eru gömul sannindi og ný. Samstöðu þarf til að veita stjórnvöldum aðhald, bæta kjör félagsmanna og auka ráðstöfunartekjur heimilanna. Og það eru fleiri stór verkefni fram undan sem vinna þarf að með samstilltu átaki. Útrýma þarf kynbundnum launamun, uppræta hvers konar misrétti í okkar samfélagi og sjá til þess að allar vinnufúsar hendur hafi atvinnu við hæfi. Jöfnuður á að vera það sem við höfum að leiðarljósi í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur og aðeins þannig tekst okkur að byggja upp réttlátt samfélag.

Takmark okkar er, og verður alltaf, að berjast fyrir bættum hag launafólks og réttindum þeirra. Með samheldni og samstöðu verður verkalýðshreyfingin að byggja til framtíðar.

Ágætu félagar. Fyrir hönd BSRB vil ég þakka fyrir samstarfið á liðnum árum og óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar.

Takk fyrir mig.“

Signý Jóhannesdóttir þakkaði formanni BSRB fyrir ræðuna. Því næst bauð hún formanni kjörbréfanefndar að gera grein fyrir álitni nefndarinnar.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ. Jónsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins 17.–19. október 2012: Guðmundur Þ. Jónsson frá Eflingu, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur frá VR og Ísleif Tómasson frá RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar mánudaginn 15. október til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna sambandsþings ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum, sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna, einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 54 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til þingsins. Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með fullréttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.

15. október höfðu 53 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 292 fulltrúa á ársfundinn. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á þinginu:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, röðuðum eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Þá liggur einnig frammi listi yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið frá upphaflegum kjörbréfum þar sem varamenn hafa komið inn í stað aðalmanna.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því að kjörbréfanefnd kom saman 15. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar þar sem varamenn koma inn fyrir aðal-

menn vegna forfalla og er verið að vinna úr þeim.

Gerð verður grein fyrir breytingu á kjörbréfum, sem komið hafa fram, við upphaf fundar á föstudag.“

Afgreiðsla kjörbréfa

Signý Jóhannesdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna þingsins

Signý Jóhannesdóttir bar fram tillögu um Ásgerði Pálsdóttur, stéttarfélaginu Samstöðu, sem þingforseta og var tillagan samþykkt samhljóða. **Ásgerður Pálsdóttir** tók við stjórn þingsins og bar fram tillögu um Stefaníu Magnúsdóttur frá VR og Kristínu Þóru Benediktsdóttur frá RSÍ sem varapingforseta þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Pingforseti bar fram tillögu um Halldóru S. Sveinsdóttur frá Báranni stéttarfélagi og Svein Ingason frá FIT sem skrifara þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Pingforseti gerði grein fyrir lista með framlögðum göngum

Pingforseti minnti á kvöldskemmtun á Hótel Íslandi á fimmtudagskvöldið.

Framsögur um lífeyrismál

Fluttar voru tvær framsögur um lífeyrismál.

Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður og formaður starfshóps um endurskoðun almannatryggingalaga.

Í upphafi gerði Árni grein fyrir þróun á þeirri vinnu, sem hófst árið 2007, við að endurskoða lög um almannatryggingar þar sem um langt árabíl hafi verið rædd nauðsyn þess að endurskoða lög, einfalda, gera gagnsærri og réttlátari og koma í veg fyrir víxlverkanir. Nefnd skilaði tillögum sem urðu tilefni nokkurra breytinga á lögum árið 2008. Til að ljúka þessari endurskoðun var skipaður vinnuhópur í apríl 2011 með fulltrúum stjórnmalaflokkanna og fulltrúa Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalagsins og Proskahjálpar. Í byrjun þessa árs var ákveðið að fá til starfa með nefndarmönnum fulltrúa atvinnulífsins, þ.e. ASÍ, SA, BSRB og samtök opinberra starfsmanna.

Árni lagði áherslu á að endurskoðunin byggji á þeim grunni sem nú er í núverandi tryggingakerfi, þ.e. tveggja stöða kerfi þar sem einstaklingar á vinnumarkaði greiði og safni réttindum í lífeyrissjóðakerfinu en almannatryggingar veiti viðbótarlágmarkstryggingavernd þeim sem þurfa á að halda. Sérstök áhersla skal þó vera á að almannatryggingar veiti áfram lágmarks-tryggingavernd vegna elli og örorku.

Árni sagði að aðkoma fulltrúa atvinnulífsins í starfshópin hafi verið mikilvæg fyrir vinnuna þar sem þeir hefðu mikla og góða þekkingu og reynslu í málaflokkunum og hefðu greitt götuna til góðrar niðurstöðu. Einnig sagði hann að ríkur vilji allra til að árangur næðist hefði verið grunnur í farsælu samstarfi og frumvarp verði lagt fram á Alþingi innan skamms um grundvallar-breytingar á bótakerfinu vegna ellilífeyris.

Markmið breytinganna, sagði hann, er að þær tillögur, sem settar eru fram, séu einfaldar og gagnsæjar. Tillaga starfshópsins gerir ráð fyrir því að í fyrsta áfanga verði bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót sameinadir í einn: ellilífeyri. Einnig er gert ráð fyrir að skerðing framfærsluuppbótar vegna tekna lækki úr 100% í 80%. Skerðingarhlutfallið verði síðan lækkað í áföngum uns 45%-markinu verði náð og þá standi aðeins einn bótaflokkur eftir: ellilífeyrir.

Árni sagði að lækkun skerðinga væri líklega mikilvægasti þáttur tillögunnar. Á sama tíma og rætt er um að lífeyrissjóðirnir taki smátt og smátt við stærra hlutverki í greiðslu eftirlauna þá geti það vart verið skynsamlegt að það ástand ríki að einstaklingur sjái ekki hag sinn í því að greiða í lífeyrissjóð. Því er lagt til að dregið verði úr fyrrnefndum skerðingum og þær aflagðar á 4 árum. Þessi breyting ætti að verða til þess að fleiri sjái hag sinn í því að greiða í lífeyrissjóð. Ennfremur sagði hann að líkur væru hér á að lífeyrisþegar myndu kjósa í auknum mæli að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum þar sem það myndi hafa beinan ávinning í för með sér; jafnframt ætti að draga úr útgjöldum almanna-trygginga og því verða allra hugar.

Árni sagði einnig frá því að nú væri til skoðunar að skilyrða umsókn um lífeyri úr almannastryggingum við það að samhliða væri sótt um lífeyri frá lögbundnum lífeyrissjóði. Þannig væri komið í veg fyrir að einstaklingur gæti notið meiri réttar úr almannastryggingum eingöngu með því að fresta töku lífeyris úr lífeyrissjóði. Enda hefði það verið markmið með lögfestingu lífeyris-sjóðakerfisins að það taki við sem meginstoð vinnandi fólks við lífeyrisaldur.

Kostnaður ríkissjóðs við lögleiðingu frumvarpsins, sem byggir á þessari tillögu, er umtalsverður, sagði Árni, en á móti kemur að í farvatninu eru fullnustusamningar og loforð sem falla að þessum breytingum og nýtast að hluta til að lækka útgjöld ríkissjóðs.

Hann benti á að þegar rætt væri um aukinn þátt lífeyrissjóðanna í greiðslu eftirlauna á næstu árum og áratugum væri rétt að hafa í huga hið stóra verkefni sem er hvernig bregðast skuli við stöðugt hækkandi meðalaldri íbúa í vest-rænum samfélögum. Í Evrópu mun meðalaldur karla hækka um 7 ár fram til ársins 2050 og hjá konum verður hækkunin 6 ár. Á sama tíma mun meðalaldur karla hér á landi hækka um 6 ár og kvenna um 4,3 ár. Árni sagði að staða okkar gagnvart mikilli fjölgun eldri borgara væri um margt góð og þar

vegi þyngst tiltölulega traust lífeyrissjóðakerfi og mikil atvinnuþátttaka eldri borgara.

En til að takast á við þessar breytingar á lengingu meðalævinnar sagði Árni að nokkrar leiðir væru nefndar. Að seinka lífeyristöku með því að lengja starfsaldur og stuðla að sveigjanlegum starfslokum eða að reyna að draga úr fjölgun öryrkja með áherslu á starfsendurhæfingu og starfsgetumat. Einnig er talað um að aðlaga lífeyrisréttindi að breyttum lífslíkum og hagvexti viðkomandi þjóðar og þá jafnvel með rýrnun lífeyrisréttinda. Að lokum nefndi hann að rétt væri um hækkun iðgjalda til lífeyris eða skattahækkunar.

Árni sagði að verkefni starfshópsins hefði ekki eingöngu verið um að fjalla um ellilaun. Þrír undirhópar væru að störfum sem fjölluðu um bætur til foreldra fatlaðra og langveikra barna, barnatryggingar og starfsgetumat.

Mikilvægt er að hans mati að horfa nokkra áratugi fram í tímann þegar fjallað er um þróun íslenska tryggingakerfisins. Það þarf að reikna fjárþörf kerfisins fram í tímann, ákveða hvaðan fjármagnið eigi að koma og hvaða áhrif ört stækkandi hópur eldri borgara hefur á kerfið. Einnig er mikilvægt að tryggja trausta og góða samræðu á milli ríkisvaldsins, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna. Einnig nefndi hann starfsgetumat, fjölskyldubætur og barnatryggingar, einkum til að koma í veg fyrir fátækt barnafjölskyldna.

Að lokum sagðist Árni geta fullyrt að vinna starfshópsins muni – þegar upp er staðið – skila meiri jákvæðum breytingum og endurnýjun almanna-tryggingakerfisins en dæmi eru um og þakkar hann það einlægum vilja allra fulltrúa og starfsmanna starfshópsins til að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og formaður nefndar um samræmingu lífeyrisréttinda.

Gunnar sagði frá því að nefnd aðila vinnumarkaðarins hefði verið sett á stofn í framhaldi undirritunar stöðugleikasáttmálans árið 2009 og að hún væri búin að funda mjög oft og halda tvær ráðstefnur um málefnið. Hann sagði að því væri ekki að leyna að þótt samstaða væri í nefndinni, sem fjallaði um framtíðarfyrirkomulag lífeyrissjóðanna um markmið vinnunnar, væru hugmyndir að leiðum mismunandi. Því næst fór hann yfir helstu forsendur framtíðarlífeyrissjóðakerfisins sem eru lífeyrissjóðirnir ásamt almannatryggingum og séreignasparnaði. Mikilvægi lífeyrissjóðakerfisins eykst með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar, eins og fram kom í máli Árna, og því mikilvægt að huga að samspilinu við almannatryggingakerfið, sagði Gunnar.

Það eru nokkur atriði, sem aðilar eru sammála um að gengið sé út frá þegar fjallað er um framtíðarlífeyrissjóðakerfið, og er þar helst að nefna að skyldu-aðildin byggir á kjarasamningum, það sé sama iðgjaldaprósenta fyrir alla og sams konar réttindaávinnsla, þ.e. að hún er aldurstengd. Samtryggingar-

forsendur eru mikilvægar, lágmarkstryggingavernd og sömu bótaflokkar.

Gunnar fjallaði um sjálfbærni kerfisins, mikilvægi þess að hver kynslóð stæði undir eigin réttindum og ávöxtun þeirra. Þá sagði hann að hugtakið sjálfbærni væri kvíkt hugtak og því nauðsynlegt að staldra við og huga að því hvernig það er skilgreint. Alþjóðabankinn skilgreinir hugtakið, með tilliti til lífeyrissjóða, að sjálfbært kerfi sé fjárhagslega vel stadd og það væri unnt að viðhalda því um fjárfhagslega framtíð miðað við skynsamlegar forsendur. Gunnar lagði áherslu á að þegar talað væri um skynsamlegar forsendur þá væri óhjákvæmilega alltaf einhver óvissa þegar fjárfest væri fram í tímann, fram í óvissa framtíð. Því þarf að byggja inni kerfið sveigjanleika, sagði Gunnar, ennþá ætti eftir að taka nánar þá umræðu í nefndinni hvar sá sveigjanleiki ætti að vera og hve mikill.

Hann sagði enn þá mörg álitamál og vangaveltur í gangi hjá nefndinni, s.s. inngreiðslutímabilið, ávöxtunarviðmið, lífslíkur, lífeyristökualdur og ekki síst stærð og samsetning sjóðanna. Því væri mikilvægt að byggja ákvarðanir á rannsóknnum. Rannsóknir eru mikilvægar, sagði hann, hvaða fræðilegu forsendur og hvaða staðreyndir eru til staðar, það er grunnur sjálfbærminnar, sagði hann að lokum.

Framsaga um nýsköpun

Þorsteinn Ingi Sigfússon, prófessor og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Í upphafi máls sagði Þorsteinn frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands – NMÍ, tilurð hennar og markmiðum. Grunnhlutverk NMÍ er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu, m.a. með því að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, ásamt því að stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir.

Hann fjallaði um tækifæri í umhverfisvá nútímans út frá þeirri forsendu að umhverfisvá nútímans væri tengd auknu kolefnisfótspori mannsins. Hann sýndi með myndrænum hætti hvað fótsporið þýðir, hvert það leiðir og hvað er til ráða.

Flugvél flýgur frá New York til Íslands yfir Grænland. Á þessu ferðalagi brennir flugvélin eldsneyti sem er samansett úr keðjum af kolvetnum og útskýrði hann hvernig þetta kolvetni breytist og hefur áhrif á andrúmsloftið og samspil sólarljóss og Grænlandsjökuls sem verður til þess að auka bráðnun jökulsins. Að lokum benti hann á að í þessu tilbúna dæmi þá væri ekki aðeins fólk í flugvélinni frá New York heldur einnig ávextir og grænmeti sem færu beint í búð á Íslandi.

Að meðaltali sleppir flugvélin út um 20 kg CO₂ fyrir hvert kíló af ávöxtum.

Þetta er kallað kolefnisfótspor í flutningum. Hæst er það í flugi, töluvert lægra í skipaflutningum og hækkar eftir því sem flutt er lengri leiðir.

Þá svaraði Þorsteinn spurningunni: „Hvernig getum við minnkað kolefnisfótsporið?“ Það má gera t.d. með að nota rafmagnsbíla, vetni- og metanbíla og búa til gervieldsneyti úr CO₂, með því að hremma CO₂ með gróðri eða öðrum jarðfræðilegum aðferðum og ekki síst að efla innlenda ræktun ávaxta og grænmetis.

Þá fjallaði hann um fiskveiðar og kolefnisfótspor fiskveiða sem er mismikið. Hann benti á að þegar togari togar troll verður mikið núningsviðnám í sjónum og skipsvélin brennir miklu eldsneyti. Fótsporið er oft nálægt tonni af CO₂ á hvert tonn af lönduðum fiski. Verið er að vinna að nýsköpun þar sem veitt er með ljósneti í stað trolls. Ljósnetið er léttara og hefur ekki sama núningsviðnám og trollið og þ.a.l. minna kolefnisfótspor.

Þorsteinn sagði að sjálfbærni ógnaði ekki störfum, þvert á móti getur hún oft skapað ný störf og oftast á heimavelli. Sjálfbær störf eru mörg í sýn okkar á framtíðina, sagði hann, til verða ný störf, s.s. við eldsneytisgerð, ræktun, fiskveiðar og fullvinnslu. Einnig eru mörg tækifæri fyrir tæknifólk sem vinnur að umbreytingunni yfir í grænni framleiðslutækni.

Að lokum sagði hann að græna hagkerfið kallaði á SiðVist en í heimi SiðVistar upplýsa fyrirtækin um mengun og mengunarvarnir og aðferðir til þess að bæta þær. Kolefnisfótsporið er þekkt hugtak í græna hagkerfinu og samtalið milli starfsmanna og viðskiptaaðila er opið og gegnsætt. Heimur SiðVistar byggir einnig á sambýli við aðra, t.d. stóriðjuna þar sem úrgangsefni í einu kerfi eru hráefni í öðru ferli og í framtíðinni verður ekki til það fyrirtæki sem ekki verður á einhvern hátt grænt..

Framsaga um húsnæðismál

Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Katrín fjallaði um áskoranir í húsnæðismálum og sagði að í íslensku samfélagi væri frekar hvati til að eiga húsnæði en að leigja. Niðurgreiðslur vaxtabóta af hálfu hins opinbera væru meiri en húsaleigubætur. Það eru ákveðnir hópar sem eiga erfitt með að fjármagna eigið húsnæði, sagði hún, bæði ungt fólk, fatlaðir og þeir efnaminni. Hún taldi að það væri ákveðið ójafnvægi á markaðinum, mikið af húsnæði í byggingu, e.t.v. hálfklárað, og íbúðalánasjóður ætti í dag u.þ.b. tvö þúsund íbúðir. Á hinn bóginn vantaði litlar íbúðir og þá ekki síst leiguíbúðir.

Katrín telur að stærsta hagsmunamál þeirra sem huga að fasteignafjárfestingu sé að það þurfi meiri og nákvæmari gagnasöfnun. Fasteignakaup eru líklega stærsta fjárfesting sem einstaklingurinn fer í á lífsleiðinni og hún telur að það vanti gögn og upplýsingar fyrir þá sem huga að slíki fjárfestingu.

Hún spyr hvort hægt sé að lækka húsnæðiskostnaðinn en segist ekki hafa svar við þeirri spurningu. Það eru strangar byggingareglugerðir hér á landi og líklega hafa þær áhrif á byggingarkostnaðinn. Það þurfi að koma samkeppni frá leigumarkaðinum, segir Katrín, en hann sé svo lítill að hann hefur ekki áhrif á fasteignamarkaðinn almennt. Til að hægt sé að bjóða upp á hagkvæma langtímaleigu og það öryggi sem því fylgi þurfi stór leigufélag; stærð markaðarins hér á landi sé ekki nægjanleg til að standa undir stóru leigufélagi. Einnig er krafa um að leiguhúsnæði þurfi að vera miðsvæðis og húsnæði miðsvæðis er yfirleitt dýrara en í úthverfum.

Hún segir að vaxtarbætur og húsnæðisbætur séu á valdi hins opinbera og þar sé tekist á um leiðir, hvernig eigi að útfæra breytingar, viljinn sé fyrir hendi en útfærslan ekki. Stærðarhagkvæmnin skiptir máli í því tilliti, við búum við lítinn gjaldmiðil í litlu landi þar sem vextir eru hærri en í þeim löndum sem við miðum okkur við.

Búið er að tala illa um verðtrygginguna undanfarið. Hún hefur sína kosti þar sem hægt er að dreifa hækkunum og verðlagi yfir langt tímabil en á sama tím er eðlilegt að bjóða einnig upp á óverðtryggt lán. Enn og aftur ítrekar Katrín mikilvægi þess að upplýsingar liggi fyrir og það sé nauðsynlegt að lántaki skilji kosti og galla hvors um sig og því sé sjálfstæð ráðgjafarþjónusta nauðsynleg.

Að lokum sagði Katrín að húsnæði væri dýrt og ákveðinn hluti fólks hefði ráð á því að kaupa og greiða húsnæði á sinni lífstíð en það væri líka annar hópur, hópur sem þyrfti aðstoð en í hvaða formi? Hún skildi þingfulltrúa eftir með þessa spurningu.

Klukkan 12:45 var gert hádegishlé. Klukkan 13:30 var þingi fram haldið.

Þingforseti kynnti þrjá örfyrirlestra sem haldnir verða fimmtudaginn 18. nóvember kl. 13:00–13:30

Katrín Baldursdóttir lauk mastersverkefni í atvinnulífsfræðum í vor sem fjallar um áhrif hnattvæðingar á þróun verkalýðshreyfingar á Íslandi og annars staðar. Hún gerði rannsókn hér á Íslandi og talaði við 10 verkalýðsleiðtoga um viðfangsefnið. Slík rannsókn hefur ekki verið gerð áður hér á landi en Katrín hlaut styrk úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar.

Jökull Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skólavefsins, kynnir nýjan náms- og fræðsluvef sem ber heitið Námsstorg.is - Þetta er samvinnuvefur Skólavefsins og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, LÍV og VR, til minningar um Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, fyrrverandi formann LÍV og varaforseta

ASÍ. Vefurinn er hugsaður fyrir alla þá sem vilja bæta við sig námi og þekkingu, hvort heldur í þeim tilgangi að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða auka lífsgæði almennt.

Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og **Þorvaldur Gylfason** prófessor ræða um þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um félagafrelsi og ákvæðin er varða grundvallarmannréttindi, velferðarþjónustu, menntun og atvinnu.

Umræður

Lagabreytingar / 1. umræða

Sigurður Bessason, fulltrúi SGS í skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ, hafði framsögu um frumvarp miðstjórnar til breytinga á lögum og reglugerðum ASÍ, ásamt kynningu á innsendum tillögum um lagabreytingar.

Sigurður gerði fyrst í stuttu máli grein fyrir aðdragandanum að frumvarpinu og helstu breytingum sem í því fælust. Í fyrsta lagi væri gerð tillaga um að orðið „landssambönd“ kæmi inn í 2. mgr. 5. gr. en það hafi greinilega fallið niður við frágang laga ASÍ. Í öðru lagi væri lagt til að aðildarfélögum yrði heimilt að ákvarða lengd kjörtímabils stjórnar og trúnaðarráðs í allt að fjögur ár í stað tveggja. Bætti Sigurður við að tillaga þessi væri komin fram að beiðni VM. Í þriðja lagi væri gerð tillaga um að miðstjórn – í stað sambandsþings – samþykkti reglugerð fyrir skrifstofu ASÍ. Í fjórða lagi væri lagt til að ungliðahreyfing ASÍ, sbr. 5. kafli laganna, skyldi nefnast í lögum ASÍ, ASÍ-UNG í stað ASÍ-UL. Í fimmta lagi væri gerð tillaga um að orðið formenn félli út úr 2. mgr. 39. gr. enda væri ljóst að það væru ekki eingöngu formenn sem sætu þessa fundi. Í sjötta lagi væru lagðar til breytingar á reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ á þá leið að þar sem áður stóð ársfundur skyldi nú standa sambandsþing. Auk þess yrði skipuriti breytt á þá leið að útgáfumál og auglýsingar heyrðu nú undir nýstofnaða deild upplýsinga- og kynningarmála.

Því næst gerði Sigurður grein fyrir nokkuð umfangsmiklum breytingar-tillögum á reglugerð um Listasafn ASÍ. Í fyrsta lagi væri gerð tillaga um að það sem áður hafi staðið í 2. gr. reglugerðarinnar um eignarhald og yfirstjórn safnsins, skyldi nú færast yfir í 1. gr. Í öðru lagi væri lagt til að í reglugerðinni yrði mælt fyrir um að safnið starfaði skv. gildandi safnalögum og síðareglum ICOM (International Council of Museums, þ.e. Alþjóðarráðs safna,). Í þriðja lagi væri lagt til að í 4. gr. reglugerðarinnar kæmi ný málsgrein þar sem yrði mælt fyrir um að allur ágóði af starfi safnsins rynni til þess sjálfs. Í fjórða lagi væri gerð tillaga um að orðið ársfundur félli út úr 4. mgr. 4. gr. Í fimmta og síðasta lagi væru svo lagðar til ýmsar smávægilegar breytingar á reglugerðinni um brottfall á notkun orðsins ársfundur úr reglugerðinni, auk þess sem lagt

væri til að í reglugerðina kæmi ákvæði sem mælti fyrir um að ef safnið yrði lagt niður skyldi safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar.

Að þessu loknu gerði Sigurður grein fyrir tillögu ASÍ-UNG og umsögn miðstjórnar um breytingar á 29. gr. laga ASÍ. Væri lagt til að tillaga ASÍ-UNG yrði samþykkt af þinginu, með smávægilegum breytingum þó, um að auka-fulltrúar á þingi ASÍ-UNG yrðu kostaðir þangað af aðildarfélögnum sjálfum auk þess sem þeir hefðu aðeins málfrelsis- og tillögurétt. Sigurður gerði því næst grein fyrir umsögn miðstjórnar um tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um beinar kosningar forseta félagsmanna allra aðildarfélaga og bauð svo að lokum Vilhjálmi Birgissyni, Verkalýðsfélagi Akraness, að gera grein fyrir tillögunni.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, gerði grein fyrir tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ á þá leið að forseti ASÍ skyldi frá og með árinu 2014 vera kosinn í beinni kosningu allra félagsmanna aðildarfélaga ASÍ í stað 200–300 þingfulltrúa. Vilhjálmur rakti þau sjónarmið sem stæðu að baki tillögunni. Sagði hann að umræðan í þjóðfélaginu væri á þá leið að sífellt auknar kröfur væru gerðar til aukins lýðræðis og það að kjósa forseta ASÍ beinni kosningu væri svar við því ákalli. Vitnaði Vilhjálmur tillögunni til stuðnings í skoðanakönnun frá Capacent þar sem 88% þeirra sem tóku afstöðu svöruðu því játandi að þeir vildu að forseti ASÍ væri kjörinn með beinni kosningu félagsmanna aðildarfélaga. Deildi Vilhjálmur jafnframt á þá lagabreytingartillögu að félögum væri heimilt að kjósa forystu sína til allt að fjögurra ára í senn. Taldi hann þetta vera ólýðræðislegt skref og sagði að forysta verkalýðsfélaga ætti ekki að þurfa að óttast það að endurnýja umboð sitt á tveggja ára fresti.

Þingforseti gaf orðið laust.

Sævar Örn Kristjánsson, VM, sagði að í ljósi gagnrýni Vilhjálms á tillögu VM um lengingu kjörtímabils forystu aðildarfélaga, taldi hann sig knúinn til þess að gera grein fyrir forsendum hennar. Hann sagði að við samruna tveggja félaga í VM á sínum tíma hafi komið í ljós vilji til þess að lengja kjörtímabil til að menn fengju meiri tíma og frið til að sanna sig í embætti. Þetta væri eðlilegt í ljósi umfangs starfseminnar og hann taldi að félögin sjálf ættu að hafa þetta ákvörðunarvald innan ákveðinna marka þó, og fjögurra ára kjörtímabil væri ekki óeðlileg lengd. Að lokum sagði hann að ekki væri verið að draga úr lýðræði með því að leyfa aðildarfélögum innan ASÍ að velja sjálf hvort þau kysu forystu til tveggja eða fjögurra ára.

Finnbjörn Hermannsson, Bygging, sagðist fagna allri umræðu sem sneri að lýðræði í aðildarfélögunum. Hann teldi þó heppilegast að nálgast þessi lýðræðismál heildstætt, alveg niður í grunneiningarnar. Eðlilegt væri að velta

fyrir sér hvaða fyrirkomulag væri heppilegast til að þjóna lýðræðinu og nefndi álitamálið um beina kosningu eða listakosningu sem dæmi um umræðu sem þyrfti að taka. Hann hvatti jafnframt til þess að tækifærið yrði notað og gerði að tillögu sinni að skipuð yrði millipinganefnd sem færi í heildarúttekt á lýðræði í verkalýðshreyfingunni og lífeyrissjóðum. Sagðist Finnbjörn jafnframt telja að leiða þyrfti hugann að því hversu lengi forystumenn ættu að fá að sitja, þ.e. hvort eðlilegt væri að hafa hámarkstíma í forystu.

Sverrir Albertsson, AFLi Starfsgreinafélagi, vakti athygli á því að fulltrúalýðræði eins og það sem væri við lýði í ASÍ, væri ekkert nýtt af nálinni. Taldi hann að ef taka ætti upp á því að kjósa forseta ASÍ í beinni kosningu félagsmanna allra aðildarféлага þyrfti að fara alla leið og kjósa beint til þings, til stjórna verkalýðsfélaga o.s.frv. til að tryggja samræmi. Að endingu vildi Sverrir vekja athygli þingfulltrúa á því að beinar kosningar væru oft í klóm fjölmiðla og peningaveldis. Sagðist Sverrir telja með vísan í fyrrgreint að bein kosning á forseta ASÍ gæti leitt af sér mjög óábyrga kosningaráttu sem væri engum til framdráttar. Þetta væri eitthvað sem þyrfti að hugleiða og vildi hann hvetja þingfulltrúa til að leiða hugann að því til dæmis hvernig lífeyrissjóðir landsins hefðu farið ef peningaöflin hefðu komist til valda þar árið fyrir hrun í krafti beins lýðræðis.

Ólafur Pétursson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, sagðist telja það ljóst að einhverju þyrfti að breyta í verkalýðshreyfingunni. Sagði hann að enginn áhugi væri í félögunum lengur og ef tillaga Vilhjálms gæti hugsanlega breytt því þá taldi hann sjálfsagt að skoða það. Varðandi lagabreytingartillögu, er varðar ASÍ-UNG, sagði Ólafur að hann væri á móti því að hreyfingin yrði sundruð. Hann sagði að ef stofna ætti ungliðahreyfingu innan ASÍ ætti líka að stofna öldungahreyfingu sem gæti þá heitið ASÍ-ÖLD.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, gerði grein fyrir fyrirkomulagi kosninga hjá VLFA. Hann sagði að ASÍ hafi tekið yfir rekstur félagsins á sínum tíma, þ.e. árið 2003, enda hafi það verið óstarfhæft vegna átaka. Það hafi svo verið skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ sem hafi komið á fyrirkomulaginu um listakosningu en áður hafi verið notast við beinar kosningar. ASÍ hafi, eins og áður sagði, farið með stjórn félagsins um tíma og þá hafi þetta verið ákveðið til að fá hreinar línur í félaginu um hver væri vilji fólksins.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, fjallaði um breytingartillöguna um heimildina til lengingar á kjörtímabili stjórna aðildarféлага. Sagðist hann telja tvö ár ágætan hámarkstíma og nefndi sem dæmi að hann hefði líklegast ekki gefið kost á sér á sínum tíma til trúnaðarstarfa fyrir VR ef kjörtímabilið hefði verið lengra en tvö ár. Sagðist Ragnar styðja tillögu VLFA um beina kosningu forseta ASÍ og hvatti aðra til að gera hið sama enda liti hann sem félagi í

verkalýðshreyfingunni svo á að forseti ASÍ talaði fyrir sína hönd og því væri mikilvægt að hann hefði það sterkt umboð sem fengist með beinni kosningu. Að endingu vildi Ragnar bregðast við ummælum Sverris Albertssonar um hvaða afleiðingar beinar kosningar hefðu haft á stöðu lífeyrissjóðanna. Hann sagði að það væri ekkert sem styddi þá fullyrðingu Sverris, þeir hafi hvort eð er verið tæmdir innan frá og ekki hafi verið hægt að fara verr með þá peninga en gert var fyrir hrun.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, vildi vekja sérstaka athygli á lagabreytingum varðandi ASÍ-UNG. Hvatti hann alla þingfulltrúa til að styðja þær lagabreytingartillögur. Sagði hann að vel heppnað nýafstaðið þing ASÍ-UNG hafi ályktað um þessar breytingar og væru þingfulltrúar hvattir til að sýna ungliðunum stuðning í verki. Gylfi sagðist fagna tillögu Ólafs um stofnun ASÍ-ÖLD enda hefði hann lengi verið talsmaður þess að aðildarfélög leiddu hugann sérstaklega að málefnum félagsmanna sem væri horfnir eða að hverfa af vinnumarkaði. Vék Gylfi því næst að umræðunni um lagabreytingartillöguna er varðar lengingu á kjörtímabili stjórnar aðildarfélaga og vildi hann áréttta það að einungis væri þarna verið að búa til heimild. Ekki væri verið að skikka aðildarfélög til að lengja kjörtímabil stjórnar sinnar heldur væri einungis verið að skapa aðildarfélögum eðlilegt svigrúm til að ráða þessum málum sjálf. Gylfi sagði að sín skoðun væri að félögin sjálf ættu að ráða hvernig þau höguðu sínu lýðræði og skilgreiningu á því en sjálfsagt væri að skoða þau mál nánar og velta við öllum steinum til að tryggja framgang lýðræðis. Að endingu fjallaði Gylfi um tillögu VLFA um að kjósa forseta ASÍ í allsherjarkosningu félagsmanna og sagðist telja þann galla á henni að ef hún næði fram að ganga hefði forseti annað umboð en miðstjórn ASÍ og það gæti skapað ýmis vandkvæði. Langstærsti hluti þess umboðs, sem verkalýðshreyfingin hefði, væri kjarasamningsgerð og það umboð væri hjá félögum sjálfum en ekki forystu ASÍ. Sagði Gylfi að þessi umræða hefði verið tekin fyrir tveimur árum en honum þætti þó alveg sjálfsagt að taka hana upp aftur.

Aðalsteinn Baldursson, Framsýn, sagðist geta tekið undir það sem fram hefði komið hjá fyrri ræðumönnum um að taka ætti þessi mál til heildarendurskoðunar. Aðalsteinn sagði að forystunni bæri að hlusta á fólkið í landinu og fylgja eftir skoðunum þeirra. Hann sagði að innri málefni ASÍ væru of mikil feimnismál og því þyrfti að breyta og bætti því við að innri málefni og lýðræði félaga væri þeirra einkamál og það sem þau ákveddu ætti að vera þeirra mál. Sagði Aðalsteinn að á þinginu hefði staða og framtíð ASÍ þurft að vera sérstakur umræðuliður. Hann sagði að hreyfingin í heild þyrfti að taka sig á til að hífa upp almenningsálitið sem – eins og fram hafi komið – skrapaði botninn. Bót á því myndi aðeins nást með samstilltu átaki og heitum um að bregðast við vilja fólksins í landinu. Sagði Aðalsteinn að lokum að hann hlust-

aði á vilja fólksins, hann væri stuðningsmaður beins lýðræðis og því myndi hann styðja tillögu VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ.

Þingforseti gaf Sigurði Bessasyni, framsögumanni lagabreytingartillagnanna, orðið á ný til að bregðast við fram komnum athugasemdum.

Sigurður Bessason, Eflingu – stéttarfélagi, sagðist ekki geta stutt tillögu VLFA. Helstu rökin fyrir skoðun sinni sagði hann vera þau að lögum samkvæmt færur stéttarfélögin sjálf með kjarasamnings- og verkfallsréttinn. Þau hefðu svo sjálf valið sér samráðs- og samstarfsvettvang til að huga að sameiginlegum málum. Sagði Sigurður að þetta endurspeglaðist jafnframt skýrlega í lögum ASÍ, þ.e. að ASÍ væri fyrst og fremst samráðsvettvangur 51 aðildarféлага en ekki eiginlegt stéttarfélag. Sigurður nefndi að strax við stofnun ASÍ árið 1916 hefði verið ákveðið að ASÍ yrði byggt upp á fulltrúalýðræðinu sem samráðsvettvangur og að sagan sýndi að það skipulag hefði gefist vel. Hann sagði jafnframt að ef forseti ASÍ yrði kosinn beinni kosningu væri hans umboð ekki samráðsvettvangurinn skv. lögum ASÍ og hann þyrfti því ekki að taka tillit til þeirra með tilheyrandi árekstrum og vandkvæðum. Af þessu leiddi að samhliða umræðunni um hvernig kjósa ætti forseta ASÍ væri óhjákvæmilegt að taka samhliða umræðuna um hvaða verkefni og hagsmunamál aðildarfélaganna ættu að vera á borði ASÍ. Að endingu sagði Sigurður að hann teldi að sagan sýndi sig að þetta fyrirkomulag sem hefði verið við lýði í allan þennan tíma hefði gefið af sér nákvæmlega þá leiðtoga sem samráðsvettvangurinn þurfti hverju sinni.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagði að meginástæðan fyrir því að nauðsynlegt væri að ráðast í breytingar væri einmitt sú þróun sem hefði átt sér stað innan ASÍ, þ.e. að ASÍ hefði í raun leitt kjarasamningsviðræðurnar með hinni svokölluðu samræmdu launastefnu. Hann sagði að ASÍ hefði m.a.s. skilað inn viðræðuáætlun til ríkissáttasemjara og veki það furðu sína enda vissi hann ekki til þess að ASÍ hefði nokkurn tímann verið aðili að kjarasamningi. Að endingu sagðist Vilhjálmur vera þess fullviss að ef fólkíð í landinu yrði spurt um hver hefði leitt síðustu kjarasamningsviðræður þá myndi það svara að það hefði verið ASÍ og forseti ASÍ.

Þingforseti vísaði fyrirbyggjandi þingskjölum um lagabreytingar til nefndarstarfs um lagabreytingar.

Lífeyrismál / 1. umræða

Gylfi Arnbjörnsson, formaður lífeyris- og veikindaréttarnefndar ASÍ, gerði

grein fyrir viðfangsefnum nefndar um lífeyrismál og þeim gögnum sem væru þar að baki.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, kynnti framkomna tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA þess efnis að umsamin 3,5% hækkun á lífeyrissjóðsiðgjöldum skyldi fara í séreignarsjóði frekar en sameignarsjóði. Rakti hann ítarlega forsendurnar sem lægju að baki tillögunni og fram koma í greinargerð með henni. Vilhjálmur sagði að hann teldi það blekkingarleik að segja að 3,5% hækkunin væri jöfnun á lífeyrisréttindum, staða opinberu sjóðanna væri það slæm að sú byrði myndi hvort eð er lenda á skattgreiðendum nema gripið væri til einhverra þeirra þriggja úrræða sem Fjármálaeftirlitið hefði lagt til í skýrslu sinni. Sagði hann að ekki væri raunverulega hægt að jafna lífeyrisréttindi öðruvísi en með því að almennir launþegar fengju einnig ríkisábyrgð á sinn lífeyri. Vilhjálmur fjallaði því næst ítarlega um slæma afkomu lífeyrissjóðskerfisins í heild sinni enda hefði það tapað 500 milljörðum í hruninu og talsvert vantaði af fjármagni í kerfið til að lagfæra tryggingarfræðilega stöðu þess. Vilhjálmur sagði að það þyrfti að tryggja að þessi hækkun rynni óskipt til launafólks í landinu í stað þess að það færi í þá „botnlausu hit“ sem samtryggingarkerfið væri. Eins og þetta liti út núna væri í raun verið að „lofa fyrst og skerða svo“ enda kæmi fram í undirbúningsgögnum að samhliða hækkuninni þyrfti hugsanlega á komandi árum að hækka lífeyrisaldur.

Pingforseti gaf orðið laust.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, varpaði fram nokkrum spurningum í ljósi fjárfestingaþarfar lífeyrissjóðanna, þ.e. hvort í ljósi gjaldeyrishafta og slíks væri skynsamlegt að hækka inngreiðslur enda væri það nánast ávísun á hinar ýmsu bólar. Hann vildi spyrja um raunverulegan ávinning af því að hækka og kvaðst setja spurningar við alla sjóðssöfnunina í ljósi þess að ekki hefði verið sýnt fram á gildi þessa fyrirkomulags. Jafnframt vildi Ragnar spyrja hvort þessi hækkun hefði áhrif á svigrúm til launahækkana og eins hvort þetta væri skynsamlegt þar sem síðasta iðgjaldahækkun upp á 20% hefði ekki skilað krónu til sjóðfélaga í réttindaaukningu. Rakti Ragnar ýmsar tölur og taldi að kerfið þyrfti á gagngerðri endurskoðun að halda áður en farið yrði að ræða um frekari sjóðssöfnun. Auka þyrfti gagnsæi og aflétta ríkjandi leyndarhyggju sem leiddi af sér viðvarandi spillingu. Sagði Ragnar að lokum að enginn lærdómur hefði verið dreginn af hruninu, hann teldi að kerfið myndi hrynja og jöfnun lífeyrisréttinda væri í besta falli óskhyggja en líklegast í raun bara þráhyggja.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagðist ekki vera sammála því sem fram hefði komið fyrr í umræðunni að forystumenn stéttarféлага hefðu afsalað sér kjarasamningsumboðinu. Í tilfelli verslunarmanna

var samningsumboðinu framvísað til LÍV í fullu samráði við félagsmenn og þar, ásamt öðrum félögum innan LÍV, hefði verið unnið að kjarasamningagerð. Varðandi hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð sagði Guðbrandur að sínir félagsmenn hefðu samþykkt að aukaprósenturnar færu í samtryggingarsjóði því að ef allt framlag færi í séreignarsjóði væri verið að sjá á eftir samtryggingunni sem verkalýðshreyfingin ætti að standa vörð um.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði að allir ættu að þekkja gildandi kerfi við gerð kjarasamninga. Félögin ákveði sjálf með hvaða hætti þau vilja ganga til kjarasamninga og þau hefðu falið ASÍ samningsumboð í ákveðnum málaflokkum, þ.á m. lífeyrismálum og skv. vinnulöggjöfinni hefði ASÍ því borið að skila inn viðræðuáætlun til ríkissáttasemjara. Gylfi sagðist ekki halda því fram að umsamið viðbótarframlag í lífeyrissjóði jafnaði lífeyrisréttindi en það væri a.m.k. í þá áttina, enda væri ekki hægt að jafna réttindin nema bæta í sjóðina. Þessi barátta hefði staðið yfir yfir 50 ár og sagðist hann ekki reikna með því að henni lyki á einum degi en baráttunni í þá áttina yrði haldið áfram þar til markmiðinu væri náð. Sagðist Gylfi fagna því að tölurnar um slæma stöðu opinberu sjóðanna væru orðnar opinberar og hvatti alla til að halda þeim á lofti eins og Vilhjálmur hefði gert í ræðustól. Að lokum sagðist Gylfi vilja taka undir með Ragnari Þór Ingólfssyni um að auka þyrfti gagnsæi fjárfestinga og ítrekaði það jafnframt að ekki væri verið að slá tillögu VLFA út af borðinu heldur hefði miðstjórn lagt til að hún færi í nefndarstarfið sem umræðuskjal og þar með yrði þeim sjónarmiðum haldið á lofti ef vilji væri til í niðurstöðum hópavinnunnar.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness sagði að hann væri ekki einn um þá skoðun á meðal formanna aðildarfélaga að ASÍ hefði gengið of langt með samningsumboðið. Fjölmargin væru sér sammála að heppilegra væri að viðbótarframlagið færi í séreignarsjóð fremur en í samtryggingarsjóð. Rakti Vilhjálmur því næst áður nefnd sjónarmið sín um slæma stöðu lífeyrissjóðanna og að fyrri aukningar á framlögum hefðu ekki skilað neinni réttindaaukningu. Sagðist hann efa það að félagsmenn hefðu samþykkt þetta á sínum tíma ef þetta yrði raunin. Það sama væri í gangi núna, bætti Vilhjálmur við, það ætti að lofa félagsmönnum því að viðbótarframlagið myndi þýða það að allir myndu fá sem nemur 76% af launum sínum þegar þeir kæmst á aldur en bætti við að það væri ekki fótur fyrir þessu. Vilhjálmur sagði að lokum að hann teldi engan ávinning af því að greiða í lífeyriskerfið enda sýndu tölur frá FME það að meðaltalsellilífeyrisgreiðslur til karla væru um kr. 60 þúsund pr. mánuð og kr. 31 þúsund pr. mánuð hjá konum enda væri skerðingarhlutfallið króna á móti krónu.

Þingforseti vísaði fyrirliiggjandi þingskjölum um lífeyrismál til nefndarstarfs um lífeyrismál.

Atvinnumál / 1. umræða

Signý Jóhannesdóttir, formaður atvinnumálanefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum nefndar um atvinnumál og þeim gögnum sem væru þar að baki.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og vísaði þingforseti fyrirbyggjandi þingskjölum um atvinnumál til nefndar.

Húsnæðismál / 1. umræða

Sigurros Kristinsdóttir, formaður velferðarnefndar ASÍ, gerði grein fyrir helstu umræðuskjali sem lagt var fram til umfjöllunar fyrir nefnd um húsnæðismál.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, gerði grein fyrir innsendri tillögu VLFA um afnám verðtryggingar á neytendalánum. Vilhjálmur taldi þetta eitt brýnasta hagsmunamál alþýðu landsins og rakti því til stuðnings ýmsar tölulegar upplýsingar um þau áhrif sem verðtryggingin hefði haft á skuldastöðu heimilanna í landinu. Sagði hann að skuldir heimilanna hefðu hækkað um 60 milljarða á síðasta ári enda hefði komið fram að hátt í 50% íslenskra heimila væru tæknilega gjaldþrota. Upplýsti Vilhjálmur um skoðanakönnun sem framkvæmd var fyrir tilstilli Hagsmunasamtaka heimilanna þar sem fram kom að yfir 80% landsmanna voru fylgjandi afnámi verðtryggingar. Gagnrýndi Vilhjálmur mjög ríkjandi stjórnvöld fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir því að verðtrygging á húsnæðislán yrði afnumin. Að endingu sagði Vilhjálmur að til viðbótar við framlagða tillögu um afnám verðtryggingar á neytendalán þyrfti þing ASÍ að krefjast þess að lög yrðu sett sem kvæðu á um hámarksvexti neytendalána til að bregðast við mögulegum vanda sem fylgi breytilegum vöxtum á húsnæðislán.

Guðni Gunnarsson, formaður ASÍ-UNG, kynnti innsenda tillögu sem var samþykkt á nýliðnu þingi ASÍ-UNG um húsnæðismál. Rakti Guðni tvær dæmisögur af ungu fólki sem í dag stæði frammi fyrir vaxandi óöryggi í húsnæðismálum. Bæði hefði aðgangur að lánsfé versnað til muna eftir hrun og jafnframt hefði stighækkandi leiga og vanþróaður leigumarkaður slæm áhrif á húsnæðisöryggi ungs fólks. Sagði Guðni að ungt fólk í dag væri í raun háð mikilli aðstoð frá foreldrum sínum þar sem að það væri svo dýrt að leigja af því að það væri svo erfitt að kaupa, og að sama skapi væri svo erfitt að kaupa af því að það væri svo dýrt að leigja. Þetta væri víthringur sem þyrfti að brjóta á bak aftur og hvatti Guðni þingfulltrúa til að hugsa um unga fólkið í nefndarstarfinu um húsnæðismál.

Þingforseti gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, hvatti þingfulltrúa til að eiga enn frekari umræður um verðtryggingu neytendalána, fólk þyrfti ekki annað en að líta á greiðsluseðil húsnæðisláns síns til að sjá að lánið hefði hækkað um tæp 42% frá því árið 2008.

Þingforseti vísaði fyrirleggjandi þingskjöllum um húsnæðismál til afgreiðslu í nefnd um húsnæðismál.

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar ASÍ, minnti á kosningar þar sem kosið verður til allra trúnaðarstarfa hjá ASÍ á föstudaginn. Framboð þurfa að berast til formanns kjörnefndar á sérstökum eyðublöðum.

Önnur mál – Evrópu- og kjaramál / 1. umræða

Gylfi Arnbjörnsson, VR, kynnti tillögu miðstjórnar um drög að ályktun um Ísland og ESB, þar sem fjallað er um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið.

Þingforseti gaf orðið laust.

Stefán Einar Stefánsson, VR, sagði að skiptar skoðanir væru innan raða hreyfingarinnar um aðildarviðræður Íslands við ESB þar sem þetta væri mikið hagsmunamál og hann hefði helst viljað að komið hefði til sérstakrar umræðu á þinginu um málið. Stefán Einar taldi forseta ASÍ hafa gengið of langt í umfjöllun um ESB og mögulega inngöngu þar inn. Kannanir, sem gerðar eru til málsins með reglulegu millibili, sýna að skoðanir eru skiptar, sagði hann, og að forysta ASÍ eigi að tóna niður umræðuna og láta hana frekar yfir á svið stjórnmalanna. Að lokum sagði hann að það ætti að gefa þjóðinni svigrúm til að vinna að þessu máli án þess að ASÍ stýrði umræðunni með afgerandi hætti.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi Starfsgreinafélagi, kynnti drög miðstjórnar að ályktun um kjaramál.

Þingforseti gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, ræddi um samræmda launastefnu og taldi mikilvægt að þingið fjallaði um þá stefnu en hann sagðist hafa verið mótfallinn samræmdri launastefnu þegar hún var ákveðin. Vilhjálmur

sagði að staða atvinnugreina væri misjöfn og ekki hægt að setja allar atvinnugreinar undir sama hatt. Hann gagnrýndi samræmdu launastefnuna harðlega og taldi að með henni hefði forysta ASÍ tekið samningsumboðið af félögum sínum. Hann sagði að VLFA hefði ákveðið að draga sig til baka í samningsviðræðum þar sem ekki átti að taka tillit til stöðu útflutningsfyrirtækja í þessum samningum, s.s. stóriðju og fiskvinnslufyrirtækja. Því næst rakti Vilhjálmur söguna að baki kjarasamnings VLFA og Elkem. Hann sagði að samræmda launastefnan hefði orðið til þess að ekki hefði verið hægt að sækja meiri hækkanir til sjávarútvegsfyrirtækja fyrir fiskvinnslufólkið. Taldi Vilhjálmur að það hefði verið sóknarfæri að sækja meira fyrir þann hóp en vegna samræmdu launastefnunnar þá hefði ekki verið hægt að gera neitt. Vilhjálmur sagði einnig að meðan almennt verkafólk hefði verið bundið innan klafa samræmdu launastefnunnar þá hafi forsvarsmenn fyrirtækja hækkað sín eigin laun um tugi þúsunda. Vilhjálmur lagði áherslu á að ekki mætti taka samningsumboðið af stéttarfélagunum og sagði að það mætti ekki gerast aftur að fámennur hópur taki svona afdrifaríka ákvörðun. Að lokum hvatti hann til þess að verkalýðshreyfingin lærði af reynslunni og láti þetta ekki endurtaka sig, það væri eðlilegra að spyrja félagsmennina beint um hvað þeir vildu gera.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagði að samræmda launastefnan fæli í sér að menn teldu að betri árangur næðist saman en sundruð. Betra væri að tala einum rómi en mörgum. Hann sagði að með samræmdu launastefnunni hefði verulegum árangri verið náð í hækkun lægstu launa. Guðbrandur minntist þess að þegar gengi krónunnar var mjög sterkt og sjávarútvegsfyrirtæki hefðu verið í veikri stöðu, þá hefði ekki verið tekin afstaða um það að skilja einhverja eftir sem áttu ekki innistæður fyrir launahækkunum. Samræmda launastefnan byggði á að fylgjast að og standa saman, sagði Guðbrandur að lokum.

Sigurður Bessason, Eflingu – stéttarfélagi, sagðist ekki getað tekið undir þau orð að samræmd launastefna væri slæm. Hann sagði að það hefði komið tímabil þar sem sóknarfærin hefðu verið misjöfn eftir t.d. landshlutum og minntist á þenslu á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Aldrei hefði það hvarflað að nokkrum manni, sagði hann, að skilja einstaka hópa eftir eða horfa á einstaka landshluta. Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar væri að tryggja að allir launamenn fengju sambærilegar launahækkanir á hverjum samningstíma. Eftir efnahagshrunið voru allir að borga tjónið, hvaða starfi sem þeir gegndu, ekki eingöngu þeir sem unnu í útflutningsgreinum, sagði Sigurður. Einnig hefur hreyfingin gert þá kröfu að tryggja jafna aðkomu að því sem er til skiptanna eða er kannski sá tími kominn að sumir fái meira en aðrir? spurði hann. Hann hrósaði iðnaðarmönnum og verslunarmönnum í fyrri samningum, þar hefðu þessar starfsstéttir getað sótt meiri launahækkanir

en aðrar en ekki gert heldur búið til rými sem nýst hefði öllum. Að lokum sagði Sigurður að það væri einkenni góðrar verkalýðshreyfingar að gera hlutina saman en ekki hafa sérhyggju að leiðarljósi.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, sagði að menn ættu ekki að deila. Mikilvægast væri að horfa á heildarmyndina, að hreyfingin hefði náð að gera góða samninga með samræmdu launastefnunni þó svo að þessi samræmda stefna hafi gert sumum óleik, sérstaklega þeim sem semja um sérkjarasamninga. Markmið kjarasamninga er að vinna heiðarlega með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagði að í samningum 2004 og 2008 hefðu iðnaðarmenn fengið meiri hækkun en verkafólk og taldi það ekki í samræmi við samræmda launastefnu. Einnig deildi hann á launahækkanir í stjórnnum lífeyrissjóða sem hefðu verið umfram það sem tíðkast hefði á markaði.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR, taldi ávinning kjarasamninga umdeildan, þar sem hann teldi ekki að kaupmáttur hefði aukist. Mikið væri um hækkanir, sérstaklega hjá sveitarfélögum og hinu opinbera. Einnig vildi hann benda á að tölur í nýrri skýrslu Hagstofu Íslands væru villandi þar sem meðaltal útreikninga gæfi ekki skýra mynd af stöðu mála.

Pingforseti vísaði fyrirbyggjandi þingskjölum um Evrópu- og kjaramál til nefndar um Evrópu- og kjaramál.

Kynning á nefndastörfum.

Klukkan 16:30 var gengið til starfa í nefndum. Unnið var í hópum í „þjóðfundarformi“ um atvinnumál, húsnæðismál og lífeyrismál. Klukkan 18:30 var gert hlé á þingstörfum.

FIMMTUDAGUR 18. OKTÓBER

Þingfundi var fram haldið fimmtudaginn 18. október kl. 09:00 – fyrst með framhaldi á nefndastarfi í málstofum og klukkan 13:00– 13:30 voru örfyrirlestrar eins og kynnt var daginn áður. Klukkan 13:30 hófst sameiginleg dagskrá í aðalfundarsal.

Þingforseti benti á að ASÍ væri komið á fésbókina og hvatti þingfulltrúa að skoða síðuna. Þingforseti bað þingfulltrúa, að gefnu tilefni, að halda sig við þau málefni sem væru á dagskrá hverju sinni og að virða ræðutíma.

Ritun sögu ASÍ

Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur kynnti ritun sögu ASÍ.

Hann fjallaði um mikilvægi söguritunar og lagði út af spurningunni: „Hvers vegna skiptir máli að taka saman svona verk?“ Alþýðusambandið hefur í hart nær eina öld tekið þátt í átökum og umræðu um hvert íslenskt samfélag á að stefna. Saga ASÍ fjallar um þessa umræðu og átök, um það hvers vegna það samfélag, sem við lifum í, lítur út eins og það gerir, sagði hann.

Sagan, sem ég hef verið að skrifa, sagði Sumarliði, fjallar um réttinn til að mynda samtök, rétt til að hafa áhrif á vinnutíma, hvað sé greitt í laun, um tryggingar af ýmsu tagi vegna slysa og veikinda, elli og örorku. Hún fjallar líka um möguleikana á því að búa í mannsæmandi húsnæði, að eiga kost á menntun, að lifa af þó að fólk hafi ekki vinnu, að fá stundum frí og geta notið þess að vera með fjölskyldu, að búa við mannsæmandi aðstæður á vinnustað og síðast en ekki síst að vera stolt eða stoltur af því sem maður er.

Eitt af því merkilegasta við þessa sögu, sagði hann, er að saga hreyfingarinnar er samofin baráttunni fyrir velferð fólks. Að finna út hver þáttur ASÍ var í að byggja upp norrænt velferðarsamfélag á Íslandi; verkalýðshreyfingin var þar einn stærsti gerandinn og þar með mótandi fyrir það samfélag sem við lifum í. Ýmislegt var það sem kom á óvart og nefndi hann meðal annars að þrátt fyrir dreifða byggð, örsmáa vinnustaði og sundrunu innan hreyfingarinnar, spruttu upp félög og jafnvel úti í sveitir. Hreyfingin náði afar góðum árangri við að sannfæra fólk um að það ætti að ganga í samtök. Og sú er raunar reyndin enn. Óvíða er herra hlutfall fólks í stéttarfélögum en hér á landi.

Nokkur önnur atriði voru það sem hann nefni sem komið höfðu á óvart við vinnslu sögu ASÍ og er helst að nefna hversu afdrífaríkur aðskilnaður flokks og sambands varð árið 1940 en við þá breytingu varð eins og sýn hreyfingarinnar förlaðist á vissan hátt. Ákveðið misvægi í umræðu um sögu hreyfingarinnar fannst honum áhugavert, þar sem smáskærur á fjórða áratugnum fengu meira vægi og athygli heldur en stórviðburðir eins og samþykkt vinnulöggjafarinnar árið 1938. Einnig nefni hann fhaldssemi hreyfingarinnar í skipulagsmálum og ekki síst hversu lífseig þau viðhorf voru innan hreyfingarinnar að konur væru

ekki fullgildir þátttakendur í samfélaginu og hversu erfitt konur áttu lengi uppdráttar innan hreyfingarinnar. Ekki síst kom það honum á óvart hversu öflugt menntakerfi verkalýðshreyfingin hefur rekið um langan tíma.

Hann sagði að umræðu hefði skort um verkalýðshreyfinguna og hvert framlag hennar til samfélagsins hefði verið því ekki hafi verið mikið um rannsóknir á því efni undanfarin ár. Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar er varðveitt í Þjóðskjalasafni og þar bíða miklir fjársjóðir til frekari athugana, einnig í skjalasöfnun víða um land og ekki síst í kollinum á fólki.

Sumarliði sagði að lokum að „...það hafi verið forréttindi að fá að vinna við þetta verk, að fjalla um öflugustu félagshreyfingu þjóðarinnar, um þátt hennar í að breyta samfélaginu, um sigra hennar, ósigra, um samheldni og sundurlyndi en umfram allt um þátt hennar í að gera Ísland að betra samfélagi fyrir alþýðu manna.“

Skýrsla forseta ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson fylgdi skýrslu forseta úr hlaði.

Gylfi kynnti tvær skýrslur, fyrir árin 2011 og 2012. Fram kom í máli Gylfa að áhersla hefur verið lögð á að færa til bókar allt starf ASÍ, ekki einvörðungu fyrir þingfulltrúa heldur til að gera aðgengilegt starf og ákvarðanir sem teknar eru innan verkalýðshreyfingarinnar. Það væru ekki síður mikilvægt fyrir komandi kynslóðir að hafa aðgengi að skýrslu forseta Alþýðusambandsins og skýrslum frá þingum Alþýðusambandsins en í þeim liggja mikil verðmæti fyrir sagnaritara.

Í lok ársfundar 2010 var samþykkt kjaramálaályktun þar sem meðal annars aðildarsamtök ASÍ voru hvött til að sameinast um kjarasamningaviðræður sem þá voru að hefjast. Í framhaldi vísuðu flest aðildarfélög sín um málum til sinna landssambanda og félög með beina aðild höfðu samstarf um ákveðna þætti kjarasamninga. Ákveðið var að fara sameiginlega fram gegn atvinnurekendum og stjórnvöldum. Það var gert með að fela samninganefnd ASÍ ákveðna þætti kjarasamningsins. Kjarasamningaviðræður, sem hófust í desember 2010, voru erfiðar, sagði Gylfi, og á tímabili var staðan tvísýn en að hans mati var niðurstaðan góð. Niðurstaða var kjarasamningur sem ríflega 90% þeirra sem þátt tóku í kosningum samþykktu. Í þessum samningi náðist samkomulag og bókanir við stjórnvöld og atvinnurekenda sem þarf að fylgja eftir. Þessum verkefnum eru gerð skil í skýrslunum. Einnig gerði Gylfi grein fyrir því að áhersla hefur verið á virkni þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu og að tryggja aukin fjárlög og aukinn skilning á að efla úrræði og treysta stöðu þeirra. Tilraunaverkefnið Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. hóf starfsemi í haust og er markmið þess að annast þjónustu við atvinnuleitendur í tengslum

við vinnumarkaðsaðgerðir. Hann sagði einnig frá því að áhersla hefði verið á að skoða vexti hér á landi og þá sérstaklega vexti á húsnæðislán. ASÍ stóð fyrir tveimur fundum um málið þar sem bæði innlendir og erlendir sérfræðingar fjölluðu um mismunandi vaxtakerfi. Hann sagði að nauðsynlegt væri að finna leiðir sem duga fólki. Gylfi nefndi jafnlaunastaðalinn og sagði hann að bundnar væru væntingar við innleiðingu hans og þannig unnið gegn launamun kynjanna. Hann sagði að síðasta tímabil hafi einnig einkennst af deilum við stjórnvöld að fá það fram sem um var samið í kjarasamningum, eins og að koma í veg fyrir að lagður yrði skattur á lífeyrissjóðina. Við endurskoðun kjarasamninga í janúar ákvað samninganefndin að að halda kjarasamningum áfram þó svo að ekki hafi verið staðið við allt sem um var samið. Til þess að leggja áherslu á kröfur verkalýðshreyfingarinnar var öllum þingmönnum send afrit af öllum ályktunum og samþykktum samninganefnda og stjórna landssambanda og félaga innan ASÍ með yfirskriftinni PACTA SUNT SERVANDA – Samningar skulu standa.

Reikningar ASÍ og stofnana

Ólafur Darri Andrason gerði grein fyrir ársreikningi ASÍ og stofnana.

Ólafur Darri gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árin 2010 og 2011. Þær breytingar urðu í ársreikningi 2011 að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var ekki lengur hluti samstæðunnar þar sem eignarhlutur ASÍ fór undir 50%

Fram kom hjá Ólafi Darra að útkoma ársins 2010 var hagstæð um 90 milljónir kr. og útkoma ársins 2011 var hagstæð um 13 milljónir kr. Í máli Ólafs Darra kom fram að á árinu 2010 hefðu eignir aukist um rúmar 84 milljónir, skuldir minnkað um tæpar 9 milljónir og eigið fé aukist um tæpar 93 milljónir. Á árinu 2011 hefðu eignir minnkað um tæpar 2 milljónir, skuldir aukist um rúmlega hálf milljón og eigið fé minnkað um rúmar 2 milljónir króna. Um reikningana að öðru leyti vísaði Ólafur Darri til skýrslna forseta fyrir árin 2010 og 2011 þar sem þeir eru birtir. Þingforseti gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Þingforseti bar upp til atkvæða reikninga ASÍ og voru þeir samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar / 2. umræða og afgreiðsla

Sigurður Bessason, fulltrúi SGS í skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ, kynnti

niðurstöðu nefndarinnar um framkomnar tillögur miðstjórnar og innsendar tillögur frá VLFA og ASÍ-UNG. Niðurstaða nefndarinnar var á þá leið að hún lagði til að frumvarp miðstjórnar um breytingu á lögum ASÍ, reglugerðum um skrifstofu ASÍ og Listasafn ASÍ yrðu samþykktar óbreyttar. Laganefnd lagði jafnframt til að innsend tillaga ASÍ-UNG yrði samþykkt með fyrirbyggjandi breytingartillögum miðstjórnar ASÍ. Hvað varðar tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ sagði Sigurður að gagnstæð sjónarmið varðandi efni tillögunnar hefðu verið rædd ítarlega og kynnti hann þau sjónarmið en þau hefðu flest komið fram í fyrri umræðu um lagabreytingar. Svo hefði þó farið að laganefnd hefði samþykkt gegn einu mótatkvæði nefndarmanns að leggja þyrfti í nánari vinnu hvað varðar hlutverk og umboð forseta ASÍ, auk skoðunar á öðrum nauðsynlegum afleiddum laga- og stefnubreytingum sem væru óhjákvæmilegar í ljósi nýs fyrirkomulags á vali forseta ASÍ. Að svo stöddu gæti laganefnd því ekki lagt annað til en að tillagan yrði felld. Því næst rakti Sigurður niðurstöður laganefndar lið fyrir lið með því að lesa upp hverja og eina lagabreytingu sem nefndin lagði til að yrði samþykkt auk þeirra sjónarmiða sem lágu að baki tillögunni.

Pingforseti lagði tillögur laganefndar til breytinga á lögum ASÍ í atkvæðagreiðslu. Kynntar breytingar á 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 19. gr., heiti 5. kafla, 29. gr. og 2. mgr. 39. gr. voru samþykktar samhljóða af þingfulltrúum.

Breyting á 1. mgr. 16. gr. laganna var samþykkt með 9 mótatkvæðum.

Pingforseti tilkynnti að tillaga stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ um allsherjarkosningu forseta ASÍ, hefði verið lögð fram á ný með löglegum hætti og gaf því Vilhjálmur Birgissyni, VLFA, orðið til að kynna tillöguna á ný.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, kynnti tillöguna og rakti áður framkomin sjónarmið um að auka þyrfti lýðræði innan ASÍ. Sagðist hann hafa átti viðræður við fulltrúa laganefndar um hvort hægt væri að gera einhverja málamiðlunartillögu eða finna tillögunni annað ferli, eins og t.d. að vísa henni í vinnuhóp, í stað þess að leggja hana til atkvæðagreiðslu í ljósi álits laganefndar á henni. Hann teldi nauðsynlegt að leggja málið fyrir þingið núna, sagðist ekki vera sammála því að umboð forseta þyrfti eitthvað að endurskilgreina í tengslum við tillögu VLFA. Vilhjálmur vitnaði í áðurnefnda könnun um afstöðu félagsmanna aðildarfélaga ASÍ til beins kjörs forseta og sagði að þingfulltrúum bæri skylda til að hlusta á vilja grasrótárinna.

Stefán Einar Stefánsson, VR, sagðist ekki geta stutt tillögu VLFA og teldi skynsamlegra að ræða og ígrunda málið betur. Stefán sagðist jafnframt vilja í þessu sambandi fjalla aðeins um rökstuðning laganefndar fyrir álit sínu á

tillögunni. Sagðist hann telja að nefndin væri að blanda saman ólíkum málum er hún segði að ekki væri samræmi á milli þess að vilja að forseti ASÍ væri kosinn beinni kosningu annars vegar og að hann fari ekki út fyrir það umboð sem aðildarfélögin veittu honum hins vegar. Bætti Stefán við að hann fagnaði þó að laganefnd hefði viðurkennt þann vanda sem hann hefði fjallað um á vettvangi nefndarvinnu um Evrópumál þar sem hann hefði varpað þeirri gagnrýni fram að málflutningur forsetans væri ekki í samræmi við umboð hans frá aðildarfélögunum í því máli.

Finnbjörn A. Hermannsson, Bygging, ítrekaði áður framkomin sjónarmið um að heppilegra væri að taka málið upp heildstætt og skipa millipinganefnd sem fjallaði nánar um málið og kæmi með tillögur að lýðræðisbótum í hreyfingunni. Væri forsetinn kosinn beinni kosningu en ekki af miðstjórn þá væri hann einfaldlega réttþærri en aðrir fulltrúar í miðstjórn af því að hann væri með fleiri félagsmenn á bak við sig. Sagði Finnbjörn jafnframt að hann teldi það vera öfuga röð að ætla fyrst að kjósa forsetann og svo að skilgreina umboð hans og verksvið. Því væri mikilvægt að vanda undirbúningsvinnuna.

Hjalti Tómasson, Bárinni stéttarfélagi, sagði að það þyrfti að íhuga vel hvað þyrfti að gera til að verkalýðshreyfingin öðlist traust félagsmanna sinna á ný. Sagðist hann telja tillögu VLFA góða en hann gæti þó ekki stutt hana eins og hún væri núna. Hjalti bætti við að þótt hann vildi ekki samþykkja tillöguna eins og hún væri núna þá bæri hreyfingunni skylda til þess að ræða hana eins ítarlega eins og allar aðrar tillögur um lýðræði vegna þess að það þyrfti að auka stuðning við verkalýðshreyfinguna og ef hún hefði ekki stuðning sinna félagsmanna þyrfti hún hreinlega að íhuga sinn tilverurétt. Tilhneigingin í hreyfingunni væri að hans mati því miður stundum á þá leið að slá breytingartillögur út af borðinu án frekari umræðu.

Jóhann Sigurðsson, Félagi málmiðnaðarmanna Akureyri, sagði að enginn þyrfti að óttast lýðræði, frekar þyrfti að óttast þá sem stjórna því. Jóhann sagðist að mörgu leyti vera sammála framkominni tillögu VLFA en taldi það skynsamlega tillögu að fara í allsherjarskoðun á lýðræðisbótum í millipinganefnd til frekari umfjöllunar.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, óskaði eftir því að fá skýringar á því sem fram hefði komið um að endurskilgreina þurfi umboð forseta ASÍ ef hann sækir umboð sitt beint til félagsmanna aðildarfélaga. Sagði hann að þetta væri kjarni málsins í dag, þ.e. að menn hefðu ekki hugmynd um það hvert væri hlutverk forseta ASÍ. Kannski væri það orðið víðtækara en almennt geti talist eðlilegt. Hann sagði að forseti ASÍ væri að sjálfsgöðu forseti þeirra 110.000 félagsmanna sem væru í aðildarfélögum. Sagði hann almenna félagsmenn líta á forsetann sem sinn talsmann og ætti það að fá að kjósa hann sjálf.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Rafiðnaðarsambandi Íslands, sagði að fyrirkomulag við forsetakjör tæki mið af núverandi skipulagi hreyfingarinnar. Ef ætti að breyta þessu þyrfti að skoða alla hreyfinguna í heild sinni. Samkvæmt núverandi skipulagi sæktu þingfulltrúar umboð sitt til félagsmanna aðildarféлага og ættu að endurspeglar vilja þeirra. Ef breyta ætti þessu þyrfti að gera það í réttari röð, þ.e. að skilgreina fyrst vandlega umboð og vald forseta og svo hvernig ætti að kjósa hann. Hann sagðist ekki telja ráðlegt að forseti hefði víðtækara umboð en miðstjórn ASÍ. Sagðist Kristján því styðja niðurstöðu laganeðndar um að ekki væri ráðlegt að samþykkja breytingartillögu VLFA að svo stöðu.

Kristjana Jónsdóttir, VR, sagðist vilja áréttar það að félagsmenn aðildarféлага væru ekki félagsmenn í ASÍ, félagsmenn ASÍ væru eingöngu aðildarfélagin sem slík. Sagði hún að svo virtist sem einhver misskilningur gæti verið um þetta hjá hinum almenna félagsmanni stéttarfélaganna. Gæti hún því ekki stutt tillögu VLFA.

Eyrún Ingadóttir, VR, vakti máls á því að ASÍ væru regnhlífsarsamtök aðildarféлага sem væru samtals með 110.000 félagsmenn og því teldi hún tillögu VLFA ekki góða. Hún sagðist telja að tillagan gengi hreinlega ekki upp. Þá gæti bein kosning snúist um lýðhylli og hver væri besti bloggari landsins eða þess háttar. Eyrún sagði að vildu menn tempra vald forseta ASÍ væri nær að setja reglur um hve lengi forseti gæti setið.

Ásta Rut Jónasdóttir, VR, benti á að ASÍ byggðist á fulltrúalýðræði. Hún sagðist þó telja að gott væri að taka almenna lýðræðisumræðu en þá þyrfti líka að fara niður á við og skoða aðildarfélagin sjálf. Ásta sagði að beinar kosningar væri ekki gallalaust fyrirkomulag enda fylgdu smalanir og jafnvel fjöldasmalanir slíku fyrirkomulagi. Jafnframt væri hætta á því að fólk kæmist til valda í krafti fjár síns.

Sigurður Bessason, Eflingu – stéttarfélagi, sagði að það væri sitt mat að þegar kæmi að lagasetningu væri hæfileg íhaldssemi af hinu góða. Lög þyrftu að geta staðið lengi og núverandi fyrirkomulag við val á forseta hefði gert það og gefist vel. Það gusti jafnan um einstaklinga í forystu ASÍ af því ASÍ tekur á erfiðu málunum. Sigurður sagði að laganeðnd hefði íhugað tillögu VLFA vel og lengi og horft til allra framkominna sjónarmiða. Hins vegar væri gott að taka þessa umræðu í heild sinni og fara með hana áfram, jafnvel í útbreiddu þjóðfundarformi, og þetta þing væri ágætis upphafspunktur á þeirri umræðu. Sigurður sagðist vilja taka undir þau orð að miðstjórn ASÍ og aðildarfélagin hefðu haft skilgreind hlutverk og auðvitað væri það svo að forseti ASÍ væri kosinn fyrir alla þá sem eru innan ASÍ.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, fagnaði þeirri góðu og málefnalegu umræðu sem hefði átt sér stað um lýðræðismál. Fjallaði

Vilhjálmur því næst aftur um sambærilega tillögu, sem fram hefði komið árið 1996, og sagði að hún hafi þá fengið tæplega 70% fylgi. Hann sagðist hins vegar telja að tillaga VLFA yrði nú felld af þeirri ástæðu einni að hún kæmi frá VLFA.

Þingforseti lagði því næst tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA til atkvæðagreiðslu. Ósk hefði komið fram um að kosningin yrði leynileg. Lagði þingforseti til að á meðan talning færi fram væri farið í umfjöllun um tillögur miðstjórnar að breytingum á reglugerðum ASÍ varðandi skrifstofu ASÍ annars vegar og varðandi Listasafn ASÍ hins vegar. Gerði þingforseti að tillögu sinni að breytingarnar yrðu ræddar allar í heild sinni.

Enginn kvaddi sér hljóðs vegna tillögu að breytingu á reglugerð um skrifstofu ASÍ. Þingforseti bar breytingartillögurnar upp til atkvæða. Þær voru samþykktar án mótaskvæða.

Sigurður Bessason, Eflingu – stéttarfélagi, kvaddi sér hljóðs vegna tillögu að breytingu á reglugerð um Listasafn ASÍ. Sagðist Sigurður vilja áréttta það að ekki stæði til að setja Listasafn ASÍ til einhverra aðila sem þingfulltrúar treystu ekki. Fyrst og fremst væri um formbreytingar að ræða.

Þingforseti bar breytingartillögur á reglugerð um Listasafn ASÍ upp til atkvæða. Þær voru samþykktar án mótaskvæða.

Þingforseti kynnti því næst niðurstöður úr kosningu um breytingartillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA á 33. gr. laga ASÍ. Féllu atkvæði á þá leið að 210, eða 80,77%, voru andvígir og 50, eða 19,23%, voru fylgjandi. Var tillagan því felld.

Samkvæmt framansögðu voru því eftirfarandi breytingar á lögum og reglugerðum ASÍ samþykktar á þinginu.

A

Breytingar á lögum ASÍ

1. 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:
„Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök landssambönd, öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélag merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.“
2. 1. mgr. 16. gr. hljóði svo:
„Heimilt skal aðildarfélagi að ákveða kjörtímabil stjórnar sinnar og trúnaðarmannaráðs allt að fjögur ár en aðalfund skal halda árlega og þar flutt skýrsla stjórnar og lagðir fram og afgreiddir reikningar félagsins áritaðir af löggiltum endurskoðanda.“
3. 2. mgr. 19. gr. hljóði svo:
„Um starfsemi skrifstofunnar gildir reglugerð sem samþykkt er af miðstjórn.“
4. Heiti V. kafla breytist og hljóði svo:
„Þing og starfsemi ASÍ-UNG“
5. 29. gr. breytist og hljóði svo:
„ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélagum ASÍ. Í tengslum við reglulegt þing ASÍ kemur saman þing ASÍ-UNG.
Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi á einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16–35 ára. Aðildarfélagum er heimilt að senda á eigin kostnað einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.
Þingið kýs sér formann og átta manns í stjórn sem samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélagum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri. Stjórn ASÍ-UNG á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum. Formaður ASÍ-UNG á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.
ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.“
6. 2. mgr. 39. gr. hljóði svo:
„Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra sem fundinn sækja.“

B

Breytingar á reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ

1. 1. gr. hljóði svo:
Skrifstofa Alþýðusambands Íslands skal undirbúa og hrinda í framkvæmd ákvörðunum sambandsþinga ASÍ og kjörinnar forystu sambandsins, miðstjórnar og forseta.
2. 2. mgr. 2. gr. hljóði svo:
Miðstjórn skipar starfsnefndir sem vinna með skrifstofunni að undirbúningi og framkvæmd stefnu Alþýðusambands Íslands á milli sambandsþinga. Miðstjórn skipar

fulltrúa úr sínum hópi til starfa með nefndunum í samræmi við nánari reglur sem miðstjórn setur.

3. 5. gr. hljóði svo:
Ramminn fyrir skipulag starfsemi skrifstofu ASÍ skal vera með þeim hætti sem sýnt er á eftirfarandi skipuriti.

C

Breytingar á reglugerð fyrir Listasafn ASÍ

1. 1. gr. hljóði svo:
Safnið heitir Listasafn Alþýðusambands Íslands (Listasafn ASÍ). Safnið er eign Alþýðusambands Íslands og fer miðstjórn ASÍ með yfirstjórn þess.
2. 2. gr. hljóði svo:
Safnið er stofnað samkvæmt ósk og að frumkvæði Ragnars Jónssonar forstjóra til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi.
3. Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Safnið starfar samkvæmt gildandi safnalögum og fylgir siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums.
4. Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. svohljóðandi: *Allur arður af starfsemiinni rennur til safnsins sjálfs.*
5. 3. mgr. 4. gr. breytist og hljóði svo:
Þeir skulu ásamt fjárhagsáætlun næsta árs lagðir fyrir miðstjórn ASÍ. Ársreikningarnir skulu lagðir fyrir sambandsþing ASÍ til fullnaðarafgreiðslu.
6. Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði sem verði 8. gr. og hljóði svo:
Komi til þess að safnið verði lagt niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar.
7. Núgildandi 8. gr. verði 9. gr. og hljóði svo:
Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar af þingi Alþýðusambands Íslands og taka þær gildi þegar við samþykkt.

Klukkan 15:30 var gengið til starfa í nefndum fram til klukkan 17:00 en þá var gert hlé á þingstörfum fram til kl. 09:00 föstudaginn 19. október.

FÖSTUDAGUR 19. OKTÓBER

Þingfundi var fram haldið föstudaginn 19. október kl. 09:00 fyrst með nefndastarfi og klukkan 10:10 hófst sameiginleg dagskrá í aðalfundarsal.

Þingforseti minnti þingfulltrúa á að hafa nafnspjöld sín meðferðis því án þeirra væri þeim ekki heimilt að kjósa.

Evrópu- og kjaramál / 2. umræða og afgreiðsla

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi-starfsgreinafélagi, kynnti ályktanir kjaranefndar þar sem meðal annars var rætt um mælingu kaupmáttar, félagslegu undirboð, svarta atvinnustarfsemi, skilgreiningu á störfum sem sjálfbodaliðastarf, kennitölufلاك og fleira. Sagði hún að umræðan hefði verið málefnaleg og líflæg. Kjaranefndin kom sér saman um að hafa ályktunina í styttra lagi og leggur því fram tvær ályktanir þar sem önnur fjallar sérstaklega um svarta atvinnustarfsemi og félagslegu undirboð.

Þingforseti gaf orðið laust.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfjarða, fagnaði sérstakri ályktun um að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og félagslegu undirboði. Varðandi ályktun um kjaramál taldi hann mikilvægt að heyra vilja félagsmanna áður en reitt væri til hogg.

Þingforseti bar ályktunina um kjaramál upp til atkvæða. Eftirfarandi ályktun um kjaramál var samþykkt án mótatkvæða.

„40. þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir miklum áhyggjum af þróun kjara- og atvinnu-mála og þeirri óvissu sem framundan er.

Markmið gildandi kjarasamninga er að leggja grunn að auknum kaupmætti, stöðugleika, jöfnun lífskjara og fjölgun starfa. Þrátt fyrir að hækkun lægstu launataxta hafi lagt grunn að auknum kaupmætti þeirra er ljóst að almennar launahækkningar hafa ekki haldið í við verðbólgu. Veik staða krónunnar og mikil verðbólga veldur því að nú stefnir í að forsendur kjarasamninganna brestu. Þar er ekki síst að sakast við fyrirtækin sem velta kostnaði sífellu út í verðlagið. Þá hækka ríki og sveitarfélög álögur sem hafa bein áhrif á verðlag. Fyrir launafólk eru afleiðingarnar hærra verð á nauðsynjum, vöru og þjónustu, hærra vextir og auknar skuldir heimilanna í landinu.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að stjórnvöld hafa ekki og hyggjast ekki standa við skuldbindingar sínar um hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga. Þá er ekki síður alvarlegt að sú endurreisn atvinnulífs og fjölgun starfa, sem lofað var, hefur engan veginn gengið eftir. Þar hefur úrræða- og aðgerðarleysi stjórnvalda ráðið miklu.

Þingið krefst þess að stjórnvöld og atvinnurekendur geri það sem í þeirra valdi stendur til að ná niður verðbólgunni og að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín í atvinnu- og

félagsmálum. Staðan er grafalvarleg því brestir forsendur verða kjarasamningar í uppnámi og þá getur komið til átaka á vinnumarkaði í byrjun næsta árs.

Pingið hvetur samninganefnd ASÍ og aðildarsamtökin til að eiga samstarf og samvinnu við endurskoðun kjarasamninganna í janúar 2013 því nú mun reyna á samstöðu launafólks um að ná markmiðum kjarasamninga um stöðugleika, fjölgun starfa, vaxandi kaupmátt, jöfnun kjara og að útrýma kynbundnum launamun.“

Pingforseti bar ályktunina um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð var samþykkt án mótatkvæða.

„40. þing ASÍ lýsir miklum áhyggjum af aukinni svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki, m.a. í ferðaþjónustu, garðyrkjurækt, ýmiskonar persónulegri þjónustu og byggingariðnaði. Fyrirtæki og einstaklingar, sem taka þátt í slíku, valda alvarlegum og víðtækum skaða fyrir samfélagið, atvinnuflæði og réttindi launafólks. Pingið lýsir jafnframt yfir þungum áhyggjum sínum af misnotkun á mikilvægum réttindum launafólks í atvinnuleysisbótakerfinu í þessu sambandi.

40. þing ASÍ telur afar mikilvægt að verkalyðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sameinist um að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og kennitöluflakk, m.a. þar sem þeir sem standa að slíkri refsiverðri starfsemi verð dreginir til ábyrgðar og beittir þungum viðurlögum.

40. þing ASÍ telur mikilvægt að unnið verði gegn þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á undanförmum árum, að fyrirtæki í samkeppnisrekstri komi sér undan þeim kjarasamningum, réttindum og skyldum, sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, með því að skrá fiskiskip og farskip undir hentifánam erlendis eða flytja hér inn vinnuafli undir yfirsíkinu sjálfböðavinnu og áhugamennsku. Pingið telur mikilvægt að Alþýðusambandið hafi frumkvæði að samstarfi aðildarfélaganna til að uppræta þessa tegund félagslegra undirboða.“

Pingforseti gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti bar ályktun um Evrópumál upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um Evrópumál var samþykkt með 2 mótatkvæðum.

„40. þing Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt er. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.“

Atvinnumál / 2. umræða og afgreiðsla

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, kynnti ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa. Hann sagði að framkvæmd vinnunnar hefði verið með þeim hætti að fyrst hefði verið unnið með allar þær hugmyndir sem komu fram í hópavinnunni um græna hagkerfið og fjölgun starfa. Síðan hefði nefndin haldið áfram að vinna með þau drög sem lágu fyrir og ályktunin væri afrakstur þeirrar vinnu.

Pingforseti gaf orðið laust.

Óskar Guðmundsson, VM, sagði að það væri nauðsynlegt að í ályktuninni væru áherslur á nauðsyn þess að virkja núna. Hvað er grænt hagkerfi? spurði hann, það sem er grænt í dag verður líklega ekki grænt eftir 30 ár. Því væri nauðsynlegt að nýta orkuna í dag.

Pingforseti bar ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa var samþykkt án mótatkvæða.

„Áherslur á græn gildi hafa á undanförunum árum orðið áberandi í atvinnustefnu ASÍ. Sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýting náttúrugæða á sjálfbæran hátt til atvinnuuppbyggingar eru stef sem Alþýðusambandið hefur tileinkað sér. Ísland hefur allt til að bera til að geta orðið grænt samfélag. Auk þekktra kosta má nefna spennandi samspil nýtingar varma sem afgangsstærðar og raforkuframleiðslu með jarðhita. Þessi varmi mun í framtíðinni leggja grundvöll að viðtækum lífrænum efnaiðnaði hér á landi. Einnig liggur fyrir að hagkvæmt er að framleiða ákveðnar tegundir af grænmeti í miklu magni hér á landi með vistvænni raforku. Ísland getur nýtt samkeppnisforskot sitt í hreinum matvælaíðnaði með sjálfbærni og fullnýtingu á sjávarfangi. Það sama á við um íslenskan landbúnað.

Áherslur ASÍ

- ASÍ vill betri nýtingu umframorku (glatvarma) sem ekki nýtist í dag bæði hjá orkuverum og stóriðju, t.d. til aukinnar framleiðslu á lífrænt ræktuðu grænmeti eða til grænna sprotafyrirtækja.
- ASÍ vill líta til fjölbreyttari virkjanakosta en vatnsafls og jarðvarma til að byggja upp öflugt og samkeppnishæft atvinnulíf. Má þar nefna virkjun vindorku, sjávarfalla, sólarorku og metangass.
- ASÍ vill fullvinnslu, svo sem sjávarafurða og kjötúrgangs. Slíkt er bæði atvinnu- og umhverfismál sem getur skapað fjölda starfa og mikil verðmæti.

- ASÍ vill huga að þeim miklu auðlindum sem þjóðin býr að í formi ferskvatns.
- Vaxandi skógrækt í landinu getur líka orðið uppspretta fjölda grænna starfa í framtíðinni.
- Grænn byggingariðnaður (sjálfbærni húsa), vistvæn ökutæki og grænir orkugjafar eru málaflokkar sem ASÍ ætlar að beita sér fyrir á komandi árum.

Verkefni ASÍ

- ASÍ beiti sér fyrir vitundarvakningu um græna hagkerfið („Hvað get ég gert?“) og bendir á hvernig það geti falið í sér aukin lífsgæði fyrir allan almenning á Íslandi.
- ASÍ hvetur til aukinnar fræðslu um græna hagkerfið og skilgreiningu á grænum störfum.
- ASÍ vill tryggja að græn störf verði samkeppnishæf við það sem best gerist á vinnumarkaði.
- ASÍ vill upprunamerkingu (sótspor) vara svo neytandinn geti séð um hversu langan veg varan hefur verið flutt.
- ASÍ hvetur til aukinnar fullvinnslu afurða stóriðjunnar hér á landi með afnámi tolla.
- ASÍ mun beita sér fyrir frekari skattaívilnun til að auðvelda fólki kaup á vistvænum ökutækjum.
- ASÍ hvetur til frekari flokkunar og endurvinnslu hér á landi.“

Signý Jóhannesdóttir, formaður atvinnumálanefndar ASÍ, gerði grein fyrir ályktun um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf. Hún sagði að ritun ályktunarinnar byggði á því mikla og skemmtilega hópastarfi sem unnið var deginum áður. Mikið af skemmtilegum hugmyndum hafi komið fram og mikilvægt að halda þeim öllum til haga til frekari úrvinnslu.

Pingforseti gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti bar ályktunina um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf var samþykkt án mótatkvæða.

„Öflugt og framsækið atvinnulíf þarfnast starfsmanna með menntun og færni til að takast á við þau verk sem þarf að vinna. Á sama hátt gerum við kröfur til þess að atvinnulífið skapi öllum áhugaverð störf við hæfi sem tryggja góða atkomu og aðbúnað.

Atvinnulífið í dag og enn frekar í framtíðinni kallar á að menntakerfið leggi áherslu á

skapandi greinar og nýsköpun, eflingu starfs- og tæknináms á fjölmörgum sviðum. Nauðsynlegt er að jafna stöðu þess gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Vinna þarf ítarlega greiningu á mannaflapörf á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma þar sem tekið er mið af stefnumörkun í atvinnumálum. Slík greining verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um framboð á menntun, bæði í skólakerfinu og í endur- og eftirmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði, og í náms- og starfsráðgjöf til ungmenna og fullorðinna. Þannig má stuðla að því að atvinnulífið fái hæft starfsfólk og sköpuð verði góð og arðbær störf.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda að móta heildstæða atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu til að ná framangreindum markmiðum.

Áherslur ASÍ:

Auka þarf gildi og skilningu á mikilvægi verk- og tæknimenntunar á öllum sviðum.

- Með því að slík menntun verði a.m.k. metin jafngild bóknámi.
- Með öflugri náms- og starfskynningu í efri bekkjum grunnskóla.
- Með því að efla tengsl grunnskóla og verkmenntaskóla á framhaldsskólastigi.
- Með því að fyrirtækin axli meiri ábyrgð varðandi menntun og starfsþjálfun nema og starfsmanna sinna.

Menntakerfið verði gert sveigjanlegra:

- Þar sem sú færni og hæfni, sem einstaklingar hafa tileinkað sér, er metin og þeim gert mögulegt að byggja ofan á hana með styttra og lengra námi.
- Til að mæta þörfum fyrirtækja og einstaklinga fyrir nýja þekkingu og færni á hverjum tíma.
- Þar sem formlega menntakerfið og símenntunaraðilar mynda eina heild.

Fólki á vinnumarkaði verði auðveldað að sækja sér frekari menntun.

- Einstaklingar með litla formlega menntun fái „nýtt tækifæri til náms“.
- Réttur til endur- og eftirmenntunar verði viðurkenndur sem hluti af kjörum starfsmanna.
- Námslána- og námsstyrkjakerfið verði endurskoðað út frá hagsmunum vinnandi fólks.

Hlutverk ASÍ:

Tryggja hagsmuni launafólks við mótun samþættrar atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu.

Beita sér fyrir og leiða aukið samstarf atvinnulífs og skóla.

Vera leiðandi í þróun vinnumarkaðsúrræða fyrir atvinnuleitendur og þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði.“

Pingforseti gerði þinghlé til klukkan 11:00.

Pingforseti minnti þingfulltrúa á að aðeins þeir sem væru með nafnspjald gætu kosið og óskaði eftir að óviðkomandi vikju úr þingsal.



Kjör forseta ASÍ

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar. Kjörnefnd tilnefndi Gylfa Arnbjörnsson, VR. Einn annar var tilnefndur, Ragnar Þór Ingólfsson, VR.

Pingforseti gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningu lokinni var gengið til kosninga. Á meðan talning atkvæða fór fram var hefðbundnum þingstörfum haldið áfram.

Pingforseti gerði grein fyrir úrslitum kjörs til forseta ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson hlaut 69,8% atkvæða en Ragnar Þór Ingólfsson 30,2%. Gylfi var því rétt kjörinn forseti ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson þakkaði þingfulltrúum það traust sem þeir sýndu honum að kjósa hann sem forseta ASÍ í þriðja sinn.

Lífeyrismál / 2. umræða og afgreiðsla

Gylfi Arnbjörnsson, VR, gerði grein fyrir ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfi. Hann sagði að fram hefði komið hafsjór af tillögum og hugmyndum sem muni nýttast í áframhaldandi vinnu við þennan málaflokk. Nefndi hann jafnframt að tillaga VLFA um að umsamið viðbótarframlag skyldi fara í séreignarsjóð hefði ekki fengið brautargengi í hópnum ein og sér en málamiðlun, sem taki tillit til hennar, komi fram í ályktuninni.

Pingforseti gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti bar ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfi upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfi var samþykkt með einu mótatkvæði.

„Þing ASÍ leggur ríka áherslu á að lokið verði við vinnu við samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum með aðkomu aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Til þess að svo megi verða þurfa samþyk opinberra starfsmanna og stjórnvöld að ná samkomulagi um varanlega lausn á því hvernig halli opinberra lífeyriskerfisins verður fjármagnaður og kerfið gert sjálfbært til framtíðar.

Gangi þetta ekki eftir er ákvæði kjarasamninga um hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði til jafns við opinberra starfsmenn í uppnámi og þar með forsendur kjarasamninganna.

Samhliða þessu telur þingið brýnt að vinnu við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu verði haldið áfram með það að leiðarljósi að einfalda og skýra kerfið verulega og horfa heildstætt á samspil þess og lífeyrissjóðanna. Grundvallaratriði er að standa vörð um viðunandi lágmarksbætur almannatrygginga en jafnframt að dregið verði verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu þannig að launafólk hafi sýnilegan hag af því að greiða í lífeyrissjóð á starfsævinni.

Áherslur og verkefni ASÍ eru:

- Jöfn lífeyrisréttindi á öllum vinnumarkaðnum.
- Allt lífeyriskerfið verði sjálfbært.
- Fækka lífeyrissjóðum til að ná aukinni hagræðingu og styrkja kerfið.
- Skoða hvort auka megi val einstaklinga varðandi skiptingu skyldutryggingariðgjalds milli samtryggingar og séreignar án þess að það hafi neikvæði áhrif á samtryggingu sjóðanna.
- Aukinn sveigjanleika að því er starfslok og tóku lífeyris varðar.
- Einfalt og skýrt almannatryggingakerfi sem tryggir öllum viðunandi/mannsæmandi framfærslu.

- *Dregið verði úr skerðingum í almannatryggingakerfinu þannig að launafólk hafi ávinning af því að greiða í lífeyrissjóð.*
- *Auka áherslu á starfsgetumat í stað örorkumats.*
- *Gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu til eldri borgara á hjúkrunarheimilum verði hætt.*
- *Verkalýðshreyfingin standi fyrir aukinni fræðslu til félagsmanna um lífeyriskerfið og réttindin.“*

Pingforseti sagði að tillaga stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um að hið umsamda 3,5% viðbótarframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði skyldi fara í séreignarsjóði frekar en sameignarsjóði, hefði borist aftur endurflutt.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, fjallaði á ný um tillögu VLFA, sem hann sagði að varðaði gríðarlegt hagsmunamál, og vildi hann biðja þingfulltrúa að setja sig eins vel inn í málið og kostur er. Rakti Vilhjálmur áður framkomin sjónarmið sem væru að baki tillögunni þar sem umsamið viðbótarframlag í lífeyrissjóði væru ekki nálægt því að jafna lífeyrisréttindi. Sagði Vilhjálmur jafnframt að forseti ASÍ hefði viðurkennt í hópastarfinu að umsamið viðbótarframlag í lífeyrissjóði leiddi ekki til raunverulegrar jöfnunar lífeyrisréttinda á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins.

Elínbjörg Magnúsdóttir, Eflingu – stéttarfélagi, sagðist leggja til að tillaga VLFA yrði felld, þar sem hún hefði verið til umræðu í nefndarstarfinu og tillit tekið til hennar þar. Sagði Elínbjörg að ef tillaga VLFA yrði samþykkt myndi það þýða að 40% af launafólki fengi ekki þessa viðbót þar sem það þyrfti samkvæmt kjarasamningi að gera sérstakan samning við vinnuveitanda og það væru ekki allir með séreignarsparnað. Elínbjörg sagði að lokum að hún hefði trú á samtryggingarkerfi lífeyrissjóðanna eftir að hafa lesið viðtal við ungan mann sem hafði lamast í slysi en samtryggingin hefði gert honum kleift að fara í skóla og hefja nýtt líf.

Ásta Rut Jónasdóttir, VR, sagðist ekki vera sammála framkomnum fullyrðingum um að lífeyrissjóðskerfið væri ónýtt. Úttekt OECD á kerfinu hefði til að mynda komið ágætlega út. Sagði hún að vissulega stæðu opinberu sjóðirnir illa og það væri mikið hagsmunamál ASÍ enda lægi fyrir að það myndi að öllu óbreyttu lenda á skattgreiðendum. Hún sagðist vera ánægð með samtrygginguna og taldi hana nýttast vel. Tekjuskerðing væri þó að hennar mati of mikil í núverandi kerfi í heild sinni og það þyrfti að laga enda myndi kerfið brotna innan frá um leið og fólk sæi að það hefði ekki hag af því að greiða í kerfið.

Óskar Guðmundsson, VM, vakti athygli á því að hækkan lífeyrisaldurs, sem oft væri í umræðunni, gæti leitt til aukins atvinnuleysis. Jafnframt sagði Óskar að hann teldi að það þyrfti að jafna lífeyrisréttindin niður á við og eins væri nauðsynlegt að fækka almennu sjóðunum niður í 2–3 til hagræðingar, hafa færri en stærri og sterkari sjóði.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, rakti áður framkomin sjónarmið um að ekki væri skynsamlegt að bæta fé í lífeyrissjóðskerfið. Hann væri ekki sannfærður um ágæti núverandi samtryggingarkerfis þó svo að hann styddi það að skattar og lögbundin gjöld færu í samtryggingarmál almennt. Ragnar nefndi jafnframt að fækkun sjóða lagfærði ekki kerfisgallann heldur lækkaði einungis rekstrarkostnað. Ragnar sagði að að svo söddu styddi hann tillögu VLFA um að auka 3,5% færu í séreign eða þar til hann yrði sannfærður um sjálfbærni sjóðanna.

Klukkan 12:00 var gert hádegishlé. Klukkan 13:05 var þingfundi fram haldið.

Kjör varaforseta ASÍ

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum til varaforseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Signýju Jóhannesdóttur, Stéttarfélagi Vesturlands. Einn annar var tilnefndur, Páll Örn Líndal, VR.

Pingforseti gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningum loknum var gengið til kosninga. Meðan talning atkvæða fór fram var hefðbundnum þingstörfum haldið áfram.

Pingforseti gerði grein fyrir úrslitum kjörs til til varaforseta ASÍ. Signý Jóhannesdóttir hlaut 59,5% atkvæða en Páll Örn Líndal 40,5%. Signý var því rétt kjörin varaforseti ASÍ.

Signý Jóhannesdóttir þakkaði fyrir sig.

Páll Örn Líndal þakkaði fyrir sig.

Lífeyrismál / 2. umræða og afgreiðsla – framhald

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, tók því næst til máls og fór hann yfir áður fram komin sjónarmið um stöðu lífeyrissjóðanna og sagðist vera stoltur af þeirri viðleitni síns félags að reyna koma í gegn þeirri tillögu sem væri hér til umræðu. Rakti hann því áður fram komin sjónarmið um jöfnun lífeyrisréttinda og sagði að það besta, sem félögin innan ASÍ geti gert, væri að ráðleggja öllum sínum félagsmönnum, sem vinna hjá hinu opinbera, að ganga í félög sem eru innan raða BSRB. Nefndi Vilhjálmur máli sínu til stuðnings dæmi af félagsmanni sínum sem á sjúkrahúsinu á Akranesi ynni við hlið annarrar konu sem væri innan BSRB-félags og því með mun betri lífeyrisréttindi sem að auki væru ríkistryggð.

Ólafur Pétursson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, byrjaði á því að óska Gylfa til hamingju með endurkjörið. Því næst varpaði hann fram spurningunni til hvers við værum að borga í lífeyrissjóð. Hann sagðist hafa byrjað að taka greiðslur úr lífeyrissjóðum þegar hann varð sextugur af því að hann gæti verið dáinn 67 ára og þá fengi hann ekki neitt. Vildi hann styðja tillögu VLFA af því að tekjutengingin hefði leitt til þess að hann fengi ekkert meira en sá sem ekkert hefði greitt í lífeyrissjóð. Ólafur sagði að lokum að hann teldi engan ávinning af því að borga í lífeyrissjóð.

Pingforseti bar því næst upp til atkvæðagreiðslu endurflutta tillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness vegna fyrirhugaðrar hækkunar iðgjalda í lífeyrissjóði þess efnis að fyrirhuguð hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á næstu árum renni frekar í séreign launafólks heldur en í samtryggingarsjóðina.

Tillaga trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness var felld með 162 mót-
atkvæðum en 60 þingfulltrúar samþykktu tillöguna.

Kosningar

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum á aðalmönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2014. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust því eftirfarandi rétt kjörin:

Stefán Einar Stefánsson, VR, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA, Guðbrand-
ur Einarsson, VS, Kristín M. Björnsdóttir, VR, Óskar Kristjánsson, VR, Sverrir
Albertsson, Afli starfsgreinafélagi, Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja, Sigurður
Bessason, Eflingu – stéttarfélagi, Sigurrós Kristinsdóttir, Eflingu – stéttarfélagi,
Kristján Snæbjarnarson, FRV, Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, Sævar
Gunnarsson, Sjómannafélagi Grindavíkur, Guðmundur Ragnarsson, VM.

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tilnefningum á varamönnum til setu
í miðstjórn ASÍ til 2014. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust
eftirfarandi því rétt kjörin:

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR, Páll Örn Líndal, VR, Gils Einarsson, VMS,
Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, Finnbogi Sveinbjörnsson,
Verkalýðsfélagi Vestfjarða, Halldóra Sveinsdóttir, Bárunni, Fanney Friðriks-
dóttir, Eflingu – stéttarfélagi, Jens Heiðar Ragnarsson, FÍR, Hilmar Harðarson,
FIT, Konráð Alfredsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar, Georg Páll Skúlason,
FBM.

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tilnefningum á aðalskoðunarmönnum
og varaskoðunarmönnum reikninga. Engar aðrar tilnefningar komu fram og
töldust eftirfarandi því rétt kjörin til 2014.

Aðalskoðunarmenn:

Eyrún Ingadóttir, VR, og Birna Birgisdóttir, Félagi tæknimanna í rafiðnaði.
Varamenn þeirra til sama tíma:

Þórður Ólafsson, Eflingu stéttarfélagi og Einar Hjartarson, Félagi verslunar-
og skrifstofufólks, Akureyri.

Þingforseti bar upp tillögu landssambanda og félaga með beina aðild um
fulltrúa í kjörnefnd til loka þings 2014. Var hún samþykkt með lófaklappi.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, LÍV, Kristín Björnsdóttir, LÍV, Ísleifur
Tómasson, RSÍ, Sigurrós Kristinsdóttir, SGS, Kolbeinn Gunnarsson, SGS,
Þorbjörn Guðmundsson, Samiðn, Níels S. Olgeirsson, bein aðild, Konráð
Alfredsson, SSÍ og Ásgerður Pálsdóttir, SGS.

Klukkan 13:50 kom Þorsteinn Guðmundsson leikari og skemmtikraftur og skemmti þingfulltrúum.

Klukkan 14:10 var hefðbundnum þingstörfum haldið áfram.

Húsnæðismál /2. umræða og afgreiðsla

Sigurros Kristjánsdóttir, Eflingu – stéttarfélagi, kynnti afrakstur hópstarfsins um húsnæðismál sem vann drög að ályktun þings ASÍ. Tiltók Sigurros að nefndin hefði fengið til afgreiðslu tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um afnám verðtryggingar á neytendalánnum en tillagan hefði ekki fengið nægilegan hljómgrunn til að vera hluti af niðurstöðu nefndarstarfsins.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, rakti fram komin sjónarmið að baki tillögunni um afnám verðtryggingar og upplýsti að hann hygðist mæla fyrir málamiðlunartillögu á milli tillögu VLFA og þeirrar tillögu sem hafi komið út úr nefndarstarfinu sem yrði þá sameinuð ályktun þingsins. Lýsti Vilhjálmur jafnframt vonbrigðum sínum með að tillaga VLFA hafi verið felld í nefndarstarfinu enda hafi verðtryggingin leitt til þess að 400 milljarðar hafi fallið með fullum þunga á skuldsett heimili síðan 1. janúar 2008. Málamiðlunartillagan væri á þá leið að fyrsti hluti tillögu VLFA, sem fjallaði um að skorað væri á Alþingi Íslendinga að afnema verðtryggingu á neytendalán, kæmi inn í samþykktu ályktun úr nefndarstarfinu. Sagðist hann að lokum áskilja sér rétt til að endurflytja upphaflega tillögu VLFA ef málamiðlunartillagan yrði felld.

Sigurros Kristjánsdóttir, Eflingu – stéttarfélagi, sagðist vilja vekja athygli þingfulltrúa á að verðtryggingin hefði verið mikið rædd í nefndarstarfinu og niðurstaðan hefði verið sú að æskilegast væri að fólk hefði raunverulegan valkost um það hvort það tæki verðtryggð eða óverðtryggð lán. Nefndarmenn hefðu metið þetta að vel ígrunduðu máli með hliðsjón af sögulegum ástæðum um óstöðug verðbólguáhrif. Lagði Sigurros til að tillaga nefndarinnar fengi að standa óhreyfð þrátt fyrir framkomna málamiðlunartillögu VLFA þar sem niðurstaða hópvinnunnar hefði verið ótvíræð að því leyti að fólk vildi hafa val um sitt lánaform.

Þingforseti gerði stutt hlé á þingstörfum. Þingfundur hófst á ný kl. 14:50.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagðist styðja tillögu VLFA um afnám verðtryggingar. Hann sagði það ótækt að áhættan væri öll lántakandans og að bankar gætu lánað út flóknar afleiður, sem verðtryggð lán væru, og hagnast

síðan á verðbótunum. Tiltók Ragnar dæmi frá öðrum löndum um hvaða áhrif verðbólga hefði, þ.e. að vissulega rýrði hún kaupmátt launa en hún rýrði um leið skuldir en það gerði hún alls ekki á Íslandi sökum verðtryggingarinnar. Sagði hann að synt hefði verið fram á það að verðtrygging sé verðbólguhvetjandi og jafnframt letjandi fyrir þá sem eiga að sjá um fjármálastöðugleika. Sagði hann verðtrygginguna vera einn versta óvin heimilanna í landinu.

Benedikt Ragnarsson, VR, sagðist telja nauðsynlegt að afnema verðtryggingu á neytendalán og því væri hann hlynntur málamiðlunartillögu enda hefði hann lofað samstarfsmönnum sínum að stuðla að því að verðtrygging væri lögð til hliðar. Hann sagðist ekki telja að val á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána væri raunhæfur möguleiki því að verðtryggingunni fylgdi alltaf verðbólga. Benedikt sagði að mikið hefði verið fjallað um afnám verðtryggingar í sínum umræðuhópi og sér þætti því furðulegt að slík krafa rataði ekki inn í ályktun nefndarinnar. Sagði hann að ef ætlunin væri að reyna að hjálpa unga fólkinu væri nauðsynlegt að samþykkja tillögu VLFA. Að endingu sagðist hann telja að hugarfarsbreyting í okkar litla samfélagi væri nauðsynleg og við ættum að geta fundið leið til að standa saman og komast í gegnum vandann.

Hildur Mósesdóttir, VR, sagðist ekki kannast við þær niðurstöður sem kynntar hefðu verið sem afrakstur umræðuhópa nefndarvinnunnar um húsnæðismál. Fór hún fram á það að allar niðurstöður og miðar yrðu aðgengilegir til að tryggja fullkomið gegnsæi. Hildur sagðist ekki muna eftir einum miða sem sneri að því að festa krónuna og sagði hún jafnframt að sér þætti orðalagið ekki nægilega skýrt og afgerandi. Sagðist hún telja að ekki hefði verið nægilega vel unnið úr umræðum og niðurstöðum en sagðist geta unað við ályktunina ef málamiðlunartillaga VLFA kæmi þar inn. Gerði hún jafnframt athugasemd við málsgreinina um óháða fjármálaráðgjöf og greiðslumat, þ.e. að hættan gæti verið að slíkt væri merkingarlaust og lánastofnanir haldi bara áfram að framkvæma sitt eigið greiðslumat sama hvað einhver annar segir. Vildi hún jafnframt gera athugasemd við síðustu málsgrein kynntrar ályktunar sem væri að hennar mati óþjál.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja, kvaðst hafa verið í húsnæðismálanefndinni og að sú umræða, sem hefði verið í sínum hópum, hefði öll verið á þá leið að fólk vildi hafa val á milli þess að geta tekið verðtryggt eða óverðtryggt húsnæðislán. Kristján sagði að í raun væri sáralítill munur á þessu tvenns konar fyrirkomulagi um útreikning vaxta, þetta væri spurning um greiðslujöfnun og markmið verðtryggingarinnar hefði í ljósi tíðra sveiflna í íslensku efnahagslífi verið að tryggja það að fólk réði við afborganir. Kristján sagðist telja að afnám verðtryggingar væri ekki það sem heimilin þyrftu á meðan búið væri við verðbólguveiflur og óstöðugt verðlag. Afnám verðtrygg-

ingar á húsnæðislán myndi þýða fjöldagjaldþrot heimila í næsta verðbólguþroti og sagðist hann því styðja tillöguna eins og hún kæmi frá nefndinni í óbreyttri mynd.

Jóhann Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna á Akureyrir, sagðist vilja benda á að hann gæti ekki séð að það skaðaði neinn að styðja tillögu VLFA um afnám verðtryggingar á neytendalán. Nefndi hann að menn töluðu hér um að verðtryggð lán ættu að vera valmöguleiki á sama tíma og verulegur vafi léki á því hvort slík lán væru lögmæt og nefndi sem dæmi að verðtryggð lán standist ekki þær kröfur sem eru settar fyrir fjárfesta í afleiðuvíðskiptum enda búi þarna að baki 4000 breytur. Teldi hann því að það ætti að afnema þetta sem neytendalán. Hvatti hann líka miðstjórn til að beita sér fyrir því að málið sem VLFA væri búíð að höfða fengi flýtimeðferð fyrir dómstólum enda væru gífurlegir hagsmunir þar undir. Að lokum sagði hann að FMA hefði styrkt Hagsmunasamtök heimilanna í sinni baráttu og vildi hann hvetja önnur stéttarfélög til hins sama.

Hjalti Tómasson, Bárunni stéttarfélagi, sagðist vera þess fullviss að yfirgnæfandi krafa væri hjá almennum félagsmönnum þess efnis að afnema verðtryggingu. Sagðist hann hins vegar vera hræddur við hvað kæmi í staðinn og áttaði sig á að verðtrygging yrði ekki afnumin með einu pennastriki. Kerfið væri gallað og ósanngjarnt og það hefði betur verið lagt upp öðruvísi til að byrja með á sínum tíma. Hjalti sagðist vona að breytingartillagan frá VLFA væri þess eðlis að hann gæti samþykkt hana. Að endingu sagðist Hjalti vilja ítreka það að þegar öllu væri á botninn hvolft þyrfti að leggjast á árararnar að hjálpa fólki út úr skuldavandanum og ef verkalýðshreyfingin gerði það ekki, sagðist hann ekki vita hver ætti þá að gera það.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, kynnti tillögu sína um að fyrsti hluti tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um afnám verðtryggingar kæmi inn í ályktun nefndar um húsnæðismál og orðalagið um að „draga úr vægi verðtryggingar“ færi út. Sagðist hann telja nauðsynlegt að skýr skilaboð kæmu frá þinginu um að afnema þyrfti verðtryggingu og því legði hann formlega fram þessa málamíðlunartillögu. Sagði Vilhjálmur að verkalýðshreyfingin væri ein af þeim sem græddu á verðtryggingunni og frá því í ársbyrjun 2008 hefðu sjóðir hreyfingarinnar gildnað um 12 milljarða, sem væru þá blóðpeningar sem skuldsett heimili hefðu greitt. Bætti Vilhjálmur að lokum við að hann væri afar þakklátur þeim félögum sem styrkt hefðu málssókn VLFA með fjárframlögum en gagnrýndi að sama skapi forystu ASÍ og landssambönd fyrir að verða ekki við beiðni sinni um styrk að fjárhæð kr. 300.000.-.

Ásta Rut Jónasdóttir, VR, sagðist vera á þeirri skoðun að val væri besti kosturinn og að ASÍ ætti að beita sér fyrir þaki á húsnæðislán. Sagði hún að sér þætti ASÍ hafa sofið aðeins á verðinum með það að óverðtryggð lán hefðu rutt

sér til rúms án kröfu frá ASÍ um þak á vexti. Þar sem engir hámarksvextir væru á óverðtrygðum lánnum væri kostnaðurinn við þau lán mjög svipaður og á verðtrygðum lánnum. Sagðist hún jafnframt sakna þess að sjá ekkert um þak á vexti í ályktun húsnæðisnefndar. Að endingu vildi hún skora á ASÍ að gera aðgengilegar upplýsingar um kosti í lánamálum, þ.e. hver munurinn á verðtrygðum og óverðtrygðum lánnum væri, og sagði hún að vefsíða ASÍ væri góður vettvangur fyrir slíkar upplýsingar.

Birgir Már Guðjónsson, VR, fagnaði góðri umræðu en sagði jafnframt að verðtryggingin sem slík væri ekki vandamálið. Vandamálið væri efnahagsleg óstjórn með tíðum sveiflum. Án verðtryggingar yrðu afborganir það miklar að flestir lántakendur stæðu ekki undir þeim. Hann sagðist vilja losna við verðtrygginguna en ekki væri hægt að gera það með einu pennastriki og sagðist hann styðja tillögu um bót á málum en gæti ekki stutt það að verðtryggingunni yrði kippt úr sambandi á meðan verðbólguveiflur væru svo tíðar. Sagðist Birgir sakna þess að umræðan hefði ekki verið nægilega lausnamiðuð enda væri verðtrygging húsnæðislána mjög stórt vandamál.

Ólafur Sveinsson, MATVÍS, gagnrýndi vinnubrögðin í húsnæðisnefnd þar sem tíminn hefði verið alltof stuttur. Hann sagði að það væri mótsögn í umræðunni um verðtrygginguna, þar sem í skýrslu ASÍ um efnahagsmál væri að finna háleit markmið um að losna við verðtryggingu en því væri ekki fylgt eftir á þinginu; það þyrfti að samræma þennan málflutning betur og því styddi hann málamiðlunartillögu VLFA. Sagði hann að húsnæðislánin væru að sliga fólk og því skildi hann ekki af hverju ályktunin væri ekki harðorðari í garð verðtryggingarinnar og gagnrýndi orðalagið að „draga úr vægi verðtryggingar“. Hann varpaði fram spurningunni um ef hún væri ekki svo slæm – af hverju ætti að draga úr vægi hennar. Ólafur gagnrýndi einnig það fyrirkomulag að lántakendur sjálfir ættu að reikna verðbólguþáttinn þar sem fólk hefði almennt ekki sérþekkingu á slíkri þróun efnahagsmála.

Sigurjón Einarsson, Bygging, sagði að í sínum hópi hefðu komið fram sterkar raddir að horfa til gamla félagslega kerfisins. Hann sagði að umræðan hefði snúist um það að val ætti að vera til staðar um hvort fólk tæki verðtryggt eða óverðtryggt lán og það hefði verið niðurstaðan í sínum hóp. Sagði hann að best væri að hafa þök bæði á vöxtum og verðtryggingunni og hann hefði viðræð þá hugmynd í sínum hópi og að VLFA hefði átt að hafa það í sinni tillögu. Fjallaði hann einnig um það sem fram kom í ályktuninni um verðmat og ástandsskoðun og sagði að réttast væri að tengja það við lánveitingar þannig að menn fengju ekki lán án undangenginnar slíkrar skoðunar sem hefði svo áhrif á lánsfjárhæðina.

Sverrir Albertsson, AFLi starfsgreinafélagi, sagði að breytingartillaga VLFA ætti ekkert skylt við verðtryggingu og ef hún yrði samþykkt væri verið að taka af sér fjárráðin. Hann sagðist treysta fullorðnu fólki til að taka upplýstar

ákvarðanir, þetta væri í raun spurning um val. Sagðist hann jafnframt ekki tilbúinn að styðja það að lán yrðu niðurgreidd enda þyrfti alltaf einhver að borga á endanum, málin væru ekki leyst með einu pennastriki. Sverrir sagðist jafnframt fagna tillögum um félagslegt húsnæði eins og það var þekkt í fyrri tíð en hann hefði ekki áhuga á að greiða niður fyrir stóru einbýlishúsin í Grafarvogi. Að endingu sagði Sverrir það ekki vera rétt að verðtrygging þekktist ekki í öðrum löndum; í Danmörku meðal annars væru verðtryggð lán þekkt.

Óskar Guðmundsson, VM, sagði það sína skoðun að húsnæði ætti að vera hluti af grunnframfærslu. Hann sagði að ekki hefði verið nóg að gert í húsnæðismálum eftir hrun og að hin svokallaða „110% leið“ væru eins konar gæsalappir utan um þá sem væru í raun gjaldþrota. Gagnrýndi hann óljóst orðalag í ályktun nefndar um húsnæðismál og hún einkenndist af stefnuleysi. Að endingu sagði hann að samkvæmt ESB væru afleiðuvíðskipti til almennings bönnuð og hann styddi tillögu VLFA.

Smári Gardarsson, VM, sagði að umræðan um húsnæðismál og verðtrygginguna væri nokkuð flókin en aðalatriðið að sínu mati væri heilbrigð skynsemi og sparnaður. Sagðist hann eiga erfitt með að skilja rökin á bak við 100% lán. Allir, og þá sérstaklega ungt fólk, þyrftu að líta í eigin barm, það gengi ekki að kaupa allt og hlaupa á eftir öllum tilboðum, það væri ekki hægt að koma sér þaki yfir höfuðið nema geta borgað út 30%.

Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna, sagði að lánaformin, sem hér væru til umræðu, væru afleiðing óstöðugleika í efnahagslífi. Það hefði þurft að ná tökum á því á sínum tíma að allir væru að kaupa sér húsnæði í slíku efnahagsumhverfi. Hann sagði að glapræði væri að kaupa eign og skulda yfir 100% í henni alveg frá byrjun, nánast alveg sama hvaða lánaform væru fyrir hendi. Hann taldi að lykilatriði fyrir framtíðarskipulag húsnæðislána væri að einhver hvati væri í því að spara. Sagði hann að verðtryggingin væri slæm en veruleikinn, sem við byggjum við, gerði það að verkum að hún væri nauðsynleg. Hann sagði að það væri hægt að setja fram kröfu um þak á vexti en það væri skýrt hvað það myndi þýða, þ.e. að erfiðara yrði að fá lán. Georg sagðist vilja samþykkja tillöguna frá nefndinni eins og hún var lögð fram og ekki væri skynsamlegt að æða af stað í einhverja vegferð sem ekki hafi verið hugsuð til enda.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, reifaði áður fram komin sjónarmið um að verðtryggingin væri að sliga heimilin og hvatti alla til að styðja breytingartillögu VLFA. Hann sagðist fagna góðum punktum sem fram hefðu komið hjá ræðumönnum um að verðtryggð húsnæðislán væru í raun afleiða og einnig að upplýsingaskylda lánastofnana hefði verið vanrækt í stórum stíl gagnvart lántökum. Sagði hann það vera alvarlegt mál sem fram hefði komið hjá fyrri ræðumönnum um að þau sjónarmið, sem hefðu verið til

umræðu í umræðuhópnum, hefðu ekki skilað sér í ályktun nefndarinnar. Sakaði hann að lokum í ljósi framangreinds þá sem hefðu komið að gerð ályktunarinnar um að „kokka upp“ niðurstöðuna.

Fríður Birna Stefánsdóttir, VR, sagðist telja að umræðan væri almennt einkennileg. Að hennar dómi væri verið að leita leiða til að skulda enn meira og um leið að hafa það gott. Hún sagðist ekki telja þetta spurningu um verðtryggingu eða ekki verðtryggingu, vandamálið væri að fólk eyddi um efni fram. Fríður sagði að það væri ekki hægt að eiga allt eða vilja eiga allt og eignast íbúð í leiðinni. Fólk þyrfti að forgangsraða eftir því hvað hentaði sér best. Hún sagði að verkalýðshreyfingin og forysta hennar ættu að huga að raunverulegum lífsgæðum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja, taldi að það sem raunverulega þyrfti væri að ná efnahagslegum stöðugleika, þá þyrftum við ekki verðtryggingu. Kristján sagði að lausnir þyrftu að vera raunhæfar og það væri staðreynd að enginn lánaði fé ef engin væri ávöxtunin fyrir þann sem lánaði. Því teldi hann þak á vexti ekki vera raunhæfa lausn. Efnahagslegur stöðugleiki og lægri verðbólga væri eina meðalið við því vandamáli sem væri ríkjandi í lánamálum heimilanna. Hann sagðist því ekki geta stutt breytingartillögu VLFA.

Hildur Mósesdóttir, VR, spurði hvort þeir sem mæltu með verðtryggingunni hefðu haft val á sínum tíma um hvort tekið væri verðtryggt eða óverðtryggt lán. Hún væri á þeirri skoðun að afnema ætti verðtryggingu og setja þak á vexti og bankarnir gætu þá bara haft fyrir því að græða og hafa góða hagstjórn.

Hjalti Tómasson, Bárúnni, sagði það augljóst mál að verðtryggingin þyrfti að fara þó svo að honum væri ekki alveg sama hvernig það ætti að gerast. Hann sagðist telja ályktun nefndarinnar með þeim breytingartillögum, sem komu frá VLFA, væri þess eðlis að hann gæti sæst á hana enda sagðist hann fullviss um að þetta endurspegladi þá kröfu sem væri úti í samfélaginu og þannig gæti verkalýðshreyfingin endurheimt trúverðugleika meðal almennings. Hann sagðist vera kosinn sem þingfulltrúi af fólki sem væri á þeirri skoðun að afnema ætti verðtryggingu og því myndi hann styðja tillögu VLFA.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, velti fyrir sér ástæðu hárra vaxta. Sagði hann að ein ástæðan væri sú að það væri enginn hvati hjá lánveitendum að halda stöðugleika og það væri óverjandi að áhættan af lánveitingum væri öll öðrum megin. Ragnar sagði að það þyrftu allir að hafa sama hvatann af því að efnahagslegur stöðugleiki ríkti og afnám verðtryggingar væri sá hvati. Hann sagði að ekki væri hægt að ætlast til þess að almenningur gæti í útreikningum sínum spáð fyrir um verðbólgu þegar Seðlabankinn gæti það ekki sjálfur. Ragnar sagðist óttast það – eins og málflutningurinn hefði verið – að verið væri að nota verðtrygginguna sem skiptimynt fyrir innngöngu í ESB. Að endingu

sagði hann að staðan væri þannig í dag að ungt fólk gæti hreinlega ekki sparað vegna okurvaxta og hárrar leigu og því tæki það hálfra starfsævina að safna fyrir innborgun í íbúð.

Þingforseti bar því næst upp til atkvæðagreiðslu breytingartillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness við drög að ályktun um húsnæðismál.

Óskað var eftir leynilegri atkvæðagreiðslu. Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness var felld með 121 mótatkvæði en 103 þingfulltrúar samþykktu tillöguna. Þingforseti bar ályktun um húsnæðismál upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um húsnæðismál var samþykkt með 12 mótatkvæðum.

„Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi látið húsnæðismál til sín taka vegna þess að öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum er einn af grundvallarþáttunum í velferð launafólks. Þannig beitti hreyfingin sér fyrir uppbyggingu verkamannabústaðakerfisins og síðar félagslega húsnæðiskerfisins. Þá hefur verkalýðshreyfingin látið sig varða kjör og fyrirkomulag húsnæðislána, vaxtabótakerfið og stöðu leigjenda.

Vandinn, sem íslensk heimili standa frammi fyrir í dag, er ærinn og mikilvægt að við honum sé brugðist.

Áherslur ASÍ eru:

- Að tryggt verði að hér ríki efnahagslegur stöðugleiki með meiri festu í gengi krónunnar og lágrí verðbólgu.
- Að hér verði komið á einu kerfi húsnæðisbóta sem jafni stöðu kaupenda og leigjenda. Við útfærslu kerfisins verði tekju- og eignaskerðingum stillt í hóf og þess gætt að staða lág- og millitekjufólks verði bætt frá því sem nú er, bæði hvað varðar kaup og leigu.
- Að fjölbreytileiki í húsnæðismálum verði aukinn með því að efla leigumarkaðinn þannig að hann verði raunverulegur, öruggur valkostur og að fólk geti valið – auk hefðbundinna kaupa og leigu milli mismunandi búsetuforma, svo sem kaupréttar og kaupleigu. Þá er mikilvægt að endurvekja félagslega húsnæðiskerfið.
- Að húsnæðisvextir verði lækkaðir, m.a með því að leita fyrirmynda hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í að byggja upp húsnæðislánamarkað og lækka kostnað við lántökur, s.s. stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og lántökugjöld.
- Að dregið verði úr vægi verðtryggingar með því að lánastofnanir bjóði upp á hagstæðari óverðtryggt lán.
- Að leita leiða til að lækka byggingarkostnað með því að sveitarfélög lækki lóðaverð og dregið verði úr kröfum í byggingarreglugerðum án þess að dregið verði úr öryggi eða aðgengi fatlaðra.
- Að húskaupendum verði boðið upp á óháða fjármálaráðgjöf og ráðgjöf um mat á ástandi fasteigna.
- Að tryggja ungu fólki stuðning við að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaðnum með því að hvetja ungt fólk til sparnaðar með sérstökum húsnæðisreikningum, sem njóti

góðra kjara og hagstæðrar skattalegrar meðferðar, og koma til móts við unga kaupendur með skattaávilnun sem tryggir hraðari eignamyndun.

Helstu verkefni ASÍ eru:

- *Að beita sér fyrir því að stjórnvöld taki upp meiri festu í gengisskráningu.*
- *Að krefjast aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að útfærslu á nýju kerfi húsnæðisbóta.*
- *Að þrýsta á stjórnvöld að endurvekja félagslega íbúðakerfið.*
- *Að beita sér fyrir því að leigumarkaðurinn verði efldur í samvinnu við stjórnvöld og fjárfesta.*
- *Að þrýsta á stjórnvöld að þau breyti fyrirkomulagi opinberra húsnæðislána til samræmis við það sem best gerist í nágrannalöndunum og að stjórnvöld dragi verulega úr gjaldtöku á húsnæðislánunum.*
- *Að beita sér fyrir því að ríki og sveitarfélög geri það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr kostnaði við nýbyggingar.*
- *Að beita sér fyrir því að boðið verði upp á öfluga ráðgjafarþjónustu fyrir fólk í húsnæðisleit.*
- *Að þrýsta á stjórnvöld að taka upp sérstakar skattaávilnanir fyrir ungt fólk sem er að koma út á húsnæðismarkaðinn.“*

Þingforseti bar því næst upp til atkvæðagreiðslu endurflutta tillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness um afnám verðtryggingar. Tillagan var felld með 114 móttakvæðum en 65 þingfulltrúar samþykktu tillögunna.

Önnur mál

Fríður Birna Stefánsdóttir, VR, hvatti ASÍ til að fara í rannsóknarvinnu um stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði í stað þess að fjalla um kosti og galla verðtryggingar. Sagðist hún telja að ástandið væri þannig að margir væru í áttahagafjötrum í foreldrahúsum. Hún sagði að almennt væru upplýsingum um húsnæðismál ábótavant. Því væri mikilvægt að gera nákvæma rannsókn miðað við þær forsendur sem skipti ungt fólk máli og að ASÍ ætti að vinna þessa vinnu. Hún sagði að lokum að það myndi efla umræðuna um húsnæðismál.

Stefán Einar Stefánsson, VR, óskaði forseta og varaforseta ASÍ til hamingju með endurkjörinu f.h. LÍV og sagðist jafnframt vilja þakka forsetum, þingriturum og starfsmönnum þingsins fyrir góð störf. Stefán sagðist jafnframt vera á þeirri skoðun að prentun væri of mikil á skjalgum gögnum á þinginu og með því væri eytt of miklu af skógum sem væru ekki í okkar eigu. Skoraði hann því á forystuna að taka prentunarmál til endurskoðunar fyrir næsta þing með það að leiðarljósi að draga úr pappírnotkun. Að endingu sagðist Stefán vilja skora á aðildarfélög ASÍ að auka gagnsæi varðandi fjárreiður félaganna

og sagðist gjarnan vilja að ASÍ yrði samráðsvettvangur um aukið upplýsingaflæði í þeim efnunum.

Guðmundur Ragnarsson, VM, byrjaði á því að senda öllum kjörnum fulltrúum hamingjuóskir. Guðmundur sagðist vera ósáttur við þá gagnrýni sem forysta hreyfingarinnar hefði fengið á þinginu. Hann hefði kynnst þessu starfi fyrir fjórum árum þegar hann settist í miðstjórn og sagði hann að þar væri unnið gott starf og markmiðið væri að finna raunhæfar og sanngjarnar lausnir en ekki kaupa sér vinsældir með óraunhæfum tillögum. Sagðist hann telja að tíðar og viðvarandi efnahagslegur sveiflur væri stóra vandamálið, verðtryggingin væri hluti af þeim vanda og hreyfingin þyrfti áfram að leita leiða til að koma þeim málum í lag með skynsamlegum lausnum sem fælu ekki í sér að senda reikninginn á einhvern annan.

Guðni Gunnarsson, formaður ASÍ-UNG, sagðist vilja þakka öllum fyrir gott þing og hvatti jafnframt öll aðildarfélögin til að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma saman og ræða sín hagsmunamál.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, sagðist vilja svara þeirri gagnrýni sem á hann hefði komið. Hann sagðist hafa verið málefnalegur og stutt sínar tillögur með staðreyndum, fengnum með opinberum tölulegum upplýsingum. Sagði hann að VLFA hefði lagt til einu alvörulausnirnar á viðvarandi vandamálum. Vilhjálmur gagnrýndi félög og formenn þeirra sem hefðu komið óundirbúnir til þings og gagnrýndi jafnframt skort á tillögum frá öðrum félögum. Að endingu sagðist Vilhjálmur vilja þakka forsetum þingsins og starfsfólki ASÍ fyrir sín störf á þinginu.

Fundarslit

Þingforsetar þökkudu þingfulltrúum fyrir gott samstarf á þinginu.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði þingið hafa verið árangursríkt og umræðurnar málefnalegar. Sagðist hann jafnframt vilja þakka þingforsetum, þingriturum og starfsfólki þingsins fyrir gott starf. Gylfi óskaði nýjum miðstjórnarfulltrúum velfarnaðar í embætti og sagðist jafnframt vilja þakka þeim Guðmundi Gunnarssyni, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur og Stefaníu Magnúsdóttur, sem væru að stíga úr miðstjórn, fyrir sitt framlag á vettvangi miðstjórnar í gegnum tíðina.

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, þakkaði Gylfa og þingfulltrúum fyrir hlý kveðju- og þakkarorð í sinn garð. Sagði Guðmundur að sér þætti miður að umræðan hjá sumum snerist stundum um það að fámenn klíka réði öllu í hreyfingunni og hún væri ekki í takti við vilja hins almenna félagsmanns. Hann sagði það alls ekki sína upplifun og ekki sína reynslu úr löngu starfi fyrir hönd sinna umbjóðenda í RSÍ enda væru vinnubrögðin lýðræðisleg. Það sama ætti við um gagnrýni á skipulagið innan ASÍ. Í ljósi fulltrúalýðræðis þyrfti forseti að tala í takt við vilja miðstjórnar og þings og

sagðist hann telja að svo hafi ávallt verið gert. Að lokum þakkaði Guðmundur Gunnarsson fyrir samfylgdina í gegnum árin með eftirfarandi texta. „Við hefðum alið með okkur vonina um betra samfélag. Hún væri okkur ómissandi en dygði ekki ein og sér. Við stæðum ekki án drauma neinn dag til kvölds í fullsælu þess sem við trúðum að væri frá eilífð til eilífðar. Illska væri okkur samt ekki í blóð borin og margsinnis skalf hjartað, af fögnuði.“ [Textinn styðst í nokkru við línur úr 2 ljóðum úr ljóðabókinni Fyrir kvölddyrum, Hannes Pétursson, Mál og menning, 2006].

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sleit 40. þingi Alþýðusambands Íslands. Hann sagðist vilja ítreka þakkir sínar til þingfulltrúa fyrir gott þing og það traust sem honum hefði verið sýnt með endurkjörinu. Hann sagðist vera ánægður með það skipulag sem hefði verið viðhaft í málefnavinnunni og hrósaði þingfulltrúum fyrir virka þátttöku og góðar hugmyndir. Sagði hann jafnframt að miðstjórn hefði ákveðið að efna til fundarherferðar með þjóðfundarformi hjá almennum félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ til þess að hlusta og eiga samræður um skipulag verkalyðshreyfingarinnar. Gylfi sagði ekki efast um að miðstjórn fagnaði þeirri áskorun sem fram hefði komið um að ASÍ rannsakaði stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði. Að endingu sagðist Gylfi vilja hvetja alla til að taka vel í fyrirhugaða útgáfu sögu ASÍ á næstu mánuðum og að leggja sitt á vogaskálarnar við dreifingu á ritinu enda væri mikilvægt að vel skrásett saga ASÍ væri komandi kynslóðum og öllum, sem hefðu áhuga, vel aðgengileg. Að lokum þakkaði hann þingfulltrúum og starfsfólki þingsins fyrir vel unnin störf og óskaði öllum góðrar heimkomu.

40. þingi Alþýðusambands Íslands var slitið kl. 16:45.



Pingfulltrúar á 40. þingi ASÍ 2012

FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD

Félag bókkagerðarmanna

Georg Páll Skúlason
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Oddgeir Þór Gunnarsson
Óskar Ragnar Jakobsson

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna

Andrés Bjarnason
Brynjar Viggósson
Brynjólfur Árnason
Guðmundur Smári Guðmundsson
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Guðni Gunnarsson
Gylfi Ingvarsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Haraldur Guðjón Samúelsson

Hugi Árbjörnsson
Kristinn Sævar Jóhannsson
Marteinn S. Karlsson
Örn Friðriksson
Sævar Örn Kristjánsson
Samúel Ingvason
Sigurjón Már Pétursson
Smári Garðarsson
Vignir Eyþórsson

MATVÍS

Gígja Magnúsdóttir
Níels Sigurður Olgeirsson
Ólafur G. Sveinbjörnsson
Sigurður Magnússon

Félag hársnyrtisveina

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Félag leiðsögumanna

Kári Jónasson

Flugfreyjufélag Íslands

Sigrún Jónsdóttir
Kristín Bjarnadóttir

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Markús Betúel Jósefsson

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA VERZLUNARMANNA

VR

Aðalheiður Signý Óladóttir
Anna Karlsdóttir
Anna Þórðardóttir Bachmann
Árni Leósson
Áslaug Alexandersdóttir
Ásthildur Björgvinsdóttir
Benedikt Ragnarsson
Benedikt Vilhjálmsson

Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björg Árnadóttir
Bryndís Guðnadóttir
Elías Guðmundur Magnússon
Eyrún Ingadóttir
Finnbogi Albertsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðbirna K. Þórðardóttir
Guðjón Steinarsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Guðrún Halla Vilmundardóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Jóhannsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Guðrún María Jóhannsdóttir
Guðrún Rósa Gunnarsdóttir
Gunnar Böðvarsson
Gunnar Heiðberg Gestsson
Gylfi Arnbjörnsson
Hafdís Bára Bjarnadóttir
Hafsteinn Hafsteinsson
Hansína Gísladóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Árnadóttir
Hildur Mósesdóttir
Hreinn Sigmarsson
Inga Jóhannsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingveldur María Tryggvadóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Magnússon
Jóna Matthildur Jónsdóttir
Júlíana Pálsdóttir
Júnía Þorkelsdóttir
Kári S. Friðriksson

Kristín María Björnsdóttir
Kristín Waage
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Linda Björk Hávarðardóttir
Magnús Þorsteinsson
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Óskar Kristjánsson
Ragnar Egilsson
Ragnar Þór Ingólfsson
Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Samúel Jón Samúelsson
Sara Lind Guðbergisdóttir
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorlákisdóttir
Sigurður Sigfússon
Stefán Einar Stefánsson
Stefán Viðar Egilsson
Stefanía Magnúsdóttir
Steinþór Ásgeirsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Sveinbjörn F. Pétursson
Sverrir Ólafur Benónýsson
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þórhildur Ragna Karlsdóttir
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Elísson
Þorsteinn Þórólfsson
Þröstur Valgarðsson
Unnur Elva Arnardóttir
Valur Magnús Valtýsson
Valva Árnadóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson
Bryndís Kjartansdóttir

Sigrún Ólafsdóttir
Sveinbjörg Sigurðardóttir

Stéttarfélag Vesturlands
Einar Oddur Pálsson

Stéttarfélagið Samstaða
Sigríður Arnfjörð Guðmundsdóttir

Framsýn – stéttarfélag
Jónína Hermannsdóttir

Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Hjörtur S. Geirmundsson

Félag verslunar-og skrifstofufólks, Akureyri
Anna María Elíasdóttir
Eiður Stefánsson
Guðmundur Lárus Helgason
Hildur Tryggvadóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands
Guðmundur Gils Einarsson
Kristján Hálfánarson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Finnur Magnússon

AFL – Starfsgreinafélag
Gunnhildur Imsland

RAFÍÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Félag íslenskra símamanna
Grétar Birkir Guðmundsson
Guðrún S. Bergþórsdóttir
Kristín Þóra Benediktsdóttir

Félag íslenskra rafvirkja

Björn Ágúst Sigurjónsson
Guðmundur Gunnarsson
Ísleifur Tómasson
Jens heiðar Ragnarsson
Jón Ingi Skúlason Öfjörð
Svanborg Hilmarsdóttir

Félag rafeindavirkja

Björn Eysteinnsson
Eyjólfur Ólafsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Jakob Tryggvason
Sigurjón Guðni Ólason
Þorsteinn Úlfar Björnsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Georg Grundfjörð Georgsson

Rafvirkjafélag Norðurlands

Helgi Jónsson

Félag rafiðnaðarmanna, Suðurlandi

Helgi Guðmundsson

Félag sýningarstjóra kvikmyndahúsa

Stefán Ó. Guðmundsson

SAMIÐN, SAMBAND IÐNFÉLAGA

BYGGIÐN – Félag byggingarmanna

Finnbjörn A. Hermannsson
Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur Ómar Guðmundsson
Heimir Þorleifur Kristinsson

Félag iðn- og tæknigreina

Andrés Haukur Hreinsson
Ármann Ægir Magnússon

Einar Þór Gíslason
Georg Óskar Ólafsson
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Helgi Pálsson
Hilmar Harðarson
Ólafur Sævar Magnússon
Sveinn Ingason
Sveinn Jónsson
Tryggvi Frímann Arnarson
Vilhjálmur G. Gunnarsson

Þingið

Jónas Kristjánsson

AFL – Starfsgreinafélag

Sigurður Hólm Freysson

Félag járníðnaðarmanna Ísafirði

Halldór Óli Hjálmarsson

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Jóhann Rúnar Sigurðsson

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sjómannafélag Hafnarfjarðar

Jón Rósant Þórarinnsson

Verkalýðsfélag Akraness

Pétur Þór Lárusson

Aldan stéttarfélag

Ágúst Marinósson

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Jón Zophoníasson

Knútur Eiðsson

Konráð Þorsteinn Alfreðsson

Kristinn Sigurður Pálsson

Kristján Eldjárn Jónsson

AFL – Starfsgreinafélag

Grétar Ólafsson

Stephen Róbert Johnson

STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS**Efning – stéttarfélag**

Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir

Aðalsteinn R. Björnsson

Einar Vignir Baldursson

Elín Jónsdóttir

Elínbjörg Magnúsdóttir

Fanney Helga Friðriksdóttir

Franz Arason

Friðrik Ingi Karelsson

Guðjón Ágúst Norðdahl

Guðmundur Þ. Jónsson

Guðný Óskarsdóttir

Halldór Valur Geirsson

Harpa Andersen

Harpa Ásgeirsdóttir

Hjörtur Traustason

Hörður Aðalsteinsson

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Ingibjörg J. Guðmundsdóttir

Ingibjörg Sigríður Árnadóttir

Ingólfur Björgvin Jónsson

Ingvar Vigur Halldórsson

Jens Þorsteinsson

Jóhann Ingvar Harðarson

Jóna Sigríður Gestsdóttir

Kristbjörg B. Guðjónsdóttir

Kristján Páll Bragason

Kristrún Sigurðardóttir

Lilja Eiríksdóttir

Magnús Jakobsson

Ólafur Haraldsson

Ragnar Ólason

Ragnheiður A. Þorsteinsdóttir

Sædís Laguna Tangolamos

Sigríður Stefánsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurey Agatha Ólafsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Snorri Ársælsson
Stanislaw Bukowski
Stefán Gíslason
Póra Jónsdóttir
Póra Sigurbjörnsdóttir
Pórður Ólafsson
Þorsteinn M. Kristjánsson
Puríður Ingimundardóttir
Tryggvi Marteinson
Valgerður Jónsdóttir
Viðar Ottesen

Verkalýðsfélagið Hlíf

Eyþór Þormóður Árnason
Harpa Sif Sigurjónsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Linda Baldursdóttir
Ólafur Pétursson
Ragnar Árnason

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Ásdís Ingadóttir
Fjóla Svavarsdóttir
Gunnar Þór Jóhannsson
Hulda Örlygsdóttir
Jóhannes D. Halldórsson
Kristján G. Gunnarsson

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Magnús Már Jakobsson

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis

Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Ásgerður Magnúsdóttir

Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir
Hafsteinn Þórisson
Jón Jónsson
Vilhjálmur E. Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands

Signý Jóhannesdóttir
Sigurþór Óskar Ágústsson

Stéttarfélagið Samstaða

Ásgerður Pálsdóttir
Stefanía Anna Garðarsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Sigurður A. Guðmundsson
Þorsteinn Sigurðsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Eygló Jónsdóttir
Finnbogi Sveinbjörnsson
Ingvar Guðfinnur Samúelsson
Sævar Gestsson

Aldan – stéttarfélag

Arna Dröfn Björnsdóttir
Þórarinn Guðni Sverrisson

Eining – Iðja

Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson
Guðrún J. Þorbjarnardóttir
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Ingvar Kristjánsson
Ingvar Örn Sigurbjörnsson
Margrét Haukdal Marvinsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigríður K. Bjarkadóttir
Stefán Aðalsteinsson

Framsýn – stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson

Kristbjörg Sigurðardóttir
Torfi Aðalsteinsson

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Svala Sævarsdóttir

AFL – starfsgreinafélag
Elías Jónsson
Guðlaugur Þröstur Bjarnason
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Jóna Járnbrá Jónsdóttir
Kristrún Björg Gunnarsdóttir
Reynir Arnórsson
Skúli Hannesson
Steinunn Zoega
Sverrir Mar Albertsson

Drifandi stéttarfélag
Arnar G. Hjaltalín
Guðný Óskarsdóttir

Verkalýðsfélag Suðurlands
Eiríkur Tryggvi Ástþórsson
Már Guðnason
Báran, stéttarfélag
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Kristbjörn Hjalti Tómasson
Örn Bragi Tryggvason

ASÍ – UNG
Friðrik Guðni Óskarsson
Gísli Jósep Hreggviðsson
Guðfinna Alda Ólafsdóttir
Guðni Gunnarsson
Hrefna Gerður Björnsdóttir
Hrönn Jónsdóttir
Ingólfur Björgvin Jónsson
Sverrir Kristján Einarsson
Valur Guðbjörn Sigurgeirsson

BREYTINGAR Á ÞINGFULLTRÚUM FRÁ 15.–17. OKTÓBER 2012

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA VERZLUNARMANNA

VR

Anna Karlsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ásta Rut Jónasdóttir	Varamaður	Mætir
Ástríður S. Valbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Björg Árnadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Elísabet Magnúsdóttir	Varamaður	Mætir
Gerða Björg Hafsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Guðrún Rósa Gunnarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Gunnar Heiðberg Gestsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Harpa Sævarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Jóhanna Dúna Viborg	Varamaður	Mætir
Kalla Björg Karlsdóttir	Varamaður	Mætir
Páll Örn Líndal	Varamaður	Mætir
Ragnar Engilbertsson	Varamaður	Mætir
Sigríður Stefánsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Unnur Elva Arnardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Valva Árnadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Félag íslenskra símamanna

Eva K. Conteh Benjamínsdóttir	Varamaður	Mætir
Guðrún S. Bergþórsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Félag íslenskra rafvirkja

Jón Ólafur Halldórsson	Varamaður	Mætir
Svanborg Hilmarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Páll Sveinn Guðmundsson	Varamaður	Mætir
Sigurjón Guðni Ólason	Aðalmaður	Mætir

Samiðn, samband iðnfélaga

BYGGIÐN - Félag byggingarmanna

Guðmundur Ómar Guðmundsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kolbeinn Árnason	Varamaður	Mætir

STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS

Efling – stéttarfélag

Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Bjarni Bjarnason	Varamaður	Mætir
Einar Vignir Baldursson	Aðalmaður	Forfallaðist
Friðrik Ingi Karelsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Halldór Guðjón Björnsson	Varamaður	Mætir
Harpa Ásgeirsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Hjörtur Traustason	Aðalmaður	Forfallaðist
Hörður Aðalsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingólfur Björgvin Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jakobína Guðjónsdóttir	Varamaður	Mætir
Jón S. Pétursson	Varamaður	Mætir
Kristín Þorsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Kristján Páll Bragason	Aðalmaður	Forfallaðist
Ragna S. Sveinbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Sædís Laguna Tangolamos	Aðalmaður	Forfallaðist
Signe Reidun Skarsbö	Varamaður	Mætir
Sigurlaug Brynjólfsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigurlín Ágústsdóttir	Varamaður	Mætir
Stefán Gíslason	Aðalmaður	Forfallaðist
Þórður Oddsson	Varamaður	Mætir

Eining – Iðja

Hafdís Ósk Kristjánsdóttir	Varamaður	Mætir
Ingvar Örn Sigurbjörnsson	Aðalmaður	Forfallaðist

AFL – Starfsgreinafélag

Elías Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Elísabet Ólöf Þórðardóttir	Varamaður	Mætir
Guðlaugur Pröstur Bjarnason	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristján Magnússon	Varamaður	Mætir
Reynir Arnórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Sigríður Dóra Sverrisdóttir	Varamaður	Mætir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðrún Elín Pálsdóttir	Varamaður	Mætir



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjölmeðg mála komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2012 til september 2013.

Í byrjun árs 2013 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2013. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótir þann ramma, sem starfsemin byggir á, og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og ráðstöfun þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eins og undangengin ár hafa efnahags-, atvinnu- og kjaramálin verið fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og verið á dagskrá hvers einasta fundar hennar á tímabilinu. Auk þess hefur ítrekað verið fjallað sérstaklega um málefni atvinnulausra, stöðuna á vinnumarkaði almennt og stöðu heimilanna í landinu, hrunið, lífeyrismálin, húsnæðismálin, verðlagsmál, aðildarumsóknina að ESB og undirbúning næstu kjarasamninga. Þá var á þremur miðstjórnarfundum sérstaklega kynnt starfsemi VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífisins, svo og samstarfsverkefni stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna gegn langtímaatvinnuleysi, Liðstyrkur. Er þá aðeins fátt eitt nefnt af því sem kom til umfjöllunar í miðstjórn á tímabilinu.

Miðstjórnin fjallaði um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru jafnframt til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna málefni atvinnulausra, tillögur ASÍ í húsnæðismálum, bæði um nýtt húsnæðiskerfi og félagslegt húsnæðiskerfi, lífeyrismál, almannatryggingar og verðlagseftirlit, þ.m.t. verkefnið Vertu á verði. Þá er einnig gerð ítarleg grein fyrir endurskoðun kjarasamninganna í byrjun árs.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og kjaramál og hagur launafólks almennt helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál eins og sjá má í kaflanum hér á eftir. Þessu tengt voru málefni atvinnulausra mjög oft til umfjöllunar. Sama gildir um málefni lífeyrisþega og endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Um öll þessi mál er fjallað ítarlega á öðrum stöðum í skýrslunni. Hér á eftir verður aðeins stiklað á því helsta í störfum miðstjórnar og þá einkum því sem ekki er til umfjöllunar annars staðar.

Eins og áður snerist umræðan í haustbyrjun að verulegu leyti um fjárlagafrumvarp næsta árs og þær línur sem þar voru lagðar. Í umræðum á fundi miðstjórnar 26. september kom fram að ekki væri að finna nein stór tíðindi í frumvarpinu miðað við það sem reiknað hefði verið með. Jafnframt var bent á að fjárlagafrumvarpið gengi út frá að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækkuðu minna en lægstu laun. Miðstjórn ályktaði sérstaklega um þetta efni þar sem þess var krafist að ríkisstjórn og Alþingi tryggðu að kjör þeirra tekjulægstu drægjust ekki aftur úr kjörum annarra hópa. Á fundi miðstjórnar 10. október voru til umfjöllunar drög að ályktun 40. þings ASÍ um kjaramál þar sem sagði:

„Markmið gildandi kjarasamninga er að leggja grunn að auknum kaupmætti, stöðugleika, jöfnun lífskjara og fjölgun starfa. Þrátt fyrir að hækkun lægstu launaxta hafi lagt grunn að auknum kaupmætti þeirra er ljóst að almennar launahækkanir hafa ekki haldið í við verðbólgu. Veik staða krónunnar og mikil verðbólga veldur því að nú stefnir í að forsendur kjarasamninganna bresti. Þar er ekki síst að sakast við fyrirtækin í landinu og opinbera aðila sem velt hafa auknum kostnaði út í verðlagið. Fyrir launafólk eru afleiðingarnar hærra verð á nauðsynjum, vöru og þjónustu, hærri vextir og auknar skuldir heimilanna í landinu.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að stjórnvöld hafa ekki og hyggjast ekki standa við skuldbindingar sínar um hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga. Þá er ekki síður alvarlegt að sú endurreisn atvinnulífs og fjölgun starfa, sem lofað var, hefur engan veginn gengið eftir. Þar hefur úrræða- og aðgerðaleysi stjórnvalda ráðið miklu.

Þingið krefst þess að stjórnvöld og atvinnurekendur geri það sem í þeirra valdi stendur til að ná niður verðbólgunni og að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín í atvinnu- og félagsmálum. Staðan er grafalvarleg því bresti forsendur verða kjarasamningar í uppnámi og þá getur komið til átaka á vinnumarkaði í byrjun næsta árs.

Þingið hvetur samninganefnd ASÍ og aðildarsamtökin til að eiga samstarf og samvinnu við endurskoðun kjarasamninganna í janúar 2013 því nú mun reyna á samstöðu launafólks um að ná markmiðum kjarasamninga um stöðugleika, vaxandi kaupmátt, jöfnun kjara og fjölgun starfa.“

Einnig var á fundinum bent á að ríkisstjórnin ætlaði sér ekki að standa við rammaáætlunina, sem lögð var fram á Alþingi, með alvarlegum afleiðingum fyrir atvinnuuppbygginguna í landinu.

Á fundi miðstjórnar 14. nóvember voru til umræðu drög að samkomulagi á milli stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna um sérstakar aðgerðir til að draga úr langtímaatvinnuleysi jafnhliða því sem ákvæði laga um framlengingu atvinnuleysisbóta í fjögur ár félli úr gildi 31. desember 2012. Á fundinum fékk forseti ASÍ umboð til að vinna að málinu áfram á þeim grunni sem kynntur var á fundinum. Samkomulag um verkefnið, sem síðar fékk yfirskriftina Líðsstyrkur, varð að veruleika eftir stranga og erfiða samninga og er gerð sérstaklega grein fyrir því á öðrum stað í skýrslu forseta.

Á fundi miðstjórnar 28. nóvember var síðan mikil umræða um endurskoðun kjarasamninganna og hvernig skyldi standa að henni. Ákveðið var að boða til tveggja formannafunda, í desember og janúar. Á fyrri fundinum yrðu málin reifuð og leitað eftir sjónarmiðum og tillögum aðildarfélaganna. Í framhaldinu mundi síðan samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ fara yfir málið og gera grein fyrir vinnu sinni á seinni fundinum og leita viðbragða við henni. Eins og fram kemur annars staðar í skýrslu forseta var síðan undirritað samkomulag ASÍ um

endurskoðun og framlengingu kjarasamninganna 21. janúar 2013 en í milli-tíðinni var mikil umræða um þetta efni á fundum miðstjórnar.

Í byrjun árs 2013 samþykkti miðstjórn tvær ályktanir sem snerta annars vegar ógnina sem felst í verðlagshækkunum og verðbólgunni fyrir hag launa-fólks og hins vegar skerðinguna á kjörum aldraðra, öryrkja og atvinnuleitenda. Í framhaldi af umræðu í miðstjórn var í byrjun febrúar ákveðið að fara í funda-herferð um landið undir yfirskriftinni Kaupmáttur – Atvinna – Velferð með það að markmiði að kynna helstu áherslur ASÍ varðandi kjaramál, atvinnumál og húsnæðismál fyrir forystufólki stéttarfélaganna, trúnaðarmönnum og áhuga-sömum félögum stéttarfélaganna. Efnislegt upplegg á fundunum var:

- Áherslur ASÍ varðandi stöðu og þróun kjaramála og kaupmáttar launafólks með sérstakri áherslu á baráttuna við verðbólguna og stefnu og aðgerðir ASÍ í þeim efnum.
- Áherslur ASÍ á auknar fjárfestingar og eflingu atvinnulífs eins og þær voru mótaðar á 40. þingi ASÍ.
- Velferðarmálin með sérstakri áherslu á tillögur ASÍ varðandi nýtt húsnæðislánakerfi, auk þess sem fjallað verður um vinnu ASÍ að mótun félagslegs húsnæðiskerfis.

Tillögum ASÍ var síðan fylgt enn frekar eftir í aðdraganda Alþingis-kosninganna á opnum stjórnarálfundi sem ASÍ boðaði til með helstu framboð-um til kosninga. Á þeim fundi voru tillögur ASÍ kynntar og fulltrúum stjórn-málaflokkanna gefið færi á að bregðast við þeim og lýsa viðhorfum sínum.

Áfram var fjallað um stöðu kjara-, atvinnu- og velferðarmála síðla vetrar og um vorið, staðan greind og áherslur lagðar af hálfu ASÍ. Þegar leið nær þingkosningum var vaxandi umræða í miðstjórn um sýn og áherslur þeirra flokka, sem buðu fram í kosningunum, til málanna. Þegar ný ríkisstjórn hafði tekið við í byrjun sumars komu áherslur hennar og stefnumið til umfjöllunar eins og þær birtust í stjórnarsáttmálanum og yfirlýsingum nýrra stjórnarherra. Voru þar hvorir tveggja dregnir fram jákvæðir og síður jákvæðir þættir en um leið áréttað að óskum um samráð og samstarf af hálfu nýrrar ríkisstjórnar yrði vel tekið.

Í maí ákvað miðstjórn að halda formannafund til undirbúnings komandi kjarasamninga þar sem gerð væri grein fyrir skýrslu sem tekin hefði verið saman af aðilum vinnumarkaðarins um samningagerðina annars staðar á Norðurlöndum og hvað læra mætti af reynslu nágrannaþjóðanna. Fundurinn var haldinn í byrjun júní.

Á fyrsta fundi miðstjórnar 28. ágúst kom hins vegar fram að lítið sem ekkert samráð eða samstarf hefði enn verið haft við Alþýðusambandið um þau mikilvægu mál sem væru fram undan eins og efnahagsmálin, ríkisfjármálin og brýnustu velferðarmálin; jafnframt að það sem þegar hefði verið gert af hálfu

stjórnvalda í þeim efnunum væri síst til þess fallið að auðvelda framhaldið. Áfram var þó áréttað að óskum um samráð og samstarf yrði vel tekið enda yrði einhver alvara að vera á bak við slíkar óskir.

40. þing ASÍ

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2012 var til umfjöllunar á 40. þing ASÍ var haldið í lok októbermánaðar 2012. Eðli málsins samkvæmt fjallaði miðstjórn ASÍ ítrekað um undirbúning þingsins, bæði um málefni og framkvæmd, í aðdraganda þess og síðan um niðurstöðurnar að því loknu og hvernig bæri að hrinda þeim í framkvæmd. Ákveðið var að yfirskrift þingsins yrði Atvinna og velferð í öndvegi. Mikil áhersla var lögð á að allir þingfulltrúar ættu kost á að taka virkan þátt í þingstörfunum og var því mikið lagt upp úr hópastarfi með þátttöku sem flestra. Það var samdóma álit þingfulltrúa að vel hefði tekist til í þeim efnunum.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2012

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2013 var til umfjöllunar á tveimur fundum miðstjórnar ASÍ í desember 2012 og janúar 2013 og staðfest á seinni fundinum. Að þessu sinni var auk hefðbundinna verkefna sérstök áhersla á:

- Endurskoðun kjarasamninganna.
- Aðildarviðræðurnar við ESB.
- Stuðningur við starf ungliðahreyfingarinnar innan ASÍ, ASÍ-UNG.
- Fundaferð um landið þar sem félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ yrði boðið að fjalla um helstu verkefni og viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar í nútímasamfélagi.

Samningagerð og umgjörð kjarasamninga

Miðstjórn samþykkti að ASÍ tæki þátt í tveimur fundum, 5. og 12. nóvember 2012, sem ríkissáttasemjari boðaði til í samstarfi við helstu samtök og stéttarfélag á vinnumarkaði, um samningagerð, umgjörð kjarasamninga og sameiginleg verkefni. Aðdragandann mátti rekja til umræðu, sem varð vorið 2012, um að opna vinnulöggjöfina sem ASÍ lagðist alfarið gegn. Á fyrri fundinum voru fengnir fyrirlesarar sem fjölluðu almennt um samningagerð og samningakerfið í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Á seinni fundinum hélt Ásmundur Stefánsson síðan framsögu um umbætur í samningaferlinu m.a. í ljósi tilhögunarinnar annars staðar á Norðurlöndum auk þess sem fjallað skyldi um „þríhliða“ kjarasamninga og samningaferlið hér á landi og lengd þess.

Í framhaldi af þessum fundum samþykkti ASÍ að senda tvo sérfræðinga í vinnuferð til Norðurlanda til að dýpka þekkinguna á kjarasamningagerð í þeim

löndum og umgjörð kjarasamninganna. Þessi ferð var farin í febrúar 2013 og voru Magnús M. Norðdahl og Ólafur Darri Andrason fulltrúar af hálfu ASÍ. Tekin var saman skýrsla um það sem fulltrúarnir urðu vísari í ferðinni og var hún kynnt í maí og rædd á fundi formanna aðildarsamtaka ASÍ í bytjun júní. Á grundvelli þeirra lærdóma, sem dregnir voru af reynslu annarra norræna landa, voru svo settir á laggirnar tveir vinnuhópar til að vinna ýmsar tölfraði- legar upplýsingar um laun og launaþróun og efnahagslegar forsendur kjara- samninga.

Jafnréttismál

Á fundi miðstjórnar í október 2012 var kynnt tillaga jafnréttis- og fjölskyldu- nefndar ASÍ að endurskoðaðri jafnréttisstefnu fyrir ASÍ ásamt sérstakri aðgerðaáætlun. Að lokinni umræðu var hvort tveggja samþykkt.

Síðar í sama mánuði átti ASÍ síðan aðild að viljayfirlýsingu stjórnvalda og helstu samtaka á vinnumarkaði um launajafnrétti, svohljóðandi:

„Viljayfirlýsing

Stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins leggja áherslu á mikilvægi þess að komið verði með formlegum hætti á aðgerðahópi þessara aðila til að vinna að launajafnrétti kynjanna. Markmið slíks samstarfs er að að eyða kyn- bundnum launamun sem enn er viðvarandi vandi á innlendum vinnumarkaði.

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari hafa ákveðið að setja á fót aðgerðahóp í tilraunaskyni til tveggja ára með möguleika á framlengingu ákveði aðilar að halda beri samstarfinu áfram. Tilnefnir hver aðili viljayfirlýsingarinnar einn fulltrúa í nefndina en fulltrúi velferðarráðherra verður formaður hennar. Verkefni aðgerðahópsins skal meðal annars vera að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, annast gerð áætlunar um kynningu jafnlaunastaðals, upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og fyrirtækja. Skal aðgerðahópurinn vinna að nánari útfærslu einstakra verkefna nefndarinnar.“

Málaferli vegna skattlagningar lífeyrisréttinda og ólögmetra aðgerða útgerðarmanna

Á fundi miðstjórnar í nóvember 2012 kom fram hörð gagnrýni á skattlagningu á lífeyrisréttindi og ítrekuð svik stjórnvalda í þeim efnunum. Á fundinum var vísað til fyrri umfjöllunar á vettvangi miðstjórnar um málið og samþykkt harðorð ályktun. Jafnframt var samþykkt að halda áfram undirbúningi undir dómsmál til að hnekkja skattinum ef á þyrfti að halda.

Í mars 2013 var málið aftur til umfjöllunar í miðstjórn og lá þá fyrir minnisblað þar sem lagt var til að fjármálaráðherra yrði stefnt fyrir hönd ríkis- ins og ríkissjóðs Íslands. Jafnframt var fjallað um kröfugerð af hálfu ASÍ fyrir

hönd félagsmanna aðildarfélaga ASÍ. Samþykkt var að stefna á þeim grunni sem kynntur var á fundinum og var það gert í byrjun apríl. Þegar þetta er skrifað liggur niðurstaða í málaferlunum ekki fyrir.

Þann 28. janúar 2013 var þingfest í Félagsdómi mál Alþýðusambands Íslands f.h. allra aðildarfélaga sinna gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landsambands íslenskra útvegsmanna.

ASÍ krafðist þess að viðurkennt yrði að sú aðgerð LÍÚ að beina því til félagsmanna sinna þann 2. júní 2012 að halda skipum sínum ekki til veiða eftir sjómannadag þann 3. júní 2012 og beina þeim þess í stað til Reykjavíkurhafnar 7. júní 2012 í mótmælaskyni gegn frumvörpum sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og veiðigjöld, hafi brotið gegn 2. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Þegar þetta er skrifað liggur niðurstaða í málaferlunum ekki fyrir.



Útgáfa sögu ASÍ

Eins og fram kom í síðustu skýrslu forseta samþykkti miðstjórn ASÍ í janúar 2012 samning á milli ASÍ og Forlagsins um útgáfu á sögu ASÍ. Saga ASÍ kom út á 97 ára afmæli ASÍ 12. mars 2013. Í tilefni útgáfunnar hélt ASÍ hóf í Iðnó þar sem boðið var forystufólki úr verkalyðshreyfingunni, ýmsum samstarfsaðilum ASÍ, alþingismönnum, ritnefnd o.fl. auk forseta Íslands. Í kynningu Alþýðusambandsins og Forlagsins á verkinu sagði:

„Alþýðusamband Íslands fagnar 97 ára afmæli sínu í dag en sambandið var stofnað 12. mars 1916. En ASÍ fagnar ekki bara háum aldri í dag því saga sambandsins kemur jafnframt út í dag. Verkið, sem er í tveimur bindum og afar veglegt, hefur verið í smíðum undanfarin ár en höfundur þess er Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur.

Verkið hefur átt sér langan aðdraganda og mikil og vönduð undirbúningsvinna hefur verið unnin sem skilar sér í metnaðarfullu og glæsilegu riti um íslenskt samfélag og sögu, frá fyrstu tilraunum til stofnunar alþýðusamtaka gegnum hörð stéttaátök kreppuárána, samfélagsbreytingar á eftirstríðsárum, alþýðutryggingar, húsnæðismál, jafnréttismál, lífeyrisréttindi, menntamál, alþjóðamál og ótalmargt annað sem íslensk alþýðusamtök komu að og allt til nútímans. Fyrra bindið ber undirtitilinn „Í samtök“ og nær yfir tímabilið 1916–1960 og hið síðara kallast „Til velferðar“ og nær frá 1960–2010.

Í bókunum er að finna mörg hundruð myndir sem tengjast íslenskri verkalyðsbaráttu og alþýðusamtökum. Var víða leitað fanga við öflun mynda enda er þar margt afar forvitnilegt að sjá. Einnig eru í bókinni skýringarmyndir og töflur sem segja sögu þróunar í kjaramálum og á mörgum öðrum sviðum, þar eru listar yfir stór og smá aðildarfélög ASÍ frá upphafi, litmyndir af öllum þekktum 1. maí-merkjum samtakanna og margt annað efni sem styður og skreytir frásögnina.

Bækurnar eru samtals nær 800 blaðsíður í stóru broti og eru bæði fáanlegar í vandaðri öskju og einnig án öskju. Þær eru prentaðar í Prentsmiðjunni Odda.“

Það er samdóma álit þeirra sem hafa tjáð sig um verkið að það sé afar vandað að allri gerð og Alþýðusambandinu og þeim sem að því komu til mikils sóma.

1. maí 2013

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. mars var ákveðið að yfirskrift aðgerða verkalyðshreyfingarinnar 1. maí yrði Kaupmáttur – Atvinna - Velferð! sem er sama yfirskriftin og var á fundaherferð forystu Alþýðusambandsins. Í ávarpi, sem ASÍ lét birta í dagblöðum 1. maí, sagði:

Kaupmáttur – Atvinna – Velferð

Í 90 ár hefur íslenskt launafólk fylkt liði í kröfugöngum í baráttunni fyrir réttlátu samfélagi. Enda þótt mikið hafi áunnist og þjóðfélagið tekið stakka-skiptum er grundvallarstefið í verkalyðsbaráttu enn það sama. Við verðum að hafa atvinnu, launin okkar þurfa að skila okkur kaupmætti, við þurfum að geta skapað fjölskyldum okkar öruggt húsnæði og velferðarþjónustan verður að vera á viðráðanlegu verði.

Verðbólgan er verst í óvinur launafólks. Hún skerðir kaupmátt launanna

okkar og orsakar háa vexti á lánunum okkar. Óstöðugt gengi íslensku krónunnar er einn af orsakavöldum mikillar verðbólgu. Því skiptir sköpum fyrir hagsmuni launafólks að meiri festa ríki um gengi krónunnar. Við höfum ekkert val, við verðum að segja verðbólgunni stríð á hendur.

Húsnæðismál Alþýðusambandsins

Í nóvember 2012 kom fram á fundi miðstjórnar að skipulagsyfirvöld hefðu samþykkt stækkun að Sætúni 1 annars vegar með því að bæta hæð ofan á Norðurhús og hins vegar með því að lengja Suðurhúsið til vesturs. Alls væri stækkunarheimildin upp á 1.500 m². Fram kom að þeir aðilar, sem nú væru með starfsemi í húsinu, hefðu þörf fyrir stækkun. Þá fullnýtti ASÍ nú sinn hlut í húsinu auk þess sem stækkunin væri skynsamlegur fjárfestingarkostur. Á fundinum samþykkti miðstjórn fyrir sitt leyti að vinna málið áfram og láta fullklára hönnunurvinnu vegna stækkunarinnar.

Á fundi miðstjórnar í apríl 2013 var lögð fyrir tillaga að hönnun vegna stækkunar Sætúns 1 ásamt teikningum og verkáætlun. Á fundinum var heimild veitt til að taka þátt í stækkuninni, Alþýðusambandið veitti Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 lán fyrir framkvæmdinni á viðskiptalegum forsendum og að ASÍ leigði af eignarhaldsfélaginu það skrifstofu- og fundarrými sem yrði til við stækkunina.

Þá var á fundi miðstjórnar í lok ágúst 2013 staðfest ákvörðun um að taka tilboði byggingaraðila í stækkunina. Miðstjórn staðfesti af hálfu ASÍ tilboð í uppsteypu og frágang utanhúss vegna stækkunar Sætúns/Guðrúnartúns 1 (en Sætún hefur fengið nýtt heiti og nefnist gatan nú Guðrúnartún eftir fyrstu konunni sem varð bæjarfulltrúi í Reykjavík). Verklok í þessum áfanga eru samkvæmt samningum í júlí 2014. Fram kom að við útboðið var fylgt reglum, sem ASÍ stóð að með Samtökum iðnaðarins og opinberum verkkaupum, um hæfi bjóðenda þar sem gerðar eru ríkar kröfur til bjóðenda um góða viðskiptahætti og réttindi starfsmanna.

Fundargerðir miðstjórnar ASÍ – Fréttamolar frá skrifstofu ASÍ

Á umliðnum árum hefur öðru hvoru átt sér stað umræða á vettvangi miðstjórnar ASÍ um hvernig standa skuli að ritun og dreifingu fundargerðar miðstjórnarinnar, upplýsingamiðlun um það sem fram fer á fundum hennar og þær ákvarðanir sem þar eru teknar. Nú síðast var fjallað um þetta efni á fundi miðstjórnar ASÍ í nóvember 2012. Mikil umræða varð um málið og komu fram ólík sjónarmið til efnisins. Í máli sumra kom fram að óþarfi væri að gera jafn ítarlegar fundargerðir og nú er. Nægilegt væri að segja frá því hvaða efni hafi verið til umfjöllunar, hvað var rætt og hver niðurstaðan varð og að eðlilegt væri að fundargerðirnar yrðu birtar. Mikilvægt væri að koma í veg fyrir ásakanir um að miðstjórnin væri að pukrast og að leynd hvíldi yfir störfum

hennar. Á móti kom fram það sjónarmið að mikilvægt væri að hafa sæmilega ítarlegar fundargerðir, þar sem umræðan væri reifuð og helstu sjónarmið kæmu fram. Slíkt gagnaðist miðstjórnarmönnum þegar þeir vildu rifja upp umræðu, sem átt hefði sér stað um tiltekin mál, eða forfölluðust á einstökum fundum. Sama gildi um varamenn í miðstjórn sem gætu þá betur fylgst með því sem gerðist í miðstjórn á hverjum tíma. Þeir hefðu þá einnig möguleika á að setja sig betur inn í það sem áður hefði gerst varðandi tiltekin mál og vera þannig betur undirbúnir þegar þeir mæta til fundar. Einnig var bent á það sögulega gildi sem góðar fundargerðir hafa. Þá kom fram það sjónarmið að ef farið verði út í að gera fundargerðir opinberar – þar sem eingöngu er gerð grein fyrir um hvað var fjallað og hver niðurstaðan var – muni það leiða til þess að einstakir miðstjórnarmenn muni í ríkum mæli fara að óska eftir að afstaða þeirra verði sérstaklega bókuð og þannig dragi úr þeirri samstöðu sem verið hefur almennt um þá niðurstöðu sem miðstjórn kemst að.

Í svari við erindi frá stjórn Framsófnar – stéttarfélags, dags. 28. nóvember 2012, þar sem ítrekuð er beiðni félagsins um að fundargerðir miðstjórnar ASÍ verði gerðar aðgengilegar fyrir aðildarfélög sambandsins, er gerð grein fyrir afstöðu miðstjórnar til málsins. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Á fundi miðstjórnar ASÍ 14. nóvember sl. var fjallað ítarlega um hvernig standa ætti að ritun og dreifingu fundargerða frá fundum miðstjórnar. Þá varð einnig mikil umræða um miðlun upplýsinga þannig að tryggt væri að aðildarsamtök ASÍ og félagsmenn þeirra væru sem best upplýstir um störf miðstjórnar ASÍ á hverjum tíma, stefnumótun afhennar hálfu, verkefni sem Alþýðusambandið væri að vinna að og árangur af starfi þess. Niðurstaðan var að fundargerðir verði áfram ritadar með þeim hætti sem gert hefur verið, dreifing þeirra verði áfram takmörkuð við miðstjórnarmenn og varamenn í miðstjórn og að þessir aðilar virði trúnað um þær umræður, sem fara fram á miðstjórnarfundum, og niðurstöður að svo miklu leyti sem það kann að vera nauðsynlegt vegna hagsmuna launafólks. Jafnframt var ákveðið að fyrir fundi miðstjórnar verði á vef ASÍ sagt frá því helsta sem verður til umfjöllunar og síðan birt frétt af fundunum og því helsta, sem þar gerðist, þegar þeir hafa verið haldnir, samdægurs eða daginn eftir. Þá var ákveðið að stefna að því að forseti ASÍ sendi reglulega, t.d. einu sinni í mánuði, til aðildarsamtakanna greinargerð/yfirlit yfir það helsta, sem verið er að vinna að af hálfu sambandsins á hverjum tíma, og árangur starfsins.

Með þeirri miðlun upplýsinga, sem ákveðin var á fundi miðstjórnar, auk hefðbundins fréttaflutnings af störfum miðstjórnar og Alþýðusambandsins á vef ASÍ og með útgáfu mánaðarlegra fréttabréfa á vefnum, vill Alþýðusambandið koma til móts við edlilegar og sjálfsagðar kröfur um gagnsæi í störfum sambandsins.“

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ og félagsmenn séu upplýstir um þau málefni, sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, þá stefnumótun, sem þar á sér stað, og þær ákvarðanir, sem þar eru teknar, er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

1. Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ, www.asi.is, um leið og þær liggja fyrir.
2. Fréttamolar – frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánudagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum e.h.). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundum, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsingar og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaganna ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. Aðildarfélagunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.
3. Rafrænt fréttabréf ASÍ kemur út mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Þar gerir forseti ASÍ grein fyrir starfi og áherslum ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni, auk þess sem fjallað er um mál sem efst eru á baugi í starfi ASÍ.
4. Í skýrslu forseta, sem út kemur árlega í október og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt á starfi miðstjórnar ASÍ og helstu málum sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu.

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélög á hverju ári um sem nemur einni og hálfri milljón króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa hefur ASÍ styrkt jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um hálfu milljón króna fyrir jólin undanfarin ár. Aðstoðin fer fram um allt land m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafræðslan hafa unnið saman undanfarin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfærðu 13-15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega. Alþýðusambandinu er heiður að því að koma að því góða starfi sem Jafningjafræðslan ynnir af hendi en Jafningjafræðslan er forvarnarstarf unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólksins. Rætt er um vinnuréttindi, vímu-

efni, átraskanir, kynlíf, kynferðisofbeldi, samkynhneigð, einelti, fordóma og fleira forvarnartengt. Jafningjafraeðslan nær til 3–4000 ungmenna á hverju sumri á aldrinum 13–15 ára.



ASÍ hefur um árabíl stutt Hjálparstarf kirkjunnar með myndarlegum fjárstuðningi fyrir jólin.

Ályktanir miðstjórnar

Ályktun um skattlagningu lífeyrisréttinda félagsmanna ASÍ 14. nóvember 2012

Álagning sérstaks skatts á lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði brýtur gróflega gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og því er óhjákvæmilegt annað en að miðstjórn ASÍ láti reyna á lögmæti hennar fyrir dómstólum. Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ lífeyrissjóðina til að skoða lögfræðilega hvort forsendur eru fyrir því að fá dómstóla til að skera úr um ágreining varðandi samkomulag fjármálaráðherra við lífeyrissjóðina frá því í febrúar 2012 um þátttöku þeirra í sérstökum gjaldeyrisútböðum Seðlabanka Íslands.

Miðstjórnin mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að ganga enn og aftur gegn fyrirheitum um að lög um þennan sérstaka skatt á lífeyrisréttindi launafólks verði afnumin og að sá skattur, sem þegar hefur verið greiddur, verði borgaður til baka. Umrædd skattlagning lendir einungis á lífeyrisréttindum fólks á almennum markaði þar sem ráðherrar, alþingismenn og þeir opinberu starfsmenn, sem aðild eiga að opinberu lífeyrissjóðunum, njóta ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu var þetta mikið deilumál milli Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar í lok síðasta árs sem leiddi m.a. til þess að oddvitar stjórnarflokkanna gáfu fyrirheit um að séð yrði til þess að álagning þessa skatts hefði ekki áhrif á réttindi félagsmanna ASÍ. Málið kom einnig upp við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012 en þá lagði ríkisstjórnin fram sérstakt minnisblað um að fyrrgreind lög yrðu afnumin og skatturinn endurgreiddur. Miðstjórn ASÍ telur með ólíkindum að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í þriggung gefið fyrirheit um afnám þessa skatts á elli- og örorkulífeyri skuli málið enn vera í átakafarvegi.

Greinargerð:

- Fyrir ári lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga, þar sem lagt var til að lagðar yrðu verulegar álögur á lífeyrissjóðina í landinu. Miðstjórn ASÍ mótmælti þessu harðlega og tókst að ná fram þeirri breytingu að fallið var frá svokölluðum fjársýsluskatti en ákveðið var að leggja sérstakan „eignaskatt“ á sjóðina þrátt fyrir að þeir væru nánast allir að glíma við neikvæða tryggingafræðilega stöðu. Forsætisráðherra og þáverandi fjármálaráðherra sendu þá forseta ASÍ og framkvæmdastjóra SA bréf þess efnis að ríkisstjórnin myndi sjá til þess með beinum framlögum að ekki kæmi til fyrrgreindrar skerðingar réttinda. Ekkert hefur verið gert í því að koma í veg fyrir neikvæð áhrif umrædds skatts. (Sjá hjálagt bréf.)
- Við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012 lögðu oddvitar ríkisstjórnar-

innar fram minnisblað um það með hvaða hætti til stæði að afnema löginn með sérstöku samkomulagi um aðkomu lífeyrissjóðanna að áætlun Seðlabanka Íslands um útboð á aflandskrónum. Minnisblaðið hafði mikil áhrif á að ekki kom til uppsagnar kjarasamninga. (Sjá hjálaga minnisblað.)

- Í febrúar sl. var undirritað samkomulag milli lífeyrissjóðanna og þáverandi fjármálaráðherra um þátttöku lífeyrissjóðanna í þessum útboðum. Skýrt var kveðið á um það í þessum samningum að ef sjóðirnir tækju þátt í útboðum Seðlabankans fyrir a.m.k. 200 milljónir evra yrðu umrædd lög afnumin og skatturinn vegna 2011 endurgreiddur. Nú hefur fjármálaráðherra, með stuðningi ríkisstjórnarinnar, ákveðið að virða ekki þennan samning. (Sjá hjálaga minnisblað.)

Ályktun um verðbólguna sem versta óvin launafólks 9. janúar 2013

Miðstjórn ASÍ krefst þess að atvinnurekendur axli ábyrgð og haldi aftur af verðhækkunum. Geri þeir það ekki er einsýnt að framundan eru tímar óstöðugleika og átaka.

Miðstjórn ASÍ varar við þeim efnahagslega óstöðugleika sem hér ríkir. Gengi krónunnar hefur ekki verið lægra í tvö ár, verðbólgan mælist nú 4,2% og verðbólguhorfur eru óásættanlegar. Ástæður mikillar verðbólgu eru margar en hækkun álagning í verslun og þjónustu, auknar álögur opinberra aðila og veikt gengi krónunnar skýra hana að mestu.

Verðbólgan er versti óvinur launafólks. Hún rýrir kjörin, hækkar vexti og eykur skuldir heimilanna. Samkvæmt gildandi kjarasamningum eiga laun almennt að hækka um 3,25% í byrjun febrúar. Helsta markmið kjarasamninganna var að auka kaupmátt alls launafólks. Það markmið er því miður ekki að nást.

Við þessa stöðu verður ekki unað. Það er ekki hægt að kasta öllum vanda og allri ábyrgð á launafólk. Miðstjórn ASÍ krefst þess að stjórnvöld og atvinnulífið komi fram af ábyrgð í þeirri erfiðu stöðu sem blasir við vegna endurskoðunar kjarasamninga. Ábyrgð atvinnurekenda er mikil en jafnframt verða stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit, endurskoða stefnuna í gengis- og peningamállum og leggja þannig grunn að stöðugleika.

Ályktun um aldraða, öryrkja og atvinnuleitendur 9. janúar 2013

Vegið að þeim sem síst skyldi

Miðstjórn ASÍ mótmælir ákvörðun Alþingis um skerðingu á kjörum aldraðra, öryrkja og atvinnuleitenda. Þegar gengið var frá kjarasamningum 2011 ætlaði ríkisvaldið að hækka bætur til samræmis við hækkun lægstu launa eða um 11.000 kr. á árunum 2012 og 2013. Ekki var staðið við það. Þess í stað hækkuðu bætur einungis um 5.600 kr. til 6.500 hvort árið. Frá árinu 2010 vantar alls

16.000–17.000 kr. á mánuði upp á að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækki í samræmi við hækkun lægstu launa í kjarasamningum. Þetta jafngildir tekjutapi þessara einstaklinga upp á tæplega 200 þúsund kr. árið 2013. Þessi niðurstaða er með öllu óásættanleg.

Ályktun miðstjórnar um verðkannanir 6. febrúar 2013

Hvað er verið að fela?

Miðstjórn ASÍ lýsir vonbrigðum með að verslanir Hagkaups, Nóatúns, Kosta og Víðis neiti verðlagseftirliti ASÍ að skrá vöruverð í verslunum sínum. Hvað hafa þær að fela?

Verðlagseftirlit ASÍ hefur um árabil unnið að því að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þannig neytendavitund um leið og fyrirtækjum og stofnunum hefur verið veitt aðhald.

Með því að vísa verðlagseftirliti ASÍ á dyr eru Hagkaup, Nóatún, Kostur og Víðir að senda launafólki kaldar kveðjur og ljóst að þessar verslanir ætla ekki að sýna samstöðu í því að halda verðbólgu í skefjum á næstu mánuðum. Miðstjórn ASÍ hvetur launafólk til að sýna aðhald sitt í verki með því að hætta að versla við aðila sem ekki treysta sér til að upplýsa um verðlag í sínum verslunum.

Ályktun um fjárlagafrumvarpið 9. október 2013

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir vonbrigðum með áherslur nýrrar ríkisstjórnar eins og þær birtast í fjárlagafrumvarpinu. Frumvarpið ber þess merki að fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar var að rýra verulega tekjustofna ríkisins. Þannig var veiðileyfagjald útgerðarinnar lækkað um milljarða á sumarþingi og virðisaukaskattur á ferðaþjónustuna lækkaður. Þá er boðað að afnema eigi auðlegðarskatt á árinu 2015 og að draga eigi úr tekjujöfnun skattkerfisins til framtíðar með því að falla frá þrepaskiptu skattkerfi. Samtals er hér um að ræða milljarða króna skattalækkun fyrir velstæð fyrirtæki og einstaklinga. Til að mæta þessu tekjutapi er skorið niður í okkar mikilvægustu velferðarstofnunum á borð við spítala, heilsugæslu, framhaldsskóla og símenntamiðstöðvar og í stuðningi við þá sem hafa verið án atvinnu lengi.

Jöfnuður í fjármálum ríkisins er mikilvægur vegna þess að við getum ekki leyft okkur að senda reikninginn fyrir viðvarandi hallarekstri á börnin okkar og ójöfnuður í fjármálum ríkisins kemur einnig í veg fyrir að hægt sé að ná stöðugleika í efnahagsmálum. Miðstjórn ASÍ áréttar hins vegar að til þess að ná slíkum stöðugleika þurfa allir þættir okkar þjóðlífs að hanga saman og þar skiptir félagslegur og tekjulegur jöfnuður og traust velferðarkerfi miklu máli. Til þess að sátt verði um stefnuna í ríkisfjármálum verður ríkisstjórnin að sýna það í verki að byrðum aðhaldsins sé réttlátlega skipt. Það er ekki gert í þessu

frumvarpi til fjárlaga. Miðstjórn ASÍ kallar því eftir stefnubreytingu og leggur áherslu á mikilvægi þess að haldið verði áfram því mikilvæga verkefni að endurreisa velferðar- og menntakerfið.

Það eru mikil vonbrigði að ný ríkisstjórn virðist ekkert ætla að gera til þess að auka fjárfestingar og fjölga þannig störfum. Fjárfestingar ríkisins eru í sögulegu lágmarki og því kemur það verulega á óvart að falla eigi frá áformum um fjárfestingar sem ákveðnar höfðu verið.



Efnahagsmál

Hagdeild ASÍ hefur gefið út þrjár hagspár á starfsárinu en einnig kom skýrslan „Lífskjör á Norðurlöndum“ út í upphafi árs. Líkt og hjá öðrum aðilum, sem spá um þróun landsframleiðslunnar, dró úr væntingum um hagvöxt hérlendis eftir því sem leið á árið. Í október síðastliðnum voru vonir um 2,5% hagvöxt á þessu ári en marsspáin gerði ráð fyrir 2% vexti og júlispáin 1,7% hagvexti. Lífskjarskýrslan lýsti vel þeirri lífskjararýrnun sem átti sér stað eftir hrunið og þá sérstaklega í formi kaupmáttarmissis. Ísland kemur ekki vel út úr samanburðinum við norrænu löndin og hefur dregist verulega aftur úr í lífskjörum frá 2006 þegar þau voru síðast borin saman.

Í dag er staðan sú að hagkerfið heldur áfram að sigla út úr samdráttarskeiðinu, sem hófst á haustmánuðum 2008, þótt heldur hafi hægt á vaxtarhraðanum og horfur nú dekkri en áður. Á síðasta ári mældist hagvöxtur einungis 1,6% en hagvöxtur var 2,6% árið 2011. Niðurstaða síðasta árs var töluvert undir væntingum en bakslagið hafði verið merkjanlegt í spám um hagvöxt sem urðu veikari eftir því sem tók að líða á árið.

Helst er það lítil fjárfesting sem útskýrir hægnað batana en tafir á stórum fjárfestingarverkefnum hafa verið einkennandi bæði hjá atvinnuvegunum og hinu opinbera. Það gefur því ekki tilefni til mikillar bjartsýni að fjárfestingarhorfur hafa lítið breyst til hins betra og fyrir séð að áframhaldandi tafir verða á byggingu álvers í Helguvík, iðnaðarsvæðis á Bakka og ýmissa framkvæmda hins opinbera

svo dæmi séu nefnd. Án fjárfestingar er ljóst að batinn hvílir ekki á traustum grunni en vöxtur neyslu hefur vegið þungt í hagvexti síðustu tveggja ára. Sú einkaneysla hefur að mörgu leyti verið drifin af úttekt séreignarsparnaðar, sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu auk annarra stuðningsaðgerða stjórnvalda.

Hlutfallsleg magnbreyting	2008	2009	2010	2011	2012	2013*
Einkaneysla	-7,8	-14,9	0,0	2,6	2,7	1,5
Samneysla	4,6	-1,7	-3,4	-0,2	-0,2	0,6
Fjármunamyndun	-20,4	-51,4	-9,4	14,3	4,4	-9,2
Atvinnuvegir	-23,3	-55,8	-1,3	27,9	8,6	-19,1
Íbúðarhúsnæði	-21,9	-55,7	-18	5,4	6,9	22,6
Starfsemi hins opinbera	-5,9	-29,9	-21,8	-17,1	-17	5,3
Þjódarútgjöld	-8,6	-20,4	-2,7	4,1	1,9	0,4
Útflutningur alls	7,0	6,6	0,6	4,1	3,9	2,0
Innflutningur alls	-18,4	-24	4,5	6,8	4,8	-0,4
Verg landsframleiðsla	1,2	-6,6	-4,1	2,9	1,6	1,7
Verðbólga	12,4	12,0	5,4	4,0	5,2	4,5
Atvinnuleysi	1,6	8,0	8,1	7,4	5,8	4,4
Gengisvísitala	116,8	223,3	216,3	216,8	221,7	220

Heimild: Hagstofan, ASÍ, Seðlabankinn, Vinnumálastofnun.

* Spá ASÍ

Það er því lítið sem kemur til með að vega upp minnkandi áhrif af stuðningsaðgerðum fyrri stjórnvalda á þessu ári en vísbendingar eru um að einkaneysla hafi dregist saman á fyrri hluta árs. Ljóst er að hagkerfið stendur enn frammi fyrir gríðarlega miklum áskorunum þar sem lykilatriði verður að koma af stað fjárfestingu, bregðast við stöðu ríkisfjármála og losa um gjalddeyrishöft án þess að ógna verðstöðugleika eða efnahagsbatanum. Verði svartsýnustu spár að veruleika er ekki útlit fyrir að hér verði nægur vöxtur til að tryggja aukna verðmæta-sköpun á hvern landsmann á næstunni.

Mikið fór fyrir lofordum ríkisstjórnarflokkana í aðdraganda kosninga en þar bar hæst tillögur um niðurfellingu skulda og skattalækkunar sem ættu að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Minna hefur farið fyrir raunhæfum aðgerðum til að uppfylla kosningaloforðin og ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki lagt öll sín spil á borðið. Óvissa er um þróun ríkisfjármála en ríkisstjórnin þarf ekki bara að glíma við þann halla á ríkissjóði sem stefndi í þegar hún tók við heldur þarf hún einnig að mæta þeim tekjumissi sem lækkun veiðigjalds og gistináttaskatts, sem samþykkt var á sumarþingi, hefur í för með sér.

Staða heimilanna viðkvæm

Bætt staða á vinnumarkaði hefur haft jákvæð áhrif á stöðu heimilanna auk þess sem kaupmáttur launa hefur vaxið lítillega. Kaupmáttur launa var að jafnaði um 2,5% hærri árið 2012 en árið á undan, og sé horft á fyrri helming þessa árs hefur

kaupmáttur vaxið um 1,5% frá sama tímabili síðasta árs. Dregið hefur úr vanskilum og skuldsetning heimilanna er heldur að aukast sem gæti bent til þess að heimilin hafi nú meira rými til fasteignakaupa. Vafalaust hafa stuðningsaðgerðir stjórnvalda stutt tímabundið við bata heimilanna með hækkuðum barnabótum, sérstöku vaxtaniðurgreiðslum og hækkuðum vaxtabótum en áhrif þessara tímabundnu aðgerða eru að mestu að baki. Útlit er fyrir hægan vöxt einkaneyslunnar á árinu sem drifin er af bættri stöðu á vinnumarkaði og hóflegri aukningu kaupmáttar.

Bætt staða heimilanna kemur í ljós í væntingarvísitölu Capacent sem þróast hefur upp á við frá því að hún náði sínu lægsta gildi í ársbyrjun 2009. Búast má þó við því að aukin óvissa og versnandi horfur í þjóðarþúskapnum muni hafa áhrif á heimilin til skamms tíma sem að öllum líkindum munu sýna varúð í stórum fjárfestingum.

Dekkri hagvaxtarhorfur

Þrátt fyrir hrun í fjárfestingu hefur ekki tekist að ná fram ásættanlegum vexti í fjármunamyndun eftir hrun og er fjárfesting enn nærri sögulega lágum gildum. Sú aukning, sem þó hefur verið mæld, hefur helst verið bundin verkefni í orkufrekum iðnaði en þær hafa þó verið undir væntingum og er það orðið kunnuglegt stef að rita um þær tafir sem einkennt hafa stór fjárfestingaverkefni. Þannig eru frekari tafir á framkvæmdum í Helgúvík og óvissa um hvort þær geti hafist á næsta ári, meira en fimm árum eftir fyrstu skóflustungu. Sömu sögu má segja um verkefni hins opinbera en þar ber hæst byggingu nýs Háskólasjúkrahúss og verkefni sem fjármögnuð voru með sérstöku veiðigjaldi og því til viðbótar bíður uppbygging á iðnaðarsvæði á Bakka eftir samþykki ESA. Breytingar urðu á fjárfestingu Rio Tinto í Straumsvík en upphaflega hafði verið stefnt að aukningu á framleiðslugetu álversins um 20%. Fleiri stórir aðilar hafa haldið að sér höndum en meðal annars hefur niðurstaða aðgerðaáætlunar Orkuveitu Reykjavíkur verið yfir 30 milljarða kr. hagræðing þar sem mest munar um minnkun eða frestun fjárfestingaverkefna.

Tölur frá fyrsta ársfjórðungi gáfu ekki tilefni til mikillar bjartsýni en fjármunamyndun dróst saman um 19,9% frá sama tímabili árið á undan, þar af um 26,9% í atvinnuvegafjárfestingu, 6,3% hjá hinu opinbera og einungis 6,9% aukning varð í íbúðafjárfestingu. Samdráttur fjárfestinga í stóriðju, skipum og flugvélum vegur þar þungt en almenn fjárfesting atvinnuveganna fer vaxandi auk þess sem ágætur uppgangur er í byggingu mannvirkja en almennt er búist við yfir 20% aukningu í íbúðafjárfestingu á þessu ári. Erfiðlega hefur reynst að fá rétta mynd af innflutningi eftir hrun en að öðru jöfnu mun bati heimilanna og fjárfesting atvinnuveganna auka innflutning er fram líða stundir. Óreglulegar fjárfestingar í skipum og flugvélum hafa hins vegar töluverð áhrif á innflutnings-

tölur og sé litið fram hjá sveiflukenndum liðum dróst atvinnuvegafjárfesting saman um 3,8% en ekki 26,9% á fyrsta ársfjórðungi ársins.


Minnkandi vonir um stór fjárfestingaverkefni hafa því orðið til þess að draga úr hagvaxtarhorfum þar sem útlit er fyrir að minni kraftur verði í drifkröftum hagvaxtar síðustu ára, einkaneyslu og útflutningi á næstu misserum. Töluverð aukning hefur verið í fjölda ferðamanna en á móti dregur úr útflutningi á öðrum sviðum. Þannig hefur dregið úr útflutningi á áli og kísil í magni og verðmæti. Verðmæti sjávarafurða hefur einnig dregist saman á fyrri hluta árs sem rekja má til minni eftirspurnar á mikilvægum mörkuðum sem hefur haft áhrif á verð sjávarafurða.

Minni verðbólga en verri verðbólguhorfur


Það hefur reynst Seðlabankanum erfitt að ná tókum á verðbólgu en frá því að verðbólguarkmiðið náðist í upphafi árs 2011 hefur verðbólga að jafnaði verið 4,69% og búist er við að hún fari vaxandi. Árið 2012 hófst með mikilli hækkun verðlags en snörp veiking krónunnar á haustmánuðum 2011 leiddi til hækkana á innfluttum vörum, eldsneyti og matvöru. Meiri gengisstöðugleiki hefur þó haft áhrif til hjöðunar verðbólgu en ekki nægilega til að mæta markmiði Seðlabankans.

Gengi krónunnar hefur sveiflast um svipuð meðalgildi síðustu tvö ár en þó með töluverðum frávikum en gengisvísitalan hefur að jafnaði verið 219 á þessu árið, 222 í fyrra en var 216 árið 2011. Sveiflur í genginu miðlast fljótt út í verðlag og eiga það til að ganga hægt til baka. Ástæðan er tilhneiging verðlagsbreytinga til að vera ósamhverfar þar sem veiking krónunnar endurspeglar hratt í verðlagi á meðan styrking hennar skilar sér ekki til baka sökum hárra verðbólguvæntinga.

Verðbólga



Gengisvísitala krónunnar



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Árið 2013 hófst á svipaðan hátt og árið á undan en veiking krónunnar og hækkun á opinberum gjöldum leiddu til þess að verðlag hækkaði um 1,63% í febrúar síðastliðnum. Þannig fór krónan í veikingarham eftir að gengisvísitalan hafði verið 208 í ágúst 2012 og veikst svo um tæp 11% á fimm mánuðum. Seðlabankinn brást við með því að hækka stýrivexti og marka skýrari stefnu í að viðhalda gengisstöðugleika með inngrípum á gjaldeyrismarkaði. Aðgerðirnar hafa borið nokkurn árangur en verðbólga hefur mælst að jafnaði 3,83% á þessu ári.

Þrátt fyrir þetta er töluverð undirliggjandi verðbólga líkt og sést á litlum mun á þróun vísitölu neysluverðs og kjarnavísitalna síðasta árið. Kjarnavísitölur undanskilja ýmsa sveiflukenna liði og er ársbreyting kjarnavísitölu 1, sem undanskilur búvöru, grænmeti og bensín, 3,8% sem er sama ársbreyting og á vísitölu neysluverðs í júlímánuði. Slíkt gefur til kynna ríkjandi verðbólguþrýsting sem felst í miklum verðbólguvæntingum sem erfiðlega gengur að ná niður.

Óvissa um gengi kann að skýra hvers vegna styrking krónunnar hefur ekki skilað sér inn í verðlag í ríkara mæli. Einnig er óvíst hver áhrif aðgerða nýrrar ríkisstjórnar verða en mögulega þarf að mæta kröfum um aga í ríkisfjármálum og niðurskurð með hækkunum á opinberum gjöld. Það gæti því reynst erfitt að ná verðbólguarmiði á meðan væntingar eru um mikla verðbólgu og mun helsta áskorun Seðlabankans á næstu misserum vera að skapa trausta kjölfestu verðbólguvæntinga. Ljóst er að til þess að slíkt takist skiptir höfuðmáli að gengisstöðugleiki sé tryggður og að ríkisstjórnin stígi varlega til jarðar í aðgerðum sem kunna að ógna verðstöðugleika.

Miklar áskoranir framundan

Nýrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks bíða erfið verkefni en hún þarf að finna leiðir til að örva hagvöxt og ná tókum á ríkisfjármálum auk þess að glíma við gjaldeyrishöft. Vaxtagjöld eru í dag þriðji stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs og því afar brýnt að heildarjöfnuði verði náð sem allra fyrst. Eftir hrun hafði verið lagst í viðamiklar aðgerðir til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og lagði fyrri ríkisstjórn áherslu á bæði niðurskurð og aukna tekjuöflun.

Tekjuhalli ríkissjóðs á síðasta ári nam 35,8 milljörðum króna sem er töluvert betri afkoma en árið á undan þegar hallinn nam 89 milljörðum króna. Þó er þetta umtalsvert meiri halli en gert hafði verið ráð fyrir í fjárukaalögum eða um 10 milljörðum umfram en það skýrist helst af niðurfærslu á hlut ríkisins í Íbúðalánasjóði og hærri lífeyrisskuldbindingum. Búið er við að frumjöfnuður verði jákvæður á þessu ári um 18 milljarða en heildarjöfnuður er áfram neikvæður og ekki útlit fyrir að markmið náist á næsta ári líkt og stefnt var að. Tekjur ríkissjóðs hafa vaxið samhliða auknum umsvifum eða um 8,1% á síðasta ári og 2,6% á fyrri hluta þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Tekjur af skattgreiðslum lögaðila drögust saman á fyrri hluta árs á meðan skatttekjur af einstaklingum, vörum og þjónustu jukust. Einnig hækkuðu aðrar tekjur ríkisins um 15,9% en þar af skýrast 4,6 milljarðar af sérstöku veiðigjaldi.

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að koma ríkisfjármálum í lag en hennar fyrstu aðgerðir hafa ekki orðið til þess að auðvelda þá vegferð. Á sumarþingi voru samþykktar breytingar á veiðigjaldi auk lækkunar á sköttum á gistingu. Þá hefur fjármálaráðherra lýst því yfir að auðlegðarskattur verði aflagður. Því er ljóst að leggjast þarf í töluverðan niðurskurð til að mæta fyrrséðu tekjutapi auk þess að koma í veg fyrir að farið sé yfir fjárheimildir.

Fyrri ríkisstjórn lagði fram fjárfestingaráætlun fyrir árin 2013–2015 á síðasta ári en markmið hennar var að efla fjárfestingar hins opinbera og leggja grunn að bata í efnahagslífi. Fjármögnun verkefna var tvíþætt en annars vegar skyldu verkefni fjármögnuð með sölu á eignum ríkisins og hins vegar með álagningu veiðigjalds sem áætlað var að myndi skila 17 milljörðum á tímabilinu. Meðal verkefna voru fjárfesting í samgöngumannvirkjum upp á 7,5 milljarða kr., efling samkeppnissjóða í rannsóknum og nýsköpun upp á 6 milljarða og uppbygging í ferðaþjónustu auk byggingar fasteigna. Þar ber hæst bygging fangelsis á Hólmsheiði og Hús íslenskra fræða en framkvæmdir við þessi verkefni voru þegar farin af stað en eru nú í biðstöðu.

Í byrjun október verður lagt fram frumvarp til fjárlaga þar sem áherslur stjórnvalda við að mæta vandanum koma betur í ljós. Að auki standa stjórnvöld frammi fyrir því að samræma markmið í ríkisfjármálum við markmið um aukinn hagvöxt og gengis- og verðstöðugleika á sama tíma og unnið er að losun gjaldeyrishafta.



Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni til að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkanir.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Í upphafi árs 2013 var ákveðið að mæla vörukörfuna að jafnaði einu sinni í mánuði til að veita verslunum aukið aðhald fyrir komandi kjarasamninga.

Á fyrsta fjórðungi ársins átti verðlagseftirlitið í töluverðum erfiðleikum með að framkvæma verðkannanir í nokkrum matvöruverslunum. Neituðu verslanirnar Hagkaup, Nóatún, Víðir og Kostur Dalvegi ítrekað verðlagseftirlitinu að taka niður verð í verslunum sínum. Brá verðlagseftirlitið á það ráð að

senda – auk hefðbundins verðtökufólks – fólk úr forystusveit verkalýðshreyfingarinnar ásamt lögfræðingum í verslanirnar til að láta á það reyna hvort verslun gæti hindrað fulltrúa verðlagseftirlitsins í að taka niður verð í verslun sem opin er almenningi og lögum samkvæmt á að hafa öll verð í versluninni aðgengileg neytendum. Af þessum fjórum verslunum var verslunin Kostur sú eina sem reyndi að hindra fulltrúa verðlagseftirlitsins í að framkvæma verðkönnun. Fulltrúar verslunarinnar kröfðust þess að verðtökufólk yfirgæfi verslunina. Þegar verðtökuaðilarnir neituðu var lögregla kölluð til og hún beðin um að vísa starfsmönnum verðlagseftirlitsins á dyr. Lögreglan taldi ekki grundvöll til að aðhafast neitt og starfsmenn verðlagseftirlitsins héldu áfram að taka niður verð. Fulltrúar Kosta rifu þá gögn af fulltrúum verðlagseftirlitsins og hindruðu þá í að ganga um verslunina. Starfsmenn verðlagseftirlitsins sáu því þann kost vænstan að hverfa á braut. Tekin var sú ákvörðun í kjölfarið að hætta að fara í Kost þar sem ekki er hægt að bjóða starfsmönnum verðlagseftirlitsins upp á svona framkomu. Hagkaup, Nóatún og Víðir hafa ekki gert athugasemdir við að gerðar séu verðkannanir hjá þeim eftir þetta átak enda er engin ástæða til að neita þátttöku nema því aðeins að verslanirnar hafi eitthvað að fela fyrir neytendum.

Frá 31. ágúst 2012 til 1. september 2013 gerði verðlagseftirlitið eftirfarandi kannanir:

- 8 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land
- 7 kannanir á vörukörfunni
- 2 kannanir á umfelgun
- 1 könnun á verðlagningu apóteka
- 1 könnun á fiskmeti
- 1 könnun á jólabókum
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskráum hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Gjaldskrárnar, sem skoðaðar voru, eru: leikskólagjöld, skóladagvistun, útsvar og fasteignagjöld. Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um upplýsingar um raforkukostnað, sumarnámskeið ungmenna og hvað það kostar að fara í sund. Nýtt á árinu er að verðlagseftirlitið tók saman upplýsingar um gjaldskrá íþróttanámskeiða í fimleikum og handbolta.


Vörukarfa ASÍ

Verðlagseftirlitið gerir reglulega verðmælingar á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunardejum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast

yfir tíma hjá einstökum verslunum. Við upphaf árs 2013 var ákveðið að mæla vörukörfuna oftar eða um einu sinni í mánuði fram í október. Fimm verslunum af landsbyggðinni var bætt við í mælinguna á árinu, nánar tiltekið Kjarval, Kaskó, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Steingrímsfjarðar og Kaupfélag Vestur-Húnavetninga.


Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hefur verið á mat og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hækkað um 2,6% frá því í janúar þar til nú í ágúst. Þegar rýnt er í verðbreytingar verslunardejanna á þessum 7 mánuðum má sjá að verðbreytingarnar eru mjög mismunandi eftir verslunardejum. Lágvöruverðs- verslanirnar Bónus, Nettó og Iceland hækka vörukörfuna meira en hinar keðjurnar. Mesta hækkunin á þessu tímabili er hjá Iceland um 5,6%, hjá Nettó um 4,7%, hjá Bónus um 3,8%, hjá Samkaupum – Strax um 3,2% og Kaupfélagi Skagfirðinga um 2,9%. Krónan, Nóatún, Samkaup – Úrval og Kjarval hækka vörukörfuna minna. Verð vörukörfunnar lækkar mest hjá Hagkaupum um 4,2%, hjá Tíu-ellefu um 3,5%, Kaupfélagi Vestur-Húnavetninga um 2,9% og hjá Kaupfélagi Steingrímsfjarðar um 1,3%. Litlar sem engar verðbreytingar eru hjá Víði og Kaskó, á milli þessara mælinga.

Vörucarfan inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safe, auk hreinlætis- og snyrtivara.



Vertu á verði – átak gegn verðhækkunum

Í febrúar 2013 settu aðildarfélög ASÍ af stað átak gegn verðhækkunum undir yfirskriftinni Vertu á verði. Átakið er hvatning til almennings og fyrirtækja um að taka höndum saman til að rjúfa vítahring verðbólgunnar og var liður í eftirfylgni með samkomulagi sem ASÍ og SA undirrituðu við framlengingu kjarasamninga þann 21. janúar 2013. Þar voru aðilar sammála um að beita sér fyrir aðgerðum til lækkunar verðlags m.a. með auknu aðhaldi gegn verðhækkunum. Samningarnefnd ASÍ skipaði í kjölfarið verkefnastjórn með fulltrúum landsambanda og félaga með beina aðild til að stýra átakinu út samningstímam. Verkefnisstjórnina skipa Árni Steinar Stefánsson (SGS), Georg Páll Skúlason (Samiðn, RSÍ og bein aðild) og Stefán Einar Stefánsson (LÍV). Ingibjörg Ósk Birgisdóttir tók sæti Stefáns Einars í verkefnisstjórninni í maí 2013. Starfsmaður verkefnisstjórnar er Henný Hinz.



Í tengslum við átakið var útbúin sérstök heimasíða, www.vertuaverdi.is, sem er lifandi vettvangur þar sem almennings getur komið með ábendingar um verðhækkanir og skapað þannig umræðu og aðhald. Þá var einnig farið í auglýsingaherferð í útvarpi, sjónvarpi, blöðum og netmiðlum í nafni aðildarfélaga ASÍ þar sem neytendur eru hvattir til að láta vita af óeðlilegum verðhækkunum og söluaðilar hvattir til að sýna ábyrgð og stöðva verðhækkanir. Auk þess hafa aðildarfélögin verið ötul að vekja athygli á átakinu á sínum vettvangi. Vertu á verði hlaut góðar viðtökur, heimasíðan hefur verið ágætlega sótt og neytendur sett inn fjölmargar athugasemdir um hækkanir á vörum og þjónustu. Ábendingarnar hafa verið fjölbreyttar og snúa að hækkunum á flestum neysluútgjöldum heimilanna þótt hækkanir á matvöruverði hafi verið mest áberandi.



Kjaramál

Endurskoðun kjarasamninga

Kjarasamningarnir á almennum vinnumarkaði, sem undirritaðir voru 5.5.2011, komu til endurskoðunar í janúar 2013. Stæðust forsendur samninganna ekki áttu samninganefnd ASÍ og framkvæmdastjórn SA að tilkynna gagnaðilanum niðurstöðu sína varðandi framlengingu kjarasamninga fyrir kl. 16:00 þann 21. janúar 2013.

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum þann 28. nóvember 2012 á grundvelli 40. gr. laga ASÍ að boða til þriggja formannafunda á vettvangi ASÍ í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Hugmyndin var að kynna á fyrsta fundi hvernig samninganefnd ASÍ hygðist nálgast endurskoðunina, fara yfir viðbrögð atvinnurekenda og framvindu viðræðna á öðrum fundi og kynna síðan drög að niðurstöðu á þeim síðasta. Haldnir voru tveir formannafundir, 13. desember 2012 og 12. janúar 2013 þar sem formenn skiptust á skoðunum varðandi endurskoðun kjarasamninganna. Ekki var talin ástæða til að halda fund þann 18. janúar og féll hann því niður.

Forsendunefnd ASÍ og SA skilaði niðurstöðu sinni þann 21. janúar 2013 þar sem kom fram að forsendur hefðu ekki staðist eða eins og sagði í niðurstöðu forsendunefndarinnar:

„Verðbólga var 4,2% frá desember 2011 til 2012, sem var umfram samnings-

forsendu um 2,5% hækkun, og gengisvísitala krónunnar í desember 2012 var 227,4 en gildið 190 var tiltekið sem sammingsforsenda. Þá hefur ríkisstjórnin ekki staðið að fullu við yfirlýsingu sína frá 5. maí 2012 og má í því sambandi nefna að tryggingagjaldið var ekki lækkað til samræmis við minnkandi atvinnuleysi, ekki var staðið við hækkun bóta til samræmis við hækkunir umsáminna kaupaxta og ekki var stuðlað að auknum fjárfestingum og umsvifum eins og að var stefnt.

Niðurstæða forsendunefndarinnar er því sú að einungis forsendan um aukinn kaupmátt hafi staðist en aðrar forsendur brugðist. Forsendunefndin vísar því málinu til samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA til umfjöllunar og ákvörðunar.“

Yfirgnæfandi meirihluti félaga í ASÍ var á móti því að segja samningunum upp. Samkomulag náðist milli samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA um endurskoðun kjarasamninga þann 21. janúar 2012. Það fól í sér að samningunum var ekki sagt upp en samningstíminn hins vegar stytur um tvo mánuði. Almenn launahækkun upp á 3,25% og 11.000 kr. taxtahækkun kom því til framkvæmda 1. febrúar 2012. Meðal annarra ákvæða í samkomulaginu er samstaða um mótun atvinnustefnu, mótun stefnu í gengis- og verðlagsmálum og aukin framlög atvinnurekenda til starfsmenntasjóða.

Forsendunefnd ASÍ og SA

Í kjarasamningunum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 5. maí 2011 eru forsenduákvæði. Þar segir að sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og tveimur af SA skuli taka þegar til starfa. Hún skuli fjalla um þróun kjara-, efnahags-, atvinnu- og félagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að því að markmið samninganna um að auka hagvöxt, skapa störf, auka jafnvægi í efnahags- og atvinnulífi milli einstakra greina, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt nái fram að ganga.

Forsendur kjarasamninganna voru að á árinu 2012 færi kaupmáttur vaxandi samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, verðbólga yrði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði, gengisvísitala íslensku krónunnar yrði innan við gildið 190 í desember 2012 og stjórnvöld stæðu við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana.

Í samningunum segir einnig að fari svo að forsendurnar standist ekki skuli samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA leita samkomulags um viðbrögð og vinna að því að hann haldi gildi sínu. Náist samkomulag um viðbrögð haldi samningurinn gildi en ella falli hann úr gildi frá lokum janúar kjósi annar hvor aðiliinn að gera það með rökstuddu álit og tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 21.1.2013.

Kaupmáttur launa skv. launavísitölu Hagstofunnar jókst á árinu 2012. Launavísitalan hækkaði um 4,7% frá desember 2011 til nóvember 2012 sem var umfram verðbólgu á tímabilinu desember 2011 til desember 2012.

Verðbólga var 4,2% frá desember 2011 til 2012 sem var umfram samningsforsendu um 2,5% hækkun og gengisvísitala krónunnar í desember 2012 var 227,4 en gildið 190 var tiltekið sem samningsforsenda. Þá hefur ríkisstjórnin ekki staðið að fullu við yfirlýsingu sína frá 5. maí 2012 og má í því sambandi nefna að tryggingagjaldið var ekki lækkað til samræmis við minnkandi atvinnuleysi, ekki var staðið við hækkun bóta til samræmis við hækkanir umsaminnna kauptaxta og ekki var stuðlað að auknum fjárfestingum og umsvifum eins og að var stefnt.

Niðurstaða forsendunefndarinnar er því sú að einungis forsendan um aukinn kaupmátt hafi staðið en aðrar forsendur brugðist. Forsendunefndin vísar því málinu til samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA til umfjöllunar og ákvörðunar.

Reykjavík, 21. janúar 2013



Vilhjálmur Egilsson



Gylfi Arnbjörnsson



Hannes G. Sigurðsson



Ólafur Darri Andrásson

Samkomulag ASÍ og SA vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga

Inngangur

Forsendur kjarasamninganna frá 5. maí 2011 voru að á árinu 2012 færi kaupmáttur vaxandi, verðbólga yrði innan við 2,5%, gengisvísitala krónunnar yrði innan við gildið 190 í desember 2012 og að stjórnvöld stæðu við fyrirheit í yfirlýsingu sinni í tengslum við kjarasamningana.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa fjallað um forsendur kjarasamninganna. Forsenda um kaupmátt hefur staðist að mati samningsaðila en ekki forsendur um gengi krónunnar og verðbólgu. Stjórnvöld hafa hvorki efnt fyrirheit um lækkun tryggingagjalds til samræmis við minnkandi atvinnuleysi né hækkun bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga. Mikilvægustu efnahagslegu forsendur kjarasamninganna um auknar fjárfestingar í atvinnulífinu hafa ekki staðist sem að stórum hluta verður að skrifa á reikning stjórnvalda.

Kaupmáttur lægstu launa hefur haldið áfram að aukast og hluti launafólks hefur notið meiri launahækkana en samkvæmt kjarasamningi. Það er áhyggjuefni að vegna mikillar verðbólgu minnkaði kaupmáttur launa mikils fjölda launafólks á árinu 2012 og að óbreyttu eru horfur í verðlagsmálum dökkar á komandi mánuðum. Því skiptir miklu máli að verðbólga verði hamin, einkum með meiri stöðugleika í gengi krónunnar.

Samningsaðilar hafa sameinast um eftirfarandi til að stuðla að áframhaldandi samstarfi samningsaðila um uppbyggingu atvinnulífsins og auknum stöðugleika:

Stytting samningstíma og flýting viðræðna um nýjan kjarasamning

Samtökin eru sammála um að stytta samningstímamann í gildandi kjarasamningum frá 5. maí 2011 til 30. nóvember 2013. Samtökin telja í því samhengi mikilvægt að samningsaðilar hefji nú þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga, sem þarf að felast í mótun á sameiginlegri sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum. Ennfremur þarf að hefja sameiginlega stefnumörkun til að tryggja vöxt og viðgang atvinnulífsins og efnahagslegan stöðugleika sem byggður verði á stöðugu gengi en það eru forsendur framfara og bættra lífskjara.

Samstaða um atvinnustefnu

Samtökin vilja á næstu vikum leita samstöðu sín á milli um meginþætti atvinnustefnu sem hefur hagvöxt, fleiri og betri störf og bætt lífskjör á grunni stöðugleika að markmiði. M.a. verði nýleg skýrsla McKinsey um sóknarfæri Íslands höfð til hliðsjónar, auk þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á vegum samningsaðila og annarra gagna og stefnumótunar sem liggur fyrir hjá opinberum aðilum eða öðrum. Niðurstaða þessarar sameiginlegu vinnu ASÍ og SA verði lögð fyrir stjórnmalaflokkana þannig að afstaða þeirra komi fram fyrir komandi kosningar. Í framhaldi af kosningum og myndun nýrrar ríkisstjórnar verði raunhæf aðgerðaáætlun til næstu ára fullunnin.

Samstarf um mótun stefnu í gengis- og verðlagsmálum

Samtökin vilja leita samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og peningamála á næstu mánuðum sem lagt geti traustari grunn að þróun verðlags og jöfnun starfsskilyrða atvinnulífsins. Byggt verði á nýlegu þverpólitísku samkomulagi um mótun peningastefnu ásamt því að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta verði endurmetin. Óskað verður eftir samstarfi og samræðu við stjórnmalaflokkana til þess að freista þess að ná breiðu samkomulagi um stefnuna í gengis- og peningamálum til næstu ára. Ennfremur munu ASÍ og SA beita sér fyrir



aðgerðum til lækkunar verðlags, svo sem með breytingum á verðmyndun og aukinni samkeppni á neytendamarkaði, og aðhaldi að verðhækkunum fyrirtækja og gjaldskrárhækkunum opinberra aðila.

Efling starfsmenntasjóða

Á undanförunum misserum hefur samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aukna þjónustu við atvinnuleitendur skilað mikilvægum árangri. Verið er að ýta átakinu „Liðsstyrkur“ úr vör, þar sem þeim sem verið hafa án atvinnu í þrjú ár eða lengur verður boðið sex mánaða starfstengt úrræði. Fyrirhugað er að treysta samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar, þar sem markmiðið er að lækka verulega hlutfall þeirra einstaklinga sem ekki hafa lokið viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi. Í þessu skyni munu samningsaðilar á næstu mánuðum gera sérstaka áætlun um áherslur starfsmenntasjóða og eflingu þeirra á þessu sviði þannig að þeir geti staðið undir aukinni starfsemi. Samkomulag er um að tiltekin framlög til þeirra hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015 sem útfært verður í næstu kjarasamningum. Jafnframt eru aðilar sammála um að þegar á árinu 2013 muni sjóðirnir auka framlög til menntamála með því að ganga á eigið fé sitt ef með þarf.

Bætt vinnubrögð við samningsgerð

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands vilja koma að sameiginlegu borði með aðilum opinberra vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda verði leitað í nágrennaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu. Stefna þarf að því að sameiginleg sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til aukins kostnaðar og bættra lífskjara næstu árin liggja fyrir í byrjun sumars og verði mótagandi í nýrri lotu kjarasamninga næsta haust.

Lífeyrismál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unninn hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu.

Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættu siðferði í atvinnulífinu

Samtökin eru sammála um að vinna áfram gegn svartri atvinnustarfsemi, kennitölulíflakki og að bættir framkvæmd útbóðsmála. Svört atvinnustarfsemi leiðir til félagslegra undirboða sem valda samfélaginu öllu, launafólki og fyrirtækjum, tjóni. Launafólk glatar mikilvægum réttindum og fyrirtæki sem virða kjarasamningsbundin réttindi og standa skil á opinberum gjöldum missa verkefni og viðskipti til þeirra sem kerfisbundið koma sér undan lög- og kjarasamningsbundnum skyldum sínum.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins gera með sér eftirfarandi samkomulag á þeim grundvelli sem að framan greinir:

1. Gildistími kjarasamninga milli aðila sem undirritaðir voru 5. maí 2011 styttest til 30. nóvember 2013.
2. Löggjöld atvinnurekenda í mennta- og fræðslusjóði hækka í áföngum um 0,1% og skal þeirri aðgerð lokið eigi síðar en 1. janúar 2015. Samningsaðilar munu í tengslum við næstu kjarasamninga útfæra nánar ráðstöfun þessarar hækkunar vegna aukinna verkefna í tengslum við átakið um að innan við 10% vinnumarkaðarins verði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar.

Ákvæði þetta á við um mennta- og fræðslusjóði aðila að kjarasamningnum 5. maí 2011 auk annarra aðila sem beint tengjast viðkomandi sjóðum með kjarasamningum. Ákvæðið á ennfremur aðeins við þar sem samið hefur verið um hlutfallsgreiðslu af launum til sjóðanna.

Reykjavík, 21. janúar 2013

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands









Kristján Þorvaldur Einarsson
Sigrún Þorvaldsdóttir

Sigrún Þorvaldsdóttir

Guðrún Ragnars


F.h. Samtaka atvinnulífsins



Vilhjálmur Guðmundsson

Magnús

Birna Ólafsdóttir

Þórunn Magnúsdóttir


Deilur um efndir ríkisstjórnarinnar

Nokkrar deilur urðu um efndir ríkisstjórnarinnar á yfirlýsingu þeirri sem hún gaf í tengslum við kjarasamningana vorið 2011. ASÍ birti heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu 13. desember 2012 þar sem bent var á atriði sem ASÍ taldi ríkisstjórnina hafa lofað í tengslum við gerð kjarasamninganna vorið 2011 en ekki efnt.

ORÐ SKULU STANDA!

Við gerð kjarasamninga í maí 2011 gaf ríkisstjórnin loforð um mikilvægar aðgerðir sem innlegg í það að ná sátt á vinnumarkaði.

Veigamikil atriði hafa ekki verið efnd.

ASÍ hvetur Alþingi til að standa með íslensku launafólki.

- Hækkun atvinnuleysisbóta til jafns við hækkun lægstu launa - **ekki efnt**
- Hækkun bóta almennnatrygginga til jafns við hækkun lægstu launa - **ekki efnt**
- Fyrstu skref stigin í jöfnun lífeyrisréttinda fólks á almennum markaði til jafns við opinbera starfsmenn - **ekki efnt**
- Afnáám laga um skattlagningu á lífeyrisréttindi fólks á almennum markaði - **ekki efnt**
- Gengi krónunnar styrkt - **ekki efnt**
- Verðbólga í takt við verðbólgu markmið Seðlabankans (2,5%) - **ekki efnt**
- Rammaáætlun afgreidd í samræmi við tillögu sérfræðinganefndar - **ekki efnt**
- Róttækar aðgerðir í atvinnumálum og auknar fjárfestingar - **ekki efnt**



Alþýðusamband Íslands

Auglýsingin kallaði fram hörð viðbrögð og féllu stór orð í garð ASÍ og forseta sambandsins af hálfu oddvita stjórnarflokkanna. ASÍ birti á heimasíðu sinni eftirfarandi rök á bak við þau atriði sem nefnd voru í auglýsingunni:

Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga til jafns við hækkun lægstu launa

Verkalýðshreyfingin lagði áherslu á að bæta stöðu þeirra tekjulægri í síðustu kjarasamningum. Þannig eru almennar launahækkanir á bilinu 3,25%–4,25% en launataxtar hækka um 11.000–12.000 kr. Í viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar var lögð áhersla á að aldraðir, öryrkjar og atvinnuleitendur fengju sömu kjarabætur. Á það var fallist. Þannig hækkuðu launataxtar þeirra tekjulægri innan vébanda aðildarféлага ASÍ um 12.000 kr. í júní 2011. Hækkun ellilífeyris, örorkulífeyris og atvinnuleysisbóta var sú sama eða 12.000 kr. Árið 2012 hækkuðu taxtar um 11.000 kr. en nú bar svo við að ellilífeyrir, örorkulífeyrir og atvinnuleysisbætur hækkuðu einungis um ríflega 5.600 kr. Launataxtar eiga að hækka um 11.000 kr. á árinu 2013 komi ekki til uppsagnar samninga en einungis stendur til að hækka elli- og örorkulífeyri um 6.500 kr. og atvinnuleysisbætur um 5.400 kr.

Það merkilega í þessari deilu er að einstakir ráðherrar í ríkisstjórn hafa í sinni orðræðu viðurkennt þetta með orðalaginu „við kusum að túlka þetta svona núna“, því eins og áður sagði stóð ríkisstjórnin við fyrstu hækkunina í júní 2011. Ástæðuna segja þeir vera erfiða stöðu ríkissjóðs og vandi þeirra við að ná saman fjárlögum. Ef þetta er sett í samhengi við kjarasamningsbundin réttindi þá má velta því fyrir sér hvað myndi gerast ef fyrirtæki, sem eru að reyna að ná saman fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, ákveða að hækka lægstu laun bara um 3,25% (5.600 kr.) í stað þess að hækka þau um 11.000 kr. skv. kjarasamningum. Það er enginn vafi á því að umrætt fyrirtæki yrði dæmt bæði af héraðsdómi og félagsdómi til þess að fylgja kjarasamningi!

Fyrstu skref stigin í jöfnun lífeyrisréttinda fólks á almennum markaði til jafns við opinbera starfsmenn

Í hruni fjármálakerfisins töpuðu lífeyrissjóðirnir umtalsverðum fjárhæðum vegna þess að hlutabréf og skuldabréf fyrirtækja ýmist töpuðust eða lækkuðu verulega í verði. Allir lífeyrissjóðir stóðu frammi fyrir þessum sama skelli en opinberu lífeyrissjóðirnir höfðu hins vegar bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Samtals jókst skuldbinding ríkisins vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um ríflega 115 milljarða króna frá 2008 til 2011. Samsvarandi hækkun bakábyrgðar sveitarfélaganna var um 28 milljarðar króna á sama tímabili. Um þetta ósamræmi var mikið fjallað þegar fjármálaráðherra gaf út yfirlýsingu í mars 2011 um að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna yrðu varin. Í framhald-

inu krafðist forysta ASÍ að stjórnvöld myndu þá koma til móts við launafólk á almennum vinnumarkaði með sambærilegum hætti. Þá var þessi yfirlýsing af hálfu stjórnvalda gefin út:

„Jöfnun áunninna lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins er viðamikil og brýnt verkefni, samaber það sem að ofan greinir um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir vinnumarkaðinn í heild. Gripið hefur verið til almennra skerðinga á lífeyrisgreiðslum í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ vegna áfalla sem þeir hafa orðið fyrir í tengslum við hrun fjármála-kerfisins. Ástæða er til að bregðast sérstaklega við þeim vanda sem hér um ræðir. Það gæti t.a.m. falist í þátttöku ríkisins í inngreiðslum til að jafna upp á við lífeyrisréttindi í almenna kerfinu eftir því sem og þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa og þá á 10–15 ára tímabili. Stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til að skipa þegar í stað starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra til að gera tillögur um hvernig það verði gert og skal hann skila niðurstöðum fyrir lok september 2011 sem verði lagðar fyrir Alþingi.“

Aðeins einn fundur var haldinn í nefndum starfshópi og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki verið vilji til þess að ræða málið. Engar tillögur hafa verið lagðar fyrir Alþingi.

Afnám laga um skattlagningu á lífeyrisréttindi fólks á almennum markaði

Í lok nóvember 2011 lagði þáverandi fjármálaráðherra fram frumvarp til laga, svokallaðan bandorm, um tekjulagabreytingar komandi árs vegna fjárlaganna. Í þessum bandormi voru m.a. álögur á lífeyrissjóðina til að fjármagna sérstakar vaxtaniðurgreiðslur til almennings. ASÍ studdi ákvörðunina um sérstakar vaxtabætur en hafnaði skattlagningu á lífeyrissjóðina þar sem fyrir fram var vitað að hún myndi leiða til skerðingar lífeyrisréttinda launafólks á almennum vinnumarkaði en ekki réttinda launafólks sem aðild á að opinberu sjóðunum þar sem ríki og sveitarfélög ábyrgjast lífeyrisréttindi þeirra. Slíkt er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Yfirlýsing lífeyrissjóðanna um aðkomu þeirra að fjármögnun þessara bóta var aldrei hugsuð sem skattlagning fremur en yfirlýsing þeirra um að fjármagna byggingu nýs háskólasjúkrahúss eða jarðgangagerð. Harkaleg deila varð milli formanna aðildarfélaga ASÍ og ríkisstjórnarinnar. Til lausnar deilunni sendu oddvitar ríkisstjórnarinnar aðilum vinnumarkaðarins sérstakt bréf, sem kynnt var í efnahags- og skattanefnd, þar sem því var heitið að koma í veg fyrir áhrif þessa skatts á lífeyrisréttindin með inngreiðslum ríkisins til að jafna upp neikvæð áhrif þessarar skattlagningar. Í bréfinu segir:

„Færa má fyrir því veigamikil rök að lífeyrissjóðirnir, eins og aðrir, njóti verulega góðs af samlegðaráhrifum aðgerðanna í heild, eignasafn þeirra batni og greiðslugeta lántakendanna verði meiri. Engu að síður er ljóst að þátttaka

lífeyrissjóða í aðgerðum af þessu tagi er viðkvæmt mál og hafa undirrituð á því fullan skilning. Með bréfi þessu viljum við lýsa vilja okkar til að þáttur almennu lífeyrissjóðanna í hinum tímabundnu og sérstöku vaxtaniðurgreiðslum árunna 2011 og 2012 verði metinn sem hluti af þeirri jöfnun áunninna lífeyrisréttinda almenna og opinbera vinnumarkaðarins sem fjallað er um í ákvæði VI í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar tengdri kjarasamningum, dagsettri 5. maí 2011. Stefnt verði að formlegum frágangi málsins, hvað vaxtaniðurgreiðsluþáttinn varðar, strax á fyrri hluta næsta árs þannig að áhrifin á stöðu lífeyrissjóðanna verði ljós. Jafnframt lýsum við eindregnum vilja til að hraða þeirri vinnu almennt sem um er fjallað í nefndu ákvæði yfirlýsingarinnar.“

Pegar forseti ASÍ innti embættismenn eftir efdum þessarar yfirlýsingar í janúar 2012 í aðdraganda endurskoðunar kjarasamninga þá var upplýst að ekki stæði til að gera neitt í málinu. Viljinn til að hraða vinnu við jöfnun áunninna lífeyrisréttinda var ekki meiri.

Gengi krónunnar styrkt

Í aðdraganda kjarasamninga var mikil umræða í verkalýðshreyfingunni og í samfélaginu öllu um hvaða leið væri farsælust til að bæta kjör almennings. Sumir vildu taka mið af afkomu útflutningsfyrirtækjanna og hækka laun í takt við það mikla svigrúm, sem þar var, á meðan aðrir vildu nálgast verkefnið á breiðari grundvelli þar sem þær greinar, sem byggja afkomu sína á innlendum forsendum, höfðu ekki sama svigrúm til launabreytinga. Mikil og góð afkoma útflutningsgreina var enda tilkomin vegna falls krónunnar en ekki endilega innri hagræðingar eða framleiðni. Að sama skapi er ljóst að mikil lækkun kaupmáttar má alfarið rekja til mikillar gengislækkunar krónunnar, eins og fram kom m.a. í greiningu Stefáns Ólafssonar um Evrópumet í kjaraskerðingum! Því var lögd áhersla á að mikilvægt væri að grundvöllur kjarasamninga tæki mið af samræmdri launastefnu, sem tryggði aukningu kaupmáttar og jöfnun lífskjara gagnvart þeim tekjulægstu, en jafnframt að mikið fall á gengi krónunnar myndi ganga a.m.k. að hluta til baka og lækka verðlag og vexti og jafna þannig aðstöðu einstakra greina. Þetta kynntu aðilar vinnumarkaðarins oddvitum ríkisstjórnarflokkanna en ljóst var að leiðin til að ná fram slíkri styrkingu liggur í öllum samfélögum í auknum fjárfestingum, einkum erlendum fjárfestingum, sem leiða til aukinna útflutningstekna. Þennan efnahagslega grundvöll kjarasamninga kynntu samningaaðilar stjórnvöldum eins og fram kemur í inngangi að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 þar sem segir:

„Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa kynnt stjórnvöldum áherslur sínar er lúta að lífskjörum og starfskilyrðum atvinnulífsins. Raunsæir og réttlátir kjarasamningar eru mikilvægir til að tryggja stöðugleika til lengri tíma. Við þær aðstæður, sem ríkt hafa í íslensku samfélagi, er brýnt að leggja

grunn að sátt á vinnumarkaði og samstilltu átaki allra við endurreisn efnahags- og atvinnulífsins. Með þessari yfirlýsingu skuldbinda stjórnvöld sig til að vinna af einurð að því að leggja grunn að varanlegum hagvexti og velferð. Jafnframt byggir yfirlýsingin á að aðilar vinnumarkaðarins leggi sitt af mörku- um til að þeim markmiðum verði náð. Meginatriðið er að örva hagvöxt með arðsömum og sjálfbærum fjárfestingum án þess að markmiðum um afkomu ríkissjóðs sé ógnað.“

Jafnframt má víða í yfirlýsingunni sjá um þetta fjallað með beinum og óbeinum hætti, eins og í IV. kafla þar sem fjallað er um sókn í atvinnuálfum og auknar fjárfestingar. Þar segir m.a.:

„Það er sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að vinna bug á atvinnuleysi og skapa fjölbreytt og vel launuð störf hér á landi. Til þess að ná því markmiði þarf að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar í atvinnulífi en jafnframt búa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti ...

Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári...“

Skemmst er frá því að segja að lítil aukning hefur orðið í fjárfestingum. Þó að aðstæður erlendis hafi þyngst er einnig ljóst að stjórnvöld bera talsverða ábyrgð á því vegna þess að ekki hafa verið skapaðir hvatar og aðstæður til fjárfestinga og nýsköpunar. Þvert á móti hafa stjórnvöld kynnt ýmsar aðgerðir sem beinlínis draga úr slíkum hvata, eins og aukinn skattur á ferðaþjónustuna.

Verðbólga í takt við verðbólgu-markmið Seðlabankans (2,5%)

Á milli ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands er í gildi sérstakur samningur, sem kveður á um forsendur peningamálastjórnunar, þar sem kveðið er á um að verðbólgu-markmiðið sé 2,5%. Jafnframt eru ákvæði um við hvaða aðstæður og hvernig Seðlabankinn muni bregðast við fari verðbólgan yfir eða langt undir þetta markmið. Eðli málsins samkvæmt er þessi stefna hornsteinn samkomulags stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Ástæðan er einföld. Ef launafólk getur ekki treyst því að ríkisstjórn og Seðlabanki Íslands standi við þetta markmið er vandséð hvernig hægt verði að gera kjarasamninga á þeim grunni. Hafa verður í huga að verðbólguvæntingar fjármálamarkaðarins til næstu 5-10 ára hafa legið mjög hátt undanfarin misseri eða á bilinu 4,5-5,2%. Verðbólgu-spar greiningardeilda bankanna og hagdeildar ASÍ gera ráð fyrir því að verðbólga í

lok næsta árs verði mikil eða um og yfir 4% miðað við þekktar forsendur. Bregðist stjórnvöld ekki við aukinni verðbólgu með raunhæfum aðgerðum verður verkalýðshreyfingin að setja verðbólguvæntingarnar sem grundvöll kjarasamninga sinna. Seðlabankinn hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að meginorsök verðbólgunnar sé veik staða íslensku krónunnar; þrátt fyrir gjaldyrishöft hefur krónan sveiflast mikið en almennt verið að veikjast.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er víða talað um mikilvægi „stöðugleika“ og „lágrar verðbólgu“. Veigamest í því sambandi er auðvitað umgjörð og virkni peningastefnunnar. Í yfirlýsingunni segir m.a.:

„Við mótun nýrrar umgjardar fyrir peningastefnuna, sem nú stendur yfir, þarf að taka tillit til þessara aðstæðna. Finna þarf ásættanlega lausn sem tryggir í senn stöðugt verðlag og fjármálastöðugleika. Nýbirt skýrsla Seðlabankans er mikilvægt innlegg í þessa umræðu en þar kemur skýrt fram að nýrri peningastefnu þurfa að fylgja aukin stjórnþætti til að tryggja þjóðhagsvarúð. Gildir þá einu hvort peningastefnan verður mótuð á grunni fastgengisfyrirkomulags eða með öðrum hætti. Bodað er samráð við aðila vinnumarkaðarins um mótun nýrrar peningastefnu og við endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands.“

Umrætt samráð um mótun nýrrar peningastefnu var ekki sett í gang fyrr en seint á síðasta vetri og skilaði þverpólitísk nefnd með aðild ASÍ og SA niðurstöðu í byrjun október:

„Á starfstíma sínum hefur nefndin náð góðum samhljómi. Í ljósi þess að margháttuð fagleg vinna, sem þarfnast umfjöllunar og snertir verkefni nefndarinnar, er að koma fram um þessar mundir eða alveg á næstunni, telur nefndin æskilegt að henni gefist meiri tími til að sinna því samráði sem henni er ætlað. Nefndarmenn telja mikilvægt að stefna í gengis- og peningamálum njóti skilnings og stuðnings á Alþingi, hjá aðilum vinnumarkaðarins og meðal þjóðarinnar. Nefndarmenn lýsa sig reidubúna til að halda áfram og undirbúa tillögur í gengis- og peningamálum og kynna sér þær greiningar og niðurstöður sem fram hafa komið og væntanlegar eru á næstunni varðandi málið.“

Enginn viðbrögð hafa komið frá ríkisstjórninni við þessari niðurstöðu þrátt fyrir að Seðlabanki Íslands hafi skilað 600 blaðsíðna skýrslu um að núverandi fyrirkomulag peningamálastefnunnar hafi ekki skilað neinum árangri í að skapa stöðugt gengi, lága verðbólgu og lága vexti. Öll meginmarkmið peningamálastefnunnar hafa þannig mistekist – en peningastefnan er sett af Alþingi í lögunum um Seðlabanka Íslands. Ábyrgðin er því augljóslega ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Stóra málið er að ef ríkisstjórnin ytir þessari ábyrgð frá sér bresta allar forsendur fyrir nokkurri sátt um tengsl kjarasamninga og fyrrgreindra efnahagspólitískra markmiða. Það væri miður og vandséð hver ætti að hafa hag af slíku.

Rammaáætlun afgreidd í samræmi við tillögu sérfræðinganevndar

Ljóst er að langvarandi deila hefur verið um virkjanir og virkjanakosti hér á landi sem m.a. hefur verið hamlandi fyrir fjárfestingar, einkum af þeim greinum sem vilja og geta greitt herra verð ef orkan er græn og byggir á samfélagslegri sátt. Því kom rammaáætlunin inn í myndina við gerð kjarasamninga í maí 2011 en að henni hafði verið unnið í tæp 12 ár og samkvæmt upplýsingum stutt í að verkefnisstjórn 2. áfanga skilaði niðurstöðu. Hafa verður í huga að núverandi deila um vægi verkefnisstjórnarinnar var ekki komin upp í maí 2011 en ASÍ lagði áherslu á tvennt: Að lögin um nýtingu fallvatna og jarðvarma yrðu afgreidd fyrir lok vorþings og að rammaáætlunin yrði afgreidd fyrir lok ársins 2011. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir orðréttt:

„Lögð er áhersla á að fjárfestingar í virkjunum og gerð raforkusamninga verði á viðskiptalegum grundvelli og taki tilliti til umhverfisgæða. Stefnt er að því að frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða verði afgreitt á vorþingi. Rammaáætlun verður lögð fram á næstu vikum og fer í viðeigandi ferli. Stjórnvöld stefna að því að hún verði afgreidd á næsta haustþingi.“

En við hvað var átt þegar vitnað var til rammaáætlunar á þessum tíma? Verkefnisstjórn 2. hluta rammaáætlunar var skipuð af iðnaðarráðherra Samfylkingar haustið 2007. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir hins vegar í kaflanum um umhverfi og auðlindir:

„Lögð er rík áhersla á að ljúka gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða sem allra fyrst og hún verði lögð fyrir Alþingi á vetri komanda og fái lögformlega stöðu í stjórnkerfinu. Engar frekari ákvarðanir tengdar virkjun neðri hluta Þjórsár verði teknar þar til rammaáætlun liggur fyrir.“

Hér gerir ríkisstjórnin vinnuna við mótnu breiðrar sáttar um verndun og nýtingu náttúrusvæða að sinni. Aðferðafræði rammaáætlunar er sótt í m.a. norska fyrirmynd þar sem allir aðilar skrifuðu í reynd upp á ákveðna aðferðafræði við mat á náttúrusvæðum. Þessa aðferðafræði má lesa sér til um á heimasíðu Rammaáætlunar, www.rammaaaetlun.is, og þegar ASÍ lagði það til að fara þessa leið var það í góðri trú á að þetta yrði unnið á faglegum forsendum rammaáætlunarinnar – sem þýðir á mannamáli að fara að tillögu sérfræðinganna. Sú deila, sem varð fyrst milli stjórnarflokkanna og síðan við stjórnarandstöðuna, er einfaldlega ekki í samræmi við þetta vinnulag.

Róttækar aðgerðir í atvinnumálum og auknar fjárfestingar

Aðdragandi þessa kafla yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar var að miklar deilur og tortryggni gætti vegna vonbrigða með efndir á verklegum framkvæmdum Stöðugleikasáttmálans en þar var samið um tiltekin verkefni. Ljóst er að sumt af því var á ábyrgð ríkisstjórnar þar sem andstaða var í röðum VG við fjár-

mögnun verkefnanna með „einkafrankvæmd“ og kom það í veg fyrir einstök verkefni. Sumt skrifast reyndar á ábyrgð sveitarfélaga vegna m.a. skipulagsmála og sumt vegna þess að viðkomandi einkaaðilar náðu ekki saman.

ASÍ hafði milligöngu milli stjórnvalda og atvinnurekenda í þessari deilu til að freista þess að koma málum áfram en mikil áhersla var í baklandi ASÍ á að fá fram raunhæfa áætlun um uppbyggingu og fjölgun starfa. Því lagði ASÍ til að í stað þess að karpa um upptalningu á einstökum verkefnum myndum við sameinast um ákveðið markmið í umfangi fjárfestinga – 20% af VLF eða 350 milljarða króna – og leggja áherslu á að stjórnvöld legðu grunn að slíku umfangi með því að skapa á faglegum forsendum betri aðstæður og hvata með almennum leikreglum til aukinna fjárfestinga.

Mikilvægast í þessu efni var samkomulagið um að tryggja framgöngu niðurstaðna áratugavinnu með rammaáætlun um verndun og nýtingu fallvatna og jarðvarma, eins og áður sagði. Þótt ríkisstjórnin hafi vissulega sett fram sérstaka fjárfestingaráætlun sem Alþýðusambandið fagnaði sérstaklega er ljóst að framganga ríkisstjórnarinnar í því „... að vinna af einurð að því að leggja grunn að varanlegum hagvexti“ (*Inngangur að Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011*) hefur ekki gengið eftir. Vandræðagangur í ákvörðunum varðandi verklegar framkvæmdir á borð við Vaðlaheiðargöng eða Háskólasjúkrahús er eftirtektarverður. Stjórnvöld hafa undanfarið dregið úr nauðsynlegri aðlögun ríkisfjármála í aðdraganda kosninga en leggja þess í stað auknar álögur á fyrirtækin í landinu umfram það sem samkomulag hefur verið um. Nægir þar að nefna hækkun tryggingagjalds, hækkun virðisaukaskatts á gistingu, gjöld á bílaleigur o.fl. Óvissa og deilur um grundvöll peningastefnunnar, sem leitt hefur til veikari gjaldmiðils, meiri verðbólgu og hærri vaxta, ber ekki vott um þá einurð sem ríkisstjórnin ætlaði að sýna í að leggja grunn að varanlegum hagvexti.

Bætt umgjörð kjarasamninga

Kjarasamningagerð undanfarinna ára hefur sætt gagnrýni, m.a. fyrirkomulag viðræðnanna og áhrif kjarasamninga á efnahagslegan stöðugleika. Samningsgerð hefur oft dregist á langinn sem að einhverju leyti má rekja til þess að undirbúningur samningsaðila og samningaviðræðurnar hafi ekki verið nægilega markvissar. Því hefur einnig verið haldið fram, m.a. af Seðlabanka Íslands, að umsamdar launahækkanir hafi leitt til efnahagslegs óstöðugleika og að markmið þeirra að auka kaupmátt launa hafi af þeim sökum farið forðum.

BSRB ritaði forsætisráðherra og fjármálaráðherra bréf í kjölfar kjarasamninga í maí 2011. Í bréfinu voru settar fram ábendingar og farið fram á athugun á ýmsum atriðum er varða hagsmuni félagsmanna BSRB. Meðal annars var

lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að verklag við gerð kjarasamninga verði bætt þannig að kjarasamningar verði ekki lausir svo mánuðum skipti.

Í svarbréfi frá 29. maí 2011 brugðust forsætisráðherra og fjármálaráðherra við ýmsum álitamálum í bréfi BSRB. Fram kom að ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir umbótum og studdi frumkvæði aðila vinnumarkaðarins. Ríkissáttasemjara var falið að athuga málið frekar með viðræðum við hlutadeigandi aðila. Myndaður var starfshópur stærstu samningsaðila á almennum og opinberum vinnumarkaði. Ákveðið var að ríkissáttasemjari efndi til ráðstefnu um kjarasamningagerð í nóvember 2012 með aðkomu sem flestra samningsaðila á vinnumarkaðnum, einnig stéttarfélagu utan bandalaga. Fjallað var um fyrirkomulag viðræðna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hvaða lærdóm mætti draga af því, hver ætti að slá taktinn við endurnýjun kjarasamninga og um aðkomu ríkisvaldsins að kjarasamningum. Ásmundur Stefánsson, fyrrv. ríkissáttasemjari, var fenginn til að stjórna umræðum og draga saman helstu álitamál. Ráðstefnan þótti takast vel og leiddi fram tvö meginviðfangsefni til áframhaldandi skoðunar. Annars vegar var sameiginlegur skilningur á að undirbúning kjarasamninga megi stórbæta. Bent var á að efnahagslegar forsendur kjarasamninga skipta höfuðmáli fyrir stöðugleika og raunverulegan kaupmátt launa. Hins vegar var samstaða um að samningsaðilar geti á grundvelli ákvæða gildandi laga og reglna bætt verklag við gerð kjarasamninga.

Þessi álitamál voru rædd við endurskoðun forsendna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í janúar 2013. Í samkomulagi ASÍ og SA um framlengingu gildandi kjarasamninga segir m.a: „... samningsaðilar hefji nú þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga, sem þarf að felast í mótun á sameiginlegri sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum. Enn fremur þarf að hefja sameiginlega stefnumörkun til að tryggja vöxt og viðgang atvinnulífsins og efnahagslegan stöðugleika sem byggður verði á stöðugu gengi en það er forsenda framfara og bættra lífsskjara.“

Í samkomulaginu segir enn fremur: „Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands vilja koma að sameiginlegu borði með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda verði leitað í nágrannaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu. Stefnt skal að því að sameiginleg sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúm atvinnulífsins og samfélagsins til aukins kostnaðar og bættra lífsskjara næstu árin liggja fyrir í byrjun sumars og verði mótandi í nýrri lotu kjarasamninga næsta haust (2013).“

Í kjölfarið var óskað eftir því að ríkissáttasemjari skipulegði kynnisferð til Norðurlandanna með þátttöku sérfræðinga frá heildarsamtökum launafólks og vinnuveitenda auk fulltrúa frá samninganefnd ríkisins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ríkissáttasáttasemjari leitaði til sáttasemjara landanna um aðstoð

og þeir skipulögðu röð funda í hverju landi fyrir sig með fulltrúum leiðandi samtaka á vinnumarkaði.

Efnt var til ferðar til Norðurlandanna dagana 24.–28. febrúar 2013 til þess að fræðast um skipulag vinnumarkaðarins þar, hvernig undirbúningi kjarasamninga er háttað og hvernig að eiginlegri kjarasamningagerð er staðið. Í ferðinni tóku þátt fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins (SA), Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalagi háskólamanna (BHM), Kennarasambandi Íslands (KÍ), Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytinu. Niðurstöður ferðarinnar voru teknar saman í skýrslunni Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum. Skýrslan var kynnt á fjölmennum fundi aðila vinnumarkaðarins í Rúgbrauðsgerðinni 21.5.2013.

Í kjölfarið undirrituðu heildarsamtök launafólks og vinnuveitenda ásamt stjórnvöldum samkomulag um stofnun samráðsnefndar um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Nefndin var sett á fót með það að markmiði að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Nefndinni er ætlað að taka saman upplýsingar til undirbúnings kjarasamninga árin 2013 og 2014 og verður starf hennar endurmetið fyrir árslok 2015.

Samráðshópurinn stofnaði tvo vinnuhópa til að styrkja undirbúning kjarasamninga. Skyldi annar hópurinn fjalla um tölfraeðiúrvinnslu launaupplýsinga og hinn um efnahagslegar forsendur kjarasamninga.

Starfslýsing vinnuhóps (1) um tölfraeðiúrvinnslu launaupplýsinga

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK), sem starfar samkvæmt samkomulagi frá 11. júní 2013, hefur ákveðið að fela vinnuhópi að safna og vinna úr launaupplýsingum til að styrkja undirbúning kjarasamninga.

Verkefni hópsins er nánar tiltekið:

- Að taka saman gögn um þróun launa og launadreifingu eftir samningssviðum yfir valið tímabil. Horft verði til starfa- og atvinnugreinaflokkunar Hagstofunnar fyrir almenna markaðinn. Starfaflokkun fyrir opinbera markaðinn verði sömuleiðis notuð og gagnaöflun og úrvinnsla þeirra styrkt. Jafnframt vísast til samninga aðila á vinnumarkaði og Hagstofunnar um launa- og vinnumarkaðsrannsóknir.
- Að ákveða flokkun gagna þannig að þau nýtist sem best kjarasamningsaðilum við gerð samninga.
- Að skýra verðlagsbreytingar og kaupmáttarþróun launa og helstu ástæður breytinga á raunlaunum/-tekjum.

11/6/2013

Samkomulag
um stofnun samstarfsnefndar
um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga

Eftirtalin heildarsamtök launafólks og vinnuveitenda ásamt stjórnvöldum eru sammála um að setja á stofn „Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga“. Nefndin er skipuð forystumönnum þeirra samtaka/bandalaga sem að samkomulaginu standa. Ríkissáttasemjari stýrir starfi nefndarinnar.

Nefndin er sett á fót með það að markmiði að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Nefndin mun taka saman upplýsingar til undirbúnings kjarasamninga árin 2013 og 2014 og verður starf hennar endurmetið fyrir árslok 2015.

Samstarf verður haft við Hagstofu Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands og aðra eftir atvikum m.a. á grundvelli gildandi samninga.

Aðilar þessa samkomulags munu greiða fyrir því að nefndin fái aðgang að þeim gögnum sem hún telur sig þurfa til að uppfylla skyldur sínar. Sumt kann að varða trúnað og skal tekið tillit til þess í starfi nefndarinnar.

Meginniðurstöður nefndarinnar skulu gefnar út opinberlega til almennra nota.

Nefndin hefur heimild til að ráða starfsfólk til að sinna þeim verkefnum sem henni eru fallin. Starfsaðstada nefndarinnar og starfsfólks á hennar vegum verður hjá embætti ríkissáttasemjara.

Reykjavík, 11. júní 2013



F.h. fjármála- og efnahagsráðgjafi



F.h. ASÍ



F.h. BSRB



F.h. KÍ



F.h. Sambands f.e.l. sveitarfélaga



F.h. SA



F.h. BHM

- Að greina samkeppnisstöðu landsins á mælikvarða launa borið saman við helstu viðskiptalönd.

Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum þeirra sjö sem að samstarfsnefndinni standa. Með hópnum starfar fulltrúi Hagstofu Íslands og starfsmaður í hlutastarfi auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanki Íslands veita upplýsingar og aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

Samstarfsnefndin mun greiða götu þess að vinnuhópurinn fái öll þau gögn sem hann telur sig þurfa til starfsins. Sumt kann að varða trúnað og skal tekið tillit til þess í starfinu.

Greinargerð vinnuhópsins er unnin fyrir samstarfsnefndina og verður hún hluti af skýrslu nefndarinnar um efnahagslegar forsendur kjarasamninga þar sem lagt er mat á ástand og horfur í efnahagsmálum og á vinnumarkaði til undirbúnings kjarasamninga.

Vinnuhópnum er heimilt að stofna til kostnaðar vegna sérstakra tölvueyrslna í samráði við samstarfsnefndina.

Hópurinn tekur strax til starfa og miðar starf sitt við það að í október 2013 liggja fyrstu niðurstöður hennar fyrir.

Í hópinn eru eftirtaldir tilnefndir:

Kristinn Bjarnason hagfræðingur, fulltrúi BSRB,
Ólafur Darri Andrason hagfræðingur, fulltrúi ASÍ,
Georg Brynjarsson hagfræðingur, fulltrúi BHM,
Oddur Jakobsson hagfræðingur, fulltrúi KÍ og jafnframt leiðir hópinn,
Hannes Sigurdsson hagfræðingur, fulltrúi SA,
Benedikt Valsson hagfræðingur, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga,
og
Stefanía S. Bjarnadóttir viðskiptafræðingur, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðherra.

Starfslýsing vinnuhóps (2) um efnahagsforsendur kjarasamninga

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK), sem starfar samkvæmt samkomulagi frá 11. júní 2013, hefur ákveðið að fela vinnuhópi að greina helstu forsendur efnahagslífsins til að styrkja undirbúning kjarasamninga.

Verkefni hópsins er nánar tiltekið:

- Að draga saman og leggja mat á niðurstöður úr helstu hagspám sem út eru gefnar.
- Að lýsa alþjóðlegri efnahagsþróun með tilliti til áhrifa á efnahagslífið hér á landi og samkeppnisstöðu útflutningsgreina.
- Að greina innlenda og erlenda efnahagsþætti sem helst valda óvissu og óstöðugleika.

- Að leggja mat á forsendur peningastefnunnar og þróunar á gengi krónunnar.
- Að draga upp sviðsmyndir af áhrifum mismunandi þróunar launa, gengis og verðlags á framvindu efnahagslífsins.
- Að meta stöðu helstu atvinnugreina m.t.t. afkomu og samkeppni.
- Að lýsa ástandi og horfum á vinnumarkaði.
- Að greina í hvaða atvinnugreinum og starfsgreinum framleiðni hefur helst aukist, hvar aukningar er helst að vænta og hvar henni er helst ábótavant.
- Að meta áhrif ákvarðana og markaðrar stefnu stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, á afkomu heimila og launafólks.

Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum þeirra sjö sem að samstarfsnefndinni standa. Með hópnum starfar starfsmaður í hlutastarfi auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanki Íslands og Hagstofa Íslands munu veita aðstoð og upplýsingar eftir því sem þurfa þykir.

Samstarfsnefndin mun greiða götu þess að vinnuhópurinn fái öll þau gögn sem hann telur sig þurfa til starfsins. Sumt kann að varða trúnað og skal tekið tillit til þess í starfinu.

Greinargerð vinnuhópsins er unnin fyrir samstarfsnefndina og verður hún hluti af skýrslu nefndarinnar um efnahagslegar forsendur kjarasamninga þar sem lagt er mat á ástand og horfur í efnahagsmálum og á vinnumarkaði til undirbúnings kjarasamninga.

Hópurinn tekur strax til starfa og miðar starf sitt við það að í október 2013 liggi fyrstu niðurstöður hennar fyrir.

Í hópinn eru eftirtaldir tilnefndir:

Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi BSRB,

Ólafur Darri Andrason hagfræðingur, fulltrúi ASÍ,

Georg Brynjarsson hagfræðingur, fulltrúi BHM,

Oddur Jakobsson hagfræðingur, fulltrúi KÍ,

Hannes Sigurðsson hagfræðingur, fulltrúi SA, sem jafnframt leiðir hópinn,


Benedikt Valsson hagfræðingur, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og

Tómas Brynjólfsson hagfræðingur, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðherra.

Sameiginleg mál í aðdraganda kjarasamninga

Eins og við undirbúning síðustu kjarasamninga skipuðu landssamböndin, félög með beina aðild og stærstu aðildarfélög ASÍ sérstakan vinnuhóp sem falið var það hlutverk að draga saman tillögur að úrbótum, leiðréttingum og nýmælum í aðalkjarasamningum auk sameiginlegra krafna á hendur stjórn-

völdum um tilteknar úrbætur. Byggt er á reynslu aðildarsamtakanna í samskiptum við atvinnurekendur og samtök þeirra, m.a. hvað varðar túlkun einstakra samningsákvæða, og á niðurstöðum dómstóla þar sem það á við. Hópurinn lauk störfum í ágúst og skv. samstarfssamningi aðildarsamtakanna fer málið til samninganefndar ASÍ og aðildarsamtakanna til endanlegrar afgreiðslu.




Atvinnumál

Bætt staða vinnumarkaðar er eflaust helsta birtingarmynd efnahagsbatans hingað til. Atvinnuleysi hefur þokast niður á við frá því það mældist hæst vorið 2010 þegar tæplega 22 þúsund voru atvinnulaus. Premur árum síðar voru um átta þúsund færri atvinnulaus og atvinnuleysi 4,4% lægra. Í samanburði við nágrannaríkin er atvinnuleysi hér lágt en ástandið þó enn fjarri því sem eðlilegt mætti teljast á Íslandi. Íslendingar vinna að jafnaði færri vinnustundir en þekktist fyrir hrun og ekki hefur tekist að endurheimta þau störf sem töpuðust í hruninu og fjöldi einstaklinga hefur flust búferlum í leit að atvinnu. Þrátt fyrir töluverða óvissu í efnahagslífinu hefur störfum þó farið fjölgandi en nú, þegar horfur í efnahagslífinu hafa versnað, er ekki útilokað að hægja muni á bata á vinnumarkaði.

Atvinnuleysi eftir landshlutum:

Atvinnuleysi var 3,9% í júlí samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar og voru þá tæplega 1.500 færri einstaklingar á atvinnuleysisskrá en á sama tíma í fyrra. Á höfuðborgarsvæðinu er 4,5% atvinnuleysi miðað við 2,8% á landsbyggðinni og hefur dregið úr atvinnuleysi í öllum landshlutum og þar af mest á Suðurnesjum þar sem skráð atvinnuleysi er 2% minna en á sama tíma í fyrra. Að einhverju leyti skýrist samdráttur af breytingu á tímabundnum lögum um framlengdan bótarétt sem féllu úr gildi á áramótum en einnig vantetur atvinnu-


leysisskráning þá einstaklinga sem taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum. Alls voru 1.095 einstaklingur skráðir í vinnumarkaðsúrræði í júnímánuði, flestir í Liðsstyrk, átaksverkefni ætlað þeim sem luku bótarétti á áramótum. Af þeim 3.300, sem komu nýir á vinnumarkað á öðrum ársfjórðungi miðað við síðasta ár, voru 2.800 karlar en aukin umsvif í byggingu mannvirkja yfir sumartímann kunna að vera megin skýringin.




Heimild: Vinnumálastofnun

Stjórnvöld – í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins – hafa unnið að aðstoð við atvinnulausa frá hruni. Annars vegar hefur atvinnuleitendum staðið til boða námskeið og grunnúrræði til að bæta færni á vinnumarkaði, t.d. sjálfstyrking og starfsendurhæfing auk fjölda námskeiða; hins vegar hefur verið gripið til vinnumarkaðsúrræða, sem greidd eru af atvinnuleysistryggingarsjóði, þar sem atvinnuleitendur hafa verið aðstoðaðir í nám, fengið reynsluráðningu, starfsþjálfun o.s.frv. Má þar nefna verkefnið Vinnandi vegur en yfir 600 einstaklingar voru í störfum innan þess verkefnis í ársbyrjun. Verkefnið Liðsstyrkur fór af stað í byrjun þessa árs og var það hugsað til aðstoðar þeim einstaklingum sem fyrir séð var að myndu tapa bótarétti þegar tímabundið ákvæði um lengingu bótaréttar félli niður. Verkefnið hefur gengið vel en í júní höfðu yfir tvö þúsund störf verið skráð í starfabanka, meirihluti á almennum markaði þar sem búíð er að ráða á sjöunda hundrad.

Atvinnuleysi (%)



Meðalfjöldi starfandi



Heimild: Hagstofa Íslands

Sé litið til vinnumarkaðskönnunnar Hagstofunnar sést að atvinnuleysi mælist um 2,5% hærra en skráning Vinnumálastofnunar gefur til kynna. Viss batamerki má þó greina á vinnumarkaði en eftir tímabil vissrar stöðnunar, þar sem atvinnulausum fækkaði samhlíða fjölgun utan vinnumarkaðar, hefur störfum nú fjölgað

samfleytt í sex ársfjórðunga borið saman við sama tímabil árið á undan. Fleiri karlar voru atvinnulausir en konur á fyrri helming ársins en munurinn milli kynja fer minnkandi. Þessi þróun vekur nokkra athygli en ef lítið er á fyrstu sjö mánuði síðustu þriggja ára hefur starfandi körlum fjölgað ár frá ári sem hefur skilað sér í færri atvinnulausum körlum og fækkun þeirra utan vinnumarkaðar. Á móti hefur fjöldi starfandi kvenna að mestu staðið í stað og þeim fjölgað utan vinnumarkaðar. Skýringin gæti verið að störfum hefur fjölgað í mannvirkjagerð þar sem karlmenn eru í meirihluta. Fjölgun utan vinnumarkaðar gæti einnig stafað af aukinni skólasókn kvenna á meðan vinnuafllseftirspurn er lítil.

Lítið fór fyrir langtímaatvinnuleysi á árunum fyrir hrun og voru það einungis að jafnaði 8,4% sem höfðu verið án atvinnu lengur en eitt ár. Hlutfallið varð lægst 3,3% árið 2008 en átti eftir að hækka hratt og verða allt að 26,5% árið 2011. Langtímaatvinnulausum fækkar milli ára og höfðu 2.000 einstaklingar verið án vinnu eitt ár eða lengur á öðrum ársfjórðungi þessa árs og hafa þeir ekki verið færri frá því fyrir hrun.



Velferðarmál



Kaup og kjör

Kaupmáttur

Kaupmáttur launa óx í kjölfar kjarasamningsbundinna hækkana í upphafi árs 2012 en á síðari hluta ársins tók hann að rýrna vegna þrálátrar verðbólgu. Kaupmáttur launa jókst að nýju eftir að kjarasamningar voru framlengdir í febrúar 2013 og laun hækkðu um 3,25% auk 11.000 króna krónutöluhækkunar á kauptaxta og hækkunar á lágmarkslaun í dagvinnu úr 193.000 í 204.000.

Verðlag hafði í júlí 2013 hækkað um 3,8% á síðustu 12 mánuðum en á sama tíma hækkðu laun á vinnumarkaði um 5,5%. Kaupmáttur launa hefur því vaxið um 1,6% á tímabilinu og er nú svipaður og á síðari hluta árs 2005. Kaupmáttur er hins vegar enn um 5,5% lægri en hann var þegar best lét í ársbyrjun 2008.

Áherslur á sérstakar hækkanir á lægstu laun í kjarasamningum undanfarinna ára hafa skilað sér í meiri aukningu á kaupmætti lágmarkslauna en almennra launa. Kaupmáttur lágmarkslauna fyrir fullt starf var um mitt ár 2013 um 7% hærri en í upphafi árs 2008.




Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 7,4% á árinu 2012. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu að meðaltali um 7,8% á árinu 2012 en hjá opinberum starfsmönnum nam hækkunin að meðaltali 6,6%. Þegar tekið er tillit til verðbólgu jókst kaupmáttur launa að meðaltali um 2,5% á almennum vinnumarkaði en um 1,3% hjá opinberum starfsmönnum á árinu 2012.

Í febrúar 2013 kom til framkvæmda þriðji áfangi kjarasamningsbundinna hækkana sem samið var um í kjarasamningum vorið 2011. Á öðrum ársfjórðungi 2013 voru regluleg laun að meðaltali 2% hærrí en ársfjórðunginn á undan. Á sama tímabili hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 1,6% en laun opinberra starfsmanna um 2,9% að meðaltali. Milli annars ársfjórðungs 2012 og 2013 hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 5,9%, þar af um 6,1% á almennum markaði en um 5% hjá opinberum starfsmönnum.

Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun á öðrum ársfjórðungi 2013, samanborið við sama tíma árið áður, mest hjá skrifstofufólki (7,7%), sérfræðingum (7,2%) og hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki (7%). Hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki hækkuðu laun um 6,1% milli ára, verkafólki um 5,9%, stjórnendum um 5,5% en minnst hækkuðu laun iðnaðarmanna um 5,1% milli ára.

Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa vaxið sl. misseri vegna batnandi atvinnuástands, lengri vinnutíma og launahækkana en á móti hefur dregið úr aðgerðum stjórnvalda til stuðnings skuldugum heimilum, úrgreiðsla séreignarsparnaðar, sem heimilunum var tímabundið í kjölfar efnahagshrunsins, hefur minnkað auk þess sem dregið hefur úr niðurfærslum ólögættra gengislána. Til viðbótar hefur verðbólga unnið á móti allt síðastliðið ár. Sedlabankinn áætla að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi vaxið um 3% á árinu 2012 en hins vegar gera spár ráð fyrir því að verulega hægi á vexti kaupmáttar ráðstöfunartekna á árinu 2013 og hann verði um 1,3% þegar enn frekar dregur úr áhrifum aðgerða til aðstoðar skuldugum heimilum og úrgreiðslu séreignarsparnaðar. Þess ber þó að geta að talsverð óvissar ríkir um fyrirætlanir stjórnvalda varðandi stuðning við skuldsett heimili og hugmyndir um niðurfærslu verðtryggðra skulda.



Skuldir og fjárhagur heimilanna

Þrátt fyrir að skuldir heimilanna hafi farið lækkandi á árunum eftir efnahagshrun vegna endurskipulagningar fjármálafyrirtækja, dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengisbundinna lána og opinberra aðgerða til að létta á skuldavanda heimila, eru skuldir íslenskra heimila með því hæsta sem gerist í heiminum. Í tölum Seðlabankans kemur fram að skuldir heimilanna hafi í árslok 2012 numið 109% af vergri landsframleiðslu eftir stöðuga lækkun frá árinu 2009 þegar þær náðu hámarki, 134% af VLF. Verulega hægir þó á lækkun skulda heimilanna sem hlutfall af VLF á árinu 2012 og má einkum rekja lækkunina til hærri landsframleiðslu á sama tíma og höfuðstóll skulda er nánast óbreyttur frá fyrra ári.

Seðlabankinn áætlar að í kjölfar efnahagshrunsins hafi skuldir heimilanna samtals verið færðar niður um ríflega 244 milljarða, eða sem nemur 14% landsframleiðslunnar. Þar af séu um 188 milljarðar vegna ólögmætra gengistryggðra lána og um 56 milljarðar tengdar sértækri skuldaaðlögun og hinni svokölluðu 110%-leið. Enn eru þó óuppperðir endurútreikningar gengistryggðra lána vegna dóma Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana frá því í febrúar 2012 sem munu að líkindum hafa nokkur áhrif til lækkunar á höfuðstól þeirra lána sem um ræðir.

Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa einnig farið lækkandi undanfarin tvö ár en það hlutfall fór hæst í tæplega 280% á árinu 2010 í kjölfar mikils samdráttar ráðstöfunartekna. Hlutfall skulda af árlegum ráðstöfunartekjum var um 231% á árinu 2012.

Vísbendingar eru um að fjárhagsstaða heimilanna fari batnandi en staða margra heimila er þó enn mjög þröng og batinn hægur. Þrátt fyrir endurskipulagningu á útlánum til heimila og ýmis úrræði fjármálastofnana og hins opinbera til handa heimilum í skulda- og greiðsluvanda undanfarin fimm ár eru vanskil enn veruleg. Þótt heldur hafi dregið úr vanskilum hjá helstu lánastofnunum fjölgar einstaklingum á vanskilaskrá hins vegar áfram.

Í febrúar 2013 voru 14% af heildarútlánum Íbúðalánasjóðs og stóru viðskiptabankanna þriggja í vanskilum m.v. að þegar eitt lán viðskiptavinar er komið í 90 daga vanskil eru öll lán viðkomandi talin í vanskilum. Til samanburðar var hlutfallið 18% í árslok 2011 og 20% í lok árs 2010. Endurskipulagning og greiðsluerfiðleikar verða að líkindum áfram viðfangsefni fjármálastofnana enn um sinn þar sem bókfært virði lána í vanskilum er um 170 milljarðar króna. Þá hafa Íbúðalánasjóður og fjármálastofnanir á undanföllum árum leyst til sín mikið af íbúðarhúsnæði. Íbúðalánasjóður á nú um 2.600 eignir og hefur þeim fjölgað stöðugt undanfarin misseri. Rúmur helmingur þeirra eigna sem sjóðurinn á var áður í eigu lögaðila en tæpur helmingur í eigu einstaklinga.

Öfugt við vanskilaþróun helstu lánastofnana hefur heimilum á vanskilaskrá aftur tekið að fjölga. Á árinu 2012 var fjöldi á vanskilaskrá nokkuð stöðugur, um það bil 26.500 manns að jafnaði, en á fyrri hluta árs 2013 tók hins vegar að fjölga að nýju og um mitt ár 2013 voru um 27.600 einstaklingar á vanskilaskrá sem eru um 54% fleiri en í upphafi árs 2009.

Samkvæmt tölum frá Creditinfo var tekið árangurslaust fjárnám hjá ríflega 19.000 einstaklingum frá 1. janúar 2009 til 15. maí 2013. Tíðni árangurslausra fjárnáma hefur verið nokkuð stöðug undanfarið eða um 300 á mánuði að meðaltali sem er mun minna en á árinu 2011 þegar um 600 árangurslaus fjárnám voru að jafnaði gerð í hverjum mánuði. Gjaldþrotaurskurðum hefur hins vegar fjölgað nokkuð. Á árinu 2012 voru um 270 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota samanborið við 186 einstaklinga árið 2011 og um 140 árið 2010.

Önnur vísbending um fjárhagsvanda heimila er ásókn í úrræði hjá Umboðsmanni skuldara en nokkuð jafnvægi er komið á úrvinnslu umsókna um greiðsluaðlögun hjá stofnuninni nú eftir mikinn uppsafnaðan kúf á tímabilinu frá 2010–2012 sem hægt gekk að vinna úr. Um 4.700 einstaklingar hafa sótt um greiðsluaðlögun frá árinu 2010, þegar úrræðinu var komið á fót, þar af voru langflestar umsóknir á árinu 2011 en um 700 umsóknir bárust í fyrra og útlit fyrir a.m.k. sama fjölda á árinu 2013. Leigjendum og yngra fólki hefur fjölgað undanfarið meðal umsækjenda og greiðslugeta þeirra sem nú leita sér aðstoðar er mun minni en verið hefur. Þessar tölur endurspeglar að líkindum erfiða stöðu á leigumarkaði og lítinn opinberan stuðning við leigjendur.

Önnur vísbending um fjárhagsstöðu heimila er að finna í árlegri lífskjararannsókn Hagstofu Íslands en samkvæmt henni upplifir mikill fjöldi heimila

fjárhagsstöðu sína erfiða þótt fækki heldur í þeim hópi, sem glímur við fjárhagserfiðleika, í fyrsta sinn frá efnahagshruni. Athygli vekur að svipað hlutfall heimila virðist eiga í fjárhagserfiðleikum nú og árið 2004. Í lífskjararannsókninni fyrir árið 2012 taldi nær helmingur heimila erfitt að ná endum saman sem er svipað og árið áður og þar af átta um 11% mjög erfitt með að ná endum saman. Þetta er svipaður fjöldi og undanfarin ár en mun hærra hlutfall en árin 2007 og 2008 (30%) en staðan nú er svipuð og árið 2004 þegar 46% heimila taldi erfitt að ná endum saman í heimilisbókhaldinu. Í könnuninni árið 2012 töldu 27% heimila húsnæðiskostnað þunga byrði sem er nokkuð minna en árið áður. Tæplega 36% heimila áttu erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 157.000 krónum á árinu 2012 sem eru litlu færri en árið áður og svipað hlutfall og árið 2004 en nokkuð fleiri en á árunum 2007–2009 (27–29%). Þegar staðan er greind eftir fjölskyldugerð má sjá að einstæðir foreldrar og tekjulág heimili eru líklegri til að vera í vanda en önnur heimili og ungt fjölskyldufólk á sömuleiðis í miklum fjárhagserfiðleikum. Þannig eiga um 73% einstæðra foreldra, 57% heimila í tveimur lægstu tekjufimmtungunum og um 57% fólks á aldrinum 30–39 ára erfitt með að ná endum saman.

Á síðustu 12 mánuðum höfðu 10% heimila lent í vanskilum með húsnæðislán eða húsaleigu skv. lífskjararannsókninni sem er svipað og árin tvö þar á undan en mun meira en á árunum fyrir 2009 (5–6%). Nokkuð dró hins vegar úr vanskilum annarra lána en húsnæðislána, rúm 10% heimila höfðu lent í vanskilum með önnur lán á síðustu 12 mánuðum samanborið við 13% árið 2010.

Velferðarkerfið

Aðhald í opinberum rekstri undanfarin fjögur ár hefur sett marks sitt á alla umræðu um þjónustu hins opinbera á sviði velferðar- og heilbrigðis- og tryggingamála á liðnum misserum. Staða hins opinbera er þröng og ljóst að svo verður áfram en á sama tíma dregur síður en svo úr þörf fyrir stuðningsnet velferðarkerfisins þar sem efnahagshrunið hefur víða sett mark sitt á fjárhag einstaklinga og fjölskyldna. Húsnæðismál og kjör lífeyrisþega hafa verið áberandi bæði í opinberri umræðu og á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar undanfarið ár og ljóst að enn er verk að vinna við að tryggja viðunandi lausnir á þessum aldargömlu baráttumálum hreyfingarinnar.

Almannatryggingar

Í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði á fyrri hluta árs 2011 var samið um að lífeyrisþegum og atvinnuleitendum yrðu tryggðar sambærilegar kjarabætur og launafólki á lægstu launatöxtunum og gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis í tengslum við kjarasamninga ASÍ og SA í maí 2011. Allt frá því í júní 2011 hefur Alþýðusambandið mótmælt túlkun stjórnvalda á yfirlýsingunni

sem byggir á því að bætur almannatrygginga og atvinnulausra hækka einungis til samræmis við almennar launahækkanir í kjarasamningum en taki ekki mið af hækkun lægstu launa sem hefur á samningstímanum verið umtalsvert hærri. Stjórnvöld urðu hins vegar við kröfu ASÍ í júní 2011 og samþykktu eftir nokkurt þref að hækka bætur í fullu samræmi við þær áherslur sem lagðar voru í kjarasamningunum frá 1. júní 2011. Í öðrum áfanga kjarasamningsbundinna hækkana í febrúar 2012 tóku stjórnvöld aftur upp fyrri túlkun á yfirlýsingunni, sem gefin var við gerð kjarasamninga, og hækkuðu bætur almannatrygginga einungis til samræmis við almennar launahækkanir þrátt fyrir hávær mótmæli ASÍ. Hið sama var uppi á teningnum við þriðja áfanga kjarasamningstengdra hækkana í febrúar 2013 en þá hækkuðu kaupfaxtar um 11.000 krónur og lágmarkstekjutrygging um 5,7% en bætur almannatrygginga og atvinnulausra hækkuðu hins vegar einungis um 3,9%. Miðstjórn ASÍ gagnrýndi þessar vanefndir harkalega í ályktun sinni þann 9. janúar 2013:

Miðstjórn ASÍ mótmælir ákvörðun Alþingis um skerðingu á kjörum aldradæra, öryrkja og atvinnuleitenda. Þegar gengið var frá kjarasamningum 2011 ætlaði ríkisvaldið að hækka bætur til samræmis við hækkun lægstu launa eða um 11.000 á árunum 2012 og 2013. Ekki var staðið við það. Þess í stað hækkuðu bætur einungis um 5.600 kr. til 6.500 kr. hvort árið. Frá árinu 2010 vantar alls 16000–17.000 kr. á mánuði upp á að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækki í samræmi við hækkun lægstu launa í kjarasamningum. Þetta jafngildir tekjutapi þessara einstaklinga upp á tæplega 200 þúsund kr. árið 2013. Þessi niðurstaða er með öllu óásættanleg.

Þann 1. janúar 2013 urðu eftirtaldar breytingar:

- **Fjárhæðir bóta almannatrygginga hækkuðu um 3,9%**. Sérstakt álag var sett á orlofs- og desemberuppbætur almannatrygginga fyrir árið 2011 til samræmis við kjarasamninga á vinnumarkaði en þær verða á árinu 2013 sambærilegar og fyrir árin 2011 og 2012, þ.e. orlofsuppbót 20% af tekjutryggingu og heimilisuppbót, svo og desemberuppbót 30% af tekjutryggingu og heimilisuppbót.
- **Lágmarksframfærslutrygging hækkar um 3,9%**, úr kr. 203.005 í kr. 210.922 fyrir einstakling sem býr einn en úr kr. 174.946 í kr. 181.769 fyrir einstakling í sambúð.
- **Frítekjumörk vegna lifeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega hækka úr 10.000 kr í 15.800 krónur á mánuði**. Önnur frítekjumörk vegna atvinnutekna og fjármagnstekna haldast óbreytt sem og frítekjumörk örorkulífeyrisþega.
- **Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 3,3%** úr kr. 167.167 kr. í 172.609 kr. á mánuði.

- **Lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrkur hækka um 3,3% úr 127.437 kr. í 131.587 kr. á mánuði.** Hámarksgreiðslur úr sjóðnum, sem verið hafa óbreyttar sl. fjögur ár, hækka úr 300.000 kr. í 350.000 kr. á mánuði.

Vinna við heildarendurskoðun á almannatryggingarkerfinu hefur staðið yfir með hléum undanfarin sex ár með aðkomu breiðs hóps hagsmunaaðila og fulltrúa þingflokka. Líkt og rakið er nánar í kaflanum um lífeyrismál hefur ASÍ tekið virkan þátt í þessari vinnu og lagt ríka áherslu á að endurskoðunin byggði á þeim grundvallarsjónarmiðum að einfalda almannatryggingakerfið og tryggja gott samspil við lífeyriskerfið. Fyrsti áfangi í tillögum starfshóps, sem unnið hefur að endurskoðun kerfisins, var lagður fram um mitt ár 2012 og frumvarp byggt á tillögunum kom fram á Alþingi vorið 2013 en hlaut þó ekki efnislega meðferð. Sjá nánar kafla um lífeyrismál.

Í kjölfar Alþingiskosninga vorið 2013 lagði nýr félagsmálaráðherra fram á sumariþingi frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar sem gangu þvert á þær tillögur sem starfshópurinn lagði fram í breiðri sátt hagsmunaaðila og stjórnmalaflokka. Tillögunum var ætlað að taka til baka hluta þeirra skerðinga sem gerðar voru á bótum almannatrygginga á árinu 2009. Alþýðusambandið og aðrir aðilar vinnumarkaðarins, sem komið hafa að vinnu við heildarendurskoðun kerfisins á liðnum árum, lýstu miklum vonbrigðum með fyrirætlanir ráðherrans um að líta fram hjá tillögum starfshópsins og gera breytingar á kerfinu sem ganga alfarið gegn þeim grunnhugmyndum sem hópurinn hafði að leiðarljósi. Alþýðusambandið sendi frá sér eftirfarandi gagnrýni þann 26. júní 2013.

Nýr félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar sem hækka frítekjumark atvinnutekna elli- lífeyrisþega og afnema skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna. Alþýðusambandið fagnar því að ný ríkisstjórn skuli beina auknu fé í þennan mikilvæga málaflokk en lýsir jafnframt verulegum vonbrigðum yfir því að ráðherrann skuli ganga alfarið gegn þeirri breiðu samstöðu sem fyrir lá í vor um heildarendurskoðun á almannatryggingarkerfinu og unnið hefur verið að um margra ára skeið. Fyrirheiti nýrrar ríkisstjórnar um sátt og samráð er þar með alfarið kastað fyrir röða.

Breytingin, sem nú er boðuð, mun vissulega gagnast lífeyrisþegum en þó aðeins þeim sem eru tekjuhærri. Þeir lífeyrisþegar, sem alfarið reida sig á tekjur almannatrygginga eða hafa lífeyrissjóðstekjur undir 215.000 kr. á mánuði og/eða lágar atvinnutekjur, hafa engan ávinning af boðuðum breytingum. Samkvæmt tölum frá TR eru elli- og örorkulífeyrisþegar

ríflega 46.000 en breytingin mun að sögn ráðherra hafa áhrif á tekjur um 7.000 þessara lífeyrisþega eða um 15%. Breytingin gengur sömuleiðis alfarið gegn þeim hugmyndum, sem ríkjandi hafa verið um nauðsyn þess að einfalda og skýra almannatryggingakerfið, og gerir enn erfiðara en nú er að vinna ofan af margflæktu almannatryggingakerfi.

Krafa Alþýðusambandsins er að núverandi ríkisstjórn standi vörð um þá miklívinnu, sem lögð hefur verið í endurskoðun almannatryggingakerfisins á liðnum árum, og virði og framfylgi tillögum hins fjölskipaða starfshóps um endurskoðun almannatrygginga sem viðtæk sátt var um. Nýta ber auknið fé til málaflokksins í þá breytingu sem mun til lengri tíma leiða til mun betra samspils lífeyrissjóðs og atvinnutekna en þær tillögur, sem ríkisstjórnin leggur nú fram, og mun bæta kjör allflestra lífeyrisþega til muna. Núverandi stjórnarflokkar áttu ásamt öðrum þingflokkum fulltrúa í þessari vinnu og skrifuðu fyrir örfáum mánuðum undir tillögur sem þeir ganga nú alfarið gegn.

Frumvarpið var samþykkt á Alþingi og þann 1. júlí 2013 voru gerðar eftirtaldar breytingar á almannatryggingum:


- Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar hækkar úr 480.000 kr. á ári í kr. 1.315.200.
- Lífeyrissjóðstekjur munu ekki lengur skerða grunnlífeyri almannatrygginga en hann var áður skertur um 25% vegna tekna yfir 214.602 kr. á mánuði.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er sú lágmarksframfærsla sem sveitarfélögum ber að tryggja öllum íbúum sínum. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta eða hafa fullnýtt bótarétt sinn, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú framfærsla sem þeir þurfa að reiða sig á. Samfara versnandi efnahags- og atvinnuástandi hefur fjölgað mjög í hópi þeirra sem þurft hafa að leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum. Velferðaráðherra gefur út leiðbeinandi grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og var hún í ársbyrjun 2011 kr. 149.500 og hefur verið óbreytt síðan. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau fylgi viðmiðinu. Hjá Reykavíkurborg hefur grunnviðmið fjárhagsaðstoðar verið hækkað til samræmis við verðlag frá árinu 2009 og er nú 163.635 kr. en þessu er nokkuð mismunandi háttað milli sveitarfélaga.

Skv. leiðbeinandi reglum ráðuneytisins skal miða fjárhagsaðstoð við hjón við 1,6 falda grunnfjárhæð eða tæpar 239.200. krónur á mánuði. Þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en verulega

dró þó úr fjölguninni á árinu 2012. Útlit er hins vegar fyrir að á árinu 2013 hafi aftur fjölgað nokkuð í þeim hópi sem á ekki aðra kosti en að sækja fjárhagsaðstoð til sveitarfélags af þeirri ástæðu að hámarksbótafímabil atvinnuleysisbóta var stytt úr 4 árum í 3 ár. Skilyrði fjárhagsaðstoðar eru hins vegar mjög þröng og taka mið af heimilistekjum viðkomandi og því fellur að líkindum verulegur hluti þess hóps utan allra kerfa.



Á árinu 2011 fengu ríflega 7.700 heimili hér á landi fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi og fjölgaði þeim um ríflega 800 frá árinu áður og um 1.700 frá árinu 2009. Fjölmennustu hóparnir, sem fá fjárhagsaðstoð, eru líkt og áður einstæðir barnlausir karlar (43%) og einstæðar konur með börn (27%). Um helmingur þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu 2011 var án atvinnu og þar af um 2/3 án bótaréttar. Samkvæmt fyrirbyggjandi tölum frá stærstu sveitarfélögum landsins fjölgaði heimilum, sem fá fjárhagsaðstoð, mun minna á árinu 2012 en undanfarin ár og fékk t.a.m. nánast sami fjöldi heimila fjárhagsaðstoð í Reykjavík og Kópavogi á árinu 2011 og 2012.

Útgjöld sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar voru tæplega 3,7 milljarðar króna á árinu 2011 og höfðu þá hækkað um 67% á föstu verðlagi frá árinu 2005. Á sama tíma hefur meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði hins vegar lækkað að raungildi um 4,5% og var á árinu 2011 um 103.500 krónur á mánuði.

Húsnæðismál

Húsnæðismál hafa verið ofarlega á baugi eftir efnahagshrunið jafnframt því sem verðbólgan fór vaxandi samhliða samdrætti á húsnæðismarkaði og minnkandi kaupmætti almennings. Margar fjölskyldur, einkum ungt fólk sem nýlega hafði komið inn á fasteignamarkaðinn, sátu því eftir í yfirveðsettu húsnæði og greiðslubyrði hækkandi fasteignalána reyndist mörgum ofviða. Í stuttu máli má segja að staðan á húsnæðismarkaði í dag sé sú að fjölmargt launafólk ræður illa við að fjármagna og reka venjulegt íbúðarhúsnæði fyrir sig og fjölskyldur sínar. Há eiginfjárfkrafa, háar afborganir, stífari kröfur um framfærslukostnað í greiðslumati og bann við lánsveðum gera það að verkum að margt ungt fólk á mjög erfitt með eignast eigið húsnæði. Ásókn í leigu-húsnæði, sem er takmarkað, hefur aukist mikið og leiguverð hækkad samfara því. Mikil vöntun er á hentugu, öruggu húsnæði til langtímaleigu og félagslegt húsnæði sveitarfélaganna er af skornum skammti auk þess sem skilyrði fyrir því að fá slíkt húsnæði eru afar ströng. Enn vantar verulega upp á að opinber stuðningur við leigjendur sé sambærilegur stuðningi við kaupendur þótt húsa-leigubætur hafi hækkad nokkuð um sl. áramót. Tillögum um nýtt húsnæðis-bótakerfi, sem lagar voru fram á árinu 2012 og tryggja jafnræði milli búsetu-forma, hefur verið framfylgt líkt og áform voru uppi um.

Alþýðusambandið hefur ætíð sett kröfuna um öruggt gott húsnæði á við-ráðanlegum kjörum á oddinn og voru húsnæðismál til umfjöllunar á 40. þingi ASÍ haustið 2012. Á þinginu var samstaða um að núverandi staða væri óviðunandi og mikli þörf á endurskoðun á húsnæðiskerfinu.

Áherslur 40. þings ASÍ í húsnæðismálum voru:

- Að fjölbreytileiki í húsnæðismálum verði aukinn,
 - að hér verði komið á einu kerfi húsnæðisbóta sem jafni stöðu kaupenda og leigjenda
 - að efla leigumarkaðinn þannig að hann verði raunverulegur öruggur valkostur
 - að fólk geti valið milli mismunandi búsetuforma svo sem kaupréttar og kaupleigu
 - að endurvekja félagslega húsnæðiskerfið
- Að húsnæðisvextir verði lækkaðir
 - m.a með því að leita fyrirmynda hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í að byggja upp húsnæðislánamarkað
 - lækka kostnað við lántökur, s.s. stimpilgjald, þinglýsingargjald og lántökugjald
- Að dregið verði úr vægi verðtryggingar með því að lánastofnanir bjóði upp á hagstæðari óverðtryggð lán

Til að framfylgja áherslum þingsins lagði Alþýðusambandið í febrúar 2013 fram ítarlegar hugmyndir að nýju húsnæðislánakerfi og nýju félagslegu húsnæðiskerfi byggðu á norrænum fyrirmyndum. Hugmyndirnar voru kynntar víða í fjölmiðlum, á fundum og fyrir þingflokka og fengu víðast hvar góðar undirtektir. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kynnti m.a. tillögurnar á ráðstefnu um framtíð fasteignalána á Íslandi sem ASÍ stóð fyrir í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja og Íbúðalánasjóð á Hilton hóteli Nordica þann 4. apríl 2013.

Helstu atriði í tillögum ASÍ að nýju húsnæðislánakerfi

Hugmyndin að nýju húsnæðislánakerfi byggir á danski fyrirmynd en húsnæðislánakerfið þar í landi var sett á fót fyrir rúmum 200 árum og hefur á þeim tíma staðið af sér kreppur, styrjaldir og önnur áföll. Meðal kosta nýja kerfisins er að sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lána verða afnumin og áhættunni af lántöku er deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú er.

Það er óþarfi að finna upp hjólið. Danska húsnæðislánakerfið varð til í lok 18. aldar og hefur staðið af sér byltingar, kreppur, styrjaldir og jafnvel ríkisgjaldþrot í rúm 200 ár. Moody's skrifaði skýrslu um það árið 2002 og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók danska húsnæðislánakerfið út árið 2007. Í báðum tilvikum fékk það topp Einkunn enda hefur enginn þurft að afskrifa kröfur á það kerfi í 200 ár.

1. Húsnæðisveðlánunum er miðlað í gegnum sérhæfðar stofnanir (húsnæðisveðlánastofnanir) sem mega aðeins sýsla með húsnæðisveðlán og fjármögnun þeirra útlána með húsnæðisskuldabréfaútgáfu til sölu á skuldabréfamarkaði.
2. Kerfið byggir á föstum nafnvöxtum til skemmri eða lengri tíma, hámarkslánshlutfalli m.v. markaðsvirði allt að 80% og lánstíma allt að 30 árum.
3. Kerfið byggir á bókhaldslegu jafnvægi á milli eignahliðar (húsnæðisveðlánín) og skuldahliðar (skráðra húsnæðisskuldabréfa) – svokallaðri jafnvægisreglu. Afrakstri af hverju húsnæðisskuldabréfaútbóði er miðlað beint til lántakenda og vaxtagreiðslur og afborganir af húsnæðisveðlánunum er miðlað beint til þeirra fjárfesta sem eiga skráðu húsnæðisskuldabréfin.

Íbúðarkaupandi fjármagnar kaupin með húsnæðisveðláni (láni með veði í þeirri eign sem hann kaupir) frá húsnæðisveðlánastofnuninni. Stofnunin fjármagnar lánveitinguna með útgáfu húsnæðisskuldabréfs sem hún selur á skuldabréfamarkaði. Húsnæðisskuldabréfið, oftast gefið út í flokki með mörgum alveg eins, er tryggt með þeim húsnæðisveðlánunum sem að baki þeim búa. Það sem fæst fyrir húsnæðisskuldabréfið, að fráregnum kostnaði og stimpilgjöldum til ríkisins, fær lántakinn í hendur. Ef skuldabréfamarkaðurinn er

líflægur og eftirspurn mikil fæst gott verð fyrir húsnæðisskuldabréfið (t.d. 950 þúsund kr. fyrir hverja milljón) og lántakan verður því hagstæð. Ef markaðurinn er á hinn bóginn í lægð og eftirspurn lítil fæst ekki eins gott verð (t.d. 850 þúsund kr. fyrir hverja milljón) og lántakan verður því ekki eins hagstæð.

Danska húsnæðiskerfið er hannað út frá þeirri forsendu að heimilin þurfi að búa við öryggi og stöðugleika í fjármögnun íbúðarhúsnæðis – með tilliti til vaxta, lánstíma og afborgunarskilmála. Ákvörðun nafnvaxta verður á skuldabréfamarkaði og gegnsæri en nú er. Sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lánsins verða afnumin. Áhættunni af lántökunni er með þessum hætti deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú er þar sem áhættan af þróun verðlags er nær öll hjá lántakanda. Húsnæðisveðlánastofnanir mega ekki fjármagna sig með innlánnum eða stunda áhættusækna fjármálastarfsemi. Þeirra hlutverk er það eitt að miðla með sem hagkvæmustum hætti fjármagni milli íbúðarkaupenda og fjármagnseigenda sem kjósa að ávaxta fé sitt með öruggum og hagkvæmum hætti.

Helstu atriði í tillögum ASÍ að nýju félagleg húsnæðiskerfi eru:



Alþýðusamband Íslands

Ný félagleg húsnæðisstefna

– danska leiðin

Í flestum ríkjum Evrópu, er það hlutverk ríkis og sveitarfélaga að tryggja félaglegt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægstu íbúana. Umfang, eðli og form þessarar aðstoðar er margbreytilegt, en algengast er að því sé sinnt með framboði af leiguhúsnæði.


Í markmiðum fyrir félaglegt húsnæðiskerfi er mikilvægt að tryggja eftirfarandi:

- Nægilegt framboð af félaglegu húsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur.
- Koma í veg fyrir stéttskipt íbúamynstur og byggja upp kerfi með aðlaðandi húsnæðislausnum fyrir breiðan hóp landsmanna.
- Húsaleiga sé í samræmi við félagleg markmið um viðráðanlega leigu sem taki ekki skyndilegum hækkunum.
- Reglur um útleigu séu gagnsæjar, hlutlægar og komi til móts við hópa með sérþarfir.
- Rekstur húsnæðisins sé ábyrgur, hagkvæmur og nútímalegur til að tryggja hátt þjónustustig fyrir alla íbúa á viðráðanlegu verði.
- Íbúarnir hafi tækifæri til þess að hafa áhrif á reksturinn.
- Koma í veg fyrir að félaglega kerfið hafi neikvæð áhrif á samkeppnisaðstæður í öðrum hlutum húsnæðiskerfisins.
- Útgjöld hins opinbera vegna þessa kerfis verði viðráðanleg að teknu tilliti til meginmarkmiðanna.
- Félaglega húsnæðiskerfið verði í framtíðinni sjálfbært, en fái þangað til bein framlög frá hinu opinbera.

Danska kerfið – óbeinir stofnkostnaðarstyrkir sveitarfélaga

Danir hafa staðið vörð um grundvallar markmið félagslega húsnæðiskerfisins og forðast mistök sem margar aðrar þjóðir hafa gert. Í danska kerfinu eru kaup eða bygging félagslegs húsnæðis fjármögnuð með eftirfarandi hætti:

- Framlag íbúanna er 2%
 - Framlagið er endurgreitt þegar viðkomandi flytur út
- Stofnfé frá sveitarfélaginu er 14%
 - Framlag sveitarfélaganna er vaxtalaust og endurgreitt þegar fjárhagslegar aðstæður húsnæðisfélagsins leyfa, en þó eigi síðar en eftir 50 ár.
- Almenn lán frá sérhæfðum húsnæðislánastofnunum¹ 84%
 - Lánið er á hefðbundnum forsendum húsnæðislána en ríkið styrkir húsnæðisfélagið með vaxtaniðurgreiðslu eftir ákveðnum reglum.
 - Lánstími þessara lána er 35 ár sem er 5 árum lengri en hefðbundin húsnæðislán
 - Sveitarfélögin hafa veitt húsnæðisfélögunum ábyrgð fyrir þeim hluta lánsins sem er umfram 65% af verðmati húsnæðisins, þannig að ef miðað er við 84% veðhlutfall ábyrgist sveitarfélagið í reynd 22,6% af eftirstöðvum lánsins.



Beinar vaxtaniðurgreiðslur af hálfu ríkisins

Ríkið tryggir húsnæðisfélögunum styrk til niðurgreiðslu vaxtakostaðar. Til að ná markmiðinu um að vextir á markaði og breytingar á þeim hafi lítil áhrif á leiguna er sett hámark á þann fjármagnskostnað húsnæðisfélaga sem tekið er tillit til við útreikning húsaleigu – nefnt íbúagreiðsla. Lengst af hefur þetta hámark verið 3,4% af stofnkostnaði viðkomandi eignar á ári, en var nýlega lækkað í 2,8% vegna mikillar hækkunar á fasteignaverði.

Framlag íbúanna til fjármagnskostnaðar hækkar síðan um sem nemur 75% af hækkun verðbólgu eða launa ef kaupmáttur er að lækka. Ef miðað er við fasta húsnæðisvexti sem er algengast í Danmörku dregur smátt og smátt úr aðstoð ríkisins eftir því sem kaupmáttur eykst. Þegar lán

¹ Sjá tillögur ASÍ um nýtt húsnæðislánakerfi

hafa verið greidd upp rennur hluti leigunnar til að fjármagna kaup á nýjum leiguíbúðum og til meiriháttar endurbygginga og viðhalds.

Ef dönsku reglurnar giltu hér á landi?

Meðalverð² 100 fm. 3ja herbergja íbúðar á höfuðborgarsvæðinu er 24,8 mill.kr. Ef þessi íbúð yrði fjármögnuð samkvæmt reglum danska félagslega húsnæðiskerfisins verður dæmið eftirfarandi:

Stofnframlög	14%	3.472.000
Eigið framlag	2%	496.000
Húsnæðislánastofnun ³	84%	20.832.000

	Gr.á mán.
Íbúagreiðsla, 3,4%	70.267
Leiga (m.v. 80/20% fjármagn og annar rekstur) á mán.	87.833
Afborgun og vextir láns á mán.	130.216
Styrkur frá ríkinu (mismunur) á mán.	59.949

Markaðsleiga og félagsleg leiga skv. dönskum reglum

Samkvæmt þessu dæmi yrði hámark fjármagnskostnaðar við útreikning húsaleigu á fyrsta ári eftir byggingu eða kaup íbúðarinnar 3,4% eða ríflega 70 þús.kr. á mánuði. Raunverulegur kostnaður vegna vaxta og afborgana af láninu er hins vegar ríflega 130 þús.kr. á mánuði og því verður rekstrarstyrkur ríkisins í þessu dæmi um 60 þús.kr. á mánuði. Ef miðað er við að fjármagnskostnaður sé 80% af leiguverði yrði mánaðarleiga þessarar íbúðar um 88 þús.kr. á mánuði.


Ætla má að sambærileg íbúð á landsbyggðinni kosti um 17 mill.kr. og skv. sömu forsendum yrði mánaðarleigan 72 þús.kr. á mánuði.

Á eftirfarandi mynd má sjá samanburð á húsaleigu skv. dönsku reglunum og húsaleigu í félagslegu húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, Suðvesturkjördæmi og landsbyggðinni borið saman við markaðsleigu. Leiga⁴ á markaði fyrir 100 fm. 3ja herbergja íbúð er um 154 þús.kr. í höfuðborginni, 143 þús.kr. í SV kjördæmi og 101 þús.kr. á landsbyggðinni.

² Samkvæmt þinglýstum kaupsamningum á síðasta

³ Vextir 7%, lánstími 40 ár og verðbólga 2,5%

⁴ samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins



Velferðarnefnd ASÍ

Húsnæðismál hafa verið nokkuð fyrirferðarmikil í störfum velferðarnefndar ASÍ á árinu. Nefndin tók m.a. þátt í að móta tillögur ASÍ í húsnæðismálum. Þá hefur nefndin fylgst með þeim breytingum á greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakostnaði, sem komu til framkvæmda á árinu, og fjallað um samanburð á lífskjörum á Norðurlöndum. Þá setti nefndin í gang vinnu við að kortleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og stöðu þeirra sem eru að klára bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Búast má við fyrstu niðurstöðum úr þeirri könnun í októbermánuði.

Formaður velferðarnefndar á sæti í stýrihópi Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum hrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Formaðurinn hefur með reglulegum hætti upplýst velferðarnefnd ASÍ um störf Velferðarvaktarinnar og þá vinnu, sem þar fer fram, og miðlað sjónarmiðum ASÍ til Velferðarvaktarinnar.



Lífeyrismál

Staða lífeyrissjóðanna hefur farið batnandi undanfarin misseri og þeir tekið að rétta úr kútnum eftir mikil áföll í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 og þeirri gjaldeyriskreppu sem því fylgdi. Gjaldyrishöft takmarka þó verulega fjárfestingarkosti sjóðanna og gera þeim erfitt um vik að dreifa áhættu sinni eins og æskilegt væri.

Samkvæmt ársreikningabók lífeyrissjóðanna, sem Fjármálaeftirlitið birtir með upplýsingum um stöðu sjóðanna í árslok 2012, hækkaði hrein eign samtryggingardeilda til greiðslu lífeyris úr ríflega 1.890 milljörðum í árslok 2011 í tæplega 2.159 milljarða í árslok 2012 sem er raunhækkun um 9,1%. Séreignarsparnaður nam 382 milljörðum í lok árs 2012 og hafði þá aukist um 41 milljarð frá árinu áður. Hrein eign lífeyrissjóðanna, samtryggingar- og séreignardeilda, nam í árslok 2012 um 2.540 milljörðum króna eða sem svarar 149% af landsframleiðslu þess árs.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna var góð á árinu 2012, hún var 7,3% samanborið við um 2,5% ávöxtun árin tvö þar á undan en á móti vegur hækkanði lífaldur sjóðfélaga sem eykur skuldbindingar sjóðanna.

Samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu í árslok 2012 voru heildareignir allra samtryggingarsjóða í landinu, þ.e. bæði verðmæti áunninna réttinda núverandi sjóðfélaga og framtíðarréttinda þeirra sjóðfélaga, sem nú eru virkir greiðendur, 3.524 milljarðar króna um síðustu áramót. Á sama tíma voru heildarskuldbindingar sjóðanna 4.198 milljarðar króna. Skuldbindingar lífeyriskerfisins í heild voru því um 674 milljörðum hærri en sem nemur uppsöfnuðum eignum og framtíðariðgjöldum sjóðfélaganna eða sem samsvarar 16% af skuldbindingum.

Umtalsverður munur er á stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnu- markaði og lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Hrein raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða án bakábyrgðar launagreiðenda, þ.e. lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnumarkaði, var 7,2% á árinu 2012 samanborið við 2,3% árið á undan. Tryggingarfræðileg staða þessara sömu sjóða var neikvæð um 99 milljarða í lok árs 2012 eða sem samsvarar 4% af skuldbindingum. Tryggingafræðilegur halli sjóða án bakábyrgðar launagreiðenda hefur batnað umtalsvert á síðustu árum. Í lok árs 2009 nam halli þeirra um 237 milljörðum eða um 10% af skuldbindingum en flestir sjóðanna hafa á liðnum árum þurft að skerða réttindi lífeyrisþega, eins og lög gera ráð fyrir, til að rétta stöðu sína. Sem fyrr segir helgast það af því að þar er ekki um að ræða bakábyrgð launagreiðenda líkt og í sjóðum opinberra starfsmanna.

Hjá opinberum sjóðum með launagreiðendaábyrgð var hrein raunávöxtun samtryggingardeilda 8,5% á árinu 2012 samanborið við 2,3% raunávöxtun á árinu 2011. Heildartryggingafræðileg staða sjóða með launagreiðendaábyrgð var neikvæð um tæplega 574 milljarða króna í árslok 2012 eða sem svarar um 39% af skuldbindingum sjóðanna. Til samanburðar var halli þessara sömu sjóða tæplega 500 milljarðar króna í árslok 2009. Af núverandi 574 milljarða króna halla fellur stærstur hluti á ríkissjóð um 495 milljarðar vegna bakábyrgðar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) en um 74 milljarðar falla á sveitarfélögin. Mestur er vandinn í B-deild LSR þar sem hallinn var 389 milljarðar króna í árslok 2012. Halli A-deildar LSR er um 61 milljarðar króna en bent hefur verið á að leysa megi vanda A-deildarinnar með því að hækka lífeyrisaldur opinberra starfsmanna úr 65 í 67 ár til samræmis við lífeyrisaldur á almennum vinnumarkaði og aldurstengja réttindaávinnslna líkt og í almennu sjóðunum. Sú leið fellur vel að yfirstandandi vinnu við heildarendurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu og miðar að einu samræmdu, sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Jöfnun lífeyrisréttinda – samræmt lífeyriskerfi

Alþýðusambandið lagði í kjarasamningum í maí 2011 ríka áherslu á áralanga kröfu sína um jöfn lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn. Misvægið milli lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði og gríðarleg skuldasöfnun í sjóðum opinberra starfsmanna er óviðunandi. Þær byrðar, sem lagðar eru á sjóði ríkis og sveitarfélaga í nútíð og framtíð, eru slíkar að ekki verður annað sé en að þær ógni getu hins opinbera til að standa undir velferðarþjónustu í náninni framtíð. Á næstu 15 árum mun B-deild LSR og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga að óbreyttu tæmast og þá stendur ríkissjóður frammi fyrir útgjöldum sem nema á fjórða tug milljarða árlega vegna lífeyrisskuldbindinga í þessum sjóðum.

Í kjarasamningum í maí 2011 var samið um að hefja vinnu við jöfnun lífeyrisréttinda á vinnumarkaði á næstu árum með auknum framlögum til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði en jafnframt skyldi fyrir árslok 2012 komin niðurstaða í viðræður um nýtt, samræmt, sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði. Samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamningana skyldu viðræður um samræmt lífeyriskerfi halda áfram í starfshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og var honum gert að skila niðurstöðum fyrir 1. september 2011. Fyrir hönd ASÍ sitja í hópnum Gylfi Arnbjörnsson og Þorbjörn Guðmundsson.

Starfið í vinnuhópnum hefur tafist m.a. vegna kröfu fulltrúa opinberra starfsmanna um að ekki verði hróflað við réttindum opinberra starfsmanna í bæði í A- og B-deild LSR. Samkomulag náðist um að ljúka vinnu við mótun framtíðarfyrirkomulags samræmdra lífeyrisréttinda fyrir alla landsmenn sem breið sátt gæti verið um. Einstaka sambönd gætu síðan gert fyrirvara um það með hvaða hætti slíkt samræmt kerfi verði tekið upp í kjarasamninga þeirra. Mikill seinagangur hefur verið af hálfu fjármálaráðuneytisins við textagerð og hefur það tafið þessa vinnu umtalsvert en vonir standa til að þessu verði lokið í september í ár.

Áhersla ASÍ er að hér verði byggt upp af ábyrgð eitt sameiginlegt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem er sjálfbært og réttlátt og tryggir sátt um framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála.

Samningsaðilar voru í kjarasamningunum í maí 2011 sammála um að liður í samræmingu lífeyriskerfisins væri hækkun iðgjalda til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% til samræmis við sjóði opinberra starfsmanna en þetta skyldi gert á árunum 2014–2020. Samkvæmt samningnum kæmi framkvæmd á hækkun iðgjalda til umræðu við endurskoðun kjarasamninga í ársbyrjun 2013 en gert var ráð fyrir að fyrir árslok 2012 lægi fyrir niðurstaða um nýtt samræmt lífeyriskerfi enda ljóst að atvinnurekendur setja þá fyrirvara við hækkun iðgjalda til almennu sjóðanna að búið verði að leysa vanda bæði A- og B-deildar LSR. Það lá því fyrir við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2013 að sú afstaða opinberra starfsmanna að tefja störf vinnuhóps um samræmt lífeyriskerfi kæmi í veg fyrir að samið yrði um útfærslu á hækkun iðgjalda. Í samkomulagi ASÍ og SA vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga frá 21. janúar 2013 segir:

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinberra lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu.

Vinnuhópur, sem gera átti tillögu um aðkomu ríkisins að jöfnun lífeyrisréttinda, var skipaður í kjölfar kjarasamninga í maí 2011 og eiga í honum sæti fulltrúar ASÍ, SA og fjármálaráðherra. Fyrir hönd ASÍ situr Gylfi Arnbjörnsson í hópnum. ASÍ hefur lagt áherslu á að hópurinn vinni að því að finna leiðir til að jafna þegar áunnin réttindi sjóðfélaga í almennum og opinberum lífeyrisjóðum og horft verði bæði til A- og B- deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því sambandi. Aðeins einn fundur var haldinn í þessum hópi þar sem fulltrúar fjármálaráðherra lögðu fram útreikninga Talnakönnunar á mismun réttinda að teknu tilliti til óhóflegra tekjutenginga almannatrygginga og þrepa-skipts tekjuskattskerfis þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að efnislegur munur á réttindum opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnu-markaði sé óverulegur eða ríflega 5%. Fulltrúi ASÍ mótmælti þessum útreikningum en samtök opinberra starfsmanna létu Talnakönnun einnig reikna þetta út fyrir sig og notuðu sem efni í auglýsingaherferð um óréttmæti fullyrðinga ASÍ. Það er hins vegar athyglisvert að sé þessi nálgun Talnakönnunar rétt, sem opinberir starfsmenn eru greinilega sammála, telst það varla mikil réttinda-skerðing að lækka réttindakerfi LSR og sveitarfélagasjóðanna niður að þeim réttindum sem eru í almennu sjóðunum. Við það myndu skuldbindingar ríkisins og sveitarfélaganna lækka um hundruð milljarða króna og stórbæta lánshæfismat ríkisins!

Endurskoðun almannatrygginga

Alþýðusambandið hefur á liðnum árum átt aðkomu að heildarendurskoðun á almannatryggingarkerfinu. Sú vinna hefur staðið yfir með hléum frá árinu 2007, nú síðast í starfshópi sem velferðarráðherra skipaði vorið 2011 með fulltrúum allra þingflokka, Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands, Proskahjálpar, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, þ.e. frá ASÍ, BSRB, BHM og SA. Gylfi Arnbjörnsson og Guðmundur Gunnarsson hafa setið í hópnum fyrir hönd ASÍ.

Útgangspunktur endurskoðunar almannatryggingakerfisins er að kerfið grundvallist líkt og nú á tveggja stöða kerfi þar sem einstaklingar á vinnu-markaði greiða og safna upp réttindum í lífeyrissjóði en almannatryggingar veiti til viðbótar lágmarkstryggingarvernd. Markmið endurskoðunarinnar er að gera almannatryggingakerfið einfaldara og réttlátara og koma í veg fyrir víxlverkanir. Starfshópnum var gert að skila tillögum um einfaldari og skýrari löggjöf byggða á því að almannatryggingar veiti áfram lágmarkstryggingarvernd vegna elli og örorku. Þá verði nánari ákvæði um elli- og örorkulífeyri almannatrygginga, svo og sérstakar greiðslur til að mæta þörfum eða útgjöldum í ákveðnum tilvikum eða til varnar fátækt. Jafnframt verði ákvæði um stuðning ríkisins við barnafjölskyldur. Við endurskoðunina verði markmið

og tilgangur tryggingakerfisins skýrður nánar, kveðið á um réttindi og skyldur hinna tryggðu, málsmeðferð, stjórnýsly og kæruleiðir. Einnig verði uppbygging laganna gerð skýrari, löggjöfin einfölduð og framsetningu breytt frá því sem nú er. Þá verði sett sérlög um slysatryggingar sem nú eru hluti af almanna-tryggingalöggjöfinni. Starfshópurinn skilaði fyrsta áfanga tillagna sinna um breytingar á bótakerfi almanna-trygginga vegna ellilífeyris í júní 2012. Nokkuð dróst að framvarp byggt á tillögum starfshópsins kæmi fram á Alþingi en velferðarráðherra lagði í byrjun mars 2013 loks fram nýtt frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almanna-trygginga og félagslegan stuðning (636. mál á 141. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu var lagt til að sameina í ein lög rétt til bóta og aðstoðar vegna elli, skertrar starfsgetu, andláts eða framfærslu barna með það að markmiði að gera lögin einfaldari og skýrari en núgildandi löggjöf. Þetta eykur mjög gagnsæi og gefur betri yfirsýn yfir réttindi einstakra hópa sem er vel. Í frumvarpinu voru lagðar til gagngerar breytingar á bótakerfi ellilífeyrisþega þar sem fjórir bótaflokkar verði sameinaðir í einn með einu skerðingarhlutfalli gagnvart öllum tekjum. Breytingin er viðamikil og einfaldar bótakerfi ellilífeyrisþega til muna en gert er ráð fyrir að hún verði innleidd í áföngum næstu fjögur árin.

Í þeim frumvarpsdrögum, sem starfshópurinn skilaði, var gert ráð fyrir að starfshópur um endurskoðun almanna-trygginga vinni áfram að tillögum að breytingum á þeim köflum laganna sem eftir standa og fjalla um bótakerfi vegna örorku, starfsgetumat, bætur til foreldra langveikra og fatlaðra barna, barna-tryggingar og bifreiðamál hreyfihamlaðra. Þá verði lokið við heildar- endurskoðun laganna svo fljótt sem tillögur starfshópsins í ofangreindum þáttum liggja fyrir. ASÍ lagði í umræðu um frumvarpið ríka áherslu á að þetta gengi eftir. Frumvarp velferðarráðherra hlaut ekki þinglega meðferð á vörþingi en þeir þingflokkar, sem aðkomu áttu að starfshópnum, gáfu allir í kosningar- baráttunni fyrirheit um að sú þverpólítíska vinna, sem unnin hefði verði, yrði virt og áfram unnið að breytingum á kerfinu í samræmi við þær tillögur sem fyrir lágu.

Raunin varð þó önnur og eitt af fyrstu verkum nýs félagsmálaráðherra á sumarþingi 2013 var kynning á nýju frumvarpi um breytingar á núgildandi löggjöf um almanna-tryggingar sem byggði á því að hækka frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega úr 480.000 kr. á ári í 1.315.200 kr. á ári við útreikning á tekjutryggingu og að lífeyrissjóðstekjur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum hefðu ekki áhrif á greiðslur elli- og örorkulífeyris (grunnlífeyris). Gengur sú breyting þvert á þær tillögur sem fyrir lágu frá starfshópnum. Alþýðusambandið sendi frá sér yfirlýsingu þar sem því var fagnað að ný ríkis- stjórn skuli beina auknu fé í þennan mikilvæga málaflokk en lýsti jafnframt verulegum vonbrigðum yfir því að ráðherrann skuli ganga alfarið gegn þeirri

breiðu samstöðu sem fyrir lá í vor um heildarendurskoðun á almannatryggingarkerfinu og unnið hefur verið að um margra ára skeið. Breytingin gagnast fyrst og fremst tekjuhærri lífeyrisþegum en þeir sem alfarið reiða sig á tekjur almannatrygginga eða hafa lífeyrissjóðstekjur undir 227.000 kr. á mánuði og/ eða lágar atvinnutekjur hafa engan ávinning af breytingunni. Breytingin mun aðeins gagnast um 7.000 af þeim ríflega 46.000 elli- og örorkulífeyrisþegum sem fá greiðslur frá TR eða um 15% hópsins og gengur sömuleiðis alfarið gegn þeim hugmyndum sem ríkjandi hafa verið um nauðsyn þess að einfalda og skýra almannatryggingakerfið. Mun það gera enn erfiðara en nú er að vinda ofan af margflæktu almannatryggingakerfi.

Alþýðusambandið krafðist þess að núverandi ríkisstjórn stæði vörð um þá miklu vinnu, sem lögð hefur verið í endurskoðun almannatryggingakerfisins á liðnum árum, og virti og framfylgdi tillögum hins fjölskipaða starfshóps um endurskoðun almannatrygginga sem víðtæk sátt var um. Nýta bæri aukid fé til málaflokksins í þá breytingu sem myndi til lengri tíma leiða til mun betra samspils lífeyrissjóðs- og atvinnutekna en þær tillögur, sem ríkisstjórnin leggur nú fram, og myndi bæta kjör allflestra lífeyrisþega til muna. Núverandi stjórnarflokkar áttu ásamt öðrum þingflokkum fulltrúa í þessari vinnu og skrifuðu nýverið undir tillögur sem þeir ganga nú alfarið gegn. Aðrir aðilar vinnumarkaðarins, sem sæti áttu í starfshópnum, voru samhljóma í gagnrýni sinni. Frumvarp félagsmálaráðherra varð að lögum á sumarþingi og hafa frekari breytingar verið boðaðar á komandi vetri. Ljóst er að sú áralanga vinna við endurskoðun almannatrygginga, sem sátt hafði náðst um, er í uppnámi og alger óvissa ríkir um áframhald á vinnu starfshópsins.

Kynjakvóti í stjórnnum lífeyrissjóða

Alþingi samþykkti í september 2011 breytingar á lífeyrissjóðalögum, nr. 129/1997, þess efnis að frá og með 1. september 2013 verður skylt að tryggja að fulltrúar beggja kynja eigi sæti í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Í sjóðum með þriggja manna stjórn skal hvort kyn eiga a.m.k. einn fulltrúa og í fjölmennari stjórnnum skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutfall varamanna. Ákvæðið er sambærilegt og ákvæði um kynjakvóta í stjórnnum hlutafélaga sem leitt var í lög á árinu 2010 og tekur einnig gildi í september 2013. Í 10 tl. 29. gr. laga nr. 129/1997 segir:

Stjórn lífeyrissjóðs skal vera skipuð þremur einstaklingum hið fæsta. Hvort kyn skal eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í lífeyrissjóði skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í lífeyrissjóðum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.

Lagabreytingin var gerð án alls samráðs við hagsmunaaðila og gafst enginn kostur á að gefa umsagnir um tillöguna. Að því er virðist hefur ákvæðinu verið bætt inn í lögina án nokkurrar umræðu á Alþingi og ekkert mið tekið af sérstöðu lífeyrissjóðanna. T.a.m voru sjónarmið um kjarasamningsbundinn rétt launafólks til að velja sér fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna í stjórnnum lífeyrissjóða og um ólíka samsetningu sjóðfélagahópa ekki rædd.

Talsverðar breytingar urðu á stjórnnum lífeyrissjóða á ársfundum vorið 2013 og hefur hlutur kvenna í stjórnnum lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnu- markaði aukist úr 28% í 46% frá því í upphafi árs. Af fulltrúum launamanna eru nú 43% konur samanborið við 15% í upphafi árs, 12 konur eru nú aðalmenn launamanna í stjórnnum almennu lífeyrissjóðanna á móti 16 körlum. Í tveimur sjóðum af níu er enn engin kona fulltrúi launamanna í stjórn en í upphafi árs var sú staða uppi í sex almennum sjóðum.

Fjöldi stjórnarmanna lífeyrissjóða á almennum vinnu- markaði eftirkyni

Mars 2013

September 2013

	Alls	Konur	Karlar
Alls	54	15	40
Launamenn	27	4	23
Atvinnurek.	27	11	16

	Alls	Konur	Karlar
Alls	56	26	30
Launamenn	28	12	16
Atvinnurek.	28	14	14

Hlutfallsleg skipting stjórnarmanna lífeyrissjóða á almennum vinnu- markaði eftir kyni

Mars 2013

September 2013

	Alls	Konur	Karlar
Alls	100%	28%	74%
Launamenn	100%	15%	85%
Atvinnurek.	100%	41%	59%

	Alls	Konur	Karlar
Alls	100%	46%	54%
Launamenn	100%	43%	57%
Atvinnurek.	100%	50%	50%

Samkvæmt hinu nýja ákvæði skal hlutur hvors kyns í stjórn lífeyrissjóðs með fleiri en þrjú stjórnarmenn ekki vera minni en 40%. Þetta þýðir að í 4 og 8 manna stjórnnum þurfa kynjahlutföll að vera jöfn. Í þessum stjórnnum geta launamenn og atvinnurekendur hvorir um sig valið jafn marga af hvoru kyni til að uppfylla ákvæðið.

Málin vandast hins vegar í 6 manna stjórnnum sem eru algengar í lífeyris- sjóðunum. Á almennum vinnu- markaði eru 6 manna stjórnir í Stöfum, Stapa, Festu og Lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Í þessum stjórnnum þurfa kynjahlutföll sömuleiðis að vera jöfn til að uppfylla ákvæði laganna en hér þurfa launamenn og atvinnurekendur að koma sér saman um skiptinguna á hverjum tíma, þ.e. hvorir kjósa 2 karla og 1 konu og öfugt, eða gera þarf breytingu á fjölda stjórnarmanna. Á ársfundi Sameinaða lífeyrissjóðsins var samþykkt að fjölga

stjórnarmönnum úr 6 í 8 og ný stjórn var kjörin á aukaaðalfundi þegar samþykktá breytingin hafði tekið gildi í lok ágúst 2013. Í hinni nýju stjórn eru kynjahlutföll jöfn bæði af hálfu launamanna og atvinnurekenda.

Í flestum lífeyrissjóðum eiga margir mismunandi hópar launafólks aðild og gerir núverandi stjórnkerfi sjóðanna ráð fyrir því að þessir hópar hafi tilsvareandi aðkomu að stjórn sjóðsins. Sem dæmi má nefna að í Gildi lífeyrissjóði eiga launamenn úr 8 stéttarfélagum aðild og er kynjasamsetning félagsmanna þessara félaga mjög ólík. Í Eflingu – stéttarfélagi eru kynjahlutföll t.a.m. nokkuð jöfn en í Sjómannasambandinu, sem einnig á aðild að Gildi, eru 99% félagsmanna karlar. Ákvæði um kynjakvóta í stjórnnum lífeyrissjóða gerir því aðildarfélagum, þar sem kynjahlutföll eru mjög ójöfn, erfitt um vik að skipa fulltrúa úr sínum röðum til að gæta hagsmuna sinna í stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs.

Í stefnumótunarvinnu ASÍ í lífeyrismálum á árunum 2010–2012 kom fram skýr vilji til þess að auka hlut kvenna í stjórnnum lífeyrissjóðanna og í stefnunni segir að *kynjahlutfall í stjórnnum lífeyrissjóða skuli endurspeglá kynjasamsetningu sjóðfélagahópsins*.

Hæfismat FME á stjórnarmönnum lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið hefur undanfarin tvö ár metið hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða með hliðsjón af lagabreytingu frá árinu 2008 sem kveður á um að stjórnarmenn lífeyrissjóða skuli búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Mat eftirlitsins byggir á ítarlegu viðtali ráðgjafarnefndar FME við stjórnarmenn. Afstaða ASÍ til málsins hefur alla tíð verið sú að í ljósi ríkra almannahagsmuna sé nauðsynlegt og sjálfsagt að gera ríkar kröfur til hæfis stjórnarmanna lífeyrissjóða. Það megi hins vegar ekki leiða til þess að almennu launafólki sé gert ókleift að gæta eigin hagsmuna. FME hefur hvorki sjálft né í samráði við hagsmunaaðila séð ástæðu til þess að gefa út skilgreiningu á því hvað sé nægileg þekking og starfsreynsla og hverjar hinar efnislegu kröfur til stjórnarmanna séu. Þá er ótækt að opinber eftirlitsaðili hafi það hlutverk að meta hæfi stjórnarmanna út frá staðfestu og viðhorfi, líkt og FME gerir, það er hlutverk hins félagslega baklands sem kýs stjórnir sjóðanna. ASÍ hefur haft frumkvæði að því að kalla til samstarfs fulltrúa hagsmunaaðila til að fara yfir málið og er samstaða um að núverandi fyrirkomulag FME við mat á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða sé mjög ógagnsætt, tímafrekt, kostnaðarsamt og valdi mikilli óvissu. Vinna við mótun sameiginlegra tillagna að breyttu fyrirkomulagi stendur yfir.

Alþýðusambandið hefur á liðnu ári haldið áfram að skipuleggja undirbúningsnámskeið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við BSRB, Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyrissjóða fyrir stjórnarmenn vegna

hæfismats FME. Námskeiðunum hefur verið vel tekið og hafa um 140 fulltrúar frá fjölmörgum lífeyrissjóðum tekið þátt í þeim.

Málaferli gegn ríkinu vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina

Haustið 2011 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga þar sem lagðar voru til verulegar álögur á lífeyrissjóðina til að standa straum m.a. af greiðslu sérstakra vaxtabóta. Miðstjórn ASÍ mótmælti þessu harðlega og gerð var sú breyting að fallið var frá svokölluðum fjársýsluskatti en ákveðið var að leggja þess í stað á sérstakan „eignaskatt“ á sjóðina þrátt fyrir að þeir glími flestir við neikvæða tryggingafræðilega stöðu. Fyrir sjóði launafólks á almennum vinnumarkaði þýðir skattlagningin að þeir þurfa að skerða réttindi sjóðfélaga sinna enn frekar á meðan réttindi í sjóðum opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhöggud sem fyrir. Páverandi forsætis- og fjármálaráðherrar sendu þá forseta ASÍ og framkvæmdastjóra SA bréf þess efnis að ríkisstjórnin myndi sjá til þess með beinum framlögum að ekki kæmi til fyrrgreindra skerðinga á réttindum. Ekkert hefur hins vegar verið gert til þess að koma í veg fyrir neikvæð áhrif umrædds skatts. Við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012 lögðu oddvitar ríkisstjórnarinnar fram minnisblað um að til stæði að afnema löginn með sérstöku samkomulagi um aðkomu lífeyrissjóðanna að áætlun Seðlabanka Íslands um útbod á aflandskrónum. Sú tillaga hafði mikil áhrif á að ekki kom til uppsagnar kjarasamninga í janúar 2012. Í febrúar 2013 var loks undirritað samkomulag milli lífeyrissjóðanna og páverandi fjármálaráðherra um þátttöku lífeyrissjóðanna í útbodum Seðlabankans. Skýrt var kveðið á um það í þessum samningum að ef sjóðirnir tækju þátt í útbodum fyrir a.m.k. 200 milljónir evra yrðu umrædd lög afnumin og skatturinn, sem greiddur hefur verið vegna ársins 2011, endurgreiddur. Þetta samkomulag hafa stjórnvöld hins vegar virt að vettugi. Í ályktun miðstjórnar ASÍ um skattlagninguna frá 14. nóvember 2012 segir:

Álagning sérstaks skatts á lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði brýtur gróflega gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og því er óhjákvæmilegt annað en að miðstjórn ASÍ láti reyna á lögmati hennar fyrir dómstólum. Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ lífeyrissjóðina til að skoða lögfræðilega hvort forsendur eru fyrir því að fá dómstóla til að skera úr um ágreining varðandi samkomulag fjármálaráðherra við lífeyrissjóðina frá því í febrúar um þátttöku þeirra í sérstöku gjaldeyrisútbodum Seðlabanka Íslands.

Miðstjórnin mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að ganga enn og aftur gegn fyrirheitum um að lög um þennan sérstaka skatt á lífeyrisréttindi launafólks verði afnumin og að sá skattur, sem þegar hefur verið greiddur, verði borgaður til baka. Umrædd skattlagning lendir

einungis á lífeyrisréttindum fólks á almennum markaði þar sem ráðherrar, alþingismenn og þeir opinberu starfsmenn, sem aðild eiga að opinberu lífeyrissjóðunum, njóta ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu var þetta mikið deilumál milli Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar í lok síðasta árs sem leiddi m.a. til þess að oddvitar stjórnarflokkanna gáfu fyrirheit um að séð yrði til þess að álagning þessa skatts hefði ekki áhrif á réttindi félagsmanna ASÍ. Málið kom einnig upp við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012 en þá lagði ríkisstjórnin fram sérstakt minnisblað um að fyrrgreind lög yrðu afnumin og skatturinn endurgreiddur. Miðstjórn ASÍ telur með ólíkindum að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í þrjúgang gefið fyrirheit um afnám þessa skatts á elli- og örorkulífeyri skuli málið enn vera í átakarvegi.

Í kjölfar þessa gekkst ASÍ fyrir því að hefja málaferli fyrir hönd allra félagsmanna sinna á hendur íslenska ríkinu þar sem þess er krafist að skattur á almennu lífeyrissjóðina, sem ákveðinn var með lögum í árslok 2011, verði dæmdur ólögmaður og andstæður stjórnarskrá. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 16. apríl 2013.

Miðstjórn ASÍ leggur á það höfuðáherslu að ekki verði gripið til skattlagningar á lífeyrisréttindi launafólks þar sem ljóst sé að slík skattlagning muni, þegar upp er staðið, einungis lenda á þeim hluta vinnumarkaðarins sem ekki býr við bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga á sínum réttindum. Það er afstaða ASÍ að slíkt sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár Íslands. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi marglýst því yfir að þessi óréttláta skattlagning verði dregin til baka hefur ekki orðið af efndum. Niðurstaða miðstjórnar ASÍ var því að leita til dómstóla til að fá þennan skatt dæmdan sem brot á stjórnarskrá gagnvart félagsmönnum ASÍ. Í málinu er byggt á því að álagning skattsins fari gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár Íslands, 72. gr. hennar um vernd eignaréttar og skattalögum en ASÍ telur að þessi brot hafi ríkisstjórnin, fjármálaráðherra og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi framið vitandi um þá ólögmatu mismunun sem í skattlagningunni felst.

Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið

Lífeyrisnefnd ASÍ í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu skipulagði vorið 2013 nýtt yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið. Námskeiðið er liður í eftirfylgni með nýrri stefnu ASÍ í lífeyrismálum þar sem áhersla er lögð á fræðslu um lífeyriskerfið, m.a. fyrir fulltrúaráð og aðra talsmenn hreyfingarinnar. Námskeiðið var tveggja daga yfirlitsnámskeið um íslenska lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða. Farið var yfir helstu þætti er snerta hlutverk og starfsumhverfi þeirra, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir auk þess sem rætt var um hlut-

verk stjórnarmanna og hæfi þeirra. Námskeiðið er góður inngangur fyrir þá sem vilja kynna sér málaflokkinn og gagnast vel þeim sem áhuga hafa á stjórnarstörfum í lífeyrissjóðunum, tilvonandi stjórnarmönnum, starfsmönnum lífeyrissjóða, fulltrúaráðum lífeyrissjóða, starfs- og stjórnarmönnum stéttarfélaganna, fulltrúum í lífeyrisnefndum félaga og öðrum þeim sem hafa áhuga á málefnum. Námskeiðið var vel sótt og til stendur að bjóða fleiri námskeið á komandi vetri.

Samráðsfundir lífeyrisnefndar ASÍ

Lífeyrisnefnd ASÍ hefur reglulega boðað fulltrúa aðildarfélaganna ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða til samráðsfunda. Var slíkur fundur haldinn í mars 2013 og var hann vel sóttur. Ásamt almennum umræðum um málefni lífeyrissjóðanna var kynnt ný stefna ASÍ í lífeyrismálum. Umræður voru um hæfismat FME og nýtt ákvæði um kynjakvóta í stjórnnum lífeyrissjóða auk þess sem farið var yfir stöðuna varðandi kynjaskiptingu stjórnarmanna. Þá var rætt um vinnu nefndar um endurskoðun almannatrygginga og hvernig samspil almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna yrði skv. tillögum að nýju lagafrumvarpi. Gjaldeyrishöftin og sá vandi, sem þau skapa sjóðunum, voru talsvert rædd. Forseti ASÍ hvatti stjórnarmenn til að sýna aðgát við fjárfestingar í bönkunum á meðan höftin væru við lýði og taldi það geta verið varasamt fyrir sjóðina. Á fundinum var samþykkt tillaga um að skipa tvo starfshópa, annars vegar hóp til að setja saman lista yfir aðila úr röðum launafólks sem geta verið fulltrúar sjóðanna í stjórnnum fyrirtækja; hins vegar hóp sem fjallar um viðmið um launakjör stjórnenda í fyrirtækjum sem sjóðirnir fjárfesta í.

Ráðstefna um kjaramál eldri borgara

Alþýðusambandið hélt ásamt Landssambandi eldri borgara (LEB) ráðstefnu um kjaramál eldri borgara þann 15. nóvember 2012. Á ráðstefnunni, sem Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB, setti, fjallaði Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, um hag eldri borgara á Íslandi og Árni Gunnarsson, formaður starfshóps um endurskoðun almannatryggingakerfisins, ræddi um nauðsynleg viðbrögð við hækkandi lífaldri. Þá hélt Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, erindið „Lífeyriskerfin verða að vinna saman að bættum kjörum aldraðra“ og Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, fjallaði um launakönnun BSRB og tekjutengingar í almannatryggingakerfinu. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastóri Landssamtaka lífeyrissjóða, ræddi um „Réttindi og eign í lífeyrissjóðum“ og loks hélt Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður kjaranefndar LEB, erindi sem nefndist „Baráttan um brauðið – enn er þörf“. Ráðstefnustjóri var Halldór Guðmundsson, félagsráðgjafi og lektor við HÍ.

Umhverfismál

Ályktun 40. þings ASÍ um græna hagkerfið og fjölgun starfa hefur verið grunnur að starfi umhverfisnefndarinnar sem hefur komið saman fjórum sinnum á starfsárinu.

Í byrjun árs fundaði nefndin á skrifstofu Gufuneskirkjugarða en forstöðumaður garðanna, Heimir Janusarson, sem einnig er fulltrúi í umhverfisnefnd, gerði grein fyrir umhverfis- og nýtingarstefnu garðanna. Markmiðið er að endurnýta sem mest af þeim úrgangi sem til fellur. Hann lagði áherslu á að þekking og fræðsla væri grunnur að breytingum og að fyrirtæki þurfa að sjá hagræn gildi í tengslum við grænar áherslur vinnustaðarins.

Eitt af þeim atriðum, sem nefndin leggur áherslu á og vinnur að, er að efla þekkingu um umhverfisvernd út frá þeirri forsendu að umhverfi er hin ytri náttúra umsköpuð af tæknilegu valdi mannsins.

Starfsmaður nefndarinnar tók saman upplýsingar um hvað ráðuneyti, félagasamtök og fræðsluáðilar á vinnumarkaði væru að gera, hefðu gert og ætluðu að gera í uppbyggingu umhverfisfræðslu og vitundarvakningar.

Í ljós kom að samkvæmt námskrám er markviss umhverfisfræðsla á fyrstu skólastigum en úr henni dregur þegar ofar kemur í skólakerfinu. Almenn er umhverfisfræðsla valkvæð. Einnig var haft samband við og skoðað á veraldarvefnum framboð fræðsluáðila vinnumarkaðarins í mála-flokknum. Því miður voru niðurstöður sláandi, það er að enginn markviss langtímafræðsluáætlun í umhverfisfræðslu er til staðar fyrir vinnumarkaðinn. Ótal skýrslur eru til þar sem áhersla er á þekkingu almennings og vinnumarkaðarins á umhverfismálum í sinni víðustu mynd, allir eru sammála um að fræðsla og upplýsingar til almennings eru grunnur að breytingum.

Félagsmálaskóla alþýðu – MFA býður upp á námskeið í samvinnu við umhverfisnefnd sem kallast Fyrstu grænu sporin – umhverfisfræðsla þar sem áhersla er á eftirfarandi þætti: Umhverfismál og heimilið, umhverfismál og vinnuna og umhverfismál og heiminn.

Annað af leiðarljósum í starfsáætlun umhverfisnefndarinnar er að efla vitund um græna hagkerfið með aukinni fræðslu og skilgreiningu á grænum störfum. Á fundi Norræna verkalýðssambandsins (NFS) á Grænlandi í apríl 2013 flutti starfsmaður nefndarinnar erindi sem kallaðist Strategi For Grøn Økonomi – nye og bæredygtige løsninger en erindið var byggt á þeim áherslum ASÍ um græna hagkerfið sem fram koma í ályktun 40. þings.

Formaður umhverfisnefndar sat í nefnd sem ákvað hvaða fyrirtæki fengi umhverfisviðurkenningu fyrirtækja á Degi umhverfisins 2013.

Umhverfisnefnd vinnur í samvinnu við atvinnuálanefnd og hefur einnig þverfaglegt samráð við aðrar fastanefndir ASÍ.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þetta gildir bæði um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysisstryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráðs, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ einnig virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 settu sem fyrr mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins birtist þessi erfiða staða með gleggstum hætti í auknum verkefnum og aðgerðum til að takast á við afleiðingar atvinnuleysisins og uppbyggingu á því sviði, auk þess sem sumar þeirra hafa þurft að þola mikinn niðurskurð.

Starf ASÍ að þessum málafllokki hefur mjög mótast af framangreindum aðstæðum. Þó er starfið að jafnréttismálum ánægjuleg undantekning frá því. Sama gildir um aðgerðir sem beinast að baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum helstu málaflökkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2012 til hausts 2013. Í einhverjum tilfellum var jafnframt um að ræða eftir-

fylgni með kjarasamningunum, sem gerðir voru í maí 2011, og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við þá.

Jafnréttismál

Jafn réttur kvenna og karla til starfa, áhrifa og sömu launa fyrir sömu eða jafnverðmæt störf er grundvallarmannréttindi og meðal helstu baráttumála verkalýðshreyfingarinnar. Sambandið hefur sett sér skýr jafnréttismarkmið meðal annars með sérstakri jafnréttisbókun sem er til endurskoðunar í tengslum við kjarasamninga á hverjum tíma.

ASÍ tekur virkan þátt í þeirri vinnu sem aðilar vinnumarkaðarins leggja áherslu á og tengist jöfnum rétti kynja, jöfnum möguleikum kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa.

Endurskoðun jafnréttisbókunar ASÍ

Þar sem jafnréttisbókun ASÍ og SA er mikilvægt verkfæri í jafnréttisverkfæriskassa jafnréttisfulltrúa ASÍ er nauðsynlegt að endurskoða jafnréttisbókunina fyrir kjarasamninga. Vinna við endurskoðun er í gangi og á tillaga að endurskoðaðri bókun að liggja fyrir á næstu vikum.

Kynjabókhald ASÍ

Árlega eru teknar saman tölur um kynjahlutfall í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarfélag sambandsins. Þetta hefur verið gert frá árinu 2006 og eru þessi gögn aðgengileg í sérstöku hefti og einnig á heimasíðu ASÍ. Kynjabókhaldið er einnig að finna í skýrslu forseta á hverju ári. Í efnisyfirliti kemur fram hvar kynjabókhald 2013 er að finna.

Markmið kynjabókhaldsins er meðal annars að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og að nýta hana við að samþætta kynja- og jafnréttis-sjónarmið í stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar.

Staðall um jafnlaunakerfi

Eins og fram kemur í fyrri skýrslum forseta hefur frá árinu 2008 verið unnið að því í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að þróa ferli til að vinna að vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti. Vottunarleiðin byggist á því að fá óháðan aðila til að staðfesta að ekki sé um kynbundinn launamun að ræða hjá fyrirtækjum. Að baki slíkrar vottunar er sú hugmyndafræði að fyrirtæki öðlist betri ímynd og orðspor á markaði og laði til sín hæfasta starfsfólkið í kjölfar gæðastimpils á launa- og starfsmannamál sín.

Í skýrslu forseta fyrir árið 2012 er rakin forsaga verkefnisins og framkvæmd en 19. júní 2012 var frumvarp staðalsins auglýst til umsagnar. Þá gátu allir sem áhuga höfðu sent inn skriflegar athugasemdir við staðalinn. Nokkrar

athugasemdir komu til umsagnar vinnuhópsins og tækninefndarinnar en ekki varð mikil breyting á upphaflegu útgáfunni. Endanlegur staðall var gefinn út í desember 2012.

Jafnlaunastaðallinn er svokallaður kröfustaðall og er þar af leiðandi vottunarhæfur. Markmið jafnlaunastaðalsins er að tryggja að fyrirtæki og stofnanir geti komið sér upp ferlum sem tryggja að málsmeðferð og ákvarðanatataka í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun. Fyrirtæki og stofnanir geta síðan leitað eftir vottun til þess bærra aðila um að þau uppfylli kröfur staðalsins. Valfrjálst er fyrir fyrirtæki og stofnanir að innleiða staðalinn en til að hljóta vottun samkvæmt honum er gert ráð fyrir að fylgt sé formlegu ferli.

Fjölmennasta aðildarfélag sambandsins, VR, tók frumkvæðið og hefur frá því í febrúar 2013 boðið fyrirtækjum að fylgja ákveðnu innleiðingarferli sem byggir á jafnlaunastaðlinum og fá svokallaða VR-vottun. VR hefur gert samstarfssamning við BSI (British Standards Institute) á Íslandi sem sér um vottunarúttekt þeirra fyrirtækja sem telja sig hafa innleitt staðalinn samkvæmt kröfum VR-vottunar.

Þar sem ekki hefur verið áður unnið að vottun eftir staðli um jafnlaunakerfi er mikilvægt að skilgreina hvaða faglegu kröfur vottunaraðilar þurfa að uppfylla til að framkvæma vottun á grundvelli jafnlaunastaðalsins. Sérstakur samráðshópur stjórnvalda og faggildingsviðs Einkaleyfisstofu um jafnlaunavottun hefur síðan vorið 2013 starfað í umboði framkvæmdanefndar um launajafnrétti. Vinna hópsins hefur það að markmiði að skilgreina hvaða faglegu kröfur vottunaraðilar þurfa að uppfylla til að geta framkvæmt vottun á grundvelli jafnlaunastaðalsins.

VR-vottunin fór af stað áður en búið var að skilgreina hvaða faglegu kröfur vottunaraðilar þurfa að uppfylla til að framkvæma vottun á grundvelli jafnlaunastaðalsins. Mikilvægt er að almenn sátt verði um framkvæmd úttektar og vottunar á jafnlaunastaðlinum og að vottunaraðilar öðlist faggildingu á grundvelli þeirra krafna sem gerðar verða til þeirra.

Það er metnaðarfullt verkefni að ráðast í gerð staðals um launajafnrétti. Ekki er kunnugt um að slíkur staðall hafi verið gerður annars staðar sem endurspeglast í áhuga og viðtökum þeirra sem á hlustuðu þegar jafnréttisfulltrúi ASÍ kynnti jafnlaunastaðalinn á fundi kvennanefndar Evrópusambands verkalyðsfélaga – ETUC í Brussel í apríl 2013.

Aðgerðahópur um launajafnrétti

Þann 24. október 2012 var undirrituð viljayfirlýsing stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um samstarf til að eyða kynbundnum launamun. Í framhaldi af þessu skipaði þáverandi velferðarráðherra sérstakan aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynjanna. Aðgerðahópurinn var

skipaður í desember 2012 til tveggja ára með möguleika á framlengingu. Í maí 2013 var ráðinn sérfræðingur til ráðuneytisins til að starfa með aðgerðahópnum. Verkefni aðgerðahópsins er samkvæmt aðgerðaáætlun meðal annars að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, annast gerð áætlunar um kynningu jafnlaunastaðals, um upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og fyrirtækja.

Aðgerðahópurinn hefur frá því í janúar unnið að útfærslu einstakra verkefna en í fyrstu hefur verið lögð áhersla á vinnu um samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun og gerð tillagna um aðferðafræði um nýja og víðtæka launarannsókn sem nái til bæði almenns og opinbers vinnumarkaðar. Vinnu við starfaflokkun hjá ríkinu er ekki lokið en fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur í samstarfi við Fjársýslu ríkisins og Hagstofu Íslands á árinu 2012 unnið að ÍSTARF- og atvinnugreinaflokkun hjá stofnunum ríkisins. ÍSTARF-flokkunin er nauðsynleg forsenda þess að hægt verði að ráðast í stóra samræmda launarannsókn fyrir bæði almennan og opinberan vinnumarkað enda er samkvæmt aðgerðaáætlun um launajafnrétti stefnt að því að ríkisstarfsmenn verði framvegis með í launarannsókn Hagstofunnar. Starfa- og atvinnugreinaflokkun er einnig nauðsynleg til þess að hægt sé að bera saman störf og laun á milli landa.

8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Að venju stóð Alþýðusambandið – ásamt öðrum samtökum launafólks og stofnunar sem láta sig jafnrétti kvenna og karla varða – að baráttufundi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Að fundinum stóðu ásamt ASÍ BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Yfirskrift fundarins var *Kynhlutverk og kynskiptur vinnumarkaður – ný kynslóð, nýjar hugmyndir?*

Áhersla var á unga fólknið og báru erindin þess merki en Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, flutti erindið „Er þetta veröld sem við viljum? – Um ungt fólk og jafnréttisviðhorf“. Guðbjörg Vilhjámsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, fjallaði um „Starfsval í valdakerfi“ og að lokum lagði Hanna Björg Vilhjámsdóttir, kennari í Borgarholtsskóla, út frá spurningunni „Hefur klámvæðing áhrif á kynskiptan vinnumarkað?“

Fundurinn var vel sóttur og gerður var góður rómur að erindunum.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Alþýðusambandið á fulltrúa í nefndum og ráðum sem fjalla um jafnrétti á vinnumarkaði. Jafnréttisráð fundar a.m.k. á mánaðarfresti en fulltrúar ASÍ taka einnig virkan þátt í Jafnréttisþingi. Í skýrslu forseta frá 2012 er sagt frá vinnu-

hópi sem fjallaði sérstaklega um samþættingu einkalífs og vinnu. Hópurinn lauk störfum í apríl sl. og skilaði af sér skýrslu. Einnig hélt hópurinn tvær ráðstefnur og heimasíðan www.hiðgullnajoknabarn.is var sett í loftið. Á heimasíðunni er að finna áhugavert efni og góð ráð til að efla samspil einkalífs og vinnu jafnt fyrir launafólk sem og atvinnurekendur.

Nordisk forum 2014

Samnorræn kvennaráðstefna, Nordisk forum, verður haldin 12.–15. júní 2014 í Malmö, Svíþjóð. Þetta er í þriðja skiptið sem boðað er til Nordisk Forum en hún var haldin í Ósló, Noregi, 1988 og Turku, Finnlandi, 1994. Í Turku voru íslenskir þátttakendur um 1400 og þar á meðal fjölmennur hópur kvenna úr röðum aðildarfélaganna ASÍ sem sannarlega lét að sér kveða á kvennaráðstefnunni.

Nordisk Forum 2014 er að því leyti öðruvísi en fyrri ráðstefnur að frumkvæðið er í höndum kvannahreyfingarinnar á Norðurlöndum en áður var Nordisk Forum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Fram til þessa hefur undirbúningur farið hægt af stað hér á landi en fulltrúi ASÍ hefur verið með í undirbúningi frá upphafi árs. Búið er að ráða verkefnastýru sem er til húsa hjá Kvenréttindafélagi Íslands og má búast við að meiri kraftur færist í undirbúning á næstu mánuðum.

Fræðsla og upplýsingar

Fræðsla og upplýsingar um jafnrétti kynjanna fyrir kjörna fulltrúa hreyfingarinnar og almenna félagsmenn er mikilvæg. MFA sér um fræðslu fyrir trúnaðarmenn og einnig er farið í framhaldsskóla með kynningu á réttindum og skyldum á vinnuarkaði þar sem jafnréttissjónarmið eru fléttuð inn í fræðsluna.

Fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingar- og foreldraorlofslögin og framkvæmd þeirra er viðvarandi viðfangs efni á skrifstofu ASÍ. Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirsurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Vandamálin, sem upp koma um þessar mundir, tengjast mjög breyttu atvinnuástandi og samdrætti og áhrifum þessara þátta á töku og réttindi fólks til fæðingarorlofs. Þá hafa ýmsar túlkarnir Fæðingarorlofssjóðs á lögunum verið umdeildar og valdið ágreiningi.

Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt þær breytingar, sem gerðar hafa verið á fæðingar- og foreldraorlofslögunum síðustu ár, sem fela í sér að þak á upphæð fæðingarorlofsgreiðslna hefur ítrekað verið lækkað og hlutfall greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skert svo dæmi séu nefnd. Hefur ASÍ bent á að miklar skerðingar á greiðslum í fæðingarorlofi hafi skapað verulega hættu á að bakslag verði hvað varðar þá mikilvægu réttarbot sem lögin fólu í sér í

upphafi. Þannig liggur fyrir að þátttaka fedra í töku fæðingarorlofs hefur minnkað að undanfögnu og skerðingarnar hafa skapað ýmiss konar vanda fyrir foreldra nýfæddra barna.

Í lok árs 2012 var lögum um fæðingar- og foreldraorlof breytt og var þá í ýmsu komið til móts við gagnrýni ASÍ og tillögur til úrbóta. Með breytingunum voru tekin fyrstu skrefin til að færa réttindi í fæðingarorlofi aftur í fyrra horf og síðan að bæta þann rétt enn frekar.

Eins og löginn er nú kveða þau á um samtals níu mánaða tekjutengt orlof foreldra á vinnumarkaði. Foreldrar í fæðingarorlofi halda 80% af heildartekjum, sem þeir höfðu að meðaltali á mánuði á tólf mánaða tímabili sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns eða þann mánuð er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Greiðslur úr Fæðingaorlofsjóði til foreldris nema þó aldrei hærrí fjárhæð en 350.000 kr. á mánuði. Þá eru foreldrum tryggðar ákveðnar lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks um allt að sjö mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarlega fötlun sem krefst nánari umönnunar foreldris. Einhleypar mæður, sem hafa gengist undir tækniþjónvun, eða einhleypir foreldrar, sem hafa einir ættleitt börn eða tekið börn í varanlegt fóstur, geta eftirleidis nýtt fullt fæðingarorlof, þ.e. sama mánaðafjölda og foreldrar hafa samtals. Í lögnum er kveðið á um þriggja mánaða sjálfstæðan rétt móður til fæðingarorlofs, þriggja mánaða sjálfstæðan rétt föður og sameiginlegan eða skiptanlegan rétt sem er þrír mánuðir. Sjálfstæði rétturinn er ekki framseljanlegur nema í undantekningartilvikum.

Fæðingarorlofið lengist í áföngum á næstu árum:

2014: Réttur foreldra til fæðingarorlofs verður tíu mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014. Sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs skal vera þrír og hálfur mánuður og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs vera þrír mánuðir.

2015: Réttur foreldra til fæðingarorlofs verður ellefu mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2015. Sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs skal vera fjórir mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs vera þrír mánuðir.

2016: Réttur foreldra til fæðingarorlofs verður tólf mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá 1. janúar 2016. Sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs skal vera fimm mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs vera tveir mánuðir.

Löginn tryggja einnig sjálfstæðan rétt foreldris til 4 mánaða foreldraorlofs til að annast barn. Þessi réttur er ekki framseljanlegur og nær til sömu tilvika og rétturinn til fæðingarorlofs. Rétturinn til foreldraorlofs skapast eftir sex mánaða samfelld starf hjá atvinnurekanda. Hann fellur niður þegar barn hefur

náð 8 ára aldri. Þó geta foreldrar átt rétt til töku foreldraorlofs allt að 18 ára aldri barns hafi rétturinn ekki verið fullnýttur og það greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm. Rétti til foreldraorlofs fylgir ekki réttur til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði.

Mótun vinnumarkaðsstefnu

Í maí 2012 skipaði forsætisráðherra samráðshóp um mótun vinnumarkaðsstefnu með aðild fulltrúa stjórnvalda, stjórn málaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins. Fram kom að verkefni hópsins væri að móta tillögu að heildstæðri vinnumarkaðsstefnu fyrir Ísland fram til 2020 sem taki mið af stefnu ríkisstjórnarinnar Ísland 2020. Stefnan skyldi vera tvískipt, annars vegar stefnuskjalið sjálft með almennt umfjöllun um viðfangsefnið og rannsóknir því tengdu og hins vegar um tímasett, hlutlæg markmið og grein gerð fyrir mælikvörðum.

Ákveðið var að skipta vinnunni á nokkra undirhópa sem mundu fjalla um:

- Hækkað menntunarsstig á vinnumarkaði samkvæmt 2020-markmiðum ríkisstjórnarinnar.
- Bætta stöðu ungs fólks á vinnumarkaði.
- Virkan stuðning við erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði.
- Útrýmingu á kynbundnum launamun og skertum aðgangi kvenna að stjórnunarstörfum á vinnumarkaði.
- Stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Vinna undirhópanna hófst vorið 2012 og gekk hún mishratt fyrir sig en var almennt vel á veg komin þegar kom fram á veturinn 2012–2013. Á fyrri hluta árs 2013 hægði hins vegar á þessari vinnu og hún hefur stöðvast alveg eftir ríkisstjórnarskiptin. Ekkert liggur fyrir um áhuga eða ráðagerðir nýs félags- og húsnæðismálaráðherra í þessum efnum en ljóst er að af hálfu Alþýðusambandsins er mikill vilji til að málið verði klárað enda ljóst að í því geta falist miklir hagsmunir fyrir launafólk.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins atvinnusjúkdómum og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meira mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á

vinnustöðunum með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er aðkoma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarf hennar við Vinnueftirlitið á fjölmörgum sviðum, t.d. varðandi vinnuverndarstarfið almennt, fræðslu til trúnaðarmanna og launafólks og samstarf um vinnuverndarmál í Evrópusambandinu. Vinnueftirlitið starfar eftir stefnu sem stjórn þessi setti stofnuninni fyrir tímabilið 2009–2013. Þar var í fyrsta sinn sett fram af hálfu stofnunarinnar mælanleg markmið fyrir vinnuverndarstarfið í landinu.

Eitt helsta verkefni stjórnar Vinnueftirlitsins og starfsmanna núna er að setja saman nýja stefnu fyrir stofnunina sem ætlað er að vera leiðarljós í starfsemi hennar fram til 2020. Þar mun m.a. verða tekið á verkefnum sem nú er efst á baugi í Evrópu í vinnuvernd, stöðkerfisvandamálum og veikindum af sálrænum toga sem rekja má til vinnu og/eða vinnuumhverfis viðkomandi.

Nýlega hefur ný reglugerð um öryggi á byggingarvinnustöðum verið samþykkt. Talsverð vinna var lögð í að endurskoða fyrri reglur sem voru orðnar nokkuð gamlar og margt ekki í takt við tímann.

Ráðherra á eftir að samþykka tillöguna og síðan þarf að breyta lögum og koma inn í þau ákvæðum um ábyrgð verkkaupa en hún er ekki fyrir hendi núna. Þá er búið að vinna nýja reglugerð um vinnupalla og bíður hún staðfestingar.

Eitt af því sem verið er að vinna að í samstarfi við atvinnulífið er að greina og skipuleggja forvarnir vegna fjölgunar slysa í fiskvinnslu. Alltof mikið er um slysi í þessari atvinnugrein og brýn nauðsyn á því að finna leiðir til að vinna að forvörnum á þessum vettvangi.

Þá verður ráðstefna um stefnumótun og mikilvægi öryggistrúnaðarmanna seinni hluta október nk. og vonandi verður þátttaka góð, þá sérstaklega frá verkalýðshreyfingunni.

Endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum

Í september 2011 skipaði þáverandi velferðarráðherra vinnuhóp til að endurskoða reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum nr. 1000/2004 og á ASÍ fulltrúa í þeim hópi. Markmið vinnuhópsins er að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustað, þar á meðal kynferðislega áreitni. Nefndin fundaði reglulega fyrsta árið og vann reglugerð sem ber yfirskriftina Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað.

Við endurskoðun reglugerðarinnar lagði fulltrúi ASÍ áherslu á að samningur aðila vinnuarkaðarinnar í Evrópusambandinu um einelti og ofbeldi á vinnustað frá 2006 væri hafður til hliðsjónar og samþættur nýjum áherslum í reglugerðinni.

Reglugerðin fór í opið umsagnarferli á vef velferðarráðuneytisins í apríl

2013 og bárust nokkrar breytingartillögur. Nefndin hefur ekki komið saman eftir að umsagnarferlinu lauk og tekið afstöðu til þeirra atriða sem þar komu fram. Eftir stjórnarskipti í maí s.l. töldu starfsmenn ráðuneytisins nauðsynlegt að nýr ráðherra velferðarmála kynnti sér reglugerðardrög vinnuhópsins. Ennþá er beðið eftir niðurstöðum ráðherra.

Evrópsk vinnuverndarvika

Vinnuverndarvikan, sem skipulögð er af Evrópsku vinnuverndarstofnuninni, verður haldin dagana 21.–25. október 2013. Markmiðið með vinnuverndarvikunni er að vekja athygli fólks á ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari. Starfshópur, skipaður fulltrúum atvinnulífsins og Vinnueftirlitsins, sér um framkvæmd verkefnisins hér á landi.

Yfirskrift Evrópsku vinnuverndarvinnunnar í fyrra og á þessu ári (2012 og 2013) er Vinnuvernd – allir vinna. Í tilefni vinnuverndarvinnunnar verður haldin ráðstefna 24. október á Grand Hótelu þar sem sérfræðingar úr atvinnulífinu fjalla um ýmsa þætti er snúa að vinnuvernd í víðustu merkingu hugtaksins með áherslu á heilsufarslegan og fjárhagslegan hagnað allra af markvissu vinnuverndarstarfi.

Til þess að koma þessum grunnbodskap á framfæri eru eftirfarandi markmið hluti af herferðinni Vinnuvernd – allir vinna 2012–2013:

- að efla boðskap um að starfsmenn og stjórnendur þurfi að vinna saman til að koma í veg fyrir hættur af siðferðilegum, hagnýtum, lagalegum og hagfræðilegum ástæðum;
- að veita atvinnurekendum skýrar og einfaldar leiðbeiningar um hvernig eigi að hafa stjórn á tilteknum starfstengdum áhættum í samstarfi við starfsmenn og fulltrúa þeirra;
- að veita hagnýtar leiðbeiningar, upplýsingar og verkfæri til að efla öryggis-
menningu um áhættumat og forvarnir, sérstaklega innan smárra og meðal-
stórra fyrirtækja;
- að stuðla að því að vinnuvernd sé hluti af stefnu fyrirtækisins um samfélags-
lega ábyrgð;
- leggja grunninn að sjálfbærri menningu um áhættumat og forvarnir í Evrópu.

Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir

Mikið atvinnuleysi í framhaldi af hruninu í október 2008 og vaxandi fjöldi langtímaatvinnulausra hefur kallað á miklar og róttækar aðgerðir af hálfu verkalyðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélags-
ins í heild. Ýmislegt var gert af hálfu stjórnvalda og Vinnumálastofnunar

fljótlega í kjölfarið, s.s. með áttakinu Ungt fólk til athafna og POR, og af hálfu fullorðinsfræðslustofnana sem sveigðu starfsemi sína að þjónustu við atvinnuleitendur í miklum mæli með ráðgjöf, námskeiðahaldi og tilboði um raunfærni-mat. Þá má nefna tímabundnar lagaheimildir, sem ætlað var að auðvelda fyrir-tækjum og einstaklingum að halda ráðningarsambandi þrátt fyrir samdrátt, og auknar heimildir til fyrirtækja og einstaklinga til að gera starfsþjálfunar- og reynsluráðningarsamninga, einnig vegna frumkvöðlastarfs. Þessi úrræði hafa töluvert verið nýtt. Það kom þó fljótt í ljós að þetta dugði engan veginn. Því hefur á undangengnum árum stöðugt verið leitað nýrra úrræða og aðgerða til að bæta þjónustu við atvinnulausa, efla vinnumarkaðsúrræði og vinnumiðlun. Þar hefur Alþýðusambandið tekið ákveðið frumkvæði í góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maí 2011 sagði m.a.: „Aðgengi atvinnuleitenda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýslukerfi einfaldað. Þá verði starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga, sem njóta slíkra úrræða, tvöfaldist.“ Þann 8. mars 2012 var haldin sérstök atvinnumessa þar sem allir atvinnuleitendur voru boðaðir til að kynna þeim átakið sem fékk yfirskriftina Vinnandi vegur. Niðurstaðan úr áttakinu var sú að gerðir voru um 1.400 ráðningarsamningar. Af þeim voru 898 á almennum vinnumarkaði, 413 hjá sveitarfélögum og 73 hjá félagasamtökum. Almennt má segja að átakið hafi skilað því sem að var stefnt.

Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar

Þegar fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2012 var lagt fram kom í ljós að stjórnvöld ætluðu sér að gera verulegar breytingar á bráðabirgðaákvæðinu um lengingu bótatímabilsins í fjögur ár og taka upp 3ja mánaða bóतालaut tímabil til að spara útgjöld úr ríkissjóði. Vegna baráttu Alþýðusambandsins tókst að hrinda áformum stjórnvalda um styttingu bótatímabilsins og var bráðabirgðaákvæðið framlengt til ársloka 2012.

Á fundi miðstjórnar í lok ágúst 2012 var fjallað um stöðu atvinnulausra og málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar kom fram að samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar félli bráðabirgðaákvæðið um 12 mánaða framlengingu bótatímabils þeirra sem skráðir voru atvinnulausir eftir 1. mars 2008, þ.e. 4. árið, úr gildi í lok árs 2012. Að óbreyttu gæti það þýtt að allt að 1.600 einstaklingar féllu af atvinnuleysisbótum 1. janúar 2013 og síðan annar eins fjöldi á árinu 2013. Fram kom að tæknilega væru þrír kostir í stöðunni:

1. Ekkert gert þannig að bráðabirgðaákvæðið falli úr gildi og ekkert komi í staðinn.
2. Bráðabirgðaákvæðið framlengt óbreytt um 1 ár til viðbótar.

3. Bráðabirgðaákvæðið framlengt með breytingum þar sem áhersla skyldi lögð á frekari virkniúrræði og vinnumiðlun.

Af hálfu miðstjórnar ASÍ kom fram sú afdráttarlausla afstaða að kostur 1 kæmi ekki til greina miðað við fyrri stefnu og þær áherslur sem settar hafa verið fram af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess. Fyrir því væru einkum tvær ástæður:

- a. Framfærsla viðkomandi einstaklinga færðist yfir til sveitarfélaganna, ef einstaklingarnir ættu þá rétt á slíku, sem fæli í sér mikinn tekjusamdrátt fyrir viðkomandi einstaklinga og enn frekara fjárhagslegt harðræði, bæði vegna fjárhæða framfærsluviðmiða sveitarfélaganna og þeirra reglna sem gilda um framfærslustyrki þeirra. Þá væru mörg sveitarfélög illa í stakk búin til að taka á sig þann kostnaðarauka sem í þessu fælist.
- b. Ekki væri síður mikilvægt að með þessu væri hætta á að stór hópur einstaklinga, sem féllu af atvinnuleysisbótum, misstu enn frekar tengsl við vinnu- markaðinn, fengi lítil eða engin úrræði og/eða hvata til að nýta þau og „týndist“ hreinlega. Sem dæmi var bent á að réttur þessara einstaklinga til að taka vinnu hjá atvinnurekendum, sem vildu nýta sér tilboðin í tengslum við átakið Vinnandi vegur, félli einnig niður. Slík staða skapaði síðan aukna hættu á að þessi hópur endaði í örorku með þeim neikvæðu félagslegu og fjárhagslegu afleiðingum sem það hefði fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið allt.

Kostur 2 var tæpast talinn inni í myndinni. Ljóst var að Samtök atvinnulífsins legðust gegn óbreyttu ástandi og fyrir þeirri andstöðu voru ákveðin rök sem hægt væri að taka undir. Þá væri þessi leið fjárhagslega mjög kostnaðarsöm og þýddi milljarðaviðbót í bótagreiðslur. Sá kostnaður lenti á atvinnulífínu og ekki yrði annað gert fyrir þá fjármuni á meðan. Þá væri ákveðin hætta á að þessi viðbótartími yrði að óbreyttu ekki nýttur með fullnægjandi hætti til að aðstoða og virkja einstaklingana til þátttöku í virkniúrræðum og í atvinnulífínu. Loks væri engin ástæða til að sveitarfélögin tækju ekki virkari þátt í aðstoð við þessa einstaklinga og axli ákveðnar skyldur gagnvart þeim.

Kostur 3 varð ofan á að mati miðstjórnar, þ.e. að bráðabirgðaákvæðið yrði framlengt um sex mánuði og framlög til vinnumiðlunar, ráðgjafar og úrræða aukin verulega þannig að sett yrði skýr og ákveðin krafa um virkni gagnvart öllum einstaklingum sem lokið hefðu 3ja ára bótatímabilinu. Því fylgdi jafnframt að þeim yrði boðið úrræði við hæfi og sveitarfélögin tækju á sig ríka ábyrgð í þeim efnum. Það mætti til dæmis gera með því að þau skuldbyndu sig til að útvega öllum, sem þyrftu á því að halda og væru í reynd vinnufærir, starf á sínum vegum. Þá yrðu önnur úrræði eins og starfsendurhæfing og starf með stuðningi nýtt með markvissari hætti. Væntanlega þyrfti einhvern aðlögunartíma til að koma þessari leið að fullu til framkvæmda en hugsuð mætti sér að hún

yrði að fullu komin til framkvæmda um mitt ár 2013. Síðan væri eðlilegt að meta fyrir árslok 2013 hvort þörf væri á frekari framlengingu þessara sex mánaða eða hvort þrjú árin dugi ekki til að ná sama árangri.

Þá benti miðstjórn á að kostur 3 hefði þann ótvíræða kost að með honum væri tryggt að einstaklingarnir héldu tengslum við vinnumarkaðinn og væru virkir en fengju ekki að „týnast“, annað hvort á atvinnuleysisbótum eða með óvirkum greiðslum sveitarfélaganna. Ef allt gengi eftir mundi kostur 3 síðan fela í sér að kostnaður við greiðslu atvinnuleysisbóta til lengri tíma lituð yrði minni en ella.

Á fundi miðstjórnar var tekið undir að skoða ætti hvort ekki mætti ná samkomulagi við atvinnurekendur og stjórnvöld um frekari útfærslu á kosti 3.

Varðandi stöðu einstaklinga, sem fengu hlutabætur á móti hlutastarfi samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, sem féll niður í ársbyrjun 2012, var sett fram krafa um að tekið yrði tillit til þess við útreikning á þeim tíma, sem þeir voru á atvinnuleysisbótum, að í mörgum tilfellum fengu þeir aðeins 10–30% bætur.

Þá var í umræðunni minnt á hugmyndir/tillögur, sem Alþýðusambandið setti fram við endurskoðun laganna um atvinnuleysisstryggingar haustið 2011, um ákvæði er vörðudu alvarleg áföll í rekstri fyrirtækja. Hugmyndirnar fengu nokkurn stuðning stjórnvalda þá og var því lofað að þær yrðu til umfjöllunar við næstu endurskoðun laganna.

Strax síðla sumars 2012 hófust viðræður ASÍ, SA og stjórnvalda um hvernig taka ætti á málum varðandi bráðabirgðaákvæðið um fjórða árið á atvinnuleysisbótum og var af hálfu ASÍ byggt á kosti 3 sem gerð er grein fyrir hér að framan. Segja má að strax í upphafi hafi náðst samstaða um að byggja á þeirri nálgun sem þar var að finna. Hins vegar fór mikill tími í að útfæra þessa nálgun frekar, skilgreina hlutverk og ábyrgð þeirra aðila, sem málið varðaði, og þá sérstaklega aðkomu og ábyrgð sveitarfélaganna. Ákveðinn vendipunktur varð í málinu með tillögu sem stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs samþykkti á fundi sínum 14. nóvember 2012 til velferðarráðherra undir yfirskriftinni Vinna og virkni -Átak til atvinnu 2013 sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Á fundi miðstjórnar í lok nóvember 2012 var gerð grein fyrir stöðu mála varðandi endurskoðun atvinnuleysisstryggingasjóðslaganna og þær breytingartillögur sem unnar höfðu verið í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytisins. Þar var gerð grein fyrir helstu efnisatriðum sem þar voru undir: „1., Vinna og virkni“ – starfstengd úrræði fyrir þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn

Helsta ástæðan fyrir breytingunum á lögnum er að skapa lagagrundvöll vegna verkefnisins „Vinna og virkni“ hvað varðar starfstengd úrræði fyrir þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn (sem frá 1. janúar 2013 verður 36 mánuðir). Svo þetta átak geti orðið verða lagðar til breytingar

á 61. gr. laganna þar sem heimildir til að veita styrki úr Atvinnuleysis-
tryggingasjóði eru rýmkaðar svo þær nái til stærri hóps atvinnuleitenda.
Þessar breytingar eru í samræmi við samþykkt Atvinnuleysistryggingasjóðs
frá 15. nóvember sl.:

- a. Heimilt verði að veita styrki til fyrirtækja og sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn innan kerfisins í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í allt að tólf mánuði frá því að síðasta greiðsla úr Atvinnuleysistryggingasjóði barst hlutadeigandi. Með þessu er tryggð lagaheimild til að veita styrki vegna þeirra sem hafa fullnýtt sér bótarétt sinn frá 1. september 2012.
 - b. Fyrir liggur að einhvern tíma tekur að bjóða öllum atvinnuleitendum starfstengd vinnumarkaðsúrræði eða úrræði á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á fyrstu mánuðum ársins 2013 og er því mikilvægt að tryggja þeim sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals lengri tíma en 36 mánuði sérstakan biðstyrk í allt að sex mánuði til viðbótar á árinu 2013 en þó aldrei í lengri tíma en samtals 42 mánuði. Þeir sem geta átt rétt á þessum framfærslustyrk eru því þeir sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 42 mánuði 1. janúar 2013. Um er að ræða biðstyrk sem nemur þeim rétti er hlutadeigandi atvinnuleitandi átti áður innan kerfisins. Réttur til þessa biðstyrks fellur sjálfkrafa niður þegar atvinnuleitandi hefur fengið boð um starfstengt vinnumarkaðsúrræði eða úrræði á sviði atvinnutengdrar endurhæfingar eftir því sem við á.
2. Ríkari kröfur um virkni – hert viðurlagaákvæði
- Af hálfu samtaka atvinnurekenda var í umræðum um verkefnið „Vinna og virkni“ lögð rík áhersla á að viðurlög vegna þess að atvinnuleitendur neita að taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum yrðu hert frá því sem nú er. Þar var bæði vísað til fyrri krafna SA um sama efni og þess sem gerist annars staðar á Nordurlöndum. Af hálfu ASÍ hefur verið hafnað að ganga eins langt og SA gerði kröfu um en þó fallist á ákveðna málamiðlun til að liðka fyrir að verkefnið yrði að veruleika. Niðurstaða hefur orðið um að leggja fram eftirfarandi tillögu.
- a. Lagt er til að komi til atvik, sem lýst er í 54.–56. gr. laganna og 57.–61. gr. laganna (hafni atvinnutilbóði eða öðru vinnumarkaðsúrræði) þegar atvinnuleitandi hefur samtals fengið greiddar atvinnuleysisbætur í 30 mánuði eða lengur á sama tímabili skv. 29. gr. laganna, eigi hlutadeigandi ekki frekari rétt til atvinnuleysisbóta á því bótatímabili. Á þetta bæði við um þá sem hafa samfellt verið án atvinnu í svo langan tíma og einnig þá sem hafa verið samtals svo lengi án atvinnu enda þótt þeir hafi tekið tímabundnum störfum í millitíðinni.

Að sjálfsögðu er skilyrðið það að tilboðið sé innan ramma laganna og þeirra takmarkana sem þar er að finna. Þá getur einstaklingur, sem telur sig órétti beittan, leitað réttar síns til úthlutunarnefndar og úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta.

- b. Þá er felld niður heimild varðandi 3ju ítrekun varðandi höfnun á atvinnutilboði og úrræði sem nú er í lögum, þ.e. að viðkomandi öðlist aftur rétt til bóta eftir að hafa verið 2 mánuði á vinnumarkaði.*

Framangreint þýðir í framkvæmd að refsing við fyrsta brot verður 2 mánuðir. Við annað brot 3 mánuðir. Frekari ítrekun þýðir að viðkomandi þarf að vinna sér rétt til nýs bótatímabils atvinnuleysisbóta með þátttöku á vinnumarkaði í minnst 24 mánuði.

- 3. Réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta skapast við 18 ára aldur*

Lagt er til að réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta verði 18 ára aldur í stað 16 ára aldurs eins og nú er. Þó getur ávinnsla réttinda hafist við 16 ára aldur, eins og nú er, þótt ekki geti komið til greiðslu bóta fyrr en við 18 ára aldur. Þetta þýðir í reynd að ungmenni, sem hefur t.d. unnið frá 17 ára aldri og verður atvinnulaust 18 ára, getur átt rétt til fullra atvinnuleysisbóta. Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að frá því að lögin voru sett 2006 hefur aldur vegna greiðslu barnabóta verið hækkaður í 18 ár og framfærsluskýlda foreldra þannig færð til þess aldurs. Þá hefur ASÍ sérstaklega látið kanna hversu mörg ungmenni yngri en 18 ára taka atvinnuleysisbætur og hvert bótahlutfall þeirra er. Í ljós hefur komið að þau eru sárafá eða 6 og bótahlutfallið 46%.

- 4. Réttur þeirra sem voru á hlutabótum á móti hlutastarfi samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem féll niður um síðustu áramót*

Alþýðusambandið hefur sett fram kröfu um að sett verði inn í lög in ákvæði sem tryggi þeim sem voru á bráðabirgðaákvæðinu rétt þannig að minna en 50% bætur telji ½ bótadag og að þetta gildi út árið 2013. Þetta þýðir í reynd að þeir sem voru um einhvern tíma á bráðabirgðaákvæðinu og misstu vinnuna munu eiga rétt a.m.k. út árið 2013.

- 5. Ýmsar minniháttar lagfæringar*

Gert er ráð fyrir ýmsum minni háttar lagfæringum, s.s. varðandi tilkynningar og samskipti við atvinnuleitendur og breytingar á greiðslutímabili atvinnuleysisbóta, sem á að verða almanaksmánuðurinn í stað 20. til 19. Þetta á að einfalda alla útreikninga og draga úr mistökum við útreikning.“

Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem tóku gildi 1. janúar 2013, lögfestu það sem fram kemur hér að framan. Þá var lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks breytt og dregið nokkuð úr skyldu sjóðsins til að greiða fiskvinnslufyrirtækjum vegna vinnslustöðvana.

Liðsstyrkur



Eins og áður segir var í tengslum við breytingarnar á lögum um atvinnuleysistryggingar og niðurfellingu á bráðabirgðaákvæðinu ákveðið að fara í sérstakt átak til að aðstoða atvinnuleitendur sem höfðu verið lengi án vinnu. Var það alger forsenda fyrir stuðningi ASÍ við lagabreytingarnar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkti á fundi sínum 14. nóvember 2012 tillögu til velferðarráðherra undir yfirskriftinni Vinna og virkni – Átak til atvinnu 2013. Segja má að með þessum tillögum hafi línurnar verið lagðar.

Í inngangi tillagnanna segir:

„Meginmarkmið verkefnisins er að virkja atvinnuleitendur, sem hafa fullnýtt eða munu að óbreyttu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins, til þátttöku að nýju á vinnumarkaði og koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni.

Atvinnuleitendum, sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á tímabilinu frá 1. september 2012 fram til 31. desember 2013, verði öllum boðin starfstengd vinnumarkaðsúrræði á árinu 2013, samtals 3.700 atvinnuleitendum.

Markmiðið er að þessir atvinnuleitendur verði boðaðir í greiningarviðtöl og ráðgjöf hjá Vinnuálastofnun eða STARFI, vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. á tímabilinu frá 1. desember 2012 til og með september 2013. Enn fremur muni verða leitað eftir samstarfi við einkareknar vinnumiðlanir um miðlun starfa í verkefninu.“

Síðan er megininntak verkefnisins skilgreint frekar. Þar kemur fram að úrræðin verði að stofni til þrjúþétt:

- a. Starfstengd vinnumarkaðsúrræði fyrir þá sem eru vinnufærir. Áætlað er að 60% taki tilboði um starfstengd vinnumarkaðsúrræði og því þurfi samtals 2.200 sex mánaða starfstengd vinnumarkaðsúrræði að vera í boði á árinu 2013. Sveitarfélögunum er ætlað að skapa að lágmarki 660 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (30%) á tímabilinu, ríkinu 220 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (10%) og almenna vinnumarkaðinum 1.320 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (60%).

Meðgjöf til fyrirtækja og stofnana verði fyrstu mánuðina 100% af grunnatvinnuleysisbótum ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð til vinnuveitanda með hverju starfstengdu vinnumarkaðsúrræði en lækki síðan í áföngum í 80% þegar kemur fram á árið 2013.

- b. Atvinnutengd endurhæfing (atvinnutengd starfsendurhæfing) fyrir þá sem eru óvinnufærir. Gert er ráð fyrir að allt að 25% hópsins sé ekki vinnufær eða samtals 900 einstaklingar sem þurfi þar af leiðandi á frekari atvinnu-

tengdri endurhæfingu að halda, svo sem atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði.

- c. Framfærslustyrkur (biðstyrkur) náist ekki að bjóða starfstengd vinnumarkaðsúrræði áður en atvinnuleitendur hafa samtals verið 42 mánuði innan atvinnuleysisstryggingakerfisins. Atvinnuleitandi, sem hefur verið tryggður innan atvinnuleysisstryggingakerfisins samtals skemur en 42 mánuði 1. janúar 2013, geti fengið framfærslustyrk úr Atvinnuleysisstryggingasjóði sem nemur þeim rétti sem hann/hún átti áður innan kerfisins. Styrkurinn skal háður því að viðkomandi hafi ekki hafnað því virkni- eða atvinnuúrræði sem honum/henni stóð til boða. Heimilt er að greiða styrkinn í allt að sex mánuði en aldrei lengur en að því tímamarki að viðkomandi er boðið starfstengt vinnumarkaðsúrræði. Heildargreiðslutími innan atvinnuleysisstryggingakerfisins getur þó aldrei orðið lengri en samtals 42 mánuðir.

Þá er í tillögu stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs fjallað um skýrari heimildir sveitarfélaga til að skilyrða fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga við virkni; einnig að þeir sem eru vinnufærir og njóta fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga geti leitað til Vinnumálastofnunar og fengið þar greiningarviðtöl og ráðgjöf eins og aðrir þeir sem eru í atvinnuleit og fá þjónustu hjá stofnuninni. Miðað er við að Vinnumálastofnun hefji þessa þjónustu sem fyrst á árinu 2013 en þó eigi síðar en í september. Gerð er tillaga um aukna áherslu á greiningarviðtöl og ráðgjöf til atvinnuleitenda og að veitt verði meira fjármagni í því skyni. Loks er lagt til að sett verði sérstök verkefnastjórn yfir verkefnið sem fylgir eftir framkvæmd þess og framkvæmir reglubundið mat á framgangi þess og áætlunum með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og annarra aðila sem málið varðar.

Tillaga stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs var samþykkt í ríkisstjórn 15. nóvember og verkefnið formlega kynnt með samstarfsyfirlýsingu milli velferðarráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins, Vinnumálastofnunar, VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og Starfs – vinnumiðlunar og ráðgjafar sem undirrituð var 12. desember 2012.

Verkefnastjórn verkefnisins, sem fékk yfirskriftina LIÐSSTYRKUR, hóf störf 5. desember 2012. Formaður hennar var annar fulltrúi ASÍ, Halldór Grönvold. Þá var Runólfur Ágústsson ráðinn verkefnisstjóri. Undirbúningur undir verkefnið, bæði tæknilegur og varðandi ýmis framkvæmdaatriði og álitamál, tók nokkuð lengri tíma en ráðgert var í upphafi og fór það ekki af stað fyrir en seinni hluta janúarmánaðar 2013.

Miðað við upphaflegar áætlanir skráðu nokkuð færri atvinnuleitendur sig í verkefnið einkum meðal þeirra sem fullnýtt höfðu bótarétt sinn og ekki áttu rétt

á biðstyrk. Hins vegar voru störfín, sem skráð voru í verkefnið, umtalsvert fleiri en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi og komu sveitarfélögin þar mjög sterkt inn. Hins vegar var nokkuð um að störf væru dregin til baka eða þeim hafnað þegar á reyndi. Þá hefur það verið reynsla ráðgjafa og vinnumiðlara Vinnuálastofnunar og STARFs að í þeim hópi, sem hefur verið lengst án vinnu, eru margir einstaklingar sem þurft hafa mikla þjónustu og erfitt hefur verið að finna þeim störf við hæfi.

Það er mat þeirra aðila, sem komið hafa að verkefninu, að það hafi gengið vel og skilað mikilvægum árangri, bæði í að útvega langtímaatvinnulausum starfstækifæri og reynslu og í að afla þekkingar sem hægt er að byggja á til framtíðar. Samkvæmt bráðabirgðatölum hafði í lok ágúst sl. atvinnuleitendum verið miðlað í tæplega 1.000 störf innan verkefnisins. Yfir 500 störf voru enn í miðlun og voru atvinnuleitendur, sem skráðir voru í verkefnið, ríflega 1.800 talsins.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að skrá framgang og árangur af verkefninu sem best og er stefnt að því að gefa út viðamikla áfangaskýrslu um það í lok september og síðan lokaskýrslu þegar verkefninu lýkur í árslok 2013.

Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.



STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

Þann 10. febrúar 2012 skrifuðu velferðarráðuneytið, Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) undir samkomulag um þriggja ára tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur. Til þess að undirbúa og annast faglega stýringu á verkefninu stofnuðu ASÍ og SA félag, Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. (STARF hér eftir), sem hefur yfirumsjón með verkefninu og faglega stýringu þess. Atvinnuráðgjafar á vegum félagsins starfa síðan á þjónustumiðstöðvum stéttarfélaganna og liðsinna félagsmönnum stéttarfélaganna við vinnumiðlun, ráðgjöf og vinnumarkaðsúrræði. Tilraunaverkefnið er sérstaklega fjármagnað þessi þrjú ár af Atvinnuleysis-tryggingarsjóði.

Stofnsamningur STARFs er dagsettur 28. febrúar 2012. Í samþykktum félagsins segir: „*Tilgangur félagsins er að annast vinnumiðlun og ráðgjöf við atvinnuleitendur á grundvelli samninga sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands gera sameiginlega þar um. Félagið gerir í því skyni samninga við stéttarfélög og eftir atvikum aðra aðila um að veita atvinnuleitendum þjónustu.*“

Formlegt starf félagsins hófst síðan við ráðningu framkvæmdastjóra þess, Þorsteins Fr. Sigurðssonar, í byrjun maí 2012. Í hönd fór tímafrekt samningaferli við Vinnuálastofnun um þjónustusamning sem ekki lauk fyrr en í júlí og hófst þjónustan við atvinnuleitendur því ekki fyrr en 1. ágúst 2012.

Meginverkefni STARFs er að:

- Skipuleggja og hafa faglega umsjón með störfum atvinnuráðgjafa sem

starfa á vegum stéttarfélaganna í tengslum við tilraunaverkefnið. STARF greiðir kostnaðinn af störfum ráðgjafanna skv. samningi þar um ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veita þeim faglegan stuðning.

- Tryggja að atvinnuráðgjafar þess vinni náð með atvinnuleitendunum, sjái um að þeir fari í áhugasviðs- og/eða starfsfærnisgreiningu ef við á, liðsinni þeim við atvinnuleitina, vinni með þeim áætlun þar um og skipuleggi með þeim þátttöku í vinnumarkaðsúræðum og virkniadgerðum.
- Greiða kostnað af ráðgjöf og þjónustu ýmissa fagaðila sem leggja til margvísleg vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnuleitendur.
- Vera tengiliður við stéttarfélagin innan tilraunaverkefnisins, við Vinnumálastofnun, velferðarráðuneytið og aðra þá aðila er koma að verkefninu.

Frankvæmdastjóri sinni einn miðlægri þjónustu verkefnisins fram í október 2012 þegar sérfræðingur var ráðinn með honum. Verkefni framkvæmdastjóra er yfirumsjón með rekstri félagsins og fagleg stjórnun verkefnisins. Í starfinu felst m.a. almenn framkvæmdastjórn, fjármálastjórn, stefnumótun, áætlanagerð, samningagerð, umsjón með vefsíðu og kynningarmálum, samskipti við samstarfsaðila, samskipti við stéttarfélagin, stjórn og ráðgjafa. Verkefni sérfræðings eru m.a. dagleg umsjón og eftirfylgni með verkefninu Liðsstyrk, samskipti við ráðgjafa um verkferla og ráðgjafarstörfin, IPA-styrkumsóknin, gerð áætlana, vinna að stefnumótun og önnur störf í samráði við framkvæmdastjóra. Skrifstofuadstaðan er í húsnæði ASÍ og var gerður þjónustusamningur við ASÍ um almenna skrifstofuþjónustu (um er að ræða m.a. aðgang að símkerfi og símsvörun, aðgang að tölvukerfi, ljósritunar- og prentaðgang, gjaldkerapjónustu og færslu á bókhaldi, svo og aðgang að kaffistofu og mötuneyti). Ráðgjafarnir eru staðsettir í fjórum þjónustumiðstöðvum sem eru á vegum stéttarfélaga.

Gerðir voru þjónustusamningar við þau stéttarfélag, sem að verkefninu koma, og þjónustumiðstöðvar settar upp á fjórum stöðum. Fjöldi stöðugilda ráðgjafa á hverjum stað tók mið af fjölda atvinnuleitenda á hverju starfssvæði.

Fyrsta ár STARFs

Skipta má þessu fyrsta ári í þjónustu STARFs í tvö tímabil.

Lærdóms- og þjálfunartímabil 1. ágúst–31. desember 2012: Á þessum tíma var verið að læra á gagnagrunninn, sem unnið er með, á verkferlana og þjónustuna almennt en byrjað var með autt blað, algjörlega nýtt verkefni og nýja viðamikla og vandmeðfarna þjónustu af mismunandi reynslumiklum ráðgjöfum. Mörg upphafsvandamálanna, sem upp komu á tímabilinu, tengdust gagnagrunni Vinnumálastofnunar en um er að ræða flókinn „heimasmíðaðan“ gagnagrunn sem er afar þungur í vöfum, alls ekki notendavænn og ekki meðfærilegur til að nýta við vinnumiðlun. Þá var lítil reynsla innanborðs í

úrræðamálum og hvernig standa bæri að þeim málaflökki og var því varlega farið af stað í þeim efnum. Það kom á óvart hversu mikil ásókn var hjá atvinnuleitendum í að fá styrki til að taka þátt í margvíslegum námskeiðum og voru þetta helstu spurningarnar fyrstu vikurnar. Útbúin voru sérstök starfsleitar-námskeið sem gáfu góða raun og hafa þau síðan verið þróuð frekar.

Liðsstyrkstímabilið 1. janúar–31. ágúst 2013: Í nóvember 2012 var byrjað að ræða hugsanlegt átaksverkefni fyrir atvinnuleitendur sem detta myndu af bótum þá um áramótin og á árinu 2013. Verkefnið hlaut heitið Liðsstyrkur, eins og áður hefur komið fram, og hófst þjónustan við það í byrjun árs 2013. Segja má að frá þeim tíma hafi öll þungamiðja starfsins snúist um þetta verkefni og fór ekki að draga úr vinnuálaginu vegna þess fyrr en sumarfrí hófust um mitt ár 2013. Verkefnið var afar krefjandi og tímafrekt og gafst ekki mikill tími í almenna vinnumiðlun eða ráðgjöf utan þess.

Sumartíminn fór síðan í almenn ráðgjafarstörf og var starfið í lágmarki vegna sumarfría. Að sumarfríum loknum var farið að hægjast verulega á Liðs-styrks-verkefninu. Áherslan var nú sett á vinnumiðlunina og byrjað að fylgja markaðsáætlun sem miðast við að efla tengslin við fyrirtæki með það að mark-miði að sækja til þeirra störf og ráða atvinnuleitendur í þau.

Tölulegar upplýsingar

Mánaðarlega eru teknar saman tölulegar upplýsingar úr gagnagrunninum sem unnið er með (gagnagrunnur Vinnuálagstofnunar (VMST)). Þannig er fylgst með fjölda atvinnuleitenda í upphafi hvers mánaðar og samsetningu hópsins og kynnt stjórn. Jafnframt er mánaðarlega haldið utan um þátttöku atvinnuleitenda í úrræðum sem og afskráningar.

Heildar samanburður talna frá upphafi þjónustu STARFs og milli mánaða 1.9. 2013							
Miðstöðvar	Upphaf meðalt. 2011	Upphaf þjónustu 1.8.2012	1.8.2013	1.9.2013	% Breyting milli mán.	% Breyting frá 1.8.	Breyting á fjölda frá 1.8.
VR	2.380	1.715	1.390	1.284	-8%	-25%	-431
Borgartún	331	134	101	100	-1%	-25%	-34
Suðurnes	626	335	250	230	-8%	-31%	-105
Austurland	247	91	83	74	-11%	-19%	-17
Samtals	3.584	2.275	1.824	1.688	-7%	-26%	-587
VMST heild (með STARF)	13.525	8.696	7.271	6.958	-4%	-20%	
STARF % af VMST heild	26,5%	26,2%	25,1%	24,3%	-3%	-7%	
VMST án STARFs	9.941	6.421	5.447	5.270	-3%	-18%	

Í þessari töflu sést fjöldi atvinnuleitenda innan verkefnisins. Í fremsta dálkinum er meðalfjöldi atvinnuleitenda 2011 (viðmiðunartölur við samninga um verkefnið 2011), fjöldinn við upphaf þjónustunnar 1.9. 2012 og fjöldinn

1.9. 2013. Þarna sést að atvinnuleitendum í þjónustu STARFs hefur fækkað um 26% frá upphafi (tölur teknar í upphafi mánaðar af STARFi úr gagnagrunni VMST) meðan atvinnuleitendum á landinu í heild hefur fækkað um 20% (mánaðarlegar atvinnuleysistöður VMST) á sama tíma. Taflan sýnir því ágætan árangur STARFs á fyrsta ári sínu í þjónustu. Síðan má án efa deila um árangurinn, hvort um sambærilegar tölur sé að ræða hjá STARFi og VMST, hvort samsetning atvinnuleitenda STARFs og VMST sé sú sama (VMST telur að STARF sé með „auðveldari“ atvinnuleitendur en VMST þar sem t.d. hlutfall erlendra atvinnuleitenda hjá VR sé mjög lágt) o.s.frv.

Fjöldi atvinnuleitenda hjá STARFi á mánuði frá upphafi þjónustu 1.8. 2012														
Miðstöðvar	01.08.12	01.09.12	01.10.12	01.11.12	01.12.12	01.01.13	01.02.13	01.03.13	01.04.13	01.05.13	01.06.13	01.07.13	01.08.13	01.09.13
VR	1.715	1.628	1.590	1.600	1.597	1.685	1.528	1.521	1.387	1.473	1.357	1.389	1.390	1.284
Íðnfélög	134	137	141	154	164	173	170	185	167	141	121	104	101	100
Suðurnes	335	334	361	402	435	465	464	413	402	326	281	254	250	230
Austurland	91	87	125	129	136	163	162	139	140	140	116	94	83	74
STARF	2.275	2.186	2.217	2.285	2.332	2.486	2.324	2.258	2.096	2.080	1.875	1.841	1.824	1.688
VMST (án STARF)	6.421	6.160	5.971	6.307	6.727	7.003	6.965	6.908	6.792	6.263	5.962	5.430	5.460	5.270
Alls atvinnulausir	8.696	8.346	8.188	8.592	9.059	9.489	9.289	9.166	8.888	8.343	7.837	7.271	7.284	6.958

Í þessari töflu sést hver fjöldi atvinnuleitenda í þjónustu STARFs hefur verið á mánuði frá því að þjónustan hófst 1.8. 2012 fram til 1.9. 2013.

Þjónustumiðstöðvar STARFs

Þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum, Borgartúni

Þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum á höfuðborgarsvæðinu er staðsett hjá Samiðn í Borgartúni 30, Reykjavík. Að baki hennar standa FIT – Félag iðn- og tæknigeira og Byggidiðn – Félag byggingarmanna. Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar er síðan í umsjón Samiðnar. Atvinnuleitendur voru 134 við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 en voru 100 þann 1.9. 2013 og hefur því fækkað um 25% á þessu tímabili.

Atvinnuleitendur hjá iðnfélögum er tiltölulega einsleitur hópur. M.v. 1.9. 2013 eru 89% þeirra karlar, 50% eru 46 ára og eldri og 34% eldri en 55 ára. Af þeim eru 76% með meira en grunnskólapróf, þar af 62% með framhaldsskólapróf eða iðnmenntun, og 63% prósent eru flokkuð sem iðnaðarmenn eða sérhæft iðnverkafólk. Hlutfall erlendra atvinnuleitenda er um 13%. Á þjónustumiðstöð STARFs hjá iðnfélögum í Borgartúni eru 1,3 stöðugildi í september 2013.

Þjónustumiðstöð STARFs hjá VR

Þjónustumiðstöð STARFs hjá VR á höfuðborgarsvæðinu er staðsett í húsa-kynnum VR, Kringlunni 7, Reykjavík. Þetta er eina þjónustumiðstöðin þar

sem aðeins eitt stéttarfélag stendur að baki miðstöðvar. Stöðugildi atvinnuráðgjafa hjá VR voru ákveðin 6,5 en fjölgað í 8 vegna Liðsstyrks. Atvinnuleitendur voru 1.715 við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 en voru 1.390 þann 1.9. 2013 og hefur þeim því fækkað um 25% á þessu tímabili. Atvinnuleitendur hjá VR eru nokkuð breiður hópur en m.v. 1.9. 2013 eru um 67% þeirra skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk og tækni- og sérmenntað starfsfólk. Konur eru í meirihluta eða 65%. Hópurinn er mun yngri en hjá iðnfélögum en aðeins 30,5% hans eru eldri en 45 ára og aðeins 15% eldri en 55 ára. Af þessum hópi eru 37% einungis með grunnskólapróf og því eru 63% hópsins með framhaldsskólapróf eða meiri menntun. Lægsta hlutfall erlendra atvinnuleitenda er hjá VR eða um 8%. Í september 2013 eru 8 stöðugildi hjá VR.

Þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum

Þjónustumiðstöð STARFs á Suðurnesjum er staðsett í húsakynnum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur (VSFK), Krossmóum 4, Reykjanesbæ, og annast félagið reksturinn. Að baki hennar standa fimm stéttarfélög sem eru auk VSFK FIT – Félag iðn- og tæknigeira, Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Grindavíkur, og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis. Atvinnuleitendur var 335 talsins við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012 en voru 230 þann 1.9. 2013 og hefur þeim því fækkað um 31% á þessu tímabili. Samsetning atvinnuleitenda STARFs á Suðurnesjum einkennist nokkuð af því að í þeim hópi er hæsta hlutfall þeirra sem eru eingöngu með grunnskólapróf, eða 82%. Þá eru 60% atvinnuleitenda á Suðurnesjum ósérhæft starfsfólk. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt eða 52% karlar og 48% konur. Þarna eru almennt yngstu þátttakendurnir en 50% þeirra eru yngri en 35 ára og aðeins 34% eldri en 45 ára. Þá eru Suðurnesin með hlutfallslega flesta erlenda atvinnuleitendur eða um 43% hópsins. Í september 2013 voru 2,7 stöðugildi á Suðurnesjum.

Þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi

Þjónustumiðstöð STARFs á Austurlandi er staðsett í húsakynnum Afls – Starfsgreinafélags, Miðvangi 2–4, Egilsstöðum, og annast félagið reksturinn. Jafnframt er almenn afgreiðsla fyrir þjónustuna á skrifstofum Afls á Höfn og Seyðisfirði. Að baki þjónustumiðstöðvarinnar standa auk Afls önnur aðildarfélag sem eru innan ASÍ og starfa á landsvísu en eru ekki með skrifstofur á Austurlandi. Þetta eru Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ), Félag vélstjóra og málmteknimanna (VM), VR, Félag bókagerðarmanna, Flugfreyjufélag Íslands, Félag hársnyrtisveina (FHS), MATVÍS – matvæla- og veitingafélag Íslands og Mjólkurfræðingafélag Íslands. Atvinnuleitendur voru 91 við upphaf þjónustunnar 1.8. 2012, en 74 þann 1.9. 2013 og hefur þeim því fækkað um

19% á tímabilinu. Atvinnuleitendum STARFs á Austurlandi svipar að nokkru til samsetningarinnar á Suðunesjum. Þar er hátt hlutfall einstaklinga sem eru eingöngu með grunnskólapróf eða 73% og fjölmennustu starfsgreinarnar eru ósérhæft starfsfólk, þ.e. 30%, og 15% eru þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk. Hlutfall kvenna er hæst á Austurlandi eða 69%. Nokkuð jöfn aldursdreifing er í hópnum: 31% eru eldri en 45 ára og um 47% eru yngri en 35 ára. Erlendir atvinnuleitendur nema um 20%. Í september 2013 voru 1,7 stöðugildi á Austurlandi.

Reynsla stéttarfélaganna

Segja má að þjónusta STARFs fyrsta árið hafi uppfyllt að mestu væntingar stéttarfélaganna til hennar. Fram kom t.d. í þjónustukönnun, sem gerð var vegna Liðsstyrks-verkefnisins, að atvinnuleitendur voru ánægðir með þjónustuna sem og atvinnurekendur. Atvinnuleitendum virtist líka það vel að sækja þjónustuna til síns stéttarfélags. Á sama stað sækja þeir einnig margvíslega aðra þjónustu, s.s. hjá VIRK, stuðning úr sjúkrasjóðum, fræðslusjóðum og kjaratengda ráðgjöf. Atvinnuráðgjafar STARFs þekkja inn á viðkomandi þjónustu stéttarfélaganna og geta því liðsinnt atvinnuleitendum milli þjónustusviða. Með fámennari og skilgreindari hóp hjá hverri þjónustumiðstöð eiga atvinnuráðgjafar auðveldara með að fá yfirsýn yfir sinn hóp og því meiri möguleika á að vísa atvinnurekendum á atvinnuleitendur sem atvinnurekendur leita eftir. Vandamálið hefur einna helst verið að fá störf hafa komið inn en með markaðsátaki STARFs og auknum samskiptum við fyrirtæki standa vonir til að óskum um starfsfólk frá atvinnulífínu fari fjölgandi.

Nám er vinnandi vegur

Í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2011 er gerð ítarleg grein fyrir tillögum samráðshóps fulltrúa stjórnvalda, stjórnmalaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins sem skilaði af sér í lok mars 2011. Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 5. maí 2011 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem m.a. var að finna skuldbindingu varðandi menntamál og vinnumarkaðsúrræði. Yfirlýsingin var afrakstur samræðu og samkomulags stjórnvalda og ASÍ og SA um inntak, fjármögnun og framkvæmd. Þar var í meginatriðum stuðst við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem getið er hér að framan.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru verkefnið í grunninn tvíþætt. Annars vegar er um að ræða sérstakt átak í menntunarmálum gagnvart ungu fólki og atvinnuleitendum; hins vegar átak sem lýtur að því að efla vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumarkaðstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur. Þá eru ýmis fleiri atriði tiltekin í yfirlýsingunni, s.s. um fjármagn til þróunar-sjóðs til eflingar starfstengdu námi, endurskoðun námslánakerfisins og vottun, gæðakerfi og sveigjanleg skil innan menntakerfisins. Verkefnið í heild sinni hefur fengið vinnuheitid Nám er vinnandi vegur. Til að undirbúa verkefnið og fylgja þeim eftir var ákveðið að setja á fót sérstakan samráðshóps sem ASÍ á aðild að. Í fyrri skýrslum forseta hefur verið gerð grein fyrir menntaátakinu sem hrint var af stað haustið 2011 undir yfirskriftinni Nám er vinnandi vegur. Þá var í síðustu skýrslu forseta gerð grein fyrir verkefninu Vinnandi vegur. Hér að framan er síðan sagt frá verkefninu Liðsstyrk sem fellur undir þessar mennta- og vinnumarkaðsaðgerðir.

Hækkað menntastig á vinnumarkaði

Það var snemma ljóst að eitt veigamesta markmið samráðshópsins yrði að þróa og setja fram tillögur um hvernig 2020-markmiðinu um hækkað menntastig á vinnumarkaði yrði náð. Umfangsmikil vinna var lögð í þetta verk sumarið og haustið 2012. Kostnaður við endurmenntunaráttak, sem myndi lækka hlutfall þeirra á vinnumarkaði, sem einungis hafa grunnskólapróf, úr 30% í 10% var metinn á bilinu 50 til 60 milljarða króna. Tillögur um málið voru settar fram og kynntar ráðherranefnd um atvinnumál í nóvember 2012. Þar fengu formenn hópsins umboð til að vinna áfram að framgangi málsins.

Útfærðar tillögur voru kynntar á fundi velferðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra með aðilum vinnumarkaðarins í janúar 2013. Í kjölfarið var málið kynnt í ríkisstjórn. Tillögurnar gera ráð fyrir tveimur afmörkuðum tilraunaverkefnum sem hófust formlega með skipun tveggja verkefnastjórna sl. vor með aðild fulltrúa ASÍ, annars vegar í Norðvesturkjördæmi og hins vegar í Breiðholti. Verkefnið voru kynnt á fundi ráðherranna og formanna samráðshópsins á Bifröst hinn 13. febrúar sl. og í Breiðholti hinn 8. apríl sl.

Hlutverk verkefnastjórnanna er að:

1. Kanna eftirspurn og þörf meðal einstaklinga á vinnumarkaði fyrir menntun og gera tillögur að nýjum námsúrræðum ef þörf reynist.
2. Stuðla að auknu samstarfi framhaldsfræðsluaðila, framhaldsskóla og háskóla um menntun á vinnumarkaði.
3. Þróa og gera tilraunir með aðferðir sem auðvelda mat á fyrra námi og reynslu inn í hið hefðbundna skólakerfi og gera tillögu um framtíðarskipan þeirra mála.
4. Meta kostnað við einstök verkefni og verkefnaþætti.
5. Kanna þörf fyrir námsstyrki, þróa og prófa útfærslur á slíku kerfi í framhaldi af þeirri tilraun sem gerð var innan átaksins Nám er vinnandi vegur.

Verkefnið í Norðvesturkjördæmi fór í gang fyrir hluta sumars 2013 með greiningu á þörfum og væntingum fólks með litla formlega menntun á svæðinu svo og fyrirtækjanna. Næstu skref verða síðan tekin nú á haustdögum. Verkefnið í Breiðholti fór síðar af stað en hófst af krafti í septembermánuði. Báðum er verkefnunum ætlað að standa næstu misseri.

Þá er rétt að geta þess að fyrir tilstuðlan ASÍ og SA var samþykkt að veita aukalega 200 milljónum króna til framhaldsfræðslu á árinu 2013 til að mæta mikilli eftirspurn eftir námi á vottuðum námsleiðum og raunfærnimati, auk þess að niðurgreiða námsskeiðsgjöld í Menntastöðum (sjá kaflann Fræðslumíðstöð atvinnulífsins).

Þróunarsjóður

Annað verkefni, sem fellur undir Nám er vinnandi vegur, er Þróunarsjóður starfsmenntunar sem er tímabundið verkefni til þriggja ára. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum nokkrum sinnum til fjölmargra og fjölbreyttra verkefna á sviði verk- og tæknimenntunar og starfsmenntunar á framhalds- og fagháskólastigi og í framhaldsfræðslu. Einnig ákvað samráðshópurinn að auglýsa sérstakan öndvegisstyrk til að þróa nýja hagnýta námsbraut á fagháskólastigi. Styrknum hefur ekki verið úthlutað í september 2013. Þá hefur hluti fjármagns til sjóðsins verið tekinn frá til kynningarverkefna vegna starfsnáms, verk- og tæknimenntunar og til að vinna að færnisþá í atvinnulífinu fyrir Ísland.

Endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN)

Menntamálaráðherra lagði fram frumvarp á vorþingi 2013 um breytingar á lögum um LÍN. Nokkuð samráð var haft við ASÍ um efni frumvarpsins. Í frumvarpinu var ekki tekið nema að mjög takmörkuðu leyti tilliti til sjónarmiða Alþýðusambandsins varðandi stuðning við fólk á vinnumarkaði með takmarkaða formlega menntun sem vill sækja nám í menntakerfinu. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit

Eins og gerð er grein fyrir í skýrslu forseta ASÍ 2010 voru í maí 2010 að frumkvæði ASÍ og SA samþykkt lög nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í framhaldinu var samkomulag ASÍ og SA um nánari útfærslu og framkvæmd laganna undirritað þann 15. júní 2010. Samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum er mikilvægur áfangi í baráttunni fyrir því að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Samkomulagið og lögín voru afrakstur af áralöngu starfi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess gegn félagslegum undirboðum á íslenskum vinnu- markaði. Til að byrja með féllu byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstur undir gildissvið samkomulagsins. Síðar var gert ráð fyrir að aðrar atvinnugreinar fylgdu í kjölfarið. Opnaður var sérstakur vefur, www.skirteini.is, þar sem er að finna upplýsingar um samkomulag ASÍ og SA, lögín og framkvæmdina. Þar eru einnig leiðbeiningar um gerð vinnustaðaskírteina.

Í aðdraganda kjarasamninganna, sem undirritaðir voru í maí 2011, var ákveðið að taka næsta skref varðandi útbreiðslu vinnustaðaskírteinnanna. Samhliða gerð nýs kjarasamnings á milli aðildarsamtaka ASÍ og Samtaka atvinnulífsins var undirritað viðbótarsamkomulag um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem fól í sér að skyldan til að bera vinnustaðaskírteini náði til fleiri atvinnugreina en áður. Jafnframt ákváðu samningsaðilar að fela Staðlaráði Íslands gerð staðals um vinnustaðaskírteini.

Þann 10. september 2012 tók gildi staðall um vinnustaðaskírteini, ÍST 132:2012. Staðallinn er gerður að frumkvæði ASÍ og SA í samræmi við samkomulag þessara aðila frá 5. maí 2011. Í staðlinum er fjallað um gildissvið hans og markmið, hugtök skilgreind, stærð og gerð ákveðin og tilgreint hvaða upplýsingar eiga að koma fram á vinnustaðaskírteininum.

Samningsaðilar hafa ákveðið að kanna kosti þess að taka upp rafræna skráningu starfsmanna í stað vinnustaðaskírteinis eins og mælt er fyrir um í framangreindum staðli. Vonir standa til að þeirri vinnu ljúki fyrir árslok 2013. Ekki er gerð krafa til þess, meðan framangreind vinna fer fram, að vinnustaðaskírteini uppfylli kröfur staðalsins um stærð og efni enda tryggt að allar upplýsingar, sem fram koma á skírteininu, séu auðlæsilegar. Þetta þýðir að auk annarra upplýsinga er nú skylt að hafa starfsheiti á skírteininu. Þann 16. apríl sl. var undirritað nýtt samkomulag ASÍ og SA sem felur í sér að fleiri atvinnugreinar eru undir en áður. Nú nær skyldan til að bera vinnustaðaskírteini til atvinnurekenda og starfsmanna þeirra sem vinna við byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, rekstur gististaða, söluturna og veitingarekstur, húsgagna- og innréttingaiðnað, gleriðnað og skylda starfsemi, kjötiðnað, bakstur, bílgreinar,

rafiðnað, ýmsar málm- og véltæknigreinar, veitustarfsemi, fjarskipti og upplýsingastarfsemi og öryggisþjónustu, ræktun nytjajurta, svína- og alifuglarækt, eggjaframleiðsla, farþegaflutninga á landi og ferðaþjónustu, skrudgarðyrkju og ýmsa þjónustustarfsemi eins og framangreind starfsemi er afmörkuð í fylgiskjölum 1 og 2 með samkomulagi ASÍ og SA. Atvinnurekendur og starfsmenn þeirra, sem ekki eru taldir upp hér að framan en vegna vinnu sinnar sinna verkefnum í slíkum fyrirtækjum, skulu bera vinnustaðaskírteini þegar þeir eru við þau störf.

Eftirlitsfulltrúar stéttarfélaganna og SA hafa með heimsóknum á vinnustaði eftirlit með því að lögum og samkomulagi ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit sé framfylgt. Jafnframt eru af hálfu eftirlitsfulltrúa stéttarfélaganna vinnustaðaheimsóknirnar nýttar til að upplýsa starfsmenn um réttindi á vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaganna. Þá hefur verið farið í sérstök eftirlitsátök með fulltrúum ríkisskattstjóra og er sagt nánar frá þeim hér á eftir.

Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfssemi

Í tengslum við kjarasamningaviðræðurnar á fyrri hluta ársins 2011 voru að frumkvæði ASÍ og aðildarféлага þess miklar umræður um baráttuna gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu. Þessar viðræður skilðu sér með ferns konar hætti inn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011. Í fyrsta lagi var yfirlýsing um að sporna við svartri atvinnustarfsemi og í kjölfarið var gert samkomulag á milli ASÍ, SA, ríkisskattstjóra og fjármálaráðherra um sérstakt átak sem bar yfirskriftina *Leggur þú þitt af mörkum?* Í öðru lagi var fjallað um bætt viðskiptahætti með því að stemma stigu við misnotkun félaga með takmarkaða ábyrgð. Í byrjun árs 2012 var settur á stofn vinnuhópur til að fjalla um þennan þátt með aðild ASÍ. Í þriðja lagi var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að finna kafla um framkvæmd útboðsmála. Unnið hefur verið að tillögugerð í því sambandi í vinnuhópi undir forystu fjármálaráðuneytisins. Í fjórða lagi féllust stjórnvöld á að leggja til breytingar á lögum um aðilaskipti sem fælu í sér bættá réttarstöðu starfsmanna gjaldþrota fyrirtækja sem eru endurreist. Með samþykkt laga nr. 103/2011 var framangreind breyting að lögum.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir gangi mála varðandi þrjú fyrst töldu atriðin frá því sem greint er frá í skýrslu forseta fyrir árið 2012.

Leggur þú þitt af mörkum?

Í fyrri skýrslum forseta er gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda átaksins *Leggur þú þitt af mörkum?* og hvernig að því var staðið á árunum 2011 og veturinn 2011 til 2012.

Um eftirlitsátakið sumarið 2012 segir í skýrslu um framkvæmd verkefnisins og helstu niðurstöður:

„Með nýju verklagi sem og færri starfsmönnum við átakið var yfirferð í þessum þriðja hluta verkefnisins umfangsminni en áður. Á móti kom að hvert mál var skoðað nánar og brugðist var við frávikum strax með videigandi hætti. Þrátt fyrir minna umfang fékkst í þessum hluta verkefnisins mikilvæg reynsla með breyttri nálgun sem nýtt verður í framhaldinu til að efla og þróa þessa aðferðafræði við vettvangseftirlit. Hins vegar er ljóst að frekari úrræða er þörf í baráttunni gegn svartri vinnu og svartri atvinnustarfsemi.

Áþreifanlega kom fram að svarta vinnu var helst að finna hjá svokölluðum einyrkjum. Gildir þá einu hvort þeir stundi reksturinn á sinni eigin kennitölu eða eru með kennitölu lögaðila utan um reksturinn. Af þeim 36 einstaklingum, sem fundust við svarta vinnu í þessari úttekt, voru 25 þeirra einu starfsmennirnir við reksturinn, eða rúm 69%. 15 aðilar fundust við vinnu sem jafnframt voru á bótum frá Vinnuálastofnun og Tryggingastofnun og voru þeir allir tilkynntir til hlutadeigandi stofnunar sem síðan mun bregðast við með videigandi hætti. Fullkomin samfylgni er á milli þess að aðilar, sem svíkja út bætur frá framangreindum stofnunum, stunda jafnframt svarta atvinnu. Þá voru 10 aðilar, sem vanrækt höfðu tilkynningarskyldu sína, boðaðir inn á launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra í kjölfar skoðunar.“

Þann 16. maí sl. var svo undirritaður nýr „Samstarfssamningur um vettvangsheimsóknir á vinnustaði“ milli ASÍ, SA og RSK. Markmið samstarfssamningsins er að leggja með virkum hætti áherslu á mikilvægi reglufestu og reglufylgni og stuðla þannig að heilbrigðari starfsháttum. Með því að stuðla að bættri tekjuskráningu, að starfsmenn séu skráðir á launaskrá og að formreglur séu á annan hátt haldnar má betur tryggja að skil á opinberum gjöldum ásamt lögboðnum og samningsbundnum framlögum til lífeyrissjóða og stéttarfélaga eigi sér stað með sem réttustum hætti. Samhliða leiðbeiningum um skyldur smærri og meðalstórra fyrirtækja verði lögð rík áhersla á að stemma stigu við duldu greiðslum og öðru því sem fellur undir verksvið samstarfsaðila. Samandregið felur verkefnið í sér að kanna og fylgja því eftir að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjara-samningum.

Verkefnið fór í gang í byrjun júní sl. Framkvæmdin gekk vel og heimsóttu eftirlitsfulltrúar alla landshluta á ferðum sínum. Áhersla var lögð á ferðaþjónustuna, gisti- og veitingastaði ásamt hópfærðafyrirtækjum. Eftirlitsteymin, sem oftast voru tvö að störfum í einu, voru skipuð fulltrúum ríkisskattstjóra, ASÍ og SA. Einnig tók lögreglan þátt í eftirlitinu með teymunum þegar rekstur

hópfæðabifreiða var kannaður. Þá voru bifreiða- og dekkjaverkstæði skoðuð sérstaklega. Sérstakt átak var gert á vegum fulltrúa ASÍ og SA vegna eftirlits með starfsemi veitinga- og skemmtistaða á höfuðborgarsvæðinu tvö kvöld í júní og óskaði ríkisskattstjóri eftir því að taka þátt í því átaki. Þá beittu fulltrúar ríkisskattstjóra í fyrsta sinn heimildum til lokunar fyrirtækis, þar sem tekjuskráning og skattskil voru ekki í lagi.

Átakinu lauk með formlegum hætti í lok ágúst en stefnt er að því að halda samstarfinu áfram. Nánar verður gerð grein fyrir árangrinum af átakinu í skýrslu um samstarfið. Verkefnið bar – eins og fyrri samstarfsverkefni framan- greindra aðila – yfirskriftina *Leggur þú þitt af mörkum?*

Bættir viðskiptahættir – baráttu ASÍ gegn kennitölflakki

Alþýðusamband Íslands hefur á síðustu mánuðum og árum lagt mikla og vaxandi áherslu á baráttuna gegn kennitölflakki og fyrir bættu siðferði í atvinnulífinu. Að ósk ASÍ var sett inn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011 að ríkisstjórnin muni m.a. beita sér fyrir breytingum á lögum um félög til að koma í veg fyrir starfsemi aðila sem hafa ítrekað rekið félög í þrot. Með kennitölflakki er átt við háttsemi sem miðar að því að misnota réttinn til stofnunar félags með því að komast undan fjárhagslegum skuldbindingum sem slíkum rekstri fylgir. Rekstri og verðmætum í félaginu er komið undan með því að flytja yfir á nýja kennitölu á meðan skuldirnar og ábyrgðir eru skildar eftir í gamla félaginu.

Pegar ljóst var í lok árs 2011 að ekkert hefði verið gert af hálfu stjórnvalda til að efna yfirlýsinguna frá maí s.á. knúði ASÍ á um að settur yrði á fót sérstakur starfshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins með þátttöku ASÍ. Hópurinn hittist í fyrsta skipti 18. janúar 2012 og fundaði reglulega fram á sumar þar sem farið var yfir viðfangsefni hópans auk þess sem aflað var upplýsinga frá fjölmörgum aðilum um stöðu mála og möguleg úrræði.

Á fundi hópans 11. september 2012 lögðu fulltrúar Alþýðusambandsins fram minnisblað með áherslum sínum og tillögum að breytingum á löggjöf og framkvæmd til að stemma stigu við kennitölflakki. Þar sagði m.a. um nálgun og áherslur ASÍ:

„Forsenda aðkomu Alþýðusambands Íslands að umfjöllun um kennitölflakk byggir á því að heimildinni/réttinum til þess að stofna félag með takmarkaðri ábyrgð eigi að fylgja ríkar skyldur. Félag með takmarkaða ábyrgð og fyrirsvarsmenn þeirra njóta mikilvægra réttinda og gegna auk þess mikilvægu hlutverki sem innheimtu- og vörsluaðilar á opinberu fé og iðgjöldum sem veita launafólki margvísleg réttindi.

Kennitölflakk og misnotkun á félagum með takmarkaða ábyrgð hefur

alvarleg og víðtæk áhrif á samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur þannig miklu samfélagslegu tjóni:

- *Kennitöluflakk og umfangsmikil undanskot á opinberu vörslufé, sem gjarnan fylgja, hefur á undanförnum árum þýtt að sameiginlegir sjóðir landsmanna hafa orðið af tekjum sem skipta a.m.k. tugum milljarða á hverju ári. Afleiðingin af slíku getur aðeins orðið sú að leggja þarf auknar álögur á heiðarlegt fólk og fyrirtæki og/eða niðurskurð í mikilvægri samfélagsþjónustu, s.s. heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum.*
- *Kennitöluflakk og edli þess skekkir samkeppnisstöðu heiðarlegra fyrirtækja, sem standa skil á sínu gagnvart samfélaginu, og hefur þannig bein og óbein áhrif á starfsmenn þeirra. Þá snertir það með beinum hætti hag þeirra birgja sem ekki fá greitt fyrir sína vöru og þjónustu.*
- *Kennitöluflakk og afleiðingar skerða kjör og réttindi þess launafólks, sem hjá slíkum fyrirtækjum starfa, með beinum og óbeinum hætti. Það gildir um laun og önnur starfskjör og ýmis félagsleg réttindi. Fyrirtæki, sem stunda kennitöluflakk, hafa einnig skadleg og oft þungbær fjárhagsleg áhrif á einstaklinga sem eiga við þau viðskipti.*

Auk þess sem að framan greinir fylgja kennitöluflakki gjarnan margs konar önnur brot sem varða þá hagsmuni sem að framan greinir.“

Í minnisblaðinu er síðan að finna fjölmargar beinar tillögur og hugmyndir sem stuðlað geta að bættum viðskiptaháttum tengt félögum með takmarkaða ábyrgð. Þær varða heimildir til stofnsetningar slíkra félaga, rekstur og slit.

Það er skemmst frá því að segja að lítið þokaðist í vinnu starfshópsins næstu vikur. Þegar fyrir lá að árangurinn af þessu starfi yrði takmarkaður óskuðu fulltrúar ASÍ eftir fundi með atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra (undir hann heyra lög um hlutafélög, lög um einkahlutafélög og lög um ársreikninga) sem haldinn var í lok október 2012 þar sem afstaða ASÍ var áréttuð og ráðherra hvattur til að fara í málið. Í fundinum lagði ASÍ fram minnisblað um málið, ásamt því sem vísað var í tillögur sem sambandið lagði fram í september og minnisblaðs sem unnið hafði verið á grundvelli þeirra upplýsinga sem starfshópurinn hafði aflað. Í framhaldinu skipaði ráðherra starfshóp „til að vinna tillögur að lagabreytingum og aðgerðum til að verjast kennitöluflakki og til að ná markmiðum laga um jöfnun kynja í stjórnnum fyrirtækja“ sem kallaður var saman í seinni hluta nóvember, þar sem málið var reifað og aðilum, þ.m.t. ASÍ, boðið að senda inn tillögur sínar og ábendingar. ASÍ sendi inn sínar ábendingar og tillögur 30. nóvember. Ekkert heyrðist frá ráðuneytinu fyrr en hópurinn var kallaður saman 22. desember, þar sem lögð voru fram til umræðu drög að greinargerð starfshópsins sem unnin höfðu verið í ráðuneytinu. Var fulltrúum í starfshópnum boðið að gera athugasemdir við

drögin sem ASÍ gerði með greinargerð sem send var ráðuneytinu, dags. 17. janúar sl.

Í greinargerð ASÍ frá 17. janúar er bent á að verulega vanti á að tekið hafi verið tillit til tillagna g ábendinga sambandsins, ráðuneytið hvatt til að bæta úr því og jafnframt óskað eftir fundi í starfshópnum til af fara yfir málin.

Það var niðurstaða starfshópsins að senda greinargerðina óbreytta til ráðuneytisstjóra ásamt skilabréfi og óskaði fulltrúi ASÍ þá eftir því að sérstaklega yrði áréttuð sú afstaða hans að „í áframhaldandi vinnu af hálfu stjórnvalda verði fjallað um og tekin efnisleg afstaða til þeirra tillagna sem fram koma á minnisblöðum og í athugasemdum sambandsins og ekki er fjallað um í greinargerðinni.“

Þann 12. mars 2013 lagði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra fram frumvarp á Alþingi sem byggði á tillögum starfshópsins. Frumvarpið dagaði uppi í nefnd.

Í ljósi stöðu mála hefur á vettvangi ASÍ verið unnið að greinargerð og heildstæðum tillögum til að sporna við kennitölulflakki. Til stendur að málið verði til umræðu á fundi miðstjórnar ASÍ í lok septembermánaðar og tillögurnar síðan kynntar opinberlega í framhaldinu.

Framkvæmd útboðsmála

Fulltrúar ASÍ og aðildarsamtaka þess og Samtaka atvinnulífsins sammæltust um tillögur er vörðuðu opinber innkaup og tengda þætti í tengslum við kjarasamningana í maí 2011. Mikil vinna var lögð í sérstaka bókun um efnid og tvö fylgiskjöl um hæfi bjóðenda og breytingar á lögum um opinber innkaup. Þessu var síðan fylgt eftir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011.

Það tók mikinn tíma að koma vinnunni í gang. Segja má að eiginlegar viðræður hafi ekki hafist fyrir en í janúar 2012 eftir að ASÍ hafði ítrekað kvartað yfir seinaganginum. Frá þeim tíma var unnið skipulega í málunum fram á haust 2012 en síðan hefur mjög dregið úr þeirri vinnu og lítið þokast. Þá stöðvaðist vinnan alveg sl. vor.

Hér á eftir er gerð stuttlega grein fyrir stöðunni eins og hún er nú:

Breytingar á lögum um opinber innkaup

Þetta er eini þátturinn sem vinnu er lokið við. Í mars 2012 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp með tillögum að breytingum á lögnum sem sátt náðist um í viðræðunum, auk ýmissa annarra breytinga sem eru að frumkvæði ráðuneytisins. Málið dagaði uppi á því þingi en var síðan endurflutt og samþykkt nú á vorþingi 2013 (Lög nr. 58 9. apríl 2013). Að mati ASÍ er niðurstaðan ágætlega ásættanleg miðað við það sem lagt var upp með, þ.e. að treysta stöðu launafólks og koma í veg fyrir undirboð, m.a. með gerviverktöku.

Útboð sveitarfélaganna

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „*Jafnframt lýsa stjórnvöld yfir vilja til að útvíkka gildissvið laga um opinber innkaup þannig að þau nái jafnframt til innkaupa sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum.*“ Efnid er komið til þar sem bæði ASÍ og SA hafa lengi gagnrýnt hvernig staðið er að útboðsmálum sveitarfélaganna.

Viðræðurnar hafa leitt í ljós andstöðu sveitarfélaganna við að þau verði felld undir lögum með þeim hætti sem yfirlýsingin gerir ráð fyrir. Hafa þau fært fram ýmis sjónarmið og rök í því sambandi. Á minnisblaði, dags. 5. mars 2012, lögðu sveitarfélögin til að um sinn yrði miðað við óbreytta framkvæmd en að samhliða breytingum á lögum um opinber innkaup verði boðað að unnið verði að nýskipan og styrkingu kærunefndarinnar á næstu tveimur árum. Úttekt verði gerð á sama tímabili varðandi framkvæmd sveitarfélaga á innkaupareglum sínum í samráði við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði skoðað hvort ástæða sé til hækkunar á innlendum viðmiðunarjánhæðum vegna ríkisaðila. Sú hækkun myndi hins vegar ekki hafa almenn áhrif á afstöðu sveitarfélaga þar sem flækjustig opinberra innkaupa undir viðmiðunarjánhæðum er að mestu leyti hið sama og opinberra innkaupa yfir viðmiðunarjánhæðum.

Að mati fulltrúa ASÍ og SA voru tillögur sveitarfélaganna óásættanlegar og aðeins til þess fallnar að fresta málinu og tefja það. Í stað þess var lagt til að skoðuð yrði sú leið að setja sérstakar reglur um útboð sveitarfélaganna þar sem tekið yrði á öllum helstu álitamálum/gagnrýni. sem komið hefur fram á framgöngu þeirra. en jafnframt reynt að tryggja að reglurnar og stjórnsýslan verði einfaldari en í lögnum um opinber innkaup.

Nú er í gangi könnun meðal sveitarfélaganna um framkvæmd útboðsmála hjá þeim og er hugmynd þeirra að framhaldið byggji á niðurstöðum þeirrar könnunar.

Ágreiningur er um málið og ekki útséð með hvernig því lýkur.

Hæfi bjóðenda

Yfirlýsingu ASÍ og SA frá 5. maí 2011 fylgdi tillaga að reglum um hæfi bjóðenda en tillagan hafði m.a verið unnin. í samstarfi við fulltrúa stærstu aðila sem koma að opinberum innkaupum.

Þegar viðræðurnar hófust síðan um framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar komu fram efasemdir um að slíkar samræmdar reglur samræmdust samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Til að bregðast við þessu var ákveðið að leita eftir áliti sérfræðings í samkeppnisrétti á þessu máli. Í umræðunum kom fram að hvorki ríkið né sveitarfélögin gerðu efnislegan ágreining eða athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að samræmdu mati opinberra verk-

kaupa á hæfi bjóðenda. Spurningin væri einvörðungu um hvort formlega væri heimilt að hafa slíkt samræmt mat eða hvort fara þyrfti aðrar leiðir til að hrinda því í framkvæmd.

Niðurstaða lá fyrir í mars um að ekkert mælti gegn slíkum reglun. Hins vegar var bent á nokkur atriði sem betur mættu fara varðandi hæfi bjóðenda og var ákveðið að endurskoða reglurnar í því ljósi.

Regludrögin voru lítillega lagfærðar sl. haust og í framhaldinu undirrituðu Samtök iðnaðarins og helstu útboðsaðilar á vegum ríkisins hæfisreglurnar.

Útboðsskilmálar og opinber þjónustuinnkaup

Af hálfu ASÍ hefur aðallega verið bent á ófullnægjandi framkvæmd varðandi útböð á ræstingum og fleiri þjónustuháttum. Aðilar eru sammála um að mikilvægt sé að greina sameiginlega í hverju vandinn liggur og hvernig megi taka á honum.

Ákveðið var að setja sérstakan starfshóp í verkefnið með fulltrúum ASÍ, SA, fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna og hóf hann störf í mars 2013.

Í minnisblaði frá hópnun kemur fram að hann er sammála um mikilvægi þess að greinargóð lýsing á umfangi verks þurfi að vera til staðar í útboðum á þjónustuinnkaupum. Aðilar voru sammála um að nauðsynlegt væri að kostnaðarmat fyrir verk lægi fyrir þar sem því væri við komið. Við mat á óeðlilega lágu tilboðum verði litið til 73. gr. laga um opinber innkaup og bjóðendum skylt að gera nánari grein fyrir launa- og starfskjörum starfsmanna. Þessi atriði verða tryggð ef fyrirhugaðar breytingar á lögum um opinber innkaup verða samþykktar á Alþingi. Farið var yfir kröfur um hæfi bjóðenda í innkaupareglum Reykjavíkurborgar og mikilvægi þess að vandað sé til vals á tilboðum. Sú hugmynd var rædd hvort taka ætti tillit til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja o.fl. við val á tilboðum. Einnig var rætt samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verklegum framkvæmdum. Fundarmenn voru sammála um að fylgjast með því hvernig þróun á slíku samræmdu mati mun reynast. Loks var farið yfir fyrirkomulag í Danmörku þar sem fulltrúar launafólks koma sem áheyrnarfulltrúar við gerð/undirbúning opinberra útboða og geta þar með bent á það sem betur mætti fara með hliðsjón af kjarasamningum.

Útfærsla á þessu fyrirkomulagi, sem gæti hentað hér á landi, er að hvetja verkalýðsfélög til að nálgast útboðsgögn og leggja fram spurningar á fyrirsprungartíma útboða er varða kjarasamninga við gerð tilboða í verkið. Þessar spurningar og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnum sem öllum tilboðsgjöfum ber að horfa til við gerð tilboða. Þá lýstu fulltrúar útboðsaðila (Ríkiskaup, Reykjavíkurborg) sig reiðubúna til þess að kalla eftir staðfestingu af hálfu bjóðanda eftir hvaða kjarasamningi verk yrðu unnin. Þeim upplýsingum yrði miðlað áfram til stéttarféлага.

Beðið er eftir viðbrögðum frá Samtökum atvinnulíffsins við efni minnisblaðsins og hvernig því verður síðan fylgt eftir.

Keðjuábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði

Eitt af þeim atriðum, sem Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á varðandi opinber innkaup og verktakastarfsemi almennt, er keðjuábyrgð/samábyrgð (e. joint liability/client liability). Keðjuábyrgð/samábyrgð getur verið útfærð með margvíslegum hætti. Í grunninn felst hún í því að aðilar, sem eru tengdir á beinan eða óbeinan hátt með samningssambandi, bera sameiginlega (sólídaríska) ábyrgð á réttum samfélagslegum efndum hvors annars. Hér er nánar tiltekið átt við greiðslur samningsaðilans í sameiginlega sjóði annars vegar (skattar, lífeyrisgreiðslur o.s.frv.) og launagreiðslur til starfsmanna hins vegar. Fyrirkomulag af þessu tagi er þekkt í nokkrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Umræðan um þetta efni er stutt á veg komin og ljóst að hún mætir andstöðu af hálfu SA. Fulltrúar ASÍ og SA/SI hafa hist einu sinni til að reyna að sammælast um framhaldið án árangurs. Í framhaldi af þeim fundi tóku fulltrúar ASÍ að sér að koma með tillögu um málsmeðferð í framhaldinu.

Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi, gildistöku og eftirfylgni með framkvæmd tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt liggur fyrir að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hér á eftir er sérstaklega fjallað um lögleiðingu tilskipunarinnar um starfsmannaleigur.

Fyrir liggur að fullgilda nokkrar tilskipanir Evrópusambandsins (ESB) á sviði vinnumarkaðsmála og því tengdu. Hér má nefna tilskipun um breytingar á reglum um evrópsk samstarfsráð en þessa tilskipun þarf að innleiða hér á landi sem fyrst. Þá er nú í gangi vinna við að innleiða svokallaðar mismunartilskipanir ESB í íslensk lög.

Í júní 2011 féll dómur hjá EFTA-dómstólnum þar sem innleiðing hér á landi á tilskipun ESB um útsenda starfsmenn var dæmd ólögmet þar sem hún gengi – að mati dómsins – of langt í að tryggja réttindi útsendra starfsmanna hér á landi á kostnað frjálsra þjónustuviðskipta. Breytingar á lögnum til að

mæta niðurstöðum dómsins voru afgreiddar á Alþingi haustið 2012. Þá hafa einnig verið gerðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um orlof til að mæta ábendingum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Tilskipun um skriflega staðfestingu ráðningar

ESA gerði þá athugasemd um fullgildingu þessarar tilskipunar hér á landi að ekki væri nægilega tryggt að brot gegn reglum um skriflega staðfestingu sættu viðurlögum. Ekki tókst sátt milli ASÍ og SA um hvernig því skuli haga en SA lagði til að í því efni yrði vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins. ASÍ benti á að vegna lítillar ráðningarfestu hér á landi skipti slík regla litlu máli og skilvirkara væri að mæla fyrir um fastákveðnar bætur. Velferðarráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu og erindi ESA hefur því ekki verið svarað. Undan því verður hins vegar ekki komist.

Breytingar á lögum um starfsmannaleigur

Ný lög um breytingar á lögum um starfsmannaleigur voru afgreidd frá Alþingi 21. mars 2013 en þau fela í sér mikilvæga réttarbót fyrir starfsmenn starfsmannaleigna. Þeim er ætlað að koma í veg fyrir að starfsmenn starfsmannaleigna séu notaðir til félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Því ber sérstaklega að fagna að full samstaða var í velferðarnefnd Alþingis við endanlega afgreiðslu frumvarpsins.

Með samþykkt frumvarpsins hefur Alþýðusambandið náð þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við gerð kjarasamningana í maí 2011 og áréttuð voru í bókun ASÍ og SA um þetta efni.

Með lögunum er jafnframt lögtekin hér á landi tilskipun um starfsmannaleigur (104/2008/EC) sem samþykkt var á vettvangi Evrópusambandsins í árslok 2008 og átti að taka gildi hér á landi í síðasta lagi 5. desember 2011. Tilskipun er sett til að skapa ramma um kjör og réttindi starfsmannaleigustarfsmanna sem ekki valdi mismunun, eins og segir m.a. í aðfaraorðum tilskipunarinnar. Þá segir að grundvallarréttindi og kjör starfsmannaleigustarfsmanna skuli ekki vera lakari en þeirra sem eru í föstu ráðningarsambandi við notendafyrirtæki; og einnig að fast ráðningarsamband sé meginreglan á vinnumarkaði.

Mikilvægasta efnisatriði nýju laganna er að finna í 1. mgr. 3. greinar þess, þar sem segir:

„Starfsmaður starfsmannaleigu skal á þeim tíma, sem hann sinnir störfum fyrir notendafyrirtæki, að lágmarki njóta sömu launa og annarra starf skjara og hann hefði notið hefði hann verið ráðinn beint til notendafyrirtækisins til að gegna sama starfi, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.“

Parna eru tekin af öll tvímæli um að viðkomandi starfsmaður starfsmannaleigu á að njóta að lágmarki sömu launa og annarra starfskjara og ef hann hefði verið ráðinn beint til notendafyrirtækisins og skiptir þá ekki máli hvernig þau eru ákveðin. Með tilvísun í lög nr. 55/1980 er áréttað að kjarasamningar tilgreini lágmarkskjör á vinnumarkaði og því verði þessir starfsmenn aldrei ráðnir á lakari kjörum en kjarasamningarnir kveða á um.

Í 2. mgr. 3. greinar segir:

„Á þeim tíma, er starfsmaður starfsmannaleigu sinnir störfum fyrir notendafyrirtæki, skal veita honum sama aðgang að hvers konar aðbúnaði og sameiginlegri aðstöðu í notendafyrirtækinu, svo sem mötuneyti og samgöngum, og starfsmenn notendafyrirtækisins njóta, nema mismunandi meðferð verði réttlætt á grundvelli málefnalegra ástæðna.“

Með samgöngum er átt við að notendafyrirtæki greiðir fyrir ferðir starfsmanna til og frá vinnu að fullu eða að hluta eða hefur bifreið í þjónustu sinni til að koma starfsmönnum til og frá vinnu. Auk þess sem tiltekið er í lagatextanum má nefna sem dæmi líkamsræktaraðstöðu eða aðra frístunda- aðstöðu sem starfsmenn notendafyrirtækisins kunna að hafa aðgang að.

Þar sem ráðningarsamband starfsmanna er við hlutaðeigandi starfsmannaleigu er það á ábyrgð hennar að tryggja framangreindan aðgang þeirra að aðbúnaði og sameiginlegri aðstöðu í notendafyrirtækinu, meðal annars í samningum við notendafyrirtækið. Jafnframt hvílir sú skylda á notendafyrirtækjum að veita þann aðgang að aðbúnaði og sameiginlegri aðstöðu sem nauðsynlegur er til að unnt sé að fullnægja ákvæði þessu.

Auk þess sem að framan greinir er með nýju lögnum áréttað að veita skuli starfsmanni starfsmannaleigu, á þeim tíma sem hann sinnir störfum fyrir notendafyrirtæki, tímanlega upplýsingar um störf sem losna í notendafyrirtækinu. Þá skal starfsmannaleiga leitast við að greiða fyrir aðgangi starfsmanns síns að starfsmenntun og starfsþjálfun.

Loks er mikilvægt að í athugasemdum með frumvarpinu er áréttað að: *„Meginreglan á íslenskum vinnumarkaði er sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda ...“*

Innleiðing tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunun

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins er Íslandi ekki skylt að innleiða tilskipanir 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna óháð kynþætti

eða þjóðernisuppruna sem lýtur að vinnumarkaðnum. ASÍ lagði til að þær yrðu þrátt fyrir það innleiddar hér á landi. Nefnd með aðild ASÍ, sem var skipuð á árinu 2006, mælti með innleiðingu þeirra í niðurstöðum sínum á árinu 2008. Lagt var til að í stað þess að breyta einstökum lögum og reglugerðum yrði samið sérstakt frumvarp þar sem meðal annars yrðu almenn ákvæði þar sem innleiddar yrðu meginreglur tilskipananna um að engin mismunun, hvorki bein né óbein, skyldi eiga sér stað á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar eða þjóðernis, trúar eða trúarskoðana, fötlunar/örorku, aldurs eða kynhneigðar einstaklinga. Yrði þeim ákvæðum meðal annars ætlað að gilda um aðgengi að störfum, ráðningar, laun og önnur starfskjör, starfsþróun, starfsmenntun og uppsagnir að teknu tilliti til þeirra fyrirvara sem tilskipanirnar heimila. Enn fremur lagði starfshópurinn til að rannsóknarstofnunum háskólanna yrði falið að gera skýrslur og óháðar kannanir á mismunun vegna þeirra mismununarþátta sem umræddar tilskipanir Evrópusambandsins taka til. Það var meðal annars lagt til í því skyni að nýta þá reynslu og þekkingu á rannsóknarvinnu sem þegar er til staðar innan háskólasamfélagsins. Þá lagði starfshópurinn til að Jafnréttisstofu yrði falið að veita þeim sem teldu sig hafa sætt mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernis, trúar eða trúarskoðunar, fötlunar/örorku, aldurs eða kynhneigðar aðstoð við að framfylgja kærum vegna mismununar, setja fram tilmæli í málum er varða mismunun og annað sem fellur undir eftirlit með framkvæmd fyrirhugaðra laga um bann við mismunun á vinnumarkaði. Yrði það jafnframt hlutverk Jafnréttisstofu að eiga frumkvæði að gerð skýrslna og rannsókna á framangreindum mismununarþáttum ásamt því að kalla árlega saman á fund aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtök þeirra einstaklinga sem tilskipanirnar taka til í því skyni að efna til umræðu þar sem þekkingu yrði miðlað og tillögur að rannsóknarverkefnum lagðar fram og ræddar. Vinna að þessu var tekin upp að nýju eftir að Ísland sótti um aðild að ESB og átti ASÍ aðild að því starfi. Því lauk með samningu frumvarps sem tilbúið var til framlagningar á Alþingi í árslok 2012. Markmið frumvarpsins er að koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna, trúar eða lífsskoðunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar. Ljóst er að íslensk löggjöf veitir ekki þá víðtæku vernd um jafna meðferð á vinnumarkaði sem hér um ræðir og felur frumvarpið því í sér nýmæli. Frumvarpið var ekki lagt fram og óvissa um afdrif málsins eftir að hlé hefur verið gert á viðræðum um aðild að ESB.

Aðild Króatíu að EES og frjáls för launafólks

Í febrúar 2013 óskaði velferðarráðuneytið eftir viðhorfum ASÍ til þess hvort nýta ætti heimild til að fresta opnun vinnumarkaðarins þegar Króatía gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Í svari Alþýðusambandsins sagði m.a.:

„Aðild Króatíu að Evrópusambandinu verður að veruleika 1. júlí 2013 að öllu forfallalaus. Í samningnum og viðaukum hans um aðild Króatíu að ESB, kallaður aðildarsáttmálinn, eru ákvæði sem kveða á um nánari skilmála fyrir inngönguna í ESB. Þar er meðal annars ákvæði sem heimilar aðildarríkjum Evrópusambandsins að beita tímabundnum takmörkunum á frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að löggjöf einstakra aðildarríkja Evrópusambandsins um atvinnuréttindi launafólks frá Króatíu geti verið áfram í gildi næstu tvö árin frá og með þeim degi sem Króatía fær fulla aðild að Evrópusambandinu eða til 1. júlí 2015. Enn fremur er aðildarríkjunum heimilt að framlengja þennan aðlögunartíma um þrjú ár til viðbótar eða til 1. júlí 2018 að tilteknum forsendum uppfylltum. Hér er um að ræða sömu ákvæðin og giltu síðast varðandi aðild Rúmeníu og Búlgaríu og þar áður stóru stækkunina þegar m.a. Pólland og Eystrasaltsríkin gengu í ESB.

Gengið er út frá því að Króatía verði jafnframt hluti af Evrópska efnahagssvæðinu og að sömu aðlaganir verði gerðar í aðildarsamningnum að Evrópska efnahagssvæðinu og gagnvart ESB og að EFTA-EES -ríkin fái því sömu heimildir til aðlagana á þessu sviði. Við beitingu þessara heimilda verður að líta til sameiginlegrar yfirlýsingar EFTA-ríkjanna um frelsi launafólks til frjálsrar farar, sem fylgir með lokagerð aðildarsamnings EES, þar sem EES-EFTA-ríkin lýstu þeim vilja sínum að veita ríkisborgurum nýrra aðildarríkja greiðan aðgang að vinnumarkaði sínum og flýta fyrir því að sömu reglur gildi um frjálsa för launafólks á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.“

Þá var í svari ASÍ vísað til þess að við inngöngu Eystrasaltsríkjanna, Póllands o.fl. í EES 2006 var sambærilegri frestunarmeild beitt og það sama gildi þegar Rúmenía og Búlgaría komu inn í ársbyrjun 2009. Einnig kom fram að fáar fyrirspurnir hefðu borist frá Króatíu um störf á Íslandi í gegnum EURES (evrópsku vinnumiðlunina) að undanförunu en það er talinn ákveðinn mælikvarði á það hvað megi eiga von á þegar Króatía verður aðili að ESB/EES. Þá ber að geta þess að í tengslum við gerð Vaðlaheidarganga er gert ráð fyrir að hingað komi um 30 króatískir gangagerðarmenn til starfa. Hins vegar er bent á að á síðustu mánuðum hefðu 29 einstaklingar frá Króatíu (Vukovar) sótt um hæli hér á landi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og þá vísað til kúgunar á hendur minnihlutahópum í landinu. Sú niðurstaða er dregin af þessum staðreyndum að ef til vill séu ekki veigamikil vinnumarkaðsleg rök fyrir því að nýta frestheimildina. Hins vegar má á móti benda á að hlutirnir geta breyst á skömmum tíma. Þá eru ákveðin rök fólgin í því að eiga samleið með Noregi í þessum efnum en fram hefur komið að þar verði frestheimildin nýtt. Niðurstaða Alþýðusambandsins var að leggja til að frestheimildin verði nýtt þegar Króatía gerist aðili að EES.

Þá sagði á minnisblaði, sem lagt var fram í miðstjórn, að hvor leiðin, sem valin verði hvað varðar Króatíu, væri fullt tilefni fyrir Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess að fylgjast betur með þátttöku EES-borgara á íslenskum vinnumarkaði og kjörum þeirra og þá ekki síst starfsemi starfsmannaleigna hér á landi og þróun hennar í framtíðinni. Reynslan kennir okkur að erfiðara er að fylgjast með og tryggja kjör og hagsmuni erlendra starfsmanna sem starfa hjá starfsmannaleigum en beint hjá notendafyrirtækjunum. Því er nauðsynlegt:

- a. Að starfsmannaleigurnar skrái sig með fullnægjandi hætti hjá Vinnumálastofnun eins og lög in um starfsmannaleigur mæla fyrir um.
- b. Að Vinnumálastofnun fylgist með starfsemi starfsmannaleigna hér á landi og kjörum starfsmanna þeirra og bregðist við með viðeigandi hætti:
 - i. Ef starfsmannaleigurnar eru ekki skráðar eins og lög mæla fyrir um.
 - ii. Ef notendafyrirtæki uppfylla ekki sína eftirlitsskyldu eins og lög mæla fyrir um.
 - iii. Ef laun og önnur starfskjör eru ekki í samræmi við það sem lög og kjarasamningar mæla fyrir um.
- c. Að trúnaðarmenn/stéttarfélög hafi eftirlit með starfseminni og nýti heimildir sínar skv. lögum um starfsmannaleigur og samkomulagi ASÍ og SA um útlendinga á vinnumarkaði eftir því sem þörf krefur.

Loks er á minnisblaðinu áréttað mikilvægi þess að afgreiða á Alþingi fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögnum um starfsmannaleigur sem gert var sl. vor.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru eitt að þeim viðfangsefnum sem ítrekað koma upp í starfi Alþýðusambandsins. Af hálfu sambandsins hefur verið lögð rík áhersla á að útlendingar, sem hér starfa, hvort sem um er að ræða EES-borgara eða einstaklinga utan EES, njóti kjara og réttinda í samræmi við það sem almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði. Einnig hefur komið fram að útlendingar á vinnumarkaði hafa með ýmsum hætti farið verr út úr hruninu en Íslendingar og þeim sem misstu vinnuna hefur reynst mun erfiðara að fá atvinnu að nýju.

Í júlí 2011 setti innanríkisráðherra á fót starfshóp sem fjalla skyldi um málefni útlendinga utan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Verkefni starfshópsins var „að móta heildstæða stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum útlendinga utan EFTA og EES“. Samkvæmt skipunarbréfi til nefndarmanna skyldi rannsókn starfshópsins taka til veitinga dvalarleyfa sem atvinnuleyfa og eftir atvikum annarra lagafyrirmæla sem beinlínis varða málefni útlendinga utan EES, óháð því hvar viðkomandi verkefni væri vistað í stjórnsýslunni. Rétt er að taka fram að hvorki fulltrúi

samtaka launafólks eða atvinnurekenda var í hópnum, né heldur aðili sem hafði sérstaka reynslu eða þekkingu af vinnumarkaði eða lögum um atvinnuréttindi útlendinga og framkvæmd þeirra.

Starfshópurinn skilaði í júní 2012 af sér skýrslu og tillögum þar sem lagðar eru til viðamiklar breytingar á löggjöf um útlendinga, þ.m.t. um möguleika til að koma til starfa hér á landi og atvinnuréttindi. Ljóst er að markmiðið með tillögum starfshópsins var tvíþætt: Að greiða fyrir aðgengi útlendinga að íslenskum vinnumarkaði frá því sem nú er og að draga úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar varðandi málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar hófst vinna við frumvarpsgerð í innanríkisráðuneytinu á grunni hennar.

Pann 28. ágúst 2012 var lagt fyrir miðstjórn ASÍ minnisblað um vinnu á vettvangi innanríkisráðuneytisins að nýjum lögum um útlendinga. Í minnisblaðinu er rakinn aðdragandi málsins og staða þess. Þar segir m.a. :

„Að mati undirritaðs er hættu á að hér verði gerð afdrifarík mistök sem stórkostlega geta skaðað vinnumarkaðinn og launafólk sem þar starfar, bæði Íslendinga og útlendinga sem hingað koma til starfa. Lýsa má megináherslum tillagnanna í tveimur setningum. Vikið er í mjög veigamiklum atriðum frá þeim vinnumarkaðssjónarmiðum sem hafa verið megininntak laga um atvinnuréttindi útlendinga og hafa haft þann tilgang að tryggja ákveðinn stöðugleika og réttindi á vinnumarkaði. Ekki er gert ráð fyrir raunverulegri aðkomu verkalýðshreyfingarinnar eða aðila vinnumarkaðarins að framkvæmd löggjafarinnar og þar vikið frá áratuga hefð í þessum efnum.“

Í minnisblaðinu er síðan fjallað nánar um efni málsins og allur málatilbúnaður og þau sjónarmið, sem lögð eru til grundvallar við væntanlega frumvarpsgerð, gagnrýnd harðlega. Þessi afstaða var staðfest á fundi miðstjórnar þar sem málið var til umfjöllunar. Framangreindum sjónarmiðum var komið á framfæri við velferðarráðherra og innanríkisráðherra sem báðir lögðu áherslu á að ná sátt við Alþýðusambandið um efni málsins enda væri það þeirra eindregni vilji. Í framhaldinu tók fulltrúi ASÍ síðan þátt í vinnu við frumvarp til laga um útlendinga á grundvelli þeirra sjónarmiða sem sett voru fram af ASÍ. Í sinni einföldu mynd má segja að þau hafi verið með tvennum hætti: Annars vegar að tryggja að meginatriði laga um atvinnuréttindi útlendinga (nr. 97/2002 með síðari breytingum) varðandi dvalarleyfi, sem byggja á atvinnuþátttöku, og aðkoma stéttarféлага/ landssambanda að slíkum leyfisveitingum yrðu í hinni nýju löggjöf; þar með að vinnumarkaðssjónarmið verði virt við ákvarðanir um slíkar leyfisveitingar. Hins vegar að að tryggja að sá hluti löggjafarinnar, er varðaði vinnumarkaðinn, yrði á forræði velferðarráðuneytisins sem vinnumála-

ráðuneytis og að tryggð yrði aðkoma Alþýðusambandsins að stefnumótun og framkvæmd varðandi málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Í lok árs 2012 lágu fyrir drög að frumvarpi til laga um útlendinga. Samkvæmt frumvarpsdrögunum var tryggð umsögn stéttarfélaganna um dvalarleyfi sem byggðu á atvinnuþátttöku, auk þess sem búið var að fella út þann leyfisflokk sem mestum ágreiningi hafði valdið áður. Þá var nú gert ráð fyrir ríkari aðkomu Alþýðusambandsins að stefnumótun og stjórnslu en í gildandi lögum.

Á þessu stigi var eftir að ganga frá og skýra frekar í frumvarpinu framkvæmdina varðandi útgáfu dvalarleyfa sem ekki byggðu á atvinnuþátttöku en sem gætu falið í sér heimild til starfa og hvernig ætti að standa að þeim málum. Af hálfu þess hóps á vegum velferðarráðuneytisins, sem vann að málum (þ.e. ráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, ASÍ og SA), var þess krafist að í tengslum við veitingu dvalarleyfa, sem fælu í sér rétt/möguleika á atvinnuþátttöku, yrði tiltekið að slíkt væri á valdi Vinnumálastofnunar, sem m.a. skyldi byggja ákvörðun sína á umsögn stéttarfélaga/landssambanda. Þá voru ýmis mál ókláruð varðandi slík dvalarleyfi og útgáfu þeirra að öðru leyti. Af framangreindum ástæðum lýsti velferðarráðherra þeirri skoðun sinni að fresta ætti kynningu og framlagningu á frumvarpinu þar til þau álitamál, sem enn væru uppi, væru til lykta leidd.

Þegar hér var komið sögu ákvað innanríkisráðherra að leggja fram á Alþingi í byrjun árs 2013 frumvarp til laga um útlendinga. Í athugasemdum með frumvarpinu segir:

„Við vinnslu þessa frumvarps var lagt upp með það að sameina framan­greind lög í ein heildarlög og var í því skyni settur á laggirnar samráðshópur innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis með aðkomu Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar. Eftir því sem á leið í þeirri vinnu varð ljóst að ávinn­ingur af sameiningunni yrði aðeins takmarkaður. Einkum voru sett fram þau sjónarmið af hálfu velferðarráðuneytisins að nauðsynlegt væri að tryggja að vinnumarkaðssjónarmið hefðu áhrif við veitingu atvinnuleyfa og að hún yrði ekki tryggð nema með sjálfstæðri ákvörðun Vinnumálastofnunar sem undir­stofnunar velferðarráðuneytis. Málaflokkurinn yrði því ekki fluttur í heild sinni til innanríkisráðuneytisins og velferðarráðherra hefði eftir sem áður aðkomu að lögunum. Með þessu móti hefði ekki náðst það markmið sem stefnt var að, þ.e. að einfalda löggjöfina og aðkomu stjórnvalda að málaflokknum. Var því tekin sú ákvörðun að leggja að þessu sinni aðeins til heildarendur­skoðun á útlendingalögum enda um aðkallandi breytingar að ræða sem ekki þola langa bið.“

Alþýðusambandið lagði fram umsögn við frumvarpið þar sem sagði m.a.:

„Að mati Alþýðusambands Íslands gefa aðdragandinn og það frumvarp til laga, sem nú liggur fyrir Alþingi, tilefni til að staldra við og meta heildstætt hvaða áhrif það getur/mun hafa á framkvæmdina m.a. út frá vinnumarkaðs-sjónarmiðum og mögulegar afleiðingar fyrir vinnumarkaðinn og samfélagið allt verði frumvarpið að lögum. Slíkt heildstætt mat hefur ekki farið fram og því óljóst um þýðingu þess verði frumvarpið að lögum.

Það er skoðun ASÍ að afgreiðsla frumvarpsins eigi að byggja á slíku heildstæðu mati og að með því megi koma í veg fyrir að mistök verði gerð við setningu nýrra laga um útlendinga. Slíkt mat snýr að mögulegum áhrifum á vinnumarkaðinn. Slíkt mat varðar jafnframt sveitarfélögin, kostnað þeirra og getu til að veita þá þjónustu og úrræði sem felast í frumvarpinu. Það sama gildir um ríkið og stofnanir þess. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að fá aðkomu að slíku mati vegna þeirra mikilvægu hagsmuna sem eru í húfi fyrir félagsmenn þess, innlenda sem erlenda.

Alþýðusambandið leggur til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað þar til slíkt mat hefur farið fram og tekið hefur verið tillit til niðurstaðna þess áður en lögin verða endanlega afgreidd frá Alþingi.“

Frumvarpið dagaði uppi í þingnefnd.

Málshöfðun ASÍ f.h. aðildarfélaga gegn SA v/LÍÚ

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru eitt að þeim viðfangsefnum sef janúar 2013 stefndi ASÍ f.h. aðildarfélaga SA v/LÍÚ vegna meints brots á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem ASÍ telur að hafi átt sér stað þegar LÍÚ með samstilltri aðgerð beindi því til félagsmanna sinna að halda skipum sínum ekki til veiða dagana 4.–7. júní 2012 til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. ASÍ hefur frá upphafi, þ.e. um leið og aðgerðirnar voru boðaðar, haldið því fram að þær væru ólöglegar þar sem í þeim fælist pólitísk vinnustöðvun sem er bönnuð skv. 2. tölul. 17. gr. nefndra laga um stéttarfélög og vinnudeilur. SA v/LÍÚ krafðist frávísunar málsins frá dómi þar sem samtökin töldu ASÍ ekki hafa lögvarðra hagsmuna að gæta að efnisúrlausn málsins.

Félagsdómur hafnaði frávísunarkröfunni og kærði SA v/LÍÚ þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands sem staðfesti úrskurð Félagsdóms með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar, auk þess sem SA v/LÍÚ var gert að greiða ASÍ kr. 250.000 í kærumálskostnað.

Er því ljóst að efnisdómur mun falla í málinu en málið var flutt munnlega fyrir Félagsdómi þann 24. september 2013 og málið strax í kjölfarið dómtekið. Áætlað er því að dómur verði uppkveðinn er líða tekur á október.

Málið er sögulegt fyrir þær sakir að engin fordæmi eru fyrir því að mál sé

höfðað vegna meintrar pólitískrar vinnustöðvunar. Að sama skapi er þetta í fyrsta sinn sem ASÍ höfðar mál f.h. allra aðildarfélaga sinna fyrir Félagsdómi.

Fríverslunarsamningur Íslands og Kólumbíu

Í nóvember 2012 fjallaði Alþingi um fríverslunarsamning milli EFTA og Lýðveldisins Kólumbíu og um landbúnaðarsamning milli Íslands og Kólumbíu. ASÍ lagðist eindregið gegn þessum samningum vegna viðvarandi mannréttindabrotu í Kólumbíu. Bent var á að frá 1.1 1986 til 31.12 2011 hafi 2.914 fulltrúar Kólumbískra verkalýðsfélaga verið myrtir, þarf af 772 formenn verkalýðsfélaga. Á sama tíma hefðu verið skráðar 11.942hótanir, 290 manndrápstilraunir, 222 mannhvörf, 5.397 líflátshótanir og 1.776 nauðungarflutningar. Það sem af hefði verið árinu 2012 hefðu 35 verkalýðsleiðtogar verið myrtir, reynt að myrða 10, 342 verið hótad lífláti og 16 fangelsaðir. Í umsögn ASÍ sagði m.a.:

„Lýðveldið Ísland, sem kýs að vera kyndilberi mannréttinda á alþjóðavettvangi, getur ekki gert eða verið aðili að samningum um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu sem sprettur úr jarðvegi grófra og viðvarandi mannréttindabrotu gegn launafólki og frjálsri verkalýðshreyfingu.“

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína

Þeim viðræðum um fríverslun við Kína, sem hófust 2007 en lauk ekki, var skyndilega framhaldið 2013 og lokið í heimsókn forsætisráðherra til Kína vorið 2013. ASÍ átti aðild að undirbúningsvinnu eins og 2007 en þá vakti ASÍ athygli á því að kínversk stjórnvöld standi sig illa við að fullgilda og framkvæma samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO). Um það vitni fjöldi kæra og kvartana sem hafi borist ILO. Þá var gerð grein fyrir stöðu samtaka launafólks í Kína sem væru enn í nánum tengslum við Kommúnistaflokkinn og væru enn eins konar vinnustaðasamtök en ekki eiginleg stéttarfélag. Þau fengu að starfa óáreitt ef þau fengjust við afmörkuð verkefni, þ.e. önnur en þau sem lúta að baráttu fyrir kaupmi, kjörum og bættum vinnuskilyrðum. Þegar viðræður voru teknar upp að nýju 2013 lagði ASÍ áherslu á sömu atriði og á að samhliða fríverslunarsamningi yrði undirrituð sérstök yfirlýsing (MOU) um samráð á sviði vinnumála með sama hætti og gert var í fríverslunarsamningi Kína og Nýja Sjálands. Samkvæmt honum fer vinnuáráðuneyti Nýja-Sjálands með aðild að samráðinu ásamt sambærilegu ráðuneyti af hálfu Kína. Inngangur þessa MOU vísar m.a. til markmiða ILO en ekki samþykktar; nefnir þó „enhance and enforce the basic workers‘ rights“ sem er annað hugtak en „fundamental rights“ sem er hið hefðbundna ILO-orðalag. Samkvæmt 2.gr. tl. I þessa MOU geta aðilar sameiginlega ákveðið (e. jointly decide) verkefni

sem þar eru nefnd og öll varða réttindi á vinnumarkaði. Hvor um sig getur átt frumkvæði að dagskrárefni. Skv. 4. tl. geta aðilar tekið sér til samráðs m.a. verkalýðsfélög sem geti annars vegar komið með tillögur um sameiginleg verkefni og hins vegar tekið þau að sér. Þetta þýðir að ef ASÍ á fasta aðild að samráðsvettvangi á sviði vinnumála hefur ASÍ heimild til þess að taka mál upp á samráðsvettvangi þessum hvort heldur sátt næst um viðbrögð eða ekki. ASÍ lagði til að þetta yrðu samningsmarkmið Íslands gagnvart Kína auk þess sem hið íslensk/kínverska MOU vísi til ILO Decent Work Agenda auk þess að vísa til markmiða ILO og til „fundamental rights“ en ekki bara „basic rights.“ Á þetta var fallist í undirbúningsvinnunni en síðan brá svo við um vorið 2013 að Ísland undirritaði fríverslunarsamninginn við Kína án nokkurrar yfirlýsingar um samstarf á sviði vinnumála. ASÍ mótmælti þessu verklagi harðlega og taldi að ríkisstjórnin hefði rofið fyrirheit sitt um að ganga samhliða frá samningi um fríverslun og vinnumál. Í haust verður samningurinn lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og skv. upplýsingum utanríkisráðuneytisins eru enn bundnar vonir við að fyrir þann tíma takist að ljúka samkomulagi um vinnumál.

Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar ASÍ var fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins og Ríkissjóðs Íslands stefnt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þann 16.4.2013 þar sem þess var krafist að viðurkennt verði með dómi að stefnda, þ.e. íslenska ríkinu, hefði verið óheimilt að leggja á lífeyrissjóði, sem félagsmenn aðildarfélaga stefnanda eiga skyldu aðild að samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, gjald samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem lögfest var með 3. gr. laga nr. 156/2011. Alþýðusamband Íslands höfðaði málið í eigin nafni skv. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til gæslu lögvarinna hagsmuna félagsmanna allra aðildarsamtaka sinna hverra félagsmenn allir eiga skyldu aðild skv. 1. ml. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997 að lífeyrissjóðum á samningssviði sambandsins. Stefndi krafðist bæði frávísunar og sýknu og fer málf lutningur um frávísun fram þann 29. október nk.

Stofnun „guls stéttarfélags“ – Félags lykilmanna

FLM – Félag lykilmanna (FLM) var stofnað í Kópavogi 21.3.2012. Samkvæmt lögum félagsins er það sagt vera „stéttarfélag“ stjórnenda og sérfræðinga og markmið þess sé að styrkja stöðu félagsmanna á vinnumarkaði og stuðla að tekjuöryggi þeirra. Samkvæmt svari félagsins við formlegri fyrirspurn þann 19.10.2012 er félagið jafnframt opið fyrir inngöngu „almennra launþega“ þótt það eigi fyrst og fremst að höfða til sérfræðinga og stjórnenda á almennum

vinnumarkaði, „sem ekki eru í stéttarfélögum eða kjósa að standa utan hefðbundinna stéttarfélaganna“. Félagið hefur ekki að markmiði að gera kjarasamninga um kjör félagsmanna. Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi og virðast hafa verið ákveðin 0,05% af heildarlaunum ef marka má upplýsingar á heimasíðu félagsins. Félagið rekur einn sjóð, Sjúkrasjóð FLM, og er stjórn félagsins stjórn hans og aðalfundur félagsins virðist jafnframt vera aðalfundur hans. Tekjur sjúkrasjóðs eru „samningsbundin“ iðgjöld og fjármagnstekjur. Í lögum og reglugerðum félagsins er ekki að finna skýringar á því hvað átt er við með samningsbundnum iðgjöldum en tekið er fram á eyðublaði fyrir inngöngu að aðalfundur ákveði iðgjald, þ.e. að iðgjald til sjóðsins sé ákveðið af meirihluta félagsmanna en vart geta það talist samningsbundin iðgjöld. Í kynningarefni sjóðsins segir síðan að „Vinnuveitendur greiða 1% af launum starfsmanna í sjúkrasjóð FLM“. Samkvæmt lögum félagsins og reglugerð sjúkrasjóðs eiga vinnuveitendur ekki rétt til inngöngu í félagið sem einungis er opið launafólki, sbr. hér að framan. Hvergi á heimasíðu félagsins, lögum þess eða reglum er að finna skýringu á þessari greiðsluskyldu vinnuveitenda eða nákvæmlega á hverju hún byggir. Niðurstaða lögfræðinga ASÍ var að FLM sé ekki stéttarfélag í skilningi 1. gr. laga nr. 80/1938 og 74. gr. stjórnarskrár; að Sjúkrasjóður FLM sé ekki sjúkrasjóður stéttarfélags í skilningi 7. gr. laga nr. 19/1979 eða 6. gr. laga nr. 55/1980; að vinnuveitendur séu skv. lögum ekki greiðsluskyldir til sjúkrasjóðs FLM; að vinnuveitendur losni ekki undan greiðsluskyldu til sjúkrasjóða sem byggja á kjarasamningum vegna þeirra starfsmanna sinna sem teljast til lykilmanna í rekstri þeirra en hverra störf falla undir gildissvið kjarasamninga og loks að starfsemi sjúkrasjóðs FLM kunni að vera leyfis skyld skv. lögum nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga og lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.



Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélagunum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóði og stjórn landsskrifstofu mennta-áætlunar ESB, auk þess sem sambandið tilnefnir í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla í skýrslu forseta ASÍ ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum aldrei verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og frumkvæði ASÍ varðandi umsókn til þróunarverkefnis á sviði starfsmenntunar í sjóði Evrópusambandsins. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú.

Alþýðusambandið hefur tekið virkan þátt í innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla og framhaldsfræðslu, í beinum samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og í gegnum aðild sína að starfsgreinaráðum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði. Þá hefur Alþýðusambandið haft frumkvæði að umfangsmiklum verkefnum á sviði menntunar fyrir ungt fólk og atvinnuleitendur og framkvæmd þeirra. Loks hefur Alþýðusambandið í samstarfi við SA og stjórnvöld hafið vinnu við að draga lærdóma af verkefnum á vettvangi Evrópusambandsins er lúta að því að spá fyrir um færni- og þekkingarkröfur atvinnulífsins til starfsmanna og hvernig má samþætta stefnumótun og aðgerðir í atvinnumálum og vinnumarkaðsmálum annars vegar og framboð á menntun hins vegar.

Þá hefur fulltrúi Alþýðusambandsins tekið þátt í úthlutun úr þróunarsjóði menntunar sem ákveðið var í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011 að setja upp til þriggja ára.

Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan. Einnig hafa iðnaðarlögin og mögulegar breytingar á þeim verið til umfjöllunar í nefndinni.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti. Þá er í kaflanum um vinnumarkaðs- og félagsmál á öðrum stað í skýrslunni sérstaklega fjallað um þau mennta- og vinnumarkaðsverkefni sem ákveðið var að vinna að í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí 2011.

Hæfniramma um íslenskt menntakerfi

Um árabíl hefur á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins verið unnið að hæfniramma sem ætlað er að vera leiðbeinandi fyrir menntakerfið við gerð námslýsinga og námskráa og mat á námi. Á vormánuðum 2013 sendi ráðuneytið til kynningar og umsagnar tillögur sínar í þeim efnum. Alþýðusambandið veitti umsögn sína um efnið og sambærileg umsögn var einnig gefin af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Í umsögn ASÍ er bent á að í lögum um framhaldsfræðslu eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind með hliðsjón af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Með hæfnirammanum, sem tengdur er við evrópska hæfnirammann (EQF), er gert ráð fyrir stígandi í námi, ramminn á að vera upplýsandi fyrir hagsmunaaðila og gefa vísbendingu um hvaða hæfni nemendur eigi að búa yfir og vera jafnvel hvatning til frekara náms.

Markmiðið með hæfnirammanum er að gefa kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla ásamt

vottaðs náms innan framhaldsfræðslu. Þá er einnig gert ráð fyrir að menntakerfið verði gegnsærra og skiljanlegra og auki hreyfanleika námsmanna milli landa. Enn á eftir að taka á ýmsum álitamálum í tengslum við menntun í atvinnulífínu og vilji er til að nýta hæfnirammann til að auka hlut raunfærnimats og gera tengingu framhaldsfræðslu við formlega menntakerfið skýrari.

Í umsögn ASÍ er síðan gagnrýnt hversu takmarkað samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila, þ.m.t. Alþýðusambandið, varðandi vinnuna að hæfnirammanum og gagnrýnd nálgun sem er að finna í drögum ráðuneytisins varðandi nokkra þætti. Í lok umsagnarinnar segir síðan:

„Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á aukna samvinnu allra hagsmunaaðila og að tillagan að hæfnirammanum verði endurskoðuð, m.t.t. breiðari notkunar og skilgreiningar áður en hann verður staðfestur. Þar verði m.a. horft til mats á óformlegu námi; farið verði yfir hvort fjölga eigi þrepunum og skilgreina betur styttri námsbrautir í framhaldsfræðslu með það í huga að byggja traustari brýr milli skólastiga. Þá verði einnig skoðað hvernig grunn- og framhaldsnám (fagháskólastig) á sviði verk- og tæknigreina að loknum framhaldsskóla eigi að raðast innan viðmiðunarrammans.“

Félagsleg fræðsla

MFA fræðsludeild ASÍ

Fræðsludeild ASÍ hefur það að markmiði að bjóða upp á fræðslu og námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Lögð er áhersla á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn í starfi svo þeir séu betur í stakk búnir að takast á við auknar kröfur sem gerðar eru til þeirra í síbreytilegu samfélagi. Bodið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Þá býður Fræðsludeildin einnig upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA Fræðsludeildar.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri Fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlánir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlaginu frá ríkissjóði. Framlagið hefur verið um 14 milljónir á ári síðustu þrjú ár.

Starfsmenn skólans eru fimm, þar af tveir í fullu starfi og þrír í hálfu starfi.

Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar ASÍ og starfsmanna skólans, er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefna fyrir hverja önn. Þarfragreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarféлага mikilvægur þáttur í starfi þeirra.

Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá.

Við skipulag trúnaðarmannanámskeiða er unnið út frá námskránum *Trúnaðarmannafræðsla I og II* sem gefnar hafa verið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Um er að ræða samtals 142 kennslustundir. Samningur er við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Félagsmálaskólinn hefur nýtt sér sameiginlegt nemendabókhald Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hafa allir sem setið hafa á trúnaðarmannanámskeiðum verið skráðir í þetta nemendabókhald. Frá og með síðustu áramótum var tekið í notkun nýtt nemendabókhald sem Félagsmálaskólinn hefur einn aðgang að og er vistað hjá skólanum.

Undanfarið hefur staðið yfir endurskoðun á námskránum *Trúnaðarmannanámskeið I og II*. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar er mikil þörf á breytingum. Efnið er farið að skarast töluvert og einnig er þó nokkuð um endurtekingar milli námsþátta. Auk þess hafa félögin kallað eftir ítarlegri fræðslu í hverjum námsþætti. Námskrárnar fela í sér 142 kennslustundir samtals, eins og áður sagði, en vonir standa til að hægt verði að fækka þeim í 120 án þess þó að rýra innihaldið og gefa út eina námskrá, sem verður 120 stundir en skiptist í tvo hluta. Valfögum hefur verið fækkað en efninu bætt við almenna námsþætti. Með því er ætlunin að gera námið „þéttara“ og efnismeira. Ekki stendur til að breyta einingamati en núna hafa nemendur möguleika á að fá allt að 11 einingar metnar ef þeir hafa farið í gegnum báðar námskrárnar.

Í kjölfar endurskoðunar á námskrám hefur verið tekið tillit til viðmiðunarrammans og námskrárnar settar á þrep. Í lögum um framhaldsfræðslu eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind með hliðsjón af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Með hæfnirammnum, sem tengdur er við evrópska hæfnirammann (EQF), er gert ráð fyrir stífgandi í námi, ramminn á að vera upplýsandi fyrir hagsmunaaðila og gefa vísbendingu um hvaða hæfni nemendur eigi að búa yfir og vera jafnvel hvatning til frekara náms.

Markmiðið með hæfniramma er að gefa kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla ásamt vottaðs náms innan framhaldsfræðslu.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árunum 2012–2013. Alls voru 32 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 383 námskeiðin sem er aðeins minni þátttaka en undanfarin ár. Þar af voru 231 kona og 152 karlar.

Sameiginleg námskeið fyrir trúnaðarmenn stéttarféлага ASÍ og BSRB

Mikilvægt er að félagsleg fræðsla trúnaðarmanna sé sem allra best og allir trúnaðarmenn fái tækifæri til að sækja trúnaðarmannanámskeið. Á síðasta misseri var boðið upp á sameiginleg trúnaðarmannanámskeið fyrir öll stéttarfélag innan ASÍ og BSRB á öllu landinu. Mæltist það vel fyrir og voru þau vel sótt.

Boðið var upp á þrjú 1, 2 og 3 úr námskránni, *Trúnaðarmannanámskeið I*. Alls voru haldin 10 námskeið víðs vegar á landinu og heildarfjöldi þátttakenda var 102. Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á sameiginleg námskeið.

Almenn námskeið

Gefinn hefur verið út heildarbæklingur með öllum þeim námskeiðum sem Félagsmálaskólinn býður upp á en þau eru alls 42. Sú breyting hefur orðið að nú eru ekki haldin námskeið á fyrir fram ákveðnum dögum eins og undanfarin misseri heldur eru þau pöntuð sérstaklega af einstökum félögum. Reynslan sýnir að meiri aðsókn þátttakenda er á þau námskeið sem pöntuð eru sérstaklega.

Samstarf við Landssamband lífeyrissjóða og Samtök atvinnulífsins

Félagsmálaskóli alþýðu hefur haldið nokkur námskeið fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyrissjóða, til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafarnefnd sem metur hæfi þeirra. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði, sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008, sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997, en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir „nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt“. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjú daga, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafarnefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa verið haldin 6 námskeið og fram að þessu hafa yfir 140 manns sótt námskeiðin.

Í tengslum við þessi námskeið fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME komu fram ítrekaðar fyrirspurnir og óskir um námskeið fyrir fleiri hópa um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna. Til að mæta þessu var sett upp styttra almennara námskeið þar sem farið var yfir helstu þætti lífeyriskerfisins og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna. Námskeiðið var tveggja daga yfirlitsnámskeið um íslenska lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða. Farið var yfir helstu þætti er snerta hlutverk og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir auk þess sem rætt er um hlutverk stjórnarmanna og hæfi þeirra. Námskeiðið er góður inngangur fyrir þá sem vilja kynna sér málaflokkinn og gagnast vel þeim sem áhuga hafa á stjórnarstörfum í lífeyrissjóðunum, tilvonandi stjórnarmönnum, (nýjum) starfsmönnum lífeyrissjóða, fulltrúaráðum lífeyrissjóða, starfs- og stjórnarmönnum stéttarféлага, fulltrúum í lífeyrisnefndum féлага og öðrum þeim sem hafa áhuga á málefnum.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Til að mæta auknum kröfum, sem gerðar eru til forystu og starfsfólks innan samtakanna, hefur verið búin til námsleiðin *Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarféлага*. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna, hvort sem þeir eru formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til að uppfylla kröfur og væntingar, sem gerðar eru til þeirra, og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að efla liðsheild, efla samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarféлага þeirra og stuðla þannig að því að samstarf heildarsamtakanna verði öflugra.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Ýmist verða í boði styttri námskeið eða stærri námslotur sem byggðar verða upp í kringum skyld viðfangsefni. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjál. Boðið var upp á nokkur námskeið, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, en ekki náðist að halda þau öll vegna dræmrar þátttöku. Þó voru haldin þrjú námskeið og var þátttakan í þeim góð. Þau voru *Umsjón funda og ólík fundarform*, *Krefjandi samskipti* og *Að tjá sig af öryggi*. Alls sóttu 78 þau námskeið. Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslusetursins Starfsmenntar var notað en þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvinduna.

Samstarf við framhaldsskóla

Fræðsludeild Alþýðusambandsins hefur boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga. Færst hefur í aukana að námsráðgjafar framhaldsskólanna og kennarar hafi samband og biðji um þessa fræðslu fyrir nemendur. Fylgt var eftir skipulögðu kynningarátaki síðasta árs en þá setti Fræðsludeildin sig í samband við skólana og bauð markvisst upp á þessi fræðsluerindi. Því var vel tekið og hafa þessar heimsóknir mælst vel fyrir og nemendur spurt margra spurninga. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði, svo sem vinnutíma, ráðningasamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga. Þörfin hefur verið brýn að fræða ungmenni um vinnumarkaðinn þar sem margir nemendur á framhaldsskólastigi eru farnir að vinna með skóla en eru lítt meðvitaðir um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum. Farið var í 11 skóla á síðasta ári og í sumum tilfellum oftár en einu sinni í hvern skóla.

Genfarskólinn

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu-málastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur í Norræna lýðháskólanum kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra og hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnumálaþingsins og nefndastarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara út til Genfar í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélögum. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að íslenskir þátttakendur hafi sótt fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundum hér á landi sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands, sem sækja ILO-þingið, og þátttakendur síðasta árs.

Deildarstjóri Fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Síðastliðin fimm ár hefur Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, verið verkefnastjóri og yfirmaður Genfarskólans ásamt því að vera varamaður í stjórn.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 3661 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun og samfara endurskoðun á námskrám verður efni handbókarinnar gert ítarlegra. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Allt efni hennar er aðgengilegt á heimasíðunni www.felagsmalaskoli.is.

Skipulag hópfunda

Fræðsludeild hefur í auknum mæli aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekkest úr kennslufræðinni og námssálarfræðinni. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum ASÍ og hefur Fræðsludeildin séð um þá vinnu.

Heimasíða

Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu, www.felagsmalaskoli.is. Þar má finna upplýsingar um námsframboð, handbók trúnaðarmannsins, efni um einelti og margt fleira.

Menntun og færni- og hæfnikröfur atvinnulífsins – Evrópusamstarf

Að frumkvæði Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins og í ágætu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú um nokkurra missera skeið verið unnið að aðild Íslands að verkefni á vegum CEDEFOP (starfsmenntastofnunar Evrópu) um samþættingu mennta-, vinnumarkaðs- og atvinnustefnu undir heitinu *Ný færni og störf*. Meginþáttur verkefnisins snýr að því að gera spálíkan um framboð og eftirspurn eftir hæfni á vinnumarkaði til næstu ára (2020). Spálíkanið byggir á gögnum um vinnumarkað einstakra ríkja, einkum er stuðst við vinnumarkaðsrannsóknir í gegnum gagnabanka Evrópsku hagstofunnar (Eurostat, en einnig skattagrunn (staðgreiðslugögn), E3ME-módel/gagnasafn, mannfjöldaspár, launakannanir o.fl.

Það sem hefur knúið Alþýðusambandið og aðra þá sem sýnt hafa verkefniinu áhuga er sannfæringin um mikilvægi þess að dýpka með kerfisbundnum hætti þekkingu á vinnumarkaðinum og atvinnulífinu. Ætlunin er að byggja upp þekkingu og færni hér á landi með aðferðum sem segja fyrir um þörf atvinnulífsins fyrir hæfni og færni og spá fyrir um þróun atvinnulífsins og sköpun starfa og hæfnikröfur þeirra, einkum á nýjum sviðum. Stefnir er að því að tengja saman framangreinda þætti og þróun og framboð á menntun og starfsþjálfun í íslensku menntakerfi og á vinnumarkaði.

Í nóvember 2012 var samþykkt *Aðgerðaáætlun um greiningu og gerð spár um menntun og mannaflapörf* (e. skills forecasting). Að verkefninu standa mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins (SA) og velferðarráðuneyti. Tilgangurinn er að vinna áætlun um nauðsynlegar aðgerðir til að Ísland verði fullgildur aðili að mannaflaspám Cedefop og skipuleggja hvernig öflun og miðlun gagna á þessu sviði verði komið í fastan farveg hér á landi. Stefnt er að því að þessum verkþætti ljúki haustið 2013.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Árið 2013 er 11. starfsár FA og þriðja ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Unnið hefur verið að innleiðingu laganna og reglugerðar nr. 1163/2011.

Starfsemin hefur verið með reglubundnum hætti á árinu. Þann 1. september 2012 hófst vinna við verkefnið *Próun raunfærnimats* til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun. Verkefnið fékk IPA-styrk frá Evrópu-sambandinu að upphæð 1.875.000 evrur, sem er 75% kostnaðaráætlunar. Mótframlag 25% greiðir Fræðslusjóður. Þetta er stærsta einstaka verkefnið sem FA hefur tekið að sér utan þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í verkefninu verður lagður grunnur að 47 nýjum raunfærnimatsverkefnum; auk þess verður byggð upp vefgátt um störf og nám með 500 lýsingum starfa. Þetta starf byggist m.a. á greiningum á þörfum vinnumarkaðar fyrir þekkingu sem unnar eru af Vinnumálastofnun. Í lok verkefnisins verða afurðir þess kynntar. Verkefnið er til þriggja ára. Fjóra María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá FA, stýrir verkefninu og starfsmenn eru 4 auk hennar.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2012–2013 eru fyrir hönd ASÍ: Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson; fyrir hönd SA: Guðrún Eyjólfsdóttir, María Guðmundsdóttir og Torfi Pálsson; fyrir hönd fjármálaráðuneytisins: Guðmundur H. Guðmundsson og fyrir hönd BSRB: Árni Stefán Jónsson. Varamenn í stjórn eru Eyrún Ingadóttir fyrir hönd ASÍ, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrir hönd SA og tók hún við af Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur á aðalfundi í júní, Sólveig B. Gunnarsdóttir fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og tók hún við af Guðfinnu Harðardóttur um sl. áramót, Arna Jakobína Björnsdóttir fyrir hönd BSRB. Stjórnin hélt 7 fundi á árinu 2013 auk aðalfundar 13. júní.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2012–2013 voru: Ingibjörg Elsa

Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Ásmundur Hilmarsson, Friðrik Hjörleifsson, sem tók við af Björgvini Þór Björgvinnssyni í apríl, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Steinunn Þórdís Júlíusdóttir. Arnar Þorsteinsson er ráðinn til eins árs frá 15. ágúst. Stöðugildi voru 13,55 Haldnir voru 14 starfsmannafundir frá 1. september 2012–31. ágúst 2013.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2013

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið frá ársbyrjun 2011 út árið 2015. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnum ekki með beinum hætti heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluáðilar sem jafnframt eru samstarfsaðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíður FA, www.frae.is, og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. september 2012 til 31. ágúst 2013.

Námskrár og námslýsingar

Gæðaviðmið í námskrárgerð í framhaldsfræðslu hafa verið í vinnslu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins síðastliðin ár. Námskrár eru því einungis vottaðar í tilraunaskyni til árs í senn. Í mars og júní 2013 fengu fimm námskrár endurmat:

- *Starfsnám stuðningsfulltrúa*, grunnnám (162 kennslustundir (kest.)) og *Starfsnám stuðningsfulltrúa*, framhald (84 kest.). Námið er ætlað starfsfólki í þjónustu við fatlaða, aldraða og sjúka. Grunnnámið er metið til allt að 13 eininga en framhaldsnámið er metið til allt að 7 eininga.
- *Landnemaskóli II* (120 kest.) sem lýsir námi sem ætlað er innflytjendum sem hafa lokið *Landnemaskóla*. Námskráin var metin til allt að 10 eininga.
- *Menntastodir* (660 kest.) voru metnar til allt að 50 eininga og *Opin smíðja* (120 kest.) metin til allt að 10 eininga. Þessar tvær námskrár eru skrifaðar í samræmi við hugmyndir um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið. Fimm nýjar námslýsingar samkvæmt námskránni *Opinni smíðju* hafa verið

skrifaðar til viðbótar við þær sem áður hafa fengið heimild til kennslu. Um er að ræða námslýsingar fyrir *Pinnasuðu*, *Trébátasmiði*, *Tigsuðu* og *Margmiðlunarsmiðju – gerð og eftirvinnslu myndbanda*. Einnig var veitt ráðgjöf við skrif á *Listasmiðju*.

Námskráin *Skrifstofuskólinn* var endurskoðuð og sett fram á þrepi í samræmi við íslenska viðmiðaramann með áherslu á hæfniviðmið. Endurskoðunin var unnin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og Mími-símenntun. Almennir námsþættir voru unnir af FA en sérstakir þættir voru unnir af NTV og yfirfarnir af FA. Samkvæmt bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dagsettu 27. mars 2013, var námskráin metin til allt að 18 eininga og tilraunakennsla heimilud í eitt ár. Einnig var ný námskrá skrifuð í samstarfi við NTV og Mími-símenntun, *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*. Námskráin er sett fram á þrepi í samræmi við íslenska viðmiðaramann með áherslu á hæfniviðmið. Samkvæmt bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins dagsettu 10. maí 2013 var námskráin metin til allt að 30 eininga og tilraunakennsla heimilud í eitt ár. Báðar þessar námskrár voru staðsettar á 2. þrep íslenska viðmiðaramanns.

Skrifuð var námskrá fyrir fyrsta hluta ferðaþjónustunáms samkvæmt niðurstöðum tilraunaverkefnis í ferðaþjónustu. Verkefnið var unnið í samstarfi við Kvasi og Menntaskólann í Kópavogi. Jafnframt var veitt ráðgjöf við skrif á námskrá í ferðaþjónustu fyrir framhaldsskóla sem byggð er á námskrám framhaldsfræðslunnar. Bæði þessi verkefni voru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Námskrá fyrir starfsfólk verslana var skrifuð þar sem unnið var út frá niðurstöðum færnigreiningar eins og gert var við skrif á námskrá fyrir ferðaþjónustuna. Báðar námskrárnar eru skrifaðar með það í huga að mæta kröfum atvinnulífsins en um leið kröfum menntakerfisins um dýpt og breidd í innihaldi og fjölbreytileika. Námskrárnar eru skrifaðar í samræmi við kröfur um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið (e. learning outcome). Hæfniviðmiðum er lýst á þremur þrepum, þrepi 1, 2 og 3. Vinna við tengingu framhaldsfræðslu við íslenska viðmiðaramann er ekki lokið.

Áfram var unnið að endurskoðun á Grunnmenntaskólanum. Endurskoðunin verður unnin samhliða þróun á raunfærnimati í almennum bóklegum greinum. Námskráin verður skrifuð í samræmi við kröfur um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið.

Undirbúningur fyrir endurskoðun á námskránum *Landnemaskólinn* og *Landnemaskólinn II* hófst þar sem meðal annars var send út könnun til allra símenntunarmiðstöðva þar sem spurt var um ýmsa þætti sem tengjast endurskoðuninni. Námskrárnar verða settar á þrep og þær skrifaðar í samræmi við kröfur því tengdu með áherslu á hæfniviðmið.

Í undirbúningi er samningur við Mími-símenntun um skrif á námskrá fyrir innflytjendur ólæsa á latneskt letur.

Fulltrúar FA tóku þátt í vinnu við gerð gæðaviðmiða um vottun námskráa undir stjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins á tveimur fundum í lok árs 2012. Gerðar voru athugasemdir við drög að gæðaviðmiðum sem lögð voru fram af hálfu ráðuneytisins í júní 2013. Vinna við námskrárgrunn fyrir framhaldsfræðsluna er hafin í umsjón mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA á fulltrúa í þeirri vinnu. Tveir vinnufundir voru haldnir í upphafi árs 2013.

Handbók fyrir leiðbeinendur er í vinnslu. Þar eru leiðbeiningar um nýja framsetningu námskráa þar sem hæfniviðmið eru sett fram á þrepum. Þróun á framsetningu námskráa og hæfniviðmiða er enn í gangi.

Fræðslusjóður

Stjórn Fræðslusjóðs hélt 7 fundi frá 1. september 2012 til 31. ágúst 2013. FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsýslu með honum samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir fulltrúar: Jón Torfi Jónasson, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður stjórnar; Kristín Njálisdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og er hún varaformaður stjórnar; tilnefnd af ASÍ í stjórn eru Atli Lýðsson og Halldór Grönvold, til vara eru Ástríður Valbjörnsdóttir og Guðmundur Gunnarsson; tilnefnd af SA í stjórn eru Guðrún Eyjólfsdóttir og Álfheiður Mjöll Sívertsen og til vara Friðrik Friðriksson og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir; tilnefnd af BSRB í stjórn eru Garðar Hilmarsson og til vara Kristín Á. Guðmundsdóttir; tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti er Guðfinna Harðardóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson, Guðfinna hætti í stjórninni á árinu og í hennar staðkom Sólveig B. Gunnarsdóttir; tilnefnd af félags- og tryggingamálaráðuneyti er Anna Kristín Gunnarsdóttir og til vara Bjarnheiður Gautadóttir; tilnefnd af Félagi framhaldsskóla er Olga Lísu Garðarsdóttir og til vara Þór Pálsson.

FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna og tölfræðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði og veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst of fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Úthlutanir úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fóru fram á vormánuðum. Sérstök matsnefnd á vegum Fræðslusjóðs annast úthlutanir. Sótt var um styrki

til 47 verkefna að upphæð kr. 111.291.671. Úthlutað var til til 22 verkefna alls kr. 33.732.000.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Með söfnun, varðveislu og miðlun upplýsinga er markmiðið að FA búi yfir góðum og áreiðanlegum gögnum á starfssviði sínu. Gæði og aðgengi að réttum upplýsingum er grundvöllur fyrir því að FA geti skilað stjórnnum Fræðslusjóðs og FA áreiðanlegum skýrslum og miðlað upplýsingum innan lands sem utan.

Frá árinu 2006 hafa verið ákvæði um greiðslur vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar í samningum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Á grundvelli laga um framhaldsfræðslu færðust greiðslurnar frá FA yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011. Árangur í vottuðum námsleiðum og raunfærnimati er tekinn saman tvisvar á ári (í janúar og ágúst) og skýrsla unnin úr þeim tölum. Í náms- og starfsráðgjöf er upplýsingum safnað saman ársfjórðungslega. Niðurstöður þessarar upplýsingaöflunar fyrir árið 2012 má sjá í samnefnum köflum aftar í skýrslunni.

Öflun upplýsinga fyrir markhóp

Á vef Hagstofu Íslands var fylgst með upplýsingum um markhóp FA. Aðallega var fylgst með þróun atvinnuleysis, þróun á stöðu innflytjenda og skiptingu vinnuafis eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Gögn um þátttöku í símenntun, sem koma fram í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, voru greind og túlkuð.

Á vef Vinnuálastofnunar var fylgst með þróun atvinnuleysis á Íslandi. Einkum er fylgst með tölum um atvinnuleysi verkamanna enda er líklegt að í hópi verkakarla og kvenna sé fjölmennur markhópur FA, þ.e. þau sem eru á vinnumarkaði og hafa ekki lokið framhaldsskóla.

Á vef OECD var skoðuð og túlkuð tölfræði sem varðar markhóp FA og sambærilega hópa í Evrópu. Heftið *Education at a glance* var skimað. Þýddur texti og tölfræðilegar upplýsingar úr heftinu eru notaðar í kynningarefni FA þegar það á við.

Á vef CEDEFOP var sótt efni og skimað. Þar á meðal voru tölfræðilegar upplýsingar og skýrslur eins og *Curriculum reform in Europe, Future skills supply and demand in Europe* og *Skills supply and demand in Europe*. Kynningarefni var unnið úr gögnum.

Skilgreining á menntunarbörfum markhóps

Unnið hefur verið að því að þróa hagkvæma og faglega leið við hæfnigreiningar starfa til að ákvarða fræðsluþörf markhópsins. Einnig var lagður grunnur að skipulagi heildstæðs náms innan framhaldsfræðslunnar með skilgreindum

námslokum. Tilraunaverkefni í ferðaþjónustu, sem stofnað var til 2011, var eftir sem áður umgjörð þessa starfs. Eftir að hafa skoðað, prófað og lagt mat á notagildi mismunandi aðferða var ákveðið að byggja á þrepaskiptum hæfniskilgreiningum frá fyrirtækinu HRSG í Kanada. Í september var tekin ákvörðun um kaupa aðgang að *CompetencyCore*, sem er rafrænn gangagrunnur frá HRSG og hefur að geyma yfir 300 þrepaskiptar lýsingar á færni og annað eins af lýsingum starfa. Í framhaldi af því hófst vinna við þýðingar og aðlögun. Hugmyndir FA um verklag við greiningu færnikrafna voru kynntar á nokkrum fundum innanlands. Aðferðinni var beitt í nokkrum verkefnum og reyndist vel en áfram bíður frekari þróun, þýðingar og aðlögun m.a. að íslenskum viðmiðaramma.

Mikilvægt er að fylgjast með því sem gert er í öðrum löndum og hjá öðrum aðilum hérlandis í tengslum við hæfnikröfur starfa og tengingu við viðmiðaramma. Það hefur verið gert með því að fylgjast með erlendum vefsíðum, skýrslum og fréttabréfum; t.d. hefur fjölbreytt útgáfa CEDEFOP verið rýnd og lykilskýrslur frá t.d OECD. Fyrirkomulag menntunar í atvinnulífni og færnikröfur til ýmissa starfa í öðrum löndum hafa verið skoðaðar og sóttir fjölmargir viðburðir innanlands á vegum stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila sem tengjast málefnum.

Starfshópur vegna tilraunaverkefnis í ferðaþjónustu, skipaður fulltrúum frá FA, SAF, SGS, MK og Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina lagði fram fyrstu drög að tillögu um skipan náms í ferðaþjónustu innan framhaldsfræðslunnar í nóvember 2012. Drögin fengu almennt jákvæðar undirtektir í baklandinu en á fundi í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina komu fram neikvæð viðbrögð og niðurstöður FA úr hæfnigreiningu tortryggðar. Starfshópurinn ákvað því að fara í frekari upplýsingasöfnun. SAF fékk styrk frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að gera könnun sem starfsmenn FA tóku þátt í að móta. Maskína ehf. vann könnunina og voru niðurstöður kynntar þann 27. nóvember 2012 og má sjá þær á www.frae.is. Niðurstöður könnunarinnar styðja fyrri greiningu FA og veita gagnlegar viðbótarupplýsingar. Starfshópurinn lauk störfum í ársbyrjun 2013 með því að leggja fram tillögu að nýju fyrirkomulagi á skipan náms. Fulltrúar Starfsgreinaráðs skrifuðu ekki undir tillöguna. Námshönnun og námskráritun fyrsta hluta náms í ferðaþjónustu lauk í maí 2013 og þar með lauk tilraunaverkefninu. Greinargerð þess efnis var undirrituð af samstarfsaðilunum FA, SGS og SAF í ágúst 2013. Eftir stendur að halda áfram þróun samkvæmt tillögum starfshóps og láta reyna á nýtt fyrirkomulag.

Tillaga starfshóps felur í stórum dráttum í sér að hægt verði að ljúka námi innan framhaldsfræðslunnar á tilteknu þrepi (hér var miðað við 2. þrep) til að styrkja stöðu á vinnumarkaði eða halda áfram námi í framhaldsskóla.

Mikilvægur hluti tillögunnar snýst þó um þá áherslu að einstaklingar geti á löngum tíma safnað upp í skilgreind námslok með þátttöku í stuttum nám-skeiðum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk sumarið 2012 sjö verkefnastyrki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í tengslum við Styrki til eflingar starfs-menntunar. Hvert verkefni var styrkt um kr. 2.000.000. Verkefnin hófust flest haustið 2012 og lauk öllum í maí 2013. Öll þessi verkefni byggðust á nánu samstarfi við aðila í atvinnulífinu og sum einnig á samstarfi við aðra fræðsluaðila. Í nokkrum tilvikum var um aðkeypta sérfræðivinnu að ræða. Greinargerðir og afurðir þessara verkefna hafa verið sendar styrkveitendum og samstarfsaðilum.

Verkefnin eru þessi:

- Ferðabjónusta í framhaldsfræðslu, samstarf FA, Kvasis og Menntaskólans í Kópavogi um námskráritun og nýskipan náms í framhaldsfræðslu og tengingu við formlega skólakerfið. Aðrir samstarfsaðilar eru SAF og SGS. Þetta verkefni er byggt á tillögu starfshóps vegna tilraunaverkefnis í ferða-bjónustu.
- Ferðabjónusta í framhaldsskóla, samstarf FA, Menntaskólans í Kópavogi, Fjölbautarskólans í Breiðholti, SAF, SGS um yfirfærslu námskrár fram-haldsfræðslunnar yfir í framhaldsskóla.
- Greining á þörf fyrir nám í skógrækt, skilgreining starfa og hæfnikrafna vegna starfa almennra starfsmanna, samstarf FA og Landbúnaðarháskóla Íslands með þátttöku SGS og ýmissa hagsmunaaðila í skógrækt.
- Greining á stöðu almennra starfsmanna í matvælaíðnaði og þörf fyrir menntun, samstarf FA, SGS og SI. Könnun vegna þessa verkefnis var unnin af Maskínu ehf. og má finna á www.frae.is
- Greining á störfum og hæfnikröfum starfa í matvælaíðnaði, samstarf FA, SGS og SI.
- Greining á þörf fyrir nám fyrir háseta og bátsmenn, skilgreining starfa og hæfnikrafna, samstarf FA, SSÍ og LÍÚ. Verkefnið var unnið í samráði við markviss-ráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum og hafa niðurstöður verið kynntar fyrir stjórn Sjómenntar.
- Hönnun náms og ritun námskráa fyrir almenna starfsmenn í fjórum teg-undum verslana, samstarf FA, SVP og starfsgreinaráðs skrifstofu- og versl-unargreina.

Síðasttalda verkefnið byggir á greiningarverkefni sem FA yfirtók frá Fagráði verslunar- og bjónustu. Það verkefni kallast *Störfin og kröfurnar* og felst í að greina hæfnikröfur í fjórum tegundum verslana. SVP fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til verkefnisins. Niðurstöður voru kynntar á menntafundi á vegum SVP.

Í öllum ofantöldum greiningarverkefnum var beitt þeirri aðferðafræði sem er í þróun hjá FA með þrepaskiptum hæfnilýsingum sem keyptar voru frá HRSG. Með því fékkst dýrmat reynsla sem vinna þarf úr og var því sótt um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í maí sl. til að þróa aðferðafræðina, gera handbók og þjálf fleiri til að beita aðferðinni. Sá styrkur var veittur og skal því verkefni lokið í maí 2014.

Nokkur ný hæfnigreiningarverkefni eru í farvatninu en engar ákvarðanir hafa verið teknar. Mest er um vert að fylgja nýloknum verkefnum úr hlaði og fullmóta þau gögn og aðferðir sem byggt er á.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað 20 námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Starfið hefur frá upphafi falist í þróunarvinnu, námskeiðahaldi, fræðslufundum og ráðgjöf. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp gagnasafn um framhaldsfræðslu, u.þ.b. 640 bækur og önnur gögn, og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistikur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð. Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 70 mislöng kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals 13.066 nemendastundir og 1.233 nemendur (staðan 1. september 2013). Starfsmenn hafa einnig tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðrar þjóðir.

Eftirtalin Stiklunámskeið voru haldin á tímabilinu:

- *Stiklur 2–3: Grunnnámskeið* var haldið fyrir Austurbrú á Reyðarfirði 15. október.
- *Stiklur 12: Úrræði við læsis- og ritunarvanda* var haldið í Reykjavík fyrir Mími símenntun 16. nóvember
- *Stiklur 11: Að takast á við einstaklinga í erfiðum aðstæðum* var haldið í Reykjavík fyrir samstarfsaðila FA og framhaldsskóla 23. nóvember.
- *Stiklur 15: Um kennslu fatlaðra* var haldið á Akureyri fyrir Símeý 27. nóvember.
- *Stiklur 5: Um notkun félagsmiðla og tækni í námi og kennslu* var haldið á Suðurnesjum fyrir MSS 27. desember.
- *Stiklur 7: Fjölbreyttar matsaðferðir í fullorðinsfræðslu* var haldið hjá Símeý á Akureyri 17. maí
- *Stiklur 4 b: Um leiðsögn og starfsþjálfun* var haldið hjá Visku, Vestmannaeyjum 25. júní
- *Stiklur 5 og 8: Um notkun tækni í fullorðinsfræðslu* var haldið fyrir Fræðslunet Suðurlands í Reykjavík 13. ágúst.

Stöðugt er unnið að þróun kennslufræðinámskeiða og námsgagna í takt við nýjungar og þarfir. FA tekur nú þátt í eftirfarandi samstarfsverkefnum um kennslufræði:

- Evrópsku samstarfsverkefni til þróunar á kennslufræði grunnleikni, European Basic Skills Network (EBSN). Á árinu var áherslan á brýna þörf á menntun kennara, sér í lagi vegna stærðfræðikennslu.
- Grundtvig-verkefni sem gengur út á að kanna hvort aðferðafræði markþjálfunar (e. coaching) geti nýst til að efla leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu í starfi sínu.
- Leonardó-verkefni sem fer af stað 1. október 2013 og fjallar um menntun starfsþjálfara í verslunum. Þar verður verkefni FA að aðlaga nokkur Stiklunámskeið þannig að þau henti í menntun starfsþjálfara í verslunum.

Raunfærnimat

Á síðustu árum hefur ávinningur af raunfærnimati sífellt orðið sýnilegri með auknum fjölda þeirra sem hafa nýtt sér úrræðið. Hlutverk FA hefur einnig breyst; á árunum 2004 til 2007 var unnið að þróun aðferðafræði og prófunum, árin 2007 til 2010 einkenndust af innleiðingu raunfærnimats fyrir iðngreinar og lög um framhaldsfræðslu tryggðu aðgengi markhóps FA að raunfærnimati. Frá 2011 hefur verið unnið að því að innleiða raunfærnimat fyrir námskrár sem ekki tilheyra iðngreinum auk þess að gildistaka reglugerðar um raunfærnimat tryggði samræmda aðferðafræði og rétt þeirra sem nýta sér raunfærnimat.

Í september 2012 hófst síðan nýr kafli. Skrifað var undir samning um verkefnið *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun*. Það verkefni er hluti af IPA-styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Áhersla í verkefninu er á þróun raunfærnimats í störfum og námskrám þar sem raunfærnimat hefur ekki farið fram áður. En sérstaklega er gerð grein fyrir því verkefni síðar.

Frá árinu 2007 og fram á mitt ár 2013 hafa 2014 einstaklingar lokið raunfærnimati. Alls hafa um 1.300 skólaár verið metin og er þá miðað við að meðaltalsfjöldi eininga sé 35 á hverju skólaári. Meðalaldur þeirra sem fara þessa leið er um 40 ár og í nær öllum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem hafa byrjað í framhaldsskóla en ekki lokið námi. Í viðtölum kemur líka fram að margir hafa reynt að hefja nám að nýju en ekki tekist. Á árinu 2012 luku 423 raunfærnimati. Þar sem raunfærnimat fór fram á móti námskrá var meðaltal staðinna eininga rúmlega 25.

Ráðgjöf vegna eldri eða endurtekinna verkefna er að sjálfsögðu sinnt áfram. Verkefni FA í raunfærnimati, sem tengjast þeim verkþætti, snúa aðallega að:

- Þjálfun fagaðila í raunfærnimati. Námskeið var haldið í desember 2012 og það sóttu 22 þátttakendur.

- Ráðgjöf til samstarfsaðila vegna undirbúnings, framkvæmdar og eftirfylgni auk setu í stýrihópum nýrra verkefna.
- Ráðgjöf og aðstoð til Fræðslusjóðs vegna umsókna og skila á niðurstöðum raunfærnimatsverkefna.
- Kynningar í framhaldsskólum, til starfsgreinaráða og annarra hagsmunaaðila.
- Greina og lesa upplýsingar úr innsendum gögnum, m.a. um kostnað og árangur.
- Fylgjast með þróun á erlendum vettvangi.

FA tekur þátt í *Norræna tengslanetinu um raunfærnimat* (NVL) og áhersla þess á árinu 2012–2013 er á gæði og mikilvægi ráðgjafar í raunfærnimati. Einnig hefur verið leitað til ráðsins vegna endurskoðunar á *Leiðbeinandi Evrópureglum um raunfærnimat* og gegnum þá vinnu gefst gott tækifæri til að fylgjast með þróun mála í Evrópu. Á vegum tengslanetsins er eining starfræktur innanlandhópur sem er starfsmönnum FA til ráðgjafar.

FA tók einnig þátt í *Nordplus*-verkefni um að greina lykilhætti sem hafa áhrif á gæði í raunfærnimati. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Stokkhólmi í maí um gæði í raunfærnimati auk þess að kynnt var afurð verkefnisins, *Kvalitetsmodel til Validering* í Norden, bæði í rafrænni og pappírsgútgáfu.

Náms- og starfsráðgjöf

Frá 2004 hefur FA þróað aðferðir í náms- og starfsráðgjöf og leitað eftir upplýsingum um þarfir markhópa í gegnum náms- og starfsráðgjöfina. Frá 2006 hefur náms- og starfsráðgjöf verið fjármögnuð af opinberu fé hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 25 ráðgjafar um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir sinna m.a. kynningarfundum á þjónustunni á vinnustöðum og öðrum vettvangi þar sem markhóp FA er að finna, veita einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniadgerðum fyrir atvinnuleitendur, hafa umsjón með verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA.

FA heldur utan um samstarfsnet náms- og starfsráðgjafa (svokallað ráðgjafanet) með það að markmiði að auka sérfræðipekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar. Haldnir eru 3–4 samráðsfundir á hverju ári þar sem unnið er sameiginlega að verkefnum sem stuðla að auknum gæðum og árangri þjónustunnar í þágu markhópsins.

Á tímabilinu 1. september 2012 til 31. ágúst 2013 voru haldnir þrjú fræðslufundir:

- Á Suðurnesjum, 27–28. september (21 þátttakandi).
- Í Reykjavík, 11. febrúar (20 þátttakendur).
- Í Reykjavík, 27. maí (17 þátttakendur).

Á fræðslufundunum var m.a. hannaður spurningalisti fyrir þjónustukannanir til notenda og unnið var að gæðaviðmiðum fyrir ráðgjöfina. Einnig var upplýsingum frá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðva um þarfir markhópsins safnað saman og helstu niðurstöður ræddar á fundum. Á fundinum í september var kynning á „*Myers Briggs Type indicator*“ sem er verkfæri fyrir ráðgjafa sem m.a. hefur reynst vel í vinnu með atvinnuleitendum.

Á árinu 2013 hefur verið farið yfir niðurstöður kannana á þjónustu fyrir notendur sem lagðar voru fyrir á öllum símenntunarmiðstöðvum. Kannanirnar verða lagðar fyrir notendur árlega og unnið úr þeim til að móta ráðgjöfina í takt við þarfir þeirra. Gæðaviðmiðin hafa verið unnin áfram í samráði við gæðahóp (sem samanstendur af umsjónarmanni og fulltrúum úr ráðgjafahópnum) og ráðgjafanetið. Viðmiðin hafa verið prófuð hjá nokkrum fræðsluadílum og umræða um þau hefur verið á báðum fundum ársins. Á fundi í maí var kynning á EQM-gæðakerfinu og fjallað um tilgang gæðakerfa. Fulltrúar frá Persónuvernd og Þjóðskjalasafni fjölluðu um lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lög og reglur um skjalavörslu afhendingarskyldra aðila. Áfram verður unnið með þróun EQM-gæðaviðmiðanna á fundi í september.

FA hefur í gegnum árin verið í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands (HÍ) um miðlun upplýsinga í náminu og komu m.a. tveir nemar úr HÍ í starfsþjálfun hjá FA í september 2012 og von er á tveimur nú í september 2013. Þá má nefna að FA er samstarfsaðili HÍ í Nordplus-verkefni (VALA) sem fór af stað haustið 2012 og fjallar um menntun og þjálfun ráðgjafa sem sinna fullorðnum. Skiptikennari frá Finnlandi kom til FA í ágúst á vegum VALA-verkefnisins og fékk upplýsingar um starfsemi FA og uppbyggingu ráðgjafar.

FA hefur átt í miklu samstarfi við erlenda faghópa vegna þróunar ráðgjafar (NVL-net um náms- og starfsráðgjöf) og sótti starfsmaður FA fund í desember 2012 í Danmörku, fund og ráðstefnu í Svíþjóð í mars 2013 og fund og málþing á Íslandi í byrjun júní sl. Í NVL-ráðgjafanetinu var unnið að: efni í bækling um fjölmenningarlega ráðgjöf og útgáfu hans, undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu í Svíþjóð um færni ráðgjafans, undirbúningi og framkvæmd málþings á Íslandi í júní um ráðgjöf fyrir fullorðna.

Ráðgjafanetið hefur einnig það hlutverk að styðja við þróun gagnagrunns með upplýsingum um nám og störf í tengslum við IPA-verkefni FA. Í þeim tilgangi var rýnihópavinnu (tveir hópar) á fundi ráðgjafanetsins í febrúar þar sem fram fór þarfagreining á hvað upplýsinga- og ráðgjafavefur ætti að innihalda. Fengin var sýn ráðgjafanna á útfærslu á atriðum í veggáttinni varðandi t.d. upplýsingar og notkun vefsins út frá sýn ráðgjafa annars vegar og markhópsins/notenda hins vegar.

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum

FA hefur frá upphafi unnið að því að efla gæði hjá fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fyrstu gæðaviðmið FA voru gefin út árið 2006 og árið 2011 gerði FA samning við vottunarstofuna „British Standards Institution“ á Íslandi (BSI) um gæðavottunarúttekt og bauð fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, sem eru í samstarfi við FA, að sækja um fyrstu úttektirnar. Viðbrögð voru jákvæð og í júní 2012 hlutu fyrstu miðstöðvarnar EQM-vottun. Í janúar 2013 var staðan þannig að þrettán fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar höfðu staðist gæðaúttekt og hlotið vottun skv. EQM-gæðamerkinu og í maí sama ár barst umsókn frá fyrsta fræðsluaðilanum utan samstarfsnets FA. Í ágúst 2013 barst svo umsókn frá öðrum fræðsluaðila utan samstarfsnets FA.

Í janúar 2013 stóð FA fyrir könnun á EQM-gæðakerfinu og framkvæmd gæðaúttektar meðal þeirra 13 fræðsluaðila sem sótt höfðu um EQM-vottun. Svör bárust frá 12 aðilum. Helstu niðurstöður voru þær að fræðsluaðilar voru almennt ánægðir og töldu að þátttakan hefði skilað skýrari verkferlum og skipulagðari vinnubrögðum. Nokkrir lýstu óánægju sinni með að vottunin næði einungis yfir fræðslustarfsemina en ekki náms- og starfsráðgjöf eða raunfærnimat. Þá kom einnig fram viss óánægja með úttektina, m.a. að ferli úttektar væri ekki nægjanlega skýrt.

Á fyrri hluta árs 2013 var gengið frá skipulagsskjölum í samvinnu við BSI og ferill gæðavottunar skipulagður þar sem skýrt er kveðið á um ábyrgð hvors aðila fyrir sig. Þann 24. apríl var opnuð undirsíða á vef FA, www.frae.is/gaedavottun, með upplýsingum um EQM-gæðavottunina og feril hennar og með tenglum í umsóknareyðublöð og fleiri gögn sem tengjast EQM-vottuninni. Í byrjun júní 2013 fékk vottunarstofa sent yfirlit yfir þá aðila sem gengið höfðu frá greiðslu árgjalds 2013 og hófst þá formlega ferill framhaldsúttekta. Úttektir eru árlega fyrstu þrjú árin.

FA leiddi evrópska samstarfsverkefnið „*European Quality Mark for non-formal learning providers – further development*“ sem hlaut styrk úr Leonardó da Vinci-hluta Menntaáætlunar ESB. Markmið verkefnisins var m.a. að kanna frekari þróun á EQM innan óformlega menntakerfisins í Evrópu og að leita svara við því hvers konar miðlægt samstarf sé nauðsynlegt til að tryggja frekari útbreiðslu kerfisins. Samstarfsaðilar lögðu sig fram um að kynna EQM bæði í heimalöndum og á fjölþjóðlegum ráðstefnum sem QALLL-hópurinn hélt í Berlín og Vín. Þá bauð eistneska menntamálaráðuneytið fulltrúum úr samstarfsnetinu að kynna EQM á ráðstefnu í Tallinn í desember 2012. Fjallaði erindi íslenska fulltrúans um reynsluna af innleiðingu EQM hér á landi enda er Ísland eina landið sem hefur náð að innleiða EQM-gæðavottunarkerfið að

fullu. Heimasíða EQM, www.europeanqualitymark.org, var uppfærð í apríl 2013 og settar inn upplýsingar um samstarfsverkefnið og samstarfsaðila. Í febrúar var opnuð EQM-síða á Facebook og tvö fréttabréf á ensku voru birt á heimasíðunni, það fyrra í maí 2013 og hið síðara í júní. Samstarfsverkefninu lauk formlega um mitt ár 2013 og var lokafundurinn haldinn hér á landi um miðjan júní. Á fundinum undirrituðu samstarfsaðilarnir yfirlýsingu þar sem þeir lýstu yfir fullum vilja til frekara samstarfs um þróun EQM-viðmiðanna og EQM-vottunarferlisins og að þeir muni vinna áfram að útbreiðslu og kynningu á EQM-kerfinu.

FA hefur einnig unnið að þróun gæðaviðmiða í náms- og starfsráðgjöf í samráði við samstarfsnet ráðgjafa hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Þann 27. maí var fjallað almennt um gæði og gæðavottun á samstarfsfundi náms- og starfsráðgjafa. Einnig var farið yfir forsögu EQM-vottunarinnar og fjallað um aðferðafræði EQM. Markmiðið er að fljótlega verði hægt að taka náms- og starfsráðgjöf samstarfsaðila út skv. EQM-gæðakerfinu. Þá helst þróun gæðaviðmiða í raunfærnimati í hendur við IPA-verkefni FA.

Nemendabókhald

Námsnetið/MySchool er í eigu Studia ehf. Fræðslumiðstöð atvinnulíffsins leigir afnot af kerfinu og greiðir fyrir aðlögun þess. *Námsnetið/MySchool* hefur viðmót fyrir kennara, nemendur og starfsmenn sem annast skipulag náms og umsýslu gagna vegna námsins. Þrjú umsýslusvið eru í *Námsnetinu/MySchool: Bekkir, Stök námskeið og Samskipti kennara og námsmanna*. Umsýslusviðið *Bekkir* er ætlað fyrir vistun og umsýslu gagna vegna náms samkvæmt námskrám sem FA skrifar og gefur út. Umsýslusviðið *Stök námskeið* er ætlað fyrir vistun og umsýslu gagna vegna annars náms sem samstarfsaðilar FA standa að.

Skinna er gagnagrunnur sem mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrirhugar fyrir miðlæga vistun allra gagna um formlegt og óformlegt nám einstaklinga. Gögn, sem eru vistuð í *Námsnetið/MySchool*, verður hægt að flytja yfir í *Skinnu*.

Ellefu símenntunarmiðstöðvar og Félagsmálaskóli alþýðu sjá um nám samkvæmt námskrám sem FA skrifar og gefur út. Vegna þessa náms færa símenntunarmiðstöðvarnar og Félagsmálaskóli alþýðu nemendabókhald í *Námsnetið/MySchool*. Tíu símenntunarmiðstöðvar, Starfsmennt, IÐAN, fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins nota námsnetið í tengslum við skráningu og umsýslu gagna um náms- og starfsráðgjöf.

Í *Námsnetinu/MySchool* er vinnusvæðið *Bekkir* sérhannað fyrir umsýslu upplýsinga vegna náms samkvæmt námskrám FA. Á vinnusvæðinu eru stofnaðir bekkir. Kennarar eru skráðir á námskeið. Stundatafla bekkjar er gerð.

Hún sýnir tíma, stofu og kennara. Námsmenn eru innritaðir í bekk, viðvera námsmanna er skráð, kennarar leggja fyrir verkefni og námsmenn skila verkefnum þegar það á við, tölvupóstar eru sendir til námsmanna bekkjar og viðurkenningarskjöl eru prentuð í lok náms. Allt þetta og ýmiss konar umsýsla, sem fylgir bekkjarnámi, fer fram á vinnusvæðinu. Upplýsingar um skráningar og námsferla einstaklinga eru geymdar á vinnusvæðinu *Nemendabókhald*.

Vinnusvæðið *Bekkir* var fyrst kynnt í lok ágúst 2010. Síðan þá hefur vinnusvæðið verið í stöðugri þróun. Þróun svæðisins er byggð á reynslu þeirra sem sjá um umsýslu bekkja á vegum samstarfsaðila FA.

Á síðasta ári hafa verið gerðar lagfæringar einkum á vinnusvæðinu *Bekkir*. Lagfæringarnar hafa einkum verið til að bæta við og gera greinilegri upplýsingar á skjá og til að einfalda verkferla. Markmið þessara umbóta er að flýta fyrir og auðvelda umsýslu bekkja.

Í lok júlí 2013 voru uppfærð öll vinnusvæði samstarfsaðila FA. Uppfærslan var kynnt á tveimur fjarfundum í ágústbyrjun. Fundirnir voru teknir upp og slóðir að upptökunum sendar framkvæmdastjórum samstarfsaðila FA.

Eins og búist var við komu fram hnókrar eftir uppfærsluna. Allir hnókrar, sem hafa komið fram eftir uppfærsluna, hafa verið leiðréttir.

Kerfi fyrir innslátt og vistun gagna vegna raunfærnimats er tilbúið. Eftir prófun voru gerðar lagfæringar á innslætti og ákveðið að kanna möguleika á að gera vinnusvæðið Raunfærnimat fjölhæfara og notendavænna. Kostnaðar-áætlun hefur enn ekki verið gerð.

Skinna – Gagnagrunnur er ekki tilbúinn. Fyrirhuguð færsla úr *Nemendabókhaldi* í *Skinnu* bíður þess að *Skinna* verði tilbúin.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem kemur út í tengslum við ársfund Fræðslumiðstöðvarinnar. Árið 2012 kom *Gátt* út í níunda skipti fimmtudaginn 29. nóvember. Undirtitill ritsins er *Ársrit um framhaldsfræðslu* og meginþemað var atvinnulíf og fræðsla. Ritið var 117 síður með 27 fræðilegum greinum, reynslusögum og lýsingum á ýmsum möguleikum sem standa þeim til boða sem óska eftir fræðslu. Sá kafli ritsins með greinum, sem tengjast verkefnum stúdenta sem sérhæfa sig í námi fullorðinna og náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna til meistaraþrófs, hefur aldrei skipað jafn veigamikinn sess. Þar er stöðum rennt undir að fullorðnir vilja mennta sig til starfa, að sjálfstraust er mikilvæg undirstaða þess að geta það. Ritið er sent víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. *Gátt* er notað til kennslu í þremur háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Lista-háskóla Íslands, og er þar að auki aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnu-

lífsins, www.frae.is. Vinna við útgáfu *Gáttar* 2013 hófst í maí og er greina- söfnun nánast lokið. Gert er ráð fyrir að ársritið komi út í byrjun desember.

Ársfundur FA var haldinn fimmtudaginn 29. nóvember á Hótel Reykjavík Natura. Fundurinn bar yfirskriftina *Nám og vinnumarkaður*. Þar voru flutt fjögur ávörp og sex erindi og að venju voru viðurkenningar veittar *Fyrirmyndum í námi fullorðinna árið 2012*. Glærur fyrirlesara og ávörp fyrirmyndanna eru aðgengilegar á vefsíðu FA, www.frae.is, sem er uppfærð reglulega.

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra. Á árinu 2012 var gefinn út einn nýr bæklingur til kynningar námsleiða FA; hann var um Fjölvirkja. Einnig var gefin út ensk þýðing á almennum bæklingi um starfsemi FA. Ennfremur var unnið uppkast að sameiginlegum kynningarbæklingi um náms- og starfsráðgjöf sem fer fram hjá símenntunarmiðstöðvum um allt land.

Á tímabilinu september 2012 til ágúst 2013 tók FA í samstarfi við NVL þátt í nokkrum ráðstefnum og vinnufundum, sjá nánar í kaflanum um *Norraent tengslanet um nám fullorðinna* (NVL).

Starfsemi FA var á tímabilinu september 2012–ágúst 2013 kynnt fyrir nær 600 manns, þar á meðal erlendum hópum frá Færeyjum, Noregi, Litháen og Lapplandi og á ráðstefnum á Íslandi, í Eistlandi, Svíþjóð og Austurríki. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, tilraunaverkefni í ferðaþjón- ustu, tölfræðilegar upplýsingar úr starfinu, EQM-gæðavottunin og 8 árangurs- þættir. Þá má nefna kynningu á framhaldsfræðslunni á Málþingi ASÍ.

Aukin áhersla verður lögð á kynningu á því starfi, sem fram fer á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði fyrir almenning og gagnvart öðrum skólástigum. FA fékk Heiði Björnsdóttur markaðsfræðing til liðs við starfsfólkið til þess að móta nýja kynningarstefnu fyrir FA. Hópur innan FA vann að kynningaráætlun með Heiði haustið 2012 og í kjölfarið var leitað til nokkurra auglýsingastofa um að koma með hugmyndir til að móta þessa kynningarstefnu. Auglýsinga- stofan ENNEMM varð fyrir valinu til að þróa hugmyndirnar áfram.

Námsefnisgerð

Í þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem FA vinnur eftir, er ákvæði um að FA vinni að verkefnum tengdum námsefnisgerð eftir því sem mögulegt er og fjármagn leyfir.

Verkefni á sviði námsefnisgerðar á tímabilinu hafa falist í að þróa áfram Mælistiku FA um gæði námsefnis, veita ráðgjöf um námsefnisgerð fyrir mark- hópinn og leiðbeina þeim sem vilja útbúa námsefni á grundvelli námskráa FA fyrir framhaldsfræðslu.

Almennar umræður um gæði námsefnis fara stöðugt fram á Stiklunám-

skeiðum en til viðbótar var þróað sérstakt Stiklunámskeið um gæði námsefnis – *Stiklur 3b* og auglýst með öðrum Stiklunámskeiðum. Ekki hefur verið eftirspurn eftir því námskeiði enn.

Veitt hefur verið einstaklingsráðgjöf um námsefnisgerð þar sem *Mælistikan* var kynnt sem hjálpartæki ásamt námsefnisgerðarforritum. Ráðgjöfin var veitt í tengslum við fyrirhugaða námsefnisgerð um námstækni fyrir *Skrifstofuskólann*.

Vísað hefur verið í námsefni frá sjávarútvegsráðuneytinu þegar eftir því hefur verið leitað.

Yfirlit yfir námsefnið er nú vistað í gagnasafni FA undir heitinu *Fiskvinnslunámskeið*.

Einnig er prentað námsefni vistað í geymslu hjá FA og dreift eftir þörfum.

Nýir hópar í framhaldsfræðslu

FA er ætlað að undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu. Einkum er horft til fatlaðra, aldraðra, öryrkja, innflytjenda utan vinnumarkaðar og þeirra sem þiggja bætur í félagslega kerfinu eða þeirra sem standa utan vinnumarkaðar. Ekki er um stóra hópa að ræða vegna þess að allur þorri fólks, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, er á vinnumarkaði eða í atvinnuleit og tilheyrir því markhópi FA.

Unnið hefur verið með Fjölmennt að vottun námsleiða fyrir skjólstaðinga þeirra og greiningu hæfniprepa námsleiðanna. Frekari útfærsla bíður þess að gæðaviðmið í framhaldsfræðslu verði tilbúin. Endurskoðun námskrárinna *Grunnmenntaskólinn* tekur einnig til þess hóps sem er markhópur Fjölmenntar á grundvelli tilraunakennslu námskrárinna á Vestfjörðum.

Boðið var upp á kennslufræðinámskeið á Akureyri í samstarfi við Fjölmennt fyrir kennara á símenntunarmiðstöðvum og í framhaldsskólum í kennslu fatlaðs fólks. Um er að ræða námskeiðið *Stiklur 15, Um kennslu fatlaðra* sem var haldið á Akureyri fyrir Símey 27. nóvember 2012. Jafnframt býðst kennurum Fjölmenntar að sækja öll kennslufræðinámskeið sem FA heldur í eigin húsakynnum.

Að frumkvæði Fjölmenntar var í gangi samstarf á síðasta ári við að samþætta starfsemi Fjölmenntar, FA og Fræðslusjóðs. Fjölmennt sendi minnisblað til stjórna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslusjóðs í maí og vitnaði í því til minnisblaðs framkvæmdarstjóra beggja aðila frá 16. maí 2012. Leitaði stjórn Fjölmenntar staðfestingar á vilja FA og Fræðslusjóðs til samstarfs. Báðir aðilar svöruðu jákvætt og var það staðfest í bréfi til Fjölmenntar 23. maí. Þann 18. júní barst bréf frá Fjölmennt þar sem fram kemur að Fjölmennt óskar eftir frestun viðræðna um óákveðinn tíma m.a. vegna erfiðrar fjárhagsstöðu stofnunarinnar og ákveðinnar andstöðu við hugmyndina. Málinu var vísað til nýrrar stjórnar sem skipuð verður í ágúst 2013.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (*Norrænt tengslanet um nám fullorðinna*) er verkefni starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hlutaðist til um að FA tæki að sér að vista NVL á Íslandi. Samningur um þetta verkefni er í gildi til loka ársins 2016 og gegnir Sigrún Kristín Magnúsdóttir starfi tengiliðs fyrir Íslands hönd.

NVL hefur á tímabilinu haldið 5 sameiginlega fundi, og fulltrúi Íslands sótt þá. Fundirnir hafa verið haldnir í Stokkhólmi, á Helsingjaeyri, í Ósló, Reykjavík og Helsinki. Fundinn í Ósló í mars sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem hýsa NVL á Norðurlöndum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins. Auk þess hefur tengiliður tekið þátt í 6 veffundum NVL á tímabilinu og sent fréttir um fullorðinsfræðslu á Íslandi í 11 fréttabréf sem að jafnaði skila sér til rúmlega tvö þúsund áskrifenda einu sinni í mánuði alla mánuði ársins nema júlí.

Fulltrúinn átti einnig sæti í ritstjórn NVL fyrir vefþáttaritið *Dialog* fram að áramótum 2012/2013 og skrifaði greinar í ritið. Þann fyrsta janúar tók Pröstur Haraldsson við sem ritstjórnarfulltrúi Íslands og hann hefur skrifað 5 greinar og miðlað upplýsingum um það sem efst er á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

DISTANS-fjarkennslunetið

Á tímabilinu frá september 2012 til loka janúar 2013 var fulltrúi Íslands ábyrgur fyrir starfsemi *Distans-fjarkennslunetsins*. Netíð tileinkaði árin 2011 og 2012 vinnu um hvernig hægt er að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu sem lið í byggðaðróun. Á tímabilinu september 2012 til ágúst 2013 skipulagði *Distans* sjötta og síðasta málþingið í þeim tilgangi að opna umræður um hlutverk menntunar í byggðaðróun. Málþingið var haldið 17. september 2011 í samíska háskólanum í Kautokeino í Norður-Noregi. Í kjölfarið settu meðlimir *Distans* saman skýrslu með niðurstöðum verkefnisins sem kom út í desember 2012. Heiti skýrslunnar er *Utdanning skaper utvikling i glesbygden* (Menntun örvar byggðaðróun) hægt er að nálgast hana á slóðinni: http://www.nordvux.net/download/7274/distans_report_2013_corr.pdf.

Færniþróunarverkefni NVL 2009–2012

Fulltrúi Íslands hefur enn fremur borið ábyrgð á *Færniþróunarverkefni NVL 2009–2012*. Tveir norrænir hópar hafa komið að verkefninu, annars vegar hópur sem markaði stefnu og skipulagði framkvæmd verkefnisins og hins vegar hópur fræðimanna sem vann við greiningu og skýrslugerð. Markmið verkefnisins var að greina á þriðja tug árangursríkra menntaverkefna frá öllum norrænu löndunum til þess að komast að því hvað einkenndi þau verkefni, sem

best hafði tekist, á ólíkan hátt, að mæta áskorunum, grípa tækifærin og stuðla að uppbyggilegum breytingum í samfélaginu og á vinnumarkaði. Skýrsla fræðimannanna er á ensku og ber titilinn; *Analyses of Nordic Educational Projects designed to meet challenges in society: Defining the Success Factors*. Ingegerd Green skrifaði samantekt í handhægu hefti á sænsku undir yfirskriftinni 8 Fremgångsfaktorer. Heftið hefur verið mikið notað, bæði til þess að meta menntaverkefni, umsóknir um ný verkefni sem og starfsemi af ýmsu tagi. Um leið og kynning á niðurstöðum verkefnisins hófst komu fram óskir um að þýða það á fleiri tungumál. Það hefur verið gert og í ágúst 2013 eru þýðingar á fjórum tungumálum, ensku, dönsku, grænlenku og íslensku, aðgengilegar á vef NVL: <http://www.nordvux.net/page/1140/kompetensutveckling.htm>.

Kynningar með þátttöku fulltrúa landsins í skipulagshópnum, eins fræðimanns og fulltrúa Íslands, hafa þegar farið fram í Reykjavík, Þórshöfn í Færeyjum og Ósló. Auk þess að kynna niðurstöður verkefnisins er markmiðið að opna umræður um hvernig þátttakendur í hverju landi sjá fyrir sér að hægt sé að nýta niðurstöðurnar, safna þeim upplýsingum síðan saman og miðla áfram til Norrænu ráðherranefndarinnar. Næstu kynningar í Svíþjóð og Finnlandi í nóvember hafa verið undirbúnar.

Nýr vinnuhópur í undirbúningi

Fulltrúi Íslands undirbýr stofnun nýs vinnuhóps um færniþróun í atvinnulífinu. Ætlunin er að leiða saman aðila vinnumarkaðarins til þess að huga að uppfærslu á skýrslu Norræna þankabankans um færni til framtíðar sem og samspili atvinnulífs og skóla. Fundir með aðilum vinnumarkaðarins í löndunum hafa verið haldnir í tengslum við kynningarfundir færniþróunarverkefnisins, á Íslandi með fulltrúum ASÍ og SA, í Færeyjum og í Noregi. Fundir í Danmörku og Svíþjóð í október og Finnlandi í nóvember hafa enn fremur verið undirbúnir.

Viðburðir á Íslandi

Dagana 11. og 12. september fengu FA og NVL sendinefnd frá Færeyjum í heimsókn. Markmið heimsóknarinnar var að læra af reynslu Íslendinga af raunfærnimati. Starfsmenn FA skipulögðu heimsóknir til ýmissa aðila sem standa að raunfærnimati á Íslandi. Heimsóknin var í tengslum við fund sérfræðingans NVL um raunfærnimat í Reykjavík en sérfræðingar úr netinu voru aðalfyrirlasarar á ráðstefnu sem haldin var 13. september á Hótel Reykjavík Natura. Yfirskriftin var *Gæði í raunfærnimati*. Rúmlega 70 þátttakendur voru á ráðstefnunni.

Fimmtudaginn 4. október var haldin ráðstefna um beitingu upplýsingatækni í námi og kennslu í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Rann-

sóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun og námsbrautina Nám fullorðinna. Ráðstefnan hófst í hátíðarsal Háskóla Íslands með opnunarávarpi og aðalfyrirlesturum og eftir hádegisd var boðið upp á átta vinnustofur um ólíkar nálganir og aðferðir við að nýta upplýsingatækni í kennslu. Nálægt eitt hundrað manns sóttu ráðstefnuna.

Þá var haldinn fundur á Grand Hótel 10. janúar 2013 um starfsemi NVL, áherslur og óskir á nýju starfstímabili. Til fundarins var boðið öllum sem á einn eða annan hátt koma að starfsemi NVL fyrir Íslands hönd. Fulltrúar virkra neta kynntu starfsemi sinna neta, miðluðu upplýsingum um rannsóknir, skýrslur og viðburði. Í lokin voru umræður um hvaða verkefni fulltrúar Íslendinga teldu þörf á og spennandi í framtíðinni.

Enn fremur var haldin ráðstefna um náms- og starfsráðgjöf í samstarfi FA við sérfræðingahóp NVL um náms- og starfsráðgjöf á Hótel Reykjavík Natura þann 8. júní. Fyrirlesarar voru úr sérfræðinganetinu og samstarfsaðilar FA. Umfjöllunarefni var um verkefni og rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna á Norðurlöndum.

Árið 2014 verða Íslendingar í formennsku fyrir norræna samstarfinu. Af því tilefni hefur NVL óskað eftir því að mennta- og menningarmálaráðuneytið, NVL og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins standi sameiginlega að norrænni formennskuráðstefnu um fullorðinsfræðslu í Reykjavík í júní 2014. Tengiliður hefur skipulagt og setið tvo fundi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að undirbúa ráðstefnuna.

IPA-verkefni

Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun

FA fékk verkefnastyrk frá ESB (Instrument for Pre-Accession Assistance – IPA) í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB. Verkefnalýsingin var unnin í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðaráðuneytið og aðila vinnuarkaðarins ásamt fjármálaráðuneyti og Sérfræðisetri í ævilangri náms- og starfsráðgjöf. Fræðslusjóður tryggir verkefninu það mótframlag sem Evrópusambandið fer fram á. Verkefnið hófst formlega 1. september sl. og er til þriggja ára.

Markmið verkefnisins er að auka starfshæfni fólks á vinnuarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi. Þessu markmiði verður náð með því að auka skilvirkni framhaldsfræðslunnar með áframhaldandi þróun raunfærnimats og gagnagrunns um störf og nám. Starfsemi FA hefur beinst að þessum hópi sem jafnframt er markhópur Fræðslusjóðs. Verkefnið fellur að markmiðum þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er fjármagnað sérstaklega með þessum styrk.

Unnið hefur verið að eftirtöldum þáttum í verkefninu frá 1. september 2012:

Kynning á verkefninu og samráð við hagsmunaaðila

Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna verkefnið fyrir hagsmunaaðilum. Fundir voru haldnir m.a. með starfsgreinaráðunum, ýmsum aðilum vinnu- markaðarins, framkvæmdastjórum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, náms- og starfsráðgjöfum framhaldsfræðslunnar og ýmsum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Einnig hefur verkefnið verið kynnt á ráðstefnum og öðrum fundum. Fjórir fundir hafa átt sér stað með samráðshópi verkefnisins og fór sá hópur einnig í námsheimsókn til Írlands til að kynna sér hæfniviðmiðaramma og fræðslumál fyrir fullorðna þar í landi.

Greining á þörf fyrir framtíðarfærni

Gerður var samningur við Vinnuálastofnun um greiningu á þörf fyrir framtíðarfærni á Íslandi. Unnið er að skýrslu um málið og voru helstu vísbendingar kynntar á fundi samráðshóps í júní sl. Vinnuálastofnun er í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna upplýsingaöflunar fyrir framtíðargreiningu á vegum CEDEFOP sem Ísland er nú þátttakandi í.

Raunfærnimat

Mikil vinna hefur verið lögð í að velja og undirbúa raunfærnimat á mótí námskrám. Samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila og byggt á þeim vísbendingum sem dregnar hafa verið fram um þörf fyrir framtíðarfærni. Búið er að velja og staðfesta 16 námskrár af þeim 40 sem taka á fyrir í verkefninu, 4 eru komnar í framkvæmd (*Málmsuða, Skrúðgarðyrkja, Slátrun* og *Félagsmála- og tómsundabraut*) og verið að vinna gátlista- og verkfæri fyrir aðrar 5 (*Tölvu- og þjónustubraut, Skólaliða, Stuðningsfulltrúa, Fiskeldi* og *Fiskveiðar*). Í undirbúningi eru samningar fyrir 4 til viðbótar (*Netagerð, Garð- og skógarplöntun, Ylrækt* og *Hestabraut*). Fyrir framkvæmd raunfærnimats í greininum þarf að fara fram verðkönnunarferli á meðal samstarfsaðila FA og hefur verið lögð töluverð vinna í að hanna það ferli og útbúa gögn og samninga. Þetta vinnulag er nýtt fyrir FA og samstarfsaðilana og mikill lærdómur falinn í því sem fara þarf yfir og meta reglulega í verkefninu.

Unnið er að gerð hæfniviðmiða vegna raunfærnimats fyrir almenna starfs- hæfni og þrepatengingu þeirra í samráði við stýrihóp hagsmunaaðila. Greining hefur verið unnin hjá FA þar sem stuðst hefur verið við erlendar niðurstöður og *HRS*G (*Human Resource System Group*) og dregin upp helstu viðmið sem vinna á áfram með stýrihópi.

Samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila vegna vals á 6 störfum í raun- færnimat. Um er að ræða störf sem ekki er til nám fyrir og er þá metið á mótí

hæfnikröfum starfanna sem eru greindar í ferlinu. Við val á störfum er einnig stuðst við vísbendingar um þörf fyrir framtíðarfærni. Nú hafa 2 störf verið staðfest og er unnið að því að greina stöðu þeirra og útbúa gögn fyrir verðkönnunarferli.

Leiðarvísir fyrir matsaðila í raunfærnimati hefur verið uppfærður og 1 námskeið af 16 haldið til að þjálfa nýja matsaðila í aðferðafræði raunfærnimats.

Upplýsinga- og ráðgjafakerfi um nám og störf

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) sá um að skrifa hugmyndafræðilegan grunn til að lýsa heildarmynd upplýsinga- og ráðgjafakerfis um nám og störf. Hann hefur verið kynntur samráðshópi verkefnisins og náms- og starfsráðgjöfum. SÆNS sá um að fá til landsins sérfræðinga í málefnum í tvígang sem hafa átt afar gagnlega fundi með starfsmönnum IPA-verkefnisins og aðstoðað við stefnumótun. Settir voru á fót 8 rýnihópar með hagsmunaaðilum vítt og breitt um landið (m.a. væntanlegum notendum) og hefur SÆNS skrifað skýrslu um niðurstöður þeirra. Ýmis yfirlitsgögn og sniðmát hafa verið þróuð í samstarfi SÆNS og FA og er nú unnið að lýsingu á virkni kerfisins byggðri á rýnihópaskýrslunni. Ýmsir fundir hafa verið haldnir í tengslum við upplýsinga- og ráðgjafakerfið, m.a. með mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sérfræðingum í tæknimálum og sérfræðingum í faginu.


Unnið er að söfnun 500 starfaprófíla og lýsingu á hæfnikröfum starfa. Umsjónaraðili var ráðinn til FA í ágúst mánuði 2013 til að halda utan um það ferli og koma að þróun upplýsinga- og ráðgjafakerfisins. Val á störfunum, sem lýst verður í kerfinu, byggir m.a. á lýsingum, sem til eru, og niðurstöðum greiningar á þörf fyrir framtíðarfærni hérlendis sem Vinnumálastofnun framkvæmir.

Fjármögnun Fræðslusjóðs á framhaldsfræðslu Vottaðar námsleiðir

Á árinu 2012 greiddi Fræðslusjóður tæplega 413 milljónir til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs í þessu verkefni á árinu 2012 voru 13 símenntunarmiðstöðvar. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólástigi.

Þátttakendur á árinu 2012 í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður og FA fjármagna, voru 2.698 talsins í 220 námsleiðum. Um 68% þátttakenda voru af landsbyggðinni en 32% sóttu námið á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendum hjá nú símenntunarmiðstöðvum fjölgaði á milli ára á meðan fækkun var hjá fjórum. Í heild fjölgaði þátttakendum á milli árána 2011 og 2012 úr 2.398 í 2.698.


MYND 1.



Fleiri konur en karlar voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum. Á síðustu árum hefur körlum fjölgað mikið og hlutfall þeirra var komið í tæp 37% árið 2012 en hlutfall karla var aðeins um 20% árið 2008. Loknum einingum á milli árána 2011 og 2012 fjölgaði úr 31.280 einingum í 32.653 einingar eða um 4,4%.

Samanburður árána 2011 og 2012 sýnir að í vottuðu námi greiddu af Fræðslusjóði og FA fjölgaði nemendastundum um rúmlega 20 þúsund á meðan nemendastundum í vottuðu námi greiddu af öðrum fækkaði um rúmlega 17 þúsund. Samanlagt fjölgaði nemendastundum í vottuðu námi fyrir markhóp FA um rúmlega 3 þúsund eins og mynd 2 sýnir.

MYND 2.



Á árinu 2012 voru atvinnuleitendur í vottuðum námsleiðum FA með fjármagni frá Fræðslusjóði og FA samtals 738 (voru 972 árið 2011) og var skiptingin eftir kynjum þannig að karlar voru 295 (40%) en konur 443 (60%). Tafla 1 sýnir fjölda atvinnuleitenda eftir kynjum í vottuðum námsleiðum flokkuðum eftir fræðsluaðilum:

Tafla 1. Fjöldi atvinnuleitenda eftir kynjum – Vottaðar námsleiðir eftir fræðsluaðilum

Fræðsluaðili	Alls luku námi	Atvinnuleitendur	Hlutfall atv.leitenda	Atvinnuleitendur	
				karlar	konur
Austurbrú	203	40	20%	9	31
Farskólinn	67	4	6%	0	4
Framvegis	77	48	62%	12	36
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	309	21	7%	9	12
Fræðslunet Suðurlands	156	43	28%	19	24
IDAN fræðslusetur	9	4	44%	4	0
Mjóstöð símenntunar á Suðurnesjum	387	135	35%	56	79
Mímír-símenntun	728	235	32%	110	125
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	124	51	41%	10	41
Símey	379	129	34%	54	75
Starfsmennt	46	16	35%	4	12
Viska	138	2	1%	0	2
Þekkingarnet Þingeyinga	75	10	13%	8	2
Samtals	2.698	738	27%	295	443

Þegar atvinnuleitendur eru skoðaðir m.t.t. námsleiða má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Skrifstofuskólanum (108). Þegar hlutfall atvinnuleitenda er skoðað m.t.t. fjölda er áberandi hversu margir atvinnuleitendur stunduðu nám í tveimur námsleiðum í ferðapjónustu, Færni í ferðapjónustu I og II eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi atvinnuleitenda eftir námsleiðum

Fræðsluaðili	Alls luku námi	Atvinnuleitendur	Hlutfall atv.leitenda	Atvinnuleitendur	
				karlar	konur
Aftur í nám	100	30	30%	19	11
Fagnámskeið fyrir starfsf. í heilbrigðisþj.	130	9	7%	1	8
Fjölvirklar	9	9	100%	2	7
Færni í ferðapjónustu I	42	37	88%	16	21
Færni í ferðapjónustu II	37	36	97%	16	20
Grunnmenntaskólinn	160	63	39%	21	42
Grunnnám fyrir skólaliða	27	11	41%	6	5
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	592	0	0%	0	0
Landnemaskóli	136	79	58%	37	42
Meðferð matvæla	53	25	47%	13	12
Menntastoðir	240	90	38%	31	59
Nám og þjálfun í alm. bóklegum greinum	179	45	25%	12	33
Opnar smíðjur	146	95	65%	81	14
Skrifstofuskólinn	229	108	47%	14	94
Starfsnám stuðningsfulltr. - framhaldsnám	29	4	14%	0	4
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám	17	12	71%	4	8
Sterkari starfsmaður	76	54	71%	21	33
Þjónustuliðar	53	23	43%	0	23
Aðrar námsleiðir	443	8	2%	1	7
Samtals	2.698	738	27%	295	443


Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2012 úthlutaði Fræðslusjóður rúmlega 140 milljónum króna í náms- og starfsráðgjöf.

Allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni ásamt Mími-símenntun, Starfsmennt, IÐUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fengu úthlutað fjármagni úr Fræðslusjóði til náms- og starfsráðgjafar.

Árið 2011 héldu níu af fjórtán fræðsluáðilum samtals 161 kynningarfund í náms- og starfsráðgjöf en þar af fóru 117 kynningar fram á vinnustöðum eða 73% en aðrar kynningar voru 44 eða 27%. Í heild sóttu 1.866 manns kynningar náms- og starfsráðgjafa á árinu 2012 og komu 318 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af þeim eða 17%.

Mynd 3.



Ráðgjafaviðtöl hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina árið 2012 voru í heild 10.217 talsins á móti 10.868 árið 2011 sem er fækkun um 651 viðtal eða 6%, sbr. töflu 3 hér á eftir. Sjö miðstöðvar skila lægri viðtalafjölda heldur en árið 2011 en sex bæta við sig.

Tafla 3. Fjöldi ráðgjafaviðtala árin 2008–2012

Fræðsluaðilar	2008	2009	2010	2011	2012
Símenntunarmiðstöðvar	2.799	5.469	8.552	8.316	7.403
Fræðslumiðstöðvar iðngreina	858	1.298	2.247	2.552	2.814
Samtals	3.657	6.767	10.799	10.868	10.217


Af þessum 10.217 viðtölum flokkast 57% sem hefðbundin viðtöl, 19% voru í hópráðgjöf, 13% fólust í rafrænni ráðgjöf og símaráðgjöf, 4% voru hvatningarviðtöl og 6% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati; upplýsingar liggja ekki fyrir um tegund 1% viðtala.

Kynjaskipting einstaklinga í ráðgjöfinni hefur breyst töluvert með árununum. Árið 2007 voru karlarnir 39% ráðþega og konur 61%, næstu ár óx hlutfall karla jafnt og þétt og árið 2011 var hlutfall karla komið í 59%. Kynjahlutföllin réttust nokkuð af árið 2012 en þá var hlutfall karla 54% og kvenna 46%. Aldurssamsetning í ráðgjöfinni fyrir árið 2012 sýnir að langflestir í ráðþegahópnum eru á aldrinum 26–40 ára (47%), þó er einnig stór hluti á aldrinum 41–55 ára (30%). Litlar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu ráðþega síðustu árin.

Pegar ráðgjafaviðtölin árið 2012 eru skoðuð eftir skólastigi ráðþega sést að um 71% hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, þ.e. aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla og ekki lokið. Hlutfall þeirra sem hefur lokið iðn- eða starfsmenntun var 15%.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna undanfarin ár. Þjónusta við atvinnuleitendur jókst mikið árin 2009 á meðan ráðgjöf við einstaklinga í starfi dróst saman. Þessi mikla breyting hefur svo gengið nokkuð til baka eftir það. Viðtölum atvinnuleitenda hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna fækkaði á milli árána 2010 (5.996), 2011 (5.082) og 2012 (3.834) en þegar þetta er skoðað með tilliti til hlutfalls lækkaði hlutfall atvinnuleitenda úr 58% árið 2010 í 48% árið 2011 og svo niður í 38% árið 2012.

Mynd 4.



Viðtöl hjá atvinnuleitendum árið 2012 voru 3.834 en þar af voru flest viðtölin hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (1.495) og Mími-símenntun (1.442). Þessar tvær símenntunarmiðstöðvar voru með um 58% af öllum viðtölum atvinnuleitenda árið 2011. Næsta tafla sýnir viðtöl atvinnuleitenda hjá ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna árin 2008–2011.

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall viðtala atvinnuleitenda flokkuð eftir símenntunarstöðvum árin 2008–2012

Fræðsluaðili	2008		2009		2010		2011		2012	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Austurbú	7	3%	35	1%	344	6%	172	3%	126	3%
Farskólinn á Norðurlandi vestra	2	1%	16	1%	51	1%	31	1%	2	0%
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	14	6%	59	2%	286	5%	258	5%	239	6%
Fræðslunet Suðurlands	16	7%	201	8%	228	4%	222	4%	121	3%
Fræðslusetrið Starfsmennt	0	0%	0	0%	0	0%	120	2%	98	3%
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	0	0%	0	0%	54	1%	20	0%	44	1%
IDAN fræðslusetur	1	0%	155	6%	774	13%	491	10%	436	11%
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	55	25%	1.196	45%	1.831	31%	1.495	29%	891	23%
Mímir-símenntun	60	27%	624	23%	1.502	25%	1.440	28%	1.392	36%
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	42	19%	147	5%	582	10%	466	9%	208	5%
Símey	19	9%	153	6%	203	3%	190	4%	130	3%
Viska	0	0%	28	1%	43	1%	29	1%	16	0%
Þekkingarnet Þingeyinga	6	3%	64	2%	98	2%	148	3%	131	3%
Samtals	222	100%	2.678	100%	5.996	100%	5.082	100%	3.834	100%

Raunfærnimat

Á árinu 2012 var úthlutað úr Fræðslusjóði samtals um 76 milljónum til raunfærnimats.

Raunfærnimat í löggiltum iðngreinum

Árið 2012 veitti Fræðslusjóður tæplega 53 milljónum til framkvæmdar á raunfærnimati í löggiltum iðngreinum. Raunfærnimatsverkefni í löggiltum iðngreinum á landsbyggðinni eru framkvæmd í samvinnu símenntunarmiðstöðva á viðkomandi svæði og fræðslumiðstöðva iðngreina. Þáttur símenntunarmiðstöðvanna felst í að kynna verkefnið, útvega þátttakendur og sinna tengslavinnu. Á árinu 2012 var veitt rúmlega 1,5 milljón til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni vegna þessara verkefna.

Á árinu 2012 fór 241 einstaklingur í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum, 194 hjá ÍÐUNNI fræðslusetri og 47 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2012 var 6.539 á móti 7.626 árið 2011 sem er um 14% samdráttur á milli ára.

Tafla 5. Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum

Fræðsluaðili	Fjöldi einst.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Fjár-magn	Kostn. án ráðgjafar
Fræðsluskv. rafiðnaðarins	47	639	455	3.500.000	7.692
ÍÐAN fræðslusetur	194	8.233	6.084	48.130.670	8.072
Samtals	241	8.872	6.539	52.630.670	8.049

Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati, sem fer fram á móti námskrám árið 2011, er 28,7 fyrir hvern einstakling. Staðnar einingar voru allt frá 7,3 einingum í rafvirkjun til 80 eininga í kjötskurði eins og fram kemur í töflu 6.

Tafla 6. Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati eftir greinum

Starfsgrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi matsamtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðaltal staðinna eininga pr. einstakling
Bakaraiðn	1	2	38	15	15,0
Bilgreinar	13	31	376	282	21,7
Blikksmíði	11	35	485	385	35,0
Húsasmíði	20	40	929	717	35,9
Matartækni	39	78	834	625	16,0
Matreiðsla	27	54	1.690	786	29,1
Málmsmíði	7	26	417	302	43,1
Múraraíðn	4	8	142	98	24,5
Pípulögn	8	16	237	201	25,1
Rafvirkjun	47	261	639	455	9,7
Rennismíði	4	13	204	180	45,0
Stálsmíði	14	49	520	505	36,1
Vélstjórn	3	6	33	13	4,3
Vélvirkjun	33	118	1.702	1.464	44,4
Samtals	231	737	8.246	6.028	26,1

Mikilvægt er að hlutfall staðinna eininga sé gott því mikill kostnaður felst í því að einstaklingar fari í gegnum raunfærnimatsferlið án þess að standast viðmið. Auk þess hefur það neikvæð áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Það er því mikilvægt að skimun ráðgjafa í upphafi sé góð.

Tafla 7. Fjöldi staðinna eininga eftir árum

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%
2010	11.921	8.085	68%
2011	10.105	7.626	75%
2012	8.872	6.539	74%

Annað raunfærnimat í umsjón símenntunarmiðstöðva

Á árinu 2012 stýrðu sex símenntunarmiðstöðvar raunfærnimatsverkefnum utan iðngreina. Fjármagn til þessa liðar hefur dregist saman um tæplega 4 milljónir milli ára. Árið 2012 var veitt rúmlega 23 milljónum til símenntunarmiðstöðva til framkvæmdar á raunfærnimati utan iðngreina en árið 2011 var sú upphæð rúmlega 27 milljónir. Um er að ræða verkefni sem símenntunarmiðstöðvarnar hafa umsjón með auk Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins sem stýrði tveimur verkefnum. Hér fyrir neðan má sjá hvaða fræðsluáðilar voru með verkefnastjórn þessara verkefna og í hvaða greinum þau voru; ártal fjármögnunar er innan sviga:

- Mímir-símenntun – skrifstofugreinar, tveir hópar (2012), verslunarfagnám, tveir hópar (2012) og leikskólabrú (2011)
- Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins – hljóðvinnsla, tveir hópar, Reykjavík og Akureyri (2012)
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum – skrifstofugreinar og verslunarfagnám (2012)
- Símei – leikskóla-, stuðningsfulltrúa- og skólabrú (2012)
- Fræðslunet Suðurlands – skrifstofugreinar (2012) og verslunarfagnám (2012)
- Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja – verslunarfagnám (2011)

Mímir-símenntun

Sveigjanleiki er eitt af aðalsmerkjum Mímis-símenntunar. Starfsfólk og stjórnendur leitast við að mæta þörfum atvinnulífsins hverju sinni og krefst það umtalsverðrar aðlögunarhæfni innan fyrirtækisins. Starfsemi Mímis hefur ekki farið varhluta af því að sveigjanleikinn er einnig dýr. Þegar atvinnulífið kallaði eftir þjónustu eins og gerðist með skyndilegri aukningu atvinnuleysis brást Mímir við með uppbyggingu starfsafla, reynslu og þekkingu. Með stolti hefur Mímir þjónustað atvinnuleitendur sl. ár. Stefnbreyting stjórnvalda um nýjar áherslur í virkniúrræðum fyrir atvinnuleitendur hafði í för með sér að eftirspurn eftir námsúrræðum minnkaði um 70% árið 2012 frá fyrra ári þótt atvinnuleitendum hefði fækkað mun minna. Þessi lækkun á viðskiptum nemur um 15% af tekjum ársins og skýrir að hluta taprekstur Mímis sem er um 7% af veltu.

Fleiri breytinga hefur orðið vart á eftirspurn eftir námi hjá Mími. Stöðugt fleiri einstaklingar óska eftir starfstengdu námi, sem styrkir þá í starfi, eða almennu námi sem hjálpar þeim inn í formlega skólakerfið. Á sama tíma og eftirspurn eykst eftir formlegu námi hefur orðið minni eftirspurn eftir


frístunda- og tungumálanámskeiðum en þau námskeið eru á samkeppnismarkaði og njóta ekki opinberra styrkja. Fræðsluaðilar þurfa að aðlaga sig að þörfum og eftirspurn markaðarins. Í dag nálgast margir upplýsingar og fræðslu í gegnum netið (veraldarvefinn) en þar má nálgast margþætt fræðslufni. Hugsanlega er þetta ein ástæða þess að fækkað hefur í frístundanámskeiðum Mímis. Leitast hefur verið við að mæta því með auknum tilboðum á námskeiðum til að efla færni fólks á tæknisviði til upplýsingaöflunar.

Á árinu 2012 voru nýttir að fullu styrkir og sjóðir sem Fræðslusjóður úthlutaði Mími vegna vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Ljóst er að eftirspurnin kallar á hærri úthlutun fyrir það viðamikla starf sem unnið er hjá Mími-símenntun ef takast á að svara eftirspurn atvinnulífsins í framtíðinni.

Almenn námskeið, þar sem fólk sækir sér styrkingu í almennum bóklegum greinum, hafa verið vaxandi hjá Mími sl. tvö ár en árið 2012 fækkaði nemendastundum þar um rúm 20%. Á móti kemur að nemendastundum í starfstengdu námi hefur fjölgað nokkuð og má það einkum rekja til þess að umtalsverð aukning varð á eftirspurn eftir námsleiðinni Skrifstofuskólinn. Mímir gerði samning við NTV um að kenna Skrifstofuskólann og þannig náðist til víðari hóps innan markhóps Mímis sem er fólk með stutta formlega skólagöngu.

Þjóðfélag, sem er í stöðugu breytingarferli, þarf sveigjanleika og aðlögunarhæfni til að mæta nýjum og breyttum kröfum. Starfsfólk Mímis vinnur markvisst að því að mæta nýjum kröfum atvinnulífs og nemenda og er þegar hafin sókn til að mæta nýjum þörfum framtíðarinnar með áherslu á þjónustu við fólk með stutta formlega skólagöngu.

Heildarfjöldi nemendastunda 2008–2012



Nám í boði er hjá Mími-símenntun

Aftur í nám - 90 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftararfiðleika var einfaldlega afskrifað sem tossar eða annað þaðan af verra. Námskeið fyrir lesblinda, **Aftur í nám**, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku- og tölvukennslu, sjálfsstyrkingu og 40 einkatíma í aðferðum Ron Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa.

Umsögn nemanda: „Frábært námskeið sem hefur hjálpað mér mikið. Þarna fann ég leið til að takast á við lesblinduna og allt sem henni fylgir, ég vildi að ég hefði vitað af þessu fyrr.“

Grunnmenntaskóli – 30 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. námstækni, íslensku, framsögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu. Á árinu var námsleiðin aðlöguð og kennd döff þátttakendum, en það opnaði þátttakendum leið til áframhaldandi náms. **Umsögn nemanda:** „Hvers vænti ég af náminu í Grunnmenntaskólanum? Hlakkaði ég til eða kveið ég fyrir? Ég vænti þess að fá einhverja upprifjun á fyrra námi og styrkja sjálfsímynd mína. Þær væntingar stóðust fyllilega og vel það. Ég hef öðlast miklu meira sjálfstraust í vetur og þakka ég ekki síst skólanum fyrir það. Ég hlakka til að takast á við námið næsta vetur og þakka fyrir mig.“

Döfmenntaskólinn – 300 kennslustundir

Á árinu var boðið upp á Grunnmenntaskólann fyrir döf einstaklinga. Námsleiðin var aðlöguð að þörfum döf og kennd á táknmáli og með táknaáhrifum. Námsleiðin fékk nafnið Döfmenntaskólinn og var markmiðið að opna þessum einangraða hópi Íslendinga leið til áframhaldandi náms. Alls útskrifuðust 13 nemendur og hefur stór hluti þeirra nú hafið nám í formlega skólakerfinu. **Umsögn nemanda:** „Ég hafði ekki verið í skóla í 40 ár en það var frábær upplifun að hefja nám í Mími. Það veitti mér meira sjálfstraust að sumir kennaranna voru einnig heyrnarlausir.“

Almennar bóklegar greinar – 300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (Nám og þjálfun) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk námstækni eru kenndar lykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu.

Menntastoðir – 660 kennslustundir

Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og háskólabrú Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, eru íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og bókfærsla. Kostur er á því að ljúka Menntastoðum á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum.

Umsögn nemanda: „Frábært framtak og góð kennsla. Fékk trú á að ég gæti lært. Mikil keyrsla en mjög skemmtileg.“

Meðferð matvæla – 60 kennslustundir

Markmið með námsleiðinni er að auka þekkingu á mikilvægi þekkingar og ábyrgð starfsmanna á lýðheilsu, sóttvörnum og gæðastöðlum, mikilvægi skipulags og eftirlits og örverum í matvælaíðnaði. Námsleiðin, sem er stutt og afar hagnýt, hefur hlotið einróma lof þáttakenda. Stór hluti námsins er verklegur. Meðferð matvæla hefur m.a. verið aðlöguð og kennd hópum með takmarkaða kunnáttu í íslensku. **Umsögn nemanda:** „Fékk mikið út úr námskeiðinu og kennslan var einstaklega fagleg. Námskeiðið gaf mér góða almenna þekkingu á þessari stóru atvinnugrein.“

Jarðlagnatækni – 300 kennslustundir

Tilgangur með náminu er að auka verk-gæði og draga úr mistökum við endurbætur, nýlagnir og viðgerð rafstrengja, vatns-, hita- og fjarskiptalagna og fráveitna í jörð. Verklegar lotur, heimsóknir á mismunandi vinnustaði, rökræður og umræður eru hluti námsins, auk verkefna í kennslustofu. Nemendur geta tekið próf sem afla réttinda til plastsuðu og til merkingar á vinnusvæðum. Fyrirtæki, sem hyggjast bjóða í verk á vegum opinberra stofnana eða fyrirtækja, standa í vaxandi mæli frammi fyrir kröfu um þau réttindi sem námsleiðin veitir. **Umsögn nemanda:** „Ávinningur af náminu var mikill og hann skilar mér réttindum sem ég hafði ekki áður. Nýtist mér strax að námi loknu.“

Þjónusta við ferðamenn – Færni í ferðaþjónustu – 160 kennslustundir

Ferðaþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og -gjöf. Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin. Námsleiðin hefur verið aðlöguð fyrir og kennd Pólverjum og verið er að vinna að uppsetningu námsleiðarinnar fyrir aðra erlenda námshópa. **Umsögn nemanda:** „Þetta námskeið á eftir að nýtast mér vel í framtíðinni. Kennararnir voru mjög góðir og gott hvernig námið er tengt beint við það sem er að gerast í ferðaþjónustu í dag.“


Vöruflutningaskólinn – 300 kennslustundir

Fjöldi fólks hefur lokið þessu námi á vinnustað sínum og er árleg eftirspurn mikil. Tilgangur námsins er að efla faglega hæfni starfsmanna flutningafyrirtækja, bæði með bóklegu og verklegu námi. Meðal námsþátta eru: Samskipti og ábyrgð, íslenska, framsögn og tjáning, fyrirtækjabragur, rekstur, flutningafræði; markaðsmál, sölumál og þjónusta; stærðfræði, gagnaöflun og töflureiknir; vöru meðferð og tjón, tollamál. Vinnustaðanám er stór hluti *Vöruflutningaskólans*.

Skrifstofuskólinn – 240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn er mjög vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og nýlegafékkstheimildmennta- og menningarmálaráðuneytisins til kennslu samkvæmt endurskoðaðri námskrá.

Almenn bókleg námskeið og starfsmenntanámskeið – nemendastundir 2008–2012



Nám fyrir starfsmenn sem starfa við uppeldi, aðhlyningu og umönnun

Á árinu voru haldin fimm 100 kennslustunda fagnámskeið fyrir starfsmenn sem starfa við aðhlyningu og umönnun: þrjú fagnámskeið 1 og tvö fagnámskeið 2.

Það er ánægjulegt að greina frá því að algengt er að fólk haldi áfram og ljúki námi af *félagsliðabré* sem er fjögurra anna nám með starfi við aðhlyningu og umönnun. Kennst er samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna. Námið er fyrir starfsfólk sem hefur náð 22 ára aldri, er með þriggja ára starfsreynslu við umönnun og hefur lokið 230 kennslustundum í starfstengdum námskeiðum, þ.m.t. fagnámskeiðum. Þrjú hópar stunduðu nám á *félagsliðabré* bæði á vor- og haustönn. Í samstarfi við Eflingu – stéttarfélag var boðið upp á

56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða um heilabilun. *Fagnámskeið fyrir leikskóla I og II* er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk í leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í Leikskólaliðabru sem er tveggja ára nám samhliða starfi, kennt samkvæmt *Aðalnámskrá framhaldsskóla* og öðlast þar með starfsheitið leikskólaliði.

Nám fyrir fólk af erlendum uppruna – 120 kennslustundir

Haldnir voru fjórir *Landnemaskólar* á árinu. *Landnemaskólinn* er nám þar sem nemendur læra meðal annars íslensku og samfélagsfræðslu.

Í samstarfi við Eflingu–stéttarfélag og VMST var pólskum atvinnuleitendum boðið upp á nám í *Landnemaskólanum* og *Sterkari starfsmanni*, – *upplýsingatækni og samskiptum* sem er alls 270 kennslustunda nám. Þetta tilboð fékk heitið *Orkan* og voru haldnir þrír bekkir á árinu. Vel tókst til og var ánægja með þetta nám meðal þátttakenda.

Starfsleitarnámskeið

Í samstarfi við Starf hefur Mímír skipulagt og haldið *starfsleitarnámskeið* fyrir atvinnuleitendur. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitandanum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga annars vegar þarf hann sjálfstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald, hvatningu og að hann sé virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Í upphafi námskeiðsins er farið í sjálfsþekkingu og styrkingu til þess að atvinnuleitandinn geti betur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum, hvað hann vill og hvert hann vill stefna. Í kjölfarið er farið yfir gerð ferilskrár og kynningarbréfs sem tækis til að koma upplýsingum um hæfni og þekkingu til skila. Aðrir þættir, sem fjallað er um, eru til dæmis skráning á atvinnumiðlanir, umfjöllun um tengslanet, námsmöguleikar, markmiðssetning, atvinnuviðtöl, hvernig best sé að halda utan um atvinnuleit og hvernig útvíkka megi starfs-hugmyndir og leiðir í atvinnuleitinni.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri til að ná til fólks í atvinnuleit og til að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. Námskeiðið hefur gengið mjög vel og framhald er fyrirhugað á samstarfinu.

Íslenska fyrir útlendinga – 30 eða 60 kennslustundir

Á árinu 2012 voru haldin 89 námskeið í íslensku. Íslenska var kennd á 6 stigum. Auk þess var boðið upp á sérstaka tal- og ritunarhópa. Í íslenskunni er áhersla Mímis ávallt lögð á fjölbreyttar kennsluáferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu

á móðurmáli nemenda á átta mismunandi tungumálum. Fjöldi nemenda í hverjum hópi er á bilinu 8–14. Námskeið eru haldin að morgni, degi og á kvöldin. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðumat til að finna út hvaða stig hentar best, þátttakendum að kostnaðarlausu. Hjá Mími er hægt að taka íslenskupróf vegna búsetuleyfis til að sýna fram á þekkingu á málinu. Einnig er námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur boðið þessa þjónustu án endurgjalds.

Fjölmennt

Á árinu gerði Mímir-símenntun samning við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötluðu fólki tækifæri til að taka þátt í símenntun hjá Mími og þar með framfylgja stefnu Fjölmenntar þess efnis að stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar hjá sömu aðilum og ófatlað fólk eftir því sem kostur er. Á árinu voru haldin 33 námskeið. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi og framlengingu á þessum samningi.

Frístunda- og tungumálanámskeið


Á árinu voru haldin tungumálanámskeið, námskeið í handverki og hönnun, myndlist, menningu, lífstílnámskeið og námskeið um tölvur og tækni. Framboð á frístundanámi er mikilvægt. Oft er hægt að kveikja áhuga á frekara námi í gegnum frístundanám. Talsverður samdráttur varð á þátttöku í frístundanámskeiðum á árinu.

Yrkja – 200 kennslustundir

Í samstarfi við Eflingu var boðið upp á einn hóp í náminu Yrkja fyrir pólskar konur. Þetta er 200 kennslustunda nám þar sem nemendur læra íslensku, samfélagsfræðslu, ensku, fjármálalæsi og fleira. Ætlunin er að þróa þetta nám enn frekar bæði hvað varðar efnistöð og einnig fyrir fleiri hópum.

Íslenska og útivist/tölvur – 100 kennslustundir

Í samstarfi við VMST voru á árinu haldin fjórtán 100 kennslustunda námskeið fyrir atvinnuleitendur af pólskum uppruna. Annars vegar voru haldin tíu námskeið undir heitinu *Íslenska og útivist* og hins vegar fjögur námskeið undir heitinu *Íslenska og tölvur*.



Þróunarverkefni

Styrkir til þróunarverkefna fengnir frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu 2012, verkefni til tveggja ára

- *Fjölmennung í námshópum Mímis.* Markmið með verkefninu er að innleiða fjölmennningarlega stefnu innan Mímis sem tekur á öllum þáttum skóla-starfsins.
- *Nám á vinnustað.* Efling lykilmæni og starfshæfni. Markmið með verkefninu er: – Að þróa nýjar leiðir til að ná til starfsmanna á vinnustöðum sem hafa minnstu menntunina og erfiðast hefur reynst að hvetja til færnieflingar og starfsþróunar.
 - Að veita þátttakendum hvatningu og bjóða upp á nám sem miðar að því að styrkja lykilmæni í læsi, stærðfræði og ensku.
 - Að efla sjálfstraust þátttakenda til að takast á við frekara nám og auka líkur á áframhaldandi þátttöku á vinnumarkaði.
- *Námsmat í Grunnmenntaskóla og Námi og þjálfun.* Markmið með verkefninu er: – Að þróa námsmat fyrir *Grunnmenntaskólann* og *Nám og þjálfun* í almennum bóklegum greinum sem auðveldar gagnsæi námsins og mat þess inn í framhaldsskólann.
 - Að hanna leiðbeiningabækling um námsmatsferlið í þessum námsleiðum.
 - Að leita lausna um gerð rafræns námsmats. Áhersla er lögð á nýjustu kenningar námsmatsfræða sem miða að því að gera nemandann meðvitaðan um námsferlið, að matið sé á uppbyggjandi nótum og ýti undir jákvæða sjálfsmýnd hans.

- *Grunnmenntaskóli fyrir innflytjendur*. Markmið með verkefninu er:
 - Að þróa aðferðir og námsefni Grunnmenntaskólans til að koma til móts við hóp fullorðinna innflytjenda með stutta formlega menntun.

Styrkir til þróunarverkefna fengnir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2012

- *Grunnnám fyrir túlka af erlendum uppuna*. Markmið verkefnisins er:
 - Að hanna, tilraunakenna og leggja grunn að námsbraut fyrir túlka af erlendum uppruna sem ekki hafa lokið íslenskuprófi í samfélagstúlkun á háskólastigi.
- *Greining á starfsmenntun pólskra atvinnuleitenda á Íslandi*. Markmið verkefnisins er:
 - Að framkvæma könnun á starfsmenntun meðal pólskra atvinnuleitenda. Á grunni niðurstaðna verður komið með tillögur að starfsmenntaúrræðum og raunfærnimatsverkefnum fyrir þennan hóp.
- *Grunnnám í meðferð matvæla fyrir fólk með þroskahömlun*. Aðlögun námskrár FA Meðferð matvæla og kennsla fyrir fólk með þroskahömlun.
- *Hönnun þróun og kennsla náms og hjálfunar fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna*. Markmið verkefnisins er:
 - Að rjúfa einangrun og styrkja þátttakendur persónulega, faglega og félagslega.
- *Samþætting íslenskunáms og þjónustuliðanáms fyrir erlenda starfsmenn heilbrigðisstofnana*. Markmið með verkefninu er:
 - Að aðlaga og bæta við námsleiðina Þjónustuliðar – grunnnám með tilliti til þarfa starfsmanna sem hafa íslensku sem annað mál.
- *Efling verkfærni – styrking undirstöðuþekkingar*. Markmið með verkefninu er:
 - Að leiða saman Mími-símenntun, samtök iðnaðarins, tæknifyrirtæki og framhaldsskóla við að undirbúa verkefni sem sýni fólki með stutta skólagöngu fram á þörf vinnumarkaðarins fyrir verk- og tæknimenntað starfsfólk og þau tækifæri sem eru til staðar.

Erlend samstarfsverkefni

Mímir-símenntun er aðili að norrænu samstarfsneti um formlega fullorðinsfræðslu. Verkefni ársins 2012 var framhald vinnu við könnun á brottfalli úr fullorðinsfræðslunni í norrænu löndunum auk undirbúnings að ráðstefnunni „Námsumhverfi og fullorðinsfræðsla“ (d.Læringsmiljög og voksenundervisning) sem haldin verður í Danmörku í október 2013.

Gæðastjórnun

Á árinu fékk Mímir evrópska gæðamerkið „EQM-vottun á fræðslustarfsemi“ frá FA sem staðfest er af BSI á Íslandi. Það er byggt upp á verklagi og viðmiðum evrópska gæðamerkisins EQM (e. European Quality Mark). Einnig hóf gæðateymi Mímis vinnu að endurbótum og uppsetningu ferla og gátlista fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins.

Gæðahandbók

Mikilvægur liður í því að tryggja enn frekar gæði í starfseminni fyrir nemendum, samstarfsaðila og starfsmenn er nýting gæðahandbókarinnar. Gæðateymi Mímis mun vinna að því að gera gæðahandbók Mímis enn aðgengilegri starfsmönnum og tryggja að hún sé ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu.

ABF i Norden


Framkvæmdastjóri Mímis situr í stjórn norrænna systursamtaka, ABF i Norden, sem eru fræðslusamtök verkalýðsfélaga á Norðurlöndum. Markmið samtakanna er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu. Framkvæmdastjóri tók þátt í hluta af viðamikilli einnar viku dagskrá á 100 ára afmæli ABF í Svíþjóð á árinu. Einnig heimsótti hún Álandseyjar sem fögnuðu 30 ára afmæli ABF Áland. Stjórnarfundir voru haldnir í tengslum við afmælin.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar Mímis-símenntunar hafa hitt fjölmarga viðmælendur sem hafa komið bæði í einstaklings- og hópráðgjöf. Vel hefur gengið að ná til ráðþega og eftirspurnin eftir viðtölum hefur verið mikil. Það hefur sýnt sig að markhópurinn hefur mikla þörf fyrir einstaklingsmiðaða ráðgjöf. Það hefur aukist að ráðþegar óski eftir viðtali að eigin frumkvæði; einnig hefur stuðningur við nemendur Mímis aukist töluvert. Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa snúið að:

- vali á námi og námskeiðum;
- aðstoð við skipulögð vinnubrögð;
- leiðir til að takast á við hindranir í námi og starfsleit;
- áhugasviðsgreiningu og greiningu á færni;
- ferilskrágerð, gerð starfsútsóknna, kynningar- og fyrirsparnabréfa;
- útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf;
- hvatningu, stuðningi og sjálfsefningu;
- raunfærnimati.

Náms- og starfsráðgjöf – fjöldi viðtala 2008–2012



Til þess að efla gæði þjónustunnar og ná fram röddum notenda var send rafræn könnun tilúrtaks einstaklinga sem hafði nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa á árinu 2012. Helstu niðurstöður voru þær að rúmlega 92% voru frekar eða mjög ánægð með þjónustu náms- og starfsráðgjafa, tæplega 92% töldu sig hafa fengið gagnlegar upplýsingar hjá náms- og starfsráðgjafa og um 90% fannst ráðgjafinn hafa sýnt skilning og tekið mið af aðstæðum viðkomandi.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífinu og skóla lífsins en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi eða atvinnuumsókn og leggja mat á frekari starfsþróun. Matíð getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eflt sjálfstraust.

Á síðasta ári fóru tveir hópar í gegnum raunfærnimat í skrifstofugreinum á móti námskrá skrifstofubrautar I í MK og tveir hópar fóru í gegnum raunfærnimat í verslunarfagnámi á móti námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Náms- og starfsráðgjafar hjá Mími gegna stóru hlutverki í raunfærnimati en þeir halda utan um matíð, afla þátttakenda og sinna ráðgjöf í öllu ferlinu. Ráðgjafar tóku einnig þátt í raunfærnimati fyrir hljóðmenn í samstarfi við FA og Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins og undirbúningi raunfærnimats fyrir lagerstarfsmenn.

„Ég er ánægð að hafa fengið tækifæri til að fara í raunfærnimat og finnst það stórt skref fyrir okkur sem hættu námi ung; fá metna reynslu okkar á vinnumarkaði til styttingar á námi. Það er afar þroskandi og kannski nauðsynlegt að stíga út úr þessum örugga hring, sem maður hefur haldið sig innan síðustu árin, og hreinlega að henda sér út í djúpu laugina“, skrifaði einn þátttakandinn.

Almennt um rekstur Mímis-símenntunar

Starfsfólk Mímis hefur stundum líkt rekstrarumhverfi fullorðinsfræðslunnar við rússíbana. Um rússíbanann vitnar rekstrarafkoma síðustu ára. Frá því í október 2010 hefur fullorðinsfræðslan á Íslandi starfað á grundvelli laga um framhaldsfræðslu. Stjórnvöld hafa unnið að því að efla menntunarstig þjóðarinnar, ekki síst þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi. Vonir eru bundnar við að þessir þættir muni leiða til aukins jafnvægis í rekstrarumhverfi símenntunarmiðstöðva. Þessar tiltölulega ungu menntastofnanir þurfa á því að halda til að geta byggt sig upp með markvissum hætti.

Í framhaldi af afburðaafkomu ársins 2010 hefur rekstrarafkoma Mímis verið neikvæð bæði 2011 og 2012, gengið hefur verið á eigið fé. Slíka niðurstöðu er ekki hægt að búa við nema í mjög takmarkaðan tíma eða þar til eigið fé er búið. Viðbrögð Mímis við lakri afkomu ársins 2011 fólust í margvíslegum sparnaðaraðgerðum árið 2012. Sú stærsta fól í sér að ráða ekki nýtt fólk í stað starfsmanna sem hættu en það dugði ekki til. Áfram verður unnið að umbótum í rekstri en óhjákvæmilegt er að horfa líka til ytri þátta í rekstrarumhverfinu, einkum fjárveitinga til starfsmennar sem verða að vera sanngjarnar.

Nemendur Mímis eru fullorðið fólk. Mímir vill búa þeim góðar aðstæður til náms, þar með talið húsnæði sem skipulagt er með þarfir fullorðinna nemenda í huga, kennslu sem hentar fullorðnu fólki og tækjakost í samræmi við kröfur nútímans. Til að geta miðlað tækniþekkingu til nemenda þarf að byggja upp aðstöðu, mennta starfsmenn til að kenna og hafa umsjón með tækjum. Tölvunotkun er tengd inn í kennslu fjölmargra námsgreina þar sem nemendum er kennt að nýta sér margvíslega tækni við námið. Sparnaðaraðgerðir mega ekki leiða til þess að kennslan verði gengisfelld aftur til gamalla aðferða.

Á undanförunum árum hefur tölvukerfi vegna nemendabókhalds verið þróað í samstarfi símenntunarmiðstöðva á landsvísu og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Kerfinu er ætlað að halda utan um stundaskrárgerð, stofubókanir og upplýsingar um nemendur. Því miður hefur ekki tekist þannig til að kerfið sé til hagræðingar við skipulag og utnumhald. Vonir standa þó til að úr því verði bætt.

Í lögum um framhaldsfræðslu er sett fram krafa um að framhaldsfræðsluáðilar sækji um viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meðal atriða, sem ráðuneytið metur sérstaklega, eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með tilliti til náms fullorðinna. Mímir hefur hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem fræðsluáðili.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Úthlutað var úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna fræðimanna-styrkja fyrir árið 2013. Styrkjunum er ætlað til verkefna er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks og til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

Styrk að þessu sinni hlutu tvö verkefni:

Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon vegna útgáfu á dagbókum Elku Björnsdóttur verkakonu. Verkið kom út í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar undir titlinum Dagbók Elku [Alþýðumening í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu]. Dagbækur Elku eru einstakur vitnisburður um lífsbaráttu og kjör alþýðufólks á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar og hlutverk skipulagðrar verkalýðshreyfingar í mótun íslensks samfélags. Styrkurinn nam 500.000 kr.

Sumarliði R. Ísleifsson, höfundur Sögu Alþýðusambands Íslands. Styrkurinn er veittur til að kynna verkið á norrænum vettvangi sagnfræðinga og sérfræðinga um verkalýðs- og samfélagssögu og til að vinna efni um sögu Alþýðusambandsins og íslenskrar samfélagsþróunar fyrir trúnaðarmenn og félagsmenn stéttarfélaganna. Styrkurinn nam 500.000 kr.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu



Í fyrri skýrslum forseta ASÍ hefur ítarlega verið fjallað um stefnumótun Alþýðusambandsins í Evrópumálum. Í skýrslu forseta 2009 var gerð grein fyrir áherslum ASÍ og samningsmarkmiðum í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Um þann þátt sagði í skýrslunni:

„Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti

samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið sem formlega munu væntanlega hefjast í byrjun árs 2010. Við skilgreiningu á samningsmarkmiðum þarf að gæta sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Alþýðusamband Íslands hefur um árabíl lagt grunninn að slíku starfi og stefnir að því að leggja fram áherslur sínar í öllum helstu málaflökkum er varða aðildarviðræðurnar við ESB og hagsmuni launafólks.

Á aukaársfundum ASÍ 25. mars 2009 var stigið mikilvægt skref í þá átt. Í þeim kafla skýrslu forseta, sem fjallar um aukaársfundinn, eru samþykktir hans birtar, auk þess sem gögn, sem undirbúin voru fyrir umræðuna á fundinum, eru birt sem viðauki aftan við þessa skýrslu.“

Í skýrslum forseta, sem á eftir hafa fylgt, hefur síðan verið gerð grein fyrir undirbúningi ASÍ undir þátttöku í aðildarviðræðunum og verklagi sem ákveðið var að viðhafa af hálfu ASÍ en Alþýðusambandið hefur átt fulltrúa í öllum níu samningahópunum sem fjalla um önnur mál en lagaleg málefni í aðildarviðræðunum, a.m.k. einn í hverjum hópi.

Staðan í aðildarviðræðunum og afstaða ASÍ

Haustið og veturinn 2012 var haldið áfram undirbúningi undir viðræður um fleiri málefna­kafla. Þá hófust viðræður um nýja kafla auk þess sem einum kafla var lokað. Alþýðusambandið fékk eins og áður aðalsamningamann Íslands á fund með fulltrúum ASÍ í samningahópunum og alþjóðanefnd ASÍ til að fara yfir stöðu mála og eiga skoðanaskipti um þá þætti sem Alþýðusambandið vildi leggja áherslu á.

Í lok árs 2012 var staðan í viðræðunum sem hér segir:

Viðræðum lokið í 11 málaflökkum:

Félagaréttur, Fyrirtækja- og iðnstefna, Flutningastarfsemi, Frjáls för vinnu-

afls, Hugverkaréttur, Menntun og menning, Neytenda- og heilsuvernd, Réttarvarsla og grundvallarréttindi, Samevrópsk net, Utanríkis-, öryggis- og varnarmál, Vísindi og rannsóknir og Samkeppnismál.

Viðræður hafnar í 16 málaflokkum til viðbótar:

Frjálsir vöruflutningar, Fjármálaþjónusta, Skattamál, Efnahags- og peningamál, Hagtölur, Félags- og vinnumál, Bygðastefna og samræming uppbyggingasjóða, Umhverfismál, Tollabandalag, Utanríkistengsl, Framlagsmál, Fjárhagslegt eftirlit, Opinber innkaup, Orkumál, Samkeppnismál og Upplýsingasamfélagið og fjölmiðlar.

Samningsafstaða Íslands afhent í 2 málum til viðbótar:

Matvælaöryggi og Dóms- og innanríkismál.

Samningsafstaða var enn í vinnslu í 4 málaflokkum:

Frjálsir fjármagnsflutningar, Landbúnaður og dreifbýlisþróun, Sjávarútvegur og Staðfesturéttur og þjónustufrelsi.

Í byrjun árs 2013 tilkynnti ríkisstjórnin hins vegar að hægt yrði á viðræðunum fram yfir kosningar. Í kjölfarið fylgdu síðan ríkisstjórnarskipti.

Erfitt er að átta sig nákvæmlega á raunverulegri stöðu aðildarviðræðnanna og með hvaða hætti líklegt er að stjórnvöld og Alþingi taki á málum á næstu mánuðum og misserum.

Það sem þegar liggur fyrir er þetta:

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir:

„Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Strax í byrjun sumars var Evrópusambandinu gerð grein fyrir því að hlé yrði gert á aðildarviðræðunum og var því ekki frekar lýst, hvorki hvort um tímabundið hlé væri að ræða né hvort og þá hvað kæmi í staðinn.

Af hálfu utanríkisráðherra hefur m.a. komið fram að ekki verði haldið áfram aðildarviðræðum við ESB meðan hann er ráðherra utanríkismála. Þá hefur hann áréttað að engin ákvörðun hafi verið tekin um það hvort og þá hvenær þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram og hefur mátt skilja að það verði jafnvel ekki á yfirstandandi kjörtímabili.

Loks liggur ekki fyrir, þegar þetta er ritað, hvernig eða í höndum hverra það verður að gera úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan Evrópusambandsins. Þá liggur ekki fyrir hvenær úttektin verður lögð fyrir Alþingi eða hvað á að gera með hana.

Stefna Alþýðusambands Íslands í Evrópumálum

Á 40. þingi ASÍ í október 2012 var eftirfarandi ályktun samþykkt af öllum þorra þingfulltrúa. Tveir voru á móti:

„Ályktun 40. þings ASÍ um Evrópumál

40. þing Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt er. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.“

Með skýrri sýn ASÍ um markmið, sem nást þurfi í aðildarviðræðunum og stefnumótun að öðru leyti, er átt við málefnavinnu og samþykkt aukaársfundar ASÍ í mars 2009 sem gefin var út í ritinu Sýn ASÍ á Evrópusamvinnuna og samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB.“

Í anda framangreindrar stefnumótunar sóttist Alþýðusambandið eftir þátttöku og hefur tekið virkan þátt í starfi samningahópanna vegna aðildarumsóknarinnar og í öðrum samskiptum við stjórnvöld og Evrópusambandið til að fylgja eftir hagsmunum launafólks eins og þeir hafa verið skilgreindir af hálfu sambandsins.

Framhaldið af hálfu Alþýðusambands Íslands

Á minnisblaði, sem lagt var fyrir alþjóðanefnd ASÍ í byrjun september 2013, segir m.a. „að ályktun 40. þings ASÍ og sú stefnumótun, sem fram hefur farið á vettvangi ASÍ, gefur tæpast tilefni til að túlka með þeim hætti að Alþýðusambandið eigi að láta málið kyrrt liggja og bíða og sjá hvað verða vill. En það er jafnframt snúið að meta hvernig best sé að halda á málum af hálfu sambandsins þannig að það gagnist sem best þeirri stefnu, sem ASÍ hefur mótað, og hagsmunum launafólks við þær aðstæður sem nú eru upp vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar og þeirrar óvissu sem uppi er.“ Síðan er bent á ákveðna kosti/möguleika sem skoða má varðandi mögulegt frumkvæði og áherslur af hálfu ASÍ:

- a) Alþýðusambandið standi fyrir sjálfstæðri úttekt á stöðu aðildarviðræðnanna við ESB og þeim kostum sem eru í stöðunni. Þar verði lagt mat á þann árangur, sem þegar hefur náðst í viðræðunum, hvaða málefni standa út af borðinu, hvaða álitamál eru þar helst uppi og með hvaða hætti mætti reyna

að finna ásættanlega niðurstöðu í þeim. Jafnframt verði lagt almennt mat á stöðu Evrópusambandsins og EES-samningsins.

Fenginn yrði aðili, sem nýtur trausts, til að vinna slíka úttekt (eða jafnvel tveir aðilar, sem þá væru jafnvel þekktir fyrir að hafa ólíkar skoðanir á Evrópusambandinu og mögulegri aðild Íslands að því).

- b) Fulltrúar Alþýðusambandsins afli sér upplýsinga beint og milliliðalaust hjá Evrópusambandinu um stöðu mála almennt og þau málefni, sem einkum standa út af í aðildarviðræðunum, og leggi í framhaldinu mat á stöðuna og framhaldið.

Þær leiðir sem nefndar eru hér að framan útiloka alls ekki hvor aðra; þvert á móti má halda því fram að þær styrktu hvor aðra ef rétt væri á málum haldið. Í báðum tilfellum væri sjónarhorninu einkum beint að sjávarútvegsmálunum, landbúnaðar- og byggðamálunum, gjaldmiðlamálinu og vinnumarkaðsmálum. Þá væri eins og áður segir fjallað um stöðu og framtíð Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Alþjóðanefnd lagði til að minnisblaðið og þær tillögur, sem þar er að finna, verði til grundvallar frekari vinnu ASÍ að málinu. Málið var síðan til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ 11. september þar sem samþykkt var að málið yrði unnið áfram á grunni minnisblaðsins og umræðunnar á fundinum og að lagðar verði tillögur fyrir miðstjórn þar sem nánar verði gerð grein fyrir mögulegu samstarfi við fleiri aðila, svo og fyrir efni og umfangi úttektar, kostnaði og tímaramma.

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands

Í byrjun árs 2012 varð að samkomulagi að setja á stofn sérstaka ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu en sambærilegar nefndir hafa verið stofnaðar vegna þeirra ríkja sem sótt hafa um aðild að ESB nokkur undanfarin ár. Í ráðgjafarnefndinni eru 12 aðilar, 6 frá hvorum samningsaðila. Af hálfu Íslands sitja fulltrúar Íslands í Ráðgjafarnefnd EFTA í nefndinni, þ.m.t. einn frá ASÍ, auk eins fulltrúa til viðbótar. Þá hefur m.a. fulltrúum umhverfissamtaka og neytendasamtakanna verið boðið að fylgjast með og taka þátt í starfinu. Af hálfu Evrópusambandsins sitja í nefndinni aðilar frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Um hlutverk nefndarinnar segir m.a.:

„Með myndun ráðgjafarnefndar Íslands og ESB fá aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar ýmissa félagasamtaka tækifæri til þess að fylgjast með og koma að samningaviðræðunum með skipulögðum hætti og styðja þannig við formlegt hlutverk stofnana ESB og Íslands í samningaviðræðunum. Komið er á formlegu skipulagi sem gerir félagasamtökum kleift að fylgjast með þróun-

inni í samningaviðræðunum og greiða fyrir samningsmarkmiðum Íslands út frá sjónarmiðum þeirra. Þar að auki skapast grundvöllur til þess að koma á framfæri upplýsingum bæði innan ESB og á Íslandi og eiga skoðanaskipti um hin ýmsu hagsmunamál á sama tíma og uppbyggileg samfélagsumræða er efl.“

Ráðgjafarnefndin fundaði tvisvar á tímabilinu, í nóvember 2012 og júní 2013. Á fundunum var fjallað um gang aðildarviðræðnanna. Á fyrri fundinum var sérstaklega fjallað um byggðastefnu Evrópusambandsins og þau tækifæri sem felast í þátttöku á uppbyggingarsjóðum ESB. Á seinni fundinum var rædd sú staða, sem komin er upp eftir ríkisstjórnarskiptin, auk þess sem fjallað var um norðurslóðarmál og makríldeiluna.

Þegar þetta er ritað í september 2013 er ekkert vitað um hver staða og framtíð Ráðgjafarnefndarinnar er.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verka-lýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og æ meiri þýðingu alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópu-ríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verka-lýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið – NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins (NFS) kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum allra heildarsamtaka á Norðurlöndunum. Forseti ASÍ situr þessa fundi fyrir hönd ASÍ og var kjörinn varaformaður samtakanna haustið 2011. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlandanna á alþjóðlegum vettvangi en á þingi sambandsins

haustið 2012 var ákveðið að efla starf samtakanna á norrænum vinnumarkaði með því að beina athygli stjórnvalda að þeim hindrunum og vandamálum sem launafólk lendir í við að sækja vinnu þvert á landamæri norrænu ríkjanna.

Líkt og undanfarin ár hefur mikil vinna verið lögð í það á síðastliðnu ári að samstillta málflutning norrænu samtakanna á vettvangi Evrópusamtakanna, einkum er varðar umræðuna um setningu laga og reglna innan ESB um lögbundin lágmarkslaun. Mikill þrýstingur er meðal samtaka launafólks í Austur-Evrópu á framkvæmdastjórn ESB að settar verði samræmdar reglur á þeim vettvangi um lögbundin lágmarkslaun en norrænu samtökin hafa gert kröfu til þess að þetta verði hér eftir sem hingað til málefni hvers ríkis fyrir sig. Í ársbyrjun 2012 náðist málamiðlun innan raða Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) sem gekk út á að sameina evrópska verkalýðshreyfingu um þá sýn að það væri meginhlutverk verkalýðshreyfingarinnar að tryggja að sem flestir á vinnumarkaði njóti eðlilegra lágmarkskjara. Í því viðfangsefni gæti lögbinding verið ein leið, almennt gildi kjarasamninga önnur og víðtæk þátttaka í stéttarfélögum sú þriðja. Þrátt fyrir þessa málamiðlun hafa þessi mál ítrekað komið upp á stjórnarfundum og í kröfum, sem beinast að forystu ETUC, og má rekja það til ítrekaðra árása bæði stjórnvalda, ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á samningsbundin réttindi launafólks og til niðurskurðar í framlögum til velferðarmála samhliða miklum skattalækkunum hátekjuhópa.

Eftir endurskoðun á verkefnum og hlutverki NFS, samþykktum, ráðningu nýs framkvæmdastjóra og endurskoðun á skipulagi og verkefnaskiptingu á skrifstofu NFS eru samtökin betur í stakk búin til að mæta hlutverki sínu. Þegar á fyrsta ári þessara breytinga má merkja verulega breytingu á ásýnd og verkefnaskilum samtakanna, einkum á norrænum og evrópskum vettvangi og er það ánægjulegt. NFS er nú orðið töluvert sýnilegra í norrænni umræðu, bæði hjá Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni og meiri vilji til samstarfs en áður.

Lóa Brynjúlfsdóttir, sem verið hefur framkvæmdastjóri NFS síðan 2011, lét af störfum í sumar þegar hún var ráðin sem yfirmaður alþjóðamála hjá sænska alþýðusambandinu. Staða hennar hjá NFS var auglýst innan aðildarsamtaka NFS í vor og sóttu 7 um stöðuna, Svíar, Dani og Finnar. Eftir að hafa farið í gegnum umsóknir og starfsmannasamtöl við þrjá hæfustu umsækjendurna var það niðurstaða framkvæmdastjórnar að mæla með því við formannafund innan NFS að Christina J. Colclough verði ráðin. Christina hefur sl. 5 ár verið framkvæmdastjóri norrænna samtaka starfsmanna banka og tryggingarfélaga, er dönsk-ensk að uppruna með hagfræðimenntun og rannsóknir á sviði vinnu- markaðsmála sem bakgrunn. Tók hún við 1. september en verður formlega sett í embætti á stjórnarfundi í nóvember nk.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Einu sinni á ári hafa fulltrúar norrænu alþýðusambandanna þingað um þróun kjaramála og borið saman bækur sínar um helstu málefni á norrænum og evrópskum vettvangi. Sl. sumar var fundurinn haldinn hér á landi þar sem farið var skipulega í gegnum reynslu einstakra sambanda af samningum og samskiptum við stjórnvöld. Umræða um félagsleg undirboð og viðbrögð við þeim, þ.m.t. áhrif almenns gildis kjarasamninga með lögum líkt og hér gildir, var fyrirferðamikil ásamt samráði um það með hvaða hætti ný tilskipun ESB um starfsmannaleigur hefur verið innleidd.

Fundur lögfræðinga norrænu verkalyðssamtakanna

Dagana 23.–24. ágúst sl. var árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka verkalyðsfélaga á Norðurlöndum haldinn í Kaupmannahöfn.

Á fundinum var fjallað um frumkvæði Framkvæmdastjórnar ESB varðandi mögulegar „örvandi“ aðgerðir fyrir smá og meðalstór fyrirtæki í ESB. Rauður þráður í þeim er að nauðsynlegt sé að gefa slíkum fyrirtækjum afslátt af ákveðnum þáttum regluverks um t.d. vinnuvernd og fæðingarorlof starfsfólks. Sérfræðingur Alþýðusambands Danmerkur kynnti greinargerð sína um efnið þar sem dregið er í efa að „af-reglun“ á vinnuréttarreglum í ESB standist grundvallarsáttmála um félagslega velferð og jafnræði. Viðbúið er að þetta viðfangsefni verði áfram fyrirferðarmikið á þessum vettvangi.

Þá var fjallað um innleiðingu tilskipunarinnar um starfsmannaleigur á Norðurlöndum. Komu fram áhyggjur af mögulegum áhrifum lagasetningarinnar og jafnframt að þar væru uppi mikilvæg álitamál einkum varðandi launakjör starfsmannaleigustarfsmanna samanborðið við laun starfsmanna notendafyrirtækjanna.

Loks var rætt um aukna ásókn alþjóðlegra stórfyrirtækja sem kerfisbundið reyna að koma í veg fyrir aðkomu stéttarfélaganna að starfsemi þeirra, eins og t.d. RyanAir. Voru rakin dæmi um hegðun þeirra og yfiringang í Billund í Danmörku og Moss í Noregi þaðan sem þeir gera m.a. út flugleiðir til Evrópu. Sérfræðingur LO í Noregi reifaði mál sem nú er í gangi gegn RyanAir í Noregi.

SAMAK

Þing SAMAK var haldið í Finnlandi í janúar og sótti forseti ASÍ fundinn ásamt Magnúsi M. Norðdahl, lögfræðingi ASÍ. Á þinginu var rætt um framtíð norræna velferðarkerfisins og kynntar fyrstu niðurstöður af viðamikilli rannsókn sem rannsóknarstofnunin FAFO í Noregi er að vinna að f.h. alþýðusambandanna og alþýðuflokkanna á Norðurlöndum. Í því sambandi var sérstaklega fjallað um formlegt og óformlegt samstarf þessara aðila í sókn og

vörn fyrir norræna velferðarkerfið en að sama skapi um þá ólíku nálgun einstakra ríkja Norðurlandanna, þar sem Ísland skeri sig að mörgu leyti úr með því að byggja velferðarkerfið í ríkari mæli á kjarasamningum í stað löggjafar, þar sem stéttarfélagið sé þungamiðja velferðarþjónustunnar. Forseti ASÍ gerði grein fyrir þeim djúpstæða ágreiningi sem væri milli forystu ASÍ og forystu ríkisstjórnarinnar, einkum í lífeyrismálum og þá tilhneigingu flokksins að vilja færa verkefni frá stéttarfélagunum til opinberra stofnana. Í tengslum við þingið var haldið málþing um atvinnuleysi ungs fólks og aðgerðir til að auðvelda því innkomu á vinnumarkaðinn. Forseti ASÍ tók m.a. þátt í pallborði þar sem hann gerði grein fyrir aðkomu ASÍ að málefnum ungs fólks á vinnu- markaði, einkum menntaúrræði og starfsþjálfunarúrræði fyrir unga atvinnuleitendur í samstarfi við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu forseta ákvað SAMAK að standa fyrir stóru norrænu rannsóknarverkefni um nýjar áskoranir og möguleika norræna samfélagslíkansins og er Alþýðusambandið aðili að rannsókninni. Verkefnið hefur yfirskriftina NORDMOD 2030. Um er að ræða mjög metnaðarfulla áætlun og er stefnt að því að verkefninu verði öllu lokið á árinu 2014 en einstakir þættir rannsóknarinnar komi út þegar þeir eru tilbúnir. Norska rannsóknarstofnunin FAFO, sem styrkt er af norska alþýðusambandinu, heldur utan um rannsóknina í samstarfi við sérfræðinga í hverju landi fyrir sig. Verkefnið er í grunninn þriðþætt: Í fyrsta lagi greining á sögu, stöðu og framtíð norræna samfélagslíkansins. Í öðru lagi greining á þróun og stöðu mála í hverju norrænu landanna fyrir sig. Í þriðja lagi greining á nokkrum þáttum er varða stöðu og framtíð norræna samfélagslíkansins. Frekari upplýsingar um verkefnið og afurðir þess má fá að vefnum <http://www.faf.no/nordmod2030/>.

Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)

Samstarf okkar við grænlesku og færeysku verkalýðshreyfinguna innan vébanda Vest-norræna sambandsins hefur verið á lágum nótum undanfarin ár en er engu að síður mikilvægur vettvangur skoðanaskipta og tengsla ef til átaka kæmi í sjávarútvegi vegna skyldleika og nálægðar. Hægt hefur miðað við að koma á sameiginlegri heimasíðu, m.a. vegna hægra viðbragða Grænlandinga. Ársfundur samtakanna var að þessu sinni haldinn í Narsarsuaq á Grænlandi, þar sem ársfundarfulltrúar tóku þátt í sameiginlegri ráðstefnu vest-norræna þingmannaráðsins um lifandi auðlindir á Norðurslóðum. Var ýmsum sérfræðingum og stjórnámálamönnum ásamt fulltrúa launafólks boðið að kynna ýmsa þætti þessa máls og voru líflegar umræður í kjölfarið. Á ársfundi VN var jafnframt ákveðið að halda starfseminni áfram í sama formi og framlengja ákvæði um að innheimta ekki félagsgjöld á árinu 2013.

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í Ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin hittist að jafnaði tvisvar ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál. Ljóst er að hafa má margvíslegt gagn af þessu samstarfi bæði til að afla upplýsinga og læra af því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og tengjast því. Fulltrúi ASÍ sótti fund sem var haldinn í Ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál í Leipzig dagana 2. og 3. júlí 2013. Fundarstaður og tímasetning réðust af því að á sama tíma var haldið mótið „World Skills 2013“ (heimsmeistaramót iðn- og starfsnámsnemenda 2013). Fjölmargt kom fram á fundinum sem varðar stöðu og framtíð starfsmenntunar hér á landi og á að nýtast í starfinu hér. Þá kom fram að víða í Evrópu glíma lönd við sama vanda og hér á landi, þ.e. að skortur er á starfsfólki með góða verk- og tækniþekkingu á fjölmörgum sviðum og að mikilvægt er að auka gæði og tryggja að nemar komist í vinnustaðanám. Til að takast á við þessi úrlausnarefni er nú unnið af krafti að því að þróa evrópsk gæðaviðmið í vinnustaðanámi og að auka og þróa samstarf aðila vinnumarkaðarins, fyrirtækja og fræðslustofnana til að tryggja vinnustaðaþátt námsins. Þá er í Evrópu nú lögð vaxandi áhersla á að stuðla að og styðja við frumkvæði og frumkvöðlahugsun í menntakerfinu á öllum stigum, ekki síst á sviði starfsmenntunar.

Þá var á fundinum kynnt rannsókn Starfsmenntastofnunar Evrópu (Cedefop) um aðráttarafl eða skort á aðráttarafli starfsmenntunar þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður kannanna, sem gerðar hafa verið í Evrópulöndunum, og niðurstöður rannsóknar sem gerð var á viðhorfum til starfsmenntunar í sex aðildarríkum ESB. Fram kemur að almennt eru viðhorf til starfsmenntunar jákvæð en þegar kemur að því að velja nám eða leiðbeina um val á námi hefur bóknámið víðast yfirhöndina. Þær skýringar, sem helst eru gefnar, eru að störfín, sem bjóðast í framhaldinu, séu ekki nægilega áhugaverð/góð. Þá er áhugavert að sjá hvaða leiðbeiningar ungt fólk fær varðandi námsval. Þannig kemur skýrt fram að bæði kennarar og námsráðgjafar ráðleggja ungmennum, sem eru sterk bæði á bóklega og verklega sviðinu, að velja bóknámsleiðina og nemendum, sem eru slakir á báðum sviðum, að velja starfsnámið.

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Í vor ákvað framkvæmdanefnd Evrópusambandsins að hafa opna skoðanakönnun á netinu þar sem allir íbúar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir geti sagt álit sitt á því hvort hafa eigi stefnu í vinnuvernd og hvað hún eigi að fela í sér. Einnig hvort það sé til góðs að hafa stefnu eða hvort það hafi bara kostnað í för með sér sem ekki skili sér til baka.

Í lok ágúst lauk þessari skoðunarkönnun og í nóvember fæst úr því skorið hvað kom út úr henni. Það var talsvert gagnrýnt að til dæmis væri ekki gerður munur á skoðun einstaklings eða stofnunar sem væri þó að vinna að þessum málum og hefði meiri þekkingu en fyrrnefndi aðilinn. En hvað sem má segja um þessa könnun þá kemur vonandi eitthvað gott út úr henni að lokum og að unnt sé hefja vinnu við að búa til áætlun um hvar unnið verði að vinnuvernd á næstu árum.

Hjá Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd (ACSH) eru og hafa verið mörg verkefni í gangi á þessu ári, svo sem undirbúningur að reglugerðum um nanotækni, um hinar ýmsu rykeindir sem verða til í margs konar framleiðslu. Þá er í undirbúningi næsti fundur Evrópu og USA um framkvæmd vinnuverndar. Það er ákaflega mikilvægt að þessar tvær blokkir komi sér saman um ýmis mál þessu tengd. Þar má nefna samræmdar öryggismerkingar á tækjum og búnaði, áhættumat og stórslysavarnir þannig að þessir aðilar geti aðstoðað hvor annan þegar vá ber að.

Mikið er að gerast í vinnuverndarmálum bæði hér á landi og erlendis og verkalýðshreyfingin þarf að vera á verði til viðhalda áhrifum í þessum mikilvæga málaflokki enda ljóst að sótt er að ýmsum réttindum sem launþegar hafa nú. Þá eru tæknibreytingar miklar og nauðsynlegt að vera vakandi fyrir því að um þær sé fjallað og settar reglur um umgengni nýrra efna og tækjabúnaðar þannig að hættur séu öllum ljósar sem vinna með ný efni eða nýjan tækjabúnað.

Vinnuverndarstofnun Evrópu í Bilbao vinnur nú einnig að stefnumótun sinni til 2020 eins og Vinnueftirlitið hér á landi. Mikil áhersla er nú lögð á að engin stefnumótun verði innan Evrópusambandsins þar sem ýmis öfl halda því fram að það hefti vöxt í hagkerfinu, þá sérstaklega hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Andstaðan er mikil og framkvæmdastjórn ESB og nokkrir forsætisráðherrar aðildarríkja hafa lagt á það áherslu að ekkert megi hinda að hagvöxtur aukist. En sem betur fer eru fleiri þeirrar skoðunar að skýr stefna þurfi að vera um hvert stofnun eins og sú í Bilbao eigi að stefna. Í byrjun nóvember verður fundað um málefnið og vonandi kemur eitthvað út úr þeirri umræðu. Mörg lönd Evrópu bíða eftir því að Bilbao-stofnunin og vinnuverndarnefndin í Lúxemborg ljúki sinni stefnumótun og gera síðan ráð fyrir því að nota þær niðurstöður sem grunn að sinni landsstefnu.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC Framkvæmdastjórn ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman fjórum sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann. Hefur forseti ASÍ sótt þessa fundi sem fulltrúi sambandsins. Starf innan ETUC hefur mótast verulega af alþjóðlegri fjármálakreppu og kröfu samtakanna um samræmd viðbrögð framkvæmdastjórnar og aðildarríkja ESB til að draga úr aukningu atvinnuleysis og verja velferðarkerfið. Einnig hafa samtökin átt í viðræðum við Framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið um leiðir til þess að styrkja stöðu kjarasamninga og kjarasamningsbundinna réttinda gagnvart samkeppnisákvæðum innri markaðarins. Þýska alþýðusambandið, DGB, hafði frumkvæði að því sl. vor að setja fram tillögu að svokölluðu Marshall-áætlun fyrir Evrópu, áætlun um auknar fjárfestingar og framkvæmdir samhliða því að þau ríki Evrópu, sem ekki stæðu frammi fyrir sömu ríkisfjármálakreppu, myndu auka ríkisútgjöld til að freista þess með hefðbundnum „keynesískum“ efnahagsaðgerðum að koma gangverki atvinnulífsins í gang. Þótt auðvelt hafi verið að sameina Evrópska verkalýðshreyfingu um þessa aðgerðaáætlun hefur illa gengið að sameinast um leiðir til þess að fjármagna aðgerðina en tillaga DGB var annars vegar að leggja skatt á fjármagnshreyfingar milli landa og taka upp sérstakt evrópskt skuldabréf – EUROBOND – þar sem aðildarríkin bæru sólidaríska ábyrgð. Fyrir fram er vitað að ríki Norður-Evrópu eru þessu andstæð þar sem líklegt er að skattborgarar þessara ríkja yrðu að standa undir endurgreiðslum og vandséð að verkalýðshreyfingin í þessum löndum geti tekið að sér að krefjast þess. Málið er því enn þá til umræðu og verður haldinn útvíkkaður framkvæmdastjórnarfundur í september til þess að fjalla frekar um málið.

Aðgerðaáætlun aðila vinnumarkaðarins í Evrópu

Aðgerðaáætlun aðila vinnumarkaðarins í Evrópu vegna atvinnumála ungs fólks (Framework of Actions on Youth Employment) var undirrituð í júní 2013.

Í aðgerðaáætluninni er byrjað á að lýsa þeim úrlausnarefnum sem Evrópuþjóðir standa frammi fyrir á sviði atvinnumála með sérstöku tilliti til ungs fólks. Þá er gerð grein fyrir nálgun aðila vinnumarkaðarins í Evrópu og áherslum. Í þriðja lagi eru síðan sett fram ákveðin forgangsverkefni/áherslur, ásamt því sem aðilar vinnumarkaðarins hyggjast gera til að vinna að framgangi þeirra og tillögum að aðgerðum til skemmri og lengri tíma. Forgangsverkefni/áherslurnar eru eftirfarandi:

1. Menntun og áhersla á að efla færni ungs fólks með sérstakri áherslu á hagnýta starfsmenntun.
2. Umskipti og aðstoð við einstaklinga, ekki síst ungt fólk, við að fara úr námi og í vinnu og til að bregðast við og taka þátt í þeim breytingum sem eiga sér stað í atvinnulífinu og á vinnumarkaðinum.

3. Takast með virkum hætti á við þá ógn sem felst í miklu atvinnuleysi ungs fólks í Evrópu.
4. Frumkvöðlastarfsemi, þ.e. að ýta undir frumkvöðlahugsun og frumkvæði með því að efla þekkingu og færni á þeim sviðum sem þar skipta mestu.

Í lokin er því síðan lýst hvernig aðilar vinnumarkaðarins ætla að fylgja aðgerðaráætluninni eftir í einstökum löndum Evrópu.

Aðgerðaáætluninni fylgja síðan dæmi um aðgerðir og verkefni sem unnið hefur verið að í einstökum Evrópuríkjum og ætla má að geti verið innlegg í áætlunina og framkvæmd hennar sem góð fordæmi.

Fyrir liggur að kynna aðgerðaáætlunina hér á landi og með hvaða hætti aðilar vinnumarkaðarins munu fylgja henni eftir. Bæði ASÍ og SA eru sem aðilar að ETUC og BUSINESSEUROPE skuldbundin til að fylgja henni eftir og hrinda í framkvæmd á íslenskum vinnumarkaði.

EFTA – EES

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsveitvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstökum málum.

Eins og áður fjallaði Ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Hún fjallaði ítrekað um innri markaðinn og ályktaði um það efni. Þá hefur nefndin fylgst náið með aðgerðum Evrópusambandsins í kjölfar kreppunnar, m.a. varðandi eftirlit með bankakerfinu og til að efla fjármálastöðugleika, og fjallað um áhrif þessara aðgerða fyrir EFTA-ríkin. Einnig hafa ýmsir þætti „Evrópa 2020“-áætlunar Evrópusambandsins og aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verið ítrekað til umfjöllunar á fundum nefndarinnar. Þá hélt Ráðgjafarnefndin – í samstarfi við EFTA-skrifstofuna – sérstaka ráðstefnu um togstreituna á milli frjálsræðis í viðskiptum og vinnuréttar og milli verndar launafólks í reglu-setningu og dómaframkvæmdar í ESB og EES-ríkjum. Loks má nefna samskipti og samninga EFTA-ríkjanna við þriðju ríki og gerð viðskiptasamninga.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum Ráðgjafarnefndar EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndin fundar einu sinni á ári.

Á fundi Ráðgjafarnefndarinnar, sem haldinn verður í Rovaniemi í Finnlandi í byrjun október 2013, verður sérstaklega fjallað um Norðurslóðamál og menntun ungs fólks og þátttöku þess á vinnumarkaði.

NETLEX – Network of legal experts

Dagana 9.–12. desember 2012 sótti Halldór Oddsson árlegan fund European Litigation Network og ráðstefnu NETLEX. Báðir þessir viðburðir voru haldnir í húsakynnum ETUC í Brussel. Verður hér stuttlega gerð grein fyrir þeim málefnum sem fjallað var um:

European Litigation Network, 10. desember 2012

Meginyfirskrift fundarins var um þær niðurskurðar- og aðhaldsaðgerðir (e. austerity measures) sem bitnar á almennu launafólki í Evrópu um þessar mundir. Tilgangur fundarins var að reyna að koma á virkum samskiptum um samræmdar taktískar aðgerðir til að láta reyna á slíkar aðgerðir, sem ganga of langt, fyrir dómstólum, ýmist landsdómstólum og/eða alþjóðlegum dómstólum. Nánar tiltekið þá var fjallað um eftirfarandi á fundinum:

- Rudi Delarue, yfirmaður hjá ILO, fór yfir hvaða úrræði og möguleikar væru fyrir hendi til að koma í veg fyrir grófar niðurskurðaraðgerðir í aðildarríkjunum. Sérstaklega gæti reynt hér á samþykktir ILO um verkfallsréttinn og réttinn til kjarasamningagerðar. Fór Delarue jafnframt yfir stöðu og uppbyggingu svokallaðs „Troika“, sem er samstarfsvettvangur ESB, ECB og IMF um fjárhaglsega endurreisn „aðgerðalanda“ (e. program countries), s.s. Grikklands, Portúgals og Írlands.
- Fjallað var sérstaklega um ákvarðanir Evrópuráðsins (e. Council of Europe) í tveimur málum er varðar niðurskurðaraðgerðir í Grikklandi, sem voru ekki taldar vera í samræmi við Félagssáttmála Evrópu. Var jafnframt upplýst að fimm önnur mál væru í gangi og að hópurinn yrði sérstaklega upplýstur um framgang þeirra mála. Jafnframt var fjallað um stöðuna í Portúgal og hvaða möguleikar væru þar fyrir hendi til að beita lagatæknilegum úrræðum til að stöðva harkalegar niðurskurðar- og/eða aðhaldsaðgerðir.
- Jeff Vogt, sérfræðingur hjá ITUC, fjallaði um vilja ITUC til að koma á fótt Litigation Network (samstarf um málarekstur) í anda þess sem ETUC hefur gert. Kynnti hann verkefnið og framtíðarsýn þess.
- Farið var yfir mál, sem væru í gangi fyrir dómstóli ESB (ECJ), og upplýst um afstöðu ETUC til þeirra. Umrædd mál voru í fyrsta lagi mál C-415/12

(Brandes) sem varðar hlutavinnu og rétt til orlofstöku; í öðru lagi væri svokallað RMT-mál þó ekki komið í formlega meðferð hjá ECJ; og sama sagan var að segja um svokallað IBERIA-mál sem fjallar á svipaðan hátt og Laval/Viking-málin um „árekstur“ fjórfrelsisins og rétt verkalýðsfélaga.

NETLEX-ráðstefna í desember 2012

Í beinu framhaldi af Litigation Network-fundinum var haldin árleg ráðstefna NETLEX þar sem farið var yfir það helsta sem er í deigluinni á sviði lögfræði í hinu evrópska umhverfi vinnuréttar. Yfirskrift ráðstefnunnar voru niðurskurðar- og aðhaldsaðgerðir (e. austerity measures) og sú togstreita sem væri nú á milli félagslegra réttinda og sanngjarnra kjara annars vegar og „frjáls markaðar“ og örvun atvinnulífs hins vegar. Nánar tiltekið þá var fjallað um eftirfarandi á fundinum:

- Alþjóðlega verkalýðsbaráttu á krepputímum. Frummælendur voru á einu máli um það að ESB, IMF og ECB beittu sömu stefnu og hefðu ýtt Evrópu fram af bjargbrúninni, þ.e. notast væri við töl og úrræði nýfrjálsbyggjunnar (e. neo-liberalism). Jafnframt væri með einhliða ákvörðunum yfirvalda aðildarríkja, með fulltingi ESB, vegið að rétti verkalýðsfélaga til að semja um kaup og kjör sinna félagsmanna.
- Farið var yfir helstu nýmæli og þróun á sviði evrópsks vinnuréttar. 1) Rætt var sérstaklega þróun og framkvæmd tilskipunar um evrópsk samstarfsráð innan fyrirtækja. Sitt sýndist hverjum í þessum efnum en flestir sérfræðingar voru sammála um að almennt gæfust þessi ráð ekki vel og hefðu í mörgum tilfellum grafið undan starfsemi stéttarfélaganna í einstökum fyrirtækjum. Jafnframt – þegar á reyndi – skipti þessi upplýsingagjöf litlu sem engu máli og þetta fyrirkomulag væri í raun meira í þágu atvinnurekenda en launafólks sem hefði þó verið upphaflegi tilgangurinn. 2) Fjallað var um réttarþróun varðandi útselda starfsmenn og drög að nýrri tilskipun til að skerpa á stöðvunarúrræðum tilskipunarinnar. 3) Kynnt var skýrsla framkvæmdastjórnar ESB um aðgerðaáætlun sem örva á vöxt í Evrópu, svokallaða „Employment package“. Voru frummælendur á því að vöxtur þessi virtist eiga að vera á kostnað félagslegra réttinda launafólks í Evrópu. 4) Sérfræðingur frá ETUI fór yfir drög að skýrslu um breytingar á lögum aðildarríkja sem hafa neikvæð áhrif fyrir launafólk.
- Rædd voru sérstaklega samráð og samstarf við hagsmunahópa (e. social dialogue) sem hefðu verið á undanhaldi undanfarin misseri. Var gagnrýnt að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins teldi sig vita betur um málefni evrópsks vinnumarkaðar en hagsmunaaðilar þar.
- Farið var sérstaklega yfir hvernig gengi að innleiða tilskipun um fæðingar-

orlof í aðildarríki og komu þær sláandi tölfræðilegar upplýsingar fram að 8 af aðildarríkjum væru enn ekki búin að sýna fram á fulla innleiðingu tilskipunarinnar og teldu sig þurfa aukafrest.

- Svokölluð „Smart regulation“ var til sérstakrar umfjöllunar. Var sérstaklega gagnrýnt að með henni væri litlum og meðalstórum fyrirtækjum (e. SMEs) veittur ákveðinn afsláttur af því sem talið væri sjálfsagður lágmarksréttur í velflestum aðildarríkjum. Voru sumir á því að gengið væri svo langt að umrædd reglugerð bryti gegn svokallaðri „nálægðarreglu“ Evrópuréttar (e. subsidiarity principle).

Heimsókn til alþjóðlegra dómstóla og stofnana

Dagana 12.–15.mars sl. hélt Halldór Oddsson til Lúxemborgar ásamt öðrum lögfræðingum sem starfa hjá heildarsamtökum sem heyra undir Norræna verkalyðssambandið (NFS). Tilgangurinn var að heimsækja dómstóla og alþjóðastofnanir í Mið-Evrópu (Lúxemborg og Strassborg) og eiga þar fundi með dómurum og stjórnendum um stöðuna í Evrópu og þá lagalegu hnökra sem hæst ber um þessar mundir. Í raun má skipta ferðinni í þrennt, þ.e. heimsókn í 1) EB-dómstólinn; 2) EFTA-dómstóllinn; 3) Evrópuráðið (e. Council of Europe). Verður hér gerð grein fyrir ferðinni út frá ofangreindri þrískiptingu.

EB-dómstóllinn (e. European Court of Justice)

Í EB-dómstólnum var annars vegar fundað með Lagerlöf, sem er aðstoðarmaður sænska dómans við dómstólinn, og hins vegar með Frimodt Nielsen sem er danski dómarráðgjafiinn við dómstólinn. Fóru þeir yfir þau helstu mál sem dómstóllinn hefur fjallað um á undanförunum misserum Beindist athyglin hvað mest að hinum „sænsku“ Laval/Viking-dómum og þeirri stöðu sem nú er upp komin í kjölfar þess að ILO hefur komist að því að hin sænska löggjöf samræmist ekki grundvallarsamþykktum ILO. Að fundum loknum var farið í skoðunarferð um bygginguna.

EFTA-dómstóllinn

Fundað var með norska dómamanum í dómstólnum, Cristiansen. Var farið nokkuð vítt yfir völl, allt frá stöðu EES/EFTA-ríkjanna í Evrópu og til einstakra dóma dómstólsins. Var þá sérstaklega rætt um það ráðgefandi álit (mál E-2/11) sem Hæstiréttur Noregs byggði á nýlegan dóm sinn frá 5. mars um að grundvallarréttindi gengju ofar fjórfrelsinu ef skörun ætti sér stað. Var það mál manna að dómur þessi væri viðspyrna við áður nefndum Viking/Laval-dómum sem genu í hina áttina.

Evrópuráðið (e. Council of Europe)

Til áréttingar skal ítrekað að þessi stofnun heyrir ekki undir valdsvið ESB heldur er þetta ráð samstarfsvettvangur 47 aðildarríkja sem hefur með höndum hina ýmsu alþjóðlega sáttmála, og ber þar helst að nefna Mannréttindasáttmála Evrópu (e. European Convention of Human Rights) og Félagsmálasáttmála Evrópu (e. The Social Charter). Hinn víðfrægi Mannréttindadómstóll Evrópu (e. European Court of Human Rights) heyrir undir valdsvið Evrópuráðsins en ferðin í Evrópuráðið hófst með því að fundað var með Erik Mose og Davíð Þór Björgvinssyni sem eru skipaðir af Noregi og Íslandi til setu í dómnum. Fóru þeir yfir þróun undanfarinna missera í málum er varða vinnurétt.

Að því loknu var fundað með Henrik Kristensen sem er stjórnandi Félagsmálanefndar Evrópu (e. European Committee of Social Rights). Fór hann yfir þær helstu kvartanir sem nefndinni berast nú en umsvifin eru að aukast í kjölfar þess að í mörgum Evrópulöndum er nú gengið afar hart á félagsleg réttindi almennings með niðurskurðaraðgerðum. Kristensen hvatti Norðurlandaþjóðirnar til að sinna Félagsmálasáttmálanum betur sem óformlegir varðhundur félagslegs réttlætis í Evrópu. Í því sambandi má geta þess að Ísland hefur ekki staðfest nýjustu útgáfu sáttmálans þrátt fyrir áskoranir ASÍ þess efnis að svo verði gert hið snarasta.

Að endingu var fundað með Torbjörn Jagland, forstöðumanni (e. general secretary) Evrópuráðsins og fyrrv. forsætisráðherra Noregs. Fundurinn var stuttur en innihaldsríkur. Jagland fór yfir framtíðarhorfur ráðsins og hvers mætti vænta. Álag væri gríðarlega mikið á Mannréttindadómstólnum sérstaklega og fram færi sem horfði þyrfti að gera gagngerar kerfisbreytingar á dómstólnum svo hann geti starfað undir slíku álagi.

Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO

102. þing ILO

Aí sendinefnd Íslands sátu af hálfu stjórnvalda, Martin Eyjólfsson, sendiherra í Genf, og ásamt honum Gylfi Kristinsson frá velferðarráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, og varamaður hans, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ og skólustjóri Genfarskólans. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Álfheiður Sívertsen.

Meginmálefni þingsins lutu að: Þríhliða samræðu (e. *social dialog*); Mannsæmandi vinnuskilyrðum, grænum störfum og sjálfbærri þróun; Vinnu, félagslegri vernd og lýðfræðilegri þróun og loks að venju um framkvæmd alþjóðasamþykkt. Magnús M. Norðdahl sat í þeirri nefnd sem fjallaði um þríhliða

samræðu, var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í henni og sat í samningahópi um lokaniðurstöður en verkalýðshreyfingin átti 6 fulltrúa í þeim hópi. Í niðurstöðum er ítrekað mikilvægi þríhliða samræðu og kjarasamninga sem verkfæra til þess að mæta áföllum og til þess að tryggja framfarir og félagslegt réttlæti. Árangur nefndarinnar liggur fyrst og fremst í því að á árinu 2016 verður á dagskrá þingsins umfjöllun um réttarstöðu launafólks í alþjóðlegri/fjölpjóðlegri framleiðslu (e. global supply chains). Fram til þessa hafa bæði atvinnurekendur og stjórnvöld lagst eindregið gegn því að ILO fjallaði um réttarstöðu launafólks í þessu ferli. Reglur og umboð ILO miðist við hvert ríki fyrir sig en ekki við það þegar vara er framleidd á mörgum stigum í mörgum löndum og flutt á milli, þ.e. í fjöl- eða alþjóðlegu framleiðsluferli. Þar bresti ILO umboð.

Ísland átti ekki fulltrúa í fleiri málefnanefndum þingsins en fulltrúar atvinnurekenda sátu í nefnd um framkvæmd samþykkt. Alger upplausn ríkti í störfum þeirrar nefndar á þinginu 2012 en hún er ein sú mikilvægasta sem saman kemur á vettvangi ILO. Þar er fjallað um skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd samþykkt ILO og um niðurstöður úr eftirlitskerfi stofnunarinnar um þá framkvæmd. Tekin eru sérstaklega fyrir þau ríki, sem gerst hafa sek um alvarlegustu brotin, og efnt til þríhliða samræðu í nefndinni um þau. Eins og gefur að skilja getur umræðan verið mörgum erfið, ekki einasta þeim ríkjum, sem í hlut eiga, heldur einnig þeim einstaklingum og samtökum sem brotið hefur verið gegn. Alþjóðasamtök atvinnurekenda fara fyrir atvinnurekendum í nefndinni og njóta þar fulltingis fulltrúa atvinnurekenda sem í henni sitja, þ.m.t. héðan af Íslandi og frá hinum norrænu löndunum. Á síðustu árum hafa atvinnurekendur ítrekað hindrað störf nefndarinnar með málþófi og skorti á samstarfsvilja þegar komið hefur að því að fjalla um brot gegn samþykktum nr. 87 og 98 sem m.a. fjalla um starfsemi frjálsra samtaka launafólks og atvinnurekenda og um verkfallsrétt. Hafa atvinnurekendur ítrekað sett fram þau sjónarmið að verkfallsrétturinn sé ekki verndaður af samþykktum ILO og að sérfræðingar stofnunarinnar og eftirlitskerfi hennar starfi án umboðs þegar brot gegn verkfallsréttinum hafa verið tekin til umræðu og gagnrýnd. Njóta atvinnurekendur stuðnings í þessu efni frá helstu einræðisríkjum veraldar og samþykkis samtaka atvinnurekenda. Það er ekki auðvelt að átta sig á því hvað liggur hér að baki. Um áratugaskeið var ekki ágreiningur um þetta efni og sérfræðinganeftindin, þar sem bæði sitja sérfræðingar launafólks og atvinnurekenda, lögfræðingar sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir störf sín, var og er sammála um að verkfallsrétturinn njóti verndar undir samþykktum ILO. Helst mætti ætla að aukin opnun fyrir viðskipti við stór og vaxandi efnahagsveldi, sem leggja miklar hömlur á frjáls samtök launafólks og atvinnurekenda eins og t.d. Kína og Indland, ráði hér mestu. Í aðdraganda þingsins var

efnt til fjölda funda til þess að reyna að ná niðurstöðu. Alþjóðasamtök okkar, ICFTU og skrifstofa launafólks í Genf, ACTRAV, stóðu fast á sínu og nutu stuðnings til þess þar sem atvinnurekendur voru einangraðir í afstöðu sinni. Svo fór að atvinnurekendur ákváðu að láta sérstaka bókun fylgja öllum málum, þar sem verkfallsrétturinn var til umræðu, en láta störf nefndarinnar ganga að öðru leyti. Þetta gekk eftir.

Á síðasta fundi nefndar um framkvæmd samþykktar var fjallað um mál sem þykja vera til fyrirmyndar. Framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra var valin til umfjöllunar sem dæmi um framkvæmd samþykktar sem gæti orðið öðrum ríkjum til eftirbreytni. Það sem helst þykir gott á Íslandi eru ákvæði í lögum um málefni fatlaðra sem fjalla um atvinnumál og réttindavernd fatlaðra. Einnig er horft til laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, og þá sérstaklega til aðdraganda lagasetningarinnar og samstarfsins sem var milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við undirbúning löggjafarinnar. Lög nr. 60/2012 ná yfir starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Samið var um stofnun og starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs í kjarasamningum árið 2008. Alþjóðasamþykktin um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra kveður meðal annars á um skyldu aðildarríkja til að móta og hrinda í framkvæmd stefnu um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra og jafnframt að endurskoða stefnuna reglulega. Stefnan á að miða að því að tryggja öllum hópum fatlaðra aðgang að endurhæfingarstarfsemi við sitt hæfi og að því að fjölga atvinnutækifærum fatlaðra á vinnumarkaði. Samþykktin hefur einnig að geyma ákvæði um aðgerðir á landsvísu til að þróa starfsendurhæfingu og vinnumiðlun fyrir fatlaða. Marteinn Eyjólfsson sendiherra ávarpaði nefndina af þessu tilefni og hrósaði við það tækifæri störfum hennar og lýsti fullum stuðningi Íslands við þau og eftirlitskerfi ILO. Þessi ummæli komu eins og ferskur andblær inn í störf nefndarinnar. Magnús M. Norðdahl ávarpaði nefndina einnig og lagði áherslu á að VIRK væri dæmi um árangur þann sem ná má í gegnum kjarasamninga og frjáls samtök launafólks og atvinnurekenda og lýsandi dæmi um að kjarasamningar og þríhliða samstarf væru þau verkfæri sem best dygðu til nýsköpunar og til þess að mæta erfiðleikum á tímum kreppu og niðurskurðar.

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og er núverandi skólastjóri Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ. Íslensku þátttakendurnir, þær Hrafnhildur Ólafsdóttir frá Félagi bókargerðarmanna og Guðríður Sigurbjörnsdóttir frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum norrænu löndunum.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin kom saman til 9 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar er nú athugun á fullgildingu eftirfarandi samþykktu:

Nr. 185 um persónuskilríki sjómanna. Vinnu við greiningu er lokið. Tæknilegar hindranir eru á fullgildingu en leitað er leiða til þess að gefa út skírteini sem uppfylla meginskilyrði samþykktarinnar og sem tryggja mun frjálsa för sjómanna.

Nr. 186 um farmenn. Engin hindrun er fyrir fullgildingu en SA leggst gegn henni m.a. þar sem engin farskip séu lengur skráð hér á landi.

Nr. 187, rammisamþykkt um aðbúnað og hollustuhætti, er tilbúin til fullgildingar en SA leggst gegn.

Nr. 188 um fiskimenn er nánast tilbúin til fullgildingar.

Nr. 189, starfsmenn á einkaheimilum þar sem ekki er hindrun á staðfestingu en sem SA leggst gegn.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar innan ILO hittust þrisvar sinnum á starfsárinu til skrafs og ráðgerða og til undirbúnings fyrir þing ILO. Kosið verður í stjórn ILO 2014. Fyrir 6 árum árum gerði ASÍ kröfu um að taka sæti í stjórn ILO fyrir hönd Norðurlandanna. Sú krafa fékk jákvæðar undirtektir í byrjun og var gert ráð fyrir að Íslendingur tæki sæti á eftir Noregi 2014. Fulltrúi Noregs hefur lítt sinnt stjórnarstarfinu sl. 2 ár vegna vistaskipta innan norsku verkalýðshreyfingarinnar. Noregur og Danmörk tóku sig hins vegar saman á árinu 2012 og undirbyggðu að Danmörk kæmi inn í stjórn 2014 og töldu ASÍ ekki hafa burði til þess að taka starfið að sér. Viðræður hafa farið fram innan forystu norrænu alþýðusambandanna vegna þessa. Málið er óútkljáð en horfur eru á því að Ísland komi inn í „hringrás“ Norðurlandanna við kosningarnar 2020.



Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Laganefnd kom saman á 4 fundum á starfsárinu og afgreiddi á fundum sínum lagabreytingar 9 aðildarféлага og staðfesti miðstjórn þær allar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 3 fundum á starfsárinu. M.a. voru afgreiddar 15 breytingar á reglugerðum, samþykkt drög að leiðbeiningum um mat á -tryggingafræðilegri stöðu auk þess sem tekið var saman yfirlit um kosningareglur aðildarfélaganna. Skv. því yfirliti er kosningafyrirkomulagið að meginstefnu til þannig að jöfnum höndum er beitt listakosningum og beinni kosningu eða blöndu af hvorutveggja.

Framtíðarstaða sjúkrasjóða aðildarféлага ASÍ

Lögfræðideild ASÍ hefur mótttekið niðurstöður matsskýrslna um framtíðarstöðu sjúkrasjóða aðildarféлага ASÍ í samræmi við skyldur aðildarféлага eins og þær eru útlistaðar í lögum ASÍ. Þegar þetta er ritað (17.09.2013) hafa 33 aðildarfélag skilað inn niðurstöðum og eru þær allar á þá leið að viðkomandi sjúkrasjóðir geti staðið við skuldbindingar sínar.



ASÍ-UNG

Í stjórn ASÍ-UNG, sem fundaði mánaðarlega yfir veturinn á starfsárinu, voru eftirtaldir fulltrúar skipaðir: Guðni Gunnarsson formaður (VM), Hrefna Gerður Björnsdóttir varaformaður (Aldan), Friðrik Guðni Óskarsson (FIT), Guðfinna Alda Ólafsdóttir (VR), Gísli Jósef Hreggviðsson (Mjólkurfræðingafélag Íslands), Ingólfur Björgvin Jónsson (Efling), Sverrir Einarsson (AFL starfsgreinafélag), Hrönn Jónsdóttir (Félag bókagerðarmanna) og Valur Sigurgeirsson (Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri).

Stjórnin setti sér það markmið á fyrsta fundi starfsársins að hvetja aðildarfélag og/eða landssambönd innan ASÍ að koma á innan sinna vébanda formlegum vettvangi fyrir ungt fólk. Í því skyni voru send út bréf til allra aðildarfélaga og landssambanda í ASÍ þar sem stjórn ASÍ-UNG bauð fram aðstoð sína við að ná framangreindu markmiði. Segja má að viðbrögðin hafi verið góð. Fulltrúar frá stjórn ASÍ-UNG hafa átt formlegar og óformlegar samræður um mikilvægi þess að virkja ungt fólk í verkalýðshreyfingunni við fulltrúa frá stjórnunum allra landssambanda sem og margra aðildarfélaga. Stór áfangi náðist svo á vormánuðum þegar Framsýn varð fyrsta aðildarfélag ASÍ sem stofnaði ungliðahreyfingu með formlegum hætti. Við það má svo bæta að Rafiðnaðarsamband Íslands hefur haft ungliðahreyfingu síðan í apríl 2011.

Auk framangreinds lét stjórn ASÍ-UNG til sín taka í málefnum líðandi stundar á starfsárinu, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Í nóvember 2012 sendi stjórn ASÍ-UNG ríkisstjórn Íslands svohljóðandi áskorun um að stíga fram fyrir skjöldu og mótmæla ólöglegu hernámi Ísraels á landsvæði Palestínu sem og árásum þeirra á saklausa borgara í Palestínu:

„Áskorun til ríkisstjórnar Íslands vegna ólöglegs hernáms Ísraels á landi Palestínumanna og árása á saklausa borgara í Palestínu

Stjórn ASÍ-UNG skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér af öllu afli á alþjóðavettvangi fyrir því að árásir Ísraels hers á bræður okkar og systur í Palestínu verði stöðvaðar hið snarasta. Íbúar Palestínu hafa of lengi verið fangar í eigin landi.

Á undanförmum áratugum hefur Ísrael með kerfisbundnum hætti aukið ólöglegt hernám sitt á landsvæðum Palestínu. Stjórn ASÍ-UNG telur alþjóðasamfélagið hafa horft aðgerðarlaust á of lengi og eru linnulausar árásir Ísraels hers á Gaza undanfarnar vikur kornið sem fyllir mælinn. Aðgerðir og ummæli valdamanna í Ísrael undanfarnar vikur verða vart skilin öðruvísi en að markmiðið sé að eyða Palestínu af landakortinu með þeim afleiðingum að fjöldi saklausra Palestínumanna lætur lífið og mannréttindi þeirra sem eftir lifa verða fótum troðin.

Stjórn ASÍ-UNG skorar á ríkisstjórn Íslands að stíga fram fyrir skjöldu og mótmæla árásum og hernáminu harðlega á vettvangi alþjóðastjórnsmála.“

Á fundi sínum í desember 2012 sendi stjórn ASÍ-UNG frá sér tvær ályktanir. Annars vegar ályktun þar sem lagabreytingu um réttindaaukningu fólks í fæðingar- og foreldraorlofi var fagnað, og hins vegar ályktun þar sem félagsleg staða ungs fólks í kjölfar niðurskurðar var hörmuð:

„Stjórn ASÍ-UNG fagnar réttindaaukningu til fæðingarorlofs:

Stjórn ASÍ-UNG fagnar lagafrumvarpi velferðarráðherra þess efnis að fæðingarorlofsréttur verði lengdur og greiðslur hækkaðar. En betur má ef duga skal og stjórn ASÍ-UNG vill minna á að fæðingarorlofsréttur á Íslandi standi enn að baki rétti foreldra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Stjórn ASÍ-UNG skorar því á þingmenn að bæta enn frekar í réttindin við þinglega meðferð frumvarpsins.

„Stjórn ASÍ-UNG fordæmir skerðingu á félagslegum réttindum ungs fólks í Grikklandi

Í kjölfar hins alvarlega ástands, sem upp er komið í Grikklandi, hefur gríska ríkisstjórnin með fulltingi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Framkvæmdastjórnar ESB og Sedlabanka Evrópu skert kjör og félagsleg réttindi grískrar alþýðu verulega, þá sérstaklega kjör og réttindi ungs fólks sem starfar hjá

hinu opinbera. Í raun er skerðingin svo mikil að Evrópuráðið telur þær brjóta gegn Félagsáttmála Evrópu sem flest Evrópuríki hafa fullgilt sem öryggisnet fyrir lágmarksréttindi.

Stjórn ASÍ-UNG sendir bræðrum og systurum sínum í Grikklandi baráttu-
kveðjur og skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því við Alþjóðagjald-
eyrissjóðinn og ESB að lágmarks félagsleg réttindi grískrar alþýðu skv.
Félagsáttmála Evrópu séu virt.“

Í janúar 2013 sendi stjórnin frá sér áskorun til þingmanna um að hafna
staðfestingu fríverslunarsamnings við Kólumbíu í ljósi tíðra mannréttindabrota
á verkafólki. Stjórnin sendi einnig frá sér ályktun þar sem atvinnuátakinu
Liðsstyrk var fagnað sérstaklega:

„Áskorun til utanríkismálanefndar um að hafna fríverslunarsamningi við Kólumbíu

Stjórn ASÍ-UNG skorar á utanríkismálanefnd að taka afstöðu gegn þings-
ályktun um fríverslunarsamning við Kólumbíu.

Nú er þingsályktun um fríverslunarsamning við Kólumbíu til meðferðar
hjá utanríkismálanefnd Alþingis. Stjórn ASÍ-UNG skorar á utanríkismála-
nefnd að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í innsendri umsögn
Alþýðusambands Íslands um málið. Þar kemur fram að í landinu sé viðhöfð
skipulögð barátta gegn grundvallarmannréttindum launafólks og gegn frjálsri
verkalýðshreyfingu sem hafi m.a. leitt til þess að á árabílinu 1986 til 2011 voru
2.914 fulltrúar kólumbískra verkalýðsfélaga myrtir. Þó svo að markmið
fríverslunarsamningsins séu í eðli sínu góð og gild myndi hann í ljósi
framangreinds að mati ASÍ-UNG fela í sér stuðning við ríkjandi ástand í
mannréttindamálum í Kólumbíu í stað þess að vinna gegn því.“

„Stjórn ASÍ-UNG fagnar tilkomu Liðsstyrks

Samhliða því að fagna upphafi nýs og metnaðarfulls átaks til að vinna bug
á langtímaatvinnuleysi hvetur stjórn ASÍ-UNG alla vinnuveitendur og
samfélagið í heild sinni til að leggja sitt af mörkunum í átakinu. Lang-
tímaatvinnuleysi, sem látið er óafskipt, getur orðið að alvarlegu samfélagslegu
meini og valdið einstaklingum, sem í því lenda, varanlegu heilsutjóni.“

Um svipað leyti og kosningabarátta fyrir þingkosningarnar vorið 2013 fór
af stað, nánar tiltekið um miðjan febrúar, notaði stjórnin tækifærið og ítrekaði
ályktun þings ASÍ-UNG 2012 um húsnæðismál ungs fólks:

Ályktun 2. þings ASÍ-UNG um húsnæðismál ungs fólks ítrekuð

Nú þegar senn líður að því að kosningabarátta vegna kosninga til Alþingis

hefjist af fullum þunga vill stjórn ASÍ-UNG minna stjórnámálamenn og fram-
bjóðendur á ályktun 2. þings ASÍ-UNG frá 14. september sl. Ályktunin á enn
fyllilega við og ekki er að sjá að horfur ungs fólks á húsnæðismarkaði séu neitt
bjartari nú en fyrir hálfu ári.

Um leið og stjórn ASÍ-UNG ítrekar neðangreinda ályktun er skorað á
stjórnámálamenn og frambjóðendur að kynna sér framkomnar tillögur ASÍ um
nýtt húsnæðislánakerfi og grípa til raunhæfra aðgerða gegn hinum sívaxandi
húsnæðisvanda ungs fólks:

„Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi

*Þing ASÍ-UNG áréttar að íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé
grundvallaratriði svo ungt fólk geti komið undir sig fótum og skapað fjölskyld-
um sínum góð lífsskilyrði. Aðgangur að öruggu íbúðarhúsnæði eru mannréttindi
– ekki forréttindi. Mikilvægt er að ungt fólk hafi raunhæft val um búsetuform
og fái húsnæðisstuðning óháð því hvort það velji að leigja eða eiga húsnæði.*

*Gera þarf leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði. Til þess þarf
að stuðla að stofnun stórra leigufélaga sem tryggja öruggt langtímaleiguhúsnæði
fyrir ungt fólk á viðráðanlegum kjörum. Þetta má m.a. gera með því að koma
ónýttum íbúðum lánastofnana í útleigu í stað þess að láta þær standa auðar.
Auka þarf stuðning við leigjendur með því að hrinda sem fyrst í framkvæmd
hugmyndum um eitt húsnæðisbótakerfi sem studlar að jafnræði milli búsetu-
forma. Tryggja þarf að tekjuskurðingar í húsnæðisbótakerfinu séu hóflegar
svo það gagnist ungu fólki. Núverandi húsaleigubótakerfi styður ekki við ungt
launafólk sem er með öllu óásættanlegt.*

*ASÍ-UNG telur mikilvægt að greiðslumat vegna íbúðarkaupa sé raunhæft
og taki aukið mið af stöðu hvers og eins og geri þannig ungu fólki kleift að
festa kaup á húsnæði. Hvetja þarf ungt fólk til húsnæðissparnaðar og koma
þarf til móts við unga kaupendur með skattaávilnun sem tryggir hraðari eigna-
myndun.“*

Á fundi sínum í apríl 2013 fjallaði stjórn ASÍ-UNG um fréttir sem undan-
farið hafa borist af hræðilegum aðbúnaði innflutts verkafólks í Qatar sem
vinnur við framkvæmdir í landinu vegna undirbúnings HM í knattspyrnu árið
2022. Í kjölfarið ákvað stjórnin að senda Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ)
bréf um málið:

„Virðuleg stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ)

*Árið 2010 samþykkti FIFA að HM í knattspyrnu karla yrði haldið í Qatar
árið 2022. Fljótlega lá fyrir að Qatar þyrfti að ráðast í gríðarlegar mann-
virkjaframkvæmdir til að ráða við utanumhald á slíkum stórviðburði og er*

áætlað að á árunum fram að 2022 muni 100 milljarðar dala fara í mannvirkjagerð. Starfsmenn í Qatar vegna HM eru 1,2 milljón talsins og 94% af þeim eru innflytjendur frá fátækari ríkjum eins og Nepal, Indlandi, Sri Lanka, Pakistan og Bangladesh. Öllu þessu fólki er skv. lögum í Qatar bannað að mynda og/ eða ganga í verkalýðsfélög. Slíkt bann er gróft brot á alþjóðlegum sáttmálum og samþykktum Alþjóðavinnuástandaáttunnarinnar er varða mannréttindi og grundvallarréttindi vinnandi fólks, hvort sem þau varða borgaraleg réttindi, félagsleg réttindi eða rétt til að vinna við öruggar aðstæður. Það er ljóst að á næstu árum mun eftirspurn eftir vinnuafli í landinu aukast til muna en ekkert bendir til þess að veita eigi því fólki, sem kemur til starfa, grundvallarréttindi heldur eigi að misnota neyð þess og ráða það til vinnu án nokkurra réttinda. Árlega deyja um 200 nepalskir verkamenn við vinnu sína í Qatar og hundruð verkamanna af öðru þjóðerni hljóta sömu örlög. Því liggur fyrir að fleiri einstaklingar muni deyja við mannvirkjagerð í tengslum við HM 2022 en muni keppa á mótinu. Vitneskjan um viðvarandi nútímaþrælalag og mannréttindabrot var til staðar árið 2010 þegar FIFA ákvað að fallast á umsókn Qatar.

Verkalýðsfélög um allan heim og alþjóðleg samtök verkalýðsfélaga með ITUC (International Trade Union Confederation) í fararbroddi hafa mótmælt þessari ákvörðun FIFA og munu halda áfram að mótmæla og vekja athygli á slæmum aðstæðum verkafólks í Qatar.

Í ljósi framangreinds vill stjórn ASÍ-UNG beina eftirfarandi spurningum til stjórnar KSÍ:

1. Hefur KSÍ beitt sér fyrir því að sú ákvörðun FIFA um að halda HM í Qatar árið 2022, verði endurskoðuð?
2. Ef svarið við spurningu nr. 1 er neitandi, mun KSÍ í ljósi framangreinds beita sér fyrir því innan FIFA að ákvörðunin um að halda HM í Qatar árið 2022, verði endurskoðuð?
3. Hefur KSÍ mótað sér stefnu um þátttöku íslenskra landsliða í knattspyrnumótum sem eru haldin í skjóli nútímaþrælalags?

Virðingarfyllt,
Stjórn ASÍ-UNG“

Bréfið, sem var einnig sent til fjölmiðla, fékk talsverða umfjöllun í ýmsum fréttamiðlum. Þegar þetta er skrifað hefur ekkert svar borist frá KSÍ þrátt fyrir að bréfið hafi verið ítrekað.

Á vormánuðum hélt stjórn og varastjórn ASÍ-UNG svokallaða hópeflis- og fræðsludaga í Blönduvirkjun. Sérfræðingar frá Félagsmálaskóla alþýðu og skrifstofu ASÍ héldu þar fræðsluerindi og var það mál allra sem aðkomu áttu að vel hafi tekist til.



Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2013 og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2013. Dregið hefur úr áhrifum efnahagsþrenginganna á tekjur aðildarfélaganna og hefur það skilað sér til ASÍ. Engu að síður var ákveðið að bíða enn um sinn með að ráða í stöðu framkvæmdastjóra og hefur Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, áfram gegnt hlutverki fjármálastjóra og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ/MFA, hlutverki starfsmannastjóra. Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu og ber þar hæst fundarherferð ASÍ um laun og kaupmátt, atvinnu og menntun ásamt húsnæðismálum í aðdraganda kosninga og endurskoðun kjarasamninga í janúar. Fjölmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni. Hrun fjármálakerfisins og sá gríðarlegi efnahagslegi samdráttur og félagslegu erfiðleikar, sem félagsmenn hafa lent í, hefur sett mark sitt á starf ASÍ

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2013

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir fulltrúi, Halldór Oddsson lögfræðingur, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz hagfræðingur, Ingibjörg Björnsdóttir matráðskona, Lilja Lind Pálsdóttir hagfræðingur, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókarari og starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Róbert Farestveit hagfræðingur, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sigurður Magnússon, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Signý Jóhannsdóttir, varaforseti ASÍ, og Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári. Ingunn S. Þorsteinsdóttir hagfræðingur lét af störfum að eigin ósk á starfsárinu og var Lilja Lind ráðin í hennar stað.



LISTASAFN ASÍ

Starfsemi Listasafns ASÍ október 2012–september 2013

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, sem jafnframt er formaður rekstrarstjórnar, Eyrún Valsdóttir deildarstjóri MFA, og Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

Listráð Listasafns ASÍ skipa: Hulda Stefánsdóttir, prófessor við Listaháskóla Íslands, og Ólafur Gíslason listfræðingur auk forstöðumanns safnsins sem er Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur. Nýtt listráð mun verða skipað síðar á árinu.

Auk forstöðumanns í 100% starfi eru tveir starfsmenn í 34% starfshlutfalli starfandi við safnið, myndlistarmennirnir Steinunn Helgadóttir og Magnús Helgason.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna – ICOM sem er hluti af UNESCO og faglegt starf innan safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum ICOM.

Listasafn ASÍ er til húsa að Freyjugötu 41, það er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00–17.00. Aðgangur er ókeypis. Safnið er lokað í júlí. Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is.

Sýningar og aðrir viðburðir í Listasafni ASÍ október 2012–september 2013

Á tímabilinu október 2012 til september 2013 voru haldnar ellefu sýningar í húsakynnum safnsins, sjá meðfylgjandi lista. Listráð safnsins mótar sýningarstefnu þess og velur listamenn úr fjölmönnum hópi umsækjenda. Auglýst var eftir umsóknum í byrjun árs 2011. Ákveðið var að úthluta bæði árinu 2012 og 2013 út frá sömu umsóknum þar sem svo margar góðar umsóknir bárust. Í janúar 2013 var síðan auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2014 og hefur öllum sýningartímabilum á því ári verið ráðstafað til umsækjenda. Listamenn sýna í safninu án endurgjalds en standa allan straum af gerð sýninganna sjálfir. Starfsmenn safnsins sjá um sýningargæslu og aðstoða eftir föngum við uppsetningu sýninga. Safnið sendir út rafræn boðskort og sér um sýningaropnun.

Tvær sýningar voru haldnar á vegum safnsins: „Dimmbjartir staðir“ þar sem málverk safnsins eftir Jón Stefánsson voru í öndvegi og „Augliti til auglitis“ en þar voru sýndar portrettmyndir eftir um sjötíu listamenn með áherslu á að sýna fram á mikilvægi portrettmyndagerðar sem og fjölbreytnina í sögu portrettmyndagerðar í íslensku samhengi.

Sýningardagskrá var með hefðbundnu sniði en að jafnaði var skipt um sýningu í safninu mánaðarlega. Eins og meðfylgjandi listi ber með sér voru sýningar ársins fjölbreyttar. Ólíkir listamenn, sem vinna með ólíka miðla og tjáningarform, voru valdir til að sýna í safninu. Á sýningunum mátti sjá málverk, teikningar, ljósmyndir, grafík, skúlptúra, myndbandsverk og innsetningar. Listamennirnir eiga það eitt sameiginlegt að skapa áhugaverða myndlist á eigin forsendum og eru sýningarnar í heild brot af því besta sem íslensk listmenning hefur upp á að bjóða. Sýningum safnsins hefur jafnan verið vel tekið, þær hlotið jákvæðar umsagnir og ágæta aðsókn. Um sjö þúsund manns heim sóttu safnið á tímabilinu.

Í febrúar tók safnið þátt í Safnanótt, í mars tók safnið þátt í Sequences-hátíðinni, í maí tók safnið þátt í Listahátíð í Reykjavík og í ágúst tók safnið þátt í Menningarnótt.

Sýningadagskrá október 2012–september 2013

6.–28. október 2012

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR (f. 1933)

Slóð. Kolateikningar og þrykk.

Sýningarskrá: SLÓÐ. 72 síður með myndum og texta eftir Ólaf Gíslason.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 6. október sýningaropnun. Listamanna-spjall.

3. nóvember–16. desember 2012

Dimmbjartir staðir.

Málverk eftir Jón Stefánsson (1881–1962) í eigu Listasafns ASÍ ásamt ljóðum eftir Ísak Harðarson (f. 1956) og hljóðverki eftir Sigrúnu Jónsdóttur (f. 1989).
Sýningarstjórn: Kristín G. Guðnadóttir og Steinunn G. Helgadóttir.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 3. nóvember sýningaropnun. Ísak Harðarson las úr ljóðum sínum; 11. nóvember ljóðalestur í Listasafni ASÍ. Bjarni Gunnarsson, Dagur Hjartarson, Gerður Kristný og Kristín Ómarsdóttir lásu úr verkum sínum. Kynnir var Þröstur Leó Gunnarsson.

12. janúar–10. febrúar 2013

BJARKI BRAGASON (f. 1983)

Hluti af hluta af hluta. Þættir I–III. Myndbandsverk, teikningar og hlutir.

Sýningarskrá: Texti eftir listamanninn. Fyrirhugað er að bókverk, sem tengist sýningunni, muni koma út á árinu.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 12. janúar sýningaropnun. Sýningin var á dagskrá Safnanætur og 7. febrúar á Safnanótt var Bjarki með tvær leiðsagnir um sýningu sína.

16. febrúar–10. mars 2013

EIRÚN SIGURÐARDÓTTIR (f. 1971)

Gæfusmiður. Innsetning úr dokaplötum og sandi, myndbandsverk, teikningar. Sýningarskrá: Texti eftir listmanninn. Fyrirhugað er að bókverk, sem tengist sýningunni, muni koma út á árinu.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 16. febrúar sýningaropnun. Listakonan var með leiðsagnir um sýninguna fyrir ýmsa hópa sem og listamannspjall.

16. mars–14. apríl 2013

UNNDÓR EGILL (f. 1978) Ásmundarsalur

Permanence is but a word of Degrees. Málverk á vegg, myndbandsverk, skúlptúrar.

Sýningarskrá: Texti eftir listamanninn.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 16. mars sýningaropnun; 14. apríl sýningarniðurtaka þar sem áhorfendum gafst kostur á að sjá veggmynd listamannsins fjarlægða. Listamannspjall.

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR (f. 1964)

Gryfja og Arinsstofa. Arkitektúr hugans. Útleið. Málverk, skúlptur og veggmálverk og Málverka-diagram (skýringarmynd).

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 16. mars sýningaropnun; 5. apríl frumsýning á myndbands- og hljóðverkinu Ys og Pys. Samvinnuverkefni

Eyglóar og Ríkharðs H. Friðrikssonar hljóðlistamanns. Listamannaspjall.
Sýningarnar voru á dagskrá Sequences-listahátíðarinnar.

20. apríl–12. maí

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR FRÁ MUNKAÞVERÁ (f. 1933)

Orðin, tíminn og blámi vatnsins. Textílverk og vatnslitamyndir.

Sýningarstjórn: Kristín G. Guðnadóttir og Steinunn G. Helgadóttir.

Sýningarskrá: Bæklingur með texta eftir Kristínu G. Guðnadóttur.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 20. apríl sýningaropnun. Listamannaspjall.

24. maí–23. júní

Augliti til auglitis.

Portrett eftir um sjötíu listamenn.

Sýningarstjórn: Steinunn G. Helgadóttir og Kristín G. Guðnadóttir.

Sýningarskrá: Bæklingur með texta eftir sýningarstjórana.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 24. maí sýningaropnun. Sýningin var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Sýningin hlaut styrk úr Safnasjóði.

10. ágúst–1. september

HADDA FJÓLA REYKDAL (f. 1974) Ásmundarsalur og Arinstofa

Málverk og vatnslitamyndir

Sýningarskrá: Texti eftir listakonuna.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 10. ágúst sýningaropnun. Listamannaspjall á Menningarnótt 24. ágúst.

DIDDA HJARTARDÓTTIR LEAMAN (f. 1963)

Gryfja

Innsetning

Sýningarskrá: Texti eftir listakonuna.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 10. ágúst sýningaropnun; 24. ágúst listamannaspjall á Menningarnótt.

Sýningarnar voru á dagskrá Menningarnætur.

7.–29. september

SIGRÚN ELDJÁRN (f. 1954)

Teiknivísindi. Sjö, níu, þrettán. Málverk, teikningar, bókskreytingar og hekludýr.

Sýningarskrá: Texti eftir listakonuna.

Viðburðir í tengslum við sýninguna: 7. september sýningaropnun. Listamannaspjall.

Tekið var á móti skólahópum og leikskólahópum og þeir fengu leiðsögn Steinunnar G. Helgadóttur um sýninguna.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíl. Nú eru í gangi um 40 vinnustaðasýningar í Reykjavík og á landsbyggðinni, hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Þessi starfsemi er mikilvæg til að kynna almenningi myndlist og hefur mælst vel fyrir á vinnustöðum. Verk safnsins eru einungis sýnd í safnhúsinu fáa mánuði á ári en vinnustaðasýningarnar gefa kost á að gera safneignina sýnilega og ná til fólks sem hugsanlega myndi ekki sækja sýningar safnsins.

Safneign, safnauki, rannsóknir, millisafnalán

Auk sýninga er hefðbundið safnastarf hinn meginþátturinn í starfsemi safnsins, þ.e.a.s. skráning, varðveisla, viðhald og rannsóknir á safneigninni.

Verk safnsins hafa flest verið ljósmynduð og eru skráð í sérstakt skráningarforrit. Safnið hlaut á árinu styrk úr safnasjóði til að vinna að skráningu safnkosts í sameiginlega gagnagrunninn SARP. Þeirri vinnu miðar áfram en handskrá þarf hverja færslu úr gamla kerfinu yfir í það nýja. Samtímis er skráning yfirfarin og endurbætt svo að um tímafreka aðgerð er að ræða.

Gjafir: Safninu bárust að gjöf tvö stór málverk á plexiglerplötu eftir Guðbjörgu Lind Jónsdóttir og Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá færði safninu að gjöf stórt textílverk. MFA færði safninu að gjöf myndröð eftir Þóru Sigurðardóttur.

Millisafnalán: Safnið hefur á árinu lánað verk til Listasafns Reykjavíkur m.a. vegna sýningar á verkum Kjarvals í St. Pétursborg og yfirlitssýningar á íslenskri myndlist 1900–1950 á Kjarvalsstöðum. Listasafn Kópavogs fékk lánuð verk á yfirlitssýningu á verkum Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur, Hafnarborg fékk lánuð verk Eiríks Smith og Listasafn Íslands fékk lánuð verk á sýningu Kees Visser.



VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

Árið 2012 og það sem af er árinu 2013 hafa verið viðburðarrík í starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Starfsemin hélt áfram að vaxa með mikilli eftirspurn eftir þjónustunni ásamt samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, stofnanir innan velferðarkerfisins og fjölbreyttan hóp fagaðila um allt land. Mikil vinna fór í að þróa og bæta vinnulag, meðal annars með áherslu á þverfaglega og árangursríka nálgun í flóknum málum. Aukin vitneskja um starfsemi VIRK og samstarf við ýmsa fagaðila innan velferðarkerfisins varð ennfremur til þess að stærri og fjölbreyttari hópur leitaði aðstoðar hjá VIRK og þar með talinn hópur sem glímur við mjög flókinn og fjölbætta vanda.

Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða

Í lok ársins 2012 breyttist og skýrðist hlutverk VIRK, m.a. með gildistöku laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Markmið laganna er að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu. Atvinnutengd starfsendurhæfing er skilgreind í lögnum sem „ferli sem felur í sér ráðgjöf og úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa til að auka starfsgetu þeirra og stuðla markvisst að endurkomu þeirra til vinnu að fullu eða hluta“.


Samkvæmt þessum lögum ber VIRK ábyrgð á að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar ef einstaklingur:

- býr við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku á vinnumarkaði,
- stefnir að endurkomu á vinnumarkað eða aukna þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má,

- hefur þörf fyrir þjónustuna, hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu og líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt,
- hefur vilja og getu til að taka markvissan þátt í atvinnutengdri starfsendurhæfingu og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Samkvæmt lögnum er hlutverk VIRK að skipuleggja, hafa umsjón með og fjármagna þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar í samstarfi við aðra aðila. VIRK veitir ekki úrræði á sviði starfsendurhæfingar heldur hefur það hlutverk að móta, skipuleggja og fjármagna nauðsynlega þjónustu á grundvelli mismunandi samninga. Þannig eru til staðar samningar við stéttarfélög um allt land um hlutverk ráðgjafa, samningar við þverfagleg teymi sérfræðinga um þverfaglegt mat og samningar við fjölda úrræðaaðila um mismunandi úrræði á sviði starfsendurhæfingar. Þessu er betur lýst á mynd 1.

MYND 1.



Í lögnum er jafnframt lögð áhersla á að starfsendurhæfing sé einn þáttur í heildstæðu stuðningskerfi þar sem starfsendurhæfingarsjóðir, stofnanir og sérfræðingar innan velferðarkerfisins vinni saman og tryggi að einstaklingur fái þjónustu við hæfi á hverjum tíma. Ljóst er að VIRK ber ekki að veita heilbrigðisþjónustu eða taka að sér lögboðið hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga eða Vinnueftirlits ríkisins. Það er hins vegar mikilvægt að VIRK eigi gott samstarf við aðra aðila innan velferðarkerfisins til að tryggja viðeigandi, faglega og árangursríka þjónustu í takt við þarfir hvers og eins einstaklings.

MYND 2.

Hlutverk

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Framtíðarsýn til 2020

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku
- VIRK byggir á gagnreyndri þekkingu, rannsóknum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum gegn aukinni atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu
- VIRK er virt þekkingarsetur og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar

Stiklur sem varða veginn að framtíðarsýn VIRK:

2013: Samhæfing

1. Góð, fagleg og tímanleg þjónusta
2. Áhersla VIRK á þverfaglega aðkomu á öllum stigum starfsendurhæfingar hefur skilað sér í breyttu verklagi og bættri þjónustu
3. Þróun vinnulags er í samræmi við bestu mögulegu þekkingu og reynslu
4. VIRK er til fyrirmyndað hvað varðar gæði, öryggi og árangursríka nálgun í málum einstaklinga
5. Formlegt og árangursríkt samstarf er við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, heilbrigðisstofnanir og þjónustuaðila í starfsendurhæfingu
6. Skýr stefna og almenn þekking á VIRK í samfélaginu

2015: Framsækni

1. Nýgengi örorku hefur lækkað umtalsvert
2. Starfsgetumat VIRK er viðurkennt faglegt og heildstætt mat á starfsgetu og endurhæfingarmöguleikum einstaklinga
3. Vottað gæðakerfi og upplýsingaöryggisvottun eru til staðar með reglubundnum innri og ytri úttektum
4. Unnið hefur verið að nauðsynlegum kerfisbreytingum sem auka möguleika einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði
5. Rannsóknarstefna VIRK er skýr og samvinna hafin við háskóla hér og erlendis
6. VIRK er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR

2020: Árangur


1. Nýgengi örorku hefur lækkað verulega
2. Vinnulag og fagleg uppbygging VIRK hefur jákvæð áhrif á samhæfingu stofnana velferðarkerfisins
3. Samræmt starfsgetumat er grunnur að starfsendurhæfingarstarfi á Íslandi og ákvörðun varðandi vinnugetu einstaklinga
4. Breytt viðhorf og samspil atvinnulífs og velferðarkerfis hvetja einstaklinga til að taka þátt á vinnumarkaði þrátt fyrir skerta starfsgetu
5. VIRK er virt þekkingarsetur og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar

Stefnumótun og framtíðarsýn

Í lok árs 2012 hófst markviss vinna við að endurmóta stefnu og framtíðarsýn VIRK í kjölfar nýrra laga og reynslu undanfarinna ára. Sérstakur stýrihópur var myndaður um þetta starf og fundir haldnir með fjölbreyttum hópi fagaðila VIRK. Afrakstur þessarar vinnu liggur nú fyrir og hefur verið gefinn út í sérstökum bæklingi. Lögð er áhersla á að framsetning á stefnu og framtíðarsýn sé einföld og auðskiljanleg en síðan er unnið nánar með hvern þátt fyrir sig í í starfsáætlun með skilgreindum verkþáttum og ábyrgðaraðilum. Á mynd 2 má sjá skilgreiningu á hlutverki og framtíðarsýn VIRK til ársins 2020. Þarna eru einnig settar fram stiklur fyrir árin 2013, 2015 og 2020 sem varða leiðina að framtíðarsýn VIRK. Endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn VIRK mun eiga sér stað árlega í takt við þróun og reynslu.

Í framhaldi af vinnu við stefnumótun var mótað nýtt skipurit VIRK sem sjá má á mynd 3. Framkvæmdastjórn VIRK er skipuð 6 aðilum úr stjórn og fundar hún mánaðarlega með framkvæmdastjóra um daglegan rekstur sjóðsins. Innri framkvæmdastjórn er síðan skipuð framkvæmdastjóra, fjármálastjóra, sviðsstjóra starfsendurhæfingar og sviðsstjóra gæða, upplýsinga og öryggis. Starfsendurhæfingarsviðið skiptist síðan í þrjár deildir, ráðgjafadeild, þverfaglegt mat og forvarnir. Þetta skipurit gildir frá og með 1. apríl 2013.

MYND 3. Skipurit VIRK



Starfsmenn og ráðgjafar VIRK

Í september 2013 voru starfandi á skrifstofu VIRK 20 starfsmenn í um 18 stöðugildum. Um er að ræða fjölbreyttan hóp sérfræðinga og skrifstofufólks með mismunandi menntun og reynslu.

Í byrjun september 2013 störfuðu um 40 ráðgjafar á vegum VIRK hjá stéttarfélögum um allt land. Tryggt er að ráðgjafar séu til staðar reglubundið í öllum stærri þéttbýlisstöðum landsins þannig að þjónustan sé aðgengileg jafnt á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Ráðgjafar VIRK hafa undantekningarlítið háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, félags- eða menntavísinda og mjög margir þeirra hafa meistaraþráði í sínu fagi. Ráðgjafarnir fá síðan mikla fræðslu hjá VIRK, bæði þegar þeir hefja störf og síðan með reglubundinni fræðslu sem skipulögð er fyrir alla ráðgjafa hjá VIRK. Sérstök nýliðafræðsla hefur einnig verið skipulögð og árlega er gefin út fræðsluáætlun. Ráðgjafarnir hafa enn fremur aðgang að þverfaglegu teymi og miklum stuðningi hjá VIRK. Þeir vinna allir eftir skilgreindum vinnuferlum og skrá árangur þjónustunnar í upplýsingakerfi VIRK sem tryggir samhæfni í vinnulagi og þjónustu.

Í heild sinni starfa því um 60 manns hjá VIRK eða samkvæmt samningi milli VIRK og stéttarféлага um allt land. Þetta er öflugur og fjölbreyttur hópur sem leggur sig fram um að byggja upp og tryggja einstaklingum góða, faglega og árangursríka þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar um allt land. Sjá má myndir af öllum ráðgjöfum aftar í þessu ársriti og þar er einnig að finna viðtöl við tvo ráðgjafa sem lýsa reynslu sinni og sýn á ráðgjafastarfið.

Samstarfsaðilar

Framlag starfsmanna VIRK og ráðgjafa VIRK í þjónustu við einstaklinga er mjög mikilvægt en þó er hægt að fullyrða að framlag ýmissa samstarfsaðila VIRK og utanaðkomandi sérfræðinga í starfsendurhæfingu sé ekki síður mikilvægt og fer þeirra hlutur í starfseminni sífellt vaxandi. Það er ekki hlutverk ráðgjafa að veita meðferð eða úrlausn mjög flókinna vandamála hjá einstaklingum heldur ber þeim, í samráði við heimilislækni, að vísa einstaklingum til annarra fagaðila vegna slíkra vandamála, annað hvort innan velferðarkerfisins, ef vandinn er þess eðlis, eða í úrræði sem VIRK greiðir fyrir.

Samstarfsaðilar VIRK eru mjög margir. Fyrst ber að nefna þá aðila sem VIRK semur við um að veita þjónustu eins og lýst er á mynd 1 hér að framan. Samið er við stéttarfélög um allt land um þjónustu ráðgjafa, fjölbreyttan hóp úrræðaaðila um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og sérfræðinga í þverfaglegum matsteymum um þverfaglegt mat og aðkomu að gerð endurhæfingaráætlana. Þetta eru nokkur hundruð aðilar sem hver um sig er mikilvægur samstarfsaðili VIRK. Til viðbótar við þetta leggur VIRK áherslu á að byggja

upp gott og árangursríkt samstarf við atvinnurekendur, lífeyrissjóði, heilsgæslulækna og aðra aðila innan heilbrigðiskerfisins sem og aðrar opinberar stofnanir.

Haldið er vel utan um öll þau úrræði á sviði starfsendurhæfingar sem VIRK fjármagnar. Kostnaði er haldið til haga og árangur af hverju úrræði er metinn og skráður. Í hvert skipti, sem úrræði er pantað af hálfu ráðgjafa, er sett fram markmið með úrræðinu og eftir að þjónustunni lýkur fara ráðgjafi og einstaklingur saman yfir árangurinn og niðurstöður eru skráðar í upplýsingakerfi VIRK. Út frá þessum upplýsingum er síðan hægt að bera reglulega saman kostnað og árangur mismunandi úrræðaaðila. Slíkar upplýsingar munu til framtíðar nýtast við að taka betri og upplýstari ákvarðanir um úrræðakaup fyrir einstaklinga. Mynd 4 sýnir skiptingu útgjalda vegna aðkeyptar þjónustu frá úrræðaaðilum og þverfaglegum matsteymum á árinu 2012.

MYND 4.



Eftirlit er með öllum samningum og sérfræðingar og ráðgjafar VIRK eru í reglulegu sambandi við þjónustuaðila. Þessi samskipti eru einnig í þróun þar sem stefnt er að því að gera þau markvissari og í meira mæli rafræn með stöðluðum skýrslum og árangursmælikvörðum.

Fjöldi einstaklinga í þjónustu

Frá því að VIRK hóf að veita þjónustu haustið 2009 hafa um fimm þúsund einstaklingar leitað til ráðgjafa, þar af eru um 65% konur og 35% karlar. Um 1600 einstaklingar eru í þjónustu hjá ráðgjafa í september 2013 og um 2400 einstaklingar hafa lokið þjónustu. Í töflu 1 má sjá upplýsingar um fjölda nýrra þátttakenda á ári frá haustinu 2009.

TAFLA 1.

Fjöldi nýrra einstaklinga 2009 - 2013:	
2009 (sept-des)	383
2010	1.155
2011	1.305
2012	1.239


Nýir einstaklingar voru aðeins færri á árinu 2012 en 2011 en á móti kemur að það fjölgaði talsvert í þeim hópi einstaklinga sem þurftu lengri, flóknari og viðameiri þjónustu.

Það er mjög mismunandi hversu lengi einstaklingar eru í þjónustu VIRK, allt frá nokkrum dögum eða vikum upp í nokkur ár. Meðaltíminn í þjónustu hjá öllum þeim sem hafa útskrifast hjá VIRK var um 11 mánuðir.

Tilvísun í þjónustu

Mismunandi er hvaða aðilar benda einstaklingum á þjónustu VIRK. Öllum sem fara á bætur hjá sjúkrasjóðum stéttarfélagi er bent á þjónustuna og á þann hátt má gera ráð fyrir að flestir launamenn á vinnumarkaði fái kynningu á þjónustunni ef þeir veikjast eða slasast og eru frá vinnu í lengri tíma vegna þess. VIRK hefur einnig lagt mikla áherslu á að kynna starfsemina vel á námskeiðum hjá trúnaðarmönnum stéttarfélagi til að tryggja að trúnaðarmenn geti bent samstarfsmönnum sínum á þjónustuna á meðan þeir eru á launum í veikindum. Einnig er mjög mikilvægt að heimilislæknum sé kunnugt um þjónustuna og innihald hennar þannig að þeir geti beint þeim einstaklingum til VIRK sem þurfa á atvinnutengdri starfsendurhæfingu að halda. Í mynd 5 eru upplýsingar um hvaða aðilar bentu einstaklingum á þjónustu VIRK á árunum 2011 og 2012. Eins og sjá má þá hafa tilvísanir heimilislækna aukist mikið og er það í takt við áherslu VIRK á gott og aukið samstarf við heimilislækna sem skilar yfirleitt betri árangri í starfsendurhæfingarferlinu. Oft er það líka þannig að einstaklingar fá ábendingar frá mörgum aðilum um þjónustu VIRK, s.s. frá sjúkrasjóðum stéttarfélagi, trúnaðarmanni á vinnustað og frá heimilislækni eða meðhöndlandi lækni.

MYND 5.



Aðstæður einstaklinga í þjónustu

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og starfsreynslu og í ólíkum starfsgreinum. Aðstæður þessara einstaklinga eru mjög breytilegar en allir eru að glíma við skerta starfsgetu sökum heilsuþrests og þurfa á þjónustu að halda í samræmi við þarfir og aðstæður hvers og eins.


Mynd 6 sýnir upplýsingar um aldur og kyn nýrra einstaklinga sem fengu þjónustu á árinu 2012.

Mynd 7 sýnir þróun á framfærslustöðu einstaklinga sem fengu þjónustu hjá VIRK á árunum 2010, 2011 og 2012. Eins sjá má hefur átt sér stað nokkur breyting sem helst að hluta til í hendur við þær breytingar, sem hafa átt sér stað á hlutverki VIRK í samfélaginu, sem og breytingar á framfærslu einstaklinga innan velferðarkerfisins í kjölfar hrunsins. Þannig hefur þeim fækkað hlutfallslega sem eru á launum í veikindum eða hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага frá árinu 2010 og á móti hefur þeim fjölgað sem eru á milli bótakerfa við komu til VIRK (hafa engar tekjur) eða fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.

Stór hópur þeirra einstaklinga, sem leita eftir þjónustu til VIRK glímur við geðræn vandamál eða stoðkerfisvandamál. Einnig er algengt að einstaklingar, sem koma til VIRK, glími við fjölþættan vanda, þ.e. bæði heilsuþrest og aðra erfiðleika sem geta verið bæði af félagslegum og fjárhagslegum toga. Staðan er því oft flókin og alvarleg og finna þarf leiðir sem hæfa sérhverjum einstaklingi. Á mynd 8 má sjá upplýsingar um hvernig einstaklingar, sem koma til ráðgjafa VIRK, flokka ástæður fyrir skertri starfsgetu og fjarveru frá vinnu- markaði. Um er að ræða alla einstaklinga sem hafa komið til VIRK frá upp-

hafi. Hafa skal í huga að einstaklingar geta glímt við heilsubrest sem tilheyrir fleiri en einum flokki sjúkdóma.


MYND 6.



MYND 7.




MYND 8.




Aðstæður og líðan einstaklinga, sem leita til VIRK, eru að vonum mjög mismunandi og hver og einn einstaklingur þarf þjónustu og áætlun sem er sniðin að hans þörfum. Á mynd 9 eru settar fram upplýsingar sem gefa hugmynd um aðstæður og líðan einstaklinga sem leituðu til VIRK á árinu 2012. Þessar upplýsingar eru skráðar við komu til ráðgjafa. Á myndinni má sjá hlutfall þeirra einstaklinga sem svara spurningum varðandi atriðin neðst á myndinni játandi.


Einstaklingar, sem koma til VIRK, eru úr öllum starfsstéttum og menntunarstigi er mismunandi. Þetta má sjá á myndum 10 og 11 sem sýna hlutfallslega skiptingu allra einstaklinga, sem hafa leitað til VIRK, eftir starfsgreinum og menntunarstigi. Af þessu má sjá að hópurinn er fjölbreyttur, úr öllum starfsgreinum og með mismunandi menntunarstigi.

MYND 9.



MYND 10.





Virkur vinnustaður og endurkoma til vinnu

Mikilvægt er að einstaklingar eigi greiða leið til baka í vinnu í kjölfar veikinda og slysa. Til að auðvelda endurkomu til vinnu getur verið mikilvægt að vinnustaðurinn sé reiðubúinn til að mæta einstaklingi með sveigjanleika og skilningi svo endurkoman verði árangursrík. Þróunarverkefnið Virkur vinnustaður er í gangi hjá VIRK með þátttöku um 30 vinnustaða um allt land. Markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að því að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með fyrirsjáanlegum hætti og að á vinnustöðum sé til yfirlýst stefna og markvissar leiðir sem stuðla að forvörnum og skapa aðstæður til árangursríkrar endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys. Verkefnið hefur einnig það markmið að auka þekkingu bæði starfsmanna og stjórnenda á ýmsum þáttum í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á heilsu og geta dregið úr fjarvistum. Verkefnið hefur núna verið í gangi í um eitt og hálf ár og upplifun þátttakenda í verkefninu er mjög jákvæð. Áætlað er að því ljúki á árinu 2014 og verða niðurstöður þess þá kynntar.


Við komu til VIRK eru einstaklingar spurðir ýmissa spurninga er varða endurkomu til vinnu, hvort hún hafi verið reynd og hvort eitthvað hafi verið gert til að auðvelda þeim endurkomu til vinnu í kjölfar veikinda eða slysa. Af þeim sem svöruðu spurningunni „Var eitthvað gert til að auðvelda endurkomu

til vinnu?“ taldi um helmingur að hægt hefði verið að gera betur í þeim efnum. Mynd 12 sýnir hlutfallslega skiptingu svara hjá um 700 einstaklingum sem nefna tiltekna þætti í þessu samhengi. Flestir nefna að breyting á vinnuskyldum og tilfærsla í starfi hefði getað auðveldað endurkomu til vinnu og áhugavert er að sjá að um 13% telja að símtal frá atvinnurekanda hefði skipt máli í þessu sambandi. Mikilvægt er að atvinnurekendur og stjórnendur á vinnustöðum séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð, hvað þetta varðar, og eigi góð samskipti við veika starfsmenn til að tryggja farsæla endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys.

Verkefnið er í fullum gangi og lofar að mörgu leyti góðu. Þó er ljóst að ýmis álitamál hafa komið upp og munu koma upp í ferlinu. Þar má m.a. nefna þætti eins og veikindaréttarhugtakið og ávinnslu og nýtingu starfsmanna á veikindarétti. Sama gildir um persónuverndarmál. Einnig er mikilvægt að trúnaðarmenn starfsmanna sé virkir í ferlinu á vinnustað og forysta og starfsmenn stéttarfélaganna séu meðvitaðir um verkefnið og upplýstir um efni þess.

Auk starfsmanna VIRK hefur verið starfandi stýrihópur fulltrúa þeirra aðila sem standa að VIRK og hefur Halldór Grönvold verið fulltrúi ASÍ í hópnum.

MYND 12.




Hvert fara einstaklingarnir?

Í ágúst 2013 höfðu um 2400 einstaklingar, sem leitað höfðu til ráðgjafa VIRK, lokið þjónustu. Framfærslustöðu þessara einstaklinga við útskrift má sjá á mynd 13. Eins og sjá má þá hefur meirihluti einstaklinga, sem lýkur þjónustu hjá VIRK, framfærslu sem bendir til fullrar vinnugetu við útskrift (er í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi) eða rétt tæplega 70%. Um er að ræða talningu á stöðugildum þannig að ef einstaklingur hefur t.d. einungis vinnugetu að hluta og er í hlutastarfi þá er einungis sá hluti skráður í „Laun á vinnumarkaði“. Fullyrða má að árangur af starfsendurhæfingarferli einstaklinga hjá VIRK sé í raun betri en fram kemur á þessari mynd þar sem talsvert er um að einstaklingar ljúki þjónustu hjá VIRK með vinnugetu að hluta, t.d. í 50% starf, en þessir einstaklingar hafa ekki möguleika á að fá 50% örorkulífeyri hjá TR. Þeir sækja því um fullar örorkubætur við útskrift og eru þá skráðir að fullu sem örorkulífeyrisþegar jafnvel þótt starfsgeta sé til staðar að mati þeirra sjálfra og sérfræðinga í sérhæfðum matsteymum. Mikilvægt er að taka á þessum alvarlega veikleika í bótakerfinu.

MYND 13.


Framfærslustaða einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK

Hjá um 2400 einstaklingum sem hafa lokið þjónustu



Mynd 13 byggir á talningu stöðugilda tiltekinnar framfærslu við útskrift. Önnur leið við að meta árangur er síðan að líta á þann fjölda einstaklinga sem er í launuðu starfi, í atvinnuleit eða í námi við útskrift og sjá þannig hve stór hluti einstaklinga eru virkir sem bendir til vinnugetu að fullu eða að hluta til. Þessar upplýsingar má sjá á mynd 14. Eins og sjá má þá eru um 83% einstaklinga í vinnu, atvinnuleit eða í námi við lok þjónustu hjá VIRK.

MYND 14.



Þegar árangur af starfsendurhæfingarþjónustu er skoðaður skiptir miklu máli að tekið sé mið af því hver staða einstaklinganna var þegar þeir komu í þjónustuna. Bestur árangur næst þegar einstaklingar koma snemma og eru við komu til ráðgjafa enn með vinnusamband. Þetta má sjá í töflu 2. Þar eru teknar saman upplýsingar um þá sem hafa lokið þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK, um hver framfærsla þeirra var við komu til ráðgjafa, þ.e. í stöðugildum, og hversu stórt hlutfall þeirra útskrifast með vinnugetu, þ.e. fer annað hvort í launaða vinnu, í atvinnuleit eða í lánshæft nám. Þessir einstaklingar höfðu ekki vinnugetu við komu til ráðgjafa VIRK. Hlutföllin í töflunni tákna stöðugildi þannig að ráðgjafar skrá framfærsluhlutfall og hvaðan framfærslan kemur hjá viðkomandi einstaklingum og breytingar á því. Alls 89% stöðugilda þeirra einstaklinga, sem eru enn á launum í veikindum frá atvinnurekanda þegar þeir koma til VIRK, útskrifast frá VIRK með fulla vinnugetu (þ.e. eru annað hvort í launaðri vinnu, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift). Þetta á síðan við um 72% þeirra sem fengu dagpeninga hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga við komu til VIRK, 46% einstaklinga á endurhæfingarlífeyri og 37% örorkulífeyrisþega. Með öðrum orðum: hlutfall þeirra sem útskrifast með vinnugetu lækkar eftir því sem framfærslan á sér stað fjær vinnumarkaðnum við komu til VIRK. Þetta er í samræmi við bæði rannsóknir og reynslu annarra aðila í starfsendurhæfingu bæði hér á landi og erlendis.

TAFLA 2.

Framfærslustaða við komu til ráðgjafa	Hlutfall stöðugilda við lok ráðgjafar:			
	Í launaðri vinnu	Í atvinnuleit	Á námslánum	Samt. með vinnugetu
Laun í veikindum	79%	8%	2%	89%
Atvinnuleysisbætur	49%	35%	3%	87%
Sjúkrasjóður stéttarfélaga	50%	18%	4%	72%
Engar tekjur	51%	17%	4%	72%
Endurhæfingarlífeyrir	32%	11%	3%	46%
Fjárhagsaðstoð	24%	14%	0%	38%
Örorkulífeyrir	34%	2%	1%	37%

Vinnuferlar og starfsgetumat

Vinnuferlar hjá VIRK eru í stöðugri þróun og er það nauðsynlegt til að mæta breyttum aðstæðum og nýta aukna þekkingu og reynslu innan VIRK. Ráðgjafar VIRK og sérfræðingar í þverfaglegum matsteymum taka virkan þátt í þessari þróun. Lögð hefur verið áhersla á það undanfarið að stytta ferilinn í grunnmati og nýta betur ýmis starfsendurhæfingarúrræði sem eru í boði um allt land. Einnig hefur verið lögð áhersla á meiri ögun og skýrari verkferla bæði hjá ráðgjöfum og í þverfaglegum matsteymum.

Mikil uppbygging átti sér stað í þverfaglegu mati hjá VIRK á árinu 2012. Sérfræðingum í þverfaglegum matsteymum fjölgaði mikið og ríkari áhersla var lögð á að koma með þverfaglega sýn fyrr í starfsendurhæfingarferlið og að það eigi sér stað í byrjun ferlis þegar einstaklingar búa við flóknar og erfiðar aðstæður. Mikilvægt er að hver og einn einstaklingur fái ítarlegt faglegt mat á stöðu sinni þannig að starfsendurhæfingaráætlun sé raunhæf, markviss og árangursrík.

Aukið samstarf hefur einnig átt sér stað við erlenda aðila varðandi þróun á starfsgetumati. Formlegt samstarf er við endurhæfingarstöðina Rauland í Noregi og verið er að útvíkka það samstarf þannig að það nái til um 6 NAV-skrifstofa í Noregi. NAV er stofnun sem sér um allar bótagreiðslur og mat á vinnugetu einstaklinga í Noregi. Einnig er í undirbúningi að byggja upp aukið samstarf við bæði Dani og Svía um gagnkvæma þekkingarmiðlun ásamt frekari þróun og nýtingu á matinu.

Á síðasta ári hófst innleiðing hjá VIRK á gæðahandbók. Þar er lögð áhersla á að ráðgjafar, sérfræðingar og starfsmenn, vinni eftir samræmdum og skilgreindum gæða- og öryggiskröfum í starfsendurhæfingu á landsvísi. Einnig er verið að auka eftirlit með innri verkferlum og þeim úrræðum sem VIRK notar til að styðja einstaklinga við að komast út á vinnumarkaðinn.

Samstarf við lífeyrissjóði

Samkvæmt lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða hófu allir lífeyrissjóðir landsins að greiða gjald til VIRK frá og með 1. október 2012. Til að undirbúa markvisst samstarf við lífeyrissjóðina buðu starfsmenn VIRK lífeyrissjóðunum á síðasta ári upp á kynningar á því starfi sem fram fer hjá VIRK. Síðastliðið haust tók síðan til starfa samstarfsnefnd sem var skipuð fulltrúum frá bæði Landssamtökum lífeyrissjóða og VIRK. Nefndin vann m.a. að því að koma samstarfinu í formlegt ferli. Störf nefndarinnar og verkferlar voru kynntir á ráðstefnu sem Landsamtök lífeyrissjóða stóð fyrir á Grand hóteli í desember 2012.

Í framhaldi af þessari kynningu var sett á stofn þróunarráð skipað fulltrúum frá lífeyrissjóðum, trúnaðarlæknum sjóðanna og VIRK til að þróa og fylgja eftir því verklagi sem ákveðið hefur verið að taka upp. Til að gera samstarfið enn markvissara er nú verið að leggja síðustu hönd á þróun afmarkaðs aðgangs trúnaðarlækna og valinna starfsmanna lífeyrissjóða að tilteknum svæðum í rafrænu kerfi VIRK. Með tilkomu aðgengisins mun samstarfið verða bæði fljótvirkara og gagnsærra. Á næstu mánuðum mun VIRK síðan vinna að því að kynna samstarfið enn betur fyrir einstökum lífeyrissjóðum. Mikilvægt er að halda vel utan um þetta samstarf og gera það markvisst til að ná árangri til framtíðar. Það kann enn fremur að kalla á tilteknar breytingar í umhverfi og starfsháttum bæði lífeyrissjóða og VIRK. VIRK og lífeyrissjóðir um allt land bera mikla ábyrgð á því að vel til takist í þessu verkefni.

Árangur og mælikvarðar

Mikilvægt er að finna leiðir til að mæla reglulega árangur af starfi VIRK sem og árangur af starfi þeirra fagaðila á sviði starfsendurhæfingar sem starfa með VIRK. Starfsemin er hins vegar flókin og flóknir hlutir eru sjaldnast mældir á einfaldan máta – a.m.k. ekki svo vel sé. Til viðbótar við þetta bætist sú staðreynd að það eru mun fleiri þættir en atvinnutengd starfsendurhæfing sem skipta máli varðandi atvinnuþátttöku einstaklinga með heilsubrest og skerta starfsgetu. Heildaruppygging innan velferðarkerfisins og samspil bótakerfis og þjónustu skiptir líka gríðarlegu máli.

VIRK hefur lagt áherslu á að safna saman upplýsingum og gögnum þannig að unnt sé að nýta mismunandi mælikvarða til að fylgjast vel með ferli starfsendurhæfingar innan VIRK og árangri þess gagnvart einstaklingum. Hluti af þessum mælikvörðum koma fram í þessari umfjöllun um starfsemina, s.s. upplýsingar um framfærslustöðu einstaklinga við lok þjónustu auk skráningar á ýmsum þáttum sem gefa til kynna þróun á líðan og getu einstaklinga sem njóta þjónustunnar. Þegar þessir þættir verða metnir í framtíðinni þarf að sjálfsgöðu að hafa það í huga að tengja árangurinn við mismunandi stöðu

einstaklinga þegar þeir koma í þjónustu. Verið er að hefja sérstakt þróunarverkefni innan VIRK þar sem útbúa á staðlaða mælikvarða eða vísitölur sem bæði gefa réttar og raunhæfar upplýsingar og hægt er að nota til að skoða reglulega árangur og þróun í þjónustunni.

Allir einstaklingar, sem njóta þjónustu VIRK, eru beðnir um að fylla út þjónustukönnun í lok þjónustu. Þessi könnun gefur mikilvægar upplýsingar um upplifun einstaklinga af þjónustunni, árangri hennar og einstökum þáttum hennar. Þannig er unnt að sjá hvernig einstaklingar upplifa bæði þjónustuna í heild sinni, þjónustu hvers og eins ráðgjafa sem og einstakra úrræða og úrræðaaðila.

Til framtíðar

Umfang starfsemi VIRK hefur vaxið mikið undanfarin fjögur ár og framundan er áframhaldandi vöxtur með mörgum stórum og mikilvægum verkefnum. Á sama tíma er unnið hörðum höndum að því að bæta vinnuferla og þróa árangursríkt vinnulag til framtíðar. Nú í byrjun árs 2013 finnur VIRK fyrir mikilli aukningu í eftirspurn eftir þjónustu sem skýrist m.a. af auknu samstarfi við lífeyrissjóði, aukinni þjónustu við einstaklinga, sem hafa verið lengi án atvinnu í tengslum við verkefnið Liðsstyrk, og auknu hlutverk og ábyrgð VIRK á mótun, fjármögnun og samþættingu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar hér á landi. Þessar breytingar kalla bæði á aukinn mannafla og endurskoðun á ýmsum þáttum í starfsemi. Sú vinna er í fullum gangi þessa dagana. Einnig er verið að endurskoða ýmsa samninga við fagaðila á sviði starfsendurhæfingar, s.s. starfsendurhæfingarstöðvar um allt land, með það að markmiði að byggja upp gott faglegt samstarf við þessa aðila til framtíðar. Í dag á sér stað mikið mótunarferli í starfsemi VIRK – ferli þar sem mikilvægt er að halda öllum þráðum saman í ört vaxandi starfsemi og byggja upp til framtíðar rekstur sem er vel rekinn og bæði faglegur og árangursríkur.

Starfsendurhæfing snýst um samvinnu og lausnir. Mál einstaklinga eru oft á tíðum flókin og við búum um margt í flóknu velferðarkerfi þar sem einstaklingum reynist erfitt að átta sig á möguleikum og leiðum í erfiðri stöðu. Innan kerfisins starfa margir ólíkir aðilar, svo sem fagaðilar sem gjarnan horfa á veruleika einstaklinga út frá sinni eigin þekkingu og reynsluheimi, framfærsluaðilar sem leggja áherslu á að tryggja einstaklingum réttindi og greiðslur í samræmi við lög, reglur og kjarasamninga, opinberar stofnanir þar sem hver og ein stofnun hefur tiltekið ábyrgðarsvið í samræmi við lög og reglur og atvinnurekendur sem vilja byggja upp hagkvæman rekstur sem tryggir starfsfólki góð störf og eigendum arð af sinni fjárfestingu. Hver og einn þessara aðila horfir á einstakling með heilsuþrest og skerta starfsgetu frá sínu sjónarhorni sem mótast af reynsluheimi, hagsmunum og hlutverkum hvers fyrir sig.

Starfsendurhæfing snýst að hluta til um að breyta sýn, viðhorfum og stundum hlutverki þessara aðila og að fá þá til að vinna saman að því að búa til aðstæður sem auðvelda einstaklingum með skerta starfsgetu til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði á ný. Þessi samhæfing er ekki einföld en hún er vel möguleg ef menn taka þátt í verkefnum með það í huga að leita lausna en ekki vandamála. Það er á ábyrgð okkar allra að tryggja að svo sé.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp til laga um meðferð einkamála (flýtimeðferð), 2. mál

Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta og er fylgjandi því að það verði að lögum á þingi 2012-2013.

Frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og nýtingaráætlun, nr. 48/2011, með síðari breytingum, 3. mál

Alþýðusamband Íslands telur víska þætti í frumvarpinu til bóta. Þannig mælir ASÍ með því að Alþingi samþykki 1. gr. frumvarpsins þar sem eðlilegt er að allir virkjanakostir falli undir rammaáætlun og þá breiðu faglegu aðkomu sem að baki henni á að vera.

Þá mælir ASÍ einnig með því að Alþingi samþykki a- og b-lið 2. gr. frumvarpsins því mikilvægt er að tiltekið verði í rammaáætlun hvaða upplýsingar vanti til að ljúka flokkun þeirra virkjunarkosta, sem settir verða í biðflokk, og jafnframt tryggt að unnt verði að stunda nauðsynlegar rannsóknir til að skera úr um það hvort viðkomandi virkjunarkostur eigi heima í verndar- eða nýtingarflokki.

Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning, 7. mál

Með frumvarpinu er lagt til að sameina í ein lög rétt til bóta og aðstoðar vegna elli, skertrar starfsgetu, andláts eða framfærslu barna með það að markmiði að gera lögin einfaldari og skýrari en núgildandi löggjöf. Þetta eykur gagnsæi og gefur betri yfirsýn yfir réttindi einstakra hópa sem er vel. Frumvarpið byggir á tillögum verkefnisstjórnar um endurskoðun almennatrygginga frá árinu 2009 og tillögum starfshóps um endurskoðun almennatrygginga að því er varðar greiðslur til aldraðra.

Alþýðusambandið fagnar frumvarpinu og leggur áherslu á að þær grundvallarbreytingar, sem það felur í sér, nái fram að ganga. Að baki frumvarpinu liggur þverpólitísk vinna sem rík sátt hefur náðst um og mikilvægt er að áfram verði byggt á. Áhersla er á nauðsyn þess að einfalda kerfið frá því sem nú er og auka gagnsæi auk þess sem brynt er að samspil almennatrygginga, lífeyrisjóðstekna og annarra tekna sé réttlátt og skilvirkt.

Ljóst er að miklar deilur hafa verið hér á landi undanfarin ár vegna ýmissa þátta almennatrygginga, ekki síst frystingar bóta og aukinna tekjutenginga. Þá hefur Alþýðusambandið átt í deilum við ríkisstjórnina vegna vanefnda á yfirlýsingum ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011. Sú niðurstaða sem náðst hefur í verkefnisstjórninni og starfshópnum endurspeglar mikilvæga málamiðlunmilli aðila semerliðurí því að ná breiðarísáttum almennatryggingakerfið.

Við mat á áhrifum tillagna starfshópsins stendur ríkissjóður frammi fyrir tvíþættum útgjaldaáhrifum. Annars vegar er ljóst að núverandi umfang útgjalda vegna ellilífeyris er lægra en ella vegna þeirra aðhaldsaðgerða sem gripið var til vegna efnahagskreppunnar og valdið hafa talsverðum deilum. Alþýðusambandið telur óhjákvæmilegt annað en að komið verði til móts við þá gagnrýni með hækkun bótaréttar en hefur fallist á þá áherslu stjórnvalda að það gerist í áföngum á næstu árum. Hins vegar hafði starfshópurinn frumkvæði að því að leggja tryggingafræðilegt mat á þróun útgjalda ríkisins vegna ellilífeyris næstu áratugina, m.a. í ljósi fyrrisjáanlegra breytinga á aldurs-samsetningu þjóðarinnar. Þetta hefur ekki áður verið gert hér á landi hvað varðar almennatryggingar en er gert árlega af hálfu lífeyrissjóðanna. Samkvæmt þessu mati munu útgjöld ríkisins aukast mikið á komandi áratugum vegna mikillar fjölgunar aldraðra. Á móti er jafnframt ljóst að bætur almennatrygginga til hvers einstaklings munu, þrátt fyrir tillögur starfshópsins, fara lakkandi á komandi árum og áratugum vegna þess að réttur þeirra til lífeyris frá lífeyrissjóðunum mun vaxa mjög hratt fram undir miðja þessa öld. Að mati Alþýðusambandsins skapar þessi staðreynd Íslendingum afar mikilvægt samkeppnisforskot gagnvart umheiminum. Þrátt fyrir að útgjöld ríkisins fari vaxandi er ljóst að skatttekjur ríkissjóðs af lífeyristekjum almennings úr

lífeyrissjóðunum (og er þá horft fram hjá tekjum ríkissjóðs vegna sjálfra bóta almannatrygginga) munu fara hratt vaxandi samhliða útgjaldaaukningunni. Ef tekið er tillit til þessa munu nettóútgjöld ríkisins vegna ellilífeyris fara lækkandi ár frá ári og verða „neikvæð“ um miðjan fjórða áratug þessarar aldar.

Breytingarnar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru liður í heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni sem enn er ekki lokið. Alþýðusambandið leggur á það ríka áherslu að starfshópur um endurskoðun almannatrygginga vinni áfram að tillögum á breytingum á þeim köflum laganna sem eftir standa og fjalla um bótakerfi vegna örorku, starfsgetumat, bætur til foreldra langveikra og fatlaðra barna, barnatryggingar og bifreiðamál hreyfihamlaðra. Þá verði lokið við heildarendurskoðun laganna svo fljótt sem tillögur starfshópsins í ofangreindum þáttum liggja fyrir.

Athugasemdir við einstaka þætti:

22. gr. – Gert er ráð fyrir að fallið verði frá hækkun á skerðingarhlutfalli tekjutryggingar örorkulífeyrisþega úr 45% í 38,35%. Með þeim umfangsmiklu breytingum, sem starfshópurinn sameinaðist um varðandi kjör ellilífeyrisþega, varð samstaða um nýja hugsun í kerfinu. Í ljósi þess að engin umræða hefur farið fram um örorkulífeyri telur Alþýðusambandið rétt að fresta öllum breytingum, er varða örorkulífeyrisþátt laganna, þar til starfshópur um endurskoðun almannatrygginga hefur lagt fram tillögur sínar.

60. gr. – Í tillögum starfshópsins um sameiningu bótaflokka fyrir aldraða er lög áhersla á að horfa þurfti til samspils grunnfjárhæða og uppbótar vegna framfærslu. Lækkun á tekjutengingu framfærsluuppbótarinnar verður að skoða í beinu samhengi við bæði upphæð grunnbóta og endanlega tekjutengingu þegar aðlögunartímabili lýkur. Ljóst er að umrædd niðurstaða og samstaða hefði ekki náðst ef legið hefði fyrir að breytingin hefði þessi áhrif gagnvart öryrkjum án þess að tengja það heildarendurskoðun á örorkulífeyrisþættinum. Í framsetningu frumvarpsins, þar sem ekki er gerður greinarmunur á því hvort um örorku- eða ellilífeyrisþega er að ræða í tengslum við uppbót vegna framfærslu, hefur þessi samstilling á bótarétti aldraðra ófyrirséð áhrif á bótarétt öryrkja án þess að það hafi nokkurn tíma verið rætt eða metið. Því telur ASÍ rétt að þessi breyting á tekjutengingu framfærsluuppbótar verði afmörkuð við eldri borgara þar til starfshópurinn hefur lokið endurskoðun almannatrygginga vegna örorkulífeyris.

11 gr. – Í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins segir að lagt sé til að séreignarsparnaður hafi ekki áhrif á útreikning ellilífeyris að sinni en stefnt verði að því að sá sparnaður verði gerður jafnsettur öðrum sparnaði þannig að greint verði á milli höfuðstóls og ávöxtunar. Tillögur starfshópsins miða við óbreytt kerfi til að byrja með en að endurskoðun þessa þáttar verði lokið eigi síðar en þegar breytingin er að fullu gengin í gegn árið 2017. ASÍ áréttar að í

Því samhengi er nauðsynlegt að skoða ýmis álitamál, er varða séreignarlífeyrinn, og skilgreina hvað teljist í reynd þar til. Mikilvægt er að kerfið stuðli að frjálsum lífeyrissparnaði og breytingin í heild styðji við markmið lífeyriskerfisins.

Alþýðusambandið styður frumvarpið og mælir með samþykkt þess að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Frumvarp til laga um þak á hækkun verðtryggingar og lækkun vaxta, 9. mál

Fjallað var um húsnæðismál, þ.m.t. vægi verðtryggingar, og um lífeyrismál á nýafstöðnu 40. þingi ASÍ.

Hjálagt:

Ályktun 40. þings ASÍ um húsnæðismál

Ályktun 40. þings ASÍ um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almanna-tryggingakerfi

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2012, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, 25. mál.

Alþýðusamband Íslands gaf umsögn um frumvarp sama efnis þá er það var flutt á 139. löggjafarþingi. Umsögnin er óbreytt og svohljóðandi:

„Með frumvarpinu er lagt til að víkja megi frá ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/2010 ef almennar kosningar eru boðaðar innan þriggja mánaða frá samþykkt þingsályktunartillögu á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ vekur athygli á því að ein forsenda þess að fram fari marktækar þjóðaratkvæðagreiðslur er sú að fram fari víðtæk og vönduð kynning og samfélagsleg umræða um þau mál sem greiða skal þjóðaratkvæði um sbr. m.a. greinargerð með 6. gr. laganna. Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er opnað fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur með stuttum fyrirvara í aðdraganda almennra kosninga. Að þessu leyti samræmist frumvarpið ekki markmiðum laga nr. 91/2010.“

Þingsályktunartillaga um bætt skattskil, 51. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar þeirri tillögu, sem fram kemur í þingsályktunartillögunni, um að unnin verði „aðgerðaáætlun um bætt skattskil sem feli í sér aukið skatteftirlit, skattrannsóknir og markviss viðbrögð gegn undanskotum frá sköttum“. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa að undanfögnu komið fram vísbendingar um að undanskot frá skatti gætu verið að aukast. Er í því sambandi m.a. vísað til upplýsinga og lærdóma sem draga má af átakinu *Leggur þú þitt af mörkum?* sem Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA) og ríkisskattstjóri stóðu sameiginlega að sumarið

2011 í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí s.á. Niðurstöður þess sýndu fram á að margt er athugunarvert við bókhald, tekjuskráningu og skattskil fjölmargra lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Skil á staðgreiðslu voru röng í mörgum tilvikum, svo og skil á gjöldum til lífeyrissjóða og stéttarfélagana. Auk þess reyndust mörg fyrirtæki vera með óskráða starfsmenn á launum. Að mati þeirra sem stóðu að átakinu er tap samfélagsins einungis vegna vangreiddra skatta og annarra gjalda fyrirtækja með undir 1 milljarð í veltu á ári um 14 milljarðar árlega. Átak áður nefndra aðila fór af stað að nýju á sumarmánuðum 2012 en í lítillaga breyttri mynd. Sú framhaldsathugun gefur til kynna að svört atvinnustarfsemi fari heldur vaxandi og sýnist vera verulegt vandamál í ferðaþjónustu. Þá er ástandið í mannvirkjagerð og byggingastarfsemi litlu betra. Mörg dæmi eru um að starfsmenn séu á duldum launum og jafnframt á atvinnuleysisbótum. Þá hefur einnig komið fram að fyrirtæki eru rekin án þess að hafa tilskilin leyfi.

Eðli málsins samkvæmt er erfitt að meta tap samfélagsins af þeirri brotastarfsemi sem hér er til umfjöllunar en óhætt er að fullyrða að það skiptir tugum milljarða á ári hverju.

Afstaða Alþýðusambands Íslands

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á 40. þingi ASÍ í október sl:

„40. þing ASÍ lýsir miklum áhyggjum yfir aukinni svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki, m.a. í ferðaþjónustu, garðyrkjurækt, ýmiskonar persónulegri þjónustu og byggingariðnaði. Fyrirtæki og einstaklingar, sem taka þátt í slíku, valda alvarlegum og víðtækum skaða fyrir samfélagið, atvinnulífið og réttindi launafólks. Þingið lýsir jafnframt yfir þungum áhyggjum sínum yfir misnotkun á mikilvægum réttindum launafólks í atvinnuleysisbótakerfinu í þessu sambandi.

40. þing ASÍ telur afar mikilvægt að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sameinist um að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og kennitöluflakk, m.a. þar sem þeir standa að slíkri refsiverðri starfsemi verð dregnir til ábyrgðar og beittir þungum viðurlögum.“

Alþýðusambandið áréttar að svört atvinnustarfsemi og kennitöluflakk eru nátengd og allt of útbreidd fyrirbæri í íslensku atvinnulífi sem mikilvægt er að vinna gegn með öllum tiltækum ráðum. Slík starfsemi hefur alvarleg og víðtæk áhrif á samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur þannig miklu samfélagslegu tjóni:

- Sameiginlegir sjóðir landsmanna verða af tekjum sem skipta a.m.k. tugum milljarða á hverju ári. Afleiðingin af slíku getur aðeins orðið sú að leggja þarf auknar álögur á heiðarlegt fólk og fyrirtæki og/eða grípa til niður-

skurðar í mikilvægri samfélagsþjónustu, s.s. á sviði heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála.

- Skekkir samkeppnisstöðu heiðarlegra fyrirtækja sem standa skil á sínu gagnvart samfélaginu og hefur þannig einnig bein og óbein áhrif á starfsmenn þeirra. Þá snertir svört atvinnustarfsemi með beinum hætti hag þeirra birgja sem ekki fá greitt fyrir sína vöru og þjónustu.
- Skerðir kjör og réttindi launafólks sem starfa hjá fyrirtækjum sem stunda slíka iðju, með beinum og óbeinum hætti. Það gildir um laun og önnur starfskjör og ýmis félagsleg réttindi. Slík starfsemi hefur einnig skaðleg og oft þungbær fjárhagsleg áhrif á einstaklinga sem eiga viðskipti við slík fyrirtæki.

Það er í ljósi framangreinds sem Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum lagt ríka áherslu á að stemma verði stigu við svartri atvinnustarfsemi og kennitölulflakki með öllum tiltækum ráðum. ASÍ lagði áherslu á að fá inn í yfirlýsingu stjórnvalda í maí 2011 fyrirheit um aðgerðir gegn slíkri háttsemi fyrirtækja og einstaklinga. Alþýðusambandið lítur á baráttuna gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitölulflakki sem einn mikilvægasta þáttinn í endurreisn atvinnulífsins og fyrir bættu siðferði í atvinnulífinu.

Hvað er til ráða?

Eins og áður hefur komið fram var Alþýðusambandið virkur þátttakandi í sameiginlegu átaki ASÍ, SA og RSK með yfirskriftinni *Leggur þú þitt af mörkum?* Það er mat Alþýðusambands Íslands að reynslan af því átaki gefi tilefni til að halda áfram samstarfi þessara aðila að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem af því fékkst. Rökin fyrir slíku samstarfi eru að þar komi saman fulltrúar þeirra aðila sem málið varðar mestu, þ.e. launafólks, fyrirtækjanna og samfélagsins alls. Jafnframt er mikilvægt að endurmeta áherslur, umfang, skipulag og úrræði sem hægt er að beita í slíku samstarfi. Hvað varðar áherslur telur Alþýðusambandið mikilvægt að leggja upp með að aðstoða og leiðbeina þeim sem vilja vera með hlutina í lagi við að ná því markmiði. Um leið verða að vera til staðar fyrir skattýfirvöld skjótvirk og árangursrík úrræði gagnvart meðvitaðri og ítrekaðri brotastarfsemi en á það hefur vantað að mati ríkisskattstjóra. Þá telur ASÍ rétt að samstarfið verði byggt á rammamarkmiðum og á þriggja ára þar sem helstu markmið og áherslur eru settar fram um leið og tækifæri gefast til að bæta og þróa samstarfið innan rammans. Þannig er hægt að skapa ákveðna samfellu og tryggja betur eftirfylgni en þegar um stutt og tímabundin átaksverkefni er að ræða.

Þá fagnar Alþýðusambandið þeirri vinnu sem nú er í gangi á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem hefur að markmið að stemma stigu við kennitölulflakki og bæta almennt lagaumhverfi varðandi félög með

takmarkaða ábyrgð, þ.e. hlutafélög og einkahlutafélög. Í því starfi er m.a. horft til skilyrða varðandi stofnsetningu slíkra félaga, starfsemi þeirra og hvernig megi koma í veg fyrir misnotkun á þessum félagsformum og loks, hvernig á að standa að sliti slíkra félaga. Vænta má tillagna í þessum efnunum áður en langt um líður og telur ASÍ ástæðu til að ætla að þar verði að finna umtalsverðar réttarbætur sem sporna gegn kennitölulflakki og misnotkun með félög með takmarkaða ábyrgð.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands eindregið þá þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar. Mikilvægt er að sú vinna hefjist sem fyrst, þar sem lögð verði áhersla á þétt samstarf við þá sem helst hafa hagsmuna að gæta, þ.e. fulltrúa launafólks og fyrirtækja, jafnframt því starfi sem nú er í gangi á vettvangi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um tengt efni.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum (texti bókhaldsbóka og ársreikninga, skoðunarmenn, endurskoðendur), 93. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög o.fl.), 102. mál

Alþýðusamband styður allar breytingar á lögum sem tryggja aukið gegnsæi og samræmi í rekstri opinberra hlutafélaga. Í ljósi framangreinds gerir Alþýðusamband Íslands ekki efnislega athugasemd við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008 (viðtækara eftirlit o.fl.), 103. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki tillögur að efnislegum breytingum á frumvarpinu. Í ljósi þess lagabálks, sem hér er verið að fjalla um, vill Alþýðusamband Íslands koma á framfæri athugasemdum sem fram komu í umsögn sinni um 643. mál á 139. löggjafarþingi, og eru meðfylgjandi umsögn þessari.

Þingsályktunartillaga um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál

Vísað er til umsagnar sambandsins um sama mál þá er það var flutt sem mál nr. 67 á 139. þingi en þar eru hugmyndir þær sem að baki tillögunni búa studdar.

Þingsályktunartillaga um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA og Lýðveldisins Kólumbíu og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Kólumbíu, 122. mál

Mál þetta var ekki sent til umsagnar Alþýðusambands Íslands en sambandið telur ríka ástæðu til þess að veita háttvirtu Alþingi umsögn sína.

Samningar þessir kveða á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur auk þess að innihalda ákvæði um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, fjárfestingar, hugverkaréttindi, samkeppnismál, opinber innkaup, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála. Allt kunna þetta að vera góð markmið en ASÍ leggst engu að síður eindregið gegn staðfestingu þessara samninga eins og þeir liggja fyrir.

Frá 1.1 1986 til 31.12 2011 voru 2.914 fulltrúar kólumbískra verkalýðsfélaga myrtir, þar af 772 formenn verkalýðsfélaga. Á sama tíma voru skráðar 11.942 hótanir, 290 manndrápstillraunir, 222 mannhvörf, 5.397 líflátshótanir og 1.776 nauðungarflutningar. Það sem af er árinu 2012 hafa 35 verkalýðsleiðtogar verið myrtir, 10 hefur verið reynt að myrða, 342 hefur verið hótad lífláti og 16 hafa verið fangelsaðir. Allt þetta ofbeldi, sem ýmist er framið af stjórnvöldum sjálfum eða skipulögðum glæpasamtökum gegn greiðslu frá þeim sem telja hagsmunum sínum ógnað með starfsemi verkalýðsfélaga og kjarasamningum, er látið að mestu afskiptalaust. Ofbeldi og glæpir gegnsýra kólumbískt samfélag og stjórnvöld hafa haldið því fram að ofbeldi gegn verkalýðshreyfingunni og forystumönnum hennar sé einungis hluti af því ástandi. Alþjóðleg verkalýðshreyfing, sérfræðingar og þing ILO–Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar eru ekki sammála því og telja að um sé að ræða skipulagða baráttu gegn grundvallarmannréttindum launafólks og gegn frjálsri verkalýðshreyfingu.

Lýðveldið Ísland, sem kys að vera kyndilberi mannréttinda á alþjóðavettvangi, getur ekki gert eða verið aðili að samningum um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu sem sprettur úr jarðvegi grófra og viðvarandi mannréttindabrotu gegn launafólki og frjálsri verkalýðshreyfingu. Slíkir samningar styðja ríkjandi ástand í stað þess að vinna gegn því. Yfirlýsing sú, sem aðilar gefa í formálsorðum fríverslunarsamningsins um virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, er næsta innihaldslaus þegar brot gegn mannréttindum hafa verið látin viðgangast um áratugaskeið.

ASÍ leggst því eindregið gegn því að Alþingi fullgildi samninga þessa en kjósi Alþingi að gera það engu að síður, telur sambandið mikilvægt að sú staðfesting geymi fyrirvara um virðingu Kólumbíu fyrir grundvallarmannréttindum launafólks og frjálsrar verkalýðshreyfingar og að Ísland áskilji sér rétt til þess að virða ekki ákvæði samninganna ef vara eða þjónusta, sem undir samningana fellur, er ekki framleidd eða veitt við mannsæmandi aðstæður launafólks og á grundvelli fullrar virðingar fyrir öllum grundvallarsamþykktum

Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar, sáttmálum Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni.

Frumvarp til laga um almenn hegningarlög (mútubrot), 130. mál

Alþýðusamband Íslands styður heils hugar lagabreytingar eins og þessar sem eru settar með það að marki að auka siðvæðingu samfélagsins.

Frumvarp til laga um skiptileigusamning fyrir afnot af húsnæði í orlofi eða frístundum o.fl., 150. mál

Alþýðusamband Íslands studdi setningu laga nr. 23/1997 og þá auknu neytendavernd sem þau innleiddu. ASÍ styður einnig frumvarp þetta en því er ætlað að leysa fyrrgreind lög af hólmi.

Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, 161. mál

Alþýðusamband Íslands vekur athygli Alþingis á því að frekari þróun í þá átt að færa framkvæmd hins formlega opinbera valds fjær því fólki, sem býr í dreifðari byggðum landsins, en nú þegar er orðið getur verið varhugavert. Með frumvarpinu er opnað mjög á allar tilfærsluleiðir sem oftast leiðir af sér með tíð og tíma niðurskurð með óhjákvæmilegum samþjöppunaráhrifum til stærri byggða. Færa má gild rök fyrir því að slíkt geti til lengri tíma litið verið fallið til þess að draga úr borgaralegu öryggi.

Frumvarp um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996, 173. mál

Vísað er til umsagnar sambandsins um sama mál þá er það var flutt sem mál nr. 739 á 140. þingi. Þar segir:

„Alþýðusamband Íslands tekur undir þær athugasemdir sem Landssamband lögreglumanna gerir við efni þessa frumvarps varðandi verkfallsrétt lögreglumanna.

Verkfallsréttur launafólks er hluti af grundvallarréttindum í öllum lýðræðisríkjum sem stjórnvöldum ber að viðurkenna og vernda. Lögreglumenn gegna mjög sérstökum og mikilvægum störfum til varnar borgurunum og stofnunum samfélagsins. Eðlilega getur verkfallsréttur þeirra takmarkast í framkvæmd líkt og við getur átt um aðrar stéttir sem gegna lykilhlutverki hvað varðar öryggi og velferð borgaranna. Þær takmarkanir geta hins vegar ekki leitt til þess að verkfallsréttur allra lögreglumanna í öllum störfum, sem undir kjarasamninga þeirra falla, takmarkist fyrir fram nema og þá því aðeins að sérstaklega sé um slíkt samið fyrir fram og með afturkallanlegum hætti.

Landssamband lögreglumanna hefur lagt áherslu á að lögreglumenn endurheimti verkfallsrétt sinn. Þá kröfu styður Alþýðusamband Íslands heils hugar.“

Frumvarp til umferðarlaga, 179. mál

Eins og fram kom í fyrri umsögn um sama mál á 138. og 139. þingi telur Alþýðusambandið frumvarpið í heild sinni til mikilla bóta bæði hvað varðar umferðaröryggismál almennt og eins með tilliti til framsetningar ákvæða frumvarpsins, m.a. í IX. kafla frumvarpsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast farþega- og farmflutninga þungra ökutækja í atvinnuskyni. Í því efni vill ASÍ þó jafnframt vekja athygli á að ekki er einungis um að ræða umferðaröryggismál heldur einnig sjónarmið er lúta að jöfnun samkeppniskilyrða og vinnuvernd ökumanna, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 561/2006.

Athygli er jafnframt vakin á því, að í 4. mgr. 94. gr. er mælt fyrir um hlutlæga refsíábyrgð skráðs eiganda eða umráðamanns ökutækis. Mikilvæg réttarvörslusjónarmið geta mælt með þessari breytingu eins og fram kemur í greinargerð. Tekið er undir þau sjónarmið að lögin eigi almennt að hvetja til virkrar umsjónar og eftirlits með ökutæki og þeim sem hafa afnot af því. Hvað hina hlutlægu refsíábyrgð varðar er vísað í því efni í greinargerð með 4. mgr. 94. gr., sérstaklega til náiinna vandamanna, maka og barna. Reglur um hlutlæga refsíábyrgð fela í sér veruleg frávik frá almennt viðurkenndum og mikilvægum mannréttindum. Vart verður séð að vel meinandi sjónarmið um félagsmótun, uppeldi og samskipti hjóna eða sambúðaraðila geti réttlætt slík frávik.

Loks vekur ASÍ athygli á umsögn sinni til samgönguráðuneytisins frá 8.1 2009 þar sem fjallað var um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Þar segir m.a.:

Í ljósi framanritaðs telur Alþýðusamband Íslands einsýnt að stjórnvöld þurfi nú að leggja allt kapp á að tryggja sem besta framkvæmd reglna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna hér á landi. Það felur m.a. í sér að sköpuð verði skilyrði og aðstaða á vegum landsins þannig að markmiðin um aðbúnað og öryggi ökumanna og umferðaröryggi verði náð. Alþýðusamband Íslands og aðildarfélög þess lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í þeirri vinnu.

Einnig er nauðsynlegt að fjallað verði á sameiginlegum vettvangi stjórnvalda, með þátttöku Vegagerðarinnar og aðila vinnumarkaðarins, um með hvaða hætti túlkun og eftirlit með framkvæmd reglnanna er háttað og hvaða sjónarmið eru þar höfð til grundvallar.

Þá er eðlilegt að viðræður eigi sér stað á milli samtaka atvinnurekenda og launafólks, sem málið varðar sérstaklega, um áhrif reglugerðarinnar á viðkomandi atvinnustarfsemi og hag þeirra sem við hana starfa.

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu (heildarlög), 194. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar þeirri viðleitni til aukinnar starfsmannaverndar sem fram kemur í 12. gr. frumvarpsins. Hins vegar hvetur Alþýðusambandið Alþingi til þess að víkka þetta ákvæði út þannig að það nái til alls starfsfólks

Ríkisútvarpsins. Ekki verður séð að málefnaleg sjónarmið geti leitt til þess að einn hópur starfsfólks Ríkisútvarpsins njóti aukinnar verndar umfram aðra hópa. Eðlilegast er að sjálfsögðu að jöfnunin fari upp á við.

Því nýmæli er fagnað að starfsfólk Ríkisútvarpsins fái sinn fulltrúa inn í stjórn félagsins, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki aðrar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til upplýsingalaga, 215. mál

Alþýðusamband Íslands styður frumvarpið í heild sinni. Alþýðusambandið gerir tvær athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp sem vonandi verða til umfjöllunar við þinglega meðferð málsins.

Í fyrsta lagi telur Alþýðusamband Íslands ekki ástæðu til að takmarka upplýsingarétt almennings að „einkaaðilum sem eru í opinberri eigu“, sbr. 3. gr. frumvarpsins, umfram það gildissvið sem mælt er fyrir um í 2. gr. frumvarpsins. Í raun telur Alþýðusamband Íslands veigamikil rök fyrir því að starfsemi slíkra aðila sé veitt það aðhald sem lögum þessum er ætlað að veita stjórnvöldum og telur því eðlilegt að „einkaaðilar sem eru í opinberri eigu“ skuli heyra undir hið almenna gildissvið laganna sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands ekki vera nægilega skýrt í frumvarpinu hvort 7. gr. frumvarpsins mæli eingöngu fyrir um starfsmenn sem starfa hjá aðilum sem heyra undir gildissvið 2. gr. frumvarpsins eða bæði 2. og 3. gr. Eigi 7. gr. eingöngu við um starfsmenn aðila sem falla undir gildissvið 2. gr. frumvarpsins er það mat Alþýðusambandsins að frumvarpið sé óskýrt hvað varðar upplýsingarétt almennings um málefni starfsmanna sem starfa hjá aðilum sem falla undir 3. gr. frumvarpsins. Er því skorað á viðtakanda umsagnar þessarar að hlutast til um að skýrleikinn verði aukinn hvað varðar framangreint.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki aðrar efnislegar athugasemdir og styður frumvarpið að öðru leyti og telur að greiður aðgangur að upplýsingum hjá stjórnvöldum sé forsenda öflugs lýðræðissamfélags og aukið gagnsæi skili sér í bættri og betri stjórnsýslu.

Frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar þeim nauðsynlegu réttarbótum á lögum um neytendalán sem fram koma í frumvarpi þessu. Alþýðusamband Íslands telur að áhrif frumvarpsins hvað varðar aukið greiðslumat, réttinn til að falla frá lánessamningi innan 14 daga, reglur um uppgreiðslugjald og síðast en ekki síst hámark á árlega hlutfallstölu kostnaðar muni hafa jákvæð áhrif á neytendalánamarkaðinn til lengri og skemmri tíma litið.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup (aukin skilvirkni í meðferð kærumála), 288. mál

Hér á eftir fylgir umsögn Alþýðusambandsins um ákveða þætti frumvarpsins er varða sérstaklega áherslur og vinnu sambandsins við gerð frumvarpsins.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar við gerð kjarasamninganna 5. maí 2011 segir m.a.:

„Framkvæmd útboðsmála

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um mikilvægi þess að heilbrigð samkeppni ríki þegar verklegar framkvæmdir og þjónusta eru boðnar út.

Stjórnvöld munu beita sér fyrir breytingum á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. Leitað verður leiða til að tryggja betur að í útboðslýsingum sé að finna skýr ákvæði um hæfi bjóðenda, um val á tilboðum og um skil á greiðslum til þeirra sem að tilboðsverkum koma. Vanda þarf mat verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum opinberra aðila. Æskilegt er að slíkt mat nái jafnt til aðal- og undirverktaka og verðimeginreglan að starfsmennséu í föstu ráðningarsambandi. Aðilar hafa komið sér saman um drög að samræmdu mati á hæfi bjóðenda og er lögð áhersla á að þau fái viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð. Ennfremur er aðkallandi að kveða með skýrum hætti á um gerð útboðsgagna, um skil á launagreiðslum og samábyrgð verktaka og undirverktaka. Tryggja þarf að ákvæði um vinnutilhögun og mælingar á vinnuþáttum verði hluti af útboðsskilmálum í opinberum þjónustuinnkaupum.

Skodað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks, sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði, og jafna á sama tíma samkeppnisstöðu fyrirtækja. Stefnt skal að því að starfshópur stjórnvalda, með aðild fulltrúa sveitarfélaga, ASÍ og SA, skili tillögum um framangreind atriði eigi síðar en í september 2011 og að hægt verði að leggja fyrir Alþingi tillögur um æskilegar lagabreytingar í byrjun haustþings. Stjórnvöld munu jafnframt, þar sem það á við, innleiða niðurstöður starfshópsins í eigendastefnu ríkisins.

Jafnframt lýsa stjórnvöld yfir vilja til að útvíkka gildissvið laga um opinber innkaup þannig að þau nái jafnframt til innkaupa sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum.“

Yfirlýsingin var sameiginleg niðurstaða stjórnvalda, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Hún hafði það að markmiði að bæta framkvæmd varðandi opinber innkaup og treysta réttarstöðu starfsmanna.

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er að hluta til komið til móts við framangreind markmið en aðrir þættir málsins eru enn í vinnslu. Það á meðal annars við hvað varðar skýrari og traustari reglur um hæfi bjóðenda, þjónustuútbod á vegum opinberra aðila og útbod á vegum sveitarfélaganna. Er vonast til að niðurstaða fái st. í þau mál nú á næstunni.

Þau ákvæði frumvarpsins er beint tengjast yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varða skyldur til að upplýsa um undirverktaka, mat á óeðlilega lágum tilboðum og um að sporna gegn gerviverktöku. Ákvæðin eru efnislega sem hér segir:

2. gr.

Þar sem í 42. gr. á að kveða með skýrari hætti en í núgildandi lögum í útboðsgögnum að bjóðandi upplýsi hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og jafnframt að bjóðandi skal upplýsa verkkaupa um hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis verkkaupa áður en undirverktaki hefur störf. Jafnframt er bætt við ákvæði sem ætlað er að tryggja að skriflegur samningur sé ávallt gerður við undirverktaka.

3. gr.

Þar er bætt við upptalningu í 73. gr., þar sem fjallað er um tilboð sem virðist óeðlilega lágt skuli kaupandi, áður en hann getur vísað þessu tilboði frá, óska eftir nákvæmri, skriflegri lýsingu á þeim efnisþáttum tilboðsins sem hann telur skipta máli. Viðbótin er í nýjum staflið, þ.e. e-lið sem hljómar svo: „laun, önnur starfskjör og aðbúnað starfsfólks“. Ástæða breytingarinnar er einkum sú að orðalag núgildandi ákvæðis þótti ekki nægilega afgerandi, auk þess sem viðbótarákvæðinu er ætlað að tryggja að við mat á forsendum óeðlilegra lágra tilboða sé horft til launa, annarra starfskjara og aðbúnaðar starfsmanna.

6. gr.

Breytingin á 77. gr. laganna felur í sér að nýjum málslið er bætt framan við greinina. Breytingin er gerð til að leggja áherslu á mikilvægi þess að óheimilt sé að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða hópa þar sem ráðningarsamband sé til staðar.

Alþýðusamband Íslands telur að í framangreindum breytingum felist mikil réttarbót fyrir launafólk auk þess sem þær eiga að stuðla að heilbrigðari viðskiptaháttum í tengslum við opinber innkaup.

Vegna þess sem að framan segir leggur Alþýðusambandið ríka áherslu á að breytingar samkvæmt 2., 3. og 6. gr. frumvarpsins nái fram að ganga og að þær verði lögfestar hið allra fyrsta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 364. mál

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum um sama mál á fyrri þingum leggst ASÍ gegn því að mikilvægum réttindum og skyldum í ráðningarsambandi sé breytt með þeim einhliða hætti sem frumvarpið ber með sér.

Frumvarp til stjórnskipunarlag, 20. og 25. gr., 415. mál

Nefndin hefur óskað eftir umsögn Alþýðusamband Íslands um 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins. ASÍ kýs jafnframt að veita af þessu tilefni umsögn um 2. mgr. 20. gr.

Í upphafi er rétt að taka fram að ASÍ telur þær breytingatillögur, sem svokölluð sérfræðinganefnd hefur gert á 20. og 25. gr. í tillögum stjórnlagaráðs, með öllu óþarfar og fara efnislega gegn tillögum stjórnlagaráðs í sumu tilliti. ASÍ telur rétt að ákvæðin, eins og þau komu frá stjórnlagaráði, og með þeirri greinargerð, sem þeim fylgdi, verði látin halda sér óbreytt.

Um 2. mgr. 25. gr.

Nefndin hefur sérstaklega óskað eftir umsögn ASÍ um málsgrein þessa. Þar segir:

„Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.“

Ákvæðið er orðrétt hið sama og finna má í tillögum stjórnlagaráðs. Hins vegar er greinargerð sú sem frumvarpinu fylgdi önnur en sú sem fylgdi tillögum ráðsins. Við hana gerir ASÍ alvarlegar athugasemdir og telur sérfræðinganefnina fara býsna lagt út fyrir verksvið sitt varðandi lagatæknilega yfirferð frumvarpsins og í reynd leggja til algjöra umbýltingu íslenska og norræna kjarasamningamódelisins. Í greinargerð segir þar sem fjallað er um hugtakið sanngjörn laun:

„Í 2. mgr. er einnig sérstaklega kveðið á um að öllum skuli tryggður réttur til sanngjarnra launa en í því felst einkum bann við mismunun og krafa um að lágmarkslaun dugi til sómasamlegrar lífsafkomu. Lágmarksviðmið sómasamlegrar lífsafkomu eru sambærileg við lágmarksviðmið réttarins til lífsviðurværis í 22. gr. og eru ákvæðin því nátengd.“

Hvergi í tillögum stjórnlagaráðs, fundargerðum þess eða öðrum gögnum er að finna nokkra tilvísun til hugtaksins „lágmarkslaun“. Sérfræðinganefndin skýrir það ekki sérstaklega hvers vegna hugtakið er tekið upp en virðist vísa um nánari skýringar til 22. gr. frumvarpsins og lágmarksviðmiða um hvað duga skuli til lífsviðurværis. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en þannig að lágmarkslaun hér á landi skuli eftir samþykkt frumvarpsins ákveðin með löggjöf enda segir í niðurlagi umsagnarinnar með þessari grein: „Skyldur samkvæmt 25. gr. leggja bæði á einkaaðila og hið opinbera sem vinnuveitanda en auk þess ber ríkið jákvæða skyldu til að tryggja með lögum og öðrum aðgerðum að einkaaðilar virði þau réttindi sem kveðið er á um í greininni.“ Fer þetta bæði gegn því fyrirkomulagi, sem gilt hefur hér á landi og á Norðurlöndum síðan í byrjun síðustu aldar, og gegn gildandi lögum sem mæla fyrir um að lágmarkslaun, þ.e. lágmarksendurgjald fyrir launuð störf á vinnu-

markaði, skuli ákveðin með kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 þar sem segir:

„Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.“

Sá háttur að lágmarkslaun séu ákveðin með kjarasamningum er eitt af grundvallareinkennum norræns vinnumarkaðar. Byggt er á því að laun og launahækkanir skuli ákveðin af aðilum vinnumarkaðarins í kjarasamningum og í samræmi við getu atvinnuveganna hverju sinni en ekki með pólitískri ákvörðun stjórnvalda. Segja má að með setningu laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 55/1980 hafi löggjafinn bæði lagt grunninn að þeirri norrænu hefð að samningsaðilar vinnumarkaðar beri ríka ábyrgð á gerð kjarasamninga en einnig tryggt að þeir launamenn, sem starfa hjá fyrirtækjum sem ekki eru í samtökum atvinnurekenda, fái einnig notið þeirra lágmarkskjara sem kveðið er á um í kjarasamningum. Hvernig samfélagið í heild skipuleggur síðan samspil launa og tekna á vinnumarkaði, uppbyggingu bóta- og tilfærslukerfa, skattkerfa o.fl. í því augnamiði að öllum skuli tryggður réttur til lágmarkslífsviðurværis, sbr. m.a. 22. gr. frumvarpsins, er síðan allt annað mál og hangir ekki saman með lögákveðnum lágmarkslaunum.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn þeim skýringum, sem fram koma í greinargerð með 2. mgr. 25. gr., og gegn ákvæðinu í heild verði skilningur sérfræðinganevndarinnar lagður til grundvallar við afgreiðslu málsins á Alþingi.

Um 2. mgr. 20. gr.

Eins og fyrr segir var ekki sérstaklega óskað eftir umsögn ASÍ um þetta ákvæði en þar segir:

„Engan má skylda til aðildar að félagi.“

Þegar mannréttindakafla stjórnarskrárinnar var breytt árið 1995 tókst góð sátt um skýringu gildandi ákvæðis í stjórnarskrá. Af greinargerð með sama ákvæði í tillögum stjórnlagaráðs er ljóst að breið samstaða var um að breyta ekki gildandi rétti og vísaði ráðið beint í breytingarnar frá 1995. Þar segir meðal annars:

„Í greininni um félagafrelsi er einnig kveðið á um svokallað neikvætt félagafrelsi, þ.e. að tryggja rétt einstaklinga til að standa utan félaga. Í undantekningartilvikum má þó skylda fólk til að tilheyra félagi, svo framarlega sem almannahagsmunir eða réttindi annarra krefjast þess. Mikið var rætt um þessa undantekningarheimild löggjafans og voru lögð fram sterk rök fyrir því að fella hana út, enda um fremur fortakslausa og víðtæka skerðingarheimild að

ræða sem sumir í stjórnlagaráði töldu að gengi gegn kjarna þeirra réttinda sem verið væri að vernda.“

Í þessu sambandi vísaði stjórnlagaráð til þess að við breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar árið 1995 hafi ákvæðið um skyldu-aðildina einnig verið mikið rætt og niðurstaðan orðið sú að heimila mætti skylduadild með lögum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þar sem nauðsynlegt var talið að hafa slíka skipan. Var áréttað að það væri í samræmi við þá framkvæmd sem Mannréttindadómstóllinn hefur mótað um 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Var því ákveðið að halda ákvæði 2. mgr. 74. gr. gildandi stjórnarskrár óbreyttu í 2. mgr. 20. gr.“

Við annan tón kveður í greinargerð sérfræðinganevndarinnar. Þar segir m.a.:

„Einnig var lögð á það áhersla að ákvæði 2. mgr. 74. gr. gildandi stjórnarskrár, sem stjórnlagaráð tók óbreytt upp í 2. mgr. 20. gr. tillögu sinnar, beindist einkum að löggjafanum sem væri óheimilt að skylda einstaklinga til að vera í tilteknu félagi nema undantekningarákvæði um aðildarskyldu heimilaði annað. Á þessum grundvelli var á því byggt að ákvæðið hróflaði ekki við réttarstöðu á íslenskum vinnumarkaði þar sem forgangsréttarákvæði tíðkast almennt á milli einkaaðila í kjarasamningum. Ljóst er að mannréttindaákvæði hafa síðan þá fengið sífellt ríkari einkaréttaráhrif á grundvelli þeirrar jákvæðu skyldu ríkja að vernda einkaaðila fyrir mannréttindabrotum af hálfu annarra einkaaðila. Stefna tillögur stjórnlagaráðs að því að svo verði einnig á grundvelli frumvarps þessa. Þá ber að gæta að því að árið 2006 gekk dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Rasmussen og Sørensen gegn Danmörku. Þar kemur fram að Mannréttindadómstóllinn, eins og eftirlitsnefnd félagsmálasáttmála Evrópu, gerir ekki greinarmun á aðildarskyldu að stéttarfélagi og forgangsréttarákvæðum kjarasamninga og fellir bæði undir hugtakið „closed-shop“. Má af dóminum a.m.k. draga þá ályktun að þurfi einstaklingur gegn vilja sínum og sannfæringu að vera í eða greiða til tiltekins stéttarfélags til þess að fá vinnu eða halda vinnu sinni geti það vegið svo alvarlega gegn kjarna félagafrelsisins að það feli í sér brot á 11. gr. mannréttindasáttmálans. Ljóst er að túlka verður ákvæði 20. gr. frumvarps þessa til samræmis við alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar Íslands og verður því í kjölfar samþykktar þess að endurskoða að meira eða minna leyti það fyrirkomulag forgagnsréttarákvæða sem nú tíðkast hér á landi.“

Sérfræðinganevndin leggur með öðrum til allt annan og nýjan skilning í ákvæðið og byggir að sögn skilning sinn á tilvitnuðum dómi Mannréttindadómstólsins. Sá skilningur nefndarinnar á sér enga stoð í fyrrgreindum dómi og byggir augljóslega á misskilningi á grundvallarhugtökum í íslenskum og alþjóðlegum vinnurétti.

Í málinu Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku, sem dæmt var í janúar 2006, fjallaði Mannréttindadómstóllinn um ákvæði í dönskum kjarasamningum sem gerðu það að verkum að réttur starfsmanna til að ráða sig í vinnu hjá tilteknum tveimur fyrirtækjum var bundinn því skilyrði að þeir gerðust aðilar að því stéttarfélagi sem gert hafði kjarasamning við viðkomandi fyrirtæki. Kjarasamningarnir kváðu m.ö.o. á um aðildarskyldu starfsmanna fyrirtækisins að ákveðnum stéttarfélögum (útilokunarákvæði eða „closed shop“). Þessu vildu hlutaðeigandi starfsmenn ekki una en áttu þar af leiðandi ekki kost á atvinnu hjá viðkomandi fyrirtækjum. Höfðuðu þeir í kjölfarið mál á hendur þessum fyrirtækjum á þeim grundvelli að um ólögmatar uppsagnir hefði verið ræða. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins var í stuttu máli sú að skilyrði um aðildarskyldu, líkt og um var að ræða í framangreindu máli, færu í bága við 11. gr. Mannréttinasáttmálans. Dómur þessi hefur hins takmarkað gildi hér á landi hvað varðar túlkun svokallaðra forgangsréttarákvæða kjarasamninga. Þau ákvæði halda því alveg opnu að atvinnurekendur ráði utanfélagsmenn til starfa og útiloka þá ekki. Ákvæði um aðildarskyldu starfsmanna að stéttarfélögum, líkt og um var fjallað í framangreindu máli, eru ekki fyrir hendi í kjarasamningum aðildarféлага Alþýðusambandsins enda slíkt ekki heimilt sbr. 12. gr. laga ASÍ. Þar segir í 2. mgr. „Í samþykktum aðildarféлага mega ekki vera ákvæði um félagsskyldu né ákvæði sem takmarka aðild að félögum með tilliti til búsetu og lögheimilisfesti.“

Langur vegur er frá því að túlka megi fyrrgreindan dóm Mannréttindadómstólsins þannig að forsendur séu brostnar fyrir gildandi ákvæðum stjórnarskrár frá 1995 þar sem sérstaklega var tekið fram í greinargerð að hin íslensku forgangsréttarákvæði kjarasamninga samræmdust fyrrgreindu ákvæði stjórnarskrár. Þetta endurspeglast m.a. í dómi Félagsdóms frá 23.1 2007 í máli nr. 7/2006 þar sem sérstaklega er tekið fram að fyrrgreindur dómur Mannréttindadómstólsins hafi enga þýðingu hvað forgangsréttarkvæðin varðar þar sem dómurinn fjalli alls ekki um forgangsréttarákvæði lík þeim sem eru í íslenskum kjarasamningum heldur skylduadildarákvæði eða svokallað „closed shop“-ákvæði. Alþýðusambandið vill einnig gera athugasemd við þá fullyrðingu sérfræðinganeftardarinnar að „mannréttindaákvæði hafa síðan þá fengið sífellt ríkari einkaréttaráhrif á grundvelli þeirrar jákvæðu skyldu ríkja að vernda einkaaðila fyrir mannréttindabrotum af hálfu annarra einkaaðila. Stefna tilögur stjórnlagaráðs að því að svo verði einnig á grundvelli frumvarps þessa“. Ljóst er að Mannréttindadómstóllinn hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að heimilt geti verið að lögbinda skylduadild ef ríkir almannahagsmunir liggi til grundvallar. Þá er einnig ljóst að aðildarríkjum Mannréttinasáttmálans er ætlað nokkuð svigrúm til að vege og meta hagsmuni stéttarfélaganna og samfélagsins í heild gagnvart hinu neikvæða félagafrelsi. Kom það m.a. skýrt

fram í umræddum dómi Sørensen og Rasmusen að meta yrði þessi atriði í hverju tilviki fyrir sig, m.a. að teknu tilliti til almannahagsmuna. Þá sætir það furðu að sérfræðinganefndin reyni að snúa rökum og vilja stjórnlagaráðsins með því að leggja ráðinu til allt önnur rök en þau sem ráðið sjálft lagði fram.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn þeim skýringum, sem fram koma í greinargerð með 2. mgr. 20. gr., og gegn frumvarpinu í heild verði skilningur sérfræðinganefndarinnar lagður til grundvallar við meðferð málsins á Alþingi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknarnefndir, 416. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en kýs að vekja athygli nefndarinnar á eftirfarandi.

Í 1.gr. frumvarpsins er ákvæði um rétt ríkisstarfsmanna til launalaus leysis frá störfum vegna starfa í rannsóknarnefnd. Lögin gera öllum jafnhátt undir höfði í þessu efni í dag. Gangi þessi breyting eftir óbreytt er réttarstaða einstaklinga, sem starfa á almennum vinnumarkaði, allt önnur og verri en starfsmanna ríkisins. Það er eindregið álit ASÍ að annaðhvort verði bæði starfsmönnum á almennum vinnumarkaði og ríkisstarfsmönnum gert jafnhátt undir höfði í þessu efni eða sérákvæðið um betri stöðu ríkisstarfsmanna felld brott. Fyrri kosturinn er betri og tryggir stærra mengi sérfræðinga til þess að velja úr við skipun rannsóknarnefnda.

Frumvarp til almennra hegningarlaga (öryggisráðstafanir o.fl.), 420. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar því að ákvæði almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir fyrir ósakhæfa einstaklinga og alvarlega veika afbrotamenn hafi verið tekin til endurskoðunar. Vert er að hafa í huga að meðferð samfélaga á sínum veikustu einstaklingum er ágætur mælikvarði á því félagslega réttlæti sem þar ríkir.

Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins en vill skora á þingnefnd að tryggja það að breytingarnar verði unnar í samráði við fagfólk í gedheilbrigðismálum.

Frumvarp til laga um náttúruvernd, 429. mál

Alþýðusambandið fagnar tilkomu frumvarps til heildarlaga um náttúruvernd. Til að frumvarpið nái markmiðum sínum um að vera rammi utan um samskipti manns og náttúru er mikilvægt að breið sátt náist um efnistöð þess.

Alþýðusambandið hvetur því til þess að horft verði til sjónarmiða þeirra atvinnugreina sem eiga beinna hagsmuna að gæta, s.s. ferðaþjónustu.

Frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 449. mál

Alþýðusamband Íslands styður alla viðleitni í því að borgarar þessa lands fái að hafa áhrif á sitt nærumhverfi. Jafnframt er því fagnað að með frumvarpinu sé leitast við að þróa rafrænt lýðræði.

Með vísan í framangreint gerir Alþýðusamband Íslands engar efnislegar athugasemdir og styður að frumvarp þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 453. mál

Alþýðusambandið gerir enga efnislega athugasemd við frumvarpið og fagnar því að frumvarpið felur m.a. í sér réttindaaukningu starfsfólks á ákveðnu sviði vinnumarkaðarins.

Frumvarp til laga um sölu fasteigna og skipa (heildarlög), 457. mál

Það er mat ASÍ að í frumvarpi þessu felist endurbætur á gildandi lögum um störf fasteignasala og verði það að lögum muni það tryggja almenningi meira öryggi við meðferð þess hluta sparnaðar síns sem festur hefur verið, eða festa á, í íbúðarhúsnæði.

Með vísan í framangreint mælir ASÍ því með samþykkt þessa frumvarps en skorar engu að síður á virðulega þingnefnd að íhuga eftirfarandi tillögur að frekari úrbótum sem hér eru nefndar:

14. og 15. gr.

Svo markmið 14. og 15 gr. frumvarpsins nái fram að ganga telur ASÍ vert að athuga gaumgæfilega hvort ekki megi setja nákvæmari hlutlæg hæfisskilyrði sem fasteignasali þurfi að uppfylla til að mega sinna milligöngu um ákveðin viðskipti. Hvað þetta varðar mætti taka mið af hæfisreglum stjórnisýslulaga.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot gegn börnum innan fjölskyldu), 478. mál

Nái frumvarpið fram að ganga mun það gera refsiramma ákvæða almennra hegningarlaga, er varða kynferðisbrot gegn börnum, skýrari og jafnframt auka innra samræmi. Alþýðusamband Íslands fagnar því tilkomu frumvarpsins og hvetur til þess að það verði gert að lögum á yfirstandandi þingi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning o.fl., EES-reglur), 489. mál

Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og styður heils hugar að það njóti framgangs á yfirstandandi þingi og verði að

lögum. Verði frumvarpið að lögum er það mat ASÍ að það muni stuðla að heilbrigðari rekstri váttryggingarfélaga og aukinni neytendavernd.

Váttryggingarstarfsemi gegnir sérstöku og mikilvægu hlutverki í samfélagslegu tilliti og til slíkrar starfsemi verður að ríkja traust sem að einhverju leyti beið hnekki í kjölfar efnahagshrunsins í árslok 2008. Með vísan í framangreint er ákvæðum frumvarpsins í 16.–19. gr. um hæfi til stjórnarsetu annars vegar og sérstaka slitameðferð váttryggingarfélaga hins vegar sérstaklega fagnað.

Frumvarp til laga um fjölmiðla (eignarhald, ábyrgðarmenn o.fl., EES-reglur), 490. mál

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að í frjálsu samfélagi sé það fyrst og fremst gagnsæi á eignarhaldi annars vegar og viðspyrna við fákeppni og óeðlilegri samþjöppun á eignarhaldi hins vegar sem tryggi heilbrigða samfélagsumræðu. Alþýðusamband Íslands styður því framgang frumvarpsins hvað þessa hluti varðar.

Hvað varðar 9. og 15. gr. frumvarpsins um breytingar á ákvæðum laganna við banni á hatursáróðri þá styður Alþýðusamband Íslands að sjálfsögðu alla viðleitni til viðspyrnu gegn slíku með þeim fyrirvara að tjáningarfrelsi fjölmiðla sé meginreglan og heimildir fjölmiðlanefndar til inngripa og/eda afskipta verði túlkaðar þröngt.

Í ljósi tilkomu frumvarpsins og framangreindrar umfjöllunar vill Alþýðusamband Íslands að fram komi að það telur tilefni fyrir stjórnvöld að ráðast í heildarskoðun á hvernig megi spyrna við hatursáróðri í samfélaginu, ekki bara í fjölmiðlum sem falla undir gildissvið laganna heldur hefði verið vert að skoða þetta heildstætt og fá inn í þá vinnu skoðun á virkni 233. gr. A í almennum hegningarlögum og jafnframt hvort tilefni væri til að draga svokallaða samfélagsmiðla í þá skoðun.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðslna og lenging), 496. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, 496 mál. Frumvarpið kemur í framhaldi af yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og greinargerð með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013.

Rétt er að halda til haga, áður en lengra er haldið, að Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt ýmsar þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögnum síðustu ár, breytingar sem fela í sér að þak á upphæð fæðingarorlofsgreiðslna hefur ítrekað verið lækkað og hlutfall greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skert

svo dæmi séu nefnd. Alþýðusambandið hefur bent á að miklar skerðingar á greiðslum í fæðingarorlofi síðustu misseri hafa skapað verulega hættu á að bakslag verði hvað varðar þá mikilvægu réttarbót sem löggin fólu í sér í upphafi. Þannig liggur fyrir að þátttaka fedra í töku fæðingarorlofs hefur minnkað að undanfögnu og skerðingarnar hafa skapað ýmiss konar vanda fyrir foreldra nýfæddra barna og þeirra sem hafa ættleitt börn eða tekið í varanlegt fóstur.

Í þeim drögum að frumvarpi, sem nú liggja fyrir, eru tekin fyrstu skrefin til að færa réttindi í fæðingarorlofi aftur í fyrra horf og síðan að bæta þann rétt enn frekar. Þar er í mikilvægum atriðum komið til mótis við þau sjónarmið sem ASÍ hefur sett fram, bæði hvað varðar efni og forgangsroðun. Efnisþættir frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Lagt til að hámarksgreiðslan (þakið) á mánuði sé hækkuð úr 300 þús. kr. í 350 þús. kr. og að miðað verði við 80% af meðaltali heildarlauna foreldra á viðmiðunartímabilinu.
2. Gert er ráð fyrir að réttur til fæðingarorlofs falli niður við 18 mánaða aldur barns í stað 36 mánaða. Með þessu er verið að færa þetta ákvæði laganna til fyrra horfs.
3. Lagt er til að réttur foreldra alvarlega veikra eða fatlaðra barna verði bættur þannig að hætt verði að miða við lengd sjúkrahúsdvalar þegar tekin er ákvörðun um lengingu enda fá foreldrar að fara heim með nýfædd börn sín innan við sólarhring frá fæðingu; koma því alvarlegir sjúkdómar eða fötlun oft ekki í ljós fyrr en eftir að börn eru komin heim í fyrsta skiptið. Um er að ræða lengingu á fæðingarorlofi í allt að 7 mánuði.

Framangreindar breytingar eiga að taka gildi frá og með 1. janúar 2013 og eiga við um börn sem fæðast (eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur) frá og með þeim tíma.

Um þær er það að segja að Alþýðusambandinu var fyrir stuttu kynnt að hámarksgreiðslan yrði hækkuð í 400.000 kr. sem sambandið taldi ásættanlegt. Þegar frumvarpið kom síðan fram á Alþingi var búið að lækka hámarkið í 350.000 kr. Að mati Alþýðusambandsins er hér um að ræða of lága upphæð sem skapar hættu á að sú þróun haldi áfram sem verið hefur undangengin misseri.

4. Lögð er til lenging á fæðingarorlofi úr níu í tólf mánuði á árunum 2014, 2015 og 2016, um einn mánuð á hverju ári. Þegar lengingin er að fullu komin til framkvæmda verður sjálfstæður réttur mæðra fjórir mánuðir, sjálfstæður réttur fedra fjórir mánuðir og sameiginlegur/skiptanlegur réttur 4 mánuðir.

Varðandi lengingu orlofsins er farin sambærileg leið eins og þegar fæðingarorlofið var lengt með nýjum lögum árið 2000 en þá var fæðingarorlof

feðra lengt í áföngum. Jafnframt er ljóst að þessi aðferð byggir á því að almenn og þverpólítísk sátt sé um efnið.

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir Alþýðusambandið stuðningi við frumvarpið enda verði í meðförum Alþingis tekin ákvörðun um að setja hámarksgreiðsluna (pakið) í 400.000 kr.

Frumvarp til laga um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 497. mál

Frumvarpi þessu er ætlað að skýra og einfalda rétt borgaranna til að fá stjórnvaldsákvarðanir er varða mikilvæg persónuleg mál endurskoðaðar. Alþýðusamband Íslands fagnar öllum skrefum í þá átt og er því engin efnisleg athugasemd gerð við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, með síðari breytingum, 502. mál

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 99/2010 sem varða ívilnanir til nýfjárfestinga. Í fyrsta lagi snúa breytingarnar að því að afnema heimildir til beins fjárstuðnings til verkefna. Í öðru lagi snúa breytingar að því að rýmka heimildir til ívilnana í fjórum liðum.

Efnahagshrunið kom meðal annars fram í harkalegri aðlögun heimila í átt að lakari kaupmætti en ekki síst í gífurlegum samdrætti fjárfestingar á öllum sviðum. Sá vandi er ekki einungis bundinn við Ísland en órói og óvissa í Evrópu og hagkerfi heimsins hafa dregið úr væntingum og skilyrði fyrir fjárfestingu versnað.

Alþýðusambandið leggur áherslu á skilvirkt ferli við nýfjárfestingu og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í 1. gr. Þörf er á hagvexti drifnum áfram í meiri mæli af fjárfestingu. Styður Alþýðusambandið fyrirleggjandi breytingar á núgildandi lögum og telur að þær komi til með að styrkja samkeppnisstöðu Íslands og skapa betri grundvöll fyrir nýfjárfestingu hérlendis.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 513. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 513 mál. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var haft ágætt samráð m.a. við Alþýðusamband Íslands um efni þess. Á lokaskrefunum, áður en frumvarpið var lagt fram í endanlegum búningi, var hins vegar fellt út eitt atriði sem samstaða hafði verið um við undirbúning málsins er varðar stöðu þeirra atvinnuleitenda sem tóku

Þátt í sérstökum aðgerðum er ætlað var að koma eins og kostur var í veg fyrir uppsagnir í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Hér á eftir er gerð tillaga um að rétta hlut þeirra einstaklinga sem tóku þátt í þessari aðgerð og hafa ekki fengið sinn hlut leiðréttan.

Að mati ASÍ eru helstu efnisatriði frumvarpsins eftirfarandi:

1. *Vinna og virkni* – starfstengd úrræði fyrir þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn.

Helsta ástæðan fyrir breytingunum á lögnum er að skapa lagagrundvöll vegna verkefnisins *Vinna og virkni* hvað varðar starfstengd úrræði fyrir þá einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn (sem frá 1. janúar 2013 verður 36 mánuðir). Svo þetta átak geti orðið verða lagðar til breytingar á 62. gr. laganna þar sem heimildir til að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru rýmkaðar svo þær nái til stærri hóps atvinnuleitenda. Þessar breytingar eru í samræmi við samþykkt Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 15. nóvember sl.:

- a. Heimilt verði að veita styrki til fyrirtækja og sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn innan kerfisins í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í allt að tólf mánuði frá því að síðasta greiðsla úr Atvinnuleysistryggingasjóði barst hlutaðeigandi. Með þessu er tryggð lagaheimild til að veita styrki vegna þeirra sem hafa fullnýtt sér bótarétt sinn frá 1. september 2012.
- b. Fyrir liggur að einhvern tíma tekur að bjóða öllum atvinnuleitendum starfstengd vinnumarkaðsúrræði eða úrræði á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á fyrstu mánuðum ársins 2013. Því er mikilvægt að tryggja þeim sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals lengri tíma en 36 mánuði sérstakan biðstyrk í allt að sex mánuði til viðbótar á árinu 2013 en þó aldrei í lengri tíma en samtals 42 mánuði. Þeir sem geta átt rétt á þessum framfærslustyrk eru því þeir sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 42 mánuði 1. janúar 2013. Um er að ræða biðstyrk sem nemur þeim rétti er hlutaðeigandi atvinnuleitandi átti áður innan kerfisins. Réttur til þessa biðstyrks fellur sjálfkrafa niður þegar atvinnuleitandi hefur fengið boð um starfstengt vinnumarkaðsúrræði eða úrræði á sviði atvinnutengdrar endurhæfingar eftir því sem við á.

Í 17. gr. frumvarpsins segir: „Sá sem hefur verið tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 36 mánuði eða lengur en þó skemur en 42 mánuði 1. janúar 2013 getur átt rétt ...“. Það er ekki ætlunin að takmarka réttinn til biðstyrks með þessum hætti. Orða mætti þessa setningu með eftirfarandi hætti: „Sá sem hefur verið tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 36 mánuði eða lengur en þó skemur en 42 mánuði

á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2013 getur átt rétt ...“

2. Ríkari kröfur um virkni – hert viðurlagaákvæði

Af hálfu samtaka atvinnurekenda var í umræðum um verkefnið Vinna og virkni lögð rík áhersla á að viðurlög vegna þess að atvinnuleitendur neita að taka þátt í vinnumarkaðsúræðum yrðu hert frá því sem nú er. Þar var bæði vísað til fyrri krafna SA um sama efni og þess sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Niðurstaða hefur orðið um að leggja til þá breytingu sem er að finna í frumvarpinu.

3. Réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta skapast við 18 ára aldur

Lagt er til að réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta verði 18 ár í stað 16 ára eins og nú er. Þó getur ávinnsla réttinda hafist við 16 ára aldur eins og nú er þótt ekki geti komið til greiðslu bóta fyrir en við 18 ára aldur. Þetta þýðir í reynd að ungmenni, sem hefur t.d. unnið frá 17 ára aldri og verður atvinnulaust 18 ára, getur átt rétt til fullra atvinnuleysisbóta.

Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að frá því að löggin voru sett 2006 hefur aldur vegna greiðslu barnabóta verið hækkaður í 18 ár og þannig framfærsluskylda foreldra færð til þess aldurs. Þá hefur ASÍ sérstaklega látið kanna hversu mörg ungmenni yngri en 18 ára taka atvinnuleysisbætur og hvert bótahlutfall þeirra er. Í ljós hefur komið að þau eru sárafá eða 6 og bótahlutfallið 46% að meðaltali.

4. Breyting á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995, með síðari breytingum.

Gerð er tillaga um breytingar á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Breytingarnar eru í samræmi við sátt sem gerð hefur verið við Starfsgreinasamband Íslands sem gæta hagsmuna fiskvinnslufólks og Samtaka fiskvinnslunnar. Breytingunum er ætlað að tryggja hagsmuni fiskvinnslufólks um leið og dregið er úr stuðningi við fiskvinnslufyrirtæki. Eftir situr að enn á eftir að tryggja fiskvinnslufólki sambærilegt starfsöryggi og annað launafólk býr við.

5. Ýmsar minniháttar lagfæringar

Gert er ráð fyrir ýmsum minniháttar lagfæringum, s.s. varðandi tilkynningar og samskipti við atvinnuleitendur og breytingar á greiðslutímabili atvinnuleysisbóta sem á að verða almanaksmánudurinn í stað 20. dag til 19. dags næsta mánaðar. Þetta á að einfalda alla útreikninga og draga úr mögulegum mistökum varðandi útborgun bóta. Um leið á breytingin að gera greiðslurnar skiljanlegri þeim sem þær fá.

Tillaga um viðbót sem bætir rétt þeirra atvinnuleitenda sem voru á hluta-bótum á móti hlutastarfi samkvæmt bráðabirgðaákvæði V sem féll niður í árslok 2011

Alþýðusambandið gerir tillögu um að bætt verði við frumvarpið bráða-

birgðaákvæði sem kemur til móts við þá einstaklinga sem voru á bráðabirgðaákvæði V sem féll niður um síðustu áramót. Tillagan gengur út á að við útreikning á bótatímabili viðkomandi teljist minna en 50% bætur sem ½ bótadagur og að þessi réttarbót gildi út árið 2013 (sjá hjálagða tillögu um bráðabirgðaákvæði ásamt greinargerð).

Að teknu tilliti til nauðsynlegra breytinga, sem gera þarf á 17. gr. frumvarpsins, og tillögunnar um að koma til móts við hag þeirra atvinnuleitenda, sem tóku þátt í sérstökum aðgerðum er ætlað var að koma eins og kostur var í veg fyrir uppsagnir í kjölfar efnahagsshrunsins haustið 2008, sbr. bráðabirgðaákvæði V, og svo fremi að henni verði bætt inn í frumvarpið, lýsir Alþýðusamband Íslands yfir fullum stuðningi við það frumvarp sem hér er til umsagnar. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að frumvarpið verði sem fyrst að lögum þar sem tímasetningar skipta miklu um framkvæmdina.

Hjálagt: Tillaga um nýtt ákvæði til bráðabirgða ásamt greinargerð.

Tillaga að breytingu á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysisstryggingar ..., 513. mál

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sá tryggð, sem fékk greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V á gildistíma þess og sem hefur fullnýtt bótarétt sinn eða sem fullnýtir hann á árinu 2013, getur sótt um og fengið viðurkennt að sá tími teljist hluti tímabils skv. 29. gr. þannig að einungis skal reikna hvern dag sem viðkomandi fékk greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur sem hálfan dag. Lenging á bótatímabili samkvæmt þessu ákvæði fellur niður 31. desember 2013.

Greinargerð:

Í kjölfar þeirra efnahagsþrenginga, sem urðu í byrjun október 2008, voru fyrirtæki, sem áttu í tímabundnum rekstrarvanda, hvött til að skoða þann kost að lækka starfshlutfall starfsmanna sinna fremur en að grípa til uppsagna. Samhliða var lögum um atvinnuleysisstryggingar breytt til að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði, sbr. lög nr. 131/2008. Var með þessu lögð áhersla á að sem flestir gætu verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði að einhverju leyti, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta, sem og að koma til móts við aðstæður fólks sem þurfti að taka á sig kjaraskerðingar í formi minnkaðs starfshlutfalls vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess sem það starfaði hjá. Ákvæði til bráðabirgða var bætt við lögina og var þar meðal annars gert að skilyrði að launamenn héldu að lágmarki 50% starfi til að öðlast rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum á móti vinnuframlagi samkvæmt ákvæði V til bráðabirgða. Um tímabundin ákvæði var að ræða og féllu þau úr

gildi 31. desember 2011 eftir að hafa verið framlengd nokkrum sinnum frá 21. nóvember 2008 er þau tóku fyrst gildi. Hins vegar taldist hver dagur, sem hlutfallslegar atvinnuleysisbætur voru greiddar á grundvelli ákvæðanna, sem heill dagur af tímabili 29. gr. laganna sem samtals telur 36 mánuði.

Í ljósi þeirra aðstæðna, sem þetta ákvæði kom til, þykir sanngjarnt að draga úr þeim áhrifum sem ákvarðanir vinnuveitanda um skerðingu starfshlutfalls kunna að hafa á réttindi launafólks innan kerfisins og er því lagt til að hver dagur, sem greiddar voru hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis V til bráðabirgða á tímabilinu 21. nóvember 2008 til og með 31. desember 2011, teljist sem hálfur dagur af tímabili skv. 29. gr. laganna í stað þess að telja sem heill dagur. Þetta sjónarmið hefur einnig komið ítrekað fram viðendurskoðunlaganna um atvinnuleysistryggingarfrá því bráðabirgðaákvæðið kom fyrst fram.

Lagt er til að réttindi á grundvelli endurútreiknings skv. þessu ákvæði verði takmörkuð við það launafólk sem hefur fullnýtt bótarétt sinn eða sem fullnýtir hann á árinu 2013 og jafnframt að lenging á bótatímabilinu gildi aðeins til loka árs 2013. Þannig er ákvæðinu ætlað að mæta aðstæðum þess launafólks sem missti vinnuna í framhaldi skerðingar á starfshlutfallinu skv. bráðabirgða-ákvæðinu eða fékk ekki sama starfshlutfall og áður, þ.e.a.s. í þeim tilfellum sem bráðabirgðaákvæðið skilaði ekki tilætludum árangri.

Þá er til einföldunar við framkvæmdina gengið út frá því að hinn tryggði sæki um að fá tímann, sem hann var á hlutabótum skv. bráðabirgðaákvæðinu, viðurkenndan með þeim hætti sem tiltekið er hér að framan. Með því má komast hjá flóknum, kostnaðarsömum og í flestum tilfellum óþörfum endurútreikningi á bótatímabili allra þeirra sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur skv. bráðabirgðaákvæðinu.

Sem dæmi um áhrif þessa ákvæðis þá gildir það um launamann sem fékk greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis V til bráðabirgða á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. janúar 2010 þegar hann missti starf sitt að fullu. Hann hefur fengið tímabundin störf milli þess sem hann hefur verið án atvinnu á árinu 2011 og það sem af er ársins 2012 og hefur því ekki náð að starfa samfelt í 24 mánuði til að nýtt tímabil skv. 29. gr. laganna hefjist, sbr. 31. gr. laganna. Hann hefur því verið innan atvinnuleysistryggingakerfisins samtals í 34 mánuði frá því er hann fyrst missti hluta starfs síns í byrjun árs 2009. Hins vegar er lagt til með ákvæði þessu að á tímabilinu 1. janúar 2009 til og með 31. janúar 2010, þegar hann fékk greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis V til bráðabirgða, teljist hver dagur sem hálfur dagur eða 12 mánuðir í stað 24 mánaða. Þannig teldist þessi launamaður hafa verið 22 mánuði innan atvinnuleysistryggingakerfisins í stað 34 mánaða. Hafi launamaður nýtt sér ákvæði V til bráðabirgða allan þann tíma

sem ákvæðið var í gildi, sbr. einnig ákvæði X til bráðabirgða, eða tæpa 38 mánuði, yrði hann talinn hafa nýtt sér helming þess tíma eða tæpa 19 mánuði af tímabili skv. 29. gr. laganna.

Gera má ráð fyrir að kostnaður af þessari breytingu verði óverulegur, bæði vegna þess að talsverður hluti þess hóps, sem tók á sig lækkan starfshlutfalls gegn hlutabótum, hélt störfum en einnig vegna þess að ákvæðið er tímabundið og falla réttindi skv. því að fullu niður við árslok 2013.

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál

Afstöðu sína til frumvarpsins byggir ASÍ á stefnu sambandsins í atvinnumálum en í henni segir m.a.:

„Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslands-
miðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum (utan netalaga) svo og náttúru-
auðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúru-
auðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum, sem eru í eigu
þjóðarinnar, gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn
eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum, sem eru í
eigu þjóðarinnar, skal m.a. hafa eftirfarandi að leidarljósi:

- Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.
- Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda, að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.
- Gegn leyfum komi endurgjald: í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).
- Gæta ber hófs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannabörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt.“

Síðar í stefnunni er fjallað um aðlögun að breytingum í atvinnulífinu en um slíkar breytingar segir:

„Þróun í atvinnulífinu getur haft í för með sér tímabundna erfiðleika fyrir einstök heimili, fyrirtæki eða byggðarlög. Til að gæta réttlætis og stuðla að víðtækri sátt þarf að gefa öllum tækifæri til að laga sig að breytingum. Í þessu tilliti er einkar mikilvægt að tryggja virka upplýsingamiðlun svo og samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinga, hvort sem um er að ræða skipulagsbreytingar eða tækninnileiðingu. Styrki vegna aðlögunar á helst að útfæra

með almennum aðgerðum, t.d. gegnum skatta- og velferðarkerfið. Ef þörf er á sértækum aðgerðum eiga þær að vera tímabundnar, gagnsæjar, óframleiðslu- tengdar, miða að atvinnusköpun, vera árangursríkar með tilliti til kostnaðar og samræmdar hinu almenna velferðarkerfi.“

Um sjávarútveginn segir í stefnunni:

„Núverandi afskipti af sjávarútvegi (kvótakerfið) stuðlar í meginatriðum að hagkvæmri sókn í leyfilegan heildarkvóta. Stjórnvöld fara með eignarréttinn yfir auðlindinni í umboði þjóðarinnar. Þetta þýðir m.a. að þeim ber að ákveða heildarkvóta út frá vísindalegum niðurstöðum um afkomu stofna.“

Eftirfarandi eru helstu markmið frumvarpsins og falla þau vel að framangreindri stefnu ASÍ í atvinnumálum:

- Að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland.
- Að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmunum komandi kynslóða að leiðarljósi.
- Að treysta atvinnu og byggð í landinu.
- Að auka vægi jafnræðissjónarmiða við ráðstöfun aflaheimilda.
- Að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu.
- Að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.

Þegar frumvarpið er skoðað vakna verulegar efasamdir um að það sé til þess fallið að stuðla að framangreindum markmiðum. Frumvarpið virðist þannig hvorki til þess fallið að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu né heldur að tryggja að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi. Þá má draga í efa að frumvarpið stuðli að farsælli samfélagsþróun með hagsmunum komandi kynslóða að leiðarljósi eða að það treysti atvinnu og byggð í landinu.

Helstu veikleikar frumvarpsins eru að verið er að veikja rekstargrunn sjávarútvegsins. ASÍ telur mikilvægt að lög um stjórn fiskveiða séu ávallt þannig úr gærði gerð að þau stuðli að því að sjávarútvegurinn geti verið arðsöm atvinnugrein og búið við stöðugt rekstarumhverfi þannig að greinin geti gegnt mikilvægu samfélagslegu hlutverki sínu í atvinnuháttum á landsbyggðinni.

ASÍ telur að of langt sé gengið í frumvarpinu í sértækum aðgerðum sem veikja rekstargrundvöll sjávarútvegsins. ASÍ vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

- ASÍ telur óheppilegt að takmarka framsal aflahlutdeilda við það magn í þorskígildum talið sem var skráð á viðkomandi nýtingarleyfi við upphaf fiskveiðiársins 2013/2014 eins og gert er í 12. gr. frumvarpsins. ASÍ leggur til að síðasta mgr. 12. gr. verði felld brott.
- ASÍ telur að allt of stór hluti aflahlutdeilda eigi að fara í flokk 2 en það er

sá hluti kerfisins þar sem hagkvæmni er minnst. Samkvæmt yfirlitstöflu í bráðabirgðaákvæði VIII má gera ráð fyrir að flokkur 2 geti vaxið um rúm 24.000 þorskígildistonn á þremur árum en það jafngildir 115% aukningu. Slík aukning kallar á mikla offjárfestingu í smábátum sem aðeins eru nýttir hluta úr ári. Aukningin í flokki 2 er með beinum eða óbeinum hætti tekin af flokki 1. Slík tilfærsla dregur úr atvinnuöryggi þeirra sem hafa sjómennsku og fiskvinnslu að aðalstarfi og veikir getu greinarinnar til að greiða sérstakt veiðigjald sem tryggja á þjóðinni eðlilega hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlindarinnar getur skapað. Sérstaklega varar ASÍ við því ákvæði að 50% aflamarks þorsk umfram 240 renni í flokk 2. ASÍ telur eðlilegt að flokkur 2 verði fastsettur sem hlutfall af heildaraflahlutdeildum og taki síðan sömu hlutfallslegu breytingum og flokkur 1.

- Gert er ráð fyrir að áfram verði stundaðar strandveiðar með sama hætti og áður. Þessar veiðar eru óhagkvæmar og rökin að baki þeim eru orðin enn veikari eftir að hluta aflamarks verður ráðstafað í gegnum kvótaþing. ASÍ leggur til að strandveiðipottur í núverandi mynd verði aflagður og þeirri aflahlutdeild, sem sett hefur verið í strandveiðipottinn, verði ráðstafað í gegnum kvótaþing. Slík ráðstöfun er eðlileg þar sem ná má þeim markmiðum sem sett voru með strandveiðipottinum í gegnum kvótaþing. Að auki auðveldar það eðlilega verðmyndun á kvótaþingi.
- ASÍ getur ekki fallist á að löggjafinn hlutist til um kjör sjómanna eins og gert er með 27. gr. frumvarpsins. Samkvæmt kjarasamningi eiga sjómenn að fá hlut úr heildaraflaverðmæti afla.
- Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að eitt af skilyrðum fyrir úthlutun aflahlutdeildar eða aflamarks sé að í gildi sé kjarasamningur. ASÍ leggur mikla áherslu á að slíkt ákvæði sé lögfest.

ASÍ getur ekki stutt að frumvarpið verði að lögum nema að gerðar verði á því veigamiklar breytingar sem komi til móts við þau sjónarmið sem að framan hafa verið rakin.

Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 630. mál

Rétt er að geta þess að Alþýðusambandið hefur átt kost á því að veita umsagnir um drög að frumvarpinu meðan það var í vinnslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Með því var efnt fyrirheit í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum viðkjarasamninga á almennum vinnumarkaði 5. maí 2011 þar sem segir: „Mennta- og menningarmálaráðuneytið er að hefja vinnu við endurskoðun laga um LÍN. Verður haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um það verkefni.“

Sú umsögn, sem hér fylgir á eftir, byggir í grunninn á umsögn ASÍ sem send var mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 24. janúar 2013.

Megináherslur Alþýðusambands Íslands

Alþýðusamband Íslands hefur lagt ríka áherslu á að við endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði gengið lengra í að viðurkenna gildi verk- og tæknimenntunar, þ.m.t. verk- og tæknimenntun að loknu námi á framhaldsskólastigi, nám á 4. þrepi og áfram sem oft hefur verið nefnt „fagháskólastig“. Það þýðir jafnframt að nemendur, sem velja þá leið, eigi að njóta jafnræðis við þá sem fara í hefðbundið háskólanám bæði hvað varðar framfærslulán og skólagjaldalán eftir því sem við á. Sama gildir um skólagjöld vegna aðfararnáms (frumgreinanáms). Slík nálgun væri jafnframt í samræmi við stefnustjórnvalda um eflingu verk- og tæknimenntunar.

Alþýðusamband Íslands leggur jafnframt ríka áherslu á að komið verði með afdráttarlausari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir til móts við einstaklinga á vinnumarkaði með litla formlega menntun, þannig að þeim sé gert fært að sækja nám við hæfi og styrkja þannig stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Samkvæmt frumvarpinu er nánast eingöngu litið til hagsmuna þeirra sem vilja sækja nám til undirbúnings háskólanámi (frumgreinadeildarnám). ASÍ hefur miklar efasemdir um þá nálgun sem lagt er upp með í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu. Ekki verður séð hvaða forsendur eru til þess að sú vinna skili ásættanlegri niðurstöðu og því virðist ljóst að áherslur ASÍ kalla á frekari breytingar á lögum um LÍN en frumvarpið gerir ráð fyrir. Við útfærslu á réttindum þessa hóps til námslána/styrkja væri eðlilegt að miðað við tiltekinn starfsaldur á vinnumarkaði og/eða félagslega stöðu. Markmiðið er að kerfið sé þannig upp byggt að það hvetji framangreindan hóp til náms.

Þá áréttar Alþýðusambandið þá eindregnu skoðun sína að mikilvægt sé að aðilar vinnumarkaðarins eigi fulla aðild bæði að lánshæfismatsnefnd og stjórn LÍN enda ljóst að samkvæmt frumvarpinu eru bæði nefndinni og stjórninni færð mikil völd um útfærslu og framkvæmd laganna.

Almennar athugasemdir og ábendingar:

Ekki verður sagt að í frumvarpinu séu lagðar til mjög róttækar eða byltingarkenndar breytingar frá því sem nú er í lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna og framkvæmd þeirra. Í kynningu fulltrúa mennta- og menningar- málaráðuneytisins á frumvarpsdrögum, eins og þau lágu fyrir í janúar sl., kom fram að helstu ástæðurnar fyrir þeim takmörkuðu umbótum og breytingum væru fjárhagslegs eðlis og mörgu því annaðhvort skotið á frest eða vísað annað. Tvennt einkennir einkum frumvarpið:

- Verið er að skjóta styrkari stöðum undir framkvæmdina eins og hún er í aðalatriðum í dag.
 - Samhliða er brugðist við ýmsum athugasemdum og ábendingum sem fram koma í úttekt Ríkisendurskoðunar á LÍN frá júní 2011.
- Að einu leyti er þó að finna byltingarkenndar breytingar, þ.e. í 12. gr.

frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að ákveðinn hópur lántaka geti fengið allt að fjórðungi af grunnframfærslu breytt í námsstyrk að uppfylltum tiltekn- um námsframvindukröfum.

Í frumvarpinu er að nokkru komið til móts við aukna áherslu á verk- og tæknimenntun, m.a. varðandi nám á 4. þrepi (fagháskólastigi), sbr. 4. mgr. 5. gr., auk þess sem í 6. gr. er að finna heimild til að veita framfærslán vegna starfsnáms á framhaldsskólastigi eins og er í núgildandi lögum.

Ekki er í frumvarpinu komið til móts við þá ríku áherslu sem Alþýðu- sambandið hefur lagt á að gefa einstaklingum á vinnumarkaði með litla formlega menntun annað/nýtt tækifæri til náms. Hins vegar er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að skipuð verði nefnd „með það hlutverk að gera tillögu að kerfi sem tryggir fólki, sem fer af vinnumarkaði til náms á framhaldsskólastigi, framfærslu á meðan á námi stendur.“ Nefndarskipun af þessu tagi er góðra gjalda verð. Hvað út úr slíku nefndarstarfi kemur er hins vegar með öllu óljóst og á meðan er framangreindur hópur að mestu réttláus í námslánakerfinu. Eftir stendur sú krafa ASÍ að hagsmunir þessa hóps verði tryggðir með fullnægjandi hætti.

Frumvarpinu fylgir ítarleg umsögn fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í umsögninni er bent á að: „Þar sem ríkið leggur LÍN til fjármuni árlega sem nemur um helmingi veittra lána má segja að helmingur námslána til lántakenda sé í reynd styrkur.“ Síðan eru að vísu settir ýmsir fyrirvarar varðandi þessa fullyrðingu. Þá segir nokkru síðar: „Á umliðnum árum hafa útlán LÍN vaxið gríðarlega. Ástæður þessa eru í fyrsta lagi að háskólar á Íslandi eru nú sjö ásamt nokkrum háskólasetrum ... Þar á meðal eru nýir einkaskólar með háum skólagjöldum sem lánað hefur verið fyrir ... Í öðru lagi hefur aðsókn í háskólanám aukist mikið á undanförunum árum ... Í fjórða lagi hefur LÍN um nokkurt skeið lánað til undirbúningsnáms fyrir háskólanám ... Í fimmta lagi var framfærslugrunnur námslána hækkaður um 20% fyrir skólaárið 2009–2010, 10% fyrir skólaárið 2011–2012 og nálægt 6% fyrir skólaárið 2012–2013. Í sjötta lagi má nefna að stjórn LÍN er heimilt að veita lánþegum undanþágu frá greiðslu, m.a. vegna náms, örorku eða atvinnuleysis. Á tímabilinu 2006–2011 fjölgaði slíkum undanþágum úr 897 í 2.914.“ Fjárlagaskrifstofan metur kostnaðinn vegna frumvarpsins á bilinu 3 til 4,7 milljarða á ári eftir því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar. Bent er á að með því fyrirkomulagi, sem lagt er til í frumvarpinu, væri í reynd um tvöfalt styrkjakerfi að ræða, annars vegar það sem nú er með niðurgreiddum vöxtum og niðurfellingu hluta lánsupphæðar við tilteknar ástæður og hins vegar það styrkjafyrirkomulag sem lagt er til í 12. gr. frumvarpsins. Einnig er bent á þá reglu, sem er að finna í 12. gr. frumvarpsins: „Samkvæmt frumvarpinu munu námsmenn, sem búa í foreldrahúsum og hafa því fengið 50% framfærslán, fá jafnmikinn styrk og þeir sem búa í eigin húsnæði og hafa tekið 100%

framfærslulán og einnig jafnmikið og þeir sem hafa að auki fengið lán vegna maka og barna á framfæri. Þetta hefur í för með sér að hlutfallslegur stuðningur við einstaka námsmenn gæti orðið mjög mismikill. Þannig má gera ráð fyrir að einstæður, barnlaus námsmaður, sem býr í foreldrahúsum við nám á Íslandi og hefur miðlungstekjur yfir sumarmánuði, fengi nálægt 50% af sínu heildarláni fellt niður ...“. Eins og fjárlagaskrifstofan bendir á er hér um gríðarlega rausnarlega niðurgreiðslu að ræða auk þess sem sú regla um styrki, sem er að finna í 12. gr., felur í sér mikla mismunum m.a. eftir félagslegum aðstæðum lántaka. Ljóst er að umsögn fjárlagaskrifstofunnar og sá mikli kostnaðarauki, sem felst í frumvarpinu að öðru óbreyttu, kallar á frekari umræðu og skoðun bæði á nógildandi fyrirkomulagi lána og styrkja og þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér.

Að mati Alþýðusambands Íslands er mikilvægt að meta frumvarpið í framangreindu ljósi og nýta það tækifæri, sem nú gefst með endurskoðun laganna um Lánasjóð íslenskra námsmanna, til að mæta þeim kröfum um breyttar áherslur sem settar hafa verið fram á síðustu árum, m.a. af ASÍ.

Athugasemdir og ábendingar við einstakar greinar frumvarpsins:

gt er að skipta námslánnum með þeim hætti sem gert er í 1. mgr.

Rétt er að benda á að með 3. mgr. er stjórn LÍN fært mikið vald sem skiptir miklu varðandi hagsmuni lántaka og greiðenda. Sú staðreynd styður kröfuna um aðkomu Alþýðusambandsins að stjórninni.

5. gr.

Í greininni er fjallað um framfærslulán. Þar kemur fram að framfærslulán verði veitt gagnvart fjórum hópum nemenda:

Sem stunda nám við viðurkennda háskóla á Íslandi.

Sem stunda nám við háskóla erlendis, sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Sem stunda aðfararnám fyrir háskólanám.

Sem stunda viðbótarnám við framhaldsskóla skv. 20. gr. framhaldsskólalaga.

Með framangreindri upptalningu er tekinn af allur vafi um að aðfararnám fyrir háskólanám (frumgreinadeildarnám) sé lánshæft, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá er viðurkennt að nám á 4. þrepi (fagháskólanám) skuli lánshæft. Hvort tveggja er til mikilla bóta frá núverandi lögum.

6. gr.

Hér er kveðið á um að „heimilt“ sé að veita framfærslulán vegna starfsnáms á framhaldsskólastigi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Mikilvægt er að benda á að hér er um heimild að ræða en ekki skilgreindan rétt nemenda. Þá liggur fyrir að hér er hugmyndin að þrengja skilyrði frá því sem nú er í framkvæmd og skýra þau frekar. Ekki er ljóst hvaða áhrif það getur haft vegna nemenda á þessu skólastigi og er mikilvægt að það verði kannað til hlítar.

Þá er mikilvægt að lesa þessa grein í ljósi 8. gr. frumvarpsins.

7. gr.

Hér er fjallað um heimild til að veita lán vegna skólagjalda. Sú heimild er takmörkuð við nám á háskólastigi, vegna viðbótarnáms við framhaldsskóla og vegna starfsnáms á framhaldsskólastigi. Heimildin nær hins vegar ekki til aðfararnáms skv. 3. mgr. 5. gr. Er það rökstutt með því að skólagjöld vegna slíks náms verði felld niður en framlag til viðkomandi skóla hækki á móti.

8. gr.

Ljóst er að lánshæfisnefnd eru falin mikil völd þar sem það verður í hennar verkahring að „meta lánshæfi náms“ bæði hvað varðar framfærslulán og skólagjaldalán. Nefndina skipar ráðherra, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Ekkert kemur hvaða viðmiðum skuli farið eftir við val í nefndina eða hvaða þekkingu og færni nefndarmenn skuli búa yfir. Í ljósi hlutverks nefndarinnar telur Alþýðusambandið einkar mikilvægt að atvinnulífið eigi fulltrúa í nefndinni og geti þannig flutt sjónarmið og áherslur þess inn í starf lánshæfisnefndar.

Lagt er til að í lánshæfisnefndinni séu a.m.k. einn fulltrúi frá hvorum aðila vinnumarkaðarins, ASÍ og SA. Þetta er einkar mikilvægt í ljósi þess að nauðsynlegt er að nefndin endurspegli og taki tillit til stöðu og þróunar á vinnu- markaði og þarfa fyrirtækja og starfsmanna þeirra.

9. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að námslánin séu greidd eftir á. Í annan stað er gerður greinarmunur á lántakendum eftir því hvort þeir teljist tryggir lántakendur eða ekki. Í seinna tilvikinu þarf að reiða fram ábyrgð fjármálastofnunar eða ábyrgðarmanns.

Skilyrðin hér að framan þýða að nemendur á fyrstu námsönn eru undir það seldir að taka bankalán eða útvega sér framfærslu með öðrum hætti. Í þessu felst ljóslega aukakostnaður (fyrir námsmanninn og kerfið í heild), auk þess sem fjárhagsaðstæður viðkomandi geta hamlað því að hann geti skapað sér framfærslu (þ.m. fengið lán hjá lánastofnun). Skiptir þar ekki öllu að greiða á vaxtastyrki. Fyrir liggur að framangreindar kröfur hafa skapað fjölmörgum vanda síðustu misseri vegna aðstæðna mikils fjölda einstaklinga, bæði lántakenda og mögulegra ábyrgðarmanna, í framhaldi af hrúinu. Mikilvægt er að þessar staðreyndir verði hafðar í huga við setningu laganna nú. Að öðrum kosti kunna framangreind skilyrði að leiða til alvarlegrar mismununar á grundvelli efnahags. Loks er stjórn sjóðsins heimilað að innheimta lántökugjöld af veittum lánnum sem ekki er skýrt frekar. Alþýðusambandið gerir kröfur til þess að heimildir stjórnar til að leggja á lántökugjöld verði takmarkaðar með lögum.

Lagt er til að horfið verði frá framangreindu fyrirkomulagi og tekin upp samfélaggreiðsla námslána.

12. gr.

Í þessari grein felst ljóslega helsta breytingin frá núverandi fyrirkomulagi varðandi námslánakerfið og er hún um margt áhugaverð. Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að eingöngu hluti lántaka, þ.e. þeirra sem taka lán skv. 5. gr. frumvarpsins að undanskildum doktorsnemum, eigi möguleika á að hluta höfuðstóls (allt að fjórðungi af grunnframfærslu) námslána sé breytt í styrk ef tiltekin skilyrði um námslengd og námsframvindu eru uppfyllt. Þannig eiga þeir sem fá lán á grundvelli 6. gr. laganna ekki rétt á slíkum styrk. Engin tilraun er gerð til að rökstyðja þessa mismunun.

Um leið og Alþýðusambandið styður eindregið að opnað sé á þann möguleika að veittur sé námsstyrkur með gagnsæjum og hvetjandi hætti, a.m.k. sem hluti af framfærslulánum, þá gerir ASÍ alvarlegar athugasemdir við með hvaða hætti þessi heimild er takmörkuð og útfærð enda ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda varðandi áherslur á verk- og tæknimenntun.

ASÍ leggur til að allt nám, sem á annað borð telst lánshæft, uppfylli jafnframt skilyrði um að hluta lánsins sé breytt í styrk, að tilteknum skilyrðum um námslengd og námsframvindu uppfylltum.

Þá er rétt að vísa til umfjöllunar fyrr í þessari umsögn um mögulegan kostnað vegna þessa ákvæðis skv. mati fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og um fyrirkomulag námslána og námsstyrkja almennt. Sjá einnig umfjöllun um 14. gr.

13. gr.

Gert er ráð fyrir að námslán verði áfram verðtryggt. Ekki er í sjálfu sér gerð athugasemd við það fyrirkomulag en bent er á að nú fer fram mikil umræða í Þjóðfélaginu um verðtryggingu lána og að mikilvægt er að námslán lúti í framtíðinni sömu reglum og lán almennt í samfélaginu.

14. gr.

Hér er fjallað um endurgreiðslur námslána og fyrirkomulag þeirra. Í athugasemdum með frumvarpinu er aðeins bent á að hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og nú gildir. Engin umfjöllun er hins vegar um það hvort núgildandi fyrirkomulag sé réttara eða betra en eitthvað annað. Þá er það ekki sett í neitt samhengi við annað í frumvarpinu, s.s. hugmyndir um námsstyrkina.

Ljóst er að félagsleg sjónarmið ráða því fyrirkomulagi sem verið hefur á endurgreiðslu námslána þar sem miðað hefur verið við að endurgreiðslurnar séu ekki verulega þyngjandi fyrir viðkomandi. Þannig er tekið mikið mið af tekjum viðkomandi við ákvörðun endurgreiðslunnar hverju sinni. Hér má t.d. spyrja hvort rétt sé að skoða:

- Hvort meðhöndla eigi framfærslulán og skólagjaldalán með mismunandi hætti vegna mismunandi eðlis þeirra?
- Hvort rétt sé að hafa endurgreiðsluhlutfallið hærra með hækkanði tekjum?

Ekki er tekin afstaða til þessara spurninga en eðlilegt hlýtur að teljast að þær og fleiri slíkar séu ræddar.

Heimild til að veita undanþágu frá 60 daga frestinum er til bóta.

Ekki er tekin afstaða til annarra greina V. kafla.

20. gr.

Í greininni er fjallað um stjórn LÍN, skipun og hlutverk.

Hvað varðar skipun stjórnarinnar er gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi frá því sem gilt hefur. Þannig er gert ráð fyrir að samtök námsmanna skipi þrjá fulltrúa, samtök launafólks einn fulltrúa, fjármála- og efnahagsráðherra einn fulltrúa og mennta- og menningarmálaráðherra þrjá fulltrúa.

Um þetta er það að segja að ASÍ er eindregið þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að aðilar stærstu samtaka vinnumarkaðarins eigi fulltrúa í stjórninni til að gæta hagsmuna atvinnulífsins varðandi starfsemi sjóðsins.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Um ákvæði I er það að segja að sjálfsagt er að kanna tilhögun varðandi endurgreiðslu námslána eins og þar er gerð tillaga um.

Hvað varðar ákvæði II vísast til megináherslna ASÍ og almennra athugasemda og ábendinga sem settar eru fram fyrir í þessari umsögn. Hér er um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir þá einstaklinga sem málið varðar, atvinnulífið og samfélagið allt. Viðunandi lausn er jafnframt forsenda þess að markmiðið í stefnu ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020, um „að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára, sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020“ náist. Málið er að mati ASÍ afar brýnt og er því mikilvægt að niðurstöður liggja fyrir eins fljótt og kostur er. Ljóst er að eitt erfiðasta úrlausnarefnið verður að tryggja fjármögnun kerfisins. Þar liggur fyrir að til að tryggja jafnræði þeirra hópa í samfélaginu sem sækja sér menntun verður umtalsverður hluti fjármagnsins að koma með almennum skatttekjum eins og gildir um framlagið til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í dag.

Hér verður látið staðar numið að sinni. En jafnframt áréttuð sú ósk Alþýðusambandsins að samráð verði haft um framhald málsins. Miklu varðar að hér takist vel til og að lögin í endanlegum búningi endurspegli framsækna menntastefnu og sýn á það hvernig nýta má námslána- og námsstyrkjakkerfið til að auka menntunarstig þjóðarinnar allrar.

Frumvarp til laga um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka, 632. mál, og frumvarp til laga um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi, 633. mál

ASÍ leggur áherslu á mikilvægi þess að auka fjárfestingar til þess að efla hagnöxt og fjölga störfum. Þessar áherslur hafa ítrekað verið ræddar, m.a. við

gerð kjarasamninga. Í yfirlýsingu, sem ríkisstjórnin gaf út 5. maí 2011 í tengslum við undirritun kjarasamninga, segir m.a.: „Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári.“ ASÍ styður því að ráðist verði í byggingu kísilvers í landi Bakka.

ASÍ gerir þó eftirfarandi athugasemdir við málið:

1. ASÍ telur edlilegt að nýta þær heimildir, sem felast í lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, í stað þess að gera sértæka fjárfestingarsamninga á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi. Gert var ráð fyrir að slíkt ferli yrði aflagt með lögum nr. 99/2010 eða eins og sagði í athugasemdum með frumvarpi til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi: „Með frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi, sem tíðkast hefur, að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi og samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA eftir því sem þörf hefur verið metin á í hvert skipti. Hefur það fyrirkomulag reynst þungt í vöfum, ómarkvisst og ekki boðið upp á nægjanlegan sveigjanleika til að mæta ólíkum fjárfestingarverkefnum. Í stað þessa fyrirkomulags er, með þeirri rammalöggjöf sem hér er mælt fyrir um, lagt til að fyrir fram liggi fyrir hvaða ívilnandi kjör bjóðast vegna nýfjárfestinga hér á landi og þannig með gegnsæjum og markvissum hætti reynt að auka möguleika á því að fá til landsins fjölbreytta og jákvæða nýfjárfestingu.“
2. ASÍ leggst gegn því að félagið PCC BakkiSilicon hf. verði undanþegið almennu tryggingagjaldi.
 - Samkvæmt lögum skal 0,13% af gjaldstofni tryggingagjalds renna til starfsendurhæfingarsjóða sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ekki er ásætlanlegt að undanþiggja félagið greiðslum í Starfsendurhæfingarsjóð auk þess sem slík undanþága kann að hafa ákveðna réttindaóvissu í för með sér fyrir þá starfsmenn félagsins sem mögulega þurfa á aðstoð Starfsendurhæfingarsjóðs að halda.
 - Samkvæmt lögum skal 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds renna til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrdi lífeyrissjóða. ASÍ getur ekki fallist á að greiðslur til lækkunar og jöfnunar örorkubyrdi sé skiptimynt í fjárfestingarsamningum. Hafa verður í huga að eftir því sem minna

rennur til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða því lægri verða ellilífeyrisgreiðslur sjóðanna.

- Samkvæmt lögum skal Fæðingarorlofsjóður fá til sín 1,28% af gjaldstofni tryggingagjalds. Sjóðurinn hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum á liðnum árum og ítrekað hefur þurft að grípa til harkalegra skerðinga á fæðingarorlofsréttinum. Það er því ekki hægt að fallast á að félagið verði undanþegið greiðslum í sjóðinn.
- Það að undanþiggja félagið almennu tryggingargjaldi skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu og hefur líklega þau áhrif að félagið mun frekar annast sjálft þau störf, sem vinna þarf á vegum þess, frekar en að kaupa þau frá fyrirtækjum á staðnum. Slíkt getur komið í veg fyrir að fyrirtæki á staðnum eflist við komu félagsins.

Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannaþrygginga og félagslegan stuðning, 636. mál

Með frumvarpinu er lagt til að sameina í ein lög rétt til bóta og aðstoðar vegna elli, skertrar starfsgetu, andláts eða framfærslu barna með það að markmiði að gera lög in einfaldari og skýrari en núgildandi löggjöf. Þetta eykur gagnsæi og gefur betri yfirsýn yfir réttindi einstakra hópa sem er vel. Frumvarpið byggir á tillögum verkefnisstjórnar um endurskoðun almannaþrygginga frá árinu 2009 og tillögum starfshóps um endurskoðun almannaþrygginga að því er varðar greiðslur til aldraðra.

Alþýðusambandið fagnar frumvarpinu og leggur áherslu á að þær grundvallarbreytingar, sem það felur í sér, nái fram að ganga. Að baki frumvarpinu liggur þverpólítísk vinna sem rík sátt hefur náðst um og mikilvægt er að áfram verði byggt á.

Ljóst er að miklar deilur hafa verið hér á landi undanfarin ár vegna ýmsa þátta almannaþrygginga, ekki síst frýstingar bóta og aukinna tekjutenginga. Þá hefur Alþýðusambandið átt í deilum við ríkisstjórnina vegna vanefnda á yfirlýsingum ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011. Sú niðurstaða, sem náðst hefur í verkefnisstjórninni og starfshópnum, endurspeglar mikilvæga málamiðlun milli aðila sem er liður í því að ná breiðari sátt um almannaþryggingakerfið.

Við mat á áhrifum tillagna starfshópsins stendur ríkissjóður frammi fyrir tvíþættum útgjaldaáhrifum. Annars vegar er ljóst að núverandi útgjöld vegna ellilífeyris eru minni en ella vegna þeirra aðhaldsaðgerða sem gripið var til vegna efnahagskreppunnar og valdið hafa talsverðum deilum. Alþýðusambandið telur óhjákvæmilegt annað en að komið verði til móts við þá gagnrýni með hækkun bótaréttar en hefur fallist á þá áherslu stjórnvalda að það gerist í áföngum á næstu árum. Hins vegar hafði starfshópurinn frumkvæði að því að

leggja tryggingafræðilegt mat á þróun útgjalda ríkisins vegna ellilífeyris næstu áratugina, m.a. í ljósi fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Hefur þetta ekki áður verið gert hér á landi hvað varðar almannatryggingar en er gert árlega af hálfu lífeyrissjóðanna. Samkvæmt þessu mati munu útgjöld ríkisins aukast mikið á komandi áratugum vegna mikillar fjölgunar aldraðra. Á móti er jafnframt ljóst að réttur hvers einstaklings til bóta almannatrygginga mun, þrátt fyrir tillögur starfshópsins, fara minnkandi á komandi árum og áratugum vegna þess að réttur þeirra til lífeyris frá lífeyrissjóðunum mun vaxa mjög hratt fram undir miðja þessa öld. Að mati Alþýðusambandsins skapar þessi staðreynd Íslendingum afar mikilvægt samkeppnisforskot gagnvart umheiminum. Þrátt fyrir að útgjöld ríkisins fari vaxandi er ljóst að skatttekjur ríkissjóðs af lífeyristekjum almennings hjá lífeyrissjóðunum (og er þá horft fram hjá tekjum ríkissjóðs vegna sjálfra bóta almannatrygginga) munu fara hratt vaxandi samhliða útgjaldaaukningunni. Ef tekið er tillit til þessa munu nettó útgjöld ríkisins vegna ellilífeyris fara lækkandi ár frá ári og verða „neikvæð“ um miðjan fjórða áratug þessarar aldar.

Þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru liður í heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni sem enn er ekki lokið. Alþýðusambandið leggur á það ríka áherslu að starfshópur um endurskoðun almannatrygginga vinni áfram að tillögum að breytingum á þeim köflum laganna sem eftir standa og fjalla um bótakerfi vegna örorku, starfsgetumat, bætur til foreldra langveikra og fatlaðra barna, barnatryggingar og bifreiðamál hreyfihamlaðra. Þá verði lokið við heildarendurskoðun laganna svo fljótt sem tillögur starfshópsins í ofangreindum þáttum liggja fyrir.

Athugasemdir við einstaka þætti:

22. gr. – Gert er ráð fyrir að fallið verði frá hækkun á skerðingarhlutfalli tekjutryggingar örorkulífeyrisþega úr 45% í 38,35%. Með þeim umfangsmiklu breytingum, sem starfshópurinn sameinaðist um varðandi kjör ellilífeyrisþega, varð samstaða um nýja hugsun í kerfinu. Í ljósi þess að engin umræða hefur farið fram um örorkulífeyri telur Alþýðusambandið rétt að fresta öllum breytingum, er varða örorkulífeyrisþátt laganna, þar til starfshópur um endurskoðun almannatrygginga hefur lagt fram tillögur sínar.

60. gr. – Í tillögum starfshópsins um sameiningu bótaflokka fyrir aldraða er lögð áhersla á að horfa þurfti til samspils grunnfjárhæða og uppbotar vegna framfærslu. Lækkun á tekjutengingu framfærsluuppbotarinnar verður að skoða í beinu samhengi við bæði upphæð grunnbóta og endanlega tekjutengingu þegar aðlögunartímabili lýkur. Ljóst er að umrædd niðurstaða og samstaða hefði ekki náðst ef legið hefði fyrir að breytingin hefði þessi áhrif gagnvart öryrkjum án þess að tengja það heildarendurskoðun á örorkulífeyrisþættinum. Í framsetningu frumvarpsins, þar sem ekki er gerður greinarmunur á því hvort

um örorku- eða ellilífeyrisþega er að ræða í tengslum við uppbót vegna framfærslu, hefur þessi samstilling á bótarétti aldraðra ófyrirséð áhrif á bótarétt öryrkja án þess að það hafi nokkurn tíma verið rætt eða metið. Því telur ASÍ rétt að þessi breyting á tekjutengingu framfærsluuppbótar verði afmörkuð við eldri borgara þar til starfshópurinn hefur lokið endurskoðun almennatrygginga vegna örorkulífeyris.

11 gr. – Í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins segir að lagt sé til að séreignarsparnaður hafi ekki áhrif á útreikning ellilífeyris að sinni en stefnt verði að því að sá sparnaður verði gerður jafnsettur öðrum sparnaði, þannig að greint verði á milli höfuðstóls og ávöxtunar. Tillögur starfshópsins miða við óbreytt kerfi til að byrja með en að endurskoðun þessa þáttar verði lokið eigi síðar en þegar breytingin er að fullu gengin í gegn árið 2017. ASÍ áréttar að í því samhengi er nauðsynlegt að skoða ýmis álitamál, er varða séreignarlífeyrinn, og skilgreina hvað teljist í reynd þar til. Mikilvægt er að kerfið stuðli að frjáls- um lífeyrissparnaði og breytingin í heild styðji við markmið lífeyriskerfisins.

Sumarþing 2013

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 146/2012, 1. mál

Í greinargerð með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) var á það bent að í upphafi virðisaukaskattkerfisins hafi útleiga á hótél- og gistihbergjum verið undanþegin virðisaukaskatti og hafi frádráttur innskatts því verið óheimill. Síðar var þessi starfsemi sett í 14% skattþrep og fékkst þá heimild til að draga innskatt frá útskatti eins og í annarri virðisaukaskattskyldri starfsemi. Eftir að starfsemin var færð í 7% skattþrep hefur frádraginn innskattur af útleigu á hótél og gistihbergjum numið hærri upphæð en álagður útskattur. Greinin hefur því fengið hærri upphæð endurgreidda úr ríkissjóði vegna innskatts en hún hefur greitt. Ekki getur talist eðlilegt að slíkur almennur atvinnurekstur njóti styrkja úr ríkissjóði.

ASÍ telur æskilegt að einfalda virðisaukaskattkerfið og gera það skilvirkara. Verði þetta frumvarp að lögum mun það hafa verulega óskilvirkni í för með sér, sbr. að greinin mun þá greiða lægri útskatt en sem nemur frádráttarþærum innskatti.

Lögfesting frumvarpsins þýðir 535 milljón króna tekjutap ríkissjóðs á þessu ári og um 1,5 milljarð á ári eftir það. Ríkissjóður er rekinn með halla sem nauðsynlegt er að vinna bug á. Verði frumvarpið að lögum er því ljóst að það mun kalla á frekari tekjuöflun á öðrum sviðum eða enn frekari niðurskurð.

Í ljósi þess sem að framan er rakið leggst ASÍ gegn samþykkt frumvarpsins.

Þingsályktunartillaga um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál ASÍ vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi þingsályktunartillöguna:

Fyrir liggur mat Seðlabanka Íslands á greiðslubyrði og skuldavanda m.v. tekjur heimilanna. Því leggur ASÍ áherslu á mikilvægi þess að í þingsályktuninni verði með skýrum hætti kveðið á um að meta skuli áhrif einstakra liða á:

- Stöðu ríkissjóðs
- Íbúðaverð
- Verðlag
- Gengi
- Peningastefnu Seðlabankans

Jafnframt telur ASÍ að óhjákvæmilegt sé að fela sérfræðingahópi að koma með tillögur um hvernig hægt er að koma til móts við leigjendur sem búið hafa við leigusamninga sem bundnir hafa verið vísitölu neysluverðs. Frá hruni hefur verið gripið til margvíslegra sértækra aðgerða til að koma til móts við þá sem skulda húsnæðislán. Ekki var gripið til neinna slíkra aðgerða gagnvart þeim sem eru í leiguhúsnæði. Almennt má gera ráð fyrir að herra hlutfall af ungu fólki og af þeim sem eru tekjulágir séu á leigumarkaði en í eigin húsnæði. Það skipti því miklu að koma til móts við þennan hóp, ekki síst þar sem skv. þingsályktunartillögunni er lögð áhersla á að „[u]m almennar aðgerðir verði að ræða með áherslu á jafnræði ...“

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (val stjórnarmanna), 11. mál

Með vísan í fyrri umsagnir Alþýðusambands Íslands um frumvörp, er varða Ríkisútvarpið (56. mál á 133. löggj.þ. / 194. mál á 140. löggj.þ.), er sú skoðun ítrekuð að mikilvægt sé að tryggja faglegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

Í ofangreindu samhengi er það skoðun Alþýðusambands Íslands að sú breyting, sem í þessu frumvarpi felst um að horfið sé frá því að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefni áheyrnarfulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins, sé skref í ranga átt. Alþýðusamband Íslands skorar því á allsherjar- og menntamálanefnd að koma með breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að áheyrn og aðkoma Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins verði tryggð.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja), 14. mál

ASÍ telur mikilvægt að safnað sé upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldugra heimila og að unnið sé úr þeim. Markmið frumvarpsins er að taka af öll tví-

mæli um að Hagstofunni sé heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

ASÍ mælir með samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, 15. mál

Afstaða ASÍ til frumvarpsins byggir á stefnu sambandsins í atvinnumálum en í henni segir m.a:

„Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslands-
miðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum (utan netalaga) svo og náttúru-
auðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúru-
auðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum, sem eru í eigu
þjóðarinnar, gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn
eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum, sem eru í
eigu þjóðarinnar, skal m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber
í auglýsingum.

Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um
rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda,
að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn
reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.

Gegn leyfum komi endurgjald: í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af
rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að
tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign
